# Huldufreyjur

Ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
2022

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ
SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPEKIDEILD

Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar
við doktorspróf í sagnfræði

Reykjavík, 11. apríl 2022

Steinunn J. Kristjánsdóttir
deildarforseti

Doktorsnefnd:

Erla Hulda Halldórsdóttir, leiðbeinandi

Guðmundur Jónsson

Unnur Dís Skaptadóttir

*Huldufreyjur. Ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar*

© Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir
Reykjavík 2022

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9640-8-3

ORCID 0000-0002-8978-2269

# Ágrip

Ráðskonur eiga sér langa sögu í íslensku samfélagi. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að rannsaka störf og félagslega stöðu ráðskvenna sem störfuðu á einkaheimilum í sveit á Íslandi á tímabilinu 1950–2000. Í bakgrunnskafla er einnig fjallað stuttlega um ráðskonur á Íslandi á tímabilinu 1850–1950 til að fá heildstæða mynd af þróun starfsins í sögulegu samhengi.

Rannsóknin er þríþætt. Í fyrsta lagi snýst hún um réttindi og skyldur ráðskvenna sem störfuðu á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar. Í öðru lagi er leitað svara við því hvers vegna konur gerðust ráðskonur í sveit á tímabili þegar konur höfðu mun fleiri atvinnutækifæri en áður í sögu byggðar Íslands. Í þriðja lagi felur rannsóknin í sér að skoða upplifun ráðskvenna af starfinu og hvernig ráðskonustarfið hafði áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Til að ná settu marki var gagna aflað með viðtölum. Alls voru tekin 58 viðtöl og þar af var 41 viðtal við konur sem gegnt höfðu ráðskonustarfi á 72 sveitaheimilum á tímabilinu 1950–2000. Í viðtölunum var sérstök áhersla lögð á að draga fram upplifun og álit ráðskvenna á starfi sínu. Rannsóknin byggði öðru fremur á aðferðafræði munnlegrar sögu (e. *oral history*), allt frá öflun gagnanna með viðtölum, til greiningar og miðlunar þeirra.

Ráðskona á sveitaheimili var vinnukraftur sem bjó á vinnustaðnum og fékk laun auk starfshlunninda sem öðru fremur fólust í húsnæði og fæði. Störf ráðskvenna tóku fyrst og fremst til verka innanstokks vegna heimilishalds. Hluti ráðskvenna starfaði þó samhliða við hefðbundin bústörf utanstokks.

Rannsóknin sýnir að einstæðar mæður voru fjölmennastar í hópi ráðskvenna í sveit á síðari hluta 20. aldar. Jafnframt kom í ljós að ásókn einstæðra mæðra í ráðskonustarfið kom öðru fremur til vegna þess að það þjónaði um leið sem eins konar félagslegt úrræði fyrir þær. Meginforsendur þess að einstæðar mæður sóttust eftir ráðskonustarfi á sveitaheimilum á árunum 1950–2000 var húsnæðisvandi þeirra, skortur á baklandi og skortur á dagvistunarúrræðum framan af tímabilinu. Konurnar ræddu mikið um það hvernig umgjörð og eiginleikar ráðskonustarfsins á sveitabæjum gerðu þeim kleift að losna úr þrengingum sínum. Í þeirra augum var ráðskonustaðan millilending í lífi þeirra, sem gerði þeim kleift að fóta sig og ná áttum áður en þær héldu á önnur mið.

Rannsóknin sýnir að stærsti einstaki hópur vinnuveitenda ráðskvenna var einhleypir bændur. Í samfélagi sveitanna þar sem kynbundin verkaskipting var enn ráðandi, leystu ráðskonur úr aðkallandi vanda sveitabýla þar sem konur vantaði til að stýra heimilum. Sökum þess að starfsvettvangur ráðskvenna var einkaheimilið voru þær í starfi sínu berskjaldaðar fyrir því að vera beittar misrétti frá hendi ábúenda. Ofbeldi, ekki síst kynferðislegt, sem ráðskonur máttu þola, er dæmi um verstu tilvikin sem fengust þrifist vegna þess að eftirlit var ekkert með störfum þeirra.

# Abstract

The housekeeping profession is one of the oldest occupations in Iceland. The primary goal of this research is to study the role and the social position of housekeepers who worked as live-in domestic workers in farmhouses in Iceland in the second half of the 20th century. The research also examines housekeepers in the period of 1850–1950 in order to obtain an insight into the development of the housekeeping profession.

The focus of the research is threefold. First, it examines the rights and duties of housekeepers in the private home in the second half to the 20th century. Second, it explores why women became housekeepers on farms during a period of social transformation and increased job opportunities in Iceland in the period 1950–2000. Thirdly it examines the women´s perception of the housekeeping profession and how the job affected the women´s self-image.

To achieve the set goal, data was collected with interviews. The total amount of interviews are 58, thereof 41 interviews with women who worked as housekeepers in 72 farmhouses in Iceland in the second half of the 20th century. Emphasis was put on documenting and analyzing the women´s experience and opinions on the housekeeping profession. The main methodology used in the research is oral history.

Housekeepers lived in their employer´s homes, thus their wages were paid partly in kind (room and board) and partly in money. Housekeepers dealt with the domestic side of the farms, but some housekeepers also did outdoor work.

The research shows that the housekeeping profession in the rural society was mainly occupied by single-mothers. The housekeeping profession was a resource for single-mothers in Iceland in an economical point of view, for the job provided housing and food, and paid minimum wages. These working conditions enabled single-mothers to have their children with them while working in a time of housing crisis and limited day care services in Iceland. The housekeeping profession was in many ways a refuge for single-mothers who often had little or no support network; a place where they could collect themselves before moving on in their lives.

There was a gender-based division of labor in the Icelandic rural areas which demanded women workers to do household management. Housekeepers were most often employed by single farmers to deal with the domestic side of the farm. Living in the homes of their employers meant that housekeepers were vulnerable to exploitation of labour and sexual abuse in the workplace – the private home.

# Efnisyfirlit

## Fyrsti kafli

**Inngangur ........................................................................................................ 1**
1.1. Markmið og sjónarhorn ........................................................................ 2
1.2. Uppbygging ritgerðarinnar ........................................................................ 5
1.3. Staða þekkingar og hugtök ........................................................................ 7
1.3.1. Helstu hugtök ........................................................................ 13
1.3.1.1. Kyngervi: kvenleiki og karlmennska ........................................ 13
1.3.1.2. Ímyndir ........................................................................ 14
1.3.1.3. Aðskilin svið kynjanna: einkasvið og almannasvið ........................ 16
1.3.1.4. Hugtök úr minningafræðunum ........................................ 17
1.4. Meginheimildir ........................................................................ 19
1.4.1. Ritaðar heimildir ........................................................................ 19
1.4.2. Viðtöl ........................................................................ 20
1.5. Aðferðafræði ........................................................................ 22
1.5.1. Munnleg saga ........................................................................ 22
1.5.1.1. Femínískar áherslur í munnlegri sögu ........................................ 26
1.6. Viðtalsvinnan ........................................................................ 28
1.6.1. Öflun viðmælenda ........................................................................ 28
1.6.2. Skrásetning viðtalanna og viðtalstæknin ........................................ 28
1.6.2.1. Upptaka viðtalanna ........................................................................ 28
1.6.2.2. Viðtalsspurningar ........................................................................ 31
1.6.2.3. Hlutverkaskipan í viðtölum ........................................ 33
1.6.2.4. Skráning á tilfinningum viðmælenda í viðtölum ........................ 34
1.6.3. Afritun viðtalanna ........................................................................ 37
1.6.4. Greining viðtalanna ........................................................................ 39

## Annar kafli

**Forsagan: Ráðskonustarfið á sveitaheimilum 1850–1950 ........................................ 43**
2.1. Starfstengd staða ráðskvenna 1850–1950 ........................................ 44
2.2. Starfsskyldur ráðskvenna 1850–1950 ........................................ 45
2.3. Viðhorf til kvennastarfa ........................................................................ 48
2.4. Bakgrunnur ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra 1850–1950 ........................ 51
2.5. Birtingarmynd ráðskonustarfsins í auglýsingum ........................................ 56
2.6. Skortur á kvenkyns vinnuafli ........................................................................ 59
2.7. Samantekt ........................................................................ 62

## Þriðji kafli

**Ráðskonustarfið 1950–2000: Starfssvið og starfstengd samskipti ........................ 63**
3.1. Þörf á ráðskonum í sveit 1950–2000 ........................................ 64
3.2. Vinnuveitendur og heimilisaðstæður ........................................ 66
3.3. Ráðningarferlið ........................................................................ 73
3.4. Ráðskonustarfið – kröfur og væntingar ........................................ 77
3.5. Heimilisstörf ........................................................................ 82
3.5.1. Heimilisstörf – kyn og stétt ........................................................................ 82
3.5.2. Fyrri reynsla ráðskvenna af heimilisstörfum ........................................ 85
3.5.3. Aðalstörf ráðskvenna innanstokks ........................................ 93
3.5.3.1. Eldhússtörf ........................................................................ 95

3.5.3.2. Þrif, þvottur og fegrun bæjarhússins ... 106
3.5.3.3. Umönnun og selskapur ... 113
3.5.3.4. Hússtjórnarstörf ... 119
3.5.4. Afstaða ráðskvenna til heimilisstarfa ... 122
3.6. Útistörf ... 123
3.6.1. Þátttaka ráðskvenna í útistörfum ... 123
3.6.2. Aðskilin starfssvið kynjanna ... 125
3.7. Samantekt ... 128

## Fjórði kafli

**Ráðskonustarfið 1950–2000: Félagsleg staða ráðskvenna ... 131**
4.1. Félagsleg staða ráðskvenna fyrir ráðskonuvistina ... 132
4.1.1. Fjölskyldusaga, menntun, atvinna og búseta ... 132
4.1.2. Hjúskaparstaða og barneignir ... 142
4.1.2.1. Staða einstæðra mæðra ... 144
4.1.2.2. Húsnæðisvandamál ... 148
4.1.2.3. Skortur á dagvistun ... 149
4.1.2.4. Vanmáttugt bakland ... 151
4.1.2.5. Aðrar forsendur að baki því að einstæðar mæður gerðust ráðskonur ... 153
4.2. Félagsleg staða kvenna í ráðskonuvistinni ... 157
4.2.1. Laun og starfstengd réttindi ... 157
4.2.2. Að búa inni á vinnustaðnum ... 167
4.2.2.1. Útsjónarsemi ráðskvenna með börn ... 172
4.2.2.2. Örlítil innsýn í upplifun ráðskvennabarna ... 177
4.3. Rómantísk mynd af ráðskonustarfinu ... 179
4.4. Ráðskona verður húsmóðir ... 183
4.4.1. Starfskraftur en ekki fjölskyldumeðlimur ... 183
4.4.2. Ástarsambönd ... 185
4.5. Vald ráðskvenna innanstokks ... 190
4.5.1. Vald sögumannsins ... 195
4.6. Samanburður á ráðskonu- og húsmóðurstöðunni ... 196
4.7. Ofbeldi gegn ráðskonum ... 202
4.7.1. Sorgartjáning ráðskvenna í viðtölum ... 204
4.7.2. Viðhorf til ráðskvenna sem kynvera ... 206
4.7.3. Birtingarmyndir ofbeldis gegn ráðskonum ... 208
4.7.4. Úrræðaleysi ... 213
4.7.5. Áhrif #MeToo byltingarinnar ... 215
4.8. Ímyndir ráðskvenna ... 220
4.9. Samantekt ... 224

## Fimmti kafli

**Niðurstöður ... 227**
**Summary ... 233**
**Töflu- og myndaskrá ... 237**
**Heimildaskrá ... 239**

# Formáli

Ráðskonustarfið hefur haft áhrif á líf ótal kvenna á Íslandi í aldanna rás – þar með talið mitt eigið líf. Síðustu árin hef ég rannsakað sögu ráðskvenna í sveit á síðari hluta 20. aldar. Rannsóknin grundvallast öðru fremur á viðtölum mínum við fyrrum ráðskonur á sveitaheimilum. Þær konur búa að reynslu af ráðskonustarfinu sem ég hef fangað, greint og fært í ritað mál. Ég vil þakka viðmælendum mínum, fyrrum ráðskonum og öðrum viðmælendum sem komu að máli við mig, kærlega fyrir aðstoðina – án viðtalanna hefði rannsóknin ekki verið gerleg. Það voru forréttindi að hlýða á frásagnir fyrrum ráðskvenna Íslands og ánægjulegt að njóta þeirra samvista. Ég er sannarlega reynslunni ríkari eftir að hafa rætt við þessar sögulegu konur.

Doktorsnám mitt stundaði ég við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Ég er mjög þakklát fyrir þann stuðning sem ég fékk til að vinna að þessari rannsókn frá Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, sem og Menntasjóði Hugvísindasviðs. Mesta lán mitt í þessari rannsókn var að fá Erlu Huldu Halldórsdóttur prófessor í sagnfræði sem leiðbeinanda minn. Leiðbeining Erlu í doktorsrannsókn þessari hefur verið minn mesti skóli í námi mínu. Ég mun aldrei geta þakkað henni fyllilega fyrir allt það sem hún hefur kennt mér í fræðunum og fyrir þolinmæðina og hvatninguna sem ég naut í gegnum námið. Aðrir í doktorsnefndinni voru Guðmundur Jónsson prófessor í sagnfræði og Unnur Dís Skaptadóttir prófessor í mannfræði, sem miðluðu af ríkulegri þekkingu sinni til rannsóknarinnar. Ég vil þakka Guðmundi og Unni fyrir einkar gagnlegar og uppbyggilegar athugasemdir – og fyrir mjög skemmtilegar samræður á fundum okkar. Dagbjörtu Guðmundsdóttur þakka ég fyrir góðan yfirlestur. Aukinheldur á Hugvísindastofnun þakkir skildar fyrir aðkomu sína að útgáfu ritgerðarinnar.

Einnig vil ég þakka Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi, Ágústu Þorkelsdóttur bónda á Refsstað, Kristínu Jónsdóttur listakonu frá Munkaþverá og Guðríði B. Helgadóttur bónda (1921-2019) sem gáfu mér ráðgefandi álit á efni rannsóknarinnar og veittu mér viðtöl því tengt.

Ég þakka yndislega sambýlismanninum mínum Marinó Guðmundssyni fyrir ómetanlegan stuðning og yfirlestur. Móðir mín Eygerður Guðbrandsdóttir fær einnig kærar þakkir; konan sem hefur elskað mig og hvatt áfram í lífinu. Að lokum þakka ég föður mínum Jóhannesi Sturlaugssyni fyrir ítarlegan yfirlestur og aðstoð sem ég fæ seint fullþakkað honum. Ævarandi trú hans á mér styrkti mig nú sem fyrr.

Ég tileinka rannsókn þessa ráðskonum Íslands.

Mosfellsdalur, 14. apríl 2022
Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir

# Fyrsti kafli

## Inngangur



[1]

> Það var alltaf auglýst í gamla daga: „Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn,“ – fyrir svona einstæðar mæður. [2]
>
> Ég mátti hafa barn: „Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn.“ Þetta var svolítið algeng setning á þessum árum. Það var bara dáldið mikið um að það væru einstæðar mæður, sem voru kannski í vandræðum með vinnu. Þá leysti þetta þennan vanda þeirra; að geta farið út í sveit og haft krakkann með sér og unnið venjuleg sveitastörf. [3]
>
> Erum við allar að segja sömu söguna? Hvað sögðu hinar konurnar við þig? Tóku þær líka börnin sín með sér í vistina? Í auglýsingunum, þar sem bændurnir voru að óska eftir ráðskonu, stóð alltaf „Ráðskona óskast í sveit“ – og svo stóð „má hafa með sér barn.“ Vissir þú það Dalrún? Þetta veit ég allt saman. Þú ert að rannsaka ráðskonur væna mín, gott og vel. En ég var ráðskona: Amma þín var ráðskona. Mundu það.[4]

„Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn,“ er orðtak sem flestir Íslendingar þekktu á síðari hluta 20. aldar. Þessi fáu en jafnframt lýsandi orð, endurspegla fjölda blaðaauglýsinga frá þessum tíma þar sem auglýst var eftir ráðskonum til starfa á íslensk sveitaheimili. Frasinn greyptist í minni þeirra sem upplifðu þennan tíma og varð eins konar táknmynd fyrir ráðskonur í sveit; starfsstéttar sem er nánast ósýnileg í Íslandssögunni, jafnvel þó saga hennar sé samfelld langt aftur í aldir.

Þessi fleygi auglýsingatexti markar upphaf rannsóknar minnar á sögu ráðskvenna í sveit. Þaðan liggur leiðin um fjölda viðtala sem ég tók við konur sem störfuðu sem ráðskonur á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar. Raddir þeirra ráðskvenna skópu grunn þeirrar sögu er hér verður sögð.

---

[1] Auglýsing í *Morgunblaðinu* 15. maí 1988, 54.

[2] Margrét Pálína Guðmundsdóttir, viðtal við höfund.

[3] Halldóra Gestsdóttir, viðtal við höfund.

[4] Ólafía Kristín Sigurðardóttir, viðtal við höfund. Ólafía Kristín er föðuramma mín.

## 1.1. Markmið og sjónarhorn

Í rannsókninni er svarað spurningum er varða félagslega stöðu ráðskvenna, bæði áður en þær réðu sig til starfa og á meðan þær störfuðu sem ráðskonur. Einnig er því svarað hverjar starfskyldur ráðskvenna voru og hvaða sýn þær höfðu á starfið.
Þessar spurningar má færa undir eina meginrannsóknarspurningu: Hver var staða ráðskvenna í sveit á síðari hluta 20. aldar á Íslandi? Til að svara henni var ráðist í þríþætta rannsókn á sögu ráðskvenna.

Í fyrsta lagi snýst rannsóknin um sjálft ráðskonustarfið, þar sem fjallað er um hlutverk og starfskjör ráðskvenna sem unnu á einkaheimilum í sveit frá miðbiki 20. aldar og til aldamótanna 2000. Þar er leitað svara við eftirfarandi grundvallarspurningum: Hvaða skyldum höfðu ráðskonur að gegna á sveitaheimilum? Hver voru viðhorf ráðskvenna til starfa sinna? Hver voru réttindi og kjör ráðskvenna? Ráðskonur, líkt og húsmæður, guldu þess að vera hluti af óformlega hagkerfinu þar sem skráðar reglur og samningar um vinnuna voru af skornum skammti. Sýnt er fram á að laun og launþegaréttur ráðskvenna sem störfuðu á einkaheimilum var lakari en hjá konum sem störfuðu á opinberum vettvangi, á borð við ráðskonur hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Í öðru lagi er sjónum beint að forsendum þess að konur réðu sig til ráðskonustarfa á heimilum til sveita á seinni hluta 20. aldar þegar þær höfðu mun fleiri atvinnutækifæri en áður. Hvers vegna réðu konur sig sem ráðskonur? Af hverju var mikil eftirspurn eftir ráðskonum á sveitaheimilum? Þjónustustörf á einkaheimilum hafði verið helsta atvinna kvenna í Evrópu á 19. öld og á fyrstu áratugum þeirrar 20., en í upphafi 5. áratugar 20. aldar lagðist þessi meginatvinnuvegur af vegna aukinnar þátttöku kvenna í atvinnulífinu.[5] Flutningar kvenna á Íslandi úr þéttbýli í dreifbýli bændasamfélagsins til að sinna ráðskonustörfum á síðari hluta 20. aldar vekja því nokkra athygli. Í því skyni að leita skýringa á straumi kvenna í sveitir landsins til að gerast ráðskonur, er áhersla lögð á að skoða stöðu stærsta einstaka hópsins er sinnti ráðskonustarfi á þessum tíma: stöðu ungra einstæðra mæðra. Leitað er svara við því hvort að ásókn einstæðra mæðra í ráðskonustörf til sveita megi að hluta rekja til þess að félagsleg úrræði fyrir þær konur dugðu ekki til þess að þær gætu einar og óstuddar tryggt framfærslu sína og barna sinna.

Í þriðja lagi er rannsókninni ætlað að segja sögu ráðskvenna með þeirra eigin orðum, lýsa reynslu þeirra og hlutskipti. Hér er fjallað um það hvernig ráðskonustarfið hafði áhrif á sjálfsmynd kvenna er sinntu því starfi. Skoðað er hvernig viðmælendur mínir samþætta starfssögur sínar og lífsferla. Auk þess er skoðað hvernig ráðskonurnar fyrrverandi studdust við nýjar og gamlar hugmyndir um hlutverk og stöðu kvenna í frásögnum sínum, og tefldu þeim saman við eigin reynslu í viðtölunum. Þannig er mögulegt að sjá hvernig konurnar réttlættu og/eða gagnrýndu stöðu sína og annarra kvenna út frá eigin ævisögu, t.d. kjör ráðskvenna.

[5] Sogner, „The Legal Status of Servants in Norway from the Seventeenth to the Twentieth Century," 184; Stenum, „Housemaids of the Past and Au Pairs of Today in Denmark," 122; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksfjölda- og byggðaþróun 1880–1990," 102.

Félagsleg greining á starfsstétt ráðskvenna er í öndvegi í rannsókninni, en þau efnistök eru í anda félagssögunnar. Viðtalsrannsóknir sem hafa opnað áður óþekkta sýn á líf og störf kvenna voru sérlega mikilvæg viðmið í rannsóknarvinnunni. Eitt frægasta dæmið um slíka rannsókn eru skrif Betty Friedan á högum húsmæðra í Bandaríkjunum, *The Feminine Mystique* frá 1963, sem er talin hafa hrint af stað svonefndri annarri bylgju femínismans. Í bók sinni lýsir Friedan þeim örðugleikum sem hún mætti er hún hóf að rannsaka tvískiptan veruleika húsmæðra, er byggði annars vegar á reynsluheimi kvenna og hins vegar á hugmyndum samfélagsins um kvenleika. Það var ekki fyrr en Friedan fór að taka viðtöl við húsmæður að sagan um dulúð kvenleikans fór að taka á sig mynd.

Áskoranirnar sem Friedan mætti í könnun sinni á húsmæðrum urðu líka á vegi mínum í rannsókn minni á ráðskonum. Þegar ég hófst handa fannst mér ráðskonur á Íslandi vera það sem kalla mætti huldufreyjur í sögu landsins: vel kunn starfsstétt sem lítið var til af gögnum um. Það var ekki einungis skortur á heimildum um reynslu ráðskvenna, því tiltækar gildishlaðnar staðalímyndir (e. *evaluative stereotypes*) af ráðskonum í sögulegum heimildum og skáldritum eru einnig óglöggar. Það var ekki fyrr en viðtöl mín við fyrrum ráðskonur drógu fram þætti úr lífi þeirra og störfum, að ég áttaði mig á marktækan hátt á lífi þessara kvenna. Svo ég vitni í orð Friedan: „En púslið skilaði ekki réttri mynd fyrr en ég fór að taka viðtöl við konur að einhverju marki.“[6]

Líkt og titill ritgerðarinnar vísar til, *Huldufreyjur. Ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar*, þá grundvallast viðfang rannsóknarinnar á störfum og högum ráðskvenna á síðari hluta 20. aldar. Ástæða þess að ég réðist í þessa rannsókn var í fyrsta lagi sú að mér fannst áhugavert að rannsaka ráðskonustarfið á þessu tímabili, þegar umbylting varð í velferðar- og atvinnumálum kvenna á Íslandi. Ég vildi leita svara við því hvers vegna konur gerðust ráðskonur í sveit þegar algengt var orðið að konur störfuðu á hinum opinbera vettvangi og atvinnutækifæri á þeim vettvangi mörg.[7] Í öðru lagi hafði áhrif sár skortur á heimildum um sögu ráðskvenna. Tímabilið 1950–2000 er svo nálægt okkur í tíma og bauð upp á þann möguleika að taka viðtöl við konur sem störfuðu sem ráðskonur á þeim tíma og gaf um leið tækifæri á að miðla sjónarhorni kvennanna sjálfra á ráðskonustarfið; reynslu þeirra af því að starfa sem ráðskonur í sveit. Sú leið til gagnaöflunar og miðlunar var nýtt til hins ítrasta í rannsókninni.

Rannsóknin tekur fyrst og fremst til starfa og stöðu ráðskvenna á síðari hluta 20. aldar, en um leið gefur hún einnig mikilvæga sýn í samfélagsgerðina á þeim tíma. Rannsóknin veitir öðru fremur nýja innsýn í samfélagslega stöðu einstæðra mæðra á síðari hluta 20. aldar, sem voru ráðandi í ráðskonustarfsstéttinni.

---

[6] Betty Friedan, *The Feminine Mystique*, kindle útg. Inngangskafli. 2. málsgrein. Í því sambandi ber að nefna að sagnfræðingurinn Gro Hagemann hefur bent á að veruleiki bandarískra húsmæðra sé af öðrum toga en kvenna í Norðurlöndunum. Um það fjallar Hagemann í inngangskaflanum á norsku þýðingu bókarinnar, *Myten om kvinnen.* Sjá Hagemann, „Introduksjon.“

[7] Sjá Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 191–214.

Ráðskonustarfið er fornt kvennastarf sem sagnir eru til af allt frá upphafsmenningu Grikkja í fornöld. Engu að síður er hörgull á sögulegum heimildum sem og rannsóknum er skilgreina verkskyldur og hlutverk ráðskvenna, á veraldarvísu. Það er nokkuð sem þarf ekki að undrast, því eitt helsta einkenni atvinnustétta sem sinna heimilisstörfum, er skortur á skilgreiningum á því hvað störfin fela í sér. Í bók sinni *Doing the Dirty Work?* segir félagsfræðingurinn Bridget Anderson að erfitt sé að gera grein fyrir launuðum heimilisstörfum vegna þess að störf og skyldur séu svo ólík eftir heimilum, jafnvel þótt starfsheitið sé hið sama.[8] Þar að auki er almennt vöntun á skilgreiningum á heimilisstörfum, þar sem við sögu kemur skortur á viðurkenndum viðmiðum varðandi það hvað flokkast til vinnu.[9] Þannig hefur athugun mín leitt í ljós margar útgáfur af ráðskonustarfinu: mismunandi verkskyldur og völd, og upplifanir ráðskvenna af starfinu, með hliðsjón af ólíkum tímabilum, löndum, landsvæðum og heimilum.

Þrátt fyrir að skilgreiningar á ráðskonustarfinu liggi ekki á lausu almennt og breytist í tíma og rúmi – þá hefur starfið ákveðin sérkenni sem staðið hafa óhögguð þvert á landamæri í gegnum aldirnar. Ráðskona var heimilishjú sem var ráðin til að sinna þeim grundvallarstörfum sem sinna þurfti innanhúss á hverjum tíma. Störf ráðskonu voru að mestu leyti þau sömu og húsmóðir gegndi, þegar hennar naut við á heimilum.[10] Það sem einkennir starf ráðskonunnar umfram önnur störf kvenna í hjúastéttinni er að ráðskonan, líkt og húsmóðirin, hafði tvöföldu hlutverki að gegna á heimili: hún var í senn stjórnandi og vinnukraftur.[11]

Mikil samsvörun með starfsskyldum ráðskvenna og húsmæðra hefur leitt til þess að störf ráðskvenna hafa í gegnum tíðina verið borin saman við störf húsmæðra í heimildum og fræðiritum, bæði hérlendis og erlendis. Hér á landi má finna slíkan samjöfnuð í t.d. skálduðum heimildum, endurminningaskrifum, minningargreinum og auglýsingum þar sem óskað er eftir ráðskonum til að sinna húsmóðurstörfum. Samlíkingar á ráðskonu- og húsmóðurhlutverkinu fela oftar en ekki í sér að ráðskonum er lýst sem staðgenglum húsmæðra (e. *substitute housewife*).[12] Þannig koma ráðskonur gjarnan fyrir sjónir sem starfskraftur sem hafði hússtjórn með höndum í fjarveru húsmæðra eða á húsmóðurlausum heimilum.

Rannsóknin fjallar ekki um ráðskonustarfið sem ígildi húsmóðurstarfsins, því jafnvel þó svo að ráðskonur og húsmæður hafi deilt áþekkum starfsskyldum var staða þeirra gerólík og sama má segja um ímyndir þeirra. Stöðumunur ráðskonu og húsmóður grundvallaðist á því að ráðskona var heimilishjú en „húsmóðir er sá aðili

[8] Anderson, *Doing the Dirty Work?*, 11–12. Sjá einnig *Vef*. Sarti, „Who are Servants?,“ 3–59; Marshall, *The English Domestic Servant in History,* 5; Robertson, *The History of the Housewife 1650–1950,* 56; Clark–Lewis, *Living in, Living Out,* 105.

[9] Sjá Sanjek og Colen, ritstj., *At Work in Homes: Household Workers in World Perspective,* 176–188.

[10] Robertson, *The History of the Housewife 1650–1950,* 2.

[11] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 12.

[12] Una A. Robertson vísar í ráðskonustarfið sem ígildi húsmóðurstarfsins á Bretlandseyjum á 18. og 19. öld í *The History of the Housewife 1650–1950,* 1, 9 og 179. Þar notast Robertson við orðalagið *substitute housewife,* sem vísað er í hér. Leonore Davidoff gerir slíkt hið sama í skrifum sínum um innanhúshjú á Englandi á aldabilinu 18–20. öld. Sjá Davidoff, *World´s Between,* 161.

sem sinnir heimilisstjórn án þess þó að teljast til heimilishjúa.“[13] Viðtalsvinnan leiddi í ljós að tengsl ráðskonustarfsins við húsmóðurstarfið var miklu fremur hluti af samfélagslegri orðræðu, heldur en að þau tengsl væru raunveruleg upplifun ráðskvenna af líkindum þessara starfa. Í rannsókninni er fjallað um sameiginleg einkenni ráðskonu- og húsmóðurstarfsins, sem og viðhorf og orðtök er leitt hafa til þess að ráðskonustarfinu hefur gjarnan verið spyrt við húsmóðurstarfið.

Ráðskonustarfið á Íslandi nær allt aftur til landnámstíðar og er því ein fárra starfsstétta kvenna hérlendis sem viðhaldist hefur alla Íslands byggð.[14] Í þessu verki er ráðskonustarfið á sveitaheimilum á árunum 1950–2000 grundvöllurinn, en fyrst eru dregnar upp svipmyndir af ráðskonustarfinu í gamla bændasamfélaginu svo fá megi nauðsynlega innsýn í stöðu og þróun starfsins fram að þeim tíma. Tilgangurinn með þeirri umfjöllun er að varpa ljósi á forsögu starfsins, allt aftur til 1850. Þannig er hægt að draga fram og ráða í þær breytingar sem urðu á ráðskonustarfinu á þessum umbrotatímum íslenskrar samfélagsgerðar.

Í rannsókninni kom skýrt í ljós hve ráðskonustarfið hefur í aldanna rás tekið á sig margar birtingarmyndir, sem falla utan þeirrar hefðbundnu hugmyndar um að ráðskona veiti sveitaheimili forstöðu. Í gamla bændasamfélaginu sinntu ráðskonur störfum utan vébanda sveitaheimilanna, í seljum, í verum og á rjómabúum. Á 20. öldinni buðust konum svo í auknum mæli ráðskonustörf á einkaheimilum í bæjum og borg, en þegar leið á öldina færðust störf ráðskvenna sífellt meira frá heimilum yfir til stofnana og fyrirtækja. Þar komu við sögu störf sem sköpuðust fyrir ráðskonur á gistiheimilum, veitingasölum, í mötuneytum stofnana, hjá vegavinnuflokkum og í nýjum útgáfum verbúða sem spruttu upp í þéttbýli sjávarplássa, svo eitthvað sé nefnt. Þessi nýju störf eru ekki eiginlegt rannsóknarefni ritgerðarinnar en heimildir um þau ráku oft á fjörur mínar auk þess sem ég tók nokkur viðtöl um ráðskonustörf utan veggja sveitaheimila sem eru hér nýtt til samanburðar.

## 1.2. Uppbygging ritgerðarinnar

Í þessum fyrsta kafla er fjallað um rannsóknina, aðferðafræði hennar, meginheimildir og stöðu þekkingar. Rætt er um niðurstöður og nálganir innlendra og erlendra rannsókna sem vísuðu veginn í rannsókn minni. Í meginatriðum hvílir rannsóknin annars vegar á aðferðum og kenningum í kvenna- og kynjasögu og hins vegar á aðferðum munnlegrar sögu. Fjallað er um báðar þessar aðferðir en einkum er lögð áhersla á munnlega sögu. Hún er skoðuð sem aðferð innan sagnfræðinnar, m.a. með því að líta til áhrifa hennar á rannsóknir á sögu kvenna í því skyni að staðsetja rannsóknina aðferðafræðilega. Í fyrsta kafla er einnig farið yfir framkvæmd

[13] Hung, *A Survey of Women´s Employment,* 5; Robertson, *The History of the Housewife 1650–1950,* 2.

[14] Sjá umfjöllun um ráðskonur á þjóðveldisöld og Sturlungaöld í Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 45–49; Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn,* 175. Sjá einnig Björn Bjarnason og Benedikt Sveinsson, ritstj., *Sturlunga saga*. 2. bindi., 91.

rannsóknarinnar, allt frá aðferðafræðinni við upptöku viðtalanna til úrvinnslu gagnanna og framsetningu þeirra sem sagnfræðilegrar þekkingar.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar er sjónum beint að forsögu ráðskonustarfsins árin 1850–1950, í þeim tilgangi að setja ráðskonustarfið 1950–2000 í sögulegt samhengi. Dregnar eru upp einkennandi svipmyndir af ráðskonustarfinu frá þessu 100 ára tímabili svo nauðsynleg viðmið fáist. Það er annars vegar gert með því að fjalla um starfsskyldur ráðskvenna árin 1850–1950. Hins vegar fæst samanburðurinn við ráðskonur 1850–1950 með því að fjalla um aðstæðurnar sem starfið spratt upp úr, bæði aðstæður vinnuveitenda ráðskvenna og aðstæður þeirra sjálfra, með hliðsjón af aldri, hjúskaparstöðu, stéttarstöðu, barneignum og fleiri þáttum. Í því samhengi er meðal annars horft til auglýsinga frá þessu tímabili þar sem óskað var eftir ráðskonu eða ráðskonustarfi. Unnið er út frá þeirri tilgátu að ráðskonustarfið hafi verið einn eftirsóknarverðasti atvinnumöguleikinn fyrir einhleypar konur í bændasamfélaginu. Til að sannreyna þá tilgátu er fjallað um ráðskonustarfið með hliðsjón af völdum og virðingu ráðskvenna, með vísan í önnur störf kvenna á íslenskum sveitaheimilum árin 1850–1950.

Í þriðja kafla er komið að meginviðfangsefni doktorsverkefnisins: ráðskonustarfinu á tímabilinu 1950–2000. Sú umfjöllun byggir á viðtölum mínum við fyrrum ráðskonur. Leitað er svara við hluta þeirra spurninga sem rannsóknin sprettur upp af: Hvað olli þörfinni fyrir ráðskonur á síðari hluta 20. aldar og í hverju fólust störf þeirra? Til að svara því er fjallað um vinnuveitendur ráðskvenna til sveita með hliðsjón af kyni, aldri og heimilishögum þeirra. Í þessum kafla er fjallað um skyldur ráðskvenna innan- og utanstokks út frá sjónarhorni þeirra sjálfra. Áhersla er lögð á að fjalla um viðhorf ráðskvenna til starfanna sem þær inntu af hendi á bæjunum með hliðsjón af tíðaranda þess tíma. Þannig fæst mynd af starfsánægju og/eða starfsóánægju þeirra. Auglýsingar, þar sem auglýst er eftir ráðskonu/ráðskonustöðu, gefa einnig góða mynd af ráðningarskilyrðum og þeim kröfum sem gerðar voru til starfsins.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar er fjallað um félagslega stöðu ráðskvenna – bæði áður en til ráðskonuvistarinnar kom og einnig meðan á henni stóð. Til að skilja hvers vegna konur réðu sig sem ráðskonur í sveit á árunum 1950–2000 eru aðstæður þeirra skoðaðar með hliðsjón af aldri, stétt, menntun, búsetu, hjúskaparstöðu, barneignum og fleiri þáttum. Í þessu samhengi er mikilvægt að fjalla um afstöðu kvennanna til ráðskonustarfsins áður en þær réðust til starfsins. Gengið er út frá því að meirihluti ráðskvenna hafi verið einstæðar mæður og því er sjónum sérstaklega beint að félagslegri stöðu þeirra. Hér er einnig fjallað um laun og kjör ráðskvenna, auk vinnuaðstæðna, þ.m.t. ofbeldi sem hluti ráðskvenna mátti þola í vistinni. Unnið er út frá þeirri tilgátu að ráðskonur á sveitaheimilum hafi verið starfsstétt sem naut takmarkaðra réttinda vegna þess að eftirlit með starfi þeirra var lítið sem ekkert. Í því samhengi er fjallað um upplifun ráðskvennanna af því að búa á vinnustaðnum, sveitaheimilinu. Í ljósi þess að ráðskonustarfið skaraðist að mörgu leyti við húsmóðurstarfið er fjallað um hvað var líkt og ólíkt með félagslegri stöðu ráðskvenna og húsmæðra.

Enn fremur er til umfjöllunar rómantísk ímynd ráðskonustarfsins í samfélaginu og af sama meiði algengar væntingar bænda um hjúskap þeirra og ráðskvenna sem þeir réðu til sín. Í framhaldi af því er rætt um rómantísk sambönd millum bænda og ráðskvenna, meðal annars þegar ráðskonur urðu í einni svipan húsmæður er þær giftust bóndanum sem þær unnu fyrir. Ímyndir ráðskvenna eru mikilsverður hluti af sögu starfsstéttarinnar; birtingarmyndir ráðskvenna í sögunni. Fjallað er um staðalímyndir (e. *stereotypes*) af ráðskonum og sjálfsmyndir (e. *self-identity*) ráðskvenna. Veitt eru svör við því hvaða hugmyndir konur höfðu um sjálfar sig í ráðskonustarfinu – og hvort þær sjálfsmyndir endurspegla staðlaðar ímyndir af ráðskonum.

Í fimmta kafla ritgerðarinnar sem jafnframt er lokakaflinn eru niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman.

## 1.3. Staða þekkingar og hugtök

Í ritgerðinni er stuðst við margvíslegar innlendar og erlendar rannsóknir á störfum og stöðu kvenna. Sjónum er fyrst og fremst beint að rannsóknum á heimilisstörfum, sem skiptast upp í tvo meginflokka. Annars vegar eru það athuganir á ólaunuðum heimilisstörfum (e. *unpaid domestic labour*), líkt og rannsóknir á húsmóðurstarfinu eru dæmi um. Hins vegar eru það athuganir á launuðum heimilisstörfum (e. *paid domestic labour*), sem þessi rannsókn á ráðskonustarfinu heyrir undir.[15] Mun meira hefur verið fjallað um ólaunuð heimilisstörf kvenna heldur en launuð heimilisstörf kvenna, en sagnfræðilegar rannsóknir á sögu fólks í þjónustustörfum má rekja aftur til 19. aldar.[16] Fræðilegar athuganir á heimilishjúum færðust í aukana með tilkomu femínískra áherslna í rannsóknum á 8. áratug 20. aldar, öðru fremur á sviði sagnfræðinnar og félagsvísindanna.[17] Í kjölfarið hafa rannsóknir á þessu sviði aukist til muna, ekki síst síðustu ár vegna aukins áhuga almennings á högum þjónustufólks með tilkomu vinsælla sjónvarpsþáttaraða um þau efni, á borð við bresku sjónvarpsþættina *Húsbændur og hjú* (e. *Upstairs, Downstairs*) (1971–1975) sem voru sýndir víða um heim, þ.m.t. á Íslandi.[18] Sagnfræðingurinn Raffaella Sarti, sem fjallað hefur um rannsóknir á heimilishjúum, segir að femínískar rannsóknir á því sviði hafi fyrst og fremst tekið til ákveðinna þátta, sem voru ýmist vel kunnir eða nýir af nálinni.

[15] Ein rannsóknahefðin á launuðum og ólaunuðum heimilisstörfum er stunduð af hagfræðingum og hagsögufræðingum. Sú hefð fjallar mikið um samspil fjölskyldu og markaðar, verka- og hlutverkaskiptingu, kjara- og stöðumun kynja – og vanmat á vinnuframlagi kvenna í opinberum hagtölum og mati í þjóðhagsreikningum. Sjá Guðmundur Jónsson, „Non-market production: what to count and how?“

[16] Sjá rannsókn súffragettunnar Lucy Maynard Salmon, *Domestic Service* (1897).

[17] Sarti, „Historians, Social Scientists, Servants, and Domestic Workers,“ 39. Sjá brautryðjendaverk Davidoff, „Mastered for Life,“ 405–428.

[18] Af öðru vinsælu sjónvarpsefni er gefur innsýn í líf þjónustufólks er sjónvarpsþáttaröðin *Downton Abbey* (2010–2015). Fjallað hefur verið um áhrif þess myndaflokks á söguskoðun almennings af fræðimönnum á borð við Nicoletta F. Gullace í grein hennar „A (Very) Open Elite: Downton Abbey, Historical Fiction and America´s Romance with the British Aristocracy.“

> kvenvæðing heimilisstarfa; hvernig þjónustustörf samtvinnuðust lífsferli fólks m.t.t. hjónabands og/eða hreinlífis; hvernig þjónustustörf höfðu áhrif á fólksflutninga, þéttbýlisvæðingu, áhrif þess á vinnumarkaðinn og á félagslegan hreyfanleika; samband þjónustustarfa við fæðingar utan hjónabands og vændi; staðlaðar ímyndir af innanhúshjúum; og tengsl þjónustustarfa (eða tengslaleysi) við félagslegar stofnanir; þjónustustörf sem úrræði eða undirbúningur fyrir hjónaband; hvernig þjónustustörf gátu leitt til útilokunar og sjálfsvíga; heimilisstörf sem miðstéttarhúsmæður þurftu að inna af hendi en voru áður í höndum innanhúshjúa.[19]

Þessir þættir koma langflestir við sögu í rannsókn minni á ráðskonustarfinu.

Þýðingarmestu rannsóknirnar sem ritgerðin tekur mið af eru viðtalsrannsóknir sem fjalla um störf og félagslega stöðu kvenna er sinntu heimilisstörfum á 20. öld, út frá sjónarhorni þeirra sjálfra. Fyrst ber að nefna mikilvægustu íslensku rannsóknina sem beinlínis snertir ráðskonur í sveit. Það er doktorsrannsókn Nínu Rósar Ísberg í mannfræði á aðstæðum þýskra landbúnaðarverkakvenna sem komu til Íslands í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar.[20] Doktorsritgerð Nínu er grundvallarrit fyrir rannsókn mína, bæði hvað varðar aðferðafræði og sjálft viðfangsefnið. Nína tók viðtöl við þýskar verkakonur sem komu til landsins árið 1949. Eitt af meginmarkmiðum rannsóknar Nínu var að breyta hugmyndum almennings um sögu þýsku kvennanna á Íslandi. Viðtöl Nínu við þýsku konurnar og lýsingar þeirra á störfum og starfstengdum réttindum/réttindaleysi á sveitabæjum nýttust ákaflega vel við rannsókn mína. Áhugavert er til að mynda að skoða sögu þýsku kvennanna í samanburði við sögu íslensku ráðskvennanna, ekki síst í ljósi þess að störf þeirra kvenna voru sprottin úr sama jarðveginum. Ráðskonustarfið þjónaði sem starfstengt og félagslegt úræði fyrir íslenskar konur, líkt og það gerði í tilfelli þýsku kvennanna á eftirstríðsárunum. Í flestum tilvikum fóru íslensku ráðskonurnar og þýsku konurnar til vinnu í dreifbýli þar sem vöntun var á ódýru vinnuafli kvenna, ekki síst til að sinna innistörfum.

Rannsókn Nínu fjallar einkum og sér í lagi um það hvernig þýsku konurnar, með sinn menningarlega bakgrunn, samlöguðust íslensku samfélagi. Þýsku verkakonurnar voru utanaðkomandi í sveitum landsins – að vissu leyti eins og íslensku ráðskonurnar sem ég tók viðtöl við, sem flestar voru búsettar í þéttbýli áður en þær gerðust ráðskonur til sveita. Ólíkt Nínu sem skoðar búferlaflutning frá Þýskalandi til Íslands um miðbik 20. aldar, þá skoða ég flutning íslenskra kvenna milli landshluta og heimila/vista á árunum 1950–2000. Í anda rannsóknar Nínu skoða ég hvernig viðfangsefni rannsóknar minnar, íslenskar ráðskonur, aðlöguðust sveitasamfélaginu, með hliðsjón af störfum þeirra og siðum til sveita. Þar að auki legg ég áherslu á að skoða viðhorf ráðskvennanna til sveitarinnar með tilliti til bakgrunns þeirra, líkt og Nína gerði í rannsókn sinni á þýsku konunum. Nína lagði þunga áherslu

---

[19] Sarti, „Historians, Social Scientists, Servants, and Domestic Workers,“ 41.

[20] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission: Making a Home in Iceland. Sjá líka rannsókn sagnfræðingsins Péturs Eiríkssonar, *Þýska landnámið*.

á að skoða viðhorf viðmælenda sinna til sveitamenningarinnar út frá þjóðerni þeirra. Megináhersla mín er hins vegar að greina viðhorf íslensku ráðskvennanna til sveitamenningarinnar, með hliðsjón af rómantískum hugmyndum um sveitastörf – og rótgrónum hugmyndum um verkaskiptingu kynjanna sem tóku miklum breytingum á seinni hluta 20. aldar.

Aðrar mikilvægar og notadrjúgar viðtalsrannsóknir sem byggja á viðtölum við konur sem störfuðu á heimilum, eru rannsóknir Sigríðar Th. Erlendsdóttur sagnfræðings á vinnukonum í Reykjavík á tímabilinu 1880–1914. Þar byggði Sigríður m.a. á viðtölum sínum við fyrrum vinnukonur og gat því miðlað sjónarhorni þeirra á eigin sögu.[21] Jafnframt tók ég viðtal við Sigríði sjálfa til þess annars vegar að spyrja hana út í (óbirtan) fróðleik um vinnukonur og ráðskonur um og eftir aldamótin 1900 sem hún aflaði með viðtölum sínum. Hins vegar gaf viðtalið mér kost á því að kanna upplifun Sigríðar af því að taka viðtöl við konur sem tilheyrðu hjúastétt undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. – og um leið gera samanburð við upplifun mína af því að taka viðtöl við fyrrum ráðskonur er störfuðu á síðari hluta 20. aldar: Hvernig tjáðu konur í hjúastétt sig í viðtölum um vinnuvettvang sinn, starfsskyldur og starfskjör á þessum mismunandi rannsóknartímabilum?

Einnig má geta viðtalsrannsóknar Ingu Huldar Hákonardóttur sagnfræðings, *Hélstu að lífið væri svona? Viðtöl við verkakonur* sem kom út árið 1981. Sú rannsókn vitnar um gagnsemi þess að taka viðtöl við konur til að miðla upplýsingum um félagslega stöðu þeirra. Viðtöl Ingu Huldar gefa einstaka innsýn í reynsluheim kvenna í verkamannastétt á seinni hluta 20. aldar, út frá þeirra eigin orðum, svo sem sýn á atvinnukjör verkakvenna með hliðsjón af kynferði þeirra og hjúskaparstöðu. Frásagnir viðmælenda Ingu Huldar voru mjög mikilvægar til samanburðar við frásagnir viðmælenda minna, ráðskvennanna, sem voru flestar úr verkamannastétt.

Af áhrifamiklum erlendum viðtalsrannsóknum sem þessi rannsókn tók mið af, ber að nefna klassíska doktorsrannsókn félagsfræðingsins Ann Oakley á húsmóðurstarfinu frá árinu 1974. Rannsóknir Oakley taka til ólaunaðra heimilisstarfa kvenna á heimilum þeirra og samfélagslegrar stöðu þeirra. Niðurstöður doktorsrannsóknar Oakley er að finna í bókunum *Housewife* og *The Sociology of Housework*, sem grundvallast að miklu leyti á 40 viðtölum sem hún tók við húsmæður í London. Oakley rannsakar húsmæðrastörf og samfélagslega stöðu viðmælenda sinna með hliðsjón af þáttum á borð við stétt og stöðu, vinnuaðstæðum og sjálfsmynd kvennanna. Hluti af þeirri nálgun er að rannsaka heimilisstörf sem vinnu en enn fremur að skoða hvers vegna heimilisstörf séu jafnan ekki talin til vinnu í samfélaginu. Í bók sinni *Housewife* fjallar Oakley um þróun húsmóðurhlutverksins á 19. og 20. öld með hliðsjón af iðnvæðingunni. Þar kemur hún inn á samfélagsleg viðhorf gagnvart ólaunuðum heimilisstörfum sem hlutskiptis kvenna – og hvernig það hlutskipti hefur áhrif á sjálfsmynd húsmæðranna. Bókin *The Sociology of Housework* byggir aðallega á niðurstöðum Oakley um starfsánægju og starfsóánægju

---

[21] *Lbs.-Hbs.* Sigríður Th. Erlendsdóttir, Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914; sama, „Í vist“; sama, „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880–1914.“ Einnig: Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund.

viðmælendanna í húsmóðurstarfinu, s.s. með hliðsjón af upplifun húsmæðranna til einstakra húsverka.

Þótt rannsóknir Oakley séu ekki nýjar af nálinni eru þær einkar nytsamlegt viðmið fyrir rannsókn mína. Samnefnarinn eru heimilisstörfin og nálgun á konurnar sem sinntu þeim störfum. Bækur Oakley nýttust því sem leiðarvísir í greiningu minni á ráðskonustarfinu, svo sem á heimilisstörfum ráðskvenna; viðhorfum til heimilisstarfa; starfsánægju/starfsóánægju ráðskvenna; og í greiningu minni á starfstengdri sjálfsmynd ráðskvenna.[22] Rannsóknir Oakley nýttust einnig í samanburði mínum á ráðskonu- og húsmæðrahlutverkinu á síðari hluta 20. aldar þar sem spurt er hver munurinn hafi verið annars vegar á upplifun kvenna er sinntu ólaunuðum heimilisstörfum á eigin heimilum og hins vegar á upplifun kvenna sem sinntu launuðum heimilisstörfum á heimilum annarra.

Nokkuð hefur verið ritað um störf og kjör kvenna í sveitum fyrr á öldum á sviði íslenskrar sagnfræði, en ráðskonur koma þó lítið við sögu. Af grundvallarritum er taka til starfsskyldna og kjara kvenna í sveit má sérstaklega nefna bók Önnu Sigurðardóttur, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, sem gefur heildstæða mynd af verkmenningu kvenna frá upphafi byggðar Íslands. Í því riti er m.a. fjallað um störf ráðskvenna á miðöldum og störf ráðskvenna á opinberum vettvangi, sérstaklega störf ráðskvenna á rjómabúum þegar þau komu til sögunnar á síðari hluta 20. aldar. Jafnframt ber að geta rannsóknar Guðmundar Jónssonar á störfum og stöðu vinnuhjúa á 19. öld. [23] Aukinheldur rits Árna Daníels Júlíussonar sagnfræðings, *Landbúnaðarsaga Íslands*, sem kom út árið 2013. Nefndar rannsóknir nýttust einkar vel til að setja störf og stöðu ráðskvenna í samhengi við þróun bændasamfélagsins og vinnu kvenna hérlendis.

Talsvert er til af erlendum rannsóknum um sögu kvenna í landbúnaðar- og þjónustustörfum. Hér er öðru fremur stuðst við rannsóknir er gefa innsýn í upplifun og kjör heimilishjúa á 20. öld þvert á landamæri. Þær rannsóknir varpa ljósi á þann samhljóm sem er að finna í samskiptum millum vinnuveitenda og heimilishjúa; kjörum heimilishjúa; viðhorfum til kvenna er sinna launuðum heimilisstörfum; og upplifun heimilishjúa – þvert á menningarheima. Af þeim bókum er *Doing the Dirty Work? The Global Politics of Domestic Labour* eftir Bridget Anderson hvað mikilvægust. Skrif Anderson eru mjög mikilvæg hvað varðar greiningu mína á samfélagslegum viðhorfum til heimilisstarfa og kvenna sem sinntu þeim störfum.

[22] Af öðrum rannsóknum á húsmæðrastarfinu má nefna rannsóknir á húsmóðurstarfinu á Norðurlöndunum. Sjá skrif fræðimanna á borð við nefnda Hagemann á störfum og stöðu húsmóðurinnar á 20. öld, einkum fyrir tímabil um miðbik aldarinnar. Sjá t.d. greinasafnið *Twentieth-Century Housewives: Meanings and Implications of Unpaid Work* í ritstjórn Hagemann og Roll-Hansen frá 2005, þar sem áhersla er lögð á að skilgreina heimilisstörf í menningarlegum og efnahagslegum skilningi. Af öðru efni sem nefna má í tengslum við störf og stöðu húsmóðurinnar á 20. öld er rannsókn Robertson, *The History of the Housewife 1650–1950.* Í þeirri bók fjallar Robertson um sögu húsmóðurinnar, þar sem ráðskonan kemur lítillega við sögu sem staðgengill húsmóðurinnar.

[23] Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*.

Bókin fjallar um samfélagsviðhorf til stétta sem gegndu launuðum heimilisverkum á 20. öld, um léleg kjör þeirra vinnustétta sem byggðu afkomu sína á heimilisþjónustu og neikvæð viðhorf gagnvart þeim. Enda þótt Anderson fjalli almennt um viðhorf til heimilisverka og kvenna sem sinna heimilisþjónustu, beinir hún sjónum sínum sérstaklega að farandverkakonum sem sinna þeim störfum á Vesturlöndum. Anderson gagnrýnir það að femínískir fræðimenn fjalli gjarnan um heimilisstörf sem sameiginlega byrði kvenna, án þess þó að gera grein fyrir þáttum sem hafa afgerandi áhrif á þátttöku kvenna í heimilisstörfum, s.s. félagslegum bakgrunni og kynþætti kvenna er sinna launuðum heimilisstörfum. Ég tek mið af þessari umfjöllun Anderson í skrifum mínum þar sem komið er inn á samhengi ráðskonustarfsins við bága efnahagslega og félagslega stöðu kvenna er sinntu ráðskonustörfum á seinni hluta 20. aldar.

Því næst má nefna bókina *Cooking in Other Women´s Kitchens: Domestic Workers in the South, 1865–1960* eftir sagnfræðinginn Rebecca Sharpless. Sú bók fjallar um konur af afrískum uppruna sem sinntu ráðskonustörfum eða viðlíka heimilisstörfum og ráðskonur á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld í Bandaríkjunum. Sú rannsókn byggir að miklu leyti á viðtölum við konurnar og gefur einstaka innsýn í reynsluheim þeirra. Fjallað er um samskipti kvennanna við vinnuveitendur sína: sjálfmenntun þeirra í heimilisstörfum; ofbeldi sem þær urðu fyrir af hendi vinnuveitenda; og úrræði og skort á úrræðum þegar brotið var á konunum, og fleiri atriði. Umfjöllun Sharpless um vinnutengd samskipti heimilishjúanna við vinnuveitendur sína, var mjög gagnleg til samanburðar við vitnisburði ráðskvennanna sem ég tók viðtöl við. Þau viðmið sýndu hvernig viðhorf til kvenna er sinntu heimilisstörfum voru gegnumgangandi, þvert á ólík tímabil og menningarheima, enda þótt konurnar í bók Sharpless þyrftu, ólíkt íslensku ráðskonunum, að þola það misrétti sem felst í kynþáttafordómum ofan á starfstengt réttindaleysi.[24]

Þótt saga þjónustufólks hafi komist marktækt á dagskrá hjá sagnfræðingum er líða tók á 20. öldina er ekki úr mörgum erlendum rannsóknum á ráðskonum að moða. Í þessari rannsókn var stuðst við nokkur rit er vörpuðu ljósi á skyldur ráðskvenna erlendis og höfðu áhrif á það hvernig ég nálgast efnivið minn, til að mynda varðandi skilgreiningar á ráðskonustarfinu. Nefna má bók Tessa Boase um ráðskonur sem störfuðu á enskum sveitasetrum á 19. öld og á fyrri hluta 20. aldar, *The Housekeeper´s Tale: The Women Who Really Ran the English Country House*. Hér er um að ræða áhugavert rit sem lýsir á alþýðlegan hátt starfsferli fimm ráðskvenna sem veittu sveitasetrum forstöðu. Þar er fjallað um hinar miklu skyldur og erfiðu vinnuaðstæður sem fylgdu ráðskonustarfi á stórum heimilum. Af öðrum verkum um ráðskonur má nefna umfjöllun sagnfræðingsins Pamela Horn á skyldum og völdum ráðskvenna í rannsókn sinni á heimilishjúum á Viktoríutímabilinu í Englandi. Umfjöllun Horn um

[24] Af sama meiði nýttust skrif Pierrette Hondagneu-Sotelo, *Doméstica: Immigrant Workers Cleaning and Caring in the Shadows of Affluence*, sem fjalla öðru fremur um viðhorf til farandverkakvenna er sinna heimilisþjónustu í Bandaríkjunum á seinni hluta 20. aldar. Rannsókn Hondagneu-Sotelo byggir á viðtölum hennar við innflytjendakonur frá Mexíkó og mið-Ameríku sem störfuðu við heimilisþjónustu.

ráðskonustarfið byggir að miklu leyti á samanburði hennar á ráðskonustarfinu og öðrum þjónustustörfum sem konur sinntu á því tímabili í Englandi.[25]

Hér í lokin má nefna rannsóknir á stöðu og hlutverki kvenna á 19. og 20. öld, sem setja rannsóknina í sögulegt samhengi. Þær rannsóknir mynda mikilvægan bakgrunn þessarar rannsóknar og hjálpa til við að setja í samhengi og skilja þau viðhorf sem mættu konum í starfi sem ráðskonur – sem og þau viðhorf sem urðu til þess að sumar konur urðu utanveltu í samfélaginu og leituðu í þess konar þjónustustarf á heimilum til sveita. Þar má nefna rannsóknir Sigríðar Matthíasdóttur sagnfræðings um konur og kvenleika innan íslenska þjóðríkisins. Hæst ber að nefna doktorsrannsókn hennar sem fjallar um þær hugmyndir sem mótuðust gagnvart hlutverki kynjanna á þessum mótunarárum íslensks nútímasamfélags og höfðu síðan áhrif á stöðu kvenna á 20. öldinni.[26] Auk þess er stuðst við greinar Sigríðar í bókum og fræðitímaritum.[27] Síðan ber að geta doktorsrannsóknar Erlu Huldu Halldórsdóttur sagnfræðings, um mótun kyngervis á Íslandi á tímabilinu 1850–1903.[28] Erla færir rök fyrir því að orðræða um menntun kvenna í dagblöðum og úti í samfélaginu á síðasta þriðjungi 19. aldar hafi haft áhrif á sjálfsmyndir kvenna og hugmyndir um stöðu þeirra og hlutverk í samfélaginu. Rannsóknir Sigríðar og Erlu Huldu sýna hvernig saga kvenna og orðræða um konur eru samverkandi. Til þess var litið hér og unnið með frekar.

Einnig var í rannsókninni stuðst við rannsóknir á samfélagsgerð 20. aldar og uppbyggingu velferðarkerfisins á Íslandi, ekki síst til að skýra þá tilhneigingu sem var fyrir hendi hjá einstæðum mæðrum hvað það varðaði að gerast ráðskonur í sveit. Eins og vikið var að hér að framan var algengast að ungar einstæðar mæður sinntu ráðskonustörfum. Ásókn einstæðra mæðra í ráðskonustörf var að hluta komin til vegna félagslegra aðstæðna.[29] Mikilvægt samhengi fyrir þá sögu fæst í bók Sigríðar Th. Erlendsdóttur sagnfræðings um sögu Kvenréttindafélags Íslands, en sú bók er eitt þeirra grundvallarrita sem ég styðst við í umfjöllun minni um stöðu einstæðra mæðra á 20. öld.[30] Saga Kvenréttindafélags Íslands varpar mikilvægu ljósi á stöðu kvenna á Íslandi allt frá stofnun félagsins árið 1907 og fram undir lok 20. aldar. Í bókinni er m.a. fjallað um hin ýmsu baráttumál félagsins í þágu kvenna, gjarnan með hliðsjón af ýmsum hópum kvenna, eins og einstæðum mæðrum. Rannsóknir Guðmundar

[25] Horn, *The Rise and Fall of the Victorian Servant*.

[26] Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930.*

[27] Sigríður Matthíasdóttir, „Hin svokallaða þjóð: Þjóðerni og kyngervi í sagnfræðilegum rannsóknum“; sama, „Menningardeilur og kvenleiki á árunum milli stríða.“

[28] Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903.*

[29] Fjallað er um störf í sveit sem félagslegt úrræði í rannsóknarverkefninu *Óháður flutningur íslenskra barna á 20. öldinni*: Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj., *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni;* Jónína Einarsdóttir o.fl., ritstj., *Send í sveit – súrt, saltað og heimabakað*.

[30] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil: Saga kvenréttindafélags Íslands, 1907–1992.*

Jónssonar á uppbyggingu velferðarkerfisins á Íslandi voru einnig mikilvægar við greiningu á stöðu einstæðra mæðra á 20. öld.[31]

Af öðrum verkum sem taka til stöðu og hlutverks kvenna á 20. öld og stuðst var við, skal nefna mannfræðirannsóknir þeirra Unnar Dísar Skaptadóttur og Huldu Proppé á konum í sjávarplássum.[32] Þær rannsóknir nýttust í greiningu minni á viðhorfum kvennanna til heimilisstarfa og starfa utan veggja heimilanna, með hliðsjón af hugmyndum um verkaskiptingu kynjanna. Í því sambandi má nefna að drjúgur hluti viðmælenda minna var búsettur og/eða starfaði í sjávarplássum áður en þær gerðust ráðskonur, og vísuðu gjarnan til starfstengdrar reynslu sinnar þaðan í viðtölunum, til samanburðar við reynslu sína í ráðskonustarfinu.[33] Jafnframt hefur bókin *Konur sem kjósa. Aldarsaga.* reynst mikilvæg heimild fyrir rannsókn mína, því þar er fjallað um samfélagslega stöðu kvenna á Íslandi í kjölfar kosningaréttar kvenna árið 1915/1920 til okkar daga.[34]

### 1.3.1. Helstu hugtök

#### *1.3.1.1. Kyngervi: kvenleiki og karlmennska*

Við greiningu frásagna ráðskvennanna voru hugtökin kyngervi (e. *gender*), kvenleiki (e. *femininity*) og karlmennska (e. *masculinity*) í forgrunni. Hér er um að ræða grundvallarhugtök í kvenna- og kynjasögu og lykilhugtök í þessari rannsókn. Kyngervishugtakið tekur til sambandsins á milli kvenna og karla og félagslegrar sköpunar kynferðis, kvenleikans og karlmennskunnar.[35] Ann Oakley var leiðandi í því að nota kyngervi sem tól til að skilgreina muninn á milli líffræðilegs kyns annars vegar og félagslega mótaðs kyns hins vegar, í félagsfræðirannsóknum sínum á öndverðum 8. áratugnum.[36] Það var síðan sagnfræðingurinn og kenningasmiðurinn Joan W. Scott sem var helsti hvatamaðurinn að baki því að nota kyngervi sem greiningartæki í sagnfræðilegum rannsóknum, í frumkvöðlagrein sinni „Gender: A Useful Category of Historical Analysis“ frá 1986.[37] Scott skrifar þar að munurinn á milli kynjanna sé ekki náttúrulegur, heldur grundvallist á hinu síbreytilega kerfi,

[31] Guðmundur Jónsson, „The Icelandic Welfare State in the Twentieth Century,“ 249–267; sami, „Hvers kyns velferðarkerfi? Ísland í spegli hinna kvenvænu velferðarkerfa á Norðurlöndunum,“ 191–214.

[32] Sjá Unnur Dís Skaptadóttir, *Fishermen´s Wives and Fish Processors: Continuity and change in Women´s Positions in Icelandic fishing villages 1870–1990;* Hulda Proppé, „„Hér er ég, bara kyngdu því“ – rými, vald og andóf í íslenskum sjávarbyggðum.“

[33] Einnig er gjarnan vitnað í bókina *Women as Single Parents: Confronting Institutional Barriers in the Courts, the Workplace, and the Housing Market* í ritstjórn Elizabeth A. Mulroy. Bókin hverfist um samfélagslega stöðu einstæðra mæðra í Bandaríkjunum á seinni hluta 20. aldar, og reyndist mjög gott viðmið í umfjöllun minni um einstæðar mæður í hópi ráðskvennanna, t.d. í umfjöllun minni um félagsleg vandamál einstæðra mæðra og ímyndir einstæðra mæðra.

[34] Höfundar bókarinnar *Konur sem kjósa* eru þær Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir.

[35] Morgan, „Introduction,“ 4.

[36] Sjá bók Oakley, *Sex, Gender and Society* sem kom út árið 1972; sama, „A Brief History of Gender.“

[37] Scott, „Gender: A Useful Category of Historical Analysis,“ 1053–1075.

tungumálinu. Kyngervi, segir Scott, er í einfaldleik sínum síbreytileg þekking sem er yfirfærð á kynin; orðræða sem mótar hegðun mannsins, og er í senn formuð af samfélaginu.[38] Með því að nota kyngervi sem greiningartæki gefst færi á að tefla saman kynbundinni reynslu, bæði kvenna og karla, og um leið fá gleggri sýn á samskipti og valdamismun kynjanna í sögunni.[39]

Kvenleiki og karlmennska hafa margar birtingarmyndir sem eru breytilegar, enda mótast kyngervi af „gagnvirku sambandi stofnana, samfélags og þegna án þess þó að verða fast og óumbreytanlegt heldur tekur það breytingum í tíma og rúmi," skrifar Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur.[40] Rannsókn þessi leiddi í ljós ólíkar birtingarmyndir af kvenleika, sem viðmælendur mínir tileinkuðu sér, afneituðu og/eða tefldu saman í frásögnum sínum. Konurnar reifuðu oftast kvenleika sem byggði á hugmyndum um mismunandi menningu til sveita, í sjávarþorpum og í borg og bæjum. Dæmi um það eru lýsingar ráðskvennanna á ólíkri hegðun, viðhorfum og gildismati kvenfólks, eftir því hvort það var búsett í dreifbýli eða þéttbýli, eins og síðar verður sagt nánar frá.

### *1.3.1.2. Ímyndir*

Það sem einkennir ímyndir ráðskvenna er að þær hafa sterkar skírskotanir í kynferði. Í rannsókninni er sjónum beint að kynbundnum staðalímyndum (e. *gender stereotypes*) ráðskvenna og sjálfsmyndum þeirra.

Staðalímyndir ráðskvenna komu fram í viðtölum rannsóknarinnar en bregður víða fyrir í bókmenntaverkum og auglýsingum, svo eitthvað sé nefnt. Kynbundnar staðalímyndir byggja að miklu leyti á fyrirframgefnum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku,[41] en helstu hugmyndasmiðir kvenlægra staðalímynda (e. *feminine stereotypes*) hafa löngum verið taldir karlmenn.[42] Málvísindakonan Sara Mills hefur þó bent á að konur hafi einnig viðhaldið orðræðum tengdum kvenlægum staðalímyndum á sinn hátt – sem og reynt að leysa þær kvenímyndir upp og betrumbæta.[43] Fræðikonan Evelyn Fox Keller segir sambandið millum kynbundinna staðalímynda og reynslu fólks vera flókið viðfangs, en mikilvægt sé að gera greinarmun á reynslu og viðteknum skoðunum „sérstaklega vegna þess að raunveruleikinn er undir áhrifum skoðana okkar."[44] Slík nálgun er fyrir hendi í þessari rannsókn, þar sem lífsreynslu og viðhorfum ráðskvennanna er teflt saman.

---

[38] Scott, „Gender," 1067–1070. Sjá einnig Mills, *Discourse,* 15, kindle útg.; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur,* 53–55.

[39] Abrams o.fl., ritstj., *Gender in Scottish History since 1700,* 2.

[40] Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur,* 56. Sjá einnig Smith, „Women´s Perspective as Radical Critique of Sociology," 63; Mills, *Discourse,* 79, kindle útg.; Schippers, „Recovering the feminine other," 85–102.

[41] Sjá Rudman og Glick, *The Social Psychology of Gender,* 26; Gunn, *History and Cultural Theory,* 142–146.

[42] Palmer, *Contemporary Women´s Fiction,* 33.

[43] Mills, *Discourse,* 42, kindle útg. Sjá einnig Hubbard, „Have only men evolved?" kindle. útg.

[44] Keller, „Gender and Science," kindle útg. 35. málsgrein.

Sjálfsmyndir ráðskvenna eru mikilvægt viðmið þegar horft er til ímynda ráðskvenna, en sjálfsmyndir og staðalímyndir eru díalektískar og hafa gagnvirk áhrif hvor á aðra.[45] Með því að styðjast við aðferðir munnlegrar sögu var gerlegt fyrir mig að skrásetja og greina sjálfsmyndir ráðskvenna út frá þeirra eigin vitnisburði. Sjálfsmynd viðmælanda og frásögn hans í sagnfræðiviðtalinu, eru tveir óaðskiljanlegir þættir sem ber að rýna sem eina söguheild. Áhersla var lögð á að greina frásagnarsjálf (e. *narrative identity*) kvennanna, en það hugtak felur í sér að einstaklingar skapa sjálfið með því að miðla ævi sinni í sagnaformi.[46] Frásagnarsjálfið kemur við sögu í ólíkum ævisagnahefðum, þ.m.t. í viðtölum sem hið munnlega sjálf (e. *speaking self*).[47] Hér má vísa í skrif skoska sagnfræðingsins Lynn Abrams frá 2014 um gagnsemi sagnfræðiviðtalsins við sköpun sjálfsmynda.

> Sagnfræðiviðtalið gefur viðmælandanum vettvang þar sem hann eða hún getur útbúið sitt sjálf á nútímalegan máta – með því að spjalla um sig í návist faglærðs hlustara með hljóðupptökutæki. Það gefur færi á að skapa tengsl millum ævisögunnar og sögunnar, hins persónulega og þess samfélagslega... Með öðrum orðum, sköpun sjálfsins með frásögn er verkefni sem krefst þess að eitthvað sé sigtað út eða valið, frásögn sem krefst þátttökuleysis sem og þátttöku, í þeim tilgangi að ná fram sjálfinu sem viðkomandi er hvað sáttastur með.[48]

Frásagnarsjálfið felur í sér samþættingu sögumannsins á ólíkum tímaskeiðum. Viðmælendur rannsóknarinnar samþættu iðulega sjálfsmyndir úr fortíð sinni við sjálfsmynd sína í samtímanum í þeim tilgangi að búa til eina heildarfrásögn.[49] Lífsreynsla þeirra, allt frá barnæsku fram á þá stund er viðtalið var tekið, varð grunnur frásagnarinnar.[50] Viðmælendur mínir fjölluðu gjarnan um þá sjálfsmynd sem þær upplifðu áður en þær fóru til starfa sem ráðskonur og hvernig sjálfsmynd þeirra ýmist breyttist eða stóð í stað, á því tímabili er þær sinntu ráðskonustarfinu. Margar reifuðu einnig hvernig ráðskonustarfið hafði áhrif á sjálfsmynd þeirra síðar á ævinni, allt til samtímans. Þannig kemur frásögn þeirra af ráðskonustarfinu gjarnan fyrir sem eins konar þróunarsaga sjálfsins.[51]

Í rannsókninni hafði ég sérstakan áhuga á að kynna mér fyrra sjálf viðmælendanna (e. *past selves*).[52] Áhersla var lögð á að skoða það með hliðsjón af því hvernig þær upplifðu vald sitt og möguleika til valds í samfélaginu – öðru fremur í

---

[45] Sjá *Lbs.-Hbs.* Sumarliði R. Ísleifsson, Tvær eyjar á jaðrinum, 15.

[46] Sjá McAdams, „The Psychology of Life Stories,“ 100–122; Abrams, „Liberating the female self,“ 14.

[47] Abrams, „Liberating the female self,“ 19.

[48] Abrams, „Liberating the female self,“ 19.

[49] M. Roper, „Re-membering the Soldier-Hero,“ 184.

[50] Lawless, *Women Escaping Violence: Empowerment Through Narrative*, 6.

[51] Simon Gunn, *History and Cultural Theory,* 133.

[52] Abrams, „Liberating the female self,“ 20; Lawless, *Women Escaping Violence*, 6.

ráðskonustarfinu.[53] Í því sambandi skoðaði ég annars vegar stéttarímynd (e. *class identity*) kvennanna, sem endurspeglar hvernig konurnar staðsettu sig stéttarlega innan þjóðfélagsins.[54] Hins vegar skoðaði ég kynbundna sjálfsmynd (e. *gendered self-identity*) kvennanna, ekki síst út frá meginskyldum þeirra í ráðskonustarfinu, innanbæjarstörfunum. Um greiningu mína á frásagnarsjálfi kvennanna er fjallað nánar í kaflanum um greiningu viðtalanna.

### *1.3.1.3. Aðskilin svið kynjanna: einkasvið og almannasvið*

Vegna þess að greining mín á sjálfsmyndum kvennanna réðst að miklu leyti af störfum þeirra innanstokks er stuðst við kenningarammann aðskilin svið (e. *separate spheres*) í greiningarvinnunni. Aðskilin svið eru mynduð úr hugtakaparinu einkasvið (e. *private sphere)* og almannasvið (e. *public sphere)* sem eru í andstöðu hvort við annað. Aðskilin svið fjalla um margþætt valdatengsl kynjanna í félagslegu og efnahagslegu samhengi:[55] „Karlar, störf þeirra og hið opinbera svið stjórnmála, atvinnu og framkvæmda hefur verið kennt við almannasvið en konur og heimilið (þar með talin heimilisstörf, börn og barnauppeldi) við einkasvið.“[56] Kenningaramminn er sprottinn upp úr borgaralegri hugmyndafræði 19. aldar og á rætur sínar að rekja til heimilishugmyndafræðinnar (e. *domestic ideology*) sem byggði á kristnu gildismati á hlutverkum og störfum kynjanna. Hugmyndafræðin hafði það að markmiði að skapa stigveldi innan samfélagsins á grunni kynferðis, en með því að styðjast við þessa hugmyndafræði og um leið með því að takmarka ferðir og sjálfsmynd kvenna við heimilin, var mögulegt að undirskipa konur í samfélaginu, feðraveldinu (e. *patriarchy*). Feðraveldi er í einfaldleik sínum félagslegt kerfi sem byggir á hugmyndafræðinni um að samfélagið grundvallist á yfirráðum karla.[57]

Kenningaramminn aðskilin svið var löngum eitt helsta greiningatólið sem fræðimenn notuðu í rannsóknum á feðraveldinu, en hugmyndafræðin naut einkum mikillar hylli á 7. og 8. áratug 20. aldar á meðal fræðimanna sem stunduðu rannsóknir á sögu 18. og 19. aldar kvenna í Evrópu.[58] Kenningaramminn er aftur á móti umdeildur og þykir sníða konum þröngan stakk í sögunni. Rannsóknir sýna í vaxandi mæli að það er ekki sjálfgefið að hann eigi við í öllum kvennasögurannsóknum.[59] Það

[53] Af gagnlegum verkum þar sem kyngervishugtakið spilar hlutverk við greiningu á sjálfsmyndum kvenna má nefna skrif Scott, *Gender and the Politics of History*. Ég horfði líka til skrifa Oakley um sjálfsmyndir húsmæðra. Sjá Oakley, *Sociology of Housework*; sama, *Housewife*.

[54] Sjá Jackman og Jackman, „An interpretation of the relation between objective and subjective social status,“ 38, 569–582; Gunn, *History and Cultural Theory,* 138–142.

[55] Kerber, „Seperate Spheres, Female Worlds, Woman´s Place,“ 28.

[56] Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur,* 40; Davidoff, *World´s Between,* 227.

[57] Smith, „Women´s Perspective as Radical Critique of Sociology,“ 7. Í þessari ritgerð er horft til skilgreiningar stjórnmálafræðinganna Randall og Phillips á feðraveldinu. Sjá Randall, „Feminism", 120; Phillips, *Engendering Dem*ocracy, 95. Sjá líka Walby, *Patriarchy at Work.*

[58] Sue Morgan, „Introduction: Writing feminist history: theoretical debates and critical practices,“ 7.

[59] Abrams, *Myth and materiality in a woman´s world,* 4. Sjá einnig umfjöllun Nancy Grey Osterud um það hvernig kenningaramminn aðskilin svið endurspeglar ekki líf og störf kvenna á sveitabæjum í New York á 19 öld. Osterud, *Bonds of Commmunity,* 275–288.

kom einmitt fram í rannsókn Lynn Abrams á Hjaltlandseyjakonum frá 1800–2000, en hún hefur gagnrýnt það að umræddur kenningarammi takmarki og/eða útiloki aðkomu kvenna að sögusviðinu, almannasviðinu. Kenningaramminn um aðskilin svið er hins vegar hjálplegt verkfæri í greiningu minni á þeim hugmyndum um störf kvenna og karla, sem voru ríkjandi á síðari hluta 20. aldar.[60] Hann nýttist ekki síst við greiningu mína á sjálfsmyndum ráðskvenna, á ólíkum starfssviðum kynjanna á sveitabæjunum – sem og við greiningu á ólíkum starfsvettvangi ráðskvenna, en sé tekið mið af kenningarammanum starfa ráðskonur á sveitabæjum á einkasviðinu en ráðskonur hjá opinberum stofnunum á almannasviðinu.

#### *1.3.1.4. Hugtök úr minningafræðunum*

Mikilvægt var að styðjast við hugtök úr minningafræðunum við greiningu á upplýsingum sem viðmælendur bjuggu að (e. *embodied*) og komu fram í frásögnum þeirra. Þannig var með góðu móti hægt að kanna áhrif ákveðinna þátta á minnisgeymd ráðskvennanna.

Rannsókn mín grundvallast á einstaklingsminningum/persónulegu minni (e. *first-hand memory*) viðmælenda sem byggir á skynjun þeirra af „sannanlegri eigin reynslu“ og af umhverfisþáttum.[61] Persónulegum minningum ráðskvennanna er ætlað að fylla upp í þær eyður sem einkenna sögu íslenskra ráðskvenna; hvort sem þær eru til komnar vegna heimildarþurrðar, gleymsku eða þöggunar. Það sem ráðskonurnar mundu er sum sé meginefnisviður rannsóknarinnar; þeirra eigin minningar af ráðskonustarfinu.

Á hinn bóginn notaðist ég við hið víðfema hugtak sameiginlegt minni (e. *collective memory*), sem felur í sér sameiginlegan skilning fólks á atburðum og reynslu.[62] Minni einstaklings endurspeglar ekki aðeins hann sjálfan, heldur líka umhverfi hans og tilheyrandi táknkerfi þess.[63] Hér er um að ræða hugtak sem hefur í gegnum tíðina tekið ýmsum breytingum, þvert á fræðasvið. Franski félagsfræðingurinn Maurice Halbwachs (1877–1945) var fyrstur manna til að móta hugtakið sameiginlegt minni, með því að „greina það frá öðrum fyrirbærum, einkum frá hinu hversdagslega einstaklingsminni annars vegar og sögu og sagnfræði hins vegar.“[64] Líkt og einstaklingsminnið sem vitnar um þróun fortíðarinnar í hugum manna, þá vitnar sameiginlega minnið um minningar millum kynslóða.[65] Hér styðst

---

[60] Sjá umfjöllun um hugmyndir um störf kynjanna í íslensku þjóðfélagi á síðari hluta 20. aldar í Olga Guðrún Árnadóttir, ritstj., *Á rauðum* sokkum; Sigríður Þorgeirsdóttir og Kristín Björnsdóttir, „Velferðarþjónusta á tímamótum.“

[61] Um persónulegar minningar í tengslum við skynjuna sjá Krzysztof Pomian, „Sur l´historie,“ 271–272. Þorsteinn Helgason notast við orðasambandið „sannanleg eigin reynsla“ í „Minning sem félagslegt fyrirbæri: Fyrri hluti,“ 61–62.

[62] John Tosh, *The Pursuit of History,* 304–314.

[63] *Lbs.-Hbs.* Þorsteinn Helgason, Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins, 43.

[64] *Vef.* Maurice Halbwachs, *La mémoire collective*, 26; Þorsteinn Helgason, „Minning sem félagslegt fyrirbæri: Fyrri hluti,“ 72–74.

[65] Maurice Halbwachs, *Das Gedächtnis und seine sozialen Bedingungen*. Sjá einnig Tosh, *The Pursuit of History,* 304–314.

ég sér í lagi við hugtak Maurice Halbwachs, samskiptaminni (e. *communicative memory*), sem er í forgrunni í þessari rannsókn. Í þeim efnum horfi ég hvað helst til skilgreiningar þýska fræðimannsins Jan Assman á samskiptaminninu sem og til skilgreiningar/mótunar hans á hugtakinu menningarminni (e. *cultural memory*) sem hann aðgreinir frá samskiptaminninu – en bæði hugtökin heyra undir sameiginlega minnið. Assman segir menningarminni (menning sem minni) vera ígildi stofnunar; minni sem endurnýjar sig kynslóð eftir kynslóð, s.s. í formi minnisvarða.[66] Hugtakið samskiptaminni tekur hins vegar til minninga sem tengjast ekki þekkingu sem á rætur að rekja til stofnana og afleidds lærdóms. Samskiptaminnið byggir á „hversdagslegum afskiptum og samskiptum, og sökum þess hefur það skamman líftíma sem vanalega nær um það bil áttatíu ár aftur í tímann, sem svarar til tímaramma þriggja kynslóða," samkvæmt Assman.[67] Hér er um að ræða nýliðna fortíð sem fólk deilir með sínum samferðamönnum, en ætli fólk að miðla minningum sem teygja sig lengra aftur í tímann fer það fljótlega að seilast í sarp menningarminnisins, s.s. í lærdóm skólabókanna.[68] Þorsteinn Helgason, sem rannsakað hefur áhrif minnis á sagnfræðina og söguna, segir að munnleg saga sé „tilvalinn vettvangur fyrir þetta minni því með aðferðum hennar komi einkenni þess fram." [69] Hugtökin samskiptaminni og menningarminni voru gagnleg í greiningu minni á minningum ráðskvennanna af efniviði á borð við sveitalífið, ráðskonuhlutverkið og samskipti kynjanna á síðari hluta 20. aldar.

Í rannsókninni var lítillega stuðst við kyngervishugtakið við greiningu á minnisgeymd viðmælendanna. Rannsóknir benda til þess að kynferði hafi lítil eða engin áhrif á minni kynjanna.[70] Fræðimenn á borð við Lynn Abrams hafa þó bent á að félagslega mótuð kynhlutverk hafi áhrif á það hvað konur og karlar skrásetja í minni sér, þ.e. hvað kynin *muna*. Því til rökstuðnings segir Abrams að konur hneygist frekar til þess að muna atriði tengd heimilishaldi og fjölskyldulífi, sökum ábyrgðar sinnar á þeim vettvangi.[71] Enda þótt kynferði hafi almennt ekki merkjanleg áhrif á minni einstaklinga er þekkt að kyn hefur afgerandi áhrif á sögulegt minni. Rannsóknir sýna enn fremur að kyngervi hefur áhrif á frásagnaraðferðir og sagnaritun kvenna og karla, líkt og komið er inn á síðar í kaflanum.[72]

---

[66] Jan Assman, „Communicative and Cultural Memory," 18–19, 22.

[67] Assman, „Communicative and Cultural Memory," 111.

[68] Assman, „Communicative and Cultural Memory," 19; Vansina, *Oral tradition as history*.

[69] *Lbs.-Hbs.* Þorsteinn Helgason, Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins, 65; sami, „Minning sem félagslegt fyrirbæri: Fyrri hluti," 82–83. Assman, „Communicative and Cultural Memory," 19.

[70] Crawford, „Gender and beliefs about memory," 391–392, 397–398; Ely og McCabe, „Gender Differences in Memories for Speech," 18.

[71] Abrams, *Oral History Theory*, 78–79

[72] Abrams, *Oral History Theory*, 106. Ragnhildur Richter fjallar um áhrif kyngervis á frásagnir kvenna í *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*. Einnig má benda á umfjöllun mína um kynlæg frásagnarform með hliðsjón af sagnfræðiviðtalinu. *Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, 31–32. Aukinheldur má benda á gagnrýni Sigurðar Gylfa Magnússonar á tilgátuna um að það sé munur á frásögnum kvenna og karla í Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*, 238–248.

## 1.4. Meginheimildir

### 1.4.1. Ritaðar heimildir

Vinna kvenna á Íslandi er samofin sögu lands og þjóðar, en engu að síður ber lítið á frásögnum er varða þá vinnu í sögunni, ekki síst í landbúnaðarsögunni.[73] Störf ráðskvenna eru engin undantekning frá því. Lítið hefur verið ritað um ráðskonustarfið og í reynd heyrir til algjörra undantekninga að finna heimild þar sem ráðskonustarfið er meginumfjöllunarefnið.[74] Spyrja má hvort önnur eins vöntun á heimildum um fjölmenna atvinnustétt sem hefur verið starfandi öldum saman eigi sér hliðstæðu í Íslandssögunni. Auk þessa hefur saga ráðskvenna, á Íslandi sem og utan landsteinanna, nær ekkert verið rannsökuð þrátt fyrir að kvennastörf séu eitt helsta viðfangsefni kvennasögunnar.[75]

Því þarf engan að undra þó ég hafi í upphafi þessarar rannsóknar haft mjög óljósar hugmyndir um ráðskvennastéttina. Í yfirferð minni á rituðum heimildum um ráðskonur á síðari hluta 20. aldar var tvennt sem öðru fremur var til trafala. Annars vegar var það skortur á heimildum og hins vegar það hve tiltækar heimildir um ráðskonur eru oft takmarkaðar og óljósar varðandi störf og félagslega stöðu þeirra. Af því leiddi að ritheimildirnar vöktu oft upp fleiri spurningar en svör. Það þýðir þó ekki að þær hafi ekki gefið ákveðna mynd af starfi og aðstæðum ráðskvenna á Íslandi.

Jafnvel þó að megináherslan sé lögð á munnlegar heimildir útheimti rannsóknin einnig umfangsmikla yfirferð á rituðum heimildum, af fjölbreyttum toga. Á meðal þeirra eru opinber gögn eins og manntöl, skýrslur Búnaðarfélags Íslands og dómsskjöl, s.s. dómsuppkvaðningar þar sem kröfur eru gerðar til ráðskonulauna. Einnig var stuðst við spurningalista Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands og heimildir í gagnasafninu Ísmús. Aukinheldur var notast við töluleg gögn sem tekin hafa verið saman í ritunum *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland* og *Hagvöxtur og iðnvæðing: Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870–1945* og á vefsvæði Hagstofu Íslands. Samband var haft við héraðsskjalasöfn víða um land til að afla heimilda og skilaði það nokkru af heimildum um ráðskonur á fyrri hluta 20. aldar, svo sem sendibréfum, yfirlitum yfir dánarbú, ljósmyndum og ljóðum. Þar að auki er notast við prentaðar heimildir á borð við endurminningar og auglýsingar þar sem óskað var eftir ráðskonu/ráðskonustöðu og fleiri heimildir. Þótt ekki sé um sagnfræðilega heimild að

[73] Anna Sigurðardóttir hefur fjallað um heimildanauð í tengslum við störf kvenna á Íslandi. Anna segir að helstu heimildir um störf kvenna á Íslandi birtist yfirleitt í framhjáhlaupi í frásögnum sem fjalla um annað efni og nefnir þar sem dæmi slysafréttir í annálum. Sjá Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, 222–223.

[74] Engu minni launung hvíldi yfir starfi ráðskvenna í þéttbýli en starfi ráðskvenna í dreifbýli þegar ég hóf þessa rannsókn. Ritaðar heimildir geyma lítinn fróðleik um störf ráðskvenna í þorpum, bæjum og borg hérlendis. Auk þess leiddu viðtöl og samtöl mín í ljós að fólk bjó almennt að mun minni fróðleik um ráðskonur í þéttbýli heldur en um ráðskonur í sveit.

[75] Margrét Guðmundsdóttir, „Landnám kvennasögunnar,“ 240. Margrét segir að ekkert efni hafi verið jafn mikið rannsakað og störf kvenna. Hún segir enn fremur að fyrst hafi verið mun meiri áhersla lögð á rannsóknir á ófaglærðum stéttum en um miðjan 8. áratuginn hafi skrif um faglærðar stéttir kvenna farið að færast í aukana.

ræða vísa ég reglulega til skáldsögu Snjólaugar Bragadóttur, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn* frá árinu 1973, sem gefur ákveðna sýn á sögu ráðskvenna frá þeim tíma sem hún kom út.[76] Samhljóm var að finna í skáldsögunni og frásögnum ráðskvennanna sem ég tók viðtöl við – en mikill meirihluti viðmælendanna hafði þó ekki lesið bókina.

### 1.4.2. Viðtöl

Rituðu heimildirnar veittu gagnlega innsýn í ráðskonustarfið en þar vantaði heildarfrásögnina, og síðast en ekki síst vantaði iðulega sjónarhorn ráðskvennanna sjálfra. Í ljósi þessa var það mikilvægur hluti rannsóknarinnar að búa til nýjar heimildir um sögu ráðskvenna 1950–2000 með því að taka viðtöl við fyrrum ráðskonur um líf þeirra og störf. Tilgangurinn með þeirri viðtalsvinnu var að fá fram heildstæða mynd af þessari starfsstétt kvenna.

Markmið viðtalsvinnu minnar fólst í því að afla, greina og setja fram grunnupplýsingar um hvernig ráðskonustarfinu var háttað á sveitaheimilum fyrir tímabilið 1950–2000. Allt í allt voru tekin 58 viðtöl fyrir rannsóknina. Af þeim viðtölum eru 41 viðtal við konur er störfuðu sem ráðskonur á 72 sveitaheimilum um lengri eða skemmri tíma á þessu tímabili. Stöðluð viðtöl við þessar konur gerðu kleift að kortleggja starfsskyldur ráðskvenna og samfélagslega stöðu þeirra, þ.m.t. stöðu þeirra í aðdraganda þess að þær réðu sig sem ráðskonur. Fyrrum ráðskonur eru því helsti heimildagjafi rannsóknarinnar. Viðtölin voru tekin á árabilinu 2018–2021.

Ráðskonurnar sem miðluðu reynslu sinni í viðtölunum voru flestallar aldraðar á þeim tíma sem rannsóknin var unnin. Það undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að sögur þeirra væru skrásettar, svo forða mætti þeim upplýsingum frá glötun. Með því móti var hægt að tryggja að saga ráðskvenna verði kunn og aðgengileg til framtíðar litið. Elsti viðmælandinn var fæddur árið 1931 og sá yngsti árið 1969. Aldur ráðskvennanna er til frekari umfjöllunar í 3. kafla þar sem m.a. er að finna yfirlit yfir það á hvaða aldursbili ráðskonurnar voru þegar þær hófu störf sem ráðskonur.

Til þess að fá fram frekari upplýsingar um starfið tók ég einnig 17 viðtöl við aðila sem höfðu reynslu eða innsýn í stöðu og störf ráðskvenna. Af þeim viðtölum má nefna fjögur viðtöl við konur sem sinntu ráðskonustörfum á opinberum vettvangi. Að auki tók ég þrjú viðtöl við karla sem störfuðu í vegavinnuflokkum þar sem ráðskonur voru við störf. Markmið þeirra viðtala var að fá samanburð á skyldum og kjörum ráðskvenna í sveit og þeirra sem störfuðu á öðrum vettvangi. Þannig fékkst gleggri sýn á störf ráðskvenna á sveitaheimilum.[77] Þar á ofan tók ég viðtal við fyrrum

[76] Snjólaug Bragadóttir var metsöluhöfundur sem skrifaði rómantískar ástarsögur.

[77] Viðtöl voru tekin við fjórar ráðskonur sem störfuðu á opinberum vettvangi, þ.e. ráðskonu sem starfaði í skólamötuneyti; ráðskonu sem matreiddi bæði fyrir vegavinnuflokka og sjómenn í verbúð; ráðskonu í virkjun; og ráðskonu í mötuneyti í frystihúsi. Af þessum fjórum viðtölum mínum við fyrrum ráðskonur á opinberum vettvangi voru tvö þeirra kvikmynduð og hljóðrituð og hin tvö rituð niður, án þess að vera skrásett með hljóði eða í mynd. Ég tók einnig þrjú viðtöl við karla sem störfuðu í vegavinnuflokkum þar sem ráðskonur störfuðu (tvö símaviðtöl og eitt vettvangsviðtal). Til viðbótar við áðurnefnd viðtöl nýtast gögn frá níu viðtölum mínum við ráðskonur sem störfuðu á sveitaheimilum,

kaupakonu til þess að fá samanburð með sama hætti á ráðskonustarfinu og kaupakonustarfinu, sem var algengt kvennastarf í sveitum á 20. öldinni.[78] Eins tók ég þrjú viðtöl við uppkomin börn ráðskvenna, til að fá innsýn í upplifun þess hóps.[79]

Viðtalsformið gerði mér einnig kleift að sækja vitneskju frá margfróðum einstaklingum, en auk þeirra viðtala sem skiluðu grunngögnunum fyrir rannsóknina tók ég viðtöl við einn sagnfræðing og tvo alþýðufræðara, sem bjuggu yfir mikilvægri þekkingu sem nýttist í rannsókninni. Í þessu efni sem öðrum er reyndin sú að þorri þekkingar lifir hverju sinni einvörðungu í hugum manna. Með því að taka viðtöl við umræddar konur gat ég aflað gagna er byggðu á sjónarhorni kvenna sem voru fjölfróðar um stöðu kvenna í sveitum á þeim tíma sem rannsóknin tekur til.[80] Ég tók viðtal við Sigríði Th. Erlendsdóttur (f. 1930) um rannsóknir hennar á vinnukonustarfinu, sem áður segir.[81] Einnig tók ég viðtal við Ágústu Þorkelsdóttur (f. 1944), bónda á Refsstað, sem barist hefur fyrir bættum réttindum kvenna í bændastétt. Ágústa hefur m.a. skrifað greinar um stöðu kvenna í dreifbýli og veitt sjónvarpsviðtöl er varða það efni. Ágústa sá líka um útgáfu og þýðingu á norsku bókinni *Við þorum, viljum, getum: Upplýsinga- og fræðslurit fyrir konur í dreifbýli* árið 1991, sem stuðst er við í þessari rannsókn. Fyrrum bóndinn og rithöfundurinn Guðríður B. Helgadóttir (1921–2019) var líka til viðtals við mig, en hún skrifaði bækurnar *Þessi kona* og *Þessi kona á tíunda áratugnum* þar sem fjallað er um stöðu kvenna í dreifbýli (1. tafla).

Auk viðtalanna er einnig vísað til samtala sem ég hef átt við fólk sem hefur orðið á vegi mínum, um líf og störf ráðskvenna.

| **Viðmælendur** | | **Reynsla viðmælenda af tilgreindum störfum** | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hópar** | **Fjöldi** | **Ráðskonur á opinberum vettvangi** (fjöldi) | **Ráðskonur í þéttbýli** (fjöldi) | **Vinnu- og/eða kaupakonur** (fjöldi) |
| **Ráðskonur í sveit** | 41 | 9 | 8 | 15 |
| **Ráðskonur á opinberum vettvangi** | 4 | | | |
| **Vegavinnumenn** | 3 | | | |
| **Kaupakonur** | 1 | | 1 | |
| **Uppkomin börn ráðskvenna** | 3 | | | |
| **Aðilar er þekktu til ráðskvenna** | 6 | | | |
| ***Samtals =*** | *58* | | | |

**Tafla 1.** Yfirlit yfir viðmælendur rannsóknarinnar með hliðsjón af störfum/stöðu þeirra.

sem ræddu einnig ráðskonustörf sín á opinberum vettvangi. Viðtalsvinnan aflaði líka gagna um ráðskonustarfið í þéttbýli. Þar nýttust viðtöl mín við átta konur sem höfðu starfað sem ráðskonur í sveit og tjáðu sig um ráðskonuvist sína í þéttbýli. Viðtöl voru einnig tekin við einstaklinga sem bjuggu að fróðleik um ráðskonur í sveit.

[78] Viðtöl mín við ráðskonur á sveitaheimilum gáfu líka upplýsingar um vinnukonu- og kaupakonustarfið, í ljósi þess að margar þeirra höfðu sinnt þeim störfum áður en þær gerðust ráðskonur, n.t.t. 15 kvennanna.

[79] Einnig nýttust tvö viðtöl mín við ráðskonur sem fóru með mæðrum sínum í ráðskonuvist eða ólust upp á heimilum þar sem ráðskona sinnti búsforráðum.

[80] Viðtöl mín við aðila sem höfðu sérþekkingu á efni rannsóknarinnar hljóðritaði ég og kvikmyndaði.

[81] Fjallað er um skrif Sigríðar Th. Erlendsdóttur í inngangskaflanum þar sem gerð er grein fyrir heimildum rannsóknarinnar.

## 1.5. Aðferðafræði

Rannsóknin er í anda félagssögunnar, nánar tiltekið hinnar nýju félagssögu, sem tekur mið af aðferðum og kenningum félagsvísindanna. [82] Loftur Guttormsson sagnfræðingur segir nýju félagssöguna einkennast af áherslum sagnfræðinga á:

> áhrif hlutstæðra efnahagslegra og félagslegra formgerða á lífsskilyrði og atferli tiltekinna þjóðfélagshópa, m.a. á sviði einkalífsins... Gjarnan var sóst eftir að kanna viðfangsefnið frá sjónarhóli ólíkra staðfélaga eða þjóðfélagshópa. Með slíkum aðferðum mátti varpa ljósi á lífsferli fólks í ákveðnu staðfélagi frá vöggu til grafar og kortleggja hátterni þess í tilliti til barneigna, hjúskapar og heimilishátta sem og eftir ólíkum æviskeiðum. Þær hentuðu jafnframt vel til þess að auðkenna stöðu tiltekinna aldurs- eða félagshópa í samfélagsgerðinni, t.d. barna, kvenna, ekkna, vinnuhjúa og gamalmenna.[83]

Rannsókn mín á ráðskonum í sveit á sér hliðstæður á meðal rannsókna hérlendis. Árabilið 1980–1995 var gróskutímabil í rannsóknum hinnar nýju félagssögu, þar sem eitt meginviðfangsefnið var saga „vinnuhjúa, fátækra, sveitarómaga, ekkna og aldraðra.“[84] Dæmi um hérlenda rannsókn á félagshópi og aðstæðum hans, er fyrrnefnd rannsókn Guðmundar Jónssonar sagnfræðings frá 1981, á störfum og félagslegri og efnahagslegri stöðu vinnuhjúa á 19. öld.[85]

Aðferðafræðilega hvílir rannsókn mín á tveimur kenningarömmum. Annars vegar á kenningum og rannsóknum á sviði kvenna- og kynjasögu, þar sem nefnt hugtak kyngervi gegnir ákveðnu lykilhlutverki í rannsókninni, einkum er lýtur að umfjöllun um stöðu kvenna sem sinntu heimilisstörfum. Hin undirstaða rannsóknarinnar í kenningarlegu tilliti felst í kenningum og rannsóknum á sviði munnlegrar sögu, einkum femínískrar munnlegrar sögu sem er ákveðinn burðarás rannsóknarinnar.

### 1.5.1. Munnleg saga

Munnleg saga er sagnfræði sem byggir á því sem nefnt hefur verið sagnfræðiviðtal (e. *oral history interview*).[86] Hér er um að ræða stórt og vaxandi rannsóknarsvið um allan heim, sem felur í sér að skrá munnlega vitnisburði, greina þá og miðla þeim. Munnleg saga hefur notið góðs af framþróun á fræðasviðum á borð við mannfræði, minningafræði, félagsfræði, bókmenntafræði, málfræði, þjóðfræði og sálfræði.

[82] Loftur Guttormsson, „Rannsóknir á félagssögu 19. og 20. aldar,“ 150.

[83] Loftur Guttormsson, „Rannsóknir á félagssögu 19. og 20. aldar,“ 150–151.

[84] Loftur Guttormsson, „Rannsóknir á félagssögu 19. og 20. aldar,“ 152.

[85] Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld.* Af öðrum íslenskum rannsóknum í félagssögu er fjalla um kjör vinnuhjúa má nefna: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag: Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar; Lbs.-Hbs.* Sölvi Sveinsson, „Um þurfamenn og vinnuhjú í Skagafirði 1870–1900.“

[86] Þýðing höfundar á hugtakinu „oral history interview.“

Aukinheldur hefur aðferðafræðin einnig mótast af ýmsum þeim áherslum sem hafa rutt sér til rúms á þeim fræðasviðum, þ.m.t. femínískum áherslum.[87]

Munnleg saga sem rannsóknarsvið á rætur sínar að rekja til bandaríska sagnfræðingsins Allan Nevins sem rétt undir miðja 20. öld skrásetti og varðveitti fyrstur manna munnlegar frásagnir á kerfisbundinn hátt til seinni tíma notkunar.[88] Munnleg saga hóf síðan innreið sína á sviði sagnfræðinnar í öðrum vestrænum löndum á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Þessi rannsóknarnálgun í sagnfræði dró dám af félagssögurannsóknum af sama meiði – og naut þess að á þessum upphafstíma munnlegrar sögu voru betri upptökutæki að koma fram og þá helst segulbandstækið.[89]

Allan Nevins skrásetti fyrst og fremst frásagnir af einstaklingum í efri lögum samfélagsins,[90] en þegar leið á síðari hluta 20. aldar átti munnleg saga einnig eftir að hafa mikil áhrif á rannsóknir á sögu jaðarhópa sem höfðu að miklu leyti verið afskiptir í rituðum heimildum.[91] Á 7. áratugnum var til að mynda farið að notast við aðferðir munnlegrar sögu af krafti í rannsóknum á sögu frumbyggja og sögu svartra í Bandaríkjunum. Aðferðafræðin var síðan innleidd í kvennasögurannsóknir á 8. áratugnum.[92]

Sagnfræðingar sem nýta aðferðina munnlega sögu, má kalla sagnaritara munnlegrar sögu. Þeir aðilar afla upplýsinga með viðtölum, vinna þær og miðla. Gjarnan er vísað til sérkunnáttu fræðimanna á sviði munnlegrar sögu með því að vitna til þeirra sem sérfræðinga í munnlegri sögu – sem útleggst á ensku sem *oral historians*. Í ljósi þess að engin tiltæk þýðing er til á umræddu starfsheiti styðst ég við eigin þýðingu á enska heitinu *oral historian* í ritgerðinni, sem hér útleggst sem viðtalssagnfræðingur.

Mikilvægt er að geta þess, að þó svo að munnleg saga og tilheyrandi hljóðskráð viðtöl séu tiltölulega ný aðferðafræði innan sagnfræðinnar er „munnleg saga eins gömul og sagan sjálf."[93] Munnleg saga spannar sögu sagnfræðinnar allt frá verkum sagnaritarans og Forn-Grikkjans Heródótusar, sem áleit munnlegar frásagnir sjónarvotta mikilvægar heimildir, til rannsókna áhrifamikilla sagnfræðinga síðustu alda.[94] Notkun munnlegra frásagna sem heimilda við söguritun á Íslandi var stunduð

[87] Gluck og Patai, „Introduction," 3. Inngangskafli bókarinnar *Women´s Words.* Sjá líka Tosh, *The Pursuit of History,* 325. Þar segir Tosh að nútímaþróun munnlegrar sögu grundvallist á aðferðum mannfræðinnar og félagsfræðinnar.

[88] Einnig ber að geta áhrifa Chicago-skólans. Árið 1920 hófu félagsráðgjafar að rannsaka samband spyrla og viðmælenda til að hámarka gagnsemi viðtala við skjólstæðinga. Sjá Lee, „Interviewing, social work, and Chicago sociology in the 1920s."

[89] Thompson, *The Voice of the Past,* 20.

[90] Thompson, *The Voice of the Past,* 64. Víðtækari áhuga á skrásetningu lífsferilssagna með viðtölum í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar, má rekja til aukningar á skráningum ævisagna (e. *life-history movement*) í Póllandi á millistríðsárunum. Sjá Thompson, *The Voice of the Past,* 18; sami, „The Humanistic Tradition and Histories in Poland."

[91] Thompson, Bennett og Cross, *Listening for a Change,* 1.

[92] Thompson, *The Voice of the Past,* 64.

[93] Thompson, *The Voice of the Past,* 25.

[94] Hér má sérstaklega benda á skrif sagnfræðingsins Beatrice Webb sem studdist við viðtöl í sagnfræðirannsóknum sínum og fjallaði um viðtalstækni og greiningu viðtala í bók sinni frá árinu 1926.

frá öndverðu, líkt og fornsögurnar eru til vitnis um.[95] Fræðimenn á borð við Guðrúnu P. Helgadóttur og Helgu Kress hafa bent á að konur hafi gegnt mikilvægu hlutverki hvað varðar sköpun og varðveislu munnlegrar þekkingar/skáldskaparlistar fyrr á öldum, ekki síst áður en ritöld gekk í garð: „Enginn efast um hlut kvenna í varðveizlu og flutningi hins dýra arfs milli kynslóðanna. Á öllum öðrum tímum bera konur skarðan hlut frá borði,“ skrifar Guðrún.[96]

Munnleg saga hefur notið vaxandi hylli sem aðferðafræði í sagnfræðirannsóknum í Evrópu sem og í Ameríku í hartnær sjötíu ár. Með réttu má segja að sá aukni kraftur sem nú hefur færst í notkun munnlegrar sögu erlendis á síðustu árum sýni einn og sér hve sú aðferðafræði skapar mikla möguleika í sagnfræðirannsóknum. En jafnvel þótt notkun aðferða munnlegrar sögu hafi vaxið mikið hefur hún á sama tíma átt erfitt uppdráttar vegna ákveðinnar mótstöðu sem enn gætir að hluta til á meðal sagnfræðinga við því að nýta sér hana. Á sama tíma hafa munnlegar heimildir mun sterkari stöðu í félagsvísindum, til dæmis í félagsfræði og mannfræði.[97] Sú skoðun margra sagnfræðinga að ákveðinn tími þurfi að líða áður en atburður verði „saga“ og þar með gilt rannsóknarefni, hefur haft áhrif á viðmót sagnfræðinga til samtímafrásagna.[98] Einnig hefur hér áhrif almennt áhugaleysi sagnfræðinga á munnlegri sögu, sem má rekja til þeirrar lífseigu skoðunar að munnlegar heimildir séu ekki eins áreiðanlegar og ritaðar heimildir því þær reiði sig á minnið (e. *memory*)[99] – enda þótt ritaðar heimildir séu gjarnan byggðar á munnlegum heimildum, og um leið byggja þær einnig á minningum og hæfileikanum til að muna. Sagnfæðingurinn Jón Guðnason, sem tók upp fjölda viðtala á segulbönd á sínum ferli, fjallaði um kosti þess að notast við munnlegar heimildir í sagnfræðilegum rannsóknum í grein sinni „Um munnlegar heimildir“ frá 1989. Þar segir að nálægð við rannsóknarefnið sem skapast af viðtalsvinnu sé til bóta í sagnfræðirannsóknum og að skrásetning viðtala geri sagnfræðingum kleift að smíða heimildir sem vöntun er á.[100]

Notkun á munnlegum heimildum hefur tíðkast hér á landi í aldaraðir, eins og áður segir; allt frá Íslendingasögunum til héraðssagna og þjóðháttalýsinga í

Sjá Beatrice Webb, *My Apprenticeship*. Einnig má benda á ítarlega umfjöllun Thompson um fyrri alda sagnfræðinga sem notuðust við munnlegar heimildir í rannsóknum sínum, sjá Thompson, *The Voice of the Past*, 25–80. Sjá einnig Tosh, *The Pursuit of History*, 314–315.

[95] Sjá til að mynda rannsóknir bókmenntafræðingsins Gísla Sigurðssonar á munnlegri frásagnarhefð á miðöldum, til að mynda doktorsrannsókn hans, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar*.

[96] Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda*, 1. bindi, 12. Sjá líka Helga Kress, *Máttugar meyjar*, 13; sama, *Stúlka*, 19; Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, 19 og 82.

[97] Abrams, *Myth and Materiality in a Woman´s World*, 18; Thompson, *The Voice of the Past*, 127; Sheftel og Zembrzycki, *Oral history off the Record*, kindle útg. Inngangskafli. 9. málsgrein.

[98] Um það hefur verið fjallað af fræðimönnum á sviði samtímasögu. Sjá Ash, *History of the Present*, xv og xiv.

[99] Þorsteinn Helgason sagnfræðingur segir að hugtakið *memory* hafi: „tvö heiti á íslensku, minni og minningu. *Minni er* tækið eða hæfileikinn til að muna en *minning* er það sem eftir stendur, misjafnlega varanlega, í huganum.“ Þorsteinn Helgason, „Minning sem félagslegt fyrirbæri: Fyrri hluti,“ 60. Sjá líka *Lbs.-Hbs.* Þorsteinn Helgason, Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins, 43.

[100] Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir,“ 9.

samtímanum.[101] Sagnfræðingar á Íslandi hafa notast við munnlegar heimildir (hljóðupptökur/afrituð viðtöl) í rannsóknum sínum, sem finna má í söfnum á borð við gagnasafnið Ísmús, spurningaskrár Þjóðháttasafns Íslands og Miðstöð munnlegrar sögu sem sérhæfir sig í söfnun og varðveislu munnlegra heimilda, en starfsemi þeirrar miðstöðvar hófst árið 2007.[102]

Aðferðin munnleg saga, með tilheyrandi upptöku, afritun og greiningu viðtals, hefur lítið verið notuð á meðal íslenskra sagnfræðinga. Þessi sagnaritun munnlegra heimilda með þeirri úrvinnslu og miðlun sem í henni felst, er sérlega gott verkfæri. Af hérlendum fyrirliggjandi rannsóknum sem byggja á munnlegri sögu má nefna doktorsrannsókn Írisar Ellenberger um danska innflytjendur á Íslandi 1900–1979.[103] Íris notar þar að mestu ritaðar heimildir en leggur einnig út frá viðtölum sem hún tók við Dani sem voru búsettir á Íslandi frá síðari heimsstyrjöldinni til ársins 1970.[104] Einnig má nefna M.A.-ritgerð Margrétar Helgadóttur sagnfræðings á samfélagslegu hlutverki húsmæðra, en hún byggir á viðtölum Margrétar við konur sem voru húsmæður á tímabilinu 1945–1965.[105] Sjálf hef ég lagt lóð á vogarskálar munnlegrar sögu í sagnfræðirannsóknum með rannsóknum á sviði kvennasögu þar sem jafnframt er fjallað um notagildi munnlegrar sögu í sagnfræðilegum rannsóknum. Áhuga minn á að skrá, greina og miðla munnlegri sögu má rekja aftur til bakkalárnáms míns í sagnfræði þegar ég fjallaði í B.A.-ritgerð minni um aðferðir munnlegrar sögu út frá reynslu minni af því að afla upplýsinga með þeirri aðferðafræði um ævi förukonunnar Vigdísar Ingvadóttur (1864–1957). Í meistaranámi mínu í sagnfræði studdist ég enn á ný við aðferðir munnlegrar sögu, nú í athugun minni á starfssemi félagasamtaka kvenna í samtímanum. Í því verkefni var markmiðið að gera grein fyrir notagildi munnlegrar sögu í rannsóknum á samtímasögu kvenna. Í kjölfarið skrifaði ég bók um förukonur og einsetukonur á Íslandi sem byggir að miklu leyti á aðferðum munnlegrar

[101] Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur og fyrsti fasti starfsmaður Miðstöðvar munnlegrar sögu gerði stutta og góða samantekt á munnlegri hefð á Íslandi fyrr á tíðum sem og á notkun sagnfræðinga á aðferðum munnlegrar sögu í seinni tíð. Unnur María Bergsveinsdóttir, „Oral Tradition and Oral History in Iceland from Settlement to Present day.“ Sjá einnig Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir“; Ragnhildur Vigfúsdóttur, „„Slökktu á bandinu“: Siðferðisleg vandamál við notkun munnlegra heimilda“; Sigrún Sigurðardóttir, „Að bera kennsl á hið óvænta”; Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar,* 164; sami, *Sjálfssögur,* 332–333.

[102] Miðstöð munnlegrar sögu tilheyrir Hljóð- og myndsafni Landsbókasafns Íslands. Sjá *Skýrsla um undirbúning að stofnun Miðstöðvar munnlegrar sögu,* 7–9. Af öðrum hérlendum stofnunum sem safna munnlegum heimildum má nefna Ríkisútvarpið, Landsbókasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Kvikmyndasafn Íslands. Sagnfræðingar sem vinna með samtímasögu treysta þar að auki gjarnan á samtöl við heimildarmenn sína, svo sem rannsóknir sagnfræðinganna Vals Ingimundarsonar og Guðna Th. Jóhannessonar eru dæmi um.

[103] *Lbs.-Hbs.* Íris Ellenberger, Danskir innflytjendur á Íslandi 1900–1970: Félagsleg staða, samþætting og þverþjóðleiki.

[104] Kristín Loftsdóttir, „Andmæli við doktorsvörn Írisar Ellenberger,“ 143–144.

[105] *Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra: Á árunum 1945–1965.

sögu.[106] Einnig hafa birst eftir mig fjórar greinar sem fjalla um mikilvægi þess að notast við munnlega sögu til að skrásetja sögu kvenna út frá sjónarhorni kvenna.[107]

#### *1.5.1.1. Femínískar áherslur í munnlegri sögu*

> Konur neituðu að vera áfram raddlausar í sögunni, og eru nú að skapa nýja sögu – með því að hlýða á eigin raddir og eigin reynslu. Við erum að ögra hefðbundnum hugtökum sögunnar, því sem er „sögulega mikilvægt,“ og við erum að staðfesta það að okkar daglega líf er saga. Með því að notast við munnlega hefð, sem er eins gömul og minni manna, þá erum við að endurbyggja fortíð okkar.[108]

Tilvitnunin hér að ofan eru upphafsorð tímamótagreinarinnar „What´s so Special about Women: Women´s Oral history“ eftir einn þekktasta femíníska viðtalssagnfræðinginn Sherna Berger Gluck. Verk Gluck höfðu mikil áhrif á mótun munnlegrar kvennasögu sem sérstaks fagsviðs, sem kallast bæði munnleg kvennasaga (e. *women´s oral history*) og femínísk munnleg saga (e. *feminist oral history*) – en þær áherslur viðhef ég í rannsókn minni. Grein Gluck birtist í sérútgáfu fræðitímaritsins *Frontiers: A Journal of Women´s Studies* frá árinu 1977, sem tileinkuð var munnlegri sögu kvenna. Hér er um að ræða fyrsta heildstæða ritið sem hverfist um viðtalstækni og munnlega sögu kvenna, en þau viðmið sem þar voru sett fram áttu um langt árabil eftir að þjóna sem leiðarvísir fyrir fræðimenn sem tóku viðtöl við konur.[109]

Sagan hefur löngum einskorðast við sjónarhorn karla og því hafa aðferðir sagnfræðinnar mótast af því sjónarhorni.[110] Munnleg saga var þar engin undantekning.[111] Stórstígar breytingar hafa orðið í sagnfræði á síðustu áratugum með auknu vægi kvenna á þeim vettvangi og munnleg saga hefur ekki farið varhluta af þeim umbreytingum. Aðferðir og kenningar munnlegrar sögu hafa þróast með

---

[106] *Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum: Rannsókn á munnlegri sögu. B.A.-ritgerð frá 2015; *Lbs.-Hbs*; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Konur eru konum bestar: Sagnfræðileg samtímarannsókn á áhrifum félagasamtaka kvenna á stöðu kvenna. M.A.-ritgerð frá 2017. Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Jaðarkvennasaga. Förukonur og einsetukonur á Ísland,* bók sem kom út á rafrænu sniði árið 2020.

[107] *Vef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Konur á vatnaskilum: Hugvekja um femíníska munnlega sögu,“ 42–57; sama, „Drifting: Feminist oral history and the study of the last female drifters in Iceland,“ 1–15; sama, „#MeToo mælt af munni fram: Kynbundið ofbeldi gegn ráðskonum í sveit á síðari hluta 20. aldar,“ 85–101. Sjá einnig *Vef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Documenting Tears,“ sem birtist á vefsíðu tímaritsins *Oral History Review*.

[108] Gluck, „What´s so Special about Women?,“ 3.

[109] Gluck og Patai, „Introduction,“ 3–4. Árið 1983 kom út önnur útgáfa af *Frontiers* sem einblíndi líka á munnlega sögu kvenna. Sjá einnig Armitage o.fl, ritstj., *Women´s Oral History: The Frontiers Reader*. Útgáfa þekktasta tímaritsins um munnlega sögu, *Oral History* sem hóf göngu sína 1969, var á árunum 1977, 1982, 1993, og 2002 tileinkuð munnlegri sögu kvenna.

[110] Sjá Hall, *White, Male and Middle Class.*

[111] Gluck og Patai, „Introduction,“ 1–2.

hliðsjón af femínismanum og kvenna- og kynjasögunni frá um 1970.[112] Rannsóknir á munnlegri sögu kvenna voru þar af leiðandi pólitískar í eðli sínu, enda fylgdu þær á sinn hátt hugsjónum nýju kvennahreyfingarinnar, sem kom fram á þessum tíma. Femínískir fræðimenn fóru í auknum mæli að notast við aðferðir munnlegrar sögu í þeim tilgangi að greina kúgun kvenna og rétta hlut kvenna í sögu og samfélagi – líkt og gert hefur verið í rannsóknum á mörgum öðrum undirokuðum hópum.[113] Femínískir sagnfræðingar sáu að það var ekki nóg að auka við upplýsingar um konur í sögunni, heldur þurfti að breyta rannsóknaraðferðum sagnfræðinnar: breyta því hvernig sögur kvenna yrðu sagðar.[114] Gluck fjallaði um ákefð fræðimanna til að styðjast við umrædda aðferðafræði í kvennafræðum í öðru áhrifaríku og klassíku riti sem tekur til munnlegrar sögu kvenna, bókinni *Women´s Words: The Feminist Practice of Oral History* frá 1991.[115]

> Það er auðvelt að skilja hrifningu femínískra fræðimanna á munnlegri sögu. Konur sem notast við munnlega sögu í þeim tilgangi að endurheimta sögu kvenna og endurmeta viðtekna þekkingu um konur, líta svo á að vinna þeirra samræmist meginreglu femínískra rannsókna sem kristallast í frasanum „rannsókn gerð af, um, og fyrir konur.“[116]

Aðferðin munnleg saga grundvallast á því að skrá og greina reynslu einstaklinga út frá þeirra eigin sjónarhorni. Eini aðferðafræðilegi munurinn á munnlegri sögu og afsprengi hennar, femínískri munnlegri sögu, er sá að femínísk munnleg saga grundvallast gagngert á því að skrá og greina sögu kvenna – á grunni reynsluheims kvenna, tjáningu kvenna og á grunni sjónarhorns (e. *perspective*) kvenna. Í þeim tilgangi að aðlaga munnlega sögu að reynsluheimi og tjáningarmáta kvenna, hafa femínískir fræðimenn stuðst við margvíslegar nálganir sem runnar eru frá ýmsum fræðasviðum, líkt og gert var í þessari rannsókn. Með notkun munnlegrar sögu í rannsóknum á íslensku kvennasögunni, má réttilega segja að verið sé að skapa konum veglegra tjáningarými, í líkingu við það sem tíðkaðist forðum daga þegar munnleg hefð var ríkjandi.[117]

---

[112] Bornat og Diamond, „Women´s History and Oral History,“ 33.

[113] Bornat og Diamond, „Women´s History and Oral History,“ 21–22. Sjá líka Armitage, „The Stages of Women´s Oral History.“

[114] Hér er vitnað í grein Scott, „Feminism´s History,“ 10. Sjá kaflahlutann „Sagan frá sjónarhorni kvenna“ í bók Erlu Huldu Halldórsdóttur, *Nútímans konur*, 36 og 43–51. Sjá einnig Unnur Dís Skaftadóttir, „Áherslubreytingar í rannsóknum á kynferði,“ 223.

[115] Gluck og Patai, ritstj., *Women´s Words*. Bókin samanstendur af greinum sem skoða munnlega sögu kvenna gagnrýnum augum og og leita leiða til að betrumbæta aðferðir hennar með því að móta aðferðir sem samræmast reynsluheimi og tjáningu kvenkyns viðmælenda. Upptök bókarinnar ráku þær Gluck og Patai til lok 8. áratugarins, þegar konur úr ýmsum fræðastéttum lýstu áhuga sínum á því að aðlaga munnlega sögu að viðfangsefninu konum.

[116] Gluck og Patai, „Introduction,“ 1.

[117] Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Drifting: Feminist oral history and the study of the last female drifters in Iceland,“ 11–13.

## 1.6. Viðtalsvinnan

### 1.6.1. Öflun viðmælenda

Viðmælenda úr hópi fyrrum ráðskvenna var aflað með því að auglýsa eftir konum sem starfað höfðu sem ráðskonur í sveit í fréttablöðum sem og á fésbók. Ég óskaði líka eftir viðmælendum í útvarps- og blaðaviðtölum þar sem ég ræddi um efni rannsóknarinnar. Í raun má segja að ég hafi fetað í fótspor íslenskra bænda sem þurftu á ráðskonum að halda á næstliðinni öld, þegar ég auglýsti (nokkuð oft) eftir ráðskonum í *Bændablaðinu*. Bændurnir óskuðu reyndar eftir ráðskonum á sveitaheimili, en ég óskaði eftir ráðskonum til að skrá sögu þeirra. Í kjölfar birtinga auglýsinganna hafði hluti kvennanna sem ég tók viðtöl við sjálfur samband við mig. Sömuleiðis fékk ég ótal ábendingar um mögulega viðmælendur á meðan rannsókninni stóð. Þær ábendingar bárust símleiðis; með tölvupósti; eða í samtölum mínum við fólk um ráðskonur. Ábendingar sem mér bárust um mögulega viðmælendur voru mjög upplýsandi fyrir rannsókn mína á fleiri en eina vegu, því auk þess að fá tilvísun í mögulegan viðmælanda fylgdu gjarnan útdrættir úr ævi og ráðskonuvist viðkomandi, frá hendi þess er kom með ábendinguna. Í þeim tilvikum sem mér barst ábending um viðmælanda, hringdi ég í viðkomandi konu og spurði þá strax hvort hún hefði starfað sem ráðskona í sveit. Þá gerðist það gjarnan að orð mín voru misskilin og konurnar héldu að ég væri að leita eftir ráðskonu til starfa í sveit. Ein konan sagði mér til dæmis að hún væri bara orðin alltof gömul í starfið. Meirihluti kvennanna sem ég hafði samband við samþykkti að veita mér viðtal, en í fáeinum tilvikum vildu þær ekki láta taka viðtal við sig. Viðbrögð kvennanna við bón minni um viðtal, hvort sem þær svöruðu henni játandi eða neitandi, voru alltaf upplýsandi fyrir rannsóknina.

### 1.6.2. Skrásetning viðtalanna og viðtalstæknin

#### *1.6.2.1. Upptaka viðtalanna*

Verklegur þáttur rannsóknarinnar snerist öðru fremur um skráningar á þeim munnlegu frásögnum sem fengust með viðtölum. Þar var lagt upp með að skrá með fyrirfram ákveðnum hætti upplýsingar um ráðskonustarfið og aðra lífssögulega þætti viðmælendanna. Viðtölin tók ég flest upp, bæði hljóð og mynd, þ.e. ég kvikmyndaði viðtölin. Kvikmyndatakan, ólíkt hljóðupptökunni einni og sér, gefur rannsakandanum meiri möguleika við skráninguna.[118] Þar koma við sögu ýmsir þættir sem stilla má af, svo sem hvernig viðmælandinn er hafður inni á myndfletinum hverju sinni, stilling aðdráttar með linsu (e. *zoom*), uppsetning myndavélarbúnaðarins (e. *camera position),* skerping mynda (e. *focus*), sviðsetning (e. *staging in depth*) og fleiri þættir sem standa að baki kvikmynduninni.[119] Dæmi um það er þegar ég beindi sjónum myndavélarinnar með aðdrætti að andliti eða handahreyfingum viðmælanda á meðan þeir sögðu frá til að fanga tjáningu sem hafði vægi er þar var komið sögu í viðtölunum.

[118] *Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, 25, 61–66; *Lbs.-Hbs.* sama, Konur eru konum bestar, 21–22.
[119] Sjá t.d. bók Rudolf Arnheim, *Um kvikmyndalistina,* 188–214.

Kvikmyndanálgun rannsóknarinnar gaf einnig einstaka möguleika í greiningarvinnu á efni viðtalanna, umfram það sem skrásetningar er einvörðungu byggja á hljóðupptöku bjóða upp á. Þar kemur ýmislegt við sögu, allt frá greiningu á samspili spyrils og viðmælanda, til svipbrigða viðmælanda.

Markmið myndrænnar nálgunar í rannsókninni var fyrst og fremst að draga fram sjónarhorn kvennanna í frásögn þeirra. Upptaka viðtalsins er hluti af viðtalsforminu og því skipti miklu máli að upptökustíllinn líkt og viðtalsstíllinn tæki sérstaklega mið af viðmælandanum (þ.m.t. kyni og aldri viðmælanda). Kvikmyndanálgun rannsóknarinnar fólst einmitt í því að skrásetja með kvikmyndaupptöku: persónuleika, frásögn, útlit, en einnig húsakynni og innanstokksmuni viðmælendanna í þeim tilfellum er viðtölin voru tekin á heimili þeirra, sem oftast var raunin. Nefnd atriði gáfu mér færi á því að öðlast dýpri skilning á konunum sem ég ræddi við. Á sama tíma var ég meðvituð um áhrifin sem sjónarhorn mitt hafði á kvikmyndatökuna og um leið á kvikmyndaefnið, enda stýrist kvikmyndaupptaka, líkt og skrif, af handbragði höfundar.[120]

Femínísk nálgun við kvikmyndaupptöku og greiningu viðtalanna var nauðsynleg til að draga fram sjónarhorn viðmælendanna.[121] Ástæðan fyrir því er sú að kvikmyndaefni viðtalanna byggir fyrst og fremst á lifandi frásögnum kvenkyns viðmælenda – og konur hafa allt frá upphafi kvikmynda til dagsins í dag alla jafna verið skráðar og túlkaðar út frá sjónarhorni karla í kvikmyndum, líkt og í sögunni.[122] Undir lok 7. áratugarins hófu femínískir kvikmyndagerðarmenn að notast við heimildarmyndaformið til að miðla sögu kvenna út frá sjónarhorni kvenna, ekki síst frá lífi þeirra og störfum á heimilum.[123] Þessi kvikmyndanálgun á líf kvenna er hluti af áðurnefndri vinnu femínista við að skrá þekkingu út frá sjónarhorni kvenna. Innkoma munnlegrar sögu í rannsóknum á sögu kvenna svipar því til innkomu heimildarmynda er tóku til sögu kvenna á kvikmyndasviðinu. Í báðum tilfellum er beitt aðferðum sem storka hinu ráðandi karllæga sjónarhorni, þar eð nálgun með þessu móti gefur kost á því að skyggnast um í lífi kvenna út frá sjónarhóli kvenna.

Í upphafi viðtalsvinnu minnar bjóst ég við því að viðmælendur myndu tæplega bregðast vel við því að vera kvikmyndaðir, en sú varð ekki reyndin því meirihluti viðmælenda samþykkti kvikmyndun viðtalanna. Rannsóknin mun auk þessarar

[120] Það er ekki þarft að fjalla sérstaklega um klippingu (e. *editing*) í tengslum við skráningu og úrvinnslu á viðtölum þar sem notast er við aðferðir munnlegrar sögu. Þó má nefna að miðlun á munnlegri sögu í kvikmyndaformi felur alla jafna í sér klippingu, líkt og við gerð heimildarmynda. Við klippingu myndefnis kemur huglægni kvikmyndargerðamannsins hvað sterkast fram að mínu mati.

[121] *Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum, 66–68. Sjá grundvallarrit í tengslum við femíníska aðferðafræði í kvikmyndun: Kaplan, ritstj., *Feminism & Film*; sama, *Women and Film: Both Sides of the Camera;* sama, *Looking for the Other: Feminism, Film and the Imperial Gaze*.

[122] Sjá grundvallargrein kvikmyndafræðingsins Laura Mulvey, „Visual Pleasure and Narrative Cinema,“ 34–47. Sjá einnig greinina Cowie „Woman as Sign,“ 48–65.

[123] Thompson og Bordwell. ritstj., *Film History,* 557. Sjá einnig Bill Nichols, *Introduction to Documentary* (7. kafla). Þar fjallar Nichols, einn áhrifamesti fræðimaðurinn á sviði heimildarmynda, um femínískar áherslur í heimildarmyndagerð.

ritgerðar skila af sér heimildarmynd sem ég vinn að um sama efni. Meirihluti viðmælendanna samþykkti að viðtölin yrðu líka notuð í fyrirhugaða heimildarmynd mína um rannsóknarefnið. Það kom á daginn að konurnar reyndust líklegri til að samþykkja kvikmyndun viðtalanna þegar þeim var sagt að viðtalsefnið yrði mögulega notað í fyrirhugaða heimildarmynd mína um ráðskonur. Allt í allt samþykktu 34 ráðskonur sem störfuðu á sveitabæjum að kvikmynduð og hljóðrituð viðtöl mín við þær yrðu notuð í heimildarmynd minni um efnið.[124]

Viðtöl við fyrrum ráðskonur á sveitabæjum voru 41 að tölu. Öll þeirra utan eitt voru hljóðrituð, alls 40 viðtöl. Flest þeirra viðtala voru einnig kvikmynduð, alls 29 viðtöl.[125] Af þeim 11 viðtölum sem einvörðungu voru hljóðrituð þá voru 4 þeirra tekin upp í gegnum síma (símaviðtöl tekin upp á tímum COVID-19.)[126] Eitt viðtal rannsóknarinnar við fyrrum ráðskonu var ritað niður af höfundi meðan á því stóð, að ósk viðmælandans sem vildi ekki að viðtalið væri tekið upp. Viðtal sem einungis er ritað upp á staðnum er eins og gefur að skilja ekki eins ítarlega skráð eins og viðtal þar sem hljóð- og myndefni er tekið upp. Þegar viðtölin voru tekin var gengið skriflega frá upplýstu samþykki viðmælenda gagnvart notkun efnis viðtalanna.[127]

Mikill meirihluti viðmælenda minna í viðtölum þeim sem rannsóknin byggir á samþykkti að koma fram undir nafni, eða alls 35. Þá voru 6 viðmælendur sem kusu nafnleynd.[128] Af því 41 viðtali sem tekin voru við ráðskonur er starfað höfðu á sveitabæjum fyrir rannsóknina þá voru 39 tekin upp í heimahúsum viðmælenda.[129]

Rannsóknin grundvallaðist á eintaklingsviðtölum (e. *one-to-one interview*) við ráðskonurnar, en vegna þess að viðtölin voru iðulegast tekin upp á heimilum viðmælenda gat það gerst að fjölskyldumeðlimir, einkum eiginmenn, komu inn í viðtalið. Það gerðu þeir bæði sem óvirkir þátttakendur með því að hlusta á það sem fram fór en einnig sem virkir þátttakendur er þeir gengu inn í viðtalið með óumbeðinni þátttöku sinni í viðtalssamtalinu.[130] Slík þátttaka fjölskyldumeðlima heyrði þó til undantekninga en þegar slíkt bar við var það í reynd einungis eðlilegur hluti af því umhverfi sem viðtalið byggði á. Í einu viðtalinu var eiginmaður viðmælandans viðstaddur allan tímann meðan á viðtalinu stóð. Viðvera hans í

[124] Af þeim viðtölum sem notuð eru í heimildarmyndina um ráðskonustarfið eru 27 kvikmynduð viðtöl og sjö hljóðrituð viðtöl.

[125] Af þeim sex konum sem óskuðu nafnleyndar samþykktu þrjár konur að viðtölin við þær yrðu kvikmynduð svo að ég byggi að ríkari gögnum við greiningu viðtalanna.

[126] Nefna má að umrædd viðtöl sem tekin voru á tímum COVID-19 hefðu verið tekin á kvikmynd ef þau hefðu farið fram við aðrar kringumstæður.

[127] Í tengslum við hagnýtar leiðbeiningar er varða viðtalstækni, siðareglur, úrvinnslu o.fl. sjá: http://munnlegsaga.is

[128] Sökum þess að margir viðmælendanna störfuðu á fleiri en einum bæ sem ráðskonur birti ég ákveðnar upplýsingar undir nafnleynd enda þótt þess sé ekki krafist, s.s. lýsingar á ofbeldi sem konurnar urðu fyrir í ráðskonuvistinni. Þess ber að geta að konurnar kusu langflestar að koma fram undir nafni þegar þær lýstu slíku ofbeldi.

[129] Hér eru meðtalin símaviðtölin fjögur sem voru tekin upp á COVID-19 tímanum.

[130] Þessu tengt má nefna að í þýsku heimildarmyndinni *Eisheimat* (ísl. *Á nýjum stað*), sem fjallar um sex þýskar konur sem fluttu til Íslands til að starfa á sveitabæjum, voru makar kvennanna viðstaddir í viðtölunum.

viðtalinu reyndist þegar upp var staðið hjálpleg fyrir rannsóknina, því viðmælandinn/eiginkona hans starfaði sem ráðskona á uppeldisheimili hans.[131]

### *1.6.2.2. Viðtalsspurningar*

Viðtal er gervisamtal (e. *pseudo-conversation*) sem býr í senn yfir eiginleikum hefbundins samtals (hlýleika og persónulegum samskiptum) og þeim vísindalegu viðmiðum sem spyrillinn fylgir.[132] Í rannsókninni var notast við hálfopið lífsferilsviðtal (e. *life story interview*) sem einkennist af fyrstu persónu frásögn sem tekur sérstaklega til skoðunar umbreytingar í lífi viðmælandans. Slíkum viðtölum er yfirleitt ætlað að skila ævisögu viðmælandans í smásagnaformi.[133] Með því að styðjast við lífsferilsviðtalið var mögulegt að setja ráðskonustarfið í samhengi við ævi viðmælandans, en ráðskonuferill viðmælenda er þó einatt áhersluatriðið í viðtölunum þó svo að lífsferill viðmælenda samþættist þeim starfsferli.

Fræðimenn hafa bent á að tjáning kvenna sem tekur til sértækrar reynslu þeirra sem kvenna, sé gjarnan þögguð niður.[134] Það veldur því að konur tala síður um reynslu sína í viðtölum.[135] Við skráningu viðtalanna tók ég sérstaklega mið af skrifum fræðimanna sem taka til aðferðafræðilegra vandamála sem koma við sögu þegar viðtöl eru tekin við konur. Í þessu sambandi horfði ég sérstaklega til skrifa Kristina Minister, „A Feminist Frame for the Oral History Interview“ og skrifa Kathryn Anderson og Dana C. Jack, „Learning to listen,“ sem fjalla um leiðir til þess að hlusta á og spyrja kvenkyns viðmælendur út úr með hliðsjón af tjáningu þeirra. Anderson og Jack leggja til að spyrlar stundi tvískipta hlustun í þeim tilgangi að fanga sjónarmið kvenna: „Hvernig heyrum við veik hljóðtákn sem vitna um hugsanir og tilfinningar en eru frábrugðin hefðbundnum væntingum?“ skrifa þær Anderson og Jack.[136] Í viðtölum mínum við ráðskonurnar notaði ég umrædda tvískipta hlustun. Tvískipt hlustun tekur til ráðandi boðrásar (framsetning upplýsinga á grunni ráðandi viðhorfa) og víkjandi boðrása (þöggun eða víkjandi framsetning upplýsinga á grunni persónulegrar reynslu viðmælandans).

---

[131] Sjá umfjöllun Thompson um viðtöl við hjón í Thompson, *The Voice of the Past*, 13. Sjá líka skrif Svetlönu Alexievich um áhrif eiginmanna á vitnisburði kvenkyns viðmælenda hennar. Alexievich, *The Unwomanly Face of War*, kindle. útg., inngangskafli.

[132] Goode og Hatt, *Methods of Social Research*, 191. Sjá líka *Vef.* Oakley, „Interviewing women,“ 32; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Drifting,“ 5-11.

[133] Sjá inngangskafla bókarinnar *The Life Story Interview* eftir Robert Atkinson. Sagnfræðingurinn Sigurður Gylfi Magnússon hefur mikið rannsakað ævisögur og formgerð þeirra. Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur*; sami, *Fortíðardraumar.*

[134] Sjá Smith, „Women´s Perspective as Radical Critique of Sociology,“ 9–11. Sjá einnig umfjöllun um sértæka tjáningu kvenna á Íslandi: Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Kvennatjáning fyrr á tíð: Samtal við Ásu Ketilsdóttur kvæðakonu.* https://vimeo.com/333149252

[135] Anderson og Jack, „Learning to listen,“ 11.

[136] Anderson og Jack, „Learning to listen,“ 11. Sjá umfjöllun mína um kvenmiðaða hlustun í viðtölum í Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Drifting,“ 6–7. Sjá einnig skrif Vilborgar Bjarkadóttur um mikilvægi hlustunar í viðtölum. *Lbs.-Hbs.* Vilborg Bjarkadóttir, Þjáning / tjáning, 55.

Upphafsskref viðtalsvinnu rannsóknarinnar var að skrifa staðlaðan spurningalista sem stuðst var við í viðtölunum. Með því móti var í senn verið að tryggja samanburðarhæfni og um leið samlegðaráhrif viðtalanna.[137] Staðlaði spurningalistinn byggði á beinum spurningum um ákveðin grundvallaratriði til að tryggja að afgerandi svör fengjust við þeim (já/nei). Lagt var upp með að skrásetja upplýsingar um: 1) forsendur þess að konur gerðust ráðskonur, 2) starfsskyldur ráðskvenna, 3) starfsumhverfi ráðskvenna, sveitaheimilið, 4) starfskjör ráðskvenna, 5) persónulegar skoðanir kvennanna á starfinu, 6) og ýmsar aðrar upplýsingar er varða lífsferla þeirra.

Grunnur viðtalanna réðst af framangreindum spurningalista. Jafnframt mótuðust þau af spurningum sem ég bar upp jafnóðum í viðtölunum með hliðsjón af því hvernig frásögn viðmælenda þróaðist. Hlustun var mikilvægur liður við samningu spurninga í viðtölum, en það má segja að hluti af hlustun sé að spyrja réttra spurninga sem auðvelda viðmælandanum að tjá sig um upplifun sína. Með því móti fær spyrillinn mögulega að heyra frásagnir er varða atriði sem áhugavert er að fá upplýsingar um. Kathryn Anderson leggur til að kvenkyns viðmælendur séu spurðir opinna spurninga fremur en beinna spurninga til þess að gefa þeim aukið svigrúm til að svara út frá eigin sjónarhóli.[138] Opnar spurningar eru að segja má ákveðið form samskipta þar sem óskað er eftir upplýsingum úr tiltekinni átt, án þess að þrengja hringinn of mikið líkt og gert er í beinum spurningum. Viðmælendur mínir brugðust jafnan mun betur við opnum spurningum heldur en beinum formlegum spurningum í viðtölunum. Hluta viðmælendanna þótti óþægilegt að svara beinum spurningum sem ég lagði fyrir þær, það var sem þeim konum þætti þær ekki geta svarað beinum spurningum á fullnægjandi hátt og afsökuðu því jafnvel svör sín. Opnar spurningar gáfu þeim hins vegar tækifæri á að tjá sig á frjálslegri máta, um það sem þær töldu skipta máli í samhengi spurninganna. Þetta leiðir til þess að viðmælandinn kemur frekar með efni frá eigin brjósti. Aukinheldur gáfu opnar spurningar konunum rými til að tjá tilfinningar sínar í svörum sínum.

Viðtalssamtalsformið gaf konunum aukið rými til að tjá sig, sem meðal annars birtist í þeirra eigin spurningum í viðtölunum. Spurningar eru einkar mikilvægur þáttur í samtölum kvenna samkvæmt fræðikonunni Pamelu Fishman sem gerði rannsókn á samtalsvenjum kynjanna. Fishman segir karla túlka spurningar sem eftirspurn eftir upplýsingum á meðan konur noti spurningar ekki síður til þess að hefja samræður sem og viðhalda samræðum.[139] „Spurðu mig eins og þú vilt," sagði einn viðmælandi minn og brosti svo blíðara en áður.[140] Viðmælendur rannsóknarinnar óskuðu gjarnan eftir spurningum í viðtölunum, ásamt því sem þær spurðu sjálfar spurninga. Spurningar kvennanna voru leið til að skapa hrynjanda í viðtalinu sem

137 Viðtal er ein leið til að framkvæma könnun segir í grein Benny og Hughes, „Of Sociology and the Interview," 191.

138 Anderson og Jack, „Learning to listen," 37.

139 Fishman, „Interaction: The Work Women do," 89–101. Rannsókn Fishman á samtölum kynjanna er frá árinu 1978 og byggir á upptökum af samtölum á millum amerískra kærustupara.

140 Ásta Ólafsdóttir, viðtal við höfund.

minnti á samtal. Þær notuðu líka spurningar til að kalla eftir viðbrögðum frá mér, ekki síst til þess að hvetja þær áfram í tiltekinni frásögn sinni. Spurningar kvennanna í viðtölunum gátu líka þjónað sem jafngildi svara, enda vörpuðu þær ljósi á viðhorf þeirra til umræðuefnisins hverju sinni. Auk þess notuðust konurnar við spurningar til að reyna að skyggnast inn í mínar skoðanir og þanka er vörðuðu umræðuefnið.

Í byrjun viðtalanna fengu allir viðmælendur tækifæri til að tjá sig án íhlutunar af minni hálfu. Viðtalið hófst á því að ég bað viðmælendur að segja mér í heildstæðri frásögn stuttlega frá ævi sinni áður en þær gerðust ráðskonur, frá ráðskonuvistinni og frá lífi þeirra í kjölfar þess að þær létu af störfum sem ráðskonur. Hér gafst konunum færi á að segja sögu sína í heildrænni frásögn með upphafi og endi: „Ég get byrjað á þessu, að ég er alin upp á fátæku heimili og við vorum 10 systkinin," sagði ein ráðskonan, um leið og augu hennar miðluðu léttleika – því frásögn hennar var hafin.[141] Hluti kvennanna naut þess að geta sagt ævisögu sína án inngrips af minni hálfu. Það átti ekki síst við um þær konur sem höfðu ljóslega gaman af því að segja frá og þær konur sem voru búnar að undirbúa frásögn sína vel fyrir viðtalið. Algengara var þó að konurnar vildu hverfa sem fyrst frá eintalinu, og kölluðu eftir spurningum frá mér: „Gjörðu svo vel elskan, spurðu bara alveg."[142] Þar af leiðandi miðluðu konurnar yfirleitt ævisögulegum upplýsingum að mestu jafnt og þétt á meðan viðtalinu stóð, með hliðsjón af framgangi þess og spurningum mínum.

### *1.6.2.3. Hlutverkaskipan í viðtölum*

Ákveðið stigveldi getur skapast í viðtölum á grunni aldurs spyrils og viðmælenda. Hluti viðmælenda þessarar rannsóknar hafði náð háum aldri þegar viðtölin voru tekin, en auknum aldri fylgir lífsreynsla sem getur aukið við sjálfsöryggi viðmælenda í frásögn sinni. Á hinn bóginn þjáðust sumar kvennanna af minnistapi sökum þess háa aldurs sem þær höfðu náð, sem varð til þess að þær voru óöruggar í frásögn sinni. Í slíkum tilvikum var líkt og konurnar upplifðu eins konar skömm þegar þær mundu ekki eftir atriðum sem spurt var út í; skömm sem magnaðist í hvert sinn sem þær sögðu „ég man það ekki" í kjölfar þess að vera spurðar. Í tilfellum kvenna sem áttu erfitt með að svara ákveðnum spurningum sökum minnisglapa sinna, var mikilvægt að dvelja ekki lengi við sömu spurninguna, en halda þess í stað strax áfram til að skapa gott flæði í viðtalinu. Slíkt verklag var á öfugum meiði við verklag mitt í viðtölum við viðmælendur sem stríddu ekki við minnistap, sem fengu allan þann tíma sem þeir kusu til að kalla fram svör sín. Fáeinar konur höfðu einnig skert skammtímaminni og áttu það til að endurtaka sömu sögurnar í viðtölunum. Nauðsynlegt var að leyfa þeim konum að segja (endurtaka) sögur sínar að vild og bregðast við þeim í hvert skipti. Ef ég hefði bent þeim konum á að þær væru að endurtaka sig í viðtölunum hefði dregið úr sjálfstrausti þeirra sem sögumanna. Aðrir þættir gátu haft áhrif á sjálfsöryggi viðmælenda í viðtölunum, s.s. menntun mín og menntun og/eða menntunarleysi

[141] Ágústa Anna Valdimarsdóttir, viðtal við höfund.
[142] Kolfinna Haraldsdóttir, viðtal við höfund.

viðmælenda. Nánar er rætt um það í fjórða kaflanum, þar sem fjallað er um menntunarbakgrunn ráðskvenna.

Aldursmunurinn á milli mín og viðmælendanna var heilt á litið til góðs fyrir rannsóknina. Konurnar kunnu að meta það að ég hafði ekki upplifað sömu tíma og þær, enda aldursmunurinn áratugir. Það þýddi að þær gátu frætt mig um liðinn tíma og tilheyrandi tíðaranda út frá eigin sjónarhorni, án þess að ég færi að bera frásögn þeirra saman við mína reynslu: þær voru alvitrir sögumenn. Telja má að ef ég hefði verið á sama aldri og þær hefðu viðtölin farið öðruvísi fram: „Án gleði og undrunar, sem eru kostir sem koma fram þegar ungir og aldnir hittast.“ [143]

Upplifun mín var sú að aldurmunurinn millum okkar væri hverfull í viðtölunum, ef svo má að orði komast. Dæmi um það er að eina stundina gat mér liðið eins og enginn aldursmunur væri á milli mín og viðmælandans, ekki síst ef samskiptin á milli okkar voru lífleg og frjálsleg. En hina stundina gat aldursmunurinn hins vegar sprottið fram með skýrum hætti. Dæmi um það var t.d. þegar viðmælendur ávörpuðu mig með orðum og orðalagi sem með beinum hætti fólu í sér að þar var viðmælandinn að beina orðum sínum að ungri manneskju; engillinn minn; vinan mín; elskan mín og fleiri fögur orð: „Má bjóða þér meira kaffi gullið mitt,“ sagði einn viðmælandi minn og ég þáði það með þökkum.[144]

Viðtölin leiddu í ljós að langflestar konurnar höfðu sjaldan eða aldrei sagt frá ævihlaupi sínu, hvað þá ráðskonutíð sinni.[145] Margar þeirra sögðust aldrei hafa leitt hugann að sögu ráðskvenna á Íslandi fyrr en þær sáu auglýsingarnar frá mér, þar sem ég óskaði eftir viðmælendum. Þá fyrst hafi þær áttað sig á því hve þarft það er að skrásetja sögu „þeirra“: „Það var ekki fyrr en núna, þegar ég sá auglýsinguna þína, að ég hugsaði – já bíddu af hverju hefur enginn gert þetta, þetta er bara alveg frábært.“[146] Viðmælendur voru upp til hópa mjög sáttar með frammistöðu sína í viðtölunum og bjuggu yfir ákveðnum feginleika og sjálfsöryggi í lok viðtalanna eftir að hafa miðlað reynslu sinni, og hlotið hlustun, hvatningu og lof fyrir flutninginn. Þar á ofan gáfu viðtölin mér sjálfri aukið sjálfsöryggi sem rannsakanda í ljósi þess hve samstarf mitt við konurnar var með eindæmum gott. Rétt eins og þegar ég hvatti konurnar áfram í frásögn sinni og sýndi ævi þeirra og ráðskonutíð áhuga í viðtölunum, þá hvöttu konurnar mig áfram í rannsóknarvinnu minni og sýndu verkefninu mikinn áhuga.

#### *1.6.2.4. Skráning á tilfinningum viðmælenda í viðtölum*

---

143 Alexievich, *The Unwomanly Face of War,* kindle útg., xvii.

144 Sjá Alexievich, *The Unwomanly Face of War,* kindle útg., xvii. Þar fjallar Alexievich um það þegar kvenkyns viðmælendur hennar kölluðu hana „litla stúlka“ eða „kæra dóttir“ eða „kæra barn“ í viðtölum. Þessi orðasambönd tákna aldursmun í menningarsamfélagi Alexievich, rétt eins og orð á borð við „gullið mitt“ vitnar um aldursmun í samtölum í íslensku samfélagi.

145 Til samanburðar má nefna viðtalsrannsókn Lawless á ofbeldi gegn konum. Þar segir að viðtalið hafi stundum verið fyrsti vettvangurinn sem konurnar fengu til að segja ævisögu sína og móta sjálfsmynd sína með orðum. Lawless, *Women Escaping Violence*, 13.

146 Katrín Björgvinsdóttir, viðtal við höfund.

> Það eru til ótal útgáfur af sannleika mannsins. Sagan horfir einungis til staðreynda; tilfinningar eru ekki hluti af áhugasviði hennar. Í reynd, þá þykir það ekki við hæfi að viðurkenna tilfinningar sem hluta af sögunni. En ég horfi á heiminn sem rithöfundur en ekki sagnfræðingur. Ég er heilluð af fólki.[147]

Þau orð ritaði hvítrússneski rithöfundurinn Svetlana Alexievich, sem hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2015 fyrir rannsóknir sínar á sviði munnlegrar sögu. Alexievich er að mínu mati sá fræðimaður sem hefur með hvað áhrifamestum hætti fjallað um gildi tilfinninga sem heimilda í munnlegri sögu. Alexievich segir markmið sitt sem rannsakanda vera að fanga tilfinningalegan þátt sögunnar. Í rannsókn minni á sögu ráðskvenna í sveit kemur slíkt markmið sannarlega við sögu, líkt og endurspeglast í því vægi sem tilfinningaleg tjáning viðmælenda fær í rannsókninni. Í skráningu og úrvinnslu gagna er varða tilfinningar viðmælenda minna var lagt upp með að fanga þá mannlegu hegðun sem varðar frásögnina: hegðun viðmælenda sem er ýmist sammerk á milli þeirra eða einstaklingsbundin.

Samantekið má segja að eiginleg saga sé alltaf að nokkru leyti „á valdi tilfinninganna“ og sú staðreynd er hluti þess styrks sem fólgin er í munnlegri sögu. Munnlega sögu hef ég líka leyft mér að kalla mannlega sögu, vegna þess að þar er verið að fanga lifandi sögu beint af vörum fólks.[148] Þegar sú lifandi saga sprettur fram fylgja tilfinningar lifandi manneskju með í kaupbæti. Það er hins vegar þess sem skráir þá munnlegu sögu, að sjá til þess að skrá og taka mark á þeim tilfinningum sem hluta af frásögninni. Að öðrum kosti er frásögnin sneydd þeim þætti frásagnarinnar: tilfinningum sem eru hluti hennar án þess að vera færðar í orð, og verða í slíkum tilfellum ekki aðgengilegar í rituðum heimildum.

> Ég skrifa ekki um stríð, heldur um mannfólk í stríði. Ég skrifa ekki sögu stríðs, heldur sögu tilfinninga. Ég er sagnfræðingur sálarinnar. Annars vegar skoða ég ákveðið mannfólk sem lifir á ákveðnum tíma og tekur þátt í ákveðnum atburðum, og hins vegar greini ég hið eilífa mannlega innra með þeim. Riða hins eilífa. Sem er innra með mannfólki á öllum tímum.[149]

Sá sannleikur sem Alexievich nefnir varðandi vægi tilfinninga í sögunni hefur verið viðtalssagnfræðingum ljós. Tilfinningar hafa verið þýðingarmikill liður í rannsóknum á sviði hugvísinda á 20. öldinni, þ.m.t. innan sagnfræðinnar sem býr að fagsviðinu *saga tilfinninganna* (e. *history of emotions*).[150] Aftur á móti hefur lítið verið unnið með þann þátt svo nokkru nemi í munnlegri sögu þar til nýlega. Tilfinningar hafa

[147] Alexievich, *Secondhand Time,* kindle útg., 6.
[148] Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Konur á vatnaskilum,“ 48.
[149] Alexievich, *The Unwomanly Face of War,* kindle útg., xxi.
[150] Sjá Rosenwein og Cristiani, *What is the History of Emotions?* Brautryðjandi í sagnfræðirannsóknum á tilfinningum á íslenskum vettvangi er Sigurður Gylfi Magnússon. Sjá: Sigurður Gylfi Magnússon, *Emotional experience and microhistory;* sami, *Menntun, ást og sorg*.

samt sem áður notið ákveðins vægis í rannsóknum sem byggja á aðferðum munnlegrar sögu síðustu áratugi, s.s. í umfjöllunum um það hvernig spyrlar eigi að höndla tilfinningar viðmælenda í viðtölum. Viðtalssagnfræðingurinn Paul Thompson reifar til að mynda aðferðir sem spyrlar geta notað ef viðmælendur upplifa sárar tilfinningar í viðtölum í *The Voice of the Past* (t.d. hvernig best sé að sýna viðmælendum stuðning).[151] Femínískir sagnfræðingar hafa einnig lengi ljáð máls á gildi tilfinninga í rannsóknum á munnlegri sögu kvenna. Katherine Anderson hefur sem dæmi fjallað um mikilvægi þess að konur fái tækifæri til þess að tala um tilfinningalega reynslu (e. *emotional experience*) sína í viðtölum: „Ef við viljum vita hvernig konum líður gagnvart eigin lífi þá verðum við að leyfa þeim að tala um tilfinningar sínar rétt eins og athafnir sínar.“[152] Síðustu ár hefur það færst í aukana að viðtalssagnfræðingar horfi til tilfinninga viðmælenda sem sérstaks athugunarþátts í rannsóknum sínum, m.a. með hliðsjón af breytum á borð við kyn, aldur og gerð samfélaga viðmælenda.[153]

Tilfinningar eru í eðli sínu vandasöm breyta til að vinna með, hvort sem þær birtast í formi orða, þagna, látbragðs eða með öðru móti. Engu að síður var mér strax ljós nauðsyn þess að túlka eftir mætti þær tilfinningar sem koma við sögu í viðtölum við ráðskonur í sveit, því tilfinningarnar voru það ríkur þáttur í frásögn kvennanna að það var nánast eins og að segja ekki rétt frá ef ég hefði undanskilið þann þátt. Þessi nálgun, jafn eðlileg og hún er, var engu að síður áskorun, ekki síst vegna þess að heildstæð aðferðafræði til að höndla tilfinningaleg gögn í sagnfræðiviðtölum er ekki tiltæk.

Í viðtölunum miðluðu viðmælendurnir tilfinningum sínum á munnlegan máta og með öðrum hætti (e. *non-verbal*). Tilfinningar kvennanna komu greinanlega við sögu á víðu sviði hvað umfjöllunarefni viðtalanna varðar. Þær miðluðu tilfinningum sínum á meðvitaðan máta, svo sem þegar þær tjáðu viðhorf sín til umræðuefnisins. Af öðrum toga voru tilfinningar sem segja má að hafi brotist ósjálfrátt fram í viðtalinu þegar komið var inn á ákveðin málefni sem vörðuðu sorg, en einnig ofbeldi og mikinn órétt af öðrum toga. Eðli málsins samkvæmt var ekki algilt að slík djúpstæð tilfinningaleg málefni kæmu upp á yfirborðið í viðtölunum.

Vegna þess hve tjáningarmátinn sem viðhafður var í viðtölunum skipti miklu máli fyrir frásagnirnar, lagði ég mig í framkróka við að skrá tjáningu kvennanna, svo hún nýttist sem best við frekari greiningu viðtalanna. Tilfinningar viðmælenda birtust í tjáningu þeirra. Birtingarform tjáningar er margslungin en sjónrænan hluta hennar (e. *non-verbal communication*) er mögulegt að festa í grunnheimildir með því að kvikmynda viðtölin — en síðan má færa þær upplýsingar í orð. Ef tjáning er einungis

[151] Thompson, *The Voice of the Past,* 149, 181 og 239–240. Thompson fjallar einnig um erfiðar minningar og áföll með hliðsjón af minningum sem spretta fram í viðtölum í sömu bók, 178–179. Sjá líka *Vef.* Oakley, „Interviewing Women,“ 31. Aukin áhersla á tilfinningar í rannsóknum sem byggja á munnlegri sögu má að hluta rekja til aukinna rannsókna á áföllum (e. *trauma studies*). Sjá umfjöllun Abrams um áföll í tengslum við munnlega sögu: Abrams, *Oral History Theory*, 9. kafli.

[152] Anderson og Jack, „Learning to listen,“ 15.

[153] Sjá t.d. rannsókn Rebecca Clifford, „Emotions and gender in oral history: Narrating Italy´s 1968,“ 209–221. Clifford skoðar mismunandi tilfinningatjáningu kynjanna í viðtölum.

hljóðrituð fer myndræn tjáning forgörðum. Í mínum huga er því engum blöðum um það að fletta að kvikmyndun er grundvallaraðferð til að skrá tilfinningar viðmælenda í viðtölum, og því ómissandi gagnasöfnun til hliðar við þá grunnhljóðupptöku sem viðtalið byggir á. Engu að síður verður að hafa það hugfast að engin tæki og engin aðferðafræði getur náð tökum á ýmsu því sem gerist í viðtali sem einungis verður fangað fyrir tilstilli innsæis spyrilsins. Skýrasta tilvikið um þetta sem kom fram í rannsókn minni, tengist því sorgarviðbragði viðmælandans sem ég leyfi mér að kalla *ásýnd öskurs*. Þar vísa ég til þeirrar ásýndar sem augun eru, sem líkt og öskra eftir hjálp vegna þeirrar angistar sem tengist umræðuefninu sem snert hefur verið á í viðtalinu: umræðuefni sem snerist um skelfilega lífsreynslu viðmælandans. Þetta viðbragð var marktækt staðfest vegna þess hve samræmt það var hjá konum sem í hlut áttu og hve margar þær voru. Þessari ásýnd, þar sem konurnar í reynd einblíndu á mig, fylgdi þrúgandi þögn. Á góðri íslensku er með réttu hægt að kalla þetta ástand sem skapaðist andrúmsloft: andrúmsloft sem í þessu tilviki verður hvorki skráð, flokkað né sett fram nema fyrir tilstilli spyrilsins.[154] Fjallað er nánar um þennan þátt tjáningar viðmælenda í þeim hluta ritgerðarinnar sem tekur til ofbeldis gegn ráðskonum á sveitaheimilum.

Ég, í hlutverki spyrilsins, þurfti einnig að huga að því að greina og bregðast við tilfinningalegum viðbrögðum viðmælenda á meðan viðtalinu stóð. Eitt dæmi um slík tilfinningaleg viðbrögð viðmælenda var þegar þeir með vilja sveigðu frá því efni sem samtalið hafði leitt til, í því skyni að komast hjá því að ræða óþægileg atriði er því tengdust. Mikilvægt er að spyrillinn þekki slíkar gárur í yfirborði viðtalssamtalsins og hafi þann hæfileika að láta viðmælendunum eftir að ráða för – og gera það með þeim hætti að framgangur viðtalsins skaðist ekki af. Anderson og Jack segja að það sé hlutverk spyrilsins að virða mörk sem viðmælandinn setur, þ.m.t. varðandi efni sem viðkomandi álítur vera sitt einkamál.[155] Gagnvart þeim viðmælendum mínum sem kusu að tjá sig um erfiða reynslu úr lífi sínu, þ.m.t. í ráðskonustarfinu, var grundvallaratriði að sýna þeim samúð með réttum en hófstilltum hætti.

### 1.6.3. Afritun viðtalanna

Viðtalsgögn rannsóknarinnar byggja á tæplega 100 klukkustundum af hljóðefni og kvikmyndamyndefni sem komu frá viðtölum við fyrrum ráðskonur á sveitabæjum. Því til viðbótar er það hljóð- og kvikmyndaefni sem safnað var í viðtölum við aðra viðmælendur sem koma við sögu rannsóknarinnar. Öll viðtölin voru skrifuð upp (afrituð), þ.e.a.s. öll munnleg frásögn viðtalanna var skrifuð upp eins og hún kom fram af hálfu viðmælendanna. Við greiningu viðtalanna studdist ég allt í senn við hljóð-, mynd- og textaform viðtalanna.

Fræðimaðurinn Alessandro Portelli, sem fjallað hefur um yfirfærslu talmáls í texta, segir að munnleg saga sé í einfaldleik sínum munnleg frásögn á sögulegum

[154] Sjá skrif mín um það hvernig sorg viðmælenda rannsóknarinnar braust fram á sértækan þöglan máta í viðtölum á vefsíðu tímaritsins *Oral History Review*. *Vef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Documenting Tears.“

[155] Anderson og Jack, „Learning to listen,“ 23.

atburðum sem fræðimaðurinn síðan afritar í ritað form.[156] Hlutleysi fræðimannsins við afritun viðtalsins sé með engu móti mögulegt þó svo að hann sé allur af vilja gerður. Uppskrift viðtalanna er ekki eins áreiðanleg heimild og upptökur þeirra, sökum þess að uppskrifaður textinn felur í sér ákveðna hættu á misritun frá hendi skrifarans þótt hann grundvalli þá vinnu sína á hlutleysi. Einnig tapast ákveðnar upplýsingar sem ekki eru bundnar við efnisinnihald frásagnarinnar við afritun viðtala frá hljóðformi í textaform, s.s. málrómur viðmælenda.[157] Uppskriftir viðtalanna eru engu að síður mikilvægar fyrir greiningarvinnunna, ekki síst vegna þess að þær eru aðgengilegri en frumheimildirnar, líkt og Portelli bendir á. Portelli leggur áherslu á að uppskrift (skrifað afrit viðtala) eigi að endurspegla vitnisburð viðmælandans á eins nákvæman hátt og mögulegt er. Í þeim tilgangi þarf sem dæmi að huga að takti munnlegu frásagnarinnar sem verið er að miðla.

Við afritun viðtala minna við ráðskonurnar lagði ég áherslu á að miðla því hvernig viðmælendur beittu tungumálinu. Það gerði ég m.a. með notkun punkta og komma til að sýna fram á þagnir og/eða áherslur í tali. Málstíll, og oft á tíðum meining viðmælenda minna, gat farið forgörðum við afritun viðtalannna. Orsökin fyrir því eru áhrif ritreglna og rithefða á framsetningu talmáls yfir í textaform, ekki síst ef textinn á að vera læsilegur.[158] Um það fjallaði Portelli: „Margir viðmælendur skipta frá einum takti í annan í sama viðtalinu, eftir því hver afstaða þeirra er gagnvart efninu og eftir því sem umræðuefnið breytist. Að sjálfsögðu, er eingöngu hægt að nema þær breytingar með því að hlusta, en ekki með því að lesa.“ [159]

Eins mikilvægt og það er að miðla talmáli viðmælenda á nákvæman hátt í ritformi telur Portelli að upptökur viðtala eigi að vera grunnheimildir í viðtalsgreiningaferlinu – að ekki megi sniðganga hið munnlega við munnlega sögu: „Að vænta þess að uppskrift geti komið í stað upptöku í vísindalegum tilgangi jafngildir því að gagnrýna list út frá eftirprentun, eða gagnrýna bókmenntir á grunni þýðingar,“ skrifar Portelli.[160] Við greiningu viðtalanna horfði ég fyrst og fremst til upptakanna af viðtölunum að ráðum Portelli. Á sama tíma var ég meðvituð um það að hlustun, rétt eins og afritun á talmáli yfir í texta, felur í sér túlkun. Rússneski fræðimaðurinn Mikhail Bakhtín hefur fjallað um breytingar á talmáli, frá munnlegum flutningi til áheyrnar. Bakhtín gagnrýndi hugmyndir málvísindamanna um tilvist einhvers konar samhæfðs flæðis á milli „mælanda“ og „þess er skilur“ í samtali. Bakhtín segir að slíkt samskiptakerfi sé uppspuni, enda myndar hlustandinn sér skoðun á efninu um leið og hann nemur talið (er annað hvort sammála eða ósammála

---

[156] Sjá sérstaklega bókarkaflann„What Makes Oral History Different“ í bók Alessandro Portelli, *The Death of Luigi Trastulli and other stories,* 44–58. Þar fjallar Portelli um æskileg vinnubrögð við afritun viðtala.

[157] Portelli, *The Death of Luigi Trastulli and other stories,* 47. Abrams fjallar um það þegar hreimur viðmælenda tapast við afritun viðtala, út frá reynslu hennar af því að afrita viðtöl sín við konur frá Hjaltlandseyjum. Abrams, *Oral History Theory,* inngangskafli.

[158] Portelli, *The Death of Luigi Trastulli and other stories,* 47–48.

[159] Portelli, *The Death of Luigi Trastulli and other stories,* 48.

[160] Portelli, *The Death of Luigi Trastulli and other stories,* 47. Sjá líka *ópr.* Agárdi, On the Verge of History, 28.

því sem sagt er).[161] Áhrif slíkrar hugrænnar yfirfærslu má að einhverju leyti bera saman við þá yfirfærslu sem á sér stað þegar talmál er fært yfir í ritmál. Svo vitnað sé í orð Bakhtíns: „Hlustandinn verður mælandinn.“[162] Rétt eins og ráðskonurnar túlkuðu sögur sínar um leið og þær sögðu þær, þá túlkaði ég allt sem þær sögðu í huganum jafnóðum og ég hlustaði – hvort sem mér líkaði það betur eða verr. Slík hugræn yfirfærsla er óyfirstíganleg samkvæmt Bakhtín, sem um leið veldur því að ræða kvennanna hefur strangt tiltekið tapað upprunalegri mynd sinni. Þessi óhjákvæmilega túlkun hlustandans á því sem honum er sagt, vitnar um mikilvægi þess að úrvinnsla munnlegu heimildanna sé gerð á staðlaðan og hlutlausan máta og að grunnheimildir upptaka séu aðgengilegar eftir því sem kostur er.

### 1.6.4. Greining viðtalanna

Í þessari rannsókn var hvorutveggja frásagnarefni og tjáningarmáti viðmælendanna/ráðskvennanna greint á kerfisbundinn máta með því að framkvæma staðlaða athugun á viðtalsfrásögnunum. Greining mín á munnlegum heimildum rannsóknarinnar (e. *oral analysis*) tók til þriggja meginþátta sem voru: atriði sem viðmælandi fjallar um; framsögn og frásagnarháttur viðmælenda; og sjálfsmynd viðmælenda. Að sjálfsögðu eru þessir þrír þættir samofnir og um leið samverkandi. Við greiningu viðtalanna hafði ég til hliðsjónar tékklista sem ég útbjó, þar sem ég skráði ýmis atriði er viðkomu þessum þáttum:

1) *Atriði sem viðmælandi fjallar um*: Umfjöllunaratriði viðmælenda ráðast vissulega mikið af þeim spurningum sem fram eru bornar í viðtölunum. Viðmælandinn hefur engu að síður algerlega í hendi sér hvaða atriðum hann miðlar og um leið hvernig hann miðlar þeim. Við greiningu á frásögnum ráðskvennanna var þeim einstaklingsminningum er byggðu á upplifun þeirra gefinn sérstakur gaumur. Í rannsókninni var litið til þátta sem ítrekað birtust í viðtölunum. Slíkar upplýsingar sem birtast síendurtekið af hálfu viðmælendanna, vitna um gegnumgangandi afstöðu/upplifun kvennanna.

2) *Frásagnarháttur og framsögn viðmælenda*: Bakthín segir að tal einstaklinga miðist við umfjöllunarefnið og athafnir/aðstæður manna (e. *speech genres*).[163] Jafnframt byggir tal einstaklinga á auðkenni þess er mælir (og málbeiting er því aldrei hlutlaus).[164] Upplýsingar er varða persónu mælandans og afstöðu hans til umræðuefnisins er þar af leiðandi að finna í framsögn og frásagnarhætti hans. Með því að rýna í framsögn og frásagnarhætti viðmælenda og gera samanburð á þeim

---

[161] Bakhtín, „The Problem of Speech Genres,“ kindle útg. 17. málsgrein.

[162] Bakhtín, „The Problem of Speech Genres,“ kindle útg. 17. málsgrein.

[163] Mikhail Bakhtín, „The Problem of Speech Genres,“ kindle útg. 2. málsgrein.

[164] Mikhail Bakhtín, „The Problem of Speech Genres,“ kindle útg. 2. málsgrein. Hér er við hæfi að nefna þann greinarmun sem málvísindamaðurinn Ferdinand de Saussure gerir á máli (*la language*) og tali (*la parole*): „Talið er, samkvæmt þesssum kenningum, hin mállegu gögn, sem okkur eru tiltæk, en *málið* í hverju samfélagi er sá orðaforði, þær málreglur og hljóðreglur, sem einstaklingurinn öðlast í uppeldinu og eru undirstaða þess, að hann getur talað og skilið.“ Sjá Halldór Halldórsson, „Noam Chomsky: Baksvið hans og helztu kenningar,“ 12–13.

þáttum á milli viðmælenda var mögulegt fyrir mig að öðlast betri skilning á þeirri meiningu og þeim ásetningi sem lá að baki orðum þeirra. Frásagnir viðmælenda rannsóknarinnar mótuðust af kyni, aldri og stétt þeirra, en einnig af venjum og óskrifuðum reglum sem einkenna samskipti innan viðtala.

Í þeim hluta greiningarinnar sem tók til frásagnarháttar kvennanna í viðtölunum, skoðaði ég sjónarhorn sögumannsins. Þar lagði ég áherslu á að greina annars vegar *yfirlitskafla* í frásögnum viðmælenda (samantekt á atburðum sem eiga sér stað á löngu tímabili) og hins vegar *sviðsetningarkafla* (lýsingar á atriðum á borð við umhverfi og samskipti). Einnig tók ég til athugunar *sögutíma* frásagnanna (innri tímann). Í þeim efnum beindi ég sjónum mínum að því að greina hvar í frásögn sinni konurnar hægðu á frásögninni eða flýttu henni (*framsetningartími*).[165] Ég greindi líka ásetning kvennanna í viðtölunum, t.d. hvort þær vildu miðla siðferðislegum eða pólitískum boðskap með sögum sínum. Greiningarvinna mín á frásagnarhætti ráðskvennanna fól einnig í sér að ákvarða þann stíl og þá byggingu sem konurnar fylgdu í frásögnum sínum. Sú athugun leiddi t.d. í ljós að þær miðluðu gjarnan upplýsingum með *hugsuðu tali* og *lýsingum af samtali* (e. *reported speech*) – ekki síst í formi beinnar ræðu, en rannsóknir sýna að konur styðjast meira við sviðsetningar á samtölum heldur en karlar gera í frásögnum sínum.[166]

Við athugun mína á framsetningu viðmælenda rannsakaði ég raddbeitingu kvennanna í viðtölunum. Það hvernig ráðskonur beittu rödd sinni í viðtölunum er góður mælikvarði á þær tilfinningar sem þær báru til umræðuefnisins, en Bakhtín segir það vera gerlegt að greina tilfinningaleg viðhorf mælanda með því að greina raddbeitingu hans.[167] Tilvik um það var að finna í því hvernig konurnar beittu rödd sinni og raddstyrk á mismunandi vegu til að leggja áherslu á ákveðna þætti en draga úr öðrum. Gott dæmi um það eru tilfinningar viðmælenda sem skerptu á svörum þeirra varðandi jákvæða eða neikvæða afstöðu þeirra gagnvart ráðskonustarfinu. Hér um ræðir tilfinningar sem komu fram með vilja viðmælenda, í þeim tilgangi að fylgja svörum þeirra úr hlaði þannig að engum vafa væri undirorpið að þar væri um einlægt svar að ræða.

Við greiningu á framsetningu viðmælenda minna tók ég líka til skoðunar þagnir (e. *silences*) þeirra, þ.e. fjarveru orða í viðtalssamtalinu.[168] Fróðlegt er að skoða þagnir sem tjáningarmiðil kvenna í viðtölum með hliðsjón af þöggun kvenna á Íslandi sem og í hinum gervalla vestræna heimi í árþúsundir.[169] Þagnir viðmælenda voru hluti

[165] Framsetningartími er hugtak í bókmenntafræði sem er gagnlegt í greiningu á munnlegum frásögnum: „Það er notað um þann tíma sem lestur eða flutningur verksins tekur.“ *Vef.* Jón Gunnar Þorsteinsson, „Hvað er innri og ytri tími?“

[166] Ely og Mccabe, „Gender Differences in Memories for Speech,“ 19. Sjá líka Johnstone, „Community and Contest: Midwestern Men and Women Creating their Worlds in Conversational Storytelling.“

[167] Sjá Mikhail Bakhtín, „Statement of the Problem and Definition of Speech Genres”; sami, „The Problem of Speech Genres.“

[168] Mikhail Bakhtín, „From Notes Made in 1970–71,“ kindle útg. 5. málsgrein.

[169] Sjá Beard, *Women & Power,* 2 og 8. Af innlendum verkum um þögn kvenna sem tjáningarmiðil í rituðum heimildum, má benda á grein Erlu Huldu Halldórsdóttur „The Narrative of Silence“ frá 2010 sem tekur til þagna í sendibréfum og umfjöllun Helgu Kress um þagnir kvenna í íslenskum

af framsögn þeirra, rétt eins og raddbeiting þeirra og orð. Þagnirnar í viðtölunum, líkt og hljómur orðanna, miðluðu upplýsingum og tilfinningum viðmælenda, og því var nauðsynlegt að heyra á þær þagnir og greina þær, svo vitnað sé í Svetlönu Alexievich: „Ég hlusta þegar þau tala. Ég hlusta þegar þau þegja. Bæði orð og þagnir eru texti fyrir mér.“[170]

Ég hlustaði á þagnirnar í viðtölunum líkt og Alexievich gerði í rannsóknum sínu, og greindi þær síðan með hliðsjón af þeim félagslega þrýstingi sem mótaði þær.[171] Umræddur félagslegur þrýstingur kemur á tvennan hátt við sögu. Í annan stað er þar um að ræða þann mótandi félagslegan þrýsting sem var til staðar á þeim sögulega tíma sem atburðir umfjöllunarinnar taka til. Slíkur þrýstingur leiddi meðal annars til þess að þagað var um þætti samkvæmt línu þeirrar þöggunar sem konur af þeirra kynslóð skyldu fylgja almennt hvað varðar frásagnir af kynbundinni reynslu sinni. Á hinn bóginn er um að ræða félagslegan þrýsting þess tíma sem viðtalið er tekið innan, sem einnig hefur áhrif á það hvort og þá hvernig viðmælandinn tjáir sig með orðum um atburði.

Auk þess að heyra á þagnir ráðskvennanna rýndi ég í þagnir þeirra, því þagnir geta verið afar sjónrænar. Við greiningu viðtalanna kom vel í ljós að þögnin er tjáningarform sem byggir á samspili orðaleysis og annarri tjáningu. Hér kem ég inn á næsta greiningarþátt; líkamstjáningu viðmælendanna. [172] Með því að kvikmynda viðtölin gafst færi á að skrá ýmsa myndræna og merkingarfulla þætti í líkamstjáningu kvennanna, s.s. með því að draga þá þætti fram með notkun aðdráttarlinsu myndavélarinnar til að fá gleggri sýn á andlitssvipbrigði kvennanna þegar þær tjáðu sig. Þegar ég kannaði líkamlega tjáningu kvennanna, skoðaði ég sérstaklega svipbrigði þeirra á meðan þær sögðu frá. Kvikmyndaupptökur viðtalanna sýndu hvað svipir þeirra voru veigamikill hluti af tjáningunni og um leið mikilvægt greiningaratriði í þessari rannsókn.

3) *Frásagnarsjálf viðmælenda:* Í viðtalsgreiningunni skráði ég atriði sem tengdust sjálfsmyndum ráðskvennanna – eins og þær komu fyrir sjónir í frásögnum þeirra. Áhersla var lögð á að greina hugmyndir sem konurnar höfðu af sjálfum sér í ráðskonustarfinu. Frásagnir kvennanna leiddu í ljós hvernig starfsvettvangur og skyldur ráðskvennanna á sveitabænum höfðu bein áhrif á völd/valdaleysi, sjálfstraust/vanmáttakennd sem og starfsánægju/óánægju þeirra.

Frásagnarsjálf viðmælendanna eru margbrotin, og einskorðast ekki einvörðungu við ráðskonutímabil æviskeiðs þeirra – heldur eru þau margs konar og

fornbókmenntum. Sjá Helga, Kress, *Máttugar meyjar*. Ég hef einnig rannsakað þögnina sem tjáningarmiðil í íslenskri kvennasögu, bæði í rituðum og munnlegum heimildum. Sjá Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Jaðarkvennasaga,* 360–362; *Vef.* sama, „Drifting,“ 7, 13. Sjá einnig umfjöllun mína um þagnir í sögu hjúa sem urðu fyrir kynferðisofbeldi í rituðum heimildum í V*ef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Hvað ertu að gera, maður?“

[170] Alexievich, *The Unwomanly Face of War,* kindle útg., xxvi.

[171] Thompson segir að mikilvægt sé að ráða í þagnir viðmælenda með því að skoða þær út frá þeim félagslega þrýstingi sem mótaði þær í bók sinni. Thompson, *The Voice of the Past,* 166.

[172] Stuðst var m.a. við skrif Rudolf Arnheim um greiningu á tjáningu fólks í þöglum kvikmyndum. Arnheim, *Um kvikmyndalistina* 178–188 og 221–226.

hafa samverkandi áhrif. Í ljósi þess voru skráðar upplýsingar úr viðtölunum um frásagnarsjálf kvennanna sem komu hvað mest við sögu í ráðskonusögu þeirra, þ.e.a.s. sjálfsmynd kvennanna sem viðmælendur; mæður; dætur; eiginkonur; og þolendur ofbeldis.

# Annar kafli

## Forsagan: Ráðskonustarfið á sveitaheimilum 1850–1950

Viðtalssagnfræðingurinn Paul Thompson lagði ríka áherslu á það hve mikilvægt það væri í rannsóknum sem byggja á munnlegri sögu, að samanburður á milli tímabila taki mið af þeim breytingum í umhverfinu sem aðskilja tímabilin tvö, annars vegar samtímann og hins vegar fortíðina. Ráðskonustarfið hefur verið hluti af íslensku samfélagi um aldir alda. Því er mikilvægt fyrir rannsókn þessa að skoða og draga fram þá megindrætti sem einkenndu ráðskonustarfið fram til þess tíma er meginrannsóknartímabilið 1950–2000 hefst.

Til að tryggja að sem raunsönnust mynd fáist af ráðskonustarfinu í gamla bændasamfélaginu er það skoðað fyrir það árhundrað sem lá að rannsóknartímabilinu: 1850–1950 – tímabil sem einkenndist af miklum þjóðfélagslegum breytingum. Ráðskonustarfið á sveitaheimilum tók hins vegar ekki stórfelldum breytingum á þessum tíma og var í grunnatriðum með sama móti út í gegnum tímabilið. Vissulega urðu nokkrar breytingar á verkskyldum og vinnubrögðum ráðskvenna, ekki síst vegna örra tæknibreytinga á fjölmörgum sveitaheimilum á fyrri hluta 20. aldar.

Í kaflanum er brugðið upp einkennandi svipmyndum af ráðskonustarfinu á þessu langa tímabili með það að leiðarljósi að skilgreina helstu einkenni starfsins. Hér er ekki um að ræða tæmandi umfjöllun um ráðskonustarfið á árunum 1850–1950, heldur innsýn í tilvist þessarar starfsstéttar á þeim tíma. Gæta verður að því að ráðskonur í sveitum landsins unnu fyrir fleiri en bændur, s.s. fyrir þurrabúðarmenn, en hér er áhersla lögð á ráðskonur sem störfuðu á sveitaheimilum.

Fjallað er um stöðu ráðskvenna á sveitabæjum, með hliðsjón af verkskyldum og hlutverkum sem konur á ólíkum heimilum þurftu að sinna á þessu tímabili. Í því sambandi eru viðhorf til kvennastarfa á sveitabæjum reifuð. Einnig er vikið að vinnuveitendum ráðskvenna og kvenna sem sinntu ráðskonustörfum, með hliðsjón af hjúskaparstöðu þeirra og barneignum. Því næst er farið yfir kröfur sem vinnuveitendur ráðskvenna, sem og konur sem óskuðu eftir ráðskonustöðu, gerðu til starfsins út frá blaðaauglýsingum frá fyrri hluta 20. aldar. Að lokum er fjallað um skort á kvenkyns vinnuafli í lok 19. aldar og allt fram eftir 20. öldinni, með hliðsjón af ráðskonustarfinu.

Í þessari umfjöllun er að mestu stuðst við ritaðar heimildir. Mun fleiri ritaðar heimildir eru til um ráðskonur í sveit á þessu tímabili en til eru fyrir ráðskonur á síðari hluta 20. aldar. Í þeim efnum eru drýgstu heimildirnar endurminningar og minningargreinar um ráðskonur.

## 2.1. Starfstengd staða ráðskvenna 1850–1950

Konur sem voru ráðnar til að stunda bústjórn með bónda á árunum 1850–1950, voru yfirleitt kallaðar ráðskonur eða bústýrur.[173] Starfsheitið bústýra var líka notað yfir húsmóður á sveitaheimili, ekki ósvipað enska starfsheitinu *housekeeper*, sem er samheiti yfir ráðskonu og húsmóður í Bretlandi. Bústýra var fyrst og fremst notað yfir konur sem störfuðu á sveitabæ, en starfsheitið ráðskona var notað bæði í þéttbýli og dreifbýli. Ráðskonuheitið náði meiri festu í málinu en bústýruheitið þegar leið á 19. öldina og enn frekar á 20. öldinni.[174] Aukin notkun á ráðskonuheitinu yfir konur sem höfðu búsforráð á heimilum, má vafalítið rekja til aukinnar þéttbýlismyndunar og tilheyrandi nýrra/útfærðra starfsheita yfir heimilishjú, sem síðan voru tekin upp í sveitum landsins. Í þessari rannsókn er ætíð notast við starfsheitið ráðskona, til að gæta samræmis í textanum.

Ekki er auðvelt að skilgreina ráðskonustarfið út frá manntölum á þessu tímabili, en það gildir reyndar einnig um ýmsar aðrar atvinnustéttir kvenna.[175] Margvíslegar breytingar urðu á flokkun atvinnugreina á tímabilinu 1850–1950 sem gera samanburðinn síst auðveldari.[176] Í manntalsgögnum flokkast kvenkyns starfskraftur sem hafði heimilisstörf og heimilisstjórn að aðalatvinnu sem ráðskona/bústýra. Ráðskonur falla undir atvinnuflokkinn heimilishjú/innanhúshjú, sem samanstóð nær einungis af konum á þessu tímabili.[177] Af öðrum heimilishjúum en ráðskonum má nefna barnfóstrur, matseljur, eldakonur, stofustúlkur, aðstoðarkonur, vikastúlkur, þjónustustúlkur, vetrarstúlkur og fleiri skyld kvennastörf.[178] Í manntölum flokkuðust ráðskonur til atvinnugreinanna sem vinnuveitendur þeirra tilheyrðu.[179] Breytingar á flokkun þessari í manntölum varð frá og með manntalinu 1910, en þá brá svo við að ráðskonur voru settar í nýjan flokk/atvinnugrein sem fékk heitið *heimilisþjónusta.*[180]

---

[173] Konur sem gegndu bústjórn á söguöldinni kölluðust einnig matseljur. Sjá Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 47–49.

[174] Starfsheitið bústýra kemur oftar fyrir en ráðskona í skráningum manntals 1703 og 1816–1910. Það breyttist fyrst árið 1920 þegar helmingi fleiri konur eru skráðar sem ráðskonur heldur en bústýrur í manntölum. Sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands, manntal.is. Sé litið til tíðni umræddra starfsheita í blöðum og tímaritum 1850–1950, má sjá að starfsheitið ráðskona kemur þar mun oftar fyrir þegar síga tók á seinni hluta 19. aldarinnar.

[175] Gísli Ágústsson, *Saga og samfélag,* 304. Sjá líka McBride, *The Domestic Revolution,* 13.

[176] Sjá *Hagskinna,* 201–202; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 454–456.

[177] Heitið heimilishjú/innanhúshjú gat líka táknað stöðu kvenna á heimilum. Sjá *Manntal á Íslandi* 2. desember 1940, 30. Dæmi eru um að karlmenn væru skráðir heimilishjú í manntölunum, s.s. fyrir árin 1910 og 1920. Guðmundur Jónsson, *Hagvöxtur og iðnvæðing,* 136.

[178] Sjá Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld,* 14.

[179] „Í manntölum er mannfjölda hvers atvinnuvegar skipt í þrjá flokka, framfærendur, framfærða og hjú.“ Sjá *Hagskinna,* 202. Anna Sigurðardóttir lýsir erfiðleikum sínum hvað það varðar að flokka störf kvenna fram eftir 19. öldinni í starfsgreinar, nema í tilfellum fjölmennra stórbýla. Ástæðan er sú að aðeins framfærendur (í langflestum tilfellum karlar) eru skráðir í atvinnuveg, allir aðrir á heimilinu sem framfærðir. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 436.

[180] Guðmundur Jónsson, *Hagvöxtur og iðnvæðing,* 37 og 136.

Ráðskonur sinntu fyrst og fremst þjónustustörfum innanstokks. Þær bjuggu á vinnustaðnum og afnot þeirra af húsnæði atvinnurekandans sem og það að þiggja þar fæði var ígildi launa.[181] Þessu til viðbótar voru greidd eiginleg laun en það var ekki algilt.[182] Ráðskonur voru hæstráðandi í röðum heimilishjúa, en starfsheitið ráðskona felur í sér umsjón með húsverkum og/eða hjúum sem sinna þeim verkum. Ráðskonustarfið er hliðstætt ráðsmannsstarfinu sem er skylt starfi bóndans. Ráðsmaðurinn hafði umsjón með bústofninum og tengdum verkum, á meðan ráðskonan sá um innanbæjarstjórn. Starfstengd völd þeirra grundvölluðust ekki síst á því að þau unnu verk sem alla jafna var sinnt af húsbændum heimilisins, allt frá bústjórn til annarra sérhæfðra verkefna. Valdefling starfanna fólst því að verulegu marki í þeirri hliðstæðu sem fólst í störfum þeirra og störfum húsbændanna.

> **STE:** Gleymdu því ekki að það er virðingarheiti að vera ráðskona. Ráðskona naut miklu meiri virðingar en vinnukona, þó að störfin séu auðvitað lík. Auðvitað gekk ráðskona í öll störf ef á þurfti að halda, alveg eins og húsmæður – þær gengu í öll störf.[183]

Ráðskonustarfið var ákveðin virðingarstaða þvert á stétt og stöðu kvenna á 19. öld og í upphafi 20. aldar. Á Íslandi var ráðskonustarfið eftirsóknarverðasta kvennastarfið til sveita vegna þess að það starf hafði sérstakan sess – og skyldi engan undra því ráðskonur sinntu sams konar störfum og húsmæður. Verkskyldur ráðskvenna skipuðu þeim í ábyrgðarstöðu á sveitaheimilum sem var eins konar millistig á milli húsmæðra og heimilishjúa. Þetta þarf að hafa í huga þegar fjallað er um stöðu ráðskvenna á ofanverðri 19. öld og á öndverðri 20. öld, öðru fremur vegna þess hve algengt það var framan af á þessu tímabili að skipta konum eingöngu í tvo flokka með tilliti til starfa þeirra, þ.e. í húsmæður annars vegar og vinnukonur hins vegar.[184] Þess ber þó að geta að virðingin sem borin var fyrir ráðskonum var ekki í sama hlutfalli og virðingin sem húsmæður nutu, því ráðskonur voru hluti af hjúastéttinni sem var skýrt og skilmerkilega aðgreind frá öðrum stéttum þjóðfélagsins.[185]

## 2.2. Starfsskyldur ráðskvenna 1850–1950

Heimildaskortur veldur því að erfitt er að fjölyrða í smáatriðum um störf ráðskvenna í bændasamfélaginu. Vísbendingar finnast þó um til hvers var ætlast af ráðskonum á þessum tíma, hérlendis og erlendis, í leiðbeiningabókum um hlutverk húsmæðra og verkaskiptingu inni á heimilum. Um er að ræða bækur sem leiðbeina áttu konum um

[181] Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, 47.
[182] Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands.* 2. bindi, 49–50; Guðmundur Jónsson; *Vinnuhjú á 19. öld*, 39. Auglýsingar þar sem óskað var eftir ráðskonu birtust í stríðum straumum á fyrri hluta 20. aldar, sýna að laun og kjör ráðskvenna byggðu jafnan á munnlegu samkomulagi á milli þeirra og bændanna. Sjá t.d. auglýsingu sem birtist í *Vísi* 16. janúar 1920, 1.
[183] Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund.
[184] Gísli Kristjánsson, *Átján konur*, 7.
[185] Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 79.

hússtjórn og hegðun, en veruleikinn gat verið allt annar líkt og fræðikonan Sara Mills hefur bent á.[186] Hér á landi voru fá slík rit gefin út, öfugt við það sem gerðist víða erlendis.[187] Í Bretlandi ber hæst bókin *Mrs Beeton´s Book of Household Management* (1859) eftir Isabella Mary Beeton sem fjallar um heimilisverk og skyldur húsmæðra og þjónustufólks.[188] Markhópur bókar frú Beeton voru húsmæður, og því er eingöngu fjallað um verkskyldur ráðskvenna sem störfuðu undir stjórn húsmæðra en ekki á húsmóðurlausu heimili.

Leiðbeiningaritið *Arnbjörg* eftir séra Björn Halldórsson (1724–1794) í Sauðlauksdal kemst næst því af íslenskum ritum að vera sambærilegt *Mrs Beeton´s Book of Household Management*. Ritgerðina skrifaði Björn um 1780 á sama tíma og hann vann að leiðbeiningaritinu *Atla* sem var ætlað bændum, en gera verður ráð fyrir að *Arnbjörg* endurspegli þá kvenímynd sem var ríkjandi fram undir miðja 19. öld og jafnvel lengur.[189] *Arnbjörg* fjallar aðallega um húsmóðurhlutverkið en reifar einnig skyldur hjúa, þ.m.t. ráðskvenna. *Arnbjörg*, líkt og bók frú Beeton, var ætluð húsmæðrum og því tók ritið einvörðungu til skyldna ráðskvenna sem lutu stjórn húsmæðra. *Arnbjörg* var fyrst gefin út árið 1843, áratugum eftir að hún var skrifuð og hafði því ekki möguleg bein áhrif á hugmyndir um ráðskonu- og húsmóðurstarfið fyrr en undir miðja 19. öld. Skrif Björns eru hins vegar til vitnis um þær hugmyndir sem fólk þess tíma hafði um störf ráðskvenna og húsmæðra.

> Um miðjan morgun klæðast konur eður litlu seinna, fer þá hver til verks síns, enn ráðskona til mjólkur búverka helst á sumrum... Ráðskona hefir það verk, at þrífa og hreinsa gésta stofu, svefnhús, borð, stóla, skápa, og annað það, sem til prýðis skal halda, líka aska og öll matar ílát, sem til daglegrar brúkunar eru höfð. Þetta er atgætt tvisvar í viku, miðvikudag og laugardag, og aldrei sjaldnar enn hvern laugardag.[190]

Ráðskonum líkt og húsmæðrum var ætlað að ráða innanbæjar.[191] Þær höfðu lögsögu á öllum þeim svæðum sem undir þær féllu og gátu hagað sér í samræmi við það. Eitt stakt dæmi um þetta vald þeirra er að þær höfðu forsjá búrsins í hendi sér og varðveittu alla jafna búrlykilinn ef hann var fyrir hendi. Það kemur til dæmis skýrt

---

186 Mills, *Discourse*, 79–80, kindle útg. Sjá líka Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 84.

187 Skrif sem taka til skyldna ráðskvenna má rekja allt aftur til Forn-Grikklands og Rómarveldis. Marcus Porcius Cato (Kató) sem var uppi frá 234 til 149 f.kr. fjallaði til að mynda sérstaklega um skyldur ráðskvenna (*vilicia*). Sjá Pomeroy, *Goddesses, Whores, Wives, and Slaves: Women in Classical Antiquity*, 192.

188 Robertson, *The History of the Housewife*, 48.

189 Sjá grein Erlu Huldu Halldórsdóttur þar sem hún fjallar um *Arnbjörgu* í sambandi við húshaldshugmyndafræðina. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Sem einn maður. Orðræða um hjónaband á 19. öld,“ 91.

190 Björn Halldórsson, *Arnbjörg*, 45 og 54.

191 Stundum tók húsbóndinn ráðin af ráðskonunni/húsmóðurinni. Sjá Árni Daníel Júlíusson *Landbúnaðarsaga Íslands* 2. bindi, 53; Guðríður B. Helgadóttir (f. 1921), viðtal við höfund.

fram í leiðbeiningaritinu *Arnbjörgu*, sem sýnir hvernig vinna og hlutverk kvenna getur haft áhrif á stöðu þeirra, m.a. innan aðalíveruhússins. Í skýringartexta Helga Thordersen biskups (1794–1867) í ritinu, er gefið til kynna að húsmóður gæti staðið ógn af ráðskonu á sama bæ, ef hún léði henni of mikið vald innanstokks. Hér er um ræða eins konar aðvörun til húsmæðra með vísun í þær afleiðingar sem stöðuskörun innanbæjar getur leitt af sér: „að hússmóðirin lýti samt alltaf eptir sjálf, svo öllum á heimilinu sé ljóst, að Ráðskonan sé ei orðin húsmóðir. – Því það sýnist horfa skakkt við, að hússmóðirin gjörist vinnukona og sitji æfinlega við vinnu uppá palli... en ráðskonan gángi um allt, bæði búr og eldhús.“[192]

Hefðbundin ráðskonu- og húsmóðurstörf á því tímabili sem hér er til umfjöllunar fólu í sér verkstjórn heimilisstarfa og eftirlit með þeim; uppeldi á börnum á bænum; umönnun aldraðra; móttöku gesta/ferðamanna; verkun kjöts og tengdra sláturafurða; þvotta og þrif; og störf er fólu í sér að koma ull í fat og mjólk í mat eins og sagt var í þá daga.[193] Svo ekki sé minnst á þekktasta starf húsmæðra til sveita, að skammta heimilisfólkinu mat: „Húsmóðirin skamtaði ætíð matinn, eða þá ráðskona sem stjórnaði búinu innanhúss, ef húsmóðir var engin.“[194]

Þegar störf ráðskvenna í sveit eru skoðuð þarf að muna að þótt vinna þeirra markist fyrst og fremst af vinnu innanstokks líkt og í tilfelli húsmæðra, þá gegndu þær líkt og húsmæður gjarnan einnig störfum sem flokka mætti sem útistörf. [195] Eitt af daglegum störfum margra ráðskvenna 1850–1950 var að sinna mjöltum sem þá var kvennastarf líkt og víða annars staðar í Evrópu.[196] Mjaltir fóru fram í fjósinu, sem stundum var sambyggt íbúðarhúsinu, t.d. undir baðstofunni. Heimildir eru til um ráðskonur sem tóku þátt í heyvinnu, um ráðskonur sem þjónustuðu fólk á engjum og um ráðskonur sem fóru á grasafjöll.[197] Mun færri heimildir eru til um ráðskonur sem gengu í öll útiverk á þessu tímabili.

Þrátt fyrir að ráðskonan væri ekki gift bóndanum líkt og húsmóðirin tóku verkskyldur hennar líkt og húsmóðurinnar gjarnan mið af efnahag heimilisins. Erla Hulda Halldórsdóttir hefur bent á að hvorutveggja félagslegt hlutverk kvenna og vinna þeirra hafi komið við sögu varðandi það hvaða máli konur náðu í samfélaginu á 19. öld. Sem dæmi hættu konur gjarnan að sinna útistörfum eftir að þær gengu í hjónaband og eftirlétu þá þau störf vinnukonunum, ekki síst í tilfelli húsmæðra á

---

[192] Björn Halldórsson, *Arnbjörg,* 56. Hér er vitnað í orð Helga Thordersen í neðanmálsgrein.

[193] Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands.* 2. bindi, 53; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 252–253; Pétur Ólafsson, *Móðir mín,* 69.

[194] Jón Jónsson, „Æsku endurminningar,“ 55. Sjá einnig Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands* 2. bindi, 53; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð.“

[195] Sjá Gísli Kristjánsson, *Móðir mín – húsfreyjan,* 7–8.

[196] Hér er sérstaklega verið að vísa til mjalta á kúm sem sinnt var af ráðskonum og húsmæðrum. Það voru vinnukonurnar sem mjólkuðu iðulega ærnar fyrir lok fráfæranna. Jónas Jónasson frá Hrafnagili, *Íslenzkir þjóðhættir,* 61. Það þekktist líka að húsmæður sinntu mjöltum áa ásamt vinnukonunum. Sjá Guðmundur Þorsteinsson, *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum*, 13.

[197] Guðrún Gísladóttir ráðskona fór á grasafjöll. Sjá „Á vökunni.“ *Alþýðuhelgin,* 12. febrúar 1949, 47. Sjá einnig umfjöllun um engjaföng í Þórður Tómasson, *Heyannir,* 186–187; Kristján Einarsson, „Engjadagur.“ *Heimskringla,* 25. október 1939, 3; ÞÞ 3042/1971–3 .

efnaheimilum: „Fyrir aðrar konur var veruleikinn sá að þær unnu alla þá vinnu sem inna þurfti af hendi, hvort sem það voru svokölluð karlmannsstörf eða kvennastörf,“ skrifar Erla Hulda.[198] Heimildir sýna að vinnuvettvangur ráðskvenna var meira afmarkaður við aðalhús bæjar á efnaheimilum. Auk þess höfðu ráðskonur á efnaheimilum þjónustustúlkur og vinnukonur til að létta sér störfin, líkt og í tilfellum húsmæðra.[199] Á efnaminni sveitaheimilum unnu ráðskonur hins vegar tíðar í senn karlmanns- og kvennastörf (s.s. á bæjum þar sem skortur var á karlkyns vinnuafli) og höfðu færri eða engin hjú undir sinni stjórn.[200] Í þeim tilvikum er erfiðara að aðgreina starfsskyldur ráðskonunnar frá starfsskyldum vinnukonunnar.[201]

Ráðskonustarfið krafðist almennt ekki mikillar sérhæfingar eða starfsreynslu af hálfu kvennanna umfram þá áunnu þekkingu sem íslenskar konur þróuðu með sér í uppvexti sínum og lífi á þessum tíma. Vissulega má þó segja að starfssvið ráðskvenna hafi verið afmarkaðra og um leið sérhæfðara en t.d. störf vinnukvenna.[202] Eftir 1870 eru þó dæmi um að konur sem sinntu ráðskonustörfum hefðu gengið í húsmæðraskóla eða mjólkurskóla, helst þær sem sinntu ráðskonustörfum á efnaheimilum og/eða stærri bæjum.[203] Það voru líka til ráðskonur sem voru menntaðar í öðrum fögum þó slíkt væri mun sjaldgæfara.[204] Ráðskonustarf á einkaheimili gat þjónað sem tímabundin staða fyrir menntaðar konur sem ekki höfðu fengið starf í því fagi sem þær höfðu sérhæft sig í. Dæmi um það eru til að mynda lærðar rjómabústýrur á fyrri hluta 20. aldar sem gerðust ráðskonur á einkaheimilum, þegar rjómabúin voru að leggjast niður.[205]

## 2.3. Viðhorf til kvennastarfa

Áhrif ríkjandi verkaskiptingar kynjanna á bændasamfélagið eru augljós, allt frá grunnuppbyggingu sveitasamfélagsins til kynbundinnar niðurröðunar starfanna sem

---

[198] Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur,* 82–83; Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands.* 2. bindi, 52.

[199] Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands* 2. bindi, 47; Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld,* 14. Guðmundur segir að „það voru nánast háembættismenn einir sem höfðu mörg innanhúshjú.“

[200] Sjá Osterud, *Bonds of Commmunity,* 150.

[201] Efnahagur og ekki síst félagsleg staða húsráðenda höfðu líka afgerandi áhrif á stöðu ráðskvenna í sögunni. Sjá Gísli Jónsson og Kristján Jónsson, *Því gleymi ég aldrei* n.t.t. bókarkaflann um Hlín Johnson ((f. 1876) sem var ráðskona Einars Benediktssonar, „Húsfreyjan í Herdísarvík,“ 9–25.

[202] Til samanburðar má nefna að starfsskyldur ráðskvenna á 19. öld í Bretlandi voru mun skýrari en annarra innanhúshjúa. Sjá Robertson, *The History of the Housewife 1650–1950,* 56.

[203] Sigríður „stórráða“ Magnússdóttir (1833–1919) sem var ráðskona í Möðrudal 1863–1873 var til að mynda lærður mjólkurfræðingur frá Danmörku. Sjá Finnbogi Hermanssson, *Vestfirskar konur í blíðu og stríðu.* 1. bindi, 68.

[204] „Guðlaug Jónsdóttir, ljósmóðir,“ 30; „Eftirmæli.“ *Íslendingur,* 1. september 1916, 144.

[205] Rjómabústýrur bjuggu að starfstengdri þekkingu sem þær gátu nýtt að starfinu loknu, s.s. þekkingu er tók til hreinlætis og framleiðslu á betra smjöri. Sjá J.Ó. „Minningarorð um mæðgin.“ *Morgunblaðið* 7. maí 1933, 7. Þar er fjallað um Guðnýju Jónsdóttur (f. 1878) sem gerðist ráðskona hjá bónda að Elliðavatni í kjölfar þess að hafa starfað sem rjómabústýra í Leirársveit í 2–3 sumur. Hún giftist bóndanum síðar og varð þá húsmóðir.

þar voru unnin og viðhorfa til þeirra starfa.[206] Þegar litið er á þann vinnuþrældóm sem fólst í því að sinna húsverkum áður en tæknin og tilbúin matvæli léttu þau störf – má öllum ljóst vera hvers vegna karlmenn höfðu engan áhuga á þeim störfum.[207] Heimilisstörf voru jafnari yfir árið í samanburði við vinnu karlmanna og því umfangsmeiri.[208] Vinnudagur kvenna var ekki eins skýrt afmarkaður við settan tímaramma líkt og vinnudagar karla. Í fyrsta lagi má rekja það til þess að vinnuvettvangur kvenna (aðalíveruhús bæjarins) var í senn rými þeirra til vinnu og hvíldar, og vinnan jafnan í forgangi. Heimildir sýna að heimilisstörfin voru unnin fyrst og síðust allra verka á bænum. Þekkt er í frásögnum af heimilislífi til sveita að húsfreyjur hafi farið síðastar manna að sofa og verið fyrstar á fætur af heimilisfólkinu.[209] Þjónusta af þessu tagi gat verið mjög tímafrek en konurnar sem leystu hana af hendi hlutu þó engin viðbótarlaun fyrir vinnu sína, enda hugtökin er síðar komu fram um auka- og yfirvinnu ekki til og víðsfjarri veruleika þeirrar sleitulausu vinnu sem sinnt var möglunarlaust í þá daga.[210]

Karlmannsstörf til sveita voru metin meira en kvennastörf.[211] Í því sambandi má nefna lýsingar þar sem lítið er gert úr körlum sem unnu verk sem álitin voru kvenmannsverk, s.s. karlar sem rökuðu hey, elduðu eða mjólkuðu kýr (karlar mjólkuðu ekki ær).[212] Lýsingar þar sem karlar eru hæddir fyrir það að vinna störf kvenna, fela í sér varnaðarorð til karlmanna sem minna skulu á þá staðreynd að karlmönnum er ætlaður ákveðinn sess, sá æðri. Einnig má nefna lýsingar þegar konum var hampað sérstaklega fyrir það að geta/vilja vinna karlmannsstörf[213] – þar sem meðal annars var stuðst við skýringar karlanna á því að þeirra störf væru erfiðari en kvennastörf. Gögn um heimilis- og landbúnaðarstörf kvenna sýna þó þvert á móti að störf kvenna voru ekki léttari en störf karla, nema síður sé.[214]

---

[206] Sjá Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld,* 48.

[207] Í fyrirlestrinum *Heimilislífið* eftir Ólaf Ólafsson, er m.a. fjallað um misrétti í vinnukjörum og launamálum hjúa út frá sögunni og biblíunni, og konur sagðar vera þrælar karla í bændaþjóðfélaginu. Ólafur Ólafsson, *Heimilislífið,* 63.

[208] Ólafur Ólafsson, *Heimilislífið,* 60.

[209] Margar frásagnir af mæðrum og húsmæðrum í bókunum *Móðir mín* og *Móðir mín– húsfreyjan* gefa innsýn í andvökunætur húsmæðra og annir morgna þeirra. Sjá Pétur Ólafsson, *Móðir mín; Gísli* Kristjánsson, *Móðir mín– húsfreyjan.* Sjá líka Ólafur Ólafsson, *Heimilislífið,* 60; Osterud, *Bonds of Commmunity,* 12–13 og 160–161.

[210] Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld,* 30.

[211] *Lbs.-Hbs.* Sigríður Th. Erlendsdóttir, Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914, 19; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 233 og 248; Sigríður Björnsdóttir, *Í ljósi minninganna,* 84.

[212] *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 233 og 248; Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands.* 2. bindi, 49–50 og 53. Til samanburðar má nefna umfjöllun Östman um neikvæð viðhorf til karla sem sinntu mjöltum í Finnlandi 1870–1940 í Östman, *Mjölk och jord,* 202.

[213] Hér má sérstaklega benda á lýsingar af vinnukonum er sinntu slætti eða af vinnukonum sem voru látnar róa á vertíðum. Sjá skrif um vinnukonur sem voru jafnframt hásetar: Óskar Clausen, *Með góðu fólki,* 93–102; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Ísland i 1100 ár,* 204–206; Þórunn Magnúsdóttir, *Sjókonur á Íslandi 1891–1981.*

[214] Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, 392; Hermann Jónasson. „Athugasemdir um heimilisstjórn, vinnumennsku og lausamennsku.“ *Búnaðarrit*, 1. janúar 1888, 62–95.

Það vekur eftirtekt að konur sem unnu nær eingöngu heimilisstörf nutu alla jafna meiri virðingar en konur sem sinntu hvorutveggja landbúnaðar- og heimilisstörfum (konur á borð við vinnukonur og kaupakonur). [215] Hvernig vinnutengslin voru við verkstjóra býlisins réð á vissan hátt hver virðingarstaða starfanna var. Konur sem störfuðu einvörðungu eða mestmegnis innanbæjar nutu meiri virðingar fyrir störf sín og drýgri eftirtekju af þeim störfum – vegna þess að þær unnu á vettvangi sem einungis var ætlaður konum og undir verkstjórn konu. Virðingin var hins vegar minni fyrir kvennastörfunum sem unnin voru við hlið karla undir verkstjórn þeirra. Störfum kvenna utanstokks er ekki hægt að jafna við starfssvið karla þar, vegna þess ójafnræðis sem var með kynjunum á því sviði. Þau kvennastörf markast því hvorki af starfssviði kvenna innanstokks eða með beinum hætti starfssviði karla utanstokks, og því má segja að þau störf feli í sér samruna/skörun á kynjuðum hugmyndum um konur og karla.[216] Vegna þess er réttilega hægt að segja að þessi störf kvennanna feli það í sér að heyra undir kvenlægt svið sem fellur valdlega séð undir starfssvið karla í þeim útistörfum. Vegna þessarar skörunar sem þarna er fyrir hendi er þessi starfsvettvangur kvennanna á sviði sem kalla mætti *millisvið*: viðurkennt athafnarými kvenna á starfssviði karla á sveitabæjum, sem grundvallast á hugmyndum um kvenleika (líkan 1).

[215] Upplýsingar um ólík viðhorf til kvenna í hjúastétt er sinntu vinnukonu- og kaupakonustörfum á sveitabæjum, og heimildir um viðhorf til kvenna er sinntu gagngert innanhússtörfum 1850–1950, er að finna í heimildum á borð við endurminningar sem og í viðtölum sem tekin voru fyrir rannsóknina.

[216] Starfssvið kvenna og karla á sveitabæjum mótuðust út frá hugmyndum um eðli og hlutverk kynjanna líkt og nefnd einka- og almannasvið kynjanna. Erla Hulda Halldórsdóttir segir að mörk einkasviðsins og almannasviðsins séu stundum óljós. Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, 40.




**Líkan 1**. Líkanið sýnir á myndrænan hátt aðskilin starfssvið kynjanna á sveitabæ með hliðsjón af störfum ráðskvenna, húsmæðra og vinnukvenna. Millisviðið rúmar þau kvennastörf sem féllu ekki með öllu að starfssviði kvenna innanstokks né að öllu að starfssviði karla utanstokks.

## 2.4. Bakgrunnur ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra 1850–1950

Algengast var að ráðskonur væru ráðnar á einmenningsheimili, einkum heimili einhleypra bænda árin 1850–1950.[217] Mjög óalgengt var að ráðskonur störfuðu á sveitabæjum einyrkjahúsmæðra „sem höfðu sjaldan öðrum á að skipa en sjálfum sér fyrr en börn þeirra uxu svo úr grasi að vinnufær væru.“[218] Enda þótt það þekktist að fleiri en ein ráðskona starfaði samtímis á einum og sama bænum þá gilti almennt að aðeins ein ráðskona starfaði í senn á hverjum bæ og heyrði til algjörra undantekninga ef þær voru fleiri samkvæmt manntölum.[219] Það gat líka gerst að tveir húsbændur væru á heimili og tvær ráðskonur. Sú tilhögun endurspeglar fyrirkomulag sem var á

[217] Sjá Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntal.is.

[218] Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, 28.

[219] Sjá gamansögu sem hverfist um valdabaráttu tveggja ráðskvenna sem búa á sama bæ: Jóhannes Bjarni Jónasson [úr Kötlum], „Speki Salómons,“ 7.

sumum bóndabæjum í fyrri tíð, þegar tvær fjölskyldur bjuggu undir sama þaki og voru þjónustaðar af tveimur húsfreyjum.[220]

Þó svo að það væri sjaldgæft að fleiri en ein ráðskona væri á einum bæ, var það alls ekki óalgengt að húsmóðir og ráðskona störfuðu saman á bæ. Heimildir benda þó til þess að slíkt fyrirkomulag hafi fremur tíðkast á bæjum þar sem móðir bóndans var enn í húsmóðurhlutverkinu; á bæjum þar sem húsmóðirin var nokkuð eldri en bóndinn; eða á stærri og umsvifamiklum býlum. Á alþýðuheimilum var öllu algengara að húsmóðir hefði vinnukonu og/eða eldabusku sér innan handar, fremur en ráðskonu.[221] Í þeim tilvikum þar sem húsmóðir og ráðskona störfuðu á sama bænum hafði húsmóðirin yfirverkstjórn á sinni hendi og því má segja að ráðskonan hafi verið eins konar undirhúsmóðir. Einnig var algengt að ráðskonur stigu inn á heimili í fjarveru og/eða í veikindum húsmæðra.[222] Í því sambandi má t.d. nefna tilfelli þar sem konur hlaupa í skarðið sem ráðskonur á heimilum þar sem húsmæður venslaðar þeim falla frá.[223] Dæmi um slíka ráðskonu er Guðveig Brandsdóttir (1908–1998) sem gerðist ráðskona hjá mági sínum í kjölfar þess að systir hennar lést frá þremur ungum börnum. Á þeim tíma hafði Guðveig fengist við kennslu: „Þegar að systir hennar deyr lét hún af kennslustörfum og gerðist ráðskona hjá mági sínum. Það var önnur ráðskona fyrir en Guðveig að segja má ýtti henni í burtu. Guðveig var þar síðan ráðskona í 40 ár. Hún tók aldrei saman við mág sinn og eignaðist aldrei börn.“[224]

Á 19. öld og á öndverðri 20. var ráðskonustarfið hlutfallslega fátítt en þó besti atvinnukosturinn fyrir einhleypar konur, því ef það starf var ekki í boði beið þeirra fátt annað en illa launað vinnukonustarf.[225] Á síðari hluta 19. aldar störfuðu 35–40% landsmanna sem vinnuhjú.[226] Fjöldi ráðskvenna/bústýra sem hlutfall af heildarfjölda Íslendinga (hundraðshluti) var í kringum 1% á ofanverðri 19. öld og á öndverðri 20. öld. Enda þótt fjöldi ráðskvenna væri á þessu róli var samt sem áður töluverður munur á fjölda þeirra samkvæmt manntölunum. Einhæfni sú sem einkenndi hérlenda atvinnuhætti í upphafi þessa tímabils sést vel á því að árið 1850 lifðu 82% landsmanna af landbúnaði. Þær gríðarlegu samfélagslegu breytingar sem áttu sér stað á ofanverðri 19. öld höfðu síðan afgerandi áhrif á fjölgun ráðskvenna.[227] Rétt er að benda á að um aldamótin er farið að örla á þéttbýlismyndun á Íslandi sem gerir það að verkum að samanburður á milli tímabila breytist. Í manntölum 1920–1950 féllu

[220] Sjá t.d. „Þórður K. Ólafsson bóndi í Lindarbæ.“ *Tíminn*, 1. október 1994, 14.

[221] Eldabuskur (einnig nefndar eldakonur eða eldastúlkur) voru gjarnan vinnukonur sem sinntu eldakonustarfinu samhliða vinnukonustarfinu, ekki síst á stærri heimilum.

[222] Sjá t.d. ÞÞ 12218/-0 þar sem fjallað er um ráðskonu sem hugsaði um heimili á meðan húsmóðirin lá á sæng. Einnig eina af mörgum auglýsingum þar sem auglýst er eftir ráðskonu í forföllum húsmóðurinnar í *Morgunblaðinu*, 15. janúar 1947, 3.

[223] Sjá „Kristrún Jónsdóttir frá Kópsvatni.“ *Tíminn*, 5. maí 1923, 45.

[224] Böðvar Jónsson, viðtal við höfund.

[225] Inga Huld Hákonardóttir, *Fjarri hlýju hjónasængur*, 168.

[226] Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 7.

[227] Samkvæmt manntalsgögnum voru ráðskonur 1,3 % af landsmönnum árin 1870 og 1880; 1,5 % árið 1890; 0,7% árið 1900; 0,9% árið 1920. Til samanburðar má nefna að hlutfallslegur fjöldi ráðskvenna af landsmönnum árin 1703, 1816, 1835 og 1840 var 0,8%, og 0,7% árið 1845.

ráðskonur almennt undir flokk *heimilishjúa* á einkaheimilum, eins og t.d. vinnukonur. [228] Heimilishjú voru stærsti einstaki hópurinn í atvinnuflokknum persónuleg þjónustustörf, þar sem konur voru í algjörum meirihluta. Á meðan heimilishjúum fækkaði jókst fjöldi ráðskvenna, ekki síst í Reykjavík og í kaupstöðum utan Reykjavíkur, á fyrri hluta 20. aldar. Árið 1930 voru 1613 ráðskonur starfandi sem samsvaraði um 1,5% af fjölda Íslendinga. Af þeim hópi voru 500 ráðskonur í sveit,[229] nokkuð sem sýnir að þá voru ráðskonur í þéttbýli orðnar fleiri en í sveitum landsins. Áratug síðar (1940) eru ráðskonur komnar niður í 0,8% af heildarfjölda Íslendinga. Samt sem áður voru ráðskonur langfjölmennastar af því starfsfólki sem sinnti persónulegri þjónustu á þeim tíma eða 1002 að tölu. Af þeim fjölda voru 593 ráðskvennanna starfandi í sveit eða ríflega helmingur þeirra.[230] Í manntalinu 1950 heyra ráðskonur undir flokk fólks sem hefur heimilisstörf að atvinnu.[231] Í þeim hópi voru líka t.d. þvottakonur, ræstingakonur og vinnukonur sem unnu hjá einstaklingum og stofnunum, aukinheldur húsmæður sem höfðu einhverja atvinnu að aðalstarfi en unnu auk þess að heimilisstörfum. Í manntalinu 1950 segir að heimilishjú séu þá 1,3% af heimilisföstu fólki, en það kemur ekki fram hve stór hluti þess hóps voru ráðskonur.[232]

Ráðskonustéttin samanstóð af fjölbreyttum hópi kvenna, en konur voru í ráðskonuvist bæði hjá vandalausum og skyldum.[233] Til að mynda var algengt að ráðskonur störfuðu hjá einhleypum bræðrum sínum, feðrum sínum sem voru ekkjumenn eða hjá fullvaxta sonum sínum.[234] Í hópi ráðskvenna voru líka fyrrum vinnukonur og kaupakonur sem hlutu framgang í starfi með því að færa sig í ráðskonustarfið.[235] Í minningargreinum um ráðskonur kemur líka fram að ákveðinn hluti ráðskvenna á Íslandi voru lausakonur/saumakonur áður en þær réðu sig í ráðskonuvist. [236] Af öðrum hópi kvenna sem sóttist eftir því að komast í ráðskonustöður voru fyrrum húsmæður, ekki síst ekkjur. Af fróðlegu óhefðbundnu

---

[228] Sjá *Hagskýrslur um manntöl* (1913–1975). Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, manntal.is.

[229] *Manntal á Íslandi 2. desember 1930,* 160. Tafla XXIX.

[230] *Manntal á Íslandi 2. desember 1940,* 118. Tafla XV. Sjá líka 38.

[231] Sjá Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 454–456.

[232] *Manntal á Íslandi 1. desember 1950,* 84. Tafla XV. Sjá einnig sömu heimild, 55–56.

[233] Í manntölunum sem tekin voru á tímabilinu kemur fram hvort ráðskona/bústýra var skyld vinnuveitanda sínum eða í hjúskap með vinnuveitanda sínum. Til glöggvunar má geta að það var hlutfallslega mikil fækkun í hópi ráðskvenna sem voru skyldar bónda á þessu tímabili miðað við þær tölur sem koma fram í manntalinu 1703.

[234] Sjá heimild um ráðskonu hjá syni sínum: „Þórður Þórðarson bóndi Gauksstöðum, Jökuldal.“ *Íslendingaþættir Tímans*, 15. apríl 1982, 15. Sjá heimildir um ráðskonur hjá feðrum sínum: Theódór Friðriksson, *Hákarlalegur og hákarlamenn,* 83; „Þess skal getið, sem gert er.“ *Tíminn*, 30. maí 1940, 232.

[235] Heimild um vinnukonu sem gerðist ráðskona hjá sýslumanni er frásögnin af Jófríði Þorkelsdóttur í Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn,* 240–241.

[236] Sem dæmi má nefna Guðríði Ólafsdóttur (f. 1864) sem var ekkja og saumakona sem bjó við þröngan kost áður en hún gerðist ráðskona. Sjá Jón Auðuns, „Rausnarleg gjöf í húsbyggingarsjóð S.R.F.Í.“ *Morgunn*, 1. desember 1943, 191–192.

tilviki um vinnuforsögu ráðskonu, má nefna konu sem gekk úr húsmóðurstarfinu til þess að gerast ráðskona.[237]

Flestar konur sem störfuðu sem ráðskonur á tímabilinu 1850–1950 voru á miðjum aldri. Þegar litið er til manntalsgagna (1850–1920) voru ráðskonur að meðaltali í kringum fertugt og staðalfrávik meðaltalanna sýna að 75% af skráðum ráðskonunum á því tímabili var á aldursbilinu 30–50 ára:[238] „Ráðskonurnar voru yfirleitt eldri en vinnukonurnar, þó ráðskonurnar gátu líka verið ungar; kannski um þrítugt, fertugt, fimmtugt, og voru með stálpuð börn með sér. Þær höfðu meiri ábyrgðartilfinningu og kannski meiri sjálfsvitund," tjáði Sigríður Th. mér í viðtali okkar.[239] Ráðskonur sem voru barnungar og fjörgamlar voru þó alls ekkert einsdæmi í manntölunum. Breiður aldursflokkur ráðskvenna útskýrir kannski af hverju aldur ráðskvenna er svo algengt umfjöllunarefni í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonu í sveit, líkt og fjallað er um síðar í kaflanum. Aldur ráðskvenna er líka títt til umfjöllunar í sögulegum heimildum en þó mun meira í skálduðum heimildum.[240]

Bróðurpartur starfandi ráðskvenna voru ógiftar konur. Giftar konur fundust á meðal ráðskvenna en það var óalgengt. Í þessu sambandi er mikilvægt að nefna að atvinnuþátttaka giftra kvenna var marktækt minni en ógiftra kvenna á því tímabili sem hér er til umræðu.[241] Ekkjur voru verulegur hluti ráðskvenna og fráskildar konur óverulegur hluti.[242] Hluti ráðskvenna voru einstæðar mæður sem höfðu börn sín með sér í vistina, en staða einstæðra mæðra á því tímabili sem hér er verið að fjalla um var mjög bág.[243] Á þeim bæjum þar sem í senn var ráðskona og vinnukona kom á daginn að vinnukonur reyndust nokkru sjaldnar en ráðskonur hafa börn sín með sér í vistinni.[244]

Á meðal ráðskvenna voru líka konur sem titlaðar voru konur og/eða barnsmæður bóndans.[245] Þegar ráðskona átti barn með bóndanum var hún ýmist skráð

---

[237] Jóhanna Gunnarsdóttir (1878–1967) húsmóðir skildi og gerðist ráðskona hjá fyrrum vinnumanni sínum. Sjá *Skagfirzkar æviskrár,* 58–59 og 65–67; HSk. 1709, 4to. Líkræða Jóhönnu Gunnarsdóttur (1878–1964).

[238] Til dæmis má nefna að manntalið fyrir árið 1890 sýnir að meðaldur ráðskvenna/bústýra er 40 ár. Ekki er hægt að segja til um meðalaldur ráðskvenna 1920–1950 sökum skorts á heimildum um aldur þeirra.

[239] Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund. Það að ráðskonur voru gjarnan eldri en vinnukonur og kaupakonur kom fram í fleiri viðtölum rannsóknarinnar.

[240] Sjá Halldór Laxness, *Sjálfstætt fólk,* 483–486.

[241] Sjá *Hagskinna,* 216.

[242] Sjá Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir, „Ekkjur á Íslandi um síðustu aldamót."

[243] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 181; Ólöf Garðarsdóttir, „The implications of illegitimacy in late-nineteenth-century Iceland." Kristín Jónsdóttir sagði mér í viðtali okkar að konur sem störfuðu sem ráðskonur í Eyjafirði á fyrri hluta 20. aldar hafi jafnan komið úr lágstétt, úr þéttbýli og oft verið einstæðar mæður: „Þær komu ekki mikið úr sveitinni. Þær komu frá Akureyri og úr smáplássum eins og Dalvík, Svalbarðseyri, Grenivík, Siglufirði, og héðan og þaðan að sunnan." Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, viðtal við höfund.

[244] Skv. manntalsgögnum fyrir 1850–1920.

[245] Af giftum ráðskonum má nefna þær sem voru giftar syni bóndans eða vinnumanni á bænum.

ekkja, ógift eða fráskilin. Það var ekki óalgengt að ráðskonur sem áttu börn með bændum væru titlaðar ráðskonur en ekki húsmæður á meðan þær voru í óvígðri sambúð með þeim, líkt og manntöl, andlátsfregnir, andlátstilkynningar og minningaskrif sýna.[246] Ætla má að sá hluti kvenna sem var í óvígðri sambúð með bændum þeim sem þær sinntu heimilisstörfum fyrir hafi gengið undir starfsheitinu ráðskona. Þá ályktun byggi ég m.a. á því að það tíðkaðist ekki að notast við orðið sambýliskona á umræddum tíma, líkt og á síðari tímum.[247] Mun algengara var að vísa til ráðskvenna sem barnsmæðra bænda heldur en vinnukvenna þeirra í manntölum, jafnvel þó svo að hluti bænda eignaðist börn með vinnukonum sínum. Það misvægi má útskýra á fleiri en einn veg.

Fræðimenn hafa bent á að hlutfall ógiftra kvenna í íslensku bændasamfélagi á þessum tíma hafi verið óhemju hátt miðað við önnur lönd í Evrópu. Hátt hlutfall ógiftra kvenna hérlendis olli því að margar konur náðu ekki þeim áfanga að verða húsmæður á eigin heimili.[248] Félagsleg og starfstengd hlutverk einhleypra kvenna mótuðust engu að síður af heimilinu sem þær tilheyrðu. Einhleypar konur sinntu gjarnan hlutverki dótturinnar í foreldrahúsum og hlutverki vinnuhjús utan foreldrahúsa. Hjónaband var eina leiðin fyrir einstæðar konur til að komast úr þessum hlutverkum.[249] Í hinni sígildu bók Louise A. Tilly og Joan W. Scott *Women, Work & Family* segir að einhleypar konur hafi jafngilt börnum í samfélaginu. Tilly og Scott benda t.d. á að orðið stúlka (e. *girl/maid*) þýddi einnig þjónustukona. [250] Á Íslandi var mjög oft notast við orðið *stúlka* yfir einhleypar konur sem sinntu hinum ýmsu þjónustustörfum, stundum óháð aldri þeirra kvenna. Þannig voru ungar og jafnvel aldnar konur kallaðar stúlkur þegar vísað var til þeirra sem vinnuafls, allt fram eftir miðri 20. öld.[251] Ráðskonur voru hins vegar aldrei kallaðar stúlkur. Það hefur líklega ekki þótt við hæfi því þær sinntu húsmóðurstörfum.[252] Ráðskonustaðan var líkt og áður segir eins konar millistig á milli annarra vinnuhjúa og húsmæðra. Með því að gerast ráðskonur gátu konur sagt skilið við dóttur- og vinnuhjúahlutverk án þess þó að þurfa að giftast. Því til rökstuðnings má benda á að ráðskonustarfið var í sumum tilfellum fyrsta aðalstarf kvenna sem voru í foreldrahúsum, þ.e. kvenna sem voru ráðskonur hjá feðrum sínum, bræðrum og í færri tilvikum hjá foreldrum sínum. Staða

---

[246] Sjá t.d. manntalið 1880 þar sem Guðríður Sigurðardóttir er skráð bústýra og hjú. Þar kemur enn fremur fram að Guðríður og bóndinn eiga saman tvö börn. Einnig eru dæmi um að barnsmæður bænda væru skráðar bústýrur og frillur þeirra, s.s. í skráningum Suður-Þingeyjarsýslu í sama manntali (1880). Sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands, manntal.is.

[247] ÞÞ 6437. ÞÞ 10285; Sjá líka „Þurrbúðir, sveitarþyngsli o.fl.“ *Þjóðólfur*, 9. júlí 1886, 1. Konur voru nær aldrei skráðar unnustur í manntölum.

[248] Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands* 2. bindi, 48; Hartman, *The Household and the Making of History*, 283.

[249] Scott og Tilly, *Women, Work & Family*, 31.

[250] [250] Scott og Tilly, *Women, Work & Family*, 31.

[251] Konur, jafnvel eldri konur, kölluðu sig stundum stúlkur t.d. í auglýsingum þar sem þær óska eftir starfi.

[252] Vinnukonur voru kallaðar stúlkur og vinnustúlkur.

kvenna sem sinntu ráðskonustörfum hjá foreldrum sínum eða bræðrum, er áhugaverð í ljósi þess að þær voru í senn fjölskylda og vinnuhjú.

Ráðskonustarfið var yfirleitt ekki ævistarf og því almennt tímabundin ráðning.[253] Mismunandi var hvort konur réðu sig í eina eða fleiri ráðskonuvist yfir ævina, hluti ráðskvenna voru í langtímavist sem gat jafnvel spannað heilu áratugina. Það virðist sem ákveðin göfgi hafi verið talin fólgin í því ef konur voru vistráðnar lengi á sama bæ, en um það vitna minningargreinar um ráðskonur.[254] Engum sögum fer hins vegar af því að slík göfgi hafi tengst tímabundnum vistráðningum. Ágætar heimildir um langtímavistir ráðskvenna eru minningargreinar og líkræður bænda um ráðskonur sínar, en þær miðla gjarnan söknuði og eftirsjá bændanna eftir félagsskap og þjónustu ráðskvenna sinna. Hlutverk ráðskvennanna í lífi bændanna liggur þó ekki alltaf fyrir í þeim greinum: hvort ráðskonurnar þjónuðu hlutverki vinkonu, þjónustukonu, ástkonu eða voru móðurígildi í lífi þeirra – eða allt í senn.[255]

Þegar ráðskonur á sveitaheimilum fundu sér mannsefni utan heimilisins og gengu í hjónaband fól það gjarnan í sér að þær sögðu upp vistinni. Einnig þekktist það vel að þegar bóndinn giftist konu sem tók við bústjórninni varð ráðskonan að víkja. Ágætt dæmi um það er þegar ráðskona sá um heimili bróður síns uns hann giftist.[256] Önnur þekkt ástæða þess að ráðskonur sögðu upp vist sinni var einfaldlega sú að þær ákváðu að hefja störf á öðrum vettvangi, ýmist sem ráðskonur á öðrum bæjum eða á nýjum starfsvettvangi. Í mörgum tilfellum lauk ráðskonuvistinni þó með hjónabandi bóndans og ráðskonunnar.

## 2.5. Birtingarmynd ráðskonustarfsins í auglýsingum

Jafnvel þó að hörgull sé á heimildum er gefa skýra mynd af ráðskonustarfinu fyrr á tímum er hægt að auðkenna verkskyldur, hlutverk sem og félagslega stöðu ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra, út frá kröfum fólks til ráðskonustarfsins. Samhljóm þeirra krafna má finna í hundruðum auglýsinga sem voru teknar til skoðunar í þessari rannsókn þar sem óskað var eftir ráðskonu/bústýru. Auglýsingar þar sem óskað er eftir ráðskonu eða ráðskonuplássi birtust fyrst á öndverðri 20. öld og gefa einstaka innsýn í viðhorf samtímamanna til starfsins, bæði út frá sjónarhorni þeirra sem óskuðu eftir ráðskonum og þeirra kvenna sem auglýstu eftir ráðskonustarfi.

Í auglýsingum þar sem auglýst var eftir ráðskonu, var oftast óskað eftir konum sem voru vel að sér í matartilbúningi; konum sem voru vanar hússtjórn og

[253] Sjá heimild um langtímaráðningu: Jón Kristjánsson. „Pétur Valgeir Halldórsson bóndi í Kjörseyri.“ *Tíminn*, 15. september 1967, 7–8, hér 8.

[254] Sbr. beiðnir kvenna um vinnuhjúaverðlaun Búnaðarfélags Íslands. Konur, ekki síst eldri konur, voru í meirihluta þeirra sem sóttu um vinnuhjúaverðlaun. Árið 1915 sendu til að mynda einungis vinnukonur inn beiðnir. *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands, M/3 - 1. Ráðningarstofa Landbúnaðarins 1915.

[255] Nefna má tilfinningaþrungna þakkaræðu sem Júlíus Jakobsson (1875–1938) bóndi á Skáldsstöðum skrifaði til ráðskonu sinnar Rósu Benjamínsdóttur (1873–1936) að henni látinni. Sjá HA: G-63-28

[256] Sjá umfjöllun um Salínu Metúsalemsdóttur (1884 – 1931) sem gerðist ráðskona hjá bróður sínum uns hann giftist árið 1930, í bæklingi sem Ágústa Þorkelsdóttir tók saman um Salínu fyrir Minjasafnið Burstafell. Ágústa Þorkelsdóttir, *Salína og Ameríkukistan*.

innanhússtörfum; konum sem gátu séð um uppeldi á börnum; konum sem kunnu að mjólka, en sjaldnar var óskað eftir konum sem voru vanar sveitastörfum. Það var heldur ekki óalgengt að kröfur væru gerðar til ráðskvenna í tengslum við skapgerð þeirra og innræti í auglýsingunum. Þær kröfur sem gerðar voru til persónuleika ráðskvenna sýna að auglýsendur voru í raun að leita eftir konu sem féll að staðlaðri ímynd húsmóðurinnar. Algengar kröfur voru að konurnar áttu að vera þrifnar; ráðvandar; ráðsettar; reglusamar; stilltar; siðprúðar; og barngóðar.

Einnig má nefna kröfur um aldur þeirra. Ýmist var óskað eftir eldri konum eða ekkjum, en uppsöfnuð reynsla á sviði heimilisstarfa er gjarnan aldurstengd. Orðfærið sem felst í því að tala um ráðsettar konur, sem hefur sannarlega samsvörun við orðið ráðskona, felur til að mynda í sér þá staðreynd að þegar konur fara að reskjast eru þær ráðum settar, þ.e. þær hafa áunnið sér þekkingu á ýmsum hlutum í gegnum tíðina og þau ráð nýtast þeim. Ætla má að krafa auglýsenda um háan aldur og/eða ekkjuskap tengist því að þá væru meiri líkur á að konurnar byggju yfir meiri starfsreynslu, bæði með hliðsjón af háum aldri og/eða vegna reynslu sinnar sem húsmæður: „Ekkja eða eldri kona, þrifin og ráðvönd, getur fengið hæga stöðu, sem bústýra hjá einum manni," segir í auglýsingu frá 1928.[257] Það var þó ekki síður óskað eftir yngri konum til ráðskonustarfa í sveitum. Oftast var óskað eftir konum á tvítugs- og þrítugsaldrinum: „Reglusöm ráðskona, helzt á aldrinum 25–35 ára óskast frá 1. sept. eða 1. okt," stendur í auglýsingu frá 1942.[258]

Því til viðbótar voru gjarnan gerðar kröfur til kvennanna vegna hjúskaparstöðu þeirra og jafnvel varðandi útlit þeirra. Í auglýsingu frá 1936 segir: „Ráðskona. Einhleyp, stillt stúlka, milli tvítugs og þrítugs, óskast á fáment heimili." [259] Sambærilegar kröfur heyrðu til undantekninga í auglýsingum þar sem óskað var eftir vinnukonum eða kaupakonum á sveitabæi. Í sumum auglýsingunum þar sem óskað er eftir ráðskonu, kemur beinlínis fram að bóndinn hafi hjúskap í huga: „Ungur sjálfseignarbóndi óskar eftir ráðskonu, með hjónaband í huga. Mætti hafa með sjer barn."[260] Auglýsingar þar sem bændur óska eftir ráðskonu með hjúskap í huga vitnar um viðhorf til ráðskvenna sem mögulegra eiginkvenna. Það vekur athygli að umræddar auglýsingar eru ekki á neinn hátt rómantískar og víkja í reynd ekki frá uppsetningu hefðbundinna auglýsinga þar sem verið var að auglýsa eftir ráðskonum.

Auglýsingar þar sem ráðskonur óskuðu eftir ráðskonuplássi á árunum 1900–1950 eru ekki síður upplýsandi um ráðskonustarfið, ekki síst varðandi kröfurnar sem konurnar gerðu til starfsins. Almennt gilti að konur óskuðu eftir ráðskonustöðu á fámennu heimili: „Myndarleg stúlka óskar eftir plássi sem ráðskona helst á fámennu heimili," segir í auglýsingu frá 1920.[261] Hluti kvennanna tók það sérstaklega fram hve margt fólk þær óskuðu eftir að þjónusta, yfirleitt einn til þrjá aðila. Þó nokkrar konur óskuðu eftir að starfa sem ráðskonur á barnlausu heimili: „Kona með dreng, 2ja ára,

[257] Auglýsing í *Vísi* 8. júlí 1928, 4.
[258] Auglýsing í *Vísi* 24. júlí 1942, 3.
[259] Auglýsing í *Vísi* september 1936, 4.
[260] Auglýsing í *Morgunblaðinu*, 22. apríl 1942.
[261] Auglýsing í *Vísi*, 3. júní 1920. 4.

óskar eftir ráðskonustöðu á barnlausu heimili.“[262] Sumar konur óskuðu svo eftir að starfa á „léttu og rólegu heimili.“[263] Sé tekið mið af auglýsingum kvenna sem óska eftir ráðskonustöðu er ljóst að vinsælla hefur verið að starfa sem ráðskona á húsmóðurlausu heimili, líklega vegna þess að þá hafði ráðskonan aukið vald inni á heimilinu. Fáar auglýsingar eru til þar sem konur óskuðu beinlínis eftir að starfa sem ráðskonur á heimili þar sem húsmóðir var fyrir. Ástæðan fyrir því getur líka verið sú að stærsti hópur vinnuveitenda ráðskvenna voru einstæðingsmenn og því eðlilegt að auglýsingarnar væru samdar með hliðsjón af þeim hópi.[264] Konurnar lögðu sjaldan eða aldrei neina áherslu á ákveðinn aldur tilvonandi vinnuveitenda sinna í auglýsingunum, ólíkt því sem tíðkaðist í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonum. Síðan má geta þess að það heyrði til algjörra undantekninga ef ráðskona óskaði eftir starfi með hjúskap í huga. Dæmi um það er auglýsing konu einnar frá árinu 1936: „Stúlka, sem er vel að sjer í húshaldi, óskar að kynnast, eða vera ráðskona hjá eldri manni, með það fyrir augum að um hjónaband geti verið að ræða síðar. Tilboð merkt „lagleg.““ [265] Engin krafa var gerð um menntun kvenna í þeim auglýsingum þar sem falast var eftir ráðskonum. Hins vegar kom það fyrir að konur sem óskuðu eftir ráðskonustarfi tækju fram hver menntun þeirra væri: „Vel menntuð og dugleg stúlka óskar eftir atvinnu, skrifstofustörf eða sem ráðskona á gott heimili,“ segir í auglýsingu konu frá árinu 1934.[266]

Bæði þeir sem auglýstu eftir ráðskonum á sveitaheimili og konur sem auglýstu eftir ráðskonuplássi í sveit, minntust gjarnan á ráðskonubörn í auglýsingunum. Í reynd er eitt helsta þrástef auglýsinga sem tengjast ráðskonustörfum tilkynningar er koma ráðskonubörnum við; ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn. Einstaklingar sem vildu ráða til sín ráðskonu tóku mjög oft fram í auglýsingunum að ráðskonurnar mættu hafa með sér barn og/eða börn, en margir settu hins vegar skilmála hvað varðaði aldur eða fjölda barnanna. Auglýsingarnar sýna að það var vinsælla að ráða ráðskonu sem átti stálpað barn eða ungling sem gat unnið á bænum, fremur en ráðskonu með mjög ungt barn/börn. Því má álykta að konur með ung börn hafi ekki haft sömu möguleika til ráðningar og konur með engin eða stálpuð börn. Mun oftar var tekið fram í auglýsingum að ráðskona mætti hafa með sér barn í vistina en að kaupakona eða vinnukona mætti hafa með sér barn. Ástæðan fyrir því er líklega sú að kaupa- og vinnukonur voru fyrst og fremst ráðnar til útiverka og höfðu því ekki sama svigrúm til barnagæslu og ráðskonur. Sjaldan og líklega aldrei var auglýst eftir körlum til starfa í sveitum með því fororði að þeir mættu hafa með sér börn.[267]

---

[262] Auglýsing í *Vísi,* 3. október 1946.
[263] Sjá t.d. auglýsingu í *Vísi,* 17. júlí 1944, 4.
[264] Sjá auglýsingu í *Vísi* 2. maí 1913. 2.
[265] Auglýsing í *Morgunblaðinu,* 4. október 1936, 8.
[266] Auglýsing í *Vísi,* 3. ágúst 1934, 4.
[267] Sjá hér t.d. auglýsingu í *Íslandi* 17. maí 1943, 4. Höfundur skáletraði orðin „konur með barn.“

## 2.6. Skortur á kvenkyns vinnuafli

> **KJ:** Ég man eftir því þegar ég var að alast upp á stríðsárunum, að það var talsvert um að það kæmu ráðskonur í sveitina. Oftast þá til ógiftra manna. Stundum var það þannig að bændurnir bjuggu með mæðrum sínum, foreldrum sínum. Svo þegar gamla fólkið dó þá stóð maðurinn eftir einn og þurfti hjálparhönd, því það var nú ekki mikið um það að karlmenn væru við eldhússtörf og matreiðslu. Systur bændanna voru farnar burtu, giftar. Þær vissu að þær áttu aldrei eftir að verða bóndinn, því það var sonurinn sem átti að taka við, þeir erfðu. Þá allt í einu vantar konu; þannig kom ráðskonan til margra.[268]

Örar breytingar á atvinnuháttum og önnur samhliða þróun í íslensku samfélagi í lok 19. aldar og á öndverðri 20. öld, leiddu til þess að framboð á vinnuafli til sveita varð minna en eftirspurnin.[269] Nokkur lykilatriði réðu þar mestu um. Búskapur breyttist mikið á þessum tíma, allt frá vinnulaginu samhliða tækniframförum til rekstrarumhverfisins þar sem grundvallarmunurinn fólst í því að mun algengara var að bændur væru að yrkja eigin jarðir en áður var reyndin.[270] Þar leikur stórt hlutverk ört vaxandi vél- og tæknivæðing.[271] Íslendingar kynnast á sama tíma þeirri framþróun sem iðnbyltingin hafði fært öðrum löndum, þ.m.t. í sjávarútvegi.[272] Íslendingar hefja að nýta sjávarauðlindirnar á þeim forsendum og verða fyrir miklum áhrifum af hernámi Íslands sem er gríðarlega mikilvæg forsenda þeirra breytinga sem eiga sér stað í íslensku samfélagi á fyrri hluta 20. aldar. Þessar kringumstæður valda því að samfélagsgerðin hérlendis breyttist ört líkt og þéttbýliskjarnar sem spruttu upp vítt og breitt um landið á þessum tíma vitna um.[273]

Með vaxandi þéttbýlismyndun urðu til ný atvinnutækifæri fyrir konur líkt og í tilfelli karla, sem var í reynd mikilvæg forsenda þess að samfélagsgerðin gat breyst með umræddum hætti. Ein af lykilbreytingunum sem kemur við sögu í þessu samfélagsumróti er sú að þarna skapaðist í fyrsta sinn frá landnámi tækifæri að marki fyrir konur að hefja störf sem ekki voru afmörkuð af sveitaheimilinu.[274] Sjávarútvegur skipaði drýgstan sess í atvinnusköpun heilt á litið á þessu tímabili en einnig komu þar við sögu ýmis þjónustustörf sem unnin voru í þéttbýli og gátu skilað konum betri launum en sveitastörfin: „Eftir 1894, þegar búið var að afnema vistarband fólks eldra

[268] Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, viðtal við höfund. Sjá einnig *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 67.

[269] *Lbs.-Hbs.* Sigríður Th. Erlendsdóttir, Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914, 134; Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, „Fáar voru frelsisstundirnar,“ 16. Sams konar samfélagslegar breytingar áttu sér stað í Evrópu, ekki síst í Englandi. Sjá Tilly og Scott, *Women, Work & Family,* 151; Abrams, *The Making of Modern Women: Europe 1789–1918.*

[270] Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksfjölda- og byggðaþróun 1880–1990,“ 102

[271] Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, 76–77.

[272] Guðmundur Jónsson, *Hagvöxtur og iðnvæðing*, 158 og 175.

[273] Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, 12, 13.

[274] Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð,“ 79–81. Þar fjallar Erla Hulda um aukna atvinnumöguleika kvenna á síðustu áratugum 19. aldar.

en 21 árs, færðist sá siður í vöxt að stúlkur voru ekki lengur í ársvist heldur réðu þær sig í vetrarvist við heimilisstörf í kaupstöðum og fóru í kaupavinnu eða síld á sumrin.“ [275] Ólöf Garðardóttir sagnfræðingur segir að þéttbýlið hafi ekki síst fært ógiftum konum og ekkjum tækifæri til að standa á eigin fótum, fyrir tilstuðlan launavinnu.[276] „Þær streymdu til borgarinnar, ungar ógiftar stúlkur,“ sagði Sigríður Th. Erlendsdóttir í viðtali okkar: „Þær voru í leit að betra lífi. Það voru þrengsli í sveitunum og erfiðari störf – héldu þær. Auðvitað voru líka erfið störf í Reykjavík. En þær voru fyrst og fremst að leita að betra lífi: Reykjavík var borg tækifæranna.“[277]

Brotthvarf kvenna úr sveitum vitnar á vissan hátt um viljaleysi þeirra til að vinna í sveitum og vilja þeirra til að skapa sér vinnuvettvang í þéttbýli. Áhugi kvennanna á því að breyta um lífsstíl hefur væntanlega einnig haft með þennan straum kvenna úr sveitunum að gera sem flúðu aðstöðu- og þægindaleysið sem var til sveita.[278] Sú afstaða kvenna var vottur um aukið sjálfræði þeirra, rétt eins og þegar konur veigruðu sér við því að sinna þjónustustörfum í Englandi í auknum mæli í lok 19. aldar og á öndverðri 20. öld.[279]

Vegna aukinna atvinnutækifæra varð skortur á vinnufólki í sveitum frá 1880, ekki síst á kvenkyns vinnuafli. Til að gefa mynd af þeim kynjahalla sem ágerðist á landsbyggðinni á þessum tíma má nefna að árið 1940 voru karlmenn í sveitum landsins 31% fleiri en konur þar og árið 1950 voru um 26% fleiri karlmenn í dreifbýli en konur.[280] Afleiðing þessa var sú að konum fækkaði á landsbyggðinni umfram karla.[281] Það misvægi sem skapaðist í fjölda karla og kvenna til sveita viðhélst fram eftir allri 20. öldinni.[282]

Aukin tæknivæðing í sveitum dró úr þeirri þörf sem var fyrir vinnufólk sem sinnti útiverkum. Aftur á móti dró tæknivæðingin ekki úr þörf sveitaheimila fyrir ráðskonur. Verkaskipting kynjanna var við lýði í landbúnaðarsamfélaginu, sem þýddi að með brotthvarfi kvenna úr sveitum myndaðist þörf fyrir kvenkyns vinnuafl til að

---

[275] Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 416 og 454–456.

[276] Sjá Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi.“

[277] Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund. Sjá líka grein Guðrúnar Ólafsdóttur, „Reykvískar konur í ljósi manntalsins 1880,“ 79–95.

[278] *Konur sem kjósa,* 56, 139, 250 og 338; Eggert Þór Bernharðsson, „Ó, vesalings tískunnar þrælar“: Um „Reykjavíkurstúlkuna“ og hlutverk hennar,“ 16–27; Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund.

[279] Tilly og Scott, *Women, Work & Family,* 182.

[280] Pétur Eiríksson, *Þýska landnámið,* 23. Sjá einnig skrif séra Jakobs Jónssonar sem vonar að fleiri íslenskar konur ráði sig sem ráðskonur í sveit. Jakob Jónsson, „Játningarnar, kirkjan og biblían.“ *Tíminn,* 17. júní 1949, 4.

[281] Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi,“ 244.

[282] Hér er vísað til hagtalna Hagstofu Íslands í flokknum: „Mannfjöldi eftir kyni, einstökum aldursárum og hjúskaparstöðu 1901–2015.“ Sjá líka töflu 2.5. „Mannfjöldi eftir stærð sveitarfélaga og kyni íbúa 1901–1990“ í *Hagskinnu,* 85. Þar kemur m.a. fram að eftir því sem að sveitarfélögin eru minni kemur fækkun kvenna fyrr fram. Sjá einnig Ingólfur V. Gíslason, *Bjarmi nýrar tíðar,* 21–22. Þar kemur fram að konum fjölgaði hlutfallslega í Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar miðað við það sem áður var.

sinna kvennastörfunum.[283] Skýrasta einstaka dæmið um þann skort sem var á hjúum og ekki síst kvenkyns hjúum í sveitum, er þegar kemur fram undir miðja 20. öld. Þá var ráðist í það af hálfu Búnaðarfélags Íslands að liðsinna íslenskum bændum með því að ráða þýskar konur og einnig karlmenn til landbúnaðarstarfa.[284] Tíðast var í þessum fyrirspurnum til Búnaðarfélags Íslands að einhleypir karlar óskuðu eftir að ráða til sín þýska konu.[285] Allt í allt óskuðu 284 íslenskir húsbændur eftir 316 þýskum hjúum: 231 konum og 85 körlum. Opinberir aðilar hérlendis höfðu það að markmiði að leita að þýskum konum til heimilisstarfa á sveitaheimilum og að þýskum karlmönnum til að annast mjaltir og kvikfjárrækt.[286] Í athugun minni á bréfasamskiptum á milli Búnaðarfélags Íslands og bænda sem óskuðu eftir þýskri starfskonu, kemur bersýnilega í ljós hve mikil þörf var á kvenkyns vinnuafli til að sinna heimilisverkum og umönnun barna í sveitum.[287] Í sumum bréfum er það sagt með berum orðum að bóndinn þurfi hreinlega að leggja niður búskap fái hann ekki kvenmannshjálp: að hans helsta búraun sé vöntun á hjálp frá hendi kvenna.[288] Algengar kröfur bænda með börn til þýsku kvennanna, var að þær væru barngóðar, líkt og títt var í auglýsingum þar sem óskað var eftir íslenskum ráðskonum. Einnig koma fyrir svipaðar kröfur tengdar aldri og útliti kvennanna, líkt og hjá einhleypum bændum sem auglýstu eftir íslenskum ráðskonum í dagblöðum. Það er engum blöðum um það að fletta að hluti þeirra bænda sem óskaði eftir þýskum konum var með hjúskap í huga. Það er í takti við auglýsingar bænda sem óskuðu eftir íslenskum ráðskonum með hjúskap í huga. Raunin var sú að það var ekki aðeins skortur á kvenkyns vinnuafli í sveitum heldur einnig á konum í hjónaband.[289] Hluti þýsku kvennanna giftist bændunum sem þær störfuðu hjá líkt og hluti íslenskra ráðskvenna gerði. Varðandi slíkan ráðahag þýsku kvennanna hafa verið opinberlega settar fram hugmyndir er fólu í sér að þarna hafi Búnaðarfélag Íslands verið að starfa sem eins konar hjónabandsmiðlari fyrir einhleypa bændur.[290]

---

[283] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 66–67.

[284] Búnaðarfélag Íslands í samráði við Atvinnumálaráðuneytið réðist í það að ráða þýskt verkafólk til Íslands til landbúnaðarstarfa. Pétur Eiríksson, *Þýska landnámið,* 16–20. Sjá líka umsóknir bænda um þýskar landbúanaðarverkakonur. *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands, B/12 - 1, 5.

[285] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 67.

[286] Pétur Eiríksson, *Þýska landnámið,* 23.

[287] *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands, B/13 - 5. Þýska verkafólkið 1949. Bréf Karls Jónssonar til Búnaðarfélags Íslands 3. ágúst 1949.

[288] Sjá 1987- B/13.

[289] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 64.

[290] Sjá t.d. sjónvarpsþætti Einars Heimissonar, *Innflytjendur á Íslandi.* Pétur Eiríksson vísar þeim hugmyndum á bug í *Þýska landnámið*, 21.

## 2.7. Samantekt

Í kaflanum var fjallað um ráðskonustarfið á tímabilinu 1850–1950, en miklar breytingar urðu á atvinnu- og búsetuháttum í íslensku samfélagi á þessu tímabili.[291] Landbúnaðarsamfélagið sem grundvallaðist á neyslu- og framleiðslueiningunni heimilinu/fjölskyldunni tók að líða undir lok með aukinni þéttbýlismyndun. Síðari heimstyrjöldin markar síðan þáttaskil í íslenskri atvinnusögu og samhliða fór eftirspurn vaxandi eftir kvenkyns starfskröftum í sveitum, ekki síst til að sinna innanhússverkum; ráðskonuverkum. Þrátt fyrir að tímabilið 1850–1950 einkennist af mikilli tæknivæðingu og félagslegum breytingum, þá breyttust störf og kjör ráðskvenna ekki mikið á tímabilinu.

Auglýsingar þar sem óskað var eftir ráðskonu/ráðskonustöðu frá og með 1900, þegar slíkar auglýsingar fara að birtast, sýna að langoftast var óskað eftir konum til að sinna búverkum innanbæjar. Ráðskonur á húsmóðurlausum sveitaheimilum ríktu innanhúss, starf þeirra fólst í því að hafa umsjón með því sem var unnið innanstokks og var því hliðstætt húsmóðurstarfinu. Ráðskonur sem störfuðu á bæjum þar sem húsmóðir var við bústjórn með bónda, voru undir verkstjórn húsmóðurinnar. Ásamt því að taka að sér heimilisstjórn, sinntu ráðskonur heimilisstörfum á borð við eldamennsku, þrif og umönnunarstörf. Hluti ráðskvenna mjólkaði samhliða heimilisstörfunum og í sumum tilfellum sinntu þær öllum hefðbundnum sveitastörfum. Langstærsti hópur vinnuveitenda ráðskvenna á sveitabæjum voru einhleypir bændur. Á umræddu tímabili voru karlmannsstörf til sveita metin meira en kvennastörf og alls ekki sjálfsagt að karlar gengju í verk kvenna.

Samkvæmt manntölum áranna 1850–1920 voru það fyrst og fremst ógiftar konur á aldrinum 30–50 ára sem sinntu ráðskonustarfinu. Framan af voru ekkjur og einstæður mæður áberandi í þessum hópi sem byggði afkomu sína á ráðskonustörfum. Ráðskonur voru allt frá því að vera óvenslaður vinnukraftur, til þess að vera frænkur, systur, dætur og mæður sem veittu heimilum karlkyns ættmenna sinna forstöðu. Í tilfelli kvenna sem störfuðu hjá vandalausum, lauk ráðskonuvistinni alloft með því að ráðskona og vinnuveitandi hennar bóndinn tóku saman. Auglýsingar þar sem bændur óskuðu eftir ráðskonu sýna sumar hverjar að bændur höfðu hjúskap í huga.

[291] Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, 43.

# Þriðji kafli

## Ráðskonustarfið 1950–2000: Starfssvið og starfstengd samskipti

„Mér kveið ofboðslega fyrir því að fara þangað og hitta nýtt fólk. En svo fannst mér þetta bara fínt,“ sagði fyrrum ráðskona mér, og lagði snæhvítan kaffibolla fyrir framan mig, á mosagrænan borðdúk: „Ég skal koma með undirskál. Var ég búin að minnast á það við þig, að ég fór með rútu þangað.“ Ég kinkaði kolli því til samþykkis: „En ég var ekki búin að skrá það hjá mér,“ sagði ég við hana, og teygði mig eftir spurningalistanum; dró hann til mín svo það skrjáfaði í ullarþráðum mosagræna dúksins. Ég fletti spurningalistanum, dró hring í kringum orðin: *ferðaðist með rútu á bæinn*. Fletti til baka. Efst á fyrstu blaðsíðu spurningalistans hafði ég skrifað með stórum, hlykkjóttum stöfum: „Viðtal númer 33.“ Ráðskonan fyrrverandi yfirgaf herbergið, líkt og hún gerði gjarnan á meðan viðtalinu vatt fram. Ég hagræddi mér í stólnum og hlustaði á glamur sem barst frá postulíni innan úr eldhúsinu, þegar til mín skilaði sér hljómur orða: „Hvað ertu búin að tala við margar af okkur?“ Hún stóð nú fyrir aftan mig, teygði sig yfir öxlina á mér og lagði ísabláa undirskál ofan á spurningarlistann. „Þrjátíu og þrjár konur að þér meðtalinni,“ svaraði ég. „Hva. Er þetta ekki að verða komið gott elskan. – Viltu meiri sykur oní?“ Ég sneri mér við og brosti til hennar: „Ekki meiri sykur takk, en gjarnan fleiri viðmælendur.“ Hún kímdi.

Heimilisstörf voru aðalstörf ráðskvenna á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar, og allt umlykjandi í viðtölum mínum við fyrrum ráðskonur til sveita: „Fáðu þér aðra sneið, ég bakaði hana fyrir þig.“[292] Samkvæmt félagsfræðingnum Ann Oakley, sem rannsakaði störf húsmæðra í Bretlandi í upphafi 8. áratugarins, vitna heimilisstörf kvenna um samfélagslega stöðu þeirra. Af þeim sökum er ljóst hve mikilvægt það er að gera heimilisstörfum ráðskvenna góð skil; því rannsókn á húsverkum kvenna er rannsókn á stöðu kvenna, segir Oakley.[293] Það er markmiðið í þessum þriðja kafla ritgerðarinnar, þar sem sögunni víkur að meginefni ritgerðarinnar, ráðskonustarfinu á tímabilinu 1950–2000.

Í þessum kafla er ráðskonustarfið skilgreint með tilliti til starfsskyldna og stöðu ráðskvenna, út frá viðtölum mínum við ráðskonur. Sérstök áhersla er lögð á að draga fram viðhorf viðmælenda/ráðskvenna til ráðskonustarfsins, sér í lagi til verkskyldna þeirra innanstokks. Í viðtölunum óskaði ég eftir því að konurnar gerðu grein fyrir ráðskonustarfinu: „Hvernig skilgreinir þú ráðskonustarfið?“ Útskýringar viðmælenda á ráðskonustarfinu byggðu fyrst og fremst á þeirra eigin upplifun af starfinu. Það hvernig viðmælendurnir skilgreindu ráðskonustarfið réðst annars vegar af upplagi og lífsreynslu kvennanna sjálfra en hins vegar af bæjunum þar sem þær störfuðu.

[292] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[293] Oakley, *Housewife,* 9.

Í upphafi kaflans er fjallað um þörf sveitaheimila fyrir ráðskonur á tímabilinu 1950–2000. Fjallað er um vinnuveitendur ráðskvenna með hliðsjón af hjúskaparstöðu þeirra og heimilisaðstæðum og rætt um ráðningu kvenna í ráðskonustarfið og þær kröfur sem vinnuveitendur og ráðskonur gerðu til starfsins. Síðan hefst meginumfjöllun kaflans, þar sem fjallað er um heimilisstörf ráðskvenna á sveitabæjum og viðhorf ráðskvenna til heimilisstarfanna skoðuð. Greint er frá verkþekkingu viðmælenda minna þegar þær réðu sig sem ráðskonur áður en þær réðust í starfið, með tilliti til uppeldis og uppeldisstöðva, menntunar og starfsþjálfunar. Rætt er ítarlega um aðalstörf ráðskvenna innanbæjar: eldhússtörf, þrif, þvott, umönnunarstörf og hússtjórnarstörf. Að lokum er farið yfir störf og verkskyldur ráðskvenna sem störfuðu utanstokks samhliða heimilisstörfunum.

Viðmælendur rannsóknarinnar fjölluðu misítarlega um starfsskyldur sínar í ráðskonustarfinu. Í reynd var það svo að flestar ráðskonurnar lögðu meiri áherslu á félagslega þætti ráðskonustarfsins og/eða bakgrunnssögu sína í frásögnum sínum, sem reifað er í næsta kafla ritgerðarinnar.

## 3.1. Þörf á ráðskonum í sveit 1950–2000

> **Úr skáldsögunni *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*:**
> Ef þig langar í sveit, þá eru engin vandræði með það. Það er mikill skortur á kvenfólki í sveitunum. Þið Hulda [dóttir þín] hefðuð mjög gott af sveitalífi. Það er ákaflega heilbrigt líf. En það er erfitt í sveitinni, þar þarf fólk að vinna mikið og ekki bara frá níu til fimm. En það er svo gott að vera í sveit... Úr vinnunni hringdi faðir hennar í allar áttir og talaði við fólk og einn daginn kom hann til hennar og sagðist halda, að hann væri búinn að finna rétta staðinn. Það var bær norður í landi, sem hét Áshóll. Þar væru þrír karlmenn í heimili, roskinn bóndi og tveir synir hans yfir sumarið, en aðeins annar á veturna. Þeir auglýstu eftir ráðskonu og hún má gjarnan hafa með sér barn.[294]

Hér segir frá sögupersónunni Önnu, ungri einstæðri móður í Reykjavík, í bókinni *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*: „Mér er sagt, að þetta standi til bóta með kvenmannsleysið, þegar annar hvor þeirra giftir sig, en á meðan vantar kvenmann í húsverkin, sagði pabbi hennar glaðlega.“[295] Skrif Snjólaugar byggðu á almennri vitneskju um samfélagslegar aðstæður í sveitum á þeim tíma sem bókin kom út árið 1973, sem orsökuðust af kvenmannseklu á landsbyggðinni er sköp þörf bænda/húsmæðra fyrir vinnuframtak ráðskvenna.[296]

Straumur fólks lá úr sveitum í þéttbýli á síðari hluta 20. aldar.[297] Meginstraumurinn í þeim fólksflutningum lá úr dreifbýli í þéttbýli og unga fólkið

---

[294] Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*, 12–13 og 15.

[295] Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*, 15.

[296] Þess ber að geta að ráðskonustarfið var einnig algengt í þéttbýli á síðari hluta 20. aldar, líkt og kemur fram í auglýsingatextum og einnig í viðtölunum, sbr. að fimmtungur fyrrum ráðskvenna á sveitabæjum störfuðu einnig sem heimilisráðskonur í þéttbýli ( 8 konur af 41 konu).

[297] Sjá töflu 2.5. „Mannfjöldi eftir stærð sveitarfélaga og kyni íbúa 1901–1990“ í *Hagskinna,* 85.

flutti í meira mæli en það eldra.[298] Líkt og reyndin var í Noregi og Svíþjóð fluttu konur í hlutfallslega meira mæli en karlar úr dreifbýli í þéttbýli.[299] Ástæður fyrir brottflutningi kvenna úr sveitum á þessu tímabili má m.a. rekja til aukinnar atvinnuþátttöku kvenna; skorts á atvinnutækifærum fyrir konur á landsbyggðinni samanborið við atvinnutækifæri í þéttbýli; meiri menntunarmöguleika í þéttbýli; betra aðgengi að félagslegri þjónustu í þéttbýli; og til ákveðinna þæginda/lífsgæða annarra sem buðust í þéttbýlinu.[300] Þar að auki ráðstöfuðu bændur fremur sonum sínum en dætrum bújörðunum eftir sinn dag, líkt og verið hafði um aldir alda.[301] Misræmið í fjölda kvenna og karla til sveita olli vanda í búrekstrinum því kynbundin verkaskipting var við lýði í sveitastörfum. Við þeim vanda brugðust bændur með því að ráða konur tímabundið til starfa, hvort heldur það voru kaupa- og vinnukonur eða ráðskonur.[302]

Ráðskonustarfið lagðist að mestu af undir lok 20. aldar: „Hvort það er til ennþá, að vera ráðskona í sveit? Ég veit það ekki, ég held ekki, út af nálægð sveitabæjanna við þéttbýlin," sagði ein fyrrum ráðskonan hugsi í viðtali okkar.[303] Brotthvarf ráðskvenna úr sveitum má rekja til fleiri en einnar ástæðu. Þegar líður á síðari hluta 20. aldar fer vægi heimilanna að minnka til muna sem þjónustueiningar því „fólk fór æ meir að treysta á stofnanir og fyrirtæki til að annast börnin, tilreiða matinn, sauma fötin..," skrifar sagnfræðingurinn Helgi Skúli Kjartansson í bók sinni *Ísland á 20. öld.*[304] Endalok ráðskonustarfsins á sveitabæjum hérlendis tengjast sterklega uppbyggingu félagslega kerfisins og þeim jákvæðu áhrifum sem sú uppbygging hafði á stöðu einstæðra mæðra; kvenna sem sóttu mest í ráðskonustarfið því það var í reynd félagslegt úrræði fyrir þær, líkt og komið er inn á í næsta kafla. Í kjölfar þess að ráðskonustarfið á sveitabæjum leið undir lok í hefðbundinni mynd, fór

---

[298] Sjá skýrslu Byggðastofnunar: Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun, 8.

[299] Sjá rannsókn Stefáns Ólafssonar fyrir Byggðastofnun, *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, 8 og 28. Ath. rannsókn Stefáns tók ekki til kynferðis þeirra sem fluttust búferlum, nema á stöku stað, sjá t.d. 78. Sjá líka skýrslu Félagsmálaráðuneytisins um búferlaflutninga á 10. áratug 20. aldar, *Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni*, 4; Ágústa Þorkelsdóttir, *Við þorum, viljum, getum!*, 77; Björg Árnadóttir, „Því flykkjast þær suður," 15–18; Jafnréttisstofa, „Konurnar flytja, karlarnir sitja eftir," 70.

[300] Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vongóðar í nýju lýðveldi," 250; Stefán Ólafsson, *Búseta á Íslandi*, 8 og 125; *Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni*, 4–7; Ragnhildur Vigfúsdóttir og Hansína B. Einarsdóttir, „Hugmynd, úrvinnsla og framkvæmd," 23–24; Jóhanna Á. H. Jóhannsdóttir, „Konur sem hafa flutt utan af landi," 38–40.

[301] Shortall fjallar um þá alþjóðlegu hefð bænda að arfleiða syni sína fremur en dætur að sveitabæjunum. Sjá Shortall, „Power Analysis and Farm Wives."

[302] Mörk dreifbýlis og þéttbýlis voru ekki alltaf klippt og skorin. Nefna má að einn viðmælandi minn, Jóhanna Þorgrímsdóttir, átti móður sem starfaði sem ráðskona á sveitabæ í þéttbýli n.t.t. í Kópavogi. Jóhanna Þorgrímsdóttir (f. 1949), viðtal við höfund.

[303] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

[304] Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 410–411.

að bera meira á erlendum landbúnaðarverkakonum á sveitabæjum sem störfuðu oft í sjálfboðaliðavinnu.[305]

> **DKE:** Þegar það var verður aukin vélvæðing, er þá ekki lengur þörf á kaupakonum á sveitabæjum?
> **ÁK:** Já, þá hverfa þær úr sögunni.
> **DKE:** En ekki ráðskonurnar?
> **ÁK:** Nei, ekki ráðskonurnar. En það er minni þörf fyrir ráðskonur í dag, af því karlar eru mikið meira sjálfbjarga í dag – þeir setja í þvottavélar og þeir elda mat og baka brauð; eru sjálfbjarga, sem þeir voru ekki hér áður. Þetta voru hjálparlausustu menn sem hægt var að ímynda sér, kunnu varla að sjóða hafragraut [hlær].[306]

## 3.2. Vinnuveitendur og heimilisaðstæður

Langflestir viðmælendur rannsóknarinnar voru í vist hjá miðaldra körlum sem stunduðu landbúskap og voru ekki í sambúð.[307] Einhleypir karlar voru um 82% þeirra karla sem voru við bústjórn á þeim 72 sveitabæjum sem konurnar störfuðu á. Rúmlega þriðjungur heimilanna sem ráðskonurnar sáu um voru heimili einbúa. Engin af ráðskonunum sem rannsóknin tók til var ráðin af konu sem var einyrki í sveit.[308] Það að einhleypir bændur hafi verið ráðandi í hópi vinnuveitenda ráðskvennanna stemmir við aðrar heimildir sem gefa sýn á bændur er réðu til sín ráðskonur. Meginheimildaflokkurinn sem vitnar um það eru hundruðir auglýsinga er birtust á þeim tíma þar sem óskað var eftir ráðskonu eða ráðskonuplássi: „Ábyggileg ráðskona óskast á rólegt sveitaheimili til þess að sjá um 1 mann og 3ja ára barn. Mætti hafa með sér barn á aldrinum 3ja–12 ára,“ segir í alvanalegri auglýsingu bónda frá 8. áratugnum.[309] Auglýsingar þessar sýna að einhleypir bændur höfðu brýnustu þörfina fyrir vinnuframlag ráðskvenna, rétt eins og hliðstæðar auglýsingar á fyrri hluta 20. öld sýndu.

Viðtöl mín við ráðskonurnar sýna að flestir einhleypir vinnuveitendur ráðskvenna á sveitaheimilum voru miðaldra eða eldri ógiftir piparkarlar (31%): „Þeir

---

[305] Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir, „Heiðarlegir vinnuþjarkar, hreinlátir og fljótir að læra: Um sjálfboðaliðastörf á Íslandi,“ 29–47.

[306] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[307] Sechs fjallar um hve algengt það var á alþjóðavísu að eldri karlmenn væru eigendur sveitabæja í Sechs, *Gendered Fields*, 6. Hér má líka benda á blaðaskrif bóndans Einars Sveins Magnússonar frá 1962 þar sem hann lýsir áhyggjum sínum af því að meðalaldur bændastéttarinnar sé of hár, vegna þess að skortur sé á ungum mönnum sem vilja gerast bændur. Einar Sveinn Magnússon. „Meðalaldur bændastéttar of hár.“ *Tíminn*, 4. júlí 1962, 8.

[308] Ég fann enga auglýsingu í dagblöðum og tímaritum þar sem einyrkja húsmóðir í sveit óskaði eftir ráðskonu. Dæmi um ráðskonu hjá einyrkja húsmóður/bóndakonu á þessu tímabili, var „Gunna ráðskona“ hjá hinni landskunnu Rögnu Aðalsteinsdóttur á Laugabóli. Áður en hún gerðist ráðskona var hún vinnukona á bænum og sá um heimilið í veikindaforföllum móður hennar Rögnu, og var þá kölluð Gunna vinnukona en síðar Gunna ráðskona. Reynir Traustason, *Ljósið í djúpinu*, 18, 47 og 69.

[309] Auglýsing í *Dagblaðinu* 17. nóvember 1976, 19.

kallast piparkarlar, þegar þeir hafa aldrei kvænst. Þá eru þeir kallaðir piparkarlar; þegar þeir ná aldrei í konur," sagði ein ráðskonan mér þegar hún skilgreindi hjúskaparstöðu fyrrum vinnuveitenda sinna; pipruðu bændanna. [310] Þegar piparkörlunum sleppti voru það annars vegar einhleypir bændur (51%) sem voru hvorki í sambúð né hjónabandi sem réðu til sín ráðskonur, sem voru langflestir undir miðjum aldri. Þeirra á meðal voru það fráskildir bændur og/eða bændur sem voru skildir að borði og sæng (18%), sem voru flestir undir miðjum aldri – og einnig ekklar sem voru fámennasti hópur vinnuveitenda ráðskvennanna (8%).[311]

Einstæðir feður eru áberandi í hópi þeirra bænda sem óskuðu eftir því að fá ráðskonu til starfa með auglýsingum á þessu tímabili: „Ungur bóndi ekkjumaður með fjóra drengi óskar eftir ráðskonu." [312] Í úrtaki rannsóknarinnar samanstóð hópur fráskildra bænda og ekkjumanna af tólf einstæðum feðrum sem höfðu eigin börn í umsjá sinni um lengri eða skemmri tíma. Af þeim einstæðu feðrum voru átta fráskildir og fjórir ekkjumenn.

> **KC:** Þarna voru tvö börn. Ég gæti trúað að þau hafi verið á aldrinum 9–12 ára. Bóndinn hafði misst konu sína úr veikindum. Þess vegna var hann að auglýsa eftir hjálp, aðstoð. Alveg yndislegur maður; hagur, prúður, og mikið snyrtimenni. Bara indæll í alla staði. Það vill svo til að ég er fyrsta ráðskonan hans. Ég held það hafi verið 6 mánuðir liðnir frá því að konan dó þangað til ég kem þangað.[313]

> **Anon:** Bóndinn og frænka mín voru að skilja. Hann var með börnin í sveitinni yfir sumarið og vantaði ráðskonu yfir sumarið. Svo ég ákvað að fara þangað með mín börn. Húsmóðirin, frænka mín, fór til Reykjavíkur og börnin fóru til mömmu sinnar eftir sumarið.[314]

Rétt er að hafa í huga, að enda þótt hinn eiginlegi vinnuveitandi ráðskvenna (sá sem stóð fyrir búinu) hafi einatt verið einn karlmaður, þá voru á fjórðungi heimilanna tveir heimilismenn sem ráðskonan þjónaði með störfum sínum. Á rétt tæplega fjórðungi heimilanna voru heimilismennirnir þrír. Heimili þar sem heimilismenn voru á bilinu 4–14 voru 15% heimilanna. Algengt var að fleiri einhleypir karlmenn byggju á bæjunum en sá sem réð þær til starfans. Þar komu við sögu feður, bræður og synir. Til marks um það er sú staðreynd að á 14% bæjanna sem rannsóknin tekur til bjuggu

[310] Ásdís Árnadóttir (f. 1936), viðtal við höfund. Samkvæmt *Íslensku nútímamálsorðabók Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*, þá telst sá vera pipraður, sem er „ógiftur á miðjum aldri, ekki í hjónabandi." Hér er líka stuðst við nefnda skilgreiningu Ásdísar Árnadóttur á pipruðum bónda, sökum þess að hún endurspeglar viðhorf viðmælenda til heitisins.
[311] Hér er stuðst við skilgreiningu *Íslensku nútímamálsorðabókarinnar* á orðinu einhleypur. Orðið á við um þann „sem er hvorki í sambúð né hjónabandi."
[312] Auglýsing í *Morgunblaðinu,* 20. janúar 1980, 42.
[313] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.
[314] N. N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

einhleypir feðgar og á öðrum 14% bæjanna bjuggu einhleypir bræður. Samkvæmt Gísla Ágústi Gunnlaugssyni sagnfræðingi fjölgaði sjálfseignarbændum mikið á fyrri hluta 20. aldar, ef mið var tekið af fjölda bænda sem voru leiguliðar á 19. öld. Gísli segir þá breytingu hafa orðið til þess að bændur hafi í vaxandi mæli sest í helgan stein á býlum sínum „og létu búsforráð í hendur barna sinna. Þannig fjölgaði þriggja kynslóða heimilum nokkuð til sveita á þessari öld.“[315]

Viðtal mitt við Valdimar Inga Guðmundsson (f. 1937), fyrrum ábúanda á sveitabæ á Vesturlandi, gefur ákveðna innsýn í ráðskonulaust heimilishald á snærum karla á þessum tíma; þegar þeir feðgarnir neyddust til að elda.[316] Á meðan viðtalinu stóð, sat gegnt Valdimar þáverandi eiginkona hans og fyrrum ráðskonan á bænum, Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), er tók við innanhússtjórninni á bænum þegar hún réðst þangað árið 1976. [317] Valdimar lýsir andrúmsloftinu á kvenmannslausum bænum, fyrir komu ráðskonunnar:

> **DKE:** Hvernig var lífið þegar þið karlarnir voruð einir á bænum [Valdimar, bræður hans og faðir]?
> **VIG:** Það var ekki þægilegt. Maður þurfti að hugsa um matinn sjálfur. Við feðgarnir vorum ekki með neinar veislur. Við þurftum jú að gera þetta sjálfir bara, það var þá bara frekar einfaldur matur.
> **DKE:** Matur sem þið kunnuð þá að matreiða?
> **VIG:** Já, grjónagrautur og svona.
> **DKE:** Voruð þið feðgarnir ekki mikið að þrífa?
> **VIG:** Það hefur ábyggilega setið á hakanum.
> **DKE:** Fannst þér öðruvísi stemning þegar það var kona í húsinu, þegar það var kona sem hugsaði um húsið?
> **VIG:** Já það var allt önnur stemning.
> **DKE:** Að hvaða leyti?
> **VIG:** Við gerðum þessi verk sem voru óhjákvæmileg. Við vorum ekki mikið í matseldinni áður en mamma féll frá, við sáum lítið um eldamennsku, vorum henni ókunnugir, að miklu leyti.
> **DKE:** Fannst þér þú þá vera hjálparvana, þegar móðir þín féll frá, að geta ekki sinnt þessum störfum. Var það eitthvað sem þú hefðir viljað; að búa að þeirri þekkingu að getað eldað góða máltíð?
> **VIG:** Það má segja að maður hafi saknað þess, að kunna það ekki, að hafa ekki undirbúið það betur.

---

[315] Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksfjölda- og byggðaþróun 1880–1990,“ 102.

[316] Þekkt er að talað sé um að einstæðir karlar *neyðist* til að elda. Sjá t.d. umfjöllun um húsverk einbúa (e. *male-headed households*) í Bourke, *Husbandry to Housewifery,* 232. Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá fjallaði um þekkingarleysi karla á eldhúsverkum á fyrri hluta 20. aldar í Eyjafjarðarsveitinni í viðtali okkar. Hún sagði m.a. sögu af einhleypum bónda sem sauð alltaf egg í matinn handa sér og sumardvalarbörnunum, ef hann var ekki með ráðskonu. Hún sagðist þó hafa þekkt tilfelli um bændur sem gátu bjargað sér ágætlega í eldamennskunni.

[317] Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), viðtal við höfund.

**DKE:** Hefði það aldrei komið til greina að vera ekki með ráðskonu?
**VIG:** Það hefði aldrei gengið til lengdar að vera ekki með ráðskonu, neiii, það kom lausn á því þegar að Júlíana kom. [318]

Nína Rós Ísberg segir að þörf sveitaheimila fyrir kvenkyns starfskraft hafi fyrst og fremst skapast vegna kvenmannslausra heimila, en einnig vegna heimila þar sem húsmóðirin var orðin öldruð.[319] Ráðskonur sem voru vistráðnar á bæjum þar sem fyrrum húsmóðirin, móðir bóndans var búsett, stóðu að baki 11% vistráðninganna sem komu við sögu rannsóknarinnar. [320] Þegar þannig háttaði til, spurði ég viðmælendur hvort móðir bóndans hafi verið talin vera húsmóðirin á bænum. Viðmælendur neituðu því iðulega og vísuðu í því samhengi til þess hve aldurhnignar þær fyrrum húsmæður voru og oft farnar að bæði heilsu og starfsþreki: „Hún var svo heilsulaus tengdamóðir mín sem seinna var. Ég hugsaði um allt heimilið.“[321]

**DKE:** Fékkstu einhverja aðstoð varðandi inniverkin?
**ÁSA:** Nei. Gamla, mamman, vildi alveg hjálpa. Maður er að spá í þessu núna. Hún var bara 68 ára. Af hverju þurftu bræðurnir að fá ráðskonu. Hún hlýtur að hafa verið lasin. Ef ég hugsa aftur í tímann þá hefur hún örugglega ekki haft þrek í þetta, eitthvað verið að henni.[322]

Af öðrum vinnuveitendum ráðskvenna í sveit má nefna hjón. Í þeim tilvikum voru það gjarnan tilfallandi aðstæður sem réðu þeirri tilhögun, til dæmis fjarvera húsmóðurinnar sem olli því að nauðsynlegt var að fá ráðskonu til starfa á bæinn.[323] Rúmlega 18% vinnuveitenda ráðskvennanna voru hjón. Í slíkum tilfellum var algengast að ráðskonurnar væru ráðnar til að sjá um heimili í veikindaforföllum húsmóðurinnar: „Húsmóðirin hafði þurft að fara í skurðaðgerð.“[324] Það þarf þó að gæta að því að húsmæður sem forfölluðust vegna veikinda, dvöldu sumar hverjar hluta þess tíma er veikindin stóðu yfir á bænum: „Hún var á Reykjalundi, hún kom bara tvisvar sinnum heim á þessu tímabili.“[325] Mun sjaldgæfara var að húsmóðir

---

[318] Valdimar Ingi Guðmundsson (f. 1937), viðtal við höfund. Valdimar tók það fram í viðtalinu að frænka þeirra feðga hefði verið ráðskona hjá þeim í nokkra mánuði eftir að móðir hans féll frá – áður en Júlíana kom til þeirra sem ráðskona.
[319] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 67.
[320] Einnig má geta þess að aldraðar frænkur (einhleypra) bænda bjuggu á þremur bæjum af þeim 72 bæjum sem hér eru til umfjöllunar.
[321] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.
[322] Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir (f. 1956), viðtal við höfund.
[323] Enginn af viðmælendum rannsóknarinnar sá um sveitaheimili í forföllum annarrar ráðskonu, enda virðast slíkar ráðningar hafa verið mjög fátíðar sé t.d. litið til auglýsinga þar sem óskað er eftir ráðskonum í sveit: „Ráðskona óskast á sveitaheimili í nágrenni Reykjavíkur í forföllum annarrar.“ Auglýsing í *Morgunblaðinu,* 21. desember 1951, 3.
[324] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund. Sjá einnig *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - M/11 - 1. Ráðningarstofa landbúnaðarins. Spjaldskrá 1958.
Sjá verkbeiðni nr. 287.
[325] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

dveldi langtímum saman á bænum í veikindum sínum, en þegar þannig háttaði til gegndi húsmóðirin iðulega hússtjórninni á meðan hún var á bænum, þó með takmörkuðum hætti vegna veikinda sinna.

> **SA:** Húsmóðirin lá náttúrulega í rúminu, hún var bara svo veik. Hún var með ofboðslega mikla meðgönguveiki, hún gat ekkert gert alla meðgönguna. Húsmóðirin lá bara í rúminu.
> **DKE:** Þannig að þú tókst ekki við neinum skipunum frá henni?
> **SA:** Jú, hún réði nú yfirleitt hvað ég átti að hafa í matinn. Ég gleymi því ekki þegar ég átti að hafa kjötsúpu – ég hafði aldrei eldað kjötsúpu. Hún vildi hafa kjötsúpu upp á norska vísu. Hún staulaðist nú niður, auminginn, til að reyna að hjálpa mér. En svo varð hún að fara upp aftur. Þetta var mjög skrautleg kjötsúpa. Hún var borðuð, það vantaði ekki.[326]

Það heyrði til undantekninga að ráðskonurnar störfuðu undir stjórn húsmóður, en slíkt fyrirkomulag var reyndin á 6% bæjanna:[327] „Ráðskonur þær flytja aldrei inn á húsmóður, það er held ég mjöööög sjaldgæft. Það er þá bara mjög háttsett fólk sem er bara með þjónustufólk á hverjum fingri,“ mælti ein ráðskonan í viðtali okkar.[328] Þó gat slíkt borið undir – ekki síst ef húsmóðirin var útivinnandi. Í viðtali mínu við Ágústu Þorkelsdóttur á Refsstað tjáði hún mér að húsmæður/bóndakonur hafi farið að stunda atvinnu utan sveitaheimilanna í auknum mæli meðfram bústörfunum er líða tók á seinni hluta 20. aldar: „Það er fjárhagslega hliðin. Það eru erfiðari aðstæður í landbúnaði sums staðar og svo eru líka gerðar meiri kröfur til að geta veitt fjölskyldunni, og þá þarftu peninga.“[329] Fjarvera útivinnandi húsmæðra frá sveitaheimilum gat skapað þörf fyrir vinnuframlag ráðskvenna; en þær forsendur ráðskonustarfsins til sveita voru óþekktar þar til síðla á 20. öldinni. Í því sambandi eru dæmi frá ráðskonuvist tveggja viðmælenda minna, þeirra Karólínu M. Jónsdóttur (f. 1959) og Guðrúnar Guðmundsdóttur (f. 1944). Báðar voru þær mjög ungar að aldri þegar þær sinntu ráðskonustörfum undir stjórn húsmæðra. Karólína var ráðskona á tveimur sveitaheimilum sitthvort sumarið þegar hún var einungis 13 og 14 ára gömul. Á báðum bæjunum voru ábúendurnir útivinnandi meðfram bústörfunum: „Ég náttúrulega bar ábyrgð á að heimilið væri í lagi,“ sagði Karólína um vinnuábyrgð sína sem ráðskona í æsku; „maður var bara eins og lítil húsmóðir.“[330] Guðrún Guðmundsdóttir var ráðin af hjónum á stórbú á Suðurlandi 17 ára gömul:[331] „Þetta var

326 Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
327 Húsmæður sem höfðu umsjón með verkum ráðskvenna voru jafnan á fertugsaldri.
328 Björg Þorgilsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund. Sjá umfjöllun Önnu Sigurðardóttur um þörf fyrir ráðskonur á stórbýlum á þjóðveldisöld vegna þess hve umfangsmikil vinnan var á þeim býlum. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna í 1100 ár,* 47.
329 Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund. Sjá líka rannsókn Hjördísar Sigursteinsdóttur og Inga Rúnars Eðvarðssonar, *Staða kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra*.
330 Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
331 Í viðtölunum voru þrjú tilvik um viðmælendur sem störfuðu sem ráðskonur á sveitaheimilum áður en þær náðu 18 ára aldri: Karólína M. Jónsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Ása Ketilsdóttir.

stórbýli, það þótti ákaflega merkilegt og flott á þeim tíma.“[332] Á þeim tíma starfaði Guðrún sem aðstoðarstúlka í eldhúsinu á Landspítalanum, þegar matráðskonan þar mælti með henni í starfið.

> **DKE:** Hvernig atvikaðist, það að húsmóðirin réð til sín ráðskonu?
> **GG:** Hún hafði svo mörg önnur áhugamál og störf. Hún var mikið að skipuleggja eitt og annað í tengslum við búið. Hún var ábyggilega að stýra starfsmannamálum og ráða fólk – og svo fór hún í bæinn. Hún hafði verið businesskona í Reykjavík áður en hún gerðist bóndakona. En hún kom í eldhúsið og ráðlagði manni hvað hún vildi að yrði eldað. Hún hjálpaði aldrei neitt til við að vinna verkin í eldhúsinu, en hún skipti sér af.[333]

Af þeim 41 ráðskonum sem ég talaði við störfuðu sex konur hjá venslafólki sínu, þar af þrjár konur fyrir einhleypa frændur sína. Tvær gengu í ráðskonustarfið í veikindaforföllum frænkna sinna, en ein starfaði sem ráðskona undir stjórn frænku sinnar, húsmóðurinnar. Enginn af viðmælendunum starfaði sem ráðskona hjá föður sínum, bróður og/eða syni, líkt og tíðkaðist gjarnan að konur gerðu á tímabilinu 1850–1950.[334]

Það var ekki óalgengt að viðmælendurnir hefðu sérstaklega orð á því hvað þeim fannst vinnuveitendur sínir, bændurnir og heimilisfólkið, vera aldrað þegar þær störfuðu á bæjunum: „Þetta var bara gamalt fólk að mér fannst. Þetta voru tvær fullorðnar konur, ein 73 ára og hin 79 ára, og svo voru tveir karlar. Þeir hafa örugglega verið á fimmtugsaldri, en mér fannst þeir vera hundrað ára.“[335] Margar hlógu þegar þær áttuðu sig á því að bændurnir voru jafngamlir eða yngri en þær sjálfar voru í dag: „Mér fannst hann bara vera gamall karl.“[336] Það þarf reyndar ekki að undra að konurnar hafi álitið bændurna vera ævagamla þegar þær störfuðu fyrir þá því þær voru yfirleitt mun yngri en þeir. Algengast var að ráðskonurnar væru á tvítugsaldrinum og þrítugsaldrinum þegar þær störfuðu sem ráðskonur (1. mynd). Vinnuveitendur ráðskvenna, bændurnir sem þær þjónuðu, voru allt frá þrítugu og upp í menn á áttræðisaldri (2. mynd).[337]

Margir bændanna voru nokkuð gamaldags í háttum sínum, sem ýtti undir upplifun kvennanna af þeim sem öldungum. Nokkrar kvennanna höfðu líka orð á því í viðtölunum, að í fyrri tíð eltist fólk miklu fyrr – en nú væri tíðin önnur: „Í mínum augum var hann bara gamall karl, mjög aldraður. En hann gat líka hafa verið slitinn, ég meina það var ekki mikið af tækjum þarna. Fólkið vann svo mikla erfiðisvinnu.“[338]

[332] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[333] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[334] Nefna má þó að höfundur ræddi í síma við konu sem starfaði sem ráðskona hjá bróður sínum tímabundið. Umrædd kona veitti mér ekki viðtal og því heyrir hún ekki undir úrtak rannsóknarinnar.
[335] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[336] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)
[337] Viðmælendur þessarar rannsóknar mundu nær aldrei nákvæmlega eftir aldri vinnuveitenda sinna og studdust því oftast við aldursbil þegar aldri þeirra var lýst.
[338] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.




**Mynd 1.** Yfirlit yfir það á hvaða aldri konur voru er þær réðu sig til ráðskonustarfa á sveitabæjum.




**Mynd 2.** Yfirlit yfir það á hvaða aldri bændurnir voru sem réðu ráðskonurnar til starfa.

### 3.3. Ráðningarferlið

Ráðskona óskast
Nú vantar mig ráðskonu,
röska og trúa;
ég rétti henni vinarhönd
hver sem hún er;
því konulaus maður á bágt
með að búa;
í bænum öll snyrting í hundana fer.
Ég kann ekki að mjólka né
matreiða sjálfur,
og mamma er farin, svo nú er ég einn.
En ráðskona yrði mér heimurinn hálfur
og hamingjuvegurinn greiðfær og beinn.

Upplýsingar í síma 80529.[339]

Ráðskonur og bændur/húsmæður á síðari hluta 20. aldar notuðust við ýmsar leiðir þegar óskað var eftir ráðskonum/ráðskonustarfi. Rúmlega helmingur viðmælenda minna réði sig í ráðskonustarf vegna auglýsinga bænda. Þar að auki auglýstu fimm kvennanna sjálfar eftir ráðskonustarfi eða annar meðlimur í fjölskyldu þeirra:[340] „Pabbi setti inn auglýsingu fyrir mig.“[341]

**DKE:** Þú ert á krossgötum sem sagt.
**Anon:** Mamma mín sem hefur alla tíð reynst mér mjög vel, hún var ekki glöð að ég skyldi skilja við manninn, eða að við skildum skilja. Svo þetta var svolítið snúið. Því ákvað ég að fara þessa leið, að prófa að gerast ráðskona. Þannig voru bara aðstæðurnar.
**DKE:** Varst þú að skima eftir auglýsingum?
**Anon:** Ég auglýsti.
**DKE:** Hvar gerðir þú það?
**Anon:** Ég gerði það nú bara í *Tímanum*, blaði bændanna. Jájá.
**DKE:** Manstu hvernig þú orðaðir auglýsinguna. Tókstu fram að þú værir með börn?
**Anon:** Já ég var með tvö börn, vön sveitastörfum og ég náttúrulega bara auglýsti að ég væri dugleg eins og ég er og var [hlær]. Það höfðu margir samband.[342]

---

339 Auglýsing í *Morgunblaðinu*, 6. apríl 1954, 5.
340 Tveir viðmælendur sögðu að foreldri sitt hefði auglýst eftir ráðskonustarfi fyrir sig. Þar að auki auglýsti vinafólk eins viðmælandans eftir ráðskonustarfi fyrir hana.
341 Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.
342 N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

Bændur/húsmæður og ráðskonur óskuðu líka eftir ráðskonu/ráðskonustarfi með aðstoð þriðja aðila á formlegum vettvangi, s.s. í gegnum ráðningarskrifstofur eða með hjálp félagsþjónusta í sveitafélögum er leið á öldina.[343] Hér ber fyrst að nefna íhlutun Búnaðarfélags Íslands hvað viðkom ráðningu ráðskvenna, og þá helst Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins sem starfaði á vegum Búnaðarfélags Íslands á síðari hluta 20. aldar, allt frá 5. áratugnum og fram á 8. áratuginn. Viðtölin sýna að aðkoma Búnaðarfélags Íslands að ráðningarmálum ráðskvenna takmarkaðist að langmestu við að skrá verkbeiðnir bænda/húsmæðra sem og óskir ráðskvenna eftir störfum – án þess þó að þjóna sem milliliður í samingamálum. Sex viðmælendur sögðust hafa haft samband við Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins til að óska eftir ráðskonustarfi; þrjár konur auglýstu þar eftir starfi og þrjár hringdu á skrifstofuna til að spyrjast fyrir um verkbeiðnir bænda sem óskað höfðu eftir ráðskonum til starfa. Einn viðmælandinn sem gerðist ráðskona í upphafi 8. áratugarins fékk starfið í gegnum félagsþjónustuna í sveitarfélagi sínu.

Í viðtölunum kom fram að ríflega helmingur viðmælendanna frétti af ráðskonustarfinu í gegnum kunningsskap, í gegnum fjölskyldumeðlim eða vin/kunningja: „Það var í gegnum kunningsskap sem ég frétti af vistinni. Þá var þetta svona umræða á uppeldisheimili mínu: „Við vitum af þessum sem vantar ráðskonu, hafðu samband við hann,““ sagði ein ráðskonan, um það hvernig hún fregnaði af fjórðu ráðskonuvist sinni.[344] Sumar starfandi ráðskonur voru þannig í sveit settar, að þeim bárust gjarnan upplýsingar um möguleg ráðskonustörf til sveita. Um leið gátu þær íhugað möguleg vistaskipti og látið á slíkt reyna. Í viðtölunum kom upp eitt tilvik þar sem bóndinn útvegaði ráðskonu annað ráðskonupláss. Tveir viðmælendur fengu starfið í gegnum milligöngulausa ráðningu, þ.e.a.s. þær kynntust bændunum á balli, sem þar og þá óskuðu eftir þeim til starfa.

> **BAI:** Ég fór á ball og hann býður mér upp í dans. Við fórum að tala saman og ég sagðist vera að leita mér að vinna – eða hvort hann byrjar að segja að sig vanti ráðskonu, vegna þess að mamma hans var orðin gömul og þetta væri orðið of mikið fyrir hana allt. Jájá, ég þurfti að hugsa málið. Heyrðu kemur hann ekki bara daginn eftir og nær í mig og keyrir mig upp í sveit til að sýna mér bæinn.[345]
>
> **ÁAV:** Ég fór til prestsins og sagði honum að ég vilji skilja. Jájá, hann tekur vel í það. Svo sagði ég: „Ég vil fara sem ráðskona í sveit.“ Hann kom síðar til mín og sagðist vera búinn að finna stað fyrir mig, en hann væri of langt í burtu: „Mér finnst þú of ung til þess að fara svona langt. Farðu niður á ráðningarskrifstofu BÍ,“ segir hann. Þegar ég kem í dyrnar þar þá mæti ég

[343] Nefna má að ráðskonur á fyrri hluta 20. aldar gátu leitað til Vinnumiðstöðvar kvenna sem var starfrækt 1931–1935 af Kvenréttindafélagi Íslands. Sjá Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 175–178; *Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Konur eru konum bestar, 61.
[344] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.
[345] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

> gömlum manni, hann var aðeins á undan mér inn. Hann segir þegar hann kemur að borðinu hjá konunni: „Mig vantar ráðskonu.“ Svo ég segi: „Mig vantar ráðskonustöðu.“[346]

> **KÓ:** Ég frétti af starfinu í gegnum kunningjafólk mitt á Selfossi. Ég frétti af tveimur gömlum feðgum fyrir austan sem vantaði hjálp. Þá ákvað ég bara að fara þangað. Hjónabandið var einhvern veginn ekki að gera sig. Maður getur ekki farið djúpt í svoleiðis.[347]

Viðtölin sýndu að ráðskonurnar og vinnuveitendur þeirra töluðust yfirleitt við í síma áður en þær réðust í vistina: „Ég talaði við hann í síma og þá spurði hann mig að því hvort ég hefði verið í sveit. Ég svaraði: „Nei, ég hef ekki verið í sveit.““[348] Í sumum tilfellum mæltu þau sér mót. Mýmörg dæmi eru um að ráðskonurnar komu í heimsókn til að skoða aðstæður á bænum áður en þær gengu frá ráðningu sinni, en algengara var þó að bændurnir kæmu að máli við þær áður en þær voru ráðnar. Vegna þess að ráðskonum bar fyrst og fremst að sinna heimilisstörfum, kemur ekki á óvart að um fimmtungur ráðskvennanna voru ráðnar fyrir milligöngu kvenna. Einhleypir bændur nutu nefnilega liðsinnis dætra, frænkna eða systra sinna við ráðningu ráðskvenna: „Systurdætur hans sáu um að auglýsa.“[349] Umræddar konur voru ekki búsettar á bæjunum, en fannst þær engu að síður bera ábyrgð á heimilishaldi bændanna og sinntu jafnvel heimilisstörfum í íhlaupum fyrir þá bændur. Viðtölin leiddu þannig í ljós þá hvöt sem var til staðar hjá konum sem voru náskyldar einstæðum bændum, til þess að finna þeim ráðskonu sem sjá myndi um heimilisstörfin. Dæmi voru um að ráðskonur hafi fundað með kvenkyns skyldmenni bænda í eigin persónu eða rætt við þær símleiðis, þar sem þær voru m.a. spurðar út í starfsþekkingu sína: „Ég sá auglýsingu í *Vísi* og fór í viðtal til konu upp í Breiðholti, frænku þeirra. Það fyrsta sem hún spurði mig var: „Kanntu að baka?“ Ég sagði: „Ég kann að baka súkkulaðiköku,“ og ég var bara ráðin.“[350] Þessu tengt má nefna að nokkrar þeirra kvenna sem ég tók viðtöl við, hjálpuðu bændunum að finna ráðskonur í sinn stað þegar þær létu af störfum hjá þeim. Sú hjálp fólst til dæmis í því að semja og setja inn auglýsingar þar sem óskað var eftir ráðskonu og/eða skima eftir auglýsingum kvenna sem óskuðu eftir ráðskonustöðu hjá bændum. Einnig kom fram að fáeinar ráðskvennanna voru ráðnar fyrir milligöngu starfandi ráðskvenna sem þær þekktu.

[346] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.
[347] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[348] Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.
[349] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund. Sjá sendibréf frá 1906 þar sem systir skiptir sér af ráðningarmálum bróður síns sem var að ráða til sín ráðskonu. HSÞ. E-1370-3 25-01-1906 og HSÞ. E-1371-23. 1906
[350] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

> **EÍFJ:** Ég auglýsti eftir annarri stöðu, annarri ráðskonustöðu. Þá hringir önnur kona í mig – það er eins og karlarnir hafi ekki getað hringt sjálfir, það var svolítið spes. Systir mannsins hringir í mig, og hún segir: „Bróðir minn býr hérna í næsta nágrenni, hann er að taka við búi foreldra okkar. Það væri rosalega fínt að fá þig, hann vantar ráðskonu.“[351]

> **DKE:** Tók önnur ráðskona við eftir að þú hættir?
> **KH:** Dóttirin, elsta dóttirin, kom oft og eldaði fyrir þá mikið í einu í frystikistuna. Hún bjó til slátrið. Það var hún sem réði mig. Frænka þeirra kom líka og hún bakaði kannski 1000 kleinur og setti í frystikistuna. Hún kom svona á 4–5 mánaða fresti. Þeir höfðu ekki haft neina ráðskonu. Bóndinn gat soðið kjöt eða soðið fisk.
> **DKE:** Dóttirin er þá kannski ekki sátt þegar þú ferð, því þá er hún aftur komin í þetta starf.
> **KH:** Já, hún vildi að ég yrði lengur.[352]

> **DKE:** Hvað heldur þú að það hafi margir haft samband?
> **Anon:** Ég hugsa að það hafi verið upp undir 20. En það var ein kona, hún var bara svo ákveðin. Hún bara sagði strax: „hvernig líst þér á þetta eigum við ekki að ákveða þetta!” Það var dóttir bóndans. Hún sagði: „Já, pabbi minn og bróðir búa þarna. Bróðir minn vinnur ekki við búið nema að litlum hluta og pabbi minn er þetta gamalt. Það er fínt fyrir þá að fá þig, heldur þú að þetta sé ekki allt í lagi, eigum við ekki bara að ákveða þetta!” [Hlær] Og ég bara einhvern veginn svaraði: „Jújú.“ Bara svo einfalt. Ekkert að flækja það neitt. Þar leið mér mjög vel. [353]

Eftirspurnin var meiri en framboðið var af ráðskonum á síðari hluta 20. aldar. Vöntun á konum til þess að veita heimilum forstöðu á síðari hluta 20. aldar, bar á góma í öllum viðtölum rannsóknarinnar. Margar konurnar sem ég tók viðtöl við sögðust hafa verið einu umsækjendurnir sem sóttu um ráðskonustarfið sem þær réðu sig í. Þær konur sem auglýstu eftir ráðskonustöðu í miðlum fengu hins vegar alltaf mörg svör við auglýsingum sínum: „Þá auglýsti ég bara. Ég man ég var búin að fylla út svona A4 blað, var komin alveg niður, var hætt að skrifa fleiri bæi og þá var enn verið að hringja í mig út af þessari auglýsingu.“[354]

Rituð gögn um eftirspurn bænda/húsmæðra eftir ráðskonum liggja ekki fyrir nema að litlu leyti. Munur á eftirspurn og framboði ráðskvenna kemur þó skýrt fram í því misræmi sem er í fjölda auglýsinga þar sem annars vegar er óskað eftir ráðskonum og hins vegar fátíðari auglýsingum þar sem konur óska eftir ráðskonustöðu. Gögn Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins gefa líka innsýn í þann skort sem var á konum til

[351] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.
[352] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[353] N N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)
[354] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

að sinna ráðskonustarfinu til sveita á þessum tíma.[355] Hér er vitnað til tölfræðilegra upplýsinga um ráðningarmál sem Ráðningarskrifstofa landbúnaðarins birti í *Búnaðarritinu*. Þar segir svo þegar fjallað er um þau mál undir lok 6. áratugarins: „Með hverju ári sem líður endurtekur sig sífellt – og það jafnvel í vaxandi mæli – hinn tilfinningalegi skortur á kvenfólki til heimilisstarfa, ýmist sem ráðskonur eða til aðstoðar við heimilisstörf.“ [356] Tiltækar ráðningabækur Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins eru af skornum skammti – engu að síður gefa þær nokkra innsýn í þann skort sem var á kvenkyns vinnuafli í sveitum. Í þeim bókum koma fram óskir verkkaupenda til ráðskvenna sem þeir óska eftir að ráða. [357] Vegna þess hve fyrirliggjandi gögn um ráðningarmál ráðskvenna á vegum Búnaðarfélags Íslands eru veigalítil, hafði ég samband við Eirík Helgason sem var í forsvari fyrir Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins um árabil til þess að fá frekari innsýn í þau mál. Í samtali okkar tjáði Eiríkur mér að alltaf hefði verið minna framboð af ráðskonum en sem nam eftirspurninni eftir þeim hjá Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins.[358]

Örðugt er þó um vik að gera grein fyrir skorti á ráðskonum út frá auglýsingum og tiltækum verkbeiðnum bænda til Búnaðarfélags Íslands einu saman, enda auglýstu margir bændur hreinlega aldrei í miðlum eða hjá Búnaðarfélagi Íslands eftir ráðskonum, heldur létu það einfaldlega bara spyrjast út að þá vantaði konur til þeirra starfa. Hið sama gildir um konur sem leituðu að ráðskonustöðu. Í þessu sambandi má einnig minna á það hve margir sem leituðu að ráðskonu, notuðust ekki endilega við starfsheitið ráðskona þegar þeir óskuðu eftir starfskrafti innanhúss. Orðavalið var margbreytilegt þegar þeir auglýstu/óskuðu eftir ráðskonum – sem dæmi óskuðu þeir gjarnan eftir *stúlku* til innistarfa. [359] Sama á við um ótal auglýsingar/verkbeiðnir kvenna sem óskuðu eftir að sinna heimilishaldi.

## 3.4. Ráðskonustarfið – kröfur og væntingar

> 1. Ráðskona skal annast matseld. Gert er ráð fyrir fjórum máltíðum á dag, morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat. Hún skal auk þess annast veitingar fyrir gesti þegar þörf krefur.
>
> 2. Ráðskona annast innkaup til heimilis nema um annað sé samið. Hún skal eftir því sem aðstæður leyfa útbúa (vinna) matföng til heimilisins nema öðruvísi sé samið.

---

[355] Eiríkur Helgason. „Starfsskýrsla varahlutafulltrúa.“ *Búnaðarrit*, 1. janúar 1985, 143–145, hér 143.

[356] Magnús Guðmundsson. „Ráðningarstofa landbúnaðarins 1957.“ *Búnaðarrit*, 1. janúar 1958, 141–143, hér 141.

[357] Hér er vísað í upplýsingar varðandi ráðningar sem Ráðningarskrifstofa landbúnaðarins birti í *Búnaðarritinu* á árabilinu 1952–1985, sem og ráðningabækur þeirra frá 6. áratugnum (1958) og 8. áratugnum (1977) og annarra tiltækra gagna þeirra af þeim toga.

[358] Eiríkur Helgason, símaviðtal við höfund.

[359] Árið 1958 var til að mynda óskað eftir 20 stúlkum/konum til innistarfa og 27 ráðskonum hjá Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins. Sjá t.d. *ÞÍ.* Búnaðarfélags Íslands 1987 - M/11 - 1. 1958. Verkbeiðni nr. 86.

> 3. Ráðskona annast almenna tiltekt í íbúðarhúsi og þvotta og frágang hans. Hún skal einnig halda umhverfi íbúðarhúss þrifalegu og annast skrúðgarð sé hann til staðar, nema öðruvísi sé samið.
>
> 4. Ráðskona skal nema öðruvísi sé samið vera reiðubúin að aðstoða við útistörf svo sem gegningar og á sérstökum álagstímum svo sem um sauðburð, heyannir og við fjárrag eftir því sem aðstæður leyfa.[360]

Þannig hljómar fyrsta opinbera starfslýsingin á ráðskonustarfinu, frá árinu 1986. Hér er um að ræða almenna lýsingu sem byggði á samningi milli Stéttarsambands bænda og Verkamannasambands Íslands á störfum ráðskvenna á sveitaheimilum. Yfirlýsinguna birtu umrædd hagsmunasamtök ásamt launataxtaupplýsingum sem samtökin sömdu um í *Frey*, málgagni bænda.[361] Tilgangur birtingarinnar var að skapa formlegt viðmið (þó ekki lögbundið) um störf ráðskvenna svo hægt væri að taka mið af því við ráðningar þeirra.

Á þessum tíma skiptust atvinnuvegir íslensks þjóðfélags formlega í átta liði. Ráðskonustarfið heyrði undir lið persónulegrar þjónustu, í undirflokki heimilisstarfa/ósérhæfðra starfa.[362] Starfsskyldur ráðskvenna mótuðust fyrst og fremst af einstaklingsbundnum kröfum vinnuveitenda sem og kröfum kvenna sem sinntu ráðskonustarfinu. Líkt og gilti á árabilinu 1900–1950 er helst að finna heimildir um ráðningarskilyrði ráðskvenna á tímabilinu 1950–2000 í blaðaauglýsingum þar sem bændur óskuðu eftir ráðskonu – sem og í auglýsingum þar sem konur óskuðu eftir ráðskonustöðu. Segja má að auglýsingar sem taka til ráðskonustarfsins séu endurtekin stef í dagblöðum og tímaritum á 20. öld. Efniviður auglýsinganna og framsetning efnis þeirra breyttust fremur lítið, allt frá því auglýsingarnar fara að birtast að marki í upphafi 20. aldar. Þannig hljóma auglýsingar um ráðskonustörf gjarnan eins, jafnvel þó að þær hafi verið birtar með margra áratuga millibili. Það gildir líka um ráðningarskilyrði og aðrar kröfur auglýsenda sem óskuðu eftir ráðskonum eða eftir ráðskonuvist.

---

[360] Almenn lýsing á störfum ráðskvenna á sveitaheimilum sem birt var í *Frey* „Launataxti fyrir ráðskonur á sveitaheimilum," 587. Þar kemur fram að starfslýsing ráðskvenna var samþykkt 24. júní 1986. Undir fjárrag, sem kemur fyrir í 4. lið starfslýsingarinnar, falla verk á borð við smalamennsku og réttir.

[361] Birtar voru upplýsingar um launakjör ráðskvenna á sveitaheimilum í *Frey* á árabilinu 1986–1995. Þar er fjallað um starfskjör ráðskvenna skv. stöðlum Stéttarsambands bænda og Verkamannasambands Íslands. Sjá einnig Hákon Sigurgrímsson. „Réttindi og skyldur launþega og launagreiðenda í landbúnaði." *Freyr*, 15. apríl 1991, 350–351. Sjá: „Launakjör ráðskvenna á bændabýlum." *Freyr*, 1. febrúar 1987, 124; „Launakjör ráðskvenna á bændabýlum." *Freyr*, 10. maí 1988, 396; „Launakjör ráðskvenna á bændabýlum." *Freyr*, 1. október 1986, 778; „Launakjör ráðskvenna á bændabýlum." *Freyr*, 15. maí 1994, 387; „Launakjör ráðskvenna á bændabýlum." *Freyr*, 1. maí 1995, 221; „Launakjör ráðskvenna á bændabýlum." *Freyr*, 1. febrúar 1996, 77; „Launataxti fyrir ráðskonur á sveitaheimilum." *Freyr*, 15. júlí 1986, 587.

[362] Sjá um umönnunarstörf í *Ístarf95: Íslensk starfslokkun með skýringum og dæmum*, 103. Um ósérhæfð störf er fjallað í *ÍSAT2008: Íslensk atvinnugreinaflokkun*, 323, og um atvinnurekstur innan heimilishalds, 323.

Auglýsendur settu sjaldan fram sértækar kröfur í tengslum við störf og skyldur ráðskvenna á sveitabæjum, líkt og auglýsingar frá 1900–1950. Oftast var komið inn á skyldur í tengslum við heimilishald. Slíkar lýsingar á verkskyldum ráðskvenna innanbæjar voru hins vegar mjög almennar. Dæmi um það er algeng ósk bænda um ráðskonu sem sé tilbúin til þess að „taka að sér heimili,“ án þess að frekari kröfur kæmu fram.[363] Algengustu tilgreindu kröfurnar sem auglýsendur settu fram í tengslum við innanbæjarstörf ráðskvenna tengdust umönnun barna, þrifum og matartilbúningi. Í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonu til að hugsa um börn, var alloft tekið fram að hún yrði að vera „barngóð.“ Sumar auglýsingar gefa til kynna að ráðskonum hafi verið gert að uppfylla ímynd húsmóðurinnar, en þekkt er að starfskraftur sem sinnir heimilisstörfum sinni ekki einungis þeim verklegu verkum heldur einnig þeim hlutverkum sem tengjast þeim verkum.[364]

Í auglýsingunum á síðari hluta 20. aldar líkt og í fyrri tíma auglýsingum, var stundum óskað eftir ráðskonum sem kunnu að mjólka kýr. Það var sjaldnar óskað eftir ráðskonum sem voru vanar almennum sveitastörfum:[365] „Ráðskona óskast í sveit, þarf einnig að aðstoða við skepnuhirðingu. Má hafa með sér eitt til tvö börn. Reglusemi áskilin.“ [366] Kröfur til ráðskvenna um að sinna útistörfum voru yfirleitt ekki ráðningarskilyrði, heldur fremur *æskilegir* kostir: „Ráðskona á heimili úti á landi. Má hafa með sér barn. – Æskilegt er að hún kunni að mjólka.“[367]

Starfssvið ráðskvennanna var yfirgripsmikið, en engu að síður lögðu vinnuveitendur þeirra jafnan litla eða enga áherslu á starfsþekkingu kvennanna við ráðningarnar. Engin af konunum sem ég tók viðtöl við var innt eftir því hvort hún hefði formlega heimilismenntun.[368] Almennara var að vinnuveitendurnir óskuðu eftir upplýsingum um reynslu kvennanna af heimilisstörfum – ef grennslast var fyrir um starfsþekkingu þeirra á annað borð. Til samanburðar má nefna að reynsla og menntun vógu oftar þyngra í ráðningarferli ráðskvenna sem störfuðu á opinberum vettvangi en í tilfelli þeirra sem störfuðu inni á heimilum. Oftar var óskað eftir konum með húsmæðramenntun eða reynslu af heimilisstörfum til að sinna ráðskonustörfum á opinberum vettvangi heldur en inni á einkaheimilum.[369] Ein ráðskona sem starfaði á opinberum vettvangi tjáði mér að konur með húsmæðraskólamenntun hafi verið

---

[363] Auglýsing í *Tímanum* 10. apríl 1964, 4.

[364] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 108.

[365] Sjá auglýsingu í *Morgunblaðinu,* 14. apríl 1955, 3. Þar óskar ungur bóndi eftir ráðskonu sem helst þarf að vera vön sveitavinnu. Sjá einnig auglýsingu í *Tímanum* 17. september 1958, 3: „Helzt vön sveitastörfum.“

[366] Auglýsing í *Dagblaðinu,* 2. nóvember 1978, 23.

[367] Auglýsing í *Morgunblaðinu,* 23. nóvember 1957, 11.

[368] Kröfur um að ráðskonur byggju yfir heimilismenntun voru líka ærið sjaldséðar í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonu. Dæmi um auglýsingu þar sem óskað var eftir ráðskonu með húsmæðramenntun eða reynslu af hússtjórn birtist í *Morgunblaðinu,* 25. maí 1961, 5.

[369] Hér er vitnað í viðtöl mín við ráðskonur sem störfuðu á opinberum vettvangi, auglýsingar og greinaskrif um mikilvægi þess að ráðskonur hjá stofnunum og fyrirtækjum sæki sér menntun. Sjá t.d. auglýsingu sem óskar eftir ráðskonu í erlent sendiráð í *Morgunblaðinu,* 17. júní 1955, 15.

álitnar „verðmætari“ af fyrirtækjum og stofnunum, heldur en þær sem voru ekki húsmæðraskólagengnar.[370]

Undir lok 6. áratugarins upphófst umræða um mikilvægi þess að ráðskonur sem störfuðu á opinberum vettvangi byggju að fagmenntun, s.s. skólaráðskonur.[371] Sú umræða tók ekki til ráðskvenna á einkaheimilum, því hefðbundin húsmæðramenntun var sniðin að þeirra starfsvettvangi. Á 7. áratugnum komu fram lög þar sem heimild var veitt til að stofna sérstaka ráðskonudeild innan vébanda Húsmæðrakennaraskóla Íslands til að mæta þörfinni fyrir sérmenntaðaðar ráðskonur á opinbera sviðinu. Ráðskonudeild var stofnuð á 8. áratugnum í Húsmæðrakennaraskólanum og síðar í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Ráðskonudeildin hlaut fljótlega nafnið matráðsmannadeild:[372] „Jájá það er alltaf verið að karlgera,“ sagði ein starfandi ráðskona í mötuneyti mér, þegar hún kvaðst víst eiga að heita matráður en ekki ráðskona í dag.[373] Engin þeirra ráðskvenna sem ég tók viðtöl við, hvort heldur þær störfuðu á einkaheimilum eða opinberum vettvangi, höfðu stundað nám við ráðskonudeild.

Auglýsingar kvenna sem óskuðu eftir ráðskonustöðu á síðari hluta 20. aldar gefa ágæta sýn á þær kröfur og væntingar sem konurnar höfðu til ráðskonustarfsins. Konur sem auglýstu eftir því að vera ráðnar sem ráðskonur á sveitaheimili, settu sjaldan fram skilyrði í tengslum við verkskyldur sínar.[374] Það má helst greina kröfur og væntingar kvennanna til ráðskonustarfsins út frá lýsingum þeirra á starfsþekkingu sinni og eigin kostum, er sneru yfirleitt að húshaldi: „Kona vön matargerð óskar eftir ráðskonuplássi.“[375] Fjölmörg dæmi eru um að konur sem óskuðu eftir ráðskonustarfi tiltóku að þær væru þrifnar/hreinlegar. Þá lýsingu kvennanna á sjálfum sér, má að öllum líkindum rekja til þess að margir bændur óskuðu eftir þrifinni ráðskonu í auglýsingum sínum. Skilyrði um að konur sem sinntu ráðskonustarfinu væru þrifnar gefa til kynna að gerð yrði krafa um að ráðskonan sinnti hreingerningum – slíkt skilyrði vísaði líka í aðra röndina til þess að ætlast væri til að þrifnaðar væri gætt við meðhöndlun matvæla á bæjunum. Minnihluti þeirra kvenna sem óskaði eftir ráðskonustarfi með auglýsingu tók fram að þær hefðu reynslu af mjöltum og sveitastörfum.

Viðmælendurnir sögðust gjarnan hafa haft ákveðnar hugmyndir um í hverju ráðskonustarfið fælist áður en þær réðu sig í starfið: „Það var bara það sem maður veit. Þú ert að koma til þess að þvo þvott. Þú ert að koma til þess að elda mat og þrífa. Það er bara vitað fyrirfram.“[376] Enginn af viðmælendunum kannaðist við, né starfaði

[370] Helga Fríða Tómasdóttir (f. 1961), viðtal við höfund.

[371] Sjá „Ráðskonudeild fyrir sjúkrahús í Húsmæðrakennaraskólann?” *Morgunblaðið*, 18. júlí 1970, 24; „Ráðskonudeild.“ *Alþýðublaðið*, 6. júlí 1966, 3.

[372] Vilhjálmur Hjálmarsson. „Hússtjórnarkennaraskóli – Heimilisfræðaskólar.“ *Morgunblaðið*, 11. maí 1975, 16.

[373] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

[374] Auglýsing í *Degi*, 3. janúar 1986, 14.

[375] Auglýsing í *Vísi*, 12. maí 1976, 12.

[376] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

eftir, formlegum viðmiðum um störf ráðskvenna: „Þetta var frekar laust í reipunum. Maður gekk inn í starf sem byggði á samkomulagi á milli fólks um hvað þyrfti að gera; starf sem fól í sér óskráðar skyldur.“ [377] Fremur fáir viðmælendur rannsóknarinnar mundu eftir ráðningarskilyrðum í tengslum við verkskyldur þeirra á bænum.[378] Helstu ráðningarskilyrði ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra sem bar á góma í viðtölunum, tóku til þess hvort vinna ráðskvennanna einskorðaðist við störf innanbæjar eða hvort þær skyldu rækja störf bæði innan- og utanstokks: „Hann segir að þetta sé bara innivinna.“[379] Meginkröfur vinnuveitenda til ráðskvenna fólu í sér að þær myndu sinna eldamennsku: „Hann vildi bara vera úti. Hann kunni lítið að elda.“[380] Alla jafna voru gerðar litlar sem engar kröfur til ráðskvennanna og/eða vinnuveitenda þeirra fyrr en konurnar voru búnar að ráða sig í starfið: „Þeir sögðu mér hvað átti að gera. Ég átti að elda mat og hjálpa þeim aðeins í fjósinu, reka kýrnar og elda handa þeim matinn.“[381] Vinnuveitendur ráðskvennanna kröfðu þær aldrei um meðmæli og sjaldan sem aldrei var orðum vikið að slíku í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonum í miðlum. Því tengt skal nefnt að munnleg meðmæli komu þó við sögu, svo sem þegar konur réðu sig í ráðskonuvist í gegnum kunningsskap.

Vegna þess að framboð af ráðskonum var minna en eftirspurnin, má ætla að vinnuveitendur ráðskvenna hafi ekki alltaf verið í þeirri stöðu að geta sett fram sértæk ráðningarskilyrði: „Í fyrra símtalinu var ég að spyrja í hverju starfið væri falið og um kjörin – og hvort margir hafi hringt í hann.“[382] Konur sem sóttu um ráðskonustöðu voru aftur á móti í betri stöðu en vinnuveitendur ráðskvenna til að setja fram ákveðin ráðningarskilyrði, sökum þess að meiri eftirspurn var eftir ráðskonum en sem nam framboði kvenna í það starf. Það vekur upp spurningar hví svo margar af konunum sem ég ræddi við gerðu engar sérstakar kröfur í tengslum við verkskyldur sínar á bæjunum sem þær réðu sig á, áður en þær réðu sig þangað. Viðtölin leiddu í ljós að konurnar, líkt og vinnuveitendur þeirra, lögðu miklu fremur áherslu á persónulega þætti við ráðninguna, líkt og fjallað er um í næsta kafla.

> **SÁJ:** Ég ákvað bara að hringja.
> **DKE:** Spurðu þeir þig hvort þú hefðir einhverja þekkingu á starfinu?
> **SÁJ:** Nei. Ég held ég hafi verið sú eina sem sótti um í það skiptið.
> **DKE:** Þannig það voru engar kröfur gerðar til þín í tengslum við starfið?
> **SÁJ:** Nei.[383]

---

[377] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.
[378] Viðmælendur mundu lítið eftir auglýsingunum sem þær svöruðu í tengslum við ráðskonustarfið. Þær vitnuðu mun oftar í þekkta frasann „ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn“ þegar auglýsingar bænda bar á góma í viðtölunum.
[379] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[380] Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.
[381] Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.
[382] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.
[383] Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.

## 3.5. Heimilisstörf

### 3.5.1. Heimilisstörf – kyn og stétt

Forsenda ráðskonustarfsins er í grunninn sprottin af þörfinni fyrir starfskraft til að stýra heimili (e. *household labour*). Heimilishald samanstendur af mörgum störfum sem sinna þarf á heimili sem snúast í grunninn um að þjónusta heimilisfólk, með einum eða öðrum hætti. Grunnforsenda þess að vera ráðin sem ráð*skona* var sú að tilheyra kvenkyninu. Sú forsenda starfsins útilokaði um leið karla sem mögulega umsækjendur um ráðskonustarfið.[384] Í því sambandi má benda á auglýsingar þar sem óskað er eftir ráðskonum, konum eða stúlkum til að sinna innistörfum á 20. öld. Meginstefið í þeim auglýsingum er krafan um *konu* til að sinna innanhússtörfum.[385] Ráðskonan hefur sum sé „í fæstum tilvikum skipt um kyn," eins og eitt sinn var sagt um húsmóðurina.[386]

Hugmyndir um að heimilisstörf séu kvennastörf hafa löngum haft áhrif á sjálfsmynd kvenna með hliðsjón af vinnukraftshlutverki sínu.[387] Því kom lítt á óvart að viðmælendurnir/ráðskonurnar álitu kynferði sitt vera meginforsenduna fyrir ráðningu sinni, fremur en reynslu sína og/eða heimilismenntun. Ein helsta ástæða þess að ráðskonustarfið var ætlað konum er sú að hefðin hefur áskapað konum að sinna þjónustuhlutverkum fremur en öðrum verkum. Hér koma við sögu rótgrónar hugmyndir sem segja að heimilisstörf hafi alltaf verið ætluð konum; hugmyndir um eðli og hlutverk kvenna sem uppalendur, heimilishaldarar og umönnunaraðilar.[388]

Sigríður Matthíasdóttir segir að þegar komið var langt fram á 20. öld hafi tekist að „nútímavæða bæði atvinnuvegi og stjórnarhætti en ekki hugmyndir og viðhorf til kvenleikans."[389] Kynjaskipting réð enn ríkjum á íslenskum sveitaheimilum með tilliti til hússtarfa á síðari hluta 20. aldar. Þessi inngróna kynjaskipting gagnvart því að sinna umræddum verkum var svo fastmótuð sem raun ber vitni, því henni var fylgt af festu um aldir alda.[390] Viðtöl mín sýndu hve langlífar og djúpstæðar

---

[384] May-Len Skilbrei segir kvenkynið vera þann þátt sem tryggði konum ráðningu við ræstingastörf í Noregi en á sama tíma útilokaði sá þáttur ráðningu karla. Skilbrei, „Turning paid work into housework," 279.

[385] Hér er vitnað til heimildaflokka á borð við atvinnuauglýsingar á tímabilinu 1950–2000 sem og til verkbeiðna bænda til Búnaðarfélags Íslands, þ.m.t. verkbeiðnir bænda er varða ráðningar Búnaðarfélags Íslands í samráði við Atvinnumálaráðuneytið á þýskum konum um miðbik síðustu aldar. Sjá *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - B/13 - 5. Þýska verkafólkið 1949.

[386] Sjá greinarstúf Bitten Petersen sem birtist í tímaritinu *Húsfreyjan* árið 1980. Petersen, „Húsmóðirin – hver er það?," 20.

[387] Steedman, *Labours lost,* 24–25. Sjá einnig Hill, *Women and Sexual Politics in the Eighteenth-Century England,* 123; Friedan, *The Feminine Mystique,* kindle útg., 78.

[388] Rollins, *Between women,* 24; Davidoff, *World´s Between,* 74.

[389] Sigríður Matthíasdóttir, „Nýja kvennahreyfingin á Norðurlöndunum á 8. áratug 20. aldar"; sama, *Hinn sanni Íslendingur,* 177 og 194; sama, „Kvennahreyfing millistríðsáranna og átökin um hlutverk kvenna innan þjóðríkisins," 105. Einnig má nefna umfjöllun Erlu Huldu Halldórsdóttur um deilur um hlutverk og eðli kvenna á 3. áratug síðustu aldar á Íslandi. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennasamtök," 134–135. Sjá líka Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „Fjötrar ástar og skyldu," 122.

[390] Sjá *Lbs.-Hbs.* Sigríður Th. Erlendsdóttir, Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914, 16.

hugmyndir um hlutverk kvenna á Íslandi voru á þeim tíma sem rannsóknin náði til. Ráðskonurnar, líkt og vinnuveitendur þeirra, töldu verkaskiptingu kynjanna inni á heimilinu vera eðlilegt fyrirkomulag. Viðhorf ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra til heimilisstarfa sem kvennastarfa á síðari hluta 20. aldar, endurspegla ríkjandi viðhorf innan samfélags þess tíma til kynskiptingar starfa.[391]

Skýringuna á því hversu inngróin kynjaskiptingin var á umræddum tíma má rekja til nokkurra ástæðna öðrum fremur. Viðhorf til heimilisstarfa sem kvennastarfa voru meðtekin í uppeldinu. Fjölskylduskipanin fól í sér að karlmenn nutu þjónustu frá hendi mæðra sinna og systra og síðar eiginkvenna sinna, dætra og/eða ráðskvenna. Kynbundnar áherslur í uppeldi ollu kunnáttuleysi karla á þessu sviði, sem skapaði þörf þeirra fyrir heimilisþjónustu sem húsmæður og ráðskonur gátu veitt þeim: „Síðan verð ég ráðskona á sveitaheimili, vegna þess að konan þar var dáin. Þeir misstu konuna; faðir og tveir synir sem voru á aldur við mig. Konan bara fallin frá svo það vantaði náttúrulega einhvern vinnukraft.“ [392] Þegar ástæður að baki inngróinni kynjaskiptingu eru skoðaðar þá þarf einnig að líta til áhrifa útbreiddrar hugmyndar þess efnis að kvenleikinn sé skörinni neðar en karlmennskan, en með hliðsjón af því viðmiði þá rýra karlar er sinna kvennastörfum karlmennskuímynd sína með slíku háttalagi, líkt og áður hefur verið drepið á. [393] Hluti af skýringunni að baki kynjaskiptingunni á þessu tímabili ræðst einnig af húsmæðrahugmyndinni/fyrirvinnukerfinu sem spratt fram um aldamótin 1900 hjá borgarastéttinni, en náði síðar fótfestu á meðal verkalýðsins og einnig á meðal smábænda samkvæmt Guðmundi Jónssyni: „Húsmæðrahugmyndafræðin birtist skýrast í framkvæmd í verkaskiptingu eftir kynjum á heimilum og vinnumarkaði: eiginmaðurinn vann fyrir fjölskyldunni á vinnumarkaði á meðan eiginkonan vann heimavið, sá um heimilisverk og barnauppeldi,“ skrifar Guðmundur.[394]

Um miðja 20. öld fer að örla á togstreitu í viðhorfum kvenna til húsmóðurstarfsins. Húsmæðrahugmyndafræðin sem „birtist skýrast í framkvæmd í verkaskiptingu eftir kynjum á heimilum og vinnumarkaði“[395] tók að gefa eftir fyrir nýjum alþjóðlegum hugmyndum um hlutverk kvenna, sérstaklega á 7. áratugnum með tilkomu seinni bylgju femínismans og lögboðnum launajöfnuði fyrir svipuð störf (1967):[396] „Hin nýskapandi hugsun femínista fékkst við að endurskilgreina hugsun og athafnir og til varð ímynd hinnar sjálfstæðu, framtaksömu konu sem ekkert hræddist,“ skrifar Gerður Róbertsdóttir sagnfræðingur.[397] Á því tímabili fóru konur í

[391] Sjá Hulda Proppé, „„Hér er ég, bara kyngdu því,““ 294; Tosh, *The Pursuit of History,* 36.

[392] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

[393] Östman, *Mjölk och jord,* 13 og 202; Abrams, *Myth and Materiality,* 56; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur,* 72.

[394] Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 198–199; Sainsbury, *Gender and equality and welfare states,* 41–43.

[395] Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 198.

[396] *Konur sem kjósa,* 323–325 og 373; *Lbs.-Hbs.* Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans, 149; Olga Guðrún Árnadóttir, ritstj., *Á rauðum sokkum,* 165–168; Abrams, „Liberating the female self,“ 35.

[397] *Lbs.-Hbs.* Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans, 12.

auknum mæli að sækja vinnumarkaðinn og menntun kvenna jókst til muna: „Hins vegar ríktu enn þau viðhorf að karl og kona ættu að gegna ólíkum hlutverkum, konan að bera meginábyrgð á heimili og börnum, karlinn að vera heimilisfaðir og aðalfyrirvinna, menntun hans og starfsframi skipti ólíkt meira máli en konunnar," skrifar Helgi Skúli Kjartansson.[398] Kynjaskiptingin hélt sessi sínum, svo vitnað sé í orð Ingu Huldar Hákonardóttur sagnfræðings um stöðu kvenna á vinnumarkaði í upphafi 9. áratugarins á þessa leið:[399]

> Hvernig er þá staða allra þessara mæðra og giftu kvenna á vinnumarkaðnum? Því er til að svara, að þær dreifast miklu minna á starfsgreinar heldur en karlmenn. Mjög stór hópur er í eins konar framlengingu af heimilisstörfum, svo sem þvotti og ræstingu, hjúkrun, matvælaiðnaði, saumaskap og framreiðslu á veitingum, en einnig eru þúsundir í vélritun og við símavörslu á skrifstofum og afgreiðslu í búðum. Stór hópur er við kennslu. Sjaldnast eru konur í stjórnunarstöðum, en fjölmennar á lægri þrepum... Og út úr konum, sem þurfa að sjá fyrir börnum eða hjálpa veikum manni er auðvelt að pína vinnu.[400]

Launuð heimilisstörf á þessum tíma voru ekki eingöngu kynjaskipt, heldur einnig stéttaskipt. Fræðimenn hafa fjallað um stéttarlegt misvægi milli kvenna í kvenvænum velferðarkerfum á Norðurlöndunum, sem myndast þegar vinnuframlag fátækra kvenna brúar bil sem skapast vegna skorts á konum til kynbundinna starfa sem betur staddar konur brúa ekki.[401] Dæmi um það er þegar einstæðar fátækar mæður fylltu í skörð brottfluttra kvenna á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar, og þegar erlendar fátækar konur komu hingað sem vinnuafl til að sinna láglauna kvennastörfum.[402] Svo ég vitni í orð fyrrum ráðskonu:

> **Anon:** Íslenskar konur geta ekki endilega þakkað eigin baráttu fyrir það hvað þær hafa það gott – ég vil endilega að það komi fram. Því þegar að konur sögðu hingað og ekki lengra, íslenskar konur, þá voru fluttar inn aðrar konur til þess að vinna störfin sem fólkið vildi ekki vinna. Þess vegna er stórt hlutfall landsmanna Pólverjar. Þess vegna talar starfsfólk á öldrunarheimilum litla eða enga íslensku; fólk í heimaþjónustu aldraðra og fatlaðra, talar litla eða illa íslensku. Það er vegna þess að það er búið að flytja inn þetta ódýra vinnuafl, til að vinna störfin sem íslenskar konur vinna ekki lengur. Þess vegna geta íslenskar konur leyft sér að vera með menntuðustu konum í

[398] Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 392.

[399] Hulda Proppé segir að eldamennska hafi verið starf kvenna og að karlar hefðu lítið komið að þeim störfum í sjávarþorpum í lok 20. aldar. Hulda Proppé, „„Hér er ég, bara kyngdu því,"" 297.

[400] Inga Huld Hákonardóttir, *Hélstu að lífið væri svona?*, 127–128.

[401] Sjá Isaksen, ritstj. *Gender, Care and Globalization as seen from Norway*.

[402] Sjá Unnur Dís Skaptadóttir, „What Happened to the Migrant Workers?," 177; Anderson, *Doing the Dirty Work?*, 1.

heimi. Við skulum ekki gleyma því að á Íslandi er fullt af konum sem tóku við því sem við myndum kalla ráðskonustarfið, konur frá Tælandi, Filippseyjum, og fleiri löndum, sem að giftast þessum mönnum, sem að við, þessar íslensku konur hefðum aldrei litið við og við hefðum hreinlega kært þá ef þeir hefðu leitað á okkur – því þeir eru þannig margir þeirra. Þannig var það líka með ráðskonustarf þýskra kvenna sem komu hingað sirka 1950. Þannig að ráðskonustörf íslenskra kvenna hafa líka færst svolítið yfir til útlendinganna. Það er oft talað um þessar útlensku konur í háði, að þær séu aðkeyptar. Ég held að fólk þurfi aðeins að banka í höfuðið á sér þegar það segir svona, því þær konur komu og koma enn hingað til þess að vinna þessi ræstingastörf sem við viljum ekki, og að hugsa um heimili þessara manna og eignast jafnvel börn með þeim. Þær gera það ekki vegna þess að þær verði brjálæðislega ástfangnar af einhverjum manni – þær gera það því þetta er kannski besta lífið sem þær geta skapað sér þá stundina, líkt og í tilfelli okkar ráðskvennanna hér áður – meira um það hef ég ekki að segja.[403]

### 3.5.2. Fyrri reynsla ráðskvenna af heimilisstörfum

**DKE:** Þú sagðir að þegar þú komst til hans þá hafir þú farið á fullt við að þrífa heimilið.
**ST:** Jájá, jájá, ég lærði það af mömmu að maður sest ekki niður og fer að horfa upp í loftið – heldur fer maður og finnur sér eitthvað að þrífa. Það er eitthvað sem ég kann frá barnæsku. Þótt við byggjum í sveit þá var ég ekki mikið í útiverkum, ég var ekki mikið á vélunum. Þannig að ég var ekki búin að læra að vinna útiverkin. Ég í raun og veru staðna í þrifunum. Ég spyr mig hvort það hafi ekki setið soldið mikið í mér. Þegar ég er að þrífa, þá og núna, þá er ég að gera eitthvað, ég veit ekki hvort það gefi eitthvað, ég hef aldrei getað almennilega skilgreint það. Ég held þetta sé beinn arfur frá mömmu. Ég er náttúrulega alin upp af konu sem var með þrifbrjálæði. Hún átti sín 10 börn. Hún fór á kaf í skúringarfötuna, hún réði örugglega ekki við að eiga öll þessi börn, eðlilega. Ég er ekki að ásaka hana, hún hvarf svolítið á bak við tuskuna. Hún setti metnað í að hafa heimilið hreint og ég tek þetta rosalega með mér. Ég hafði verið au pair út í Noregi og það var fast í mér að ég ætti að vera að þrífa og þarna geri ég það líka í ráðskonuvistinni. Ég fer strax að þrífa. Þetta fylgdi mér mjög lengi [hlær]; þessi hugmynd um að ég ætti að vera að þrífa – og fylgir mér pínulítið ennþá.[404]

Hér að ofan er vitnað í viðtal mitt við ráðskonuna Svövu Theodórsdóttur (f. 1960), sem kom ítrekað inn á reynslu sína af þrifum úr barnæsku. Viðhorf Svövu til

[403] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)
[404] Svava Theodórsdóttir (f. 1960), símaviðtal við höfund.

hreingerninga voru ærið blendnar og hún, líkt og margar aðrar ráðskvennanna, velti vöngum yfir þeim áhrifum sem heimilisstörf höfðu haft á líf hennar.

Allir viðmælendur rannsóknarinnar voru ráðnir til þess að gegna heimilisstörfum. Reynsla kvennanna af heimilisstörfum á sveitaheimili var misjöfn er þær hófu störf sem ráðskonur. Þegar litið er til reynslu kvennanna með hliðsjón af lífsskeiði þeirra kemur fyrst til skjalanna sú fræðsla og verklega þjálfun sem stúlkur hljóta í tengslum við hússtörf á uppvaxtarheimilum sínum. Sumar konurnar sem ég ræddi við réðu sig mjög ungar, jafnvel barnungar til ráðskonustarfa, og bjuggu í þeim tilfellum jafnan einungis yfir þekkingu sem þær höfðu öðlast í heimahúsum: „Þó ég segi það sjálf þá kunni ég alveg að búa til ágætan mat. Ég hafði lært það hjá mömmu, hún var húsmæðraskólagengin og úr sveitinni.“[405] Alla 20. öldina var það almenna reglan að íslenskum stúlkubörnum var kennt hvernig ætti að sinna heimilisstörfum, til að undirbúa þær fyrir kynhlutverk sitt í víðum skilningi.[406] Reynsla viðmælenda rannsóknarinnar á húsverkum úr æsku sinni var mikilvægur vitnisburður um kjör þeirra á grundvelli kyns. Sú reynsla markaði æsku, þekkingu/þekkingarleysi og starfsval viðmælendanna.[407]

Eftir því sem viðtalsvinnunni vatt fram kom í ljós að þekking kvennanna á heimilisstörfum frá uppvexti þeirra var ærið misjöfn. Reynsla þeirra spannaði allt frá því að hafa engan þátt tekið í heimilisstörfum, til þess að þær hefðu strax á uppvaxtarárum náð mikilli færni í þeim verkum. Áherslan á þennan þátt uppeldis kvennanna var sem sagt mismunandi og markaðist að nokkru af því hvort þær stúlkur uxu úr grasi til sveita, í þorpum s.s. við sjávarsíðuna eða í stærri þéttbýliskjörnum, s.s. á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.[408] Bakgrunnur kvennanna hvað stétt varðar var hjá þeim nærfellt öllum sá sami, en þau vægu frávik sýndu að ekki var marktækan mun að finna hvað þátttöku í heimilisstörfum í uppvexti varðar m.t.t. stéttamunar.

Viðmælendur mínir sem uxu úr grasi í þéttbýlinu fengu almennt minni tilsögn í undirstöðuatriðum heimilisstarfa í uppvexti sínum en viðmælendur mínir sem ólust upp í sveit. Sagnfræðingurinn Eggert Þór Bernharðsson segir vinnu hafa verið stærri hluta af uppeldi barna í sveitum heldur en í þéttbýli, í umfjöllun sinni á uppeldi barna í sveitum og í Reykjavík á fyrstu áratugunum eftir seinna stríð: „Þau störfuðu við hlið fullorðinna, voru í nánu sambandi við hinn vinnandi mann hvort sem hann var að verki inni eða úti, og talin liðtæk til starfa ung að árum.“[409]

[405] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[406] Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj., Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni, 101 og 105; Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld,“ 137–177; Ólöf Garðarsdóttir, „Skóli og kynferði,“ 423–424. Sjá einnig Hartley, „A Developmental View of Female Sex Role Identification.“

[407] Sjá viðtalsfrásögn rauðsokkunnar Helgu Ólafsdóttur (f. 1937) um upplifun sína á keðjuverkun kvennastarfa millum kynslóða í sveit í Olga Guðrún Árnadóttir, ritstj., *Á rauðum sokkum,* 98.

[408] Sjá umfjöllun um mismunandi sveita- og bæjarstörf drengja og stúlkna í Símon Jón Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir, *Bernskan,* 125–155.

[409] Eggert Þór Bernharðsson, *Sveitin í sálinni,* 37.

Ritaðar heimildir sýna að hreingerningar og ekki síst umönnun barna, voru á meðal þeirra meginverka er stúlkubörnum var gert að gegna á Íslandi í aldaraðir.[410] Reynsla ráðskvennanna af því að sinna þrifum og ekki síst barnagæslu frá uppeldisárum sínum var jafnari en reynslan af eldamennskunni. Reynsla af eldamennsku var algengari hjá konum sem ólust upp í sveit, og reyndar einnig í sjávarþorpum, heldur en tilfellið var hjá viðmælendum sem ólust upp í borginni og bæjum utan sjávarsíðunnar. Samantekið sýna viðtölin og ritaðar heimildir að það var ekki sjálfgefið að stúlkur lærðu þrif, eldamennsku og að passa börn í uppvexti sínum á 19. og 20. öld.[411]

Viðmælendur rannsóknarinnar sem ólust upp í sveit (22%) hlutu þjálfun í að sinna inniverkum sem tíðkuðust á sveitaheimilum. Þær vísuðu gjarnan til reynslu sinnar af húsverkum í uppvexti sínum á sveitaheimilum þegar þær lýstu starfshæfni sinni gagnvart ráðskonustarfinu. Þær konur sögðust hafa þekkt af eigin raun hefðbundin heimilisstörf sem innt voru af hendi á sveitaheimilum, og þar af leiðandi haft burði til þess að ganga beint í störfin um leið og þær hófu ráðskonustarfið. Jafnvel þó svo að konur hefðu nokkra reynslu af heimilisstörfum úr uppvexti sínum í þéttbýli nýttist sú reynsla þeim misvel þegar þær gerðust ráðskonur: „Ég lenti á alveg ofsalega góðu heimili, en þetta var svolítið sérstakt fyrir mig, því ég er fædd og uppalin í Garðabæ og er óttalegt borgarbarn.“[412] Til samanburðar má nefna að konur sem störfuðu sem vinnukonur í Reykjavík fyrir og eftir aldamótin 1900 voru langflestar úr sveit og höfðu því takmarkaða þekkingu á störfum á heimilum í Reykjavík „og þess vegna hefur kunnáttuleysi oft dregið dilk á eftir sér,“ skrifaði Sigríður Th. Erlendsdóttir í lokaritgerð sinni Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914.[413]

Margar kvennanna höfðu ekkert val um hússtarfalærdóminn sem stundum fólst í mikilli þátttöku þeirra í hússtörfunum er sinna þurfti á uppeldisheimilum þeirra.[414] Það gilti hvorutveggja um konur sem voru búsettar í dreifbýli eða þéttbýli. Ráðskonan Sigríður Jónsdóttir (f. 1964) sem ólst upp á sveitaheimili sagði kynferði sitt vera meginástæðuna fyrir því að hún þurfti að sinna inniverkum til móts við móður sína í barnæsku: „Þetta var eitthvað sem við vorum neyddar til að gera,“ sagði Sigríður mér, um leið og hún hrærði í kolmórauðri kássu á eldavélahellunni. Hún var að elda hádegismat fyrir fjölskylduna sína og mig, spyrilinn. Sólargeislar léku um

---

[410] Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj., *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni* segir að barnapössun hafi verið hlutverk stúlkubarna alla 20. öldina, 103 og 128. Eggert Þór Bernharðsson segir að á fyrstu áratugunum eftir seinna stríð hafi stúlkur í Reykjavík verið látnar sinna barnagæslu á meðan drengir voru látnir sinna blaðasölu í *Sveitin í sálinni,* 38–39.

[411] Guðrún Guðmundsdóttir, *Minningar úr Hornafirði,* 26. Þar segir enn fremur að strákar áttu aldrei að passa börn, sjá 46 og 50. Sjá líka Guðrún Sigurðardóttir, *Minningar,* 15.

[412] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

[413] *Lbs.-Hbs.* Sigríður Th. Erlendsdóttir, Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914, 151.

[414] Sagnfræðingarnir Davidoff og Hall segja fræðimenn gjarnan líta fram hjá hve mikið líf kvenna ræðst af sambandi þeirra við fólk innan vébanda fjölskyldunnar. Davidoff og Hall, *Family Fortunes,* lii. Sjá líka umfjöllun um áhrif uppeldis á hlutverkaskiptingu kynjanna og baráttu Rauðsokkanna gegn því fyrirkomulagi. Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast,“ 481.

eldhúsið og vörpuðu birtu sinni á Sigríði þar sem hún stóð við eldavélina og miðlaði minningum sínum af eldhúsverkum sem hún sinnti í æsku sinni. Hún sagði mér frá öllum inniverkunum sem voru hennar móðurarfur. Hún sagði mér að hún hefði ekki haft nokkurn áhuga á þessum kynskipta arfi sem var hennar hlutskipti, líkt og móður hennar og formæðra. Á meðan sat ég á eldhúsbekknum og virti Sigríði fyrir mér, þar sem hún stóð með skuplu á höfði og með vígalega svuntu sem á stóð „Ég elska að aðstoða við eldhússtörfin." Sigríður hrærði í sjóðandi kássunni, hring eftir hring og mælti:

> **SJ:** Líf kvenna hefur náttúrulega alltaf verið svona. Við vorum tvær heima ég og mamma. Ég á þrjá bræður og föður. Við mamma urðum alltaf að skipta á milli okkar smalastörfunum. Karlarnir þurftu náttúrulega aldrei að skipta þeim störfum á milli sín. Önnur okkar gat farið að smala, hin þurfti að útbúa hádegismatinn og hugsa um litla bróður minn. Við gerðum þetta bara til skiptis. Þetta kom körlunum ekkert við. Við máttum alveg ráða hvor kom út. Hvorugri okkar þótti gaman að elda og hvað þá að baka. Þetta var eitthvað sem við vorum neyddar til að gera. Við vorum reyndar alveg góðar í þessu. Mamma hélt nú til dæmis að hún gerði vondan mat og væri ómöguleg að baka. Hún hélt hún væri drusla – að það væri ósnyrtilegt á heimili hennar, sem var alls ekki. Það var alltaf hreint og fágað, skipulag í skápunum hjá henni. Hún gerði bara ágætis mat og átti alltaf köku. Það kom aldrei gestur til hennar þannig að hún gæti ekki boðið honum eitthvað. En hún leit alltaf á þetta sem kvöð. Það er pínu þannig hjá mér líka. – Nú, þegar ég var ung kona, þá var það þetta sem ég kunni að gera vel; að halda heimili. Ég var búin að gera það síðan ég var krakki með mömmu; að elda, þrífa, passa börn, og þvo þvottinn. Ég hugsaði með sjálfri mér að ég gæti unnið fyrir mér eitthvað með þessu. Og svo þegar ég var komin með krakka sjálf þá var þetta eina starfið sem maður gat unnið og haft barnið sitt hjá sér í vinnunni – að vera í einhverju ráðskonustarfi. Þannig að það var það sem ég gerði í einhvern tíma, á sumrin sérstaklega. Ég var sem sagt búin að læra ráðskonudjobbið, löngu áður en ég eignast þennan krakka. Ég var búin að læra þessi húsverkatrix. Til dæmis sat maður við eldavélina yfir pottunum og las bækur, maður var að lesa og hrærði annars hugar í pottunum með hinni hendinni með sleif, skilurðu. Svo var maður með alls konar matreiðslutrix. Við mamma áttum uppskrift sem við kölluðum letiklessu. [415]

Viðmælendur mínir hlutu einnig starfsþjálfun fyrir heimilisstörfin í störfum utan veggja foreldrahúsanna í uppvexti sínum. Til dæmis sinntu margar kvennanna barnagæslu í starfi sínu sem barnapíur. Einnig kom fram að 20% af viðmælendunum

[415] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund. Sjá einnig: Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Tvískipting heimsins: Um kvenna- og karlabókmenntir. Sigríður Jónsdóttir ljóðskáld og baráttukona í Arnarholti*. https://vimeo.com/280900407

voru sendar til vinnudvalar í sveit sem börn, þar sem þær hlutu m.a. starfsþjálfun í inniverkum. Sú hefð að senda börn til sumardvalar í sveit var til athugunar í rannsóknarverkefninu *Óháður flutningur íslenskra barna á 20. öldinni*, m.a. út frá opnum einstaklingsviðtölum við aðila sem tengdust þeim sið. Sú rannsókn sýndi að stúlkur þurftu mun oftar að gegna heimilisstörfum í sumardvölum sínum á sveitabæjum heldur en drengir.[416] Hið sama var uppi á teningnum í sumardvöl viðmælenda minna þegar þær voru börn og unglingar.

Þrír viðmælendur hlutu einnig þjálfun í heimilisstörfum í æsku sinni þegar þær störfuðu sem léttastúlkur undir stjórn húsmóður,[417] en það þótti löngum vera góður skóli fyrir konur.[418] Þessi aðstoðarstörf voru keimlík ráðskonustarfinu, svo mjög að viðmælendurnir sem reynslu höfðu af þeim tóku sérstaklega fram að ekki hefði verið um ráðskonustarf að ræða. Ein konan sem hér um ræðir, Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), ólst upp á höfuðborgarsvæðinu og var ráðin sem vinnukona á heimili í Reykjavík, ellefu ára gömul. Meginhlutverk Margrétar í vinnukonuhlutverkinu var að sinna hefðbundnum vinnukonustörfum, þ.e. annast börnin á heimilinu og sinna þrifum og útréttingum sem tengdust heimilishaldinu: „Stelpur voru alltaf í vist, alveg út í eitt; skólastelpur, bara börn.“[419] Hinar konurnar tvær sem störfuðu sem léttastúlkur í æsku voru fæddar um miðbik 4. áratugar síðustu aldar og ólust upp í sveit: „Þetta tíðkaðist í minni fjölskyldu, það tíðkaðist að unglingsstúlkurnar og dæturnar á heimilunum væru lánaðar á bæina, vítt og breitt um sveitina. Ég var náttúrulega ekki þar sem ráðskona,“ sagði önnur þeirra.[420] Ásdís Árnadóttir (f. 1936) var látin aðstoða konur sem voru að fæða og/eða aðstoða konur sem voru á sæng með heimilishaldið; heimaþjónusta í sængurlegu sem var alla jafna í hálfan mánuð. Misjafnt er hvort starf kvenna sem aðstoðuðu sængurkonur hafi kallast ráðskonustarf í gegnum tímans rás.[421]

> **ÁÁ:** Ég var heima að hjálpa, heima í Þistilfirðinum. Ég man þegar ég var unglingur, það tilheyrir eiginlega ekki ráðskonustarfi, þá var ég send til sængurkvenna. Mamma hafði þá vinnu þegar að konur voru að eiga börn í sveitinni að vera hjá þeim á meðan. Svo þegar ég stækkaði fór hún að senda mig. Það fannst mér eiginlega hroðalegt, að ég þyrfti að vera hjá konum sem voru að eiga börn, því þær hljóðuðu svo mikið. Ég þoldi það ekki, þegar konur voru að eiga í heimahúsum, þetta var ekki fyrir mig.
> **DKE:** Fékkst greitt fyrir þá vinnu?

[416] Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj., *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni,* 104, 128, 361–362; Jónína Einarsdóttir o.fl., ritstj., *Send í sveit – súrt, saltað og heimabakað,* 76–77.
[417] Umræddar konur voru fæddar á árunum 1935, 1936 og 1940.
[418] Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist,“ 161–173.
[419] Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund. Sjá Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, „Vinnukona“; Páll Baldvin Baldvinsson, *Stríðsárin 1938–1945,* 191.
[420] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund. Fjallað er um starf aðstoðarstúlkna húsmæðra, sem var áþekkt ráðskonustarfinu í *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni,* 102.
[421] ÞÞ 7770. Orðið sængurkona er dregið af þeirri venju að færa konunum bita í rúmið og bitinn sem þeim var gefinn var kallaður sængurbiti.

**ÁÁ:** Ég man það ekki.
**DKE:** Manstu hvort að mamma þín hafi þegið laun fyrir þá vinnu?
**ÁÁ:** Ég held hún hafi ekki tekið laun fyrir þetta, held alls ekki.
**DKE:** Hvað kölluðu þið þetta starf?
**ÁÁ:** Ég veit ekki hvað þetta kallaðist. Mamma gerði voða mikið af þessu, hún tók ekki kaup fyrir þess vinnu – ég veit ekki hvað það er kallað; kannski hjálparstarfsemi [hlær].[422]

Starfsþjálfun kvenna fyrir ráðskonustarfið fólst einnig í störfum sem þær sinntu eftir að þær komust á unglings- og fullorðinsár. Eftirtektarvert er að sjá að um það bil 37% ráðskvennanna höfðu strax ungar að árum gegnt kaupakonu- og/eða vinnukonustarfi. Í viðtölunum kom fram að yngri konur gegndu yfirleitt starfi kaupakvenna og vinnukvenna á síðari hluta 20. aldar. Vinnukonur og ekki síst kaupakonur sinntu fyrst og fremst útiverkum, en einnig inniverkum í hjáverkum: „Ég lærði helling í húsmæðraskólanum, svo var ég náttúrulega búin að læra ýmislegt af mömmu. Svo lærði ég líka margt sem vinnukona eitt sumarið.“[423] Viðmælendur rannsóknarinnar sem gegnt höfðu kaupakonu- og vinnukonustörfum þurftu samhliða þeim störfum sínum að inna af hendi inniverk og aðstoðuðu þá húsfreyjuna ef hún var til staðar. Algengt var að kaupa- og vinnukonur sinntu hreingerningum á sveitabænum og liðsinntu húsfreyjunni við matargerð og frágang matar: „Þegar ég var kaupakona þá skúraði ég og hjálpaði húsmóðurinni með matinn og að ganga frá eftir matinn. Í raun var þetta aukavinna, en mér fannst það allt í lagi, ég var ung og hraust en móðir bóndans, húsmóðirin, var orðin gömul.“[424]

Konur sem gegndu ráðskonustarfi oftar en einu sinni bjuggu að reynslu sem þær höfðu aflað sér í fyrri vistum: „Ég lærði náttúrulega óskaplega mikið á þessu ári.“ [425] Ráðskonur nutu leiðsagnar húsmæðra í eldamennsku þegar þeirra naut við: „Hún kenndi mér að búa til vatnskássu – ég var gapandi þegar ég sá hvað var sett í hana; afgangar á borð við brúnaðar kartöflur, grænkálsjafning, og fiskibollur!“[426] Auk þess voru mörg dæmi um að mæður bændanna leiðsegðu ráðskonunum í starfi sínu. Tvö dæmi eru um að bændur kenndu ráðskonum til verka í bakstri og sláturgerð: „Einu sinni var slátrað ungri belju og hann kenndi mér að gera beljuslátur.“[427] Í rannsókninni komu líka fram tvö dæmi þess að nágrannakonur úr sveitinni hafi komið og liðsinnt ráðskonum við sláturstörfin á bæjum þeirra – eins konar umferðakennsla síns tíma: „Ég var ekki vön að borða súrt slátur heima hjá mér. Það voru konur á næsta bæ, fullorðnar konur, sem gerðu alltaf slátur fyrir þá. Þær komu alltaf á haustin og gerðu

[422] Ásdís Árnadóttir (f. 1936), viðtal við höfund.
[423] Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.
[424] Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), viðtal við höfund.
[425] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.
[426] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[427] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

slátrið, suðu það og settu það svo í súr.“[428] Komið er nánar inn á starfsþjálfun kvenna í ráðskonustarfinu síðar í kaflanum.

> **KH:** Ég kunni það náttúrulega, ég kunni að mjólka beljur, ég gat bakað brauð og allt það. Ég þjálfaðist líka í því, því gamli maðurinn [bóndinn] var oft sniðugur og kenndi mér ýmislegt, til dæmis hvernig baka skyldi vínarbrauð og svona. Ég gat líka talað við mömmu, ég skrifaði henni nú eitthvað eða talaði við hana í síma. Þannig gat ég talað við mömmu, ef mig vantaði eitthvað, uppskrift af einhverju og látið vita af mér. Þá voru hringingarnar, tvær löng og ein stutt. Það var sveitasíminn, tvær langar og ein stutt, heim í bæinn.[429]

Meira en helmingur viðmælendanna starfaði sem húsmæður áður en þær hófu störf sem ráðskonur. Hér er hvorutveggja vísað til heimilishalds giftra og ógiftra kvenna, þ.m.t. einhleypra kvenna sem voru með heimili.[430] Þær konur bjuggu sannarlega að reynslu og þekkingu sem fékkst með því að sinna húsmóðurverkum á eigin heimilum og húsmóðurhlutverkið gat því þjónað sem undirbúningur fyrir ráðskonustarfið.[431] Af því sögðu gat það skipt máli hvort konurnar höfðu sinnt húsmóðurhlutverkinu á sveitaheimili eða á heimili í þéttbýli. Sá hluti kvennanna sem sinnti húsmóðurstörfum á sveitaheimilum áður en þær réðu sig til ráðskonustarfa (7%) hafði yfir fjölhæfari verkþekkinguna að ráða er þær réðu sig í ráðskonuvist í fyrsta sinn, samanborið við aðrar konur í hópi viðmælendanna sem höfðu annan bakgrunn. Konur sem höfðu einvörðungu haldið heimili í þéttbýli áður en þær gerðust ráðskonur, höfðu minni innsýn í starfsumhverfi sveitaheimilanna. Þær konur töluðu oft um hve mikil viðbrigði það voru fyrir þær að vinna inniverk á sveitabæ, svo sem með hliðsjón af reglubundnum matmálstímum í sveitinni og annnarri matarmenningu en þær höfðu vanist í sinni búskapartíð í þéttbýli:[432] „Ég kunni ekki allan þennan bakstur sem er mikið til sveita.“[433] Vegna þess er ákveðna samsvörun að finna í upplifun íslenskra ráðskvenna úr þéttbýli og upplifun þýsku landbúnaðarverkakvennanna er komu til starfa á íslenskum sveitaheimilum um miðbik 20. aldar. Þýsku konurnar voru vanar þýskri matarmenningu og því voru það mikil viðbrigði fyrir konurnar að matreiða íslenskan heimilismat.[434] Eins og gefur að skilja voru matarvenjur og matarkostur á

---

[428] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

[429] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[430] Samkvæmt Ann Oakley er mögulegt fyrir ógiftar konur að vera húsmæður en þó er mun algengara að húsmæður séu giftar konur. Oakley, *Housewife,* 1; sama, *The Sociology of Housework,* 135.

[431] Í rannsókn Skilbrei á ræstingakonum í Noregi kemur fram að fram eftir 20. öldinni hafi konur í þeirri stétt mestmegnis haft reynslu af húsmóðurstarfinu, án þess að búa yfir frekari starfsþjálfun. Skilbrei, „Turning paid work into housework,“ 279.

[432] Sjá Jónína Einarsdóttir o.fl., ritstj., *Send í sveit – súrt, saltað og heimabakað,* 76. *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 186.

[433] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.

[434] Nína Rós Ísberg fjallaði um reynslu þýskra kvenna af íslenskri matarmenningu til sveita í *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 161–188.

íslenskum sveitaheimilum þó meira framandi í augum þýsku landbúnaðarkvennanna en íslenskra ráðskvenna úr þéttbýli. Síðarnefndu konurnar þurftu ólíkt þýsku konunum ekki að glíma við þann menningarmismun sem felst í því að starfa í öðru landi. Engu að síður vitnuðu viðmælendur mínir í menningarmismuninn sem lífið á sveitaheimilum á þessum tíma fól í sér vegna ólíkra hefða í þéttbýli og strjálbýli. Sá munur fólst að hluta til í því að lífshættirnir til sveita höfðu ekki uppfærst til þess lífernis sem réð för í þéttbýli á sama tíma,[435] nokkuð sem olli því að konunum fannst sumum eins og þær hyrfu aftur til fortíðar er þær hófu störf sem ráðskonur.

> **SH:** Þegar ég kem þangað þá var sagt við mig: „þú þarft að gera þetta og þetta. Við [bræðurnir] sjáum um okkur sjálfir á morgnana, við viljum bara fá hræring, og hann gerir þú.“ Og ég alveg bara: „Hræring, hvað er það? [leikur sjálfa sig eins og hún hafi verið hissa og fáfróð].“ Þeir svöruðu: „Það er skyr og hafragrautur, hrært saman.“ – Jæja, ég bjó til rosalega gott skyr, með vanilludropum og ég veit ekki hvað og hvað. Daginn eftir þá sussuðu þeir og sveiuðu og sögðust aldrei á ævi sinni vilja fá svona aftur – að þetta væri sko ekki hræringur! Ég sagði: „Þið sögðuð skyr og hafragrautur.“ Þá meintu þeir náttúrulega óhrært skyr og hafragrautur; það átti að vera gegnsýrt skyr með engu gúmmelaði í… Svo einhvern tímann um veturinn, örugglega um 1980, var ég að sækja slátur í tunnuna. Þetta voru eldgamlar síldartunnur. Það fyrsta sem ég dreg upp úr tunnunni var mús. Ég sagði við þá: „Ég ætla aldrei að sækja þetta ógeð aftur.“ Ég borðaði ekki einu sinni súrt slátur [hlær]. Þetta var viðbjóður.
> **DKE:** Borðuðu þeir slátrið þó það hafi verið mús ofan í tunnunni?
> **SH:** Jájájájá. Ekkert mál. Það var betra fyrir vikið ef eitthvað var [hlær].[436]

Hluti kvennanna bjó einnig að heimilismenntun sem nýttist þeim í ráðskonustarfinu. Sex (15%) af þeim konum sem rætt var við höfðu lokið námi í húsmæðraskóla áður en þær gerðust ráðskonur og ein kvennanna hafði lokið kvennaskólanámi.[437] Húsmæðraskólar voru fyrst stofnsettir á Norðurlöndunum undir lok 19. aldar en tilgangurinn var sá að útbúa nám sem grundvallaðist á skyldum húsmæðra, í því skyni að treysta heimilisstörf með því að auka og útvíkka þekkingu á þeim.[438] Hérlendis var húsmæðraskólum komið á fót víða um land, fyrst í kringum aldamótin 1900. Þegar vegur húsmæðraskólanna var mestur voru fjórtán skólar starfandi á sama tíma.[439]

[435] Unnur Dís Skaptadóttir segir að reynsluheimur og staða kvenna geti mótast af því hvort konur búi t.d. í þéttbýli eða dreifbýli. Unnur Dís Skaptadóttir, „Áherslubreytingar í rannsóknum á kynferði,“ 225–226.
[436] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[437] Viðmælendurnir sem fóru í húsmæðraskóla og kvennaskóla áður en þær gerðust ráðskonur voru fæddar á eftirtöldum árum; 1938; 1944; 1951; 1958; 1960; 1962 og 1969.
[438] Hagemann, „Det moderne gjennombruddets døtre,“ 26.
[439] Anna Ólafsdóttir Björnsson, „Af konum og menntun á 20. öld,“ 280; sama, *Saga Húsmæðrakennaraskóla Íslands*, 31–58.

Íslensku húsmæðraskólunum var ætlað að „ala upp verðandi húsfreyjur,“ líkt og húsmæðraskólastjórinn Hulda Á. Stefánsdóttir orðaði það.[440] Í viðtölunum komu fram viðlíka viðhorf til húsmæðraskóla, t.d. að húsmæðraskólarnir hafi verið úrræði fyrir „afvegaleiddar“ ungar konur og að skólarnir hafi verið vettvangur fyrir konur til að kynnast eiginmönnum, s.s. úr sveitunum í grennd við skólana: „Þegar við útskrifuðumst þá var sagt við okkur: „drífið ykkur bara að ná ykkur í kall.“[441] Kvennaskólarnir lögðu talsverða áherslu á hefðbundin heimilisstörf en þeir voru samt sem áður annars eðlis en húsmæðraskólarnir sem stofnaðir voru hér undir lok 19. aldar, sem beinlínis var ætlað að ala upp húsmæður, líkt og Erla Hulda Halldórsdóttir fjallaði um í doktorsrannsókn sinni.[442]

Það voru þó ekki einvörðungu húsfreyjur sem húsmæðraskólarnir ólu af sér, heldur einnig ráðskonur. Í viðtölunum kom fram hvernig húsmæðrafræðslan nýttist viðmælendum mínum í störfum sem þær sinntu sem heimilisráðskonur, matráðskonur og ræstingakonur hjá stofnunum og fyrirtækjum.[443] Ráðskonurnar sem voru húsmæðraskólagengnar, voru sammála um að húsmæðramenntunin hefði nýst þeim í ráðskonuvistinni.[444] Þó töldu þær ráðskonustarfið hafa verið drýgri skóli við öflun heildstæðrar færni er laut að heimilisstörfum – því ráðskonustarfinu fylgdi ábyrgð og ýmis lærdómur er fólst í því að þurfa að bjarga sér upp á eigin spýtur með heimilisstörfin.

> **SAS:** Ég er þá þarna nýskriðin úr kvennaskólanum og mamma var að segja við mig að það væri upplagt að fara sem ráðskona, því ég kynni nú að elda og svona. Ég man eftir því að mér fannst þetta svolítið sérstakt að vera þarna ráðskona; að sjá sjálf um matinn, ráða sjálf hvað var í matinn, og elda eftir kokkabókunum sem ég hafði fengið í skólanum.[445]

### 3.5.3. Aðalstörf ráðskvenna innanstokks

> **DKE:** Hvaða verkum var þér skylt að sinna?
> **Anon:** Bara almennu heimilishaldi.
> **DKE:** Þrif, þvottur og eldamennska?
> **Anon:** Neinei! Það að halda sveitaheimili er ekki bara þrif, þvottur og eldamennska. Það er svo miklu meira.
> **DKE:** Eins og hvað?

[440] Gísli Kristjánsson, *Átján konur*, 24.
[441] Helga Fríða Tómasdóttir (f. 1961), viðtal við höfund.
[442] Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*.
[443] Nefna má viðtal sem ég tók við konu sem starfaði sem ráðskona á hinu opinbera sviði sem ákvað að fara í húsmæðraskóla til að afla sér frekari þekkingar fyrir starfið. Helga Fríða Tómasdóttir (f. 1961), viðtal við höfund.
[444] Til samanburðar má benda á að viðmælendur Margrétar Helgadóttur í meistararannsókn hennar á stöðu húsmæðra 1945–1965, töldu húsmæðraskóla gagnlega. *Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra, 30.
[445] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

> **Anon:** Öll matargerð, sláturgerð, brauðbakstur og allur bakstur – nú það má svo sem flokka bakstur sem matargerð. Svo líka að taka á móti gestum. Bara allt mögulegt.[446]

Heimilishald ráðskvennanna fól í sér fjölda verkþátta sem þær sinntu svo rekstur heimilisins og heimilislífið gengi eðlilega fyrir sig.[447] Heimilisverk eru margþætt verk sem tengjast innbyrðis. Verkin eru gjarnan unnin í einrúmi í mörgum lotum yfir daginn frekar en að um sé að ræða verk sem er hafið og lokið í einni samfellu.[448] Þau eru flest unnin á heimilinu eins og ætla má, en hins vegar teljast einnig til þeirra verka innkaup og annað í þeim dúr er tengist með beinum hætti rekstri heimilisins.[449]

Verkþættirnir sem ráðskonurnar á tímabilinu 1950–2000 þurftu að sinna voru að miklu leyti þeir sömu og ráðskonur á fyrri tímum leystu af hendi:[450] hússtjórn innanstokks, eldamennska; þrif/þvottur og önnur almenn heimilisstörf; umönnunarstörf; auk félagslegrar þjónustu sem þær veittu á heimilunum.[451] Ráðskonur, og þá húsmæður þegar þeirra naut við, sinntu þannig í megindráttum sömu verkum þessi 150 ár sem umfjöllun ritgerðarinnar nær yfir. En hafði þá ekkert breyst?

Ýmislegt hafði breyst í störfum hússtjórnenda sveitaheimila á árunum 1850–2000, enda þótt grunnur verkanna væri sá sami. Helstu breytingarnar á ráðskonustarfinu á seinni hluta 20. aldarinnar tengdust minni framleiðslu heimilanna. Ráðskonustarfið tók líka stakkaskiptum samhliða tilkomu ýmissa nýjunga í tækni og tækjum sem nýtt voru við heimilishaldið. Fram eftir öldum kröfðust heimilisstörf margra og erfiðra handtaka, s.s. vatnsburðar. Slík líkamleg vinna og þær strembnu vinnuaðstæður sem heimilisstörf íslenskra kvenna einkenndust lengstum af, tóku sinn toll af heilsu kvenna. Ráðskonur á síðari hluta 20. aldar nutu þess að ýmislegt í starfsumhverfi þeirra heyrði sögunni til, m.a. gömlu hlóðareldhúsin með reykjarsvælu sinni og lágu hlóðunum sem konur þurftu öldum saman að bogra yfir.[452] Með tilkomu aukinnar vél- og tæknivæðingar á heimilum breyttist vinnuumhverfi ráðskvenna þannig mikið. Strax á 3. áratugnum hafði eldavélin tekið „afar miklum breytingum, frá því að vera kolakynt til þeirrar sem tengd var rafmagni,“ segir Arndís S. Árnadóttir

[446] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)
[447] Oakley segir starf húsmæðra afmarkast við heimilið og heimilislífið. Oakley, *Housewife,* 7.
[448] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 11–12.
[449] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 11.
[450] Sjá umfjöllun um eldhúsverk og mataræði á miðöldum. Hallgerður Gísladóttir, „Eldhúsþankar,“ 41–49.
[451] Ein ráðskonan sinnti einnig garðyrkjustörfum.
[452] Strasser, *Never done,* 263–274; Robertson, *The History of the Housewife,* 177–178; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 67–83, 93–101; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hvað er þá orðið okkar starf?,“ 333; *Lb.s-Hbs.* Harpa Rún Ásmundsdóttir, Nýsköpun heimilisstarfanna, 11; *Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra, 86; *Lbs.-Hbs.* Þóra Ágústsdóttir, Heimavinna eða útivinna?, 6–7; *Lbs.-Hbs.* Óskar Baldursson, Rafmagnsheimilið. Heilmikið efni um tæknivæðingu heimilanna er líka að finna í spurningalistum Þjóðháttasafns.

í bók sinni *Nútímaheimilið í mótun.*[453] Á sama tíma hófst innflutningur á ryksugum til landsins: „Auk eldavélarinnar og ryksugunnar var að finna ýmis rafdrifin tæki eins og brauðristar, rafmagnsofna, kæliskápa… þvottavélar og bónvélar á íslenskum heimilum þegar kom fram á 4. áratuginn.“[454]

Heimilistæki á bæjunum sem hér eru til umfjöllunar voru jafnan með nútímalegu móti; rafknúnar eldavélar, þvottavélar og kæliskápar. Þó studdust ráðskonurnar stundum við gömul húsráð í tengslum við t.d. geymslu matvæla: „Eitt beð var fullt af haugarfa og ég hugsaði „en skrítið að láta arfann vaxa.“ Heyrðu, það var til þess að halda köldu.“[455] Á nokkrum bæjum sem rannsóknin tók til var tæknivæðingin lítil allt fram á 7. áratuginn, enda var minnihluti íslenskra býla með aðgang að rafmagni fram yfir 1960.[456] Á einum bænum sem hér er fjallað um var hvorki rafmagn, hiti né rennandi vatn árið 1954 og á öðrum bæ þar sem rafmagni var ekki til að dreifa notaðist ráðskona við koksvél sem eldavél árið 1951: „Koksvélar voru á þessum tíma notaðar töluvert í sveitum og voru dásamlegar,“ sagði hún mér.[457]

### *3.5.3.1. Eldhússtörf*

Ráðskonur sinntu eldamennsku á 69 af þeim 72 sveitabæjum sem hér er fjallað um. Á þeim þremur bæjum þar sem ráðskonurnar sinntu ekki eldamennsku, voru húsmæður á staðnum og ráðskonurnar ungar að aldri. Eldhússtörf ráðskvenna á sveitaheimilum samanstóðu að mestu af eftirtöldum verkum: matvinnslu (s.s. sláturgerð); matargerð (eldun/bakstur); framreiðslu matar (s.s. að bera á borð); og frágangi á mat og þrifum eftir málsverði (uppvask o.þ.h.).

Eldhússtörfin voru meginás vinnu ráðskvenna.[458] Konurnar skipulögðu almennt vinnudaginn með hliðsjón af eldhúsverkunum og tilheyrandi matmálstímum. Heimilisverk á borð við tiltekt og þvotta koma þannig fyrir sjónir sem eins konar hjáverk í frásögnum ráðskvennanna; verk sem voru unnin þegar tími vannst til á milli þess sem þær voru að framreiða máltíðir. Þó að meginþungi ráðskonustarfsins hvíldi á eldhússtörfunum var ljóst að öll verkin höfðu víxlverkandi áhrif. Í viðtölunum töluðu ráðskonurnar oft um mikilvægi þess að klára ákveðin húsverk tímanlega svo þær hefðu tímarúm til þess að útbúa matinn.

---

[453] Arndís S. Árnadóttir, *Nútímaheimilið í mótun,* 57–58.

[454] Arndís S. Árnadóttir, *Nútímaheimilið í mótun,* 60.

[455] Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund.

[456] Bændur tóku stundum fram í auglýsingum þar sem þeir óskuðu eftir ráðskonu að rafmagn væri á heimilinu. Sjá *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - M/11 - 1 Ráðningarstofa Landbúnaðarins 1958. Verkbeiðni nr. 41: „All gott hús. Rafm. og önnur venjul. þægindi. Húsb. er einn.“

[457] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[458] Hér má nefna að ráðskonur sem störfuðu utan einkaheimila, s.s. hjá fyrirtækjum og stofnunum, höfðu öðru fremur eldhússtörf með höndum, sem vitnar um vægi eldhússtarfanna meðal ráðskvenna almennt. Eldamennska ráðskvenna á opinbera sviðinu var almennt umfangsmeiri en þeirra ráðskvenna sem störfuðu á einkaheimilum, enda almennt verið að sinna fleira fólki á þeim vettvangi.

*Matreiðsla ráðskvenna*

Sagan geymir ótal dæmi sem votta um mikilvægi þess að vinnuhjú gangist inn á hætti vinnuveitenda sinna.[459] Þetta gildir sérstaklega um matreiðslu í tilfelli ráðskvenna, en viðtölin sýndu að vinsældir ráðskvenna í eldhúsinu réðust mikið af því hversu vel þeim gekk að laga matseldina að matarvenjum vinnuveitenda sinna. Smekkur húsráðenda á mat réð hvað ráðskonurnar elduðu og sömuleiðis því hvernig þær elduðu matinn. Vinnuveitendur ráðskvennanna voru nær alltaf á móti einhverjum þeim nýjungum sem þær vildu innleiða hvað varðaði mataræðið á bæjunum og voru fastheldnir á gamaldags siði í þeim efnum. Konurnar töldu það almennt vera skyldu sína að reyna að koma til móts við matarsmekk og matarvenjur vinnuveitenda sinna, sem reyndist ákveðin áskorun fyrir sumar þeirra.[460] Margar frásagnir kvennanna lýsa tillitssemi bændanna sem biðu þolinmóðir á meðan ráðskonan á bænum lagaði eldamennsku sína að matarvenjum þeirra. Í sumum tilfellum fólst upphafskafli þeirrar biðar einfaldlega í bið eftir því að ráðskonan hreinlega lærði að elda!: „Elskan mín, eldamennskumöguleikarnir voru sko ekki miklir, og þeir létu sig hafa það."[461] Til samanburðar má nefna að meiri væntingar voru gerðar til hæfileika ráðskvenna er störfuðu á opinberum vettvangi í eldhúsinu, ólíkt því sem gilti alla jafna um ráðskonur á einkaheimilum.[462]

> **KRB:** Það var sögulegt því að ég hafði ekki mikla reynslu í eldhúsi – hafði verið svolítið dekruð. Svo man ég eftir því, fyrsta sunnudaginn, þegar ég ég var að steikja kótilettur úr raspi. Þær voru svolítið seigar og ég var að biðjast afsökunar á því. Bóndinn sagði mér: „Þetta er nú ekki mikið, það var ein

---

[459] Eitt slíkra dæma segir af eldabusku á 17. öld sem vildi ekki gangast við kröfum húsmæðra sinna í eldamennskunni. Sautjándu aldar eldabuskunni, öfugt við ráðskonurnar á síðari hluta 20. öld, var ætlað að tileinka sér nútímalegri siði í eldamennskunni en hún var „of fastheldin við forna siði." Óskar Clausen, *Aftur í aldir* 2. bindi, 21.

[460] Matarsmekkur vinnuveitenda hjúa sem sinna eldamennsku er ákveðinn vendipunktur í störfum þeirra hjúa á alþjóðavísu. Sjá umfjöllun um eldakonur í Suðurríkjunum og áskorunina sem fólst í því að greina matarsmekk vinnuveitendanna út frá þáttum á borð við kynþátt og trúarlegan bakgrunn. Sharpless, *Cooking in Other Women´s Kitchens,* 25 og 78.

[461] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[462] Það var áhugvert að sjá hve virðing ráðskvenna er störfuðu á opinberum vettvangi réðst mikið af hæfileikum þeirra í eldhúsinu, ólíkt því sem gilti allajafna um ráðskonur á einkaheimilum: „Þetta voru konur sem lögðu sig allar fram um það að hafa góðan mat," sagði Magnús Karel Hannesson fyrrum vegavinnumaður um ráðskonur sem störfuðu í vinnuflokki hans. Magnús Karel Hannesson (f. 1952), símaviðtal við höfund. Fyrrum vegavinnumaðurinn Ólafur Auðunsson sagði: „Ráðskonan fór oft út þegar tími gafst og tíndi blóm og vildi gera hlýlegt, feiknarlega dugleg og myndarleg í matargerð." Ólafur Auðunsson (f. 1947), símaviðtal við höfund. Ráðskonum á opinbera vettvanginum var stundum lýst sem mat*mæðrum* og eldhús þeirra sögð vera „hjarta hússins": „Ég var ekki menntuð sem eldabuska. Ég fór með mína húsmóður inn í mötuneytið, ég var frænkan, ég var mamman, ég var amman." Kristjana Júníusdóttir (f. 1963), viðtal við höfund. Reynir Guðmundsson sem vann að byggingu vatnsaflsvirkjana í 9 ár sagði að ein ráðskona þeirra hefði kallast Sigöldu-mamma, en sú nafngift vísaði til starfsvettvangsins Sigölduvirkjunar. Reynir Guðmundsson (f. 1937), viðtal við höfund.

> ráðskona hjá okkur sem gaf okkur kótilettur sem voru alveg eins og dekk [hlær].“ Þannig þeir voru ýmsu vanir.[463]

Meirihluti kvennanna hafði reynslu af því að matreiða og/eða snæða það matfang sem þeim bar að matreiða og framreiða í ráðskonustarfinu: „Ég gleymi því ekki, maður var að fóðra kálfana með pela og allt saman, svo einn daginn var þetta komið á fat, sunnudagssteikin – ég gat ekki borðað þá.“[464] Dæmi voru um að konurnar lýstu reynsluleysi sínu við að hantera vissan mat á bæjunum, til að mynda nautatungur. Konur sem störfuðu á bæjum þar sem kjöt af sel og hreindýrum var unnið og nýtt (6 bæir), voru þeir viðmælendur sem lýstu hvað helst vanþekkingu sinni á að meðhöndla matvæli sem féllu til á bæjunum: „Þeir komu stundum með stykki af kópum sem ég kunni ekki að nefna.“[465]

> **GMS:** Hann bað mig að klára úr frystikistunni þegar ég kom, og ég gerði það. Það var mikill innmatur sem áhugavert var að elda. Það var eitt í frystikistunni sem ég skildi ekki hvað var, ég hélt þetta væri selshreifi. Ég man ég var lengi að horfa á þetta – þá var þetta nautatunga. Það var það síðasta sem ég kláraði úr frystikistunni. Ég spurði hann: „Hvað er þetta?“[466]

> **EÍFJ:** Í eitt skiptið hafði hann tekið út slátur. Ég hugsaði: „Jáhá, slátur. Fínt. Þá hef ég það bara.“ Svo sýð ég þetta en svo fer þetta að vera eitthvað skrítið í pottunum. Það kemur ekki loft eða neitt úr þessu. Og ég hugsa: „Voðalega er þetta skrítið.“ Sýð þetta bara og set á fat og sker. – Þá eru þetta hrútspungar sem áttu að fara í súr [hlær].[467]

*Vinnsla matvæla*

Kjötvinnsla/sláturgerð, vinnsla afurða úr mjólk og önnur framleiðsla á mat kom oftast til tals í viðtölunum þegar konurnar lýstu aðhaldssemi sveitabæjanna. Konurnar fjölluðu um sparnað á bæjunum með hliðsjón af framleiðslu, geymslu, og matseld á heimafengnum hráefnum. Þær höfðu líka oft orð á því að mat hefði aldrei verið leift í sveitinni. Þær lýsingar einkennast oftar en ekki af ákveðinni lotningu fyrir nýtni og sparsemi á sveitaheimilunum þar sem þær störfuðu: „Það var farið vel með allt, reynt að nota mest það sem var framleitt á bænum.“[468]

Líkt og í öðrum vestrænum löndum, var almenna reglan á Íslandi sú að karlar á sveitabæjum aflífuðu skepnurnar á meðan konur sáu um framleiðslu matvæla.[469]

[463] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.
[464] Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund. Sjá kaflann „Að borða vini sína“ í Jónína Einarsdóttir o.fl., ritstj., *Send í sveit – súrt, saltað og heimabakað,* 102-103.
[465] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund.
[466] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.
[467] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.
[468] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[469] Fiddes, *Meat: A Natural Symbol,* 157.

Sláturgerð er árstíðarbundin vinna sem unnin er í sláturtíðinni að hausti (haustmatur). Konur sem sinntu ekki ráðskonustarfinu á haustin upplifðu því ekki sláturtíðina í ráðskonustarfinu.[470] Bóndinn Ágústa Þorkelsdóttir á Refsstað sagði heimiliskjötiðnað húsmæðra í sveit hafa verið hörkuvinnu: „Ef við berum saman störf húsmæðra í sveit, saman við störf húsmæðra í Reykjavík á tímabilinu 1970–1990, þá er það ekkert svipað,“ sagði Ágústa og horfði ákveðin á mig – og sagði svo: „Húsmæður í Reykjavík 1970–1990, keyptu mikla þjónustu fyrir heimilið sem við sveitakonur gerðum ekki. Þegar kjötvinnslunni, herferð gegn hungri, var lokið í nóvember á mínu heimili þá var 500 lítra frystikista sléttfull.“[471]

> **Anon:** Ég lenti í byrjun vetrar þegar ég var nýkomin, að það var ákveðið að ganga í heimaslátrun á sex stórgripum, kúm og fullvöxnu geldneyti. Þetta var hörkuvinna sem stórfjölskylda bóndans stóð að og ég tók þátt í. Þau voru að ná sér í kjöt. Það sem var sérkennilegt í þessu var að skepnurnar voru skotnar hér og þar í kringum bæinn og vambirnar og það sem af gekk af skepnunum lá þar fram á vorið. Ímyndaðu þér hvernig þetta var þegar það hlánaði endanlega um vorið. En um veturinn dró í skafla við vambirnar. Þetta var mjög sérkennilegt. Sonur minn var stundum að leika sér í sköflunum sem mynduðust við hræin.[472]

Vinnsla matvæla úr mjólk heima á bæjum var hverfandi þáttur í rekstri heimila til sveita á síðari hluta 20. aldar, þar eð oftast þótti hentugra að fá þau matvæli unnin frá mjólkurbúunum. Það vekur áhuga að mjólkuriðnaður á íslenskum sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar dvínaði mun hraðar en kjötvinnslan. Áður hafði vinnsla mjólkurafurða verið í höndum kvenna og verið ráðandi þáttur í þróun ráðskonustarfsins utan veggja heimilisins, allt fram undir miðbik síðari hluta 20. aldar, bæði með hliðsjón af störfum selráðskvenna og síðar rjómabústýra.

> **RK:** Svo hélt ég að heimasætan væri að gera grín að mér þegar hún var að strokka. Hún sagði: „Oh ég á eftir að þvo smjörið.“ Og ég hugsaði: „Já nú er verið að gera grín af kaupstaðarpíunni.“ En það var ekki tilfellið. Það þýddi að skola smjörið til að ná áunum úr því. Það er það sem verður eftir þegar þú ert búin að þeyta, strokka smjörið. Þá er eftir svona vökvi sem er inn á milli. Svo er sett í svona steyptar töflur, svo var ýtt á og þá kom stykki út. Þá var þetta bara staðreynd; hún var ekki að gera grín að kaupstaðarpíunni.[473]

---

[470] Anna Sigurðardóttir í *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 115. Um störfin á sláturtímanum fjallar Jónas Jónasson í *Íslenzkir þjóðhættir,* 89–93.

[471] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hvað er þá orðið okkar starf?,“ 325.

[472] N.N. Viðtal við höfund. (3) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[473] Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.

*Matmálstímar*

Eldhússtörf ráðskvenna og tilheyrandi matseld hverfðust fyrst og fremst um matmálstímana á bæjunum þar sem þær voru í vist.[474] Matmálstímarnir á þeim 72 sveitabæjunum sem hér eru til umfjöllunar voru alla jafna 6 talsins en voru gjarnan færri á þeim bæjum þar sem kúabúskapur var ekki fyrir hendi. Eins og gefur að skilja var fjöldi matmálstíma og tímasetningar þeirra breytilegur eftir bæjum og búskaparháttum.

Fyrsta máltíð dagsins var það sem nefna má morgunsnæðing, þ.e.a.s. snarl sem heimilismenn fengu sér árla morguns áður en farið var í fjós. Ráðskonurnar komu oftast ekki að tilreiðslu þess málsverðar, nema þá helst þær konur sem fóru í fjós með bændunum.

Önnur máltíð dagsins var morgunkaffið sem kallaðist jafnan árbítur. Sú máltíð samanstóð alltaf af hafragrauti, skyri eða súrmjólk, stundum brauðmeti og svo að sjálfsögðu af hinum sígilda hræringi: „Í hann var notaður hafragrautur sem var hrærður út með skyri, en sá hafragrautur var gjarnan afgangur frá því hafragrautur var lagaður síðast, þetta borðaði fólk allt saman.“[475]

Þriðja máltíð dagsins var hádegismaturinn – matarmesti málsverður sveitabæjanna: „Það var tvírétta í hádeginu,“ sagði státin fyrrum ráðskona mér.[476] Það var alltaf heitur matur í hádeginu. Á boðstólnum var hversdagsmatur/heimilismatur, eða „venjulegur matur“ eins og sumir viðmælendur mínir orðuðu það: saltkjöt, lambakjöt, fiskur, innmatur; „slátur og súrmatur og ýmislegt.“[477] Í hádeginu var líka venja að bjóða upp á ábæti: „Það var súpa og grautur.“[478] Mataræðið á bæjunum réðst af hefðum þar sem meðal annars tekjur heimilisfólksins réðu nokkru sem og hvaða afurðir búið framleiddi. Aukinheldur réðst mataræðið af því búsílagi sem fólst í náttúrulegum gæðum jarðanna, s.s. hvort þar var nytjaður fiskur eða fugl.

Fjórða máltíð dagsins var síðdegiskaffið því það var „náttúrulega eftirmiðdagskaffi“ á bæjunum.[479] Í eftirmiðdagskaffinu báru ráðskonurnar oftast fram brauð, kökur og kex: „Þá var eitthvað með kaffinu, kaffi og meðlæti, svona ekta miðdagskaffi í sveit.“[480] Sá málsverður fékk lítið sem ekkert vægi í viðtalsfrásögnum ráðskvennanna, væntanlega því þær höfðu lítið fyrir þeirri máltíð.

Fimmta máltíð dagsins var kvöldverðurinn, sem var vanalega léttari máltíð en hádegisverðurinn. Á kvöldin framreiddu ráðskonurnar gjarnan graut, skyr eða afganga

[474] Þýsku konurnar sem Nína Rós Ísberg tók viðtöl við, sögðu að vinnudagur þeirra hafi fyrst og fremst tekið mið af máltíðunum á bæjunum. *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 186.

[475] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[476] Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.

[477] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

[478] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

[479] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (D)

[480] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

frá hádegismatnum: „Svo á kvöldin þá var alltaf skyr og brauð.“[481] Konurnar sögðust endrum og sinnum hafa eldað kvölmatinn frá grunni.

Sjötta máltíð dagsins var kvöldkaffið, en sá málsverður fékk litla sem enga umfjöllun frá hendi ráðskvennanna. Konurnar sögðust oft bara hafa lagt eitthvað á borðið; eins konar standandi borð. Þannig gat bóndinn og/eða heimilisfólkið gengið í kökur og brauðmeti sem þær höfðu á borðum, oft með poka eða hjálma yfir til að verjast þurrki að ógleymdum húsflugunum sem voru einatt vandamál í sveitinni: „Það var stundum kvöldkaffi. Þá bara lét ég eitthvað á borðið eða þeir bara fengu sér.“[482] Viðtölin sýndu sem sagt að ráðskonur sinntu hvað minnst kvöldkaffinu og morgunsnarlinu sem menn fengu sér gjarnan á bæjum þar sem farið var til að sinna vinnu í bítið, oftast þá á bæjum þar sem kúabúskapur var stundaður (morgunmjaltir).

*Veisluhöld*

Eldamennska ráðskvennanna fólst aðallega í því að matreiða hefðbundinn heimilismat. Undantekningar frá því var þegar efnt var til veisluhalda. Tveir viðmælendur mínir, Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940) og Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), störfuðu um stund samtíða sem ráðskonur á eyju í Breiðafirðinum undir lok 9. áratugarins, en það sumar var verið að kvikmynda þættina *Nonni og Manni* úti í Flatey. Við lok kvikmyndatakanna var efnt til hátíðar í Flatey og fólki á eyjunum í kring var boðið að koma til að taka þátt í skemmtuninni – og taka meðlæti með sér fyrir kirkjukaffið að messunni lokinni: „Við förum að baka, við Rakel. Það var gluggi á bakaraofninum og hann bara sprakk; glerið út á gólf. Þannig að við gátum ekki bakað meira. Það leit út eins og við hefðum ekki nennt því. En það var voðalega gaman á þessari hátíð,“ sagði Margrét fjarræn á svip.[483]

Tveir viðmælendur sáu um fermingarveislur í ráðskonuvistinni. Annar viðmælandinn starfaði á sveitabæ hjá bónda sem var nýlega fráskilinn og það kom í hennar hlut að halda fermingarveislu fyrir dóttur bóndans, fyrir föðurfjölskylduna. Hinn viðmælandinn, Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), réð sig sem ráðskonu á bæ í forföllum húsmóðurinnar sem var á sjúkrahúsi þegar ferma átti elstu dótturina á bænum: „Við hjálpuðumst öll að við að búa til tertu. Við löguðum ávaxtasalat. Þetta var ekkert eins og núna þegar að borðin svigna. Það voru kleinur og smákökur og eitthvað,“ sagði Blanca brosandi.[484]

Þær ráðskonur sem störfuðu á sveitabæjum yfir jólin sáu um allan undirbúning er laut að matargerðinni sem sinna þurfti um hátíðarnar. Matargerð ráðskvennanna yfir jólahátíðina var eina merkjanlega dæmi þess að þeirra eigin siðir í matarvali og matseld væru viðhafðir, öfugt við annan hluta ársins þegar siðir ábúendanna lögðu línurnar í þeim efnum. Þetta kom ekki síst til vegna þess að margar kvennanna voru

[481] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[482] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)
[483] Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund. Einnig: Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.
[484] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

með börn sín með sér í vistinni og þær vildu taka tillit til matarvenja barna sinna um jólin.

> **SH:** Ég var hjá þeim jólin 1980. Þeir voru með rjúpur, það var þeirra hefð. Það hafði ég aldrei á ævi minni eldað og aldrei á ævi minni borðað. Frænka þeirra sagði mér hvernig ég ætti að elda þær og þau borðuðu þetta öll með bestu lyst. En ég fékk að kaupa hamborgarahrygg fyrir okkur strákana mína. Þau hin smökkuðu hann alveg.[485]

*Brauð- og kökubakstur*

„Ég hnoðaði í rúgbrauðið á kvöldin, lét það hefa sig á ofninum yfir nóttina, svo á daginn, þá lét ég það í gamla Rafha eldavél, setti á low, það kom velgja, þar hafði ég það heilan dag. Gömlu mennirnir sögðu að ég væri fyrirtaks bakari,“ sagði ein ráðskonan mér: „að það væri fínt hjá mér rúgbrauðið,“ bætti hún við og lyfti augabrúnunum til áherslu.[486] Bakstur var jafnan snar þáttur í vinnu ráðskvenna, bæði brauðbakstur og kökubakstur.[487] Bakstur á brauðmeti varð mun algengari á 20. öld en áður var, því það var meira framboð af hveiti og eldavélarnar voru komnar til sögunnar eftir 1930.[488] Brauðgerð ráðskvenna á síðari hluta 20. aldar fól ekki í sér alla þá vinnu sem slíkur bakstur útheimti fyrr á tíð. Nú þurftu konur ekki að mala kornið, hrærivélin leysti ófá handtök af hólmi þegar hún var til staðar, og rafmagnsofnar sem flestar höfðu til umráða auðvelduðu baksturinn.[489] Hið sama gilti um kökubakstur ráðskvenna á þessum tíma: „Jájá, elskan mín, alltaf sautján sortir; brúnkakan og annað hversdagsbrauð.“[490] Viðtölin við ráðskonurnar sýndu þá miklu „kökumenningu“ sem var til staðar á þessum tíma í sveitum landsins: „Svo þurfti ég alltaf að vera með margar kökusortir með kaffinu, það þurfti alltaf að vera. Mér hefði alveg fundist nóg að hafa eina og svo brauð. En það þurfti alltaf að vera tvær, þrjár tegundir lágmark.“[491] Fram kom að margir bændurnir vildu heldur gæða sér á kökum og kaffibrauði heldur en brauðmeti.[492]

---

[485] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[486] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[487] Sjá umfjöllun Nínu Rósar Ísberg um bakstur þýsku landbúnaðarverkakvennanna. *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 198–200.
[488] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 166–167.
[489] Sjá umfjöllun um mölun og einnig brauðgerð kvenna fram eftir 19. öld. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna í 1100 ár,* 143–150, og 164–173.
[490] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (D)
[491] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.
[492] Upphafning kaffibrauðs og tertna á kostnað brauðmetis í dreifbýli er að finna í skáldsögunni *Kristnihald undir Jökli* eftir Halldór Laxness, þegar að ráðskonan Hnallþóra í Snæfellssveit býður Umba, umboðsmanni biskups úr Reykjavíkinni til borðs. Halldór Laxness, *Kristnihald undir Jökli,* 35–36. Guðný Halldórsdóttir gerði kvikmyndaaðlögun á bókinni árið 1989 þar sem Kristbjörg Kjeld fór með hlutverk ráðskonunnar Hnallþóru. Þar má sjá myndræna framsetningu af borði sem svignar undan kökum ráðskonunnar.

Ráðskonurnar sem hér eru til frásagnar bökuðu oftast sætt brauð/hversdagsbrauð/kaffibrauð á borð við jólakökur, brúnkökur eða hjónabandssælu. Þær bökuðu líka pönnukökur, vöfflur og síðan tertur/hnallþórur, ekki síst ef von var á gestum. Konurnar skipulögðu alltaf baksturinn með hliðsjón af ákveðnum dögum, sem og gestakomum sem réðu talsvert miklu um bakstur þeirra; hve mikið þær bökuðu og hvaða kökusortir þær bökuðu: „Ég þurfti alltaf að eiga hnallþórur í frystikistunni.“ [493] Gestakomur, ef þær voru tíðar, gátu falið í sér umtalsverða viðbótarvinnu fyrir ráðskonur. Nokkrar af konunum sem ég ræddi við unnu á heimilum bænda sem sinntu embætti oddvita í sinni sveit. Þau heimili voru að vissu leyti eins konar sambland af einkasviði og opinberu sviði sem kalla mætti opinbert sveitaheimili, þar sem ráðskonurnar bökuðu fyrir fólk sem kom þangað í viðskiptaerindum: „Það varð alltaf að vera til kaffi og með því, þannig að maður bakaði út í eitt þarna. Það var alltaf verið að borga útsvarið og það var gert þarna heima.“ [494] Margar af ráðskonunum sem komu úr þéttbýli upplifðu ákveðinn menningarmismun hvað varðaði móttöku gesta þegar þær fengu reynslu af því hvernig staðið var að þeim málum til sveita. Í þéttbýlinu voru þær vanar að bjóða aðeins upp á molakaffi en í sveitinni þurftu þær að reiða fram kökur og sætabrauð fyrir gesti og gangandi.

> **KB:** Ef það kom einhver af næsta bæ þá gaf ég þeim bara kaffi. Ég var bara vön því að gefa gestum sem komu á bæinn molasopa. Svo einn daginn kemur gestur og ég set bara kaffi og sykur á borðið, ekkert meira. Þá hvíslar hún að mér, mamma bóndans, að það væri siður í sveitinni að setja kökur á borðið. Þannig að þetta var ekki nógu gott. Þá hefur hann, bóndinn, örugglega kvartað undan því við mömmu sína en gat ekki talað um það við mig. Ég bara vissi ekki betur.
> **DKE:** Því þú bauðst alltaf bara upp á molakaffi þarna fyrst?
> **KB:** Já ég gerði það bara því ég var vön því.
> **DKE:** Vildu mæðginin að þú legðir kökur á borðið þegar gestir kæmu?
> **KB:** Já og þannig var það framvegis. Það var ekki boðið oftar upp á molakaffi. Ég sá til þess að það væru alltaf til kökur.
> **DKE:** Voru það ákveðnar kökur sem þú kunnir að baka, eða kenndi mamma bóndans þér að baka kökur?
> **KB:** Nei ég kunni það sjálf. Það var svona bara einhverjar jólakökur með súkkulaði í stað rúsína. Það var miklu betra. Og tertur með kremi. Maður hafði nógan tíma í baksturinn, á milli mála.
> **DKE:** Já er það, samhliða fjósverkunum?
> **KB:** Já við fórum snemma á morgnana og vorum komin inn hálf tíu, tíu. Svo var allur dagurinn eftir, en svo var farið aftur út klukkan fimm.[495]

[493] María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949), símaviðtal við höfund.
[494] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[495] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

Ráðskonur taka oft á móti gestum þegar þeim bregður fyrir í sögulegum heimildum. Vitni að störfum ráðskvenna voru oft á tíðum aðkomufólk sem síðar rifjaði upp ferðaminningar sínar þegar það kom á bæi og *ráðskonan tók á móti þeim* – oft með tilheyrandi lýsingum af gestrisni hennar og kræsingum.[496] Með viðtölum rannsóknarinnar fengust lýsingar af slíkum gestakomum, en nú byggðu þær lýsingar á sjónarhorni ráðskvenna. Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) sagði mér til að mynda frá því þegar hún starfaði á afskekktum bæ á Austurlandi og „einu sinni komu óvæntir gestir – börðu upp á. Ég bauð þeim öllum inn; sex frökkum. Ég á ennþá jólakort sem ég fékk frá þeim. Þau voru svo ánægð, ég tók svo vel á móti þeim. Þetta var glorhungrað náttúrulega allt. Það var bara veisla.“[497]

Kökubakstur ráðskvenna teygði sig einnig inn í viðtölin með beinni hætti því konurnar báru gjarnan kökur á borð fyrir mig þegar viðtölin stóðu yfir. Sumar þeirra framreiddu ilmsætar heimabakaðar kökur eða ilmsterkar pönnukökur. Aðrar báru á borð kökur sem voru keyptar í búð; þær konur nefndu gjarnan að betur hefði farið á því að þær hefðu verið með heimabakað bakkelsi - í ljósi þess að ég kvikmyndaði eldhús- og stofuborðin sem hluta af umgjörð viðtalanna. Vangaveltur viðmælendanna um kökukostinn í viðtölunum sýndi að fyrrum ráðskonurnar voru uppteknar af sjónrænu hlið viðtalsins; kökurnar sem þær framreiddu voru hluti af auðkenni þeirra sem gestgjafa, kannski ekki ólíkt aðstæðunum þegar gesti bar að garði á bæjunum þar sem þær störfuðu sem ráðskonur. Konurnar voru meðvitaðar um *áhorfendurna* sem vitjuðu veitinga þeirra.

### *Frágangur eftir matmálstíma*

Sögulegar og skáldaðar lýsingar sem hverfast um frágang kvenna eftir máltíðir eru almennt stuttorðar og af skornum skammti. Téðum kvennastörfum er sjaldan lýst með beinum hætti, heldur slæðast lýsingar á þeim inn í texta: „Frænka sem Guðbjörg hafði alist upp hjá frá 7 ára aldri varð bráðkvödd í miðju uppvaski 30. júlí árið 1958.“[498] Eldhúsverk sem sneru að frágangi eftir matinn voru af sama meiði lítt til umfjöllunar hjá ráðskonunum sem ég ræddi við.[499] Í augum þeirra var uppvaskið almennt sá hluti starfsins sem þeim fannst hvað minnst minnisverður. Konurnar töluðu um hve seinlegt það hefði verið að vaska upp eftir matinn og vegna þess að hver máltíðin tók við af annarri yfir daginn gat uppvaskið tekið á. Þær ræddu einnig oft hvernig uppvaskið hélt þeim frá öðrum störfum sem þurfti að sinna innanstokks: „Það var svo mikið uppvask, svo margir pottar, svo mörg áhöld sem þurfti að nota fyrir hverja máltíð.“[500] Konurnar

[496] Heimildir af selráðskonum og rjómabústýrum byggja líka gjarnan á sjónarhorni ferðalanga/gesta.

[497] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[498] Dagný Emma Magnúsdóttir, *Guðbjörg Jóhannesdóttir: Fín frú í Reykjavík,* 19. Þessi birtingarmynd uppþvottar konu í sögunni er gott dæmi um það hvernig heimildir um störf kvenna slysast inn í söguna líkt og Anna Sigurðardóttir orðaði það. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 222–223.

[499] Sömuleiðis var lítið sem ekkert af lýsingum af því hvort og þá hvernig þær lögðu á borð.

[500] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

sem störfuðu á fjölmennustu býlunum kvörtuðu helst undan því álagi sem uppvaskið hafði í för með sér: „Þess vegna var ráðskonustarfið svo mikil vinna. Það hefði verið gott að hafa einhvern yngri með sér, einhvern krakka, sem gat hjálpað með uppvaskið því þetta er svo mikil vinna fyrir eina manneskju.“[501]

Uppþvottavélar urðu ekki algengar fyrr en á síðasta fjórðungi aldarinnar og voru því lengst af ekki hluti af þeim staðalbúnaði sem ráðskonur höfðu til umráða í störfum sínum á sveitaheimilum á þessum tíma: „Það var engin uppþvottavél eða eitt né neitt til að létta undir með manni.“[502] Af öllum þeim heimilistækjum sem komu til tals í viðtölunum, var algengast að reifuð væru jákvæð áhrif þess að hafa uppþvottavél. Það ræðst m.a. af því að stór hluti viðmælendanna hafði ekki reynslu af því að reka heimili þar sem tæki á borð við eldavélar, kæliskápa og þvottavélar voru ekki til staðar: „Fyrra sumarið var ég ekki einu sinni með uppvöskunarvél. Sumarið eftir var búið að gera upp eldhúsið og setja uppvöskunarvél. Það var náttúrulega mikill vinnusparnaður í því.“[503]

Það var alls ekki óvanalegt að viðmælendur mínir sinntu eldhússtörfum á meðan viðtölunum stóð, þ.m.t. uppvaski. Viðmælendurnir og ég vöskuðum gjarnan upp saman eftir að við drukkum kaffið. Uppþvottur er kjörið verk til að inna af hendi í viðtali. Uppvaskið sem fór fram á meðan viðtölunum stóð byggði á verklegu samstarfi mínu og viðmælenda minna, sem fór vel með samræðum okkar. Uppvask krefst ekki mikillar einbeitingar og þau handtök í samvinnu okkar trufluðu því ekki framrás spjallsins. Lifandi samræður okkar voru því áreynslulausar á meðan uppvaskinu vatt fram. Reyndar var eins og frásagnirnar rynnu hraðar og betur þegar vatnsbunan úr eldhúskrananum var farin að leika um leirtauið. Sum viðtölin tóku hreinlega stakkaskiptum í kjölfar þess að viðtalsvettvangurinn færðist úr stofum kvennanna og að eldhúsvöskunum. Vatnsflaumurinn úr krananum, glamrið í diskunum og takturinn sem myndaðist millum mín og viðmælendanna er þær réttu mér nýþvegið leirtau og kökugaffla til þerris, kallaði að segja má fram andrúmsloft sem kjörið var fyrir fyrrum ráðskonur til að reifa heimilisstörf sín í ráðskonuvistinni fyrrum. Forvitnilegt var að sjá að starfsánægja kvennanna við uppvaskið í viðtölunum var í þversögn við lýsingar þeirra af uppvaski á bæjunum, þegar þær stóðu alla jafna einar við vaskinn að þvo upp.

*Matarinnkaup*

Kaup á matvöru höfðu beina tengingu við eldhússtörf ráðskvenna, þar sem öðru fremur var verslað inn vegna matseldar og baksturs. Ráðskonur, líkt og húsmæður í sveit, þurftu ekki að treysta jafn mikið á innfluttan matarvarning og konur í þéttbýli þurftu að gera í tengslum við sína matargerð,[504] en innkaup voru þó ákveðinn liður í heimilishaldi til sveita. Í nefndri rannsókn Bridget Anderson á launuðum

[501] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[502] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[503] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.
[504] Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hvað er þá orðið okkar starf?,“, 325.

heimilisstörfum, segir að innkaup grundvallist á mörgum verkliðum, þ.m.t. að útbúa innkaupalista með hliðsjón af mat sem er til á heimilinu og þeim mat sem vantar til heimilishaldsins.[505] Ráðskonurnar sögðust iðulega hafa keypt í matinn á hagkvæman máta. Þær álitu ákveðna göfgi fólgna í því að spara við innkaup, rétt eins og þær álitu göfgi fólgna í því að nýta allt matarkyns við matargerð á bæjunum: „Ég var alltaf praktísk í innkaupunum,“ sagði mér ein fyrrum ráðskona, og kvaðst hafa þróað þann hæfileika til innkaupa eftir að hún varð einstæð móðir.[506] Bændurnir voru líka duglegir við að hvetja ráðskonurnar til að versla á sem hagkvæmastan máta.

Matarinnkaup, líkt og framleiðsla á matvælum og matargerð, var alla jafna hluti þeirra verka sem sinnt var af hússtjórnendum heimila.[507] Viðtölin sýndu þó að aðdrættir til sveitaheimilanna voru oft ekki síður í höndum bændanna, sem margir hverjir óskuðu eftir því að taka þátt í matarinnkaupunum með ráðskonunum og/eða sjá alfarið um innkaupin: „Ég skrifaði bara miða en hann keypti í matinn.“[508] Þegar ég spurði einn viðmælanda rannsóknarinnar, sem starfað hafði sem ráðskona hjá sjómanni áður en hún réð sig sem ráðskona í sveit, hvort hún hefði ráðið hvað var í matinn á sveitaheimilinu, svaraði hún: „Þarna breyttist það aðeins, hann var bóndi og þá var ekki hlaupið í kaupstað. Ég skrifaði það sem vantaði og hann keypti það.“[509]

Búðir á vegum kaupfélaga voru ráðandi þjónustuaðili varðandi öflun ytri aðfanga.[510] Það vægi kaupfélaganna réðst að hluta til af þeirri ástæðu að þau voru á sinn hátt það sem kalla má umskipunaraðilar. Afurðir sveitabæjanna fóru mjög gjarnan um hendur kaupfélaganna þar sem bændur voru í reikning sem kallað var. Matvörur sem þurfti að kaupa inn og önnur aðföng voru síðan tekin út hjá þeim sömu aðilum á móti innistæðum á reikningi búsins. Hér ber einnig að geta þess að þegar leið á síðari hluta 20. aldar jókst einnig samkeppni í verslunarrekstri sem að einhverju leyti losaði um þessi höft. Það er fróðlegt að líta til þess að kerfi kaupfélaganna var í sama anda og kerfi verslunaraðila sem hérlendis störfuðu á undan þeim um aldir, þ.e.a.s. kerfið gerði ráð fyrir því að aðilinn sem seldi afurðir sínar til verslunarinnar, hann skyldi einnig versla þær nauðsynjar sem hann þyrfti til eigin nota hjá sömu verslun. Í ljósi þess þarf ekki að koma á óvart að aðrir siðir sem viðhafðir voru fyrr á öldum yfirfærðust yfir á kaupfélögin, nefnilega að karlar héldu mikið til áfram að sjá um eða hafa umsjón með matarinnkaupum, sem má rekja til þess viðskiptasambands sem bóndinn hafði við viðkomandi verslun.[511] Rík aðkoma bændanna að matarinnkaupum

[505] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 11.

[506] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[507] Tilly og. Scott, *Women, Work & Family,* 53.

[508] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B). Í sumum tilfellum voru ráðskonur ekki með bílpróf. Þær fóru með bændunum í verslunarleiðangur eða bændurnir fóru einir síns liðs.

[509] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.

[510] Starfsemi kaupfélaga upphófst með stofnun Kaupfélags Þingeyinga í lok 19. aldar, en þegar komið var fram á 20. öld störfuðu kaupfélög í öllum sveitum landsins.

[511] Sjá Hrefna Róbertsdóttir, „Krambúðir og kaupstaðarferðir,“ 195. Þar segir að langtum fleiri karlar en konur versluðu við kaupmenn á 18. öld.

á síðari hluta 20. aldar, ekki síst framan af, er almennt á skjön við aðkomu karla að innkaupum matvara í þéttbýli fram eftir 20. öldinni.[512]

> **GM:** Það voru tvær búðir á Hvammstanga. Önnur var rekin af kaupfélaginu, Framsóknarmönnum. Svo var það verslun Sigurðar Pálmasonar, hann var Sjálfstæðismaður. Ég man eftir að það vantaði kartöflur eða eitthvað. Bóndinn sagði að ef það fengist ekki í kaupfélaginu þá þyrfti ég ekki á því að halda. Það bara mátti ekki versla við sjálfstæðismenn – menn voru bara þannig í þá daga. Svo ég bara verslaði ekkert þar. En svo er ég komin sem ráðskona á annan bæ í sömu sveit. Ég vissi að sá bóndi væri Sjálfstæðismaður. Þá hugsaði ég: „Djíses, þá má ekki versla í kaupfélaginu." Svo ég verslaði eitthvað á reikninginn hjá Sigga Páls, en svo fór ég og keypti eitthvað sem var bara til í kaupfélaginu fyrir mína peninga. Þá var bóndinn reiður. Hann sagði: „Ég skal borga í matinn, þú mátt versla á báðum stöðum." Þannig að hann leyfði mér að versla á báðum stöðum – ég varð mjög hissa.[513]

Þegar ég kom inn á matarinnkaup í viðtölunum dúkkuðu upp endurteknar frásögur af frystikistum og matargeymslum á bæjunum: „Á sveitabæ er búrið bara opnað og þar er lítil verslun; allt til."[514] Ljóst er að frystikisturnar og búrin á sveitabæjunum voru meginuppspretta hráefna sem ráðskonurnar notuðu í eldamennsku sinni dagsdaglega: „Náttúrulega voru frystikisturnar fullar af mat, þetta var myndarlegt og flott bú."[515] Frysting matvæla var megingeymsluaðferðin. Fyrri tíma geymsluaðferðir er fólust í söltun, reykingu og súrsun matvæla voru einnig nýttar áfram að nokkru leyti. Búrin á þessum tíma voru innan bæjar, þ.e.a.s. ekki sérhús eins og stundum var áður fyrr (útibúr).[516] Það voru köld herbergi, oft gluggalaus sem þjónuðu þeim tilgangi að lengja líftíma matvöru sem ekki var heppilegt eða mögulegt að geyma í ísskáp eða frysti. Á tveimur bæjum sem rannsóknin tók til var rafmagni ekki til að dreifa, þannig að lúxus á borð við ísskápa og frystikistur voru þar ekki til staðar til að létta ráðskonunum störfin.

### *3.5.3.2. Þrif, þvottur og fegrun bæjarhússins*

> **Úr skáldsögunni *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*:**
> Hér er allt á kafi í skít, eins og hún Hulda mín hefði orðað það. Þetta heimili hefur verið kvenmannslaust síðan hún dó og við karlmennirnir höfum öðrum hnöppum að hneppa en þurrka ryk og þvo hitt og þetta… Höfðu þeir þá bara fengið hana til að verka skít?... Hún einsetti sér að þrífa hvern krók og kima í

[512] Hér er litið til almennrar umræðu um misræmi í verkaskiptingu kynjanna í þéttbýli á síðari hluta 20. aldar, einkum framan af á því tímabili.
[513] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.
[514] Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[515] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[516] Sjá til fróðleiks umfjöllun um matarbúr á þjóðveldisöld. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna í 1100 ár*, 90 og 103; Arnheiður Sigurðardóttir, *Híbýlahættir á miðöldum*, 42–43.

> húsinu, áður en hún færi út í stórbreytingar. En herbergi Harðar [bóndans] lét hún þó í friði og vogaði sér ekki þangað inn, nema til að fara þangað með eigur hans, sem hann skildi eftir út um allt.[517]

Aukin áhersla á hreinlæti á 20. öldinni kallaði á meira vinnuframlag kvenna á heimilum í tengslum við þrif og þvotta,[518] en ráðskonustörf fólu daglega í sér þrif í einhverri mynd og þvotta gjarnan einnig. Misjafnt var á milli ráðskvenna hvernig þær höguðu útfærslu sinni á þessari vinnu, s.s. hvernig þær dreifðu vinnu við þvotta og veigameiri þrif á daga vikunnar. Þrif og þvottastörf ráðskvenna á sveitaheimilum fólust mikið til í því að ryksuga gólf; sópa gólf; skúra gólf; skipta á rúmum; leggja þvott í bleyti; þvo þvott; þurrka þvott; strauja; ganga frá þvotti; og þurrka af.

Á þeim 72 bæjum sem hér eru til skoðunar gilti að þrif og þvottar voru hluti starfsskyldna ráðskvennanna á 69 bæjum, þ.e.a.s. í 96% tilfella. Á einum þeirra þriggja bæja þar sem þessi verk voru ekki skylduverk kvennanna þurfti ráðskonan eingöngu að sinna eldamennsku (stórbýli) og sinnti því hvorki tiltekt né þvottastörfum: „Það var fullt verkefni að elda.“[519] Annar viðmælandi rannsóknarinnar þurfti ekki að sinna neinum þrifum á bænum sem hún starfaði á, því „eldri systir eldri bóndans – hún sá alveg um að þrífa. Ég þurfti ekkert að gera það, nema að sjá um mitt herbergi.“[520] Einn viðmælandinn starfaði mjög ung að aldri sem ráðskona hjá frænda sínum sem var nýbúinn að missa konu sína. Sökum ungs aldurs naut hún stuðnings frá frænku sinni í ráðskonustarfinu sem sá um að þvo þvottana: „Frænka mín þvoði þvottinn og bakaði. Fjölskyldan var að reyna að hjálpast að í þessum erfiðu kringumstæðum.“[521] Ráðskonunum fannst verkin er tengdust þrifum og þvottum á bæjunum alla jafna ekki vera mjög erfið viðfangs, að frátöldum þeim ráðskonum sem þurftu að þvo af mörgum börnum (sérstaklega ef það voru mörg snúningsbörn á bæjunum):[522] „Þetta var nú ekki mikil vinna, ekki þannig. Þetta var ekki þrældómur. Ég skúraði og skrúbbaði náttúrulega gólfið.“[523]

Ákveðin þögn umlykur hreingerningar og þvotta almennt í sögunni á heimsvísu, umfram önnur heimilisstörf.[524] Þrif og þvottar innanstokks voru unnin í meira einrúmi en önnur heimilisstörf, á borð við eldhúsverk sem voru oft innt af hendi

---

[517] Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn,* 24 og 71.

[518] Stigvaxandi kaup og framleiðsla á klæðum og hverskyns taui á heimilum og tilkoma rafknúinna þvottavéla um miðbik aldarinnar, hafði áhrif á álag kvenna við að þvo þvotta á heimilum. Sjá Klepp, „Demonstrations of feminine purity,“ 191–192; Cowan, „The "Industrial Revolution" in the Home,“ 6 og 14.

[519] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[520] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

[521] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[522] Þau viðhorf samræmast viðhorfum húsmæðra sem höfðu sumarbörn. Sjá Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj., *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni,* 197–200.

[523] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund,.

[524] Robertson fjallar um þögn sem ríkir um þrif og þvotta í kennsluritum um hússtörf. Robertson, *The History of the Housewife,* 70. Nefna má að í *Handbók húsmæðra: 1000 húsráð* frá 1951, er fjallað þó nokkuð um hreingerningar.

samhliða því að fólk/vitni mötuðust í fjölsóttasta rými bæjanna, eldhúsinu:[525] „Það voru engin vitni af því þegar ég var að taka til.“[526] Spurningin var sú hvort ráðskonur er leystu hreingerningarstörf af hendi hefðu löngun til að miðla þeim munnlega, og þá um leið rjúfa þögnina sem umlukti þau störf? Viðtölin sýndu að jafnvel þó svo að þrif og þvottar væru veglegur þáttur af daglegum skyldum ráðskvenna höfðu konurnar ekki mikinn áhuga á að ræða þau störf. Þegar talið barst að þrifum og þvottum var svar ráðskvennanna almennt á þá lund að þær hefðu „passað upp á að heimilið væri snyrtilegt.“ Konurnar fóru ekkert í saumana á verklaginu að baki þeim störfum nema þá einungis að þær væru spurðar að því sérstaklega. Verk er tóku til ræstinga og þvotta á bæjunum, líkt og vinna við uppvask og frágang eftir máltíðir, stóðu ráðskonum sum sé ekki ofarlega í huga.

Í einstaka tilvikum beindu ráðskonurnar frásögn sinni að þrifum og þvottum í viðtölunum, helst ef vinnuaðstæður þeirra voru svo frumstæðar að það sat greypt í minni þeirra. Ráðskonan Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931) gerði þvottinum sérstök skil í viðtali okkar með hliðsjón af laklegum vinnuaðstæðum sínum. Ágústa þurfti að þvo þvottinn á þvottabretti í bala og síðan skola hann í á, skammt niður af bænum. Ráðskonan Svava Aradóttir (f. 1945) var líka ein þeirra kvenna sem fjallaði sérstaklega um þvottinn á bænum með tilliti til vinnuaðstæðnanna á bænum. Rafknúnar þvottavélar voru fyrst teknar í notkun á íslenskum sveitaheimilum um 1950, en innreið sjálfvirkra þvottavéla inn á vettvang sveitaheimilanna tók þó sinn tíma, líkt og frásagnir Ágústu og Svövu af vinnuaðstæðum við þvottinn á 6. og 7. áratug síðustu aldar vitna um.[527]

> **ÁAV:** Það var engin sturta, bara klósett. Það varð að sækja vatnið niður í á og það þurfti að skola tauið niður í á. Maður þurfti náttúrulega að þvo með höndunum. Skrúbba gallabuxur út á bekk. Ég átti þvottavél í bænum en það var ekki hægt að breyta mótornum. Við vorum með ljósamótor sem var settur í gang í smá tíma daglega. Hann var það lágstilltur að það var ekki hægt að setja þvottavél við hann. Svo á endanum fékk ég hoover og þá var hægt að breyta mótornum með henni. Það var ekki búandi þarna, það var ekki hægt að lifa við þessar aðstæður.[528]

> **SA:** Ég var að laga eitthvað til og ganga frá þvotti. Það var ekki sjálfvirk þvottavél á þessum tíma. Það var alveg dagur sem fór í þvottinn, svona

[525] Hér ber að geta að konur á Íslandi þvoðu þvott *utanstokks* í samneyti við aðrar konur í margar aldir, s.s. í bæjarlæknum, yfir þvottapottum eða í þvottahúsinu í Laugunum. Sjá Elínborg Lárusdóttir, *Frá liðnum árum*, 34–35; Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, 161; Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, *Halldóra Bjarnadóttir*, 60.

[526] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (E)

[527] Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hvað er þá orðið okkar starf?,“, 321.

[528] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

> þvottadagur. Þá var maður með svona vél, sem maður bara svona [*líkir eftir hreyfingunni*]. En ég var með rafmagnsvindu.[529]

Lýsingar ráðskvennanna af þrifum og þvottum sínum á bæjunum gáfu ágæta innsýn í híbýli bænda, með hliðsjón af skipulagi rýma og nýtingu þeirra. Eitt dæmi um slíkt eru lýsingar kvennanna á bæjarhúsunum og mununum sem þar var að finna, sem festust þeim sérstaklega í minni við þrifin. Það sýndi sig að ráðskonurnar eyddu litlum tíma í að þurrka af, því sveitaheimilin sem konurnar störfuðu á voru yfirleitt snauð af stássmunum á borð við myndir, listmuni og skrautmuni. Þegar ég spurði þær frekar út úr hvers vegna svo lítið hefði verið af stássi á bæjunum röktu þær það iðulega til fátæktar og/eða lítilla áherslna á híbýlaprýði á sveitaheimilum. Nokkrir viðmælendur báru ákveðna virðingu fyrir slíkum híbýlaháttum; fannst sveitaheimilin vera laus við prjál. Á sumum bæjunum voru betri stofur þar sem fínni húsgögnin var að finna og annað fínerí. Rithöfundurinn Málfríður Einarsdóttir talaði um þá hefð að hafa sér stofu fyrir almenning og aðra stofu fyrir heldri gesti; að draga gesti í dilka.[530] Betri stofur voru minna í brúkun en daglegar stofur og því þurftu ráðskonurnar lítið að huga að þeim. Betri stofurnar á bæjunum koma fyrir sjónir sem eins konar *dauð rými* í frásögnum kvennanna, þ.e.a.s. húsrúm þar sem fólk hafðist lítt við og rykaði í fjarveru fólksins fremur en að óhreinkast af mannavöldum líkt og almennu rýmin.

> **HG:** Það var suðurstofan og svo var það norðurstofan, sem var sparistofan. Það var alltaf kalt þar inni og hálfgerð fúkkafýla. Fínu gestunum var boðið þangað inn
> **DKE:** Í kuldann?
> **HG:** Já norðurstofuna – á meðan við heimilisfólkið sátum í suðurstofunni í hitanum og horfðum þar á sjónvarpið. Það var allt í góðu. Það var svona á bæjum. Það var þessi norðurstofa sem var með fínum hlutum í en það var aldrei neinn í stofunni. Þannig að það var dautt loft þarna, þungt loft þarna inni.
> **DKE:** Voru fallegir hlutir í norðurstofunni?
> **HG:** Það var yfirleitt rokkókó, eitthvað gamaldags. Svo málverk upp á veggjum og skenkur. Það voru fínni húsgögnin. Það var meira svona bland inn í hinni stofunni.
> **DKE:** Var það flottasta sett þangað inn?
> **HG:** Jájá. Það bara var ekkert gaman að vera þarna inni [hlæjum]. Ég var alltaf í hinni stofunni. Það var kalt í norðurstofunni – hún var ekki hlýleg.[531]

Ráðskonurnar sáu alla jafna um tiltekt og þvotta í sameiginlegum rýmum bæjanna (eldhús; stofur; gangar; salerni o.fl.). Þrif og þvottar ráðskvenna, ólíkt eldhússtörfum,

---

[529] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund; Inga Huld Hákonardóttir, *Hélstu að lífið væri svona?*, 120.
[530] Málfríður Einarsdóttir. *Samastaður í tilverunni.*
[531] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

fólu einnig í sér að vinna þeirra fór inn á persónuleg rými vinnuveitendanna, þ.e.a.s. tóku til þátta sem stóðu vinnuveitendunum bókstaflega næst, s.s. klæði þeirra og einkaherbergi eru dæmi um. Tilvik voru um að ráðskonurnar væru beðnar um að þrífa ekki svefnherbergi bændanna og/eða herbergi hjá öðru heimilisfólki: „Ég var aldrei að þrífa neitt upp á lofti þar sem þeir sváfu. Neinei. Ég var bara að hugsa um það sem var niðri þar sem aðallega var gengið um.“ [532] Einnig má nefna fáein tilvik þar sem ráðskonur voru beðnar um að skipta ekki á ákveðnum rúmum á heimilunum. Aukinheldur voru dæmi um að bændur og/eða annað heimilisfólk vildi sjá sjálft um að þrífa eigin klæði. Það má túlka þessar beiðnir vinnuveitenda ráðskvenna sem tilraun til þess að viðhalda ákveðnu einkalífi á bæjunum.

> **DKE:** Sástu um þrif á bænum?
> **KM:** Já ég skipti á rúmunum – og þó. Nei ég skipti ekki á rúmunum, þeir gerðu það sjálfir. Ég þurfti ekki að gera það. En ég þvoði náttúrulega fötin. Nema bróðir bóndans náttúrulega, hann vildi ekki að ég kæmi nálægt fötunum sínum. Hann þvoði sjálfur af sér [hlær].
> **DKE:** Er það?
> **KM:** Já, það var allt í lagi. Þá þurfti ég ekki að sjá um það.[533]

Þrif voru jafnan fyrstu störfin sem ráðskonurnar tóku sér fyrir hendur þegar þær komu á bæina – þegar þær tóku bæjarhúsin í gegn.[534] Ein ráðskonan tjáði mér að hún hefði verið á bæ þar sem þær þrjár ráðskonur sem á undan henni komu hefðu starfað samtals á bænum í tíu daga: „Þær komu og fóru. Það var eitt sem þær áttu allar sameiginlegt: þær byrjuðu allar að þrífa eldhúsgardínurnar. Þannig að það hefur verið eitthvað sem hefur verið þægilegt að byrja á.“[535] Frásagnir ráðskvennanna af tiltekt og þvottastörfum þeirra á bæjunum gáfu sýn á það hvernig gengið var um sveitaheimilin. Í fyrsta lagi er um að ræða lýsingar kvennanna af aðkomu þeirra að bæjunum; hvort íveruhúsið var hreint eða skítugt þegar þær komu. Það var samdóma skoðun ráðskvenna sem fóru til starfa hjá einbúum að óþrif á þeim heimilum hefðu verið meiri en þar sem fleiri bjuggu. Það voru sem sagt bein tengsl þarna á milli; óþrifnaður fylgdi kvenmannslausu heimilishaldi einbúanna að jafnaði:[536] „Þetta var ofboðslega subbulegt heimili að koma inn á. Hann var skilinn. Ég náði að sjæna það til í rólegheitunum og gera það fínt.“ [537] Lýsingar af óþrifnaði voru líka áberandi í reynslusögum ráðskvenna sem voru í vist hjá drykkfelldum bændum.

---

[532] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.

[533] Kristín R. Magnúsdóttir, (f. 1944), viðtal við höfund.

[534] Sambærilegar lýsingar er að finna í viðtölum Nínu Rósar Ísberg við þýsku konurnar. *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 137.

[535] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

[536] Í rannsókn Nínu Rósar Ísberg á þýsku konunum kemur fram að þær mundu síður eftir óþrifnaði á bæjunum sem þær fóru á við komuna á þá, en fremur eftir því hve mikið þær þurftu að þrífa eftir að þær hófu störf sín þar. *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 137–138.

[537] N.N. Viðtal við höfund. (1). Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

> **Anon:** Það var svakaleg umgengni þegar ég kom. Mér eiginlega féllust hendur. Hann var búinn að vera einn dálítið lengi, alger slúbbert. Gardínurnar haugaskítugar, gamlar. Þetta var allt rosalega sjoppulegt, þannig að ég var töluvert lengi að komast í gegnum þetta.
> **DKE:** Var gestagangur?
> **Anon:** Ég er einangruð hjá honum. Jájá ég er mjög einangruð þarna og mér leið ekkert vel í þessu húsnæði. Æ maður vill hafa hlýlegt í kringum sig. Það var kalt og óhreint, það var minningin; kalt og óhreint.[538]

> **Anon:** Búrið var kjaftfullt af úr sér gengnum matarvörum. Og þar höfðu búið um sig mýs. Fyrsta mál á dagskrá hjá mér var því að hreinsa algjörlega út úr búrkompunni og þrífa hana hátt og lágt. Ég þurfti að gera það sama við drulluskítuga eldhússkápana hjá kallinum. [539]

Frásagnir kvennanna koma líka inn á umgengni heimilismanna á meðan vistinni stóð. Heilt á litið var umgengni vinnuveitenda ráðskvenna með góðu móti á meðan þær störfuðu á bæjunum, með fáum undantekningum. Eftir að þær komu til starfa tóku margar eftir því að bændurnir fóru fljótlega að hirða sig betur og ganga betur um heldur en reyndin var án viðveru ráðskvennanna. Ein ráðskonan sagði að bændurnir sem hún vann fyrir hefðu fjölgað baðferðunum eftir að hún kom á bæinn: „Ég held að þeir hafi farið að vera miklu þrifalegri eftir að ég kom, karlarnir. Þannig að völdin sem ég hef haft voru kannski þau; að þeir fóru að þrífa sig betur.“[540] Konurnar gátu nánast alltaf sinnt þrifum og þvottum án nokkurra vandkvæða. Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir (f. 1956) ráðskona sagðist hins vegar hafa lent í smá örðugleikum í þvottastörfunum þegar hún þurfti að þrífa ullarnærföt af bændunum á bænum þar sem hún starfaði sem ráðskona, 20 ára gömul með nýfætt barn sitt.

> **ÁSA:** Ég hafði rosalega frjálsar hendur. Skrítið. Þetta var 1976 en þeir voru svolítið fornir sko. Þetta var svo fyndið. Ég þurfti að sjá um fötin, þvo þau. Og hugsaðu þér, þessir menn sem voru rúmlega fimmtugir, þeir gengu næst sér í ullarnærbuxum og ullarbolum. Svo ætlaði maður að fara að þvo þetta. Ég setti þetta í þvottavél, svo kom þetta bara svona til baka [lætur sem hún haldi á flík á stærð við ungbarnaklæði]. Þeir náttúrulega sögðu aldrei neitt. Maður lærði á þetta. En þetta var svolítið fornt miðað við það hvað var í gangi almennt í þá daga.[541]

---

[538] N.N. Viðtal við höfund. (1)
[539] N.N. Viðtal við höfund. (3). Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.
[540] N.N. Viðtal við höfund. (2). Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu
[541] Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir (f. 1956), viðtal við höfund.

*Umbætur innanstokks*

Af öðrum helstu heimilisstörfum ráðskvenna til sveita má nefna fegrun þeirra á bæjarhúsunum. Um 29% ráðskvennanna gerðu einhvers konar breytingar á bæjarhúsinu þar sem þær störfuðu og dvöldu. Í öllum þeim tilvikum var um að ræða heimili einhleypra bænda. Tilgangurinn með þeim umbótum innanstokks var hvorutveggja miðaður við hagnýtingarsjónarmið og af fagurfræðilegum rótum runninn. Tíðast var að ráðskonurnar máluðu sameiginleg herbergi á bæjunum. Ein ráðskonan takmarkaði málningarvinnuna við herbergið sitt: „Já ég málaði herbergið sem ég svaf í. Því þegar ég flutti inn í herbergið þá var það öskugrænt en ég fékk að mála það hvítt. Þetta var ógeðslegur litur sem var á herberginu, Jesús minn.“[542] Nokkrar ráðskonur saumuðu gluggatjöld fyrir gluggana á bæjunum: „Ég tók þetta náttúrulega í gegn og saumaði eldhúsgardínur, rauðköflóttar, flottar.“ [543] Ein ráðskonan fór á smíðaverkstæði og bað starfsmennina um að láta sig hafa skáp, því hún væri á leið í ráðskonuvist í vægast sagt fábrotið húsnæði: „Þeir gáfu mér skáp með skúffum sem ég fór með austur. Þetta voru nú einu þægindin – og búrið.“[544]

Það vakti athygli mína að þær ráðskonur sem réðust í umbætur á bæjunum höfðu nánast alltaf sjálfar frumkvæði að því, en vinnuveitendur ráðskvennanna föluðust alla jafna ekki eftir því að þær gerðu breytingar innanstokks. Viðtölin sýndu að ráðskonurnar sáu þetta framtak sitt á bænum sem viðbótarstarf. Þær réðust yfirleitt í þessar framkvæmdir á bæjunum af þörf, og einnig vegna þess að þeim leiddist og fannst skyldustörf sín ekki vera nægilega krefjandi. Aukinheldur mátti merkja á frásögn viðmælendanna að þær töldu það vera kvenlega skyldu sína sem ráðskonur að gera bæina heimilislega. Þeim fannst sveitaheimili einhleypra bænda oft skorta kvenlegt yfirbragð og töluðu jafnvel um *kuldaleg* heimili karla og vinnu sína við að gera heimilin *hlýleg*.[545]

Flestar konurnar spurðu bændurna um leyfi áður en þær réðust í einhverjar breytingar innanstokks. Aðeins ein ráðskona sagðist ekki hafa þurft að spyrja um leyfi áður en hún gerði það. Sigríður Jónsdóttir (f. 1964) var ráðskona nokkur sumur undir lok 9. áratugarins á (opinbera) tilraunabúinu Hesti sem var á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, þar sem Sigríður stundaði búfræðinám. Í frásögn Sigríðar kemur fram að hún var með meira frelsi en ráðskonur á sveitaheimilum almennt, því á býlinu var enginn bóndi eða húsmóðir (einungis ráðsmaður sem vann til móts við hana).[546] Sigríður gat ákveðið eftir eigin hentugleik hvaða breytingar hún vildi gera á húsnæðinu og hafði auk þess ákveðið opinbert fjármagn til verksins –

[542] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[543] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund.

[544] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

[545] Sjá Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn,* 86.

[546] Ráðsmannsstarfið var á hverfandi hveli á síðari hluta 20. aldar. Í viðtali mínu við fyrrum kaupakonuna Kristínu Snorradóttur sem ólst upp í sveit, tjáði hún mér að ráðsmaður væri „maður sem að sjái um bú í fjarveru annarra manna. Það var aldrei talað um ráðsmann á minni tíð. Ég held ég heyri fyrst orðið ráðsmaður þegar talað var um ráðsmann á Bændaskólanum á Hvanneyri. Hann sá til dæmis um gjafir.“ Kristín Snorradóttir (f. 1963), viðtal við höfund.

eitthvað sem hún hafði ekki vanist í ráðskonuvistum sínum á sveitabæjum í einkaeigu: „Það var enginn að banna manni að gera það sem maður fékk hugmynd um að æskilegt væri að gera. Þetta var ógeðslega gaman.“ [547]

### *3.5.3.3. Umönnun og selskapur*

*Umönnun barna*

Inngróin viðhorf Íslendinga til lífs fólks og starfa, þ.m.t. kvennastarfa, birtast í orðtækjum, starfsheitum og málsháttum okkar. Náttúra kvenna að fæða af sér börn er órjúfanlegur hluti ímyndar þeirra, svo mjög að hún var yfirfærð á starfsheiti kvenna sem veita heimilum forstöðu; húsmæðurnar. Starfsheitið ráðskona og fyrri tíma starfsheitið bústýra fela ekki í sér beina skírskotun í móðurhlutverkið, en engu að síður var ráðskonum, líkt og húsmæðrum, ætlað að gangast við móðurlegu hlutverki og ábyrgð er féll í skaut kvenna er annast skyldu um sveitaheimili.

Allar ráðskonurnar sem sinntu umönnun barna á sveitabæjunum voru einstæðar mæður, að undanskilinni einni ráðskonu sem hafði áður verið einstæð með barn. Í þessari umfjöllun er sjónum einungis beint að störfum ráðskvenna er lutu að börnum vinnuveitenda þeirra og/eða öðrum börnum sem voru á snærum vinnuveitendanna. Umönnun þeirra á eigin börnum var ólaunað vinnuframlag ráðskvenna á bæjunum, líkt og í tilfellum húsmæðra sem áttu börn. Vikið er sérstaklega að umönnun ráðskvenna á eigin börnum sem dvöldu með þeim á bæjunum í næsta kafla.

Ráðskonurnar sáu um umönnun barna á 23 bæjum af þeim 72 bæjum sem hér eru til umfjöllunar eða í þriðjungi tilfella (32%). Á 12 bæjum hagaði svo til vegna þess að þar bjuggu einstæðir feður sem voru með börn sín í sinni forsjá. Í hópi þeirra bænda voru fjórir ekklar og átta fráskildir feður. Rannsóknir sýna að makamissir hefur ólík áhrif á konur og karla. Að frátöldum tilfinningalegum og félagslegum áhrifum, hafði efnahagslegi þátturinn mikil áhrif á stöðu kvenna. Hvað þau kynbundnu áhrif varðar í tilfelli karla var það svokallaður þjónustuþáttur sem hafði mest áhrif á líf þeirra eftir makamissi. Karlar urðu af þeirri þjónustu sem þeir voru vanir heima fyrir, þ.m.t. umönnun barna ef þau voru til staðar.[548] Hið sama gilti um bændur sem höfðu fengið ráðskonu til starfa en þurftu að sjá á bak henni og sátu eftir einir með börnin: „Ég var fyrsta ráðskonan hans, ég held það hafi verið 6 mánuðir liðnir frá því að konan dó,“ sagði einn viðmælandinn og bætti við: „Þegar ég tilkynnti honum að nú færi að styttast í þessu hjá mér, því nú væri ég að fara að fara – þá kom í ljós að honum fannst ég vera of fljót að fara. En svona er lífið.“[549] Önnur algeng ástæða þess að ráðskonur sinntu umönnun barna í starfi sínu voru forföll húsmóðurinnar á bænum, en svo hagaði til á 7 bæjum. Auk þess að annast börn bænda/húsmæðra sáu ráðskonur

---

[547] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

[548] Ida Blom, „Widowhood,“ 52–81. Blom leggur út af kenningaramma Helena Lopata. Sjá líka Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, 143; Ólöf Garðarsdóttir og Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Aðstæður og heimilisstaða íslenskra ekkna um síðustu aldamót,“ 52–81.

[549] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.

einnig um snúningsbörn/sumarbörn á 9 bæjum. Af þeim bæjum voru 5 bæir þar sem búsettir voru barnlausir bændur sem tekið höfðu til sín börn til sumardvalar.

Á sveitabæjunum sem koma við sögu höfðu bændur/húsmæður alla jafna 1–3 börn í sinni umsjá. Ekki er einfalt að setja fram nákvæmar upplýsingar um aldur þeirra barna því viðmælendur mínir mundu sjaldan hvað börnin voru nákvæmlega gömul. Töluverð breidd var þó í aldri barnanna, sem voru allt frá tveggja ára gömul upp í það að vera á fermingaraldri: „Ég hef ábyggilega sungið og kveðið fyrir hann, hann var svo lítill. Ég teiknaði líka fyrir hann, og var að leika við hann og vera góð við litla stýrið. Ég var í rauninni meiri barnfóstra, þó ég sæi um þessi húsverk af minni litlu kunnáttu," sagði ráðskonan Ása Ketilsdóttir (f. 1935) um þá aðhlynningu sem hún veitti tveggja ára frænda sínum þegar hún annaðist hann í kjölfar andláts móður hans.[550] Ása var þá 16 ára gömul og sagðist hafa séð „um heimilið þangað til að önnur kona kom til þess að taka við þeim störfum."[551]

> **ÁK:** Jújú ég var 16 ára þegar ég fór sem ráðskona til móðurbróðurs míns sem hafði misst konuna sína. Hann átti eitt barn, tveggja ára, þannig ég sá um heimilið þangað til að það kom önnur kona til þess að taka við. Ég kunni varla að setja kartöflur í pott. Móðir mín var mikil myndarhúsmóðir. Þá voru öll eldhússtörf mér afskaplega andstæð. Ég vildi allt frekar gera en að vera í eldhúsinu. Þannig að þetta var nú svona heldur hálf brösulegt. En ég gat þó að minnsta kosti mjólkað kúna og ég reyndi að elda matinn. Frændi minn var afskaplega þolinmóður við mig. Fyrst og fremst átti ég að passa barnið og sjá um það. En þetta var víst ráðskonustarf samt.[552]

Í endurminningum og minningargreinum frá árunum 1850–1950 bregður ósjaldan fyrir lýsingum af konum sem gengið höfðu börnum í móðurstað. Þær konur voru oftar en ekki ráðskonur. Höfundar sem fjalla um ráðskonur er gengu börnum í móðurstað vísa jafnan í ákveðna fórnfýsi og ást sem konurnar báru til barnanna: „Í mörgum tilfellum kom hún í móðurstað, því slík var ástúðin og umhyggjan við börnin."[553] Lýsingar á ráðskonum sem móðurígildi í fyrri tíð fjalla nánast alltaf um ráðskonur sem önnuðust móðurlaus börn. Í viðtölum mínum við ráðskonur sem sáu um umönnun barna í starfi sínu á síðari hluta 20. aldar, töluðu þær aldrei um að þær hafi komið börnunum í móðurstað. Það skýrist að miklu leyti af því að margar kvennanna unnu á bæjum þar sem húsmóðirin/móðirin var tímabundið fjarverandi eða á bæjum hjá einhleypum feðrum: „Ég sinnti þeim ekki sérstaklega. Ég talaði við þau og gaf þeim að borða. Ég gekk ekki í þeirra móðurstað enda var mamman lifandi."[554]

---

[550] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[551] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[552] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[553] „Sigríður Sigtryggsdóttir frá Flatey." *Morgunblaðið*, 6. mars 1985, 39; „Guðríður Jónsdóttir frá Stapakoti." *Faxi*, 1. maí 1968, 74.

[554] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund. Blanca sá um heimili í forföllum húsmóður sem var á spítala.

Viðmælendur mínir sem sinntu barnagæslu í ráðskonuvistinni fjölluðu afskaplega lítið um þann þátt starfsins. Auk þess var umfjöllun ráðskvenna um umönnunarþátt starfsins oft fremur almenn: „Bara svona eins og maður segir, að elda matinn, og þvo af þeim og sjá til þess að þau burstuðu í sér tennurnar. Eitthvað svona sko.“[555] Umönnun ráðskvenna fólst öðru fremur í því að sinna grunnþörfum barnanna hvað varðaði fæðu og hreinlæti. Þar að auki hjálpuðu þær börnunum með heimalærdóminn ef þær sinntu ráðskonustarfinu á þeim tíma árs þegar börnin sóttu skóla.

Hluti kvennanna upplifði ákveðna togstreitu við umönnun barna á bæjunum. Helsta ástæðan þar að baki fólst í ólíkum uppeldisaðferðum bændanna og ráðskvennanna. Þegar svona bar undir gat það reynst örðugt fyrir ráðskonur með börn að samræma umönnun barna bændanna við umönnun eigin barna. Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939) var 48 ára gömul með uppkomin börn þegar hún réð sig í ráðskonuvist á bæ þar sem mikið var af börnum. Hún var ósátt við að stelpurnar þyrftu að hjálpa henni í eldhúsinu eftir kvöldmatinn á meðan strákarnir færu að spila skák: „Þá upphófust miklar umræður á milli mín og bróður bóndans sem sagði að stelpur gætu ekkert spilað skák. Ég sagði „af hverju heldur þú að það sé, það er því að strákurinn fer með pabba sínum inn að tefla á meðan stelpan fer í eldhúsið að hjálpa við uppvaskið.“[556]

Stundum gátu störf sem fólust í umönnun barna bændanna verið ráðskonunum andlega erfið. Því tengt má nefna þegar ráðskonurnar upplifðu ósanngirni af hálfu bændanna í garð barnanna á heimilinu. Ein ráðskonan lýsti hve vanmáttug hún var í hlutverki umönnunaraðila barnanna á bænum, vegna þess að hún gat ekki skipt sér af því þegar bóndinn kom illa fram við börnin sín. Viðmælendurnir báru auðsýnilega tilfinningar til barnanna sem þær gættu og vildu skapa þeim heimili í fjarveru móðurinnar án þess þó að koma þeim í móðurstað: „Heimasætan á bænum var 8 ára og hún var í minnsta herberginu. Mér fannst það glatað, þannig að ég dreif hana í annað herbergi og saumaði gardínur fyrir hana.“[557] Nokkrar kvennanna lýstu þrúgandi andrúmslofti á bæjunum í kjölfar skilnaðar og áhrifum þess andrúmslofts á heimilislífið og börnin. Konurnar sögðu að sum „móðurlausu heimilin“ sem þær störfuðu á hafi verið mörkuð af tilfinningalegri fjarlægð föðursins, bóndans, gagnvart börnum sínum; fjarlægð sem ráðskonurnar reyndu að bæta úr með ýmsum leiðum. Það var til í dæminu að ráðskonurnar stæðu upp í hárinu á bændunum þegar þeim fannst þeir vera ósanngjarnir eða þeir reyndu að skorast undan ábyrgð sinni sem feður. Nokkrar kvennanna lýstu þeim harmi sem fólst í því að skilja við börn sem bjuggu við lélegar aðstæður í föðurhúsum, þegar þær fóru úr vistinni, á meðan aðrar ráðskonur horfðu til baka með miklum hlýhug er þær rifjuðu upp minningar af ástríku sambandi millum bændanna og barna þeirra á bæjunum þar sem þær störfuðu.

---

[555] N.N. Viðtal við höfund. (4) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[556] Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.

[557] N.N. Viðtal við höfund. (5) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

> **Anon**: Ég var með tvö börn með mér og hann átti tvö börn sjálfur. Eitt fannst mér hryllingur. Ef það komu gestir til hans þá rak hann alltaf börnin niður í kjallara og læsti kjallaranum. Hann ætlaði að gera þetta við mín börn. En ég lét það ekki eftir honum. Mín börn voru ekki vön svona fautaskap, eins og mér finnst þessi hegðun hafa verið.[558]
>
> **Anon:** Hún [vinnustúlka] kom úr Breiðholti. Það var eitthvað vesen á mömmu hennar, þannig að hún var send innan gæsalappa: „send í sveit.“ Hún var 15–16 ára þarna, öflug stelpa og góð, en soldið brotin. Við vorum mikið saman. Hún átti til að vera þung í skapinu en við gátum alltaf talað saman.[559]
>
> **Anon:** Það var rosalega lítil umgengni við móðurina. Sko af því hún hélt fram hjá – þá var hún vonda konan. Hann var ofsalega fúll og þetta var erfitt tilfinningalega. Það var rosa leiðinlegt. Ég laumaði að börnunum að mamma myndi alltaf elska þau eins og pabbi, sama hvað. Að þetta væri alltaf erfitt en svo myndi lognið á endanum koma. Þetta væri ofsalega flókin staða.
> **DKE:** Þú varst að hughreysta þau.
> **Anon:** Já ég fann ofboðslega til með þeim.[560]

*Umönnun öldunga*

Heilsa eldra fólksins á bæjunum réð miklu um hve mikið ráðskonurnar þurftu að annast þarfir þeirra,[561] en aðeins þrjár kvennanna sinntu sértækum umönnunarstörfum í tengslum við heilsuveil gamalmenni á bænum. Þar komu við sögu verk á borð við böðun, vöktun og halda fólkinu selskap: „Á bænum var ég að elda og þrífa og baka og sjá um að baða gömlu konurnar og flétta þær.“ [562] Almennt sýna frásagnir ráðskvenna sem störfuðu á heimilum þar sem eldra fólk var búsett, ákveðna stemningu sem myndast á heimilum þegar ólíkar kynslóðir búa saman. Ljóst er að eldra fólkið kunni jafnan að meta þá aðstoð og þann félagsskap sem það fékk frá ráðskonunum, er veitti þeim aukin lífsgæði í ellinni.

---

[558] N.N. Viðtal við höfund. (6) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[559] N.N. Viðtal við höfund. (7) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[560] N.N. Viðtal við höfund. (8) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[561] Til samanburðar má nefna að líkt og ráðskonur í sveit voru ráðskonur í þéttbýli gjarnan ráðnar til að annast börn og sjúka og aldraða einstaklinga inni á heimilum – eins konar heimaþjónusta þess tíma skv. viðtölunum og auglýsingum þar sem óskað er eftir ráðskonu í þéttbýli. Í viðtali mínu við Guðríði B. Helgadóttur sagði hún: „Það er konan sem fer inn á heimilið til að passa börnin ef ekki er hægt að koma þeim í leikskóla.“ Guðríður B. Helgadóttir (f. 1921), viðtal við höfund.

[562] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

Af þeim þremur ráðskonum sem hlúðu sérstaklega að gamalmennum í vistinni, hugsuðu tvær um einstaklinga sem áttu við heilabilun að stríða. Þær ráðskonur sögðu umönnun aldraðra hafa verið mikla vinnu. Frásögur þessara tveggja viðmælenda af umönnun eldri aðila í ráðskonustarfinu, gáfu innsýn í þá erfiðleika sem felast í því að sinna umönnun á eldra fólki með heilabilun og þurfa jafnframt að reka heimili og sinna börnum: „Ég hljóp á eftir honum út um öll tún og fór á eftir honum hingað og þangað, sem var dálítið erfitt því ég var með dóttur mína líka. Það þurfti að fylgjast með honum á nóttunni líka.“ [563] Konurnar vildu gera vel við eldra fólkið sem stríddi við sínar hamlanir sem meinuðu þeim að vera sjálfbjarga dagsdaglega. Þær vildu einnig þóknast bændunum, sem vildu hafa foreldra sína heima hjá sér þrátt fyrir þetta heilsuleysi þeirra. [564] Önnur þeirra, Svava Aradóttir (f. 1945), sagði umönnunarstarfið hafa verið mikilvægan skóla fyrir sig: „Gamla konan gerði marga undarlega hluti og ég bara sinnti því sem þurfti að bregðast við. Þetta voru mín fyrstu kynni af heilabilun sem síðar varð mitt lífsstarf.“[565]

> **SA:** Ég sá bara um allt. Ég sá um öll þrif, allan bakstur og alla matreiðslu. Svo líka náttúrulega að gæta hennar [móður bóndans], sem var náttúrulega heilmikið. Ég var með son minn þarna sem var byrjaður að hreyfa sig mikið um – og líka með hana. Svo ég var alltaf með tvo sem ég þurfti að fylgjast með. Því fólk með heilabilun það er alveg óútreiknanlegt. Þú veist ekki hverju þú getur átt von á. Ég gat látið hana verið að prjóna; hún gat setið og prjónað og prjónað. Á meðan ég var að gera eitthvað annað. En hún gat ekki lengur prjónað hæl eða tekið úr, þannig að ég passaði upp á að eiga alltaf helling af snúningi og hálfprjónuðum sokkum, átti kannski þrjá til fimm á prjónum. Líka vegna þess að hún var alltaf að fela þetta eða týna þessu. Það er líka einkenni heilabilunar. Ég vissi aldrei hvað hún gerði við þetta… Svo plasseraði ég stundum gömlu konuna við vaskinn og passaði að hafa eitthvað óhreint í vaskinum. Þá var hún alveg róleg hjá mér þegar ég var að baka. Þá hafði hún verkefni og á meðan var sonur minn í göngugrind á hjólum.[566]

### *Að halda fólki selskap*

„Hann vantaði meira félagsskap en beint vinnukraft“ sagði Kristjana Rós Birgisdóttir (f. 1958) ráðskona mér.[567] Hún var ábyggileg í framsögn sinni; hún hafði starfað sem ráðskona á fimm bæjum og talaði af reynslu. Kristjana og margar aðrar ráðskonur sem

---

[563] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund. Faðir bóndans var með alzheimer og var búsettur á elliheimili, en dvaldi inn á milli á bænum.

[564] Sigríður Þorgeirsdóttir og Kristín Björnsson segja konur bera meginþungann hvað viðvíkur daglega umönnun á fjölskyldumeðlimum. Sjá Sigríður Þorgeirsdóttir og Kristín Björnsson, „Velferðarþjónusta á tímamótum,“ 273. Sjá líka Joseph og Hallam, „Over the hill and far away,“ 631–639.

[565] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

[566] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

[567] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

ég ræddi við, lögðu áherslu á hvað félagsskapur ráðskvenna skipti bændurna miklu máli – öðru fremur á bæjum einstæðingskarla. Hluti kvennanna kvaðst oft á tíðum hafa verið hálfverkefnalausar á bæjunum – því þær voru bara að þjónusta einn mann. Samt sem áður hafi bændurnir óskað eftir viðveru þeirra. Þetta sýndi vel að viðveru ráðskvennanna var ekki síst óskað vegna samfylgdarinnar sem starfi þeirra fylgdi.

Margar ráðskvennanna álitu viðveru sína á sveitabæjunum vera eins konar félagslegt úrræði fyrir einmana bændur.[568] Þær miðluðu oft samhug sínum gagnvart bændunum sem þær unnu fyrir því margir þeirra bjuggu við mikla einangrun. Sú vitneskja að bændurnir voru einmana, gerði það oft að verkum að erfitt varð um vik fyrir konurnar að láta af störfum sem ráðskonur á bæjunum. Ein ráðskonan var í vist hjá einhleypum bónda að sumri til. Bóndinn hafði tjáð henni hve erfiðir veturnir væru honum í einverunni á bænum, svo hún ákvað að snúa aftur einn veturinn til að halda honum félagsskap: „Þegar ég fór frá honum í mars þá margþakkaði hann mér og sagði að þessi vetur hefði verið betri en margir vetur, því það var svo gott að hafa félagsskapinn.“[569] Á einum bænum þurfti móðir bóndans að leggjast um tíma inn á spítala og fékk ráðskonu til að dvelja hjá syni sínum á meðan: „Hún tók það fram, að mikilvægasta verkefnið væri það að hann væri ekki einn. Það skipti ekki svo miklu máli hvað ég gerði mikið.“[570] Þegar móðir bóndans, húsmóðirin, sneri aftur heim að aflokinni spítalavistinni, óskaði hún líka eftir selskap ráðskonunnar, sem fannst hún hafa öðlast aukið vægi inni á heimilinu í hlutverki sínu sem vinkona: „Hún var mjög ánægð að hafa félagsskap, kellingin. Ég var bara mjög mikilvæg persóna þarna sem bara ég; sem var mjög sérstakt. Það var mjög sérstakt andrúmsloft þarna varðandi það. Hún bara eignaðist vinkonu í mér þessi kona.“[571]

> **KRB:** [*Lýsir atburðarrás í kjölfar þess að hún auglýsti eftir ráðskonustarfi í miðli.*] Ég var alla dagana að spjalla við bændur sem voru að svara auglýsingunni. Þetta var svo skemmtilegt og ég sé svo eftir að hafa ekki skráð símtölin, hve margir hringdu, bara haldið skrá yfir þetta. Það var mjög gaman að spjalla við þessa menn. Ég talaði við einn fyrir austan og hann sagði: „Mig vantar kannski ekki endilega starfskraft en maður verður bara vitlaus á því að vera einn. Eftir að konan fór þá var það svona gerandi í tvö ár. Svo er það manni bara ekki hollt að búa einn úti í sveit,“ sagði bóndinn við mig. – Sko, félagsskapurinn skiptir oft jafn miklu máli og verkin sem eru unnin. Þá meina ég ef maður er heiðarlegur og viðræðuhæfur. Þú veist svona venjuleg manneskja. Ég man ekki eftir því að það hafi verið eitthvað umfram það. Bændur bara leggja upp úr því að það sé fólk hjá þeim sem vinnur, sé

[568] Í þessu sambandi má nefna að Anna Heiða Baldursdóttir sagnfræðingur, sem ólst upp í sveit, tjáði mér að bændur sem óskuðu eftir ráðskonu í hennar sveit hafi verið að sækjast eftir hvorutveggja heimilishjálp og félagsskap: „Kannski voru ráðskonur hálfgerð félagsþjónusta fyrir einbúana þar sem þær voru,“ sagði Anna mér.

[569] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.

[570] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

[571] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

> viðræðuhæft og heiðarlegt. Þú veist, bara venjulegt fólk. Það er það sem skiptir máli raunverulega.[572]

Gestgjafahlutverk ráðskvenna byggði ekki síst á því að halda gestunum selskap, svo vitnað sé aftur í Kristjönu Birgisdóttur sem sagði ráðskonustarf sitt á bæjunum fimm hafa verið að:[573] „Elda og baka og þrífa og vera skemmtileg og taka á móti gestum. Taka þátt í lífinu í sveitinni í rauninni.“[574] Misjafnt var hvort ráðskonur drukku kaffi með gestunum, en mikill meirihluti kvennanna sem ég tók viðtöl við gerði það alltaf: „Maður stóð alltaf svona upp á kanti, og fylgdist með samræðunum og svaraði og svoleiðis. En sunnudagur var svona dagur þar sem maður naut þess að taka á móti fólki.“[575] Heimsóknir gesta á bæina gátu reynst ráðskonum mikil tilbreyting, þó að þær fælu í sér aukna vinnu.

### *3.5.3.4. Hússtjórnarstörf*

Í þessari umfjöllun um hússtjórnarstörf ráðskvenna er sjónum beint að þeim stjórnunarþætti ráðskonustarfins sem fólst í stjórnun á vinnuafli. Í næsta kafla sem tekur til félagslegrar stöðu ráðskvenna, er fjallað um hússtjórn ráðskvenna með hliðsjón af völdum þeirra og stöðu innanstokks.

Bústjórn innanbæjar frá hendi ráðskvenna var mikilvægur þáttur þess að hægt væri að halda framleiðslueiningunni sveitabænum gangandi. Á síðari hluta 20. aldar gilti sem fyrr að hússtjórnendur sáu um að halda röð og reglu á þeim daglegu og árstíðabundnu þáttum sem sinna þurfti svo að rekstur sveitaheimilisins gengi upp. Í því fólst að sinna allt frá daglegum grunnþörfum heimilisfólksins varðandi fæði, klæði og tiltekt, til þess að sinna félagslegu og uppeldislegu aðhaldi heimilisfólks.

Árni Daníel Júlíusson segir að hlutverk húsmæðra sem verkstjóra í gamla bændasamfélaginu hafi líkt og eiginkonu- og móðurhlutverkið, mótað sjálfsmynd þeirra: „Að líkindum hefur þessari hlið sjálfsmyndar bændakvenna verið lítill gaumur gefinn,“ skrifar Árni.[576] Það er engum vafa undirorpið að verkstjórn ráðskvenna á íslenskum sveitaheimilum, hafi líkt og í tilfelli húsmæðra, mótað sjálfsmynd þessara stjórnenda sveitaheimilanna allt frá þjóðveldisöld, þ.m.t. þær takmarkanir sem giltu um valdsvið þeirra.[577]

Hússtjórn ráðskvenna og húsmæðra í sveit tók umfangsmiklum breytingum samhliða breyttum búskaparháttum og heimilisgerð á síðari hluta 20. aldar. Fyrst ber að nefna að framleiðsla á heimilum minnkaði sífellt þegar leið á síðari hluta 20.

---

[572] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

[573] *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 204.

[574] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

[575] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

[576] Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands* 2. bindi, 53; Ólafía Einarsdóttir, „Om húsfreyjamyndighed I det gamle Island,“ 77–85; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hvað er þá orðið okkar starf?,“, 323.

[577] Sjá grein Helga Þorlákssonar, „Arbeidskvinnens, särlig veverskens, ökonomiske stilling på Island i middelalderen,“ 50–65.

aldarinnar. Störf er lutu að gerð ullarvöru heima við döguðu mjög hratt uppi á þessum tíma og það dró stöðugt úr vægi þess að vinna þyrfti matvöru frá grunni. Síðan eru það handtökin sjálf í þeim verkþáttum sem unnið var að – þar sem ýmsar tækninýjungar léttu konum innistörfin. Samhliða breyttum búskaparháttum og vegna tækninýjunga sem leystu mannshöndina af hólmi við búskap, fækkaði þeim mannskap á íslenskum sveitabæjum sem þurfti til að sinna búskapnum. Ráðskonur og húsmæður á síðari hluta 20. aldar höfðu því fyrir færra fólki að sjá í daglegum störfum sínum. Stjórnunarþáttur ráðskonustarfsins breyttist því marktækt frá því sem áður hafði verið þegar mun fleira fólk var á bæjunum, þ.m.t. kvenhjú sem lutu stjórn ráðskvenna og húsmæðra. Sagnfræðingurinn Ruth Schwartz Cowan segir að brotthvarf heimilishjúa af heimilunum samhliða heimilisiðnvæðingunni hafi fært „öll heimilisstörfin á herðar húsmóðurinnar.“[578]

Viðmælendur mínir höfðu í langflestum tilfellum aldrei haft yfir öðrum að segja í vinnu þegar þær störfuðu sem ráðskonur.[579] Engin af ráðskonunum í rannsókninni hafði þannig heimilishjú eða kaupa- og vinnukonur sér til taks í innistörfunum: „Ég var ekki með vinnukonur þegar ég var ráðskona.“[580] Ástæða er til að ætla að ráðskonurnar hafi með þátttöku sinni í störfum utanstokks verið að ganga í störf vinnu- og kaupakvenna – sem vegna þess hve búin voru orðin tæknivædd, nægði ásamt störfum karlmannanna til þess að sinna búrekstrinum sem skyldi án vinnu- og kaupakvenna. Í þeim fáu tilvikum sem kaupa- og vinnukonur voru á bæjunum, unnu þær gagngert úti undir stjórn bændanna. Aftur á móti kom í ljós að sumir viðmælendurnir höfðu sinnt innistörfum undir stjórn húsmóður fyrir ráðskonutíð sína, í störfum sem kaupakonur eða vinnukonur. Auk þess höfðu nokkrir viðmælendanna haft yfir kaupakonum eða vinnukonum að ráða innanstokks þegar þær sjálfar gegndu húsmóðurhlutverki á sveitaheimili. Ætla má að húsmæður hafi haft meiri völd yfir hjúum á sveitabæjum en ráðskonur, því þær gegndu hlutverki vinnuveitanda, líkt og bóndinn.

Um það bil fjórðungur kvennanna kvaðst hafa notið einhverrar aðstoðar frá heimilisfólkinu við heimilisstörfin. Þær ráðskonur sem voru ráðnar af hjónum nutu að hluta til einhverrar aðstoðar frá húsmæðrunum, líkt og reifað hefur verið. Það kom nánast aldrei fram að bændur, vinnumenn og kaupamenn hjálpuðu ráðskonunum við heimilisstörfin. Eldri einstaklingar af báðum kynjum (foreldrar/skyldmenni bænda) léttu stundum aðeins undir með ráðskonunum, til dæmis með því að leggja á borðið og þess háttar: „Jú hún kannski tók af borðinu, eða lagði á borðið. En það var

[578] Ruth Schwartz, „"Industrialial Revolution“ in the Home,“ 9–10.

[579] Til samanburðar má nefna að mun algengara var að ráðskonur á opinbera sviðinu störfuðu tvær saman, eða hefðu aðstoðarkonu því þær þurftu almennt að sinna miklum mannskap, öfugt við það sem lenskan var á einkaheimilum, þar sem slíkt var fátítt. Aðstoðarkonur ráðskvenna í vegavinnu kölluðust gjarnan hjálparstúlkur. Sjá ÞÞ 12118/1996-3. „Ráðskonan átti þrjár dætur sem unnu með henni í eldhúsinu, en hún var aðalráðskonan,“ sagði Reynir Guðmundsson um ráðskonu hjá verktaka sem vann að byggingu vatnsaflsvirkjunar. Reynir Guðmundsson (f. 1937), viðtal við höfund.

[580] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

voðalega lítið sem hún gerði.“[581] Vanalega höfðu eldri aðilar sem hjálpuðu til á bæjunum einhver ákveðin verkefni: „Hún sá um að henda öllu rusli á heimilinu, eldhúsruslinu. Hún fór og kveikti í ruslinu og faldi dósirnar í hrauninu. Já sú gamla bar út ruslið.“ [582] Einnig nutu um 15% ráðskvennanna aðstoðar barna við heimilisstörfin, hvort sem það voru börn vinnuveitendanna, ráðskvennanna eða snúningsbörn. Það voru oftast stúlkubörn sem aðstoðuðu ráðskonurnar við heimilisstörfin: [583] „Elsta stelpan hjálpaði til við heimilisstörfin, hún var hörkudugleg.“ [584] Fimm þeirra ráðskvenna sem rannsóknin tekur til nutu einnig tímabundinnar utanaðkomandi aðstoðar s.s. frá vinkonu eða ættingja.[585]

Aðstoð frá gamalmennum og ungmennum var framkvæmd undir umsjón ráðskonunnar frekar en að þar sé hægt að tala um stjórn ráðskonunnar. Hér má nefna þann mun sem fólst í því fyrir ráðskonur (og einnig húsmæður) að hafa annars vegar launaðan vinnukraft undir sinni stjórn sem þær höfðu yfir að ráða og hins vegar að þiggja aðstoð frá ólaunuðu heimilisfólki við heimilisstörfin (s.s. gamalmennum og börnum) sem gengu þá gjarnan ekki óbeðin til aðstoðarverkanna – og gátu vegna stöðu sinnar einnig kvartað yfir þeim bónum.[586] Bridget Anderson hefur fjallað um erfiðleikana sem konur mæta þegar þær biðja heimilisfólk um aðstoð við húsverkin, en þá eru þær gjarnan sagðar vera að nöldra (e. *nag*) og enda því oft á því að vinna verkin sjálf fremur en að biðja um hjálp.

Ráðskonurnar nefndu sjaldan í viðtölunum að þær hefðu haft þörf fyrir meiri aðstoð, að undanskildum þeim ráðskonum sem störfuðu á stórum/mannmörgum búum.

> **Anon:** Þegar maður er með fullt af börnum á heimilinu og allir eiga þetta heimili saman, vilja gera hlutina saman, þá segir maður: „Hver vill þrífa klósettið?“ Auðvitað réttir enginn upp hönd: „Hver vill þrífa rúðurnar?“„Hver vill ryksuga?“ Svona nefndi ég störf sem þurfti að gera, eins og að raða skónum í forstofunni. Það velja sér allir eitthvað starf. Ég sagði stundum: „Ef þið nennið að þurrka úr gluggakistunum og ryksuga, þá skal ég baka súkkulaðiköku.“ Og það var aldrei vandamál. Það var aldrei skítugt á bænum. Tók tíu mínútur til korter hámark. Yfirleitt voru þetta fljótunnin störf og enginn kvartaði þó að það væri ekki fullkomið. Það fara í þetta heilu tímarnir á dag þegar engin eru börnin til aðstoðar.[587]

[581] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.
[582] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[583] Sjá Jónína Einarsdóttir o.fl., ritstj., *Send í sveit – súrt, saltað og heimabakað,* 76.
[584] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[585] Ráðskonurnar nutu hjálpar frá nágranna, kunningjakonu, frænku, systur og móður ráðskonu í ráðskonuvistinni.
[586] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 12.
[587] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

### 3.5.4. Afstaða ráðskvenna til heimilisstarfa

„Var ráðskonustarfið erfitt? Reyndi það á andlega/líkamlega?“ spurði ég ráðskonurnar. Konurnar höfðu oft orð á því að þær hefðu verið vanar því að vinna mikið áður en þær gerðust ráðskonur, ýmist önnur sveitastörf, í fiskvinnslu eða aðra verkamannavinnu. Reynsla þeirra af því að vinna mikið gerði þeim auðveldara að takast á við skyldur sínar í starfi sínu sem ráðskonur.

Viðtölin sýndu að fæstar ráðskonurnar höfðu sérstakan áhuga á heimilisstörfum. Flestar voru að segja má hlutlausar í afstöðu sinni gagnvart þeim störfum, hvort heldur varðar þrif, matseld eða umönnunarstörf. Afstaða kvennanna til heimilisstarfa einkenndist af því viðmóti þeirra að hér væri um skyldustörf að ræða sem þyrfti að inna af hendi af konu. Á sama tíma mátti merkja að konurnar báru ákveðna virðingu fyrir heimilisstörfum *til sveita*.

Aðeins fáeinar ráðskonur sögðu að heimilisstörfin hefðu að ráði reynt líkamlega á þær. Konunum fannst almennt að húsverkin sem ráðskonustarfið fól í sér væru ekki vitsmunalega krefjandi og ofan í kaupið leiðigjörn vegna þess að þar fóru einsleit rútínustörf, en samkvæmt Oakley var það viðhorf til heimilisstarfa einnig ríkjandi á meðal húsmæðra/ólaunaðra starfskrafta.[588] Slík viðhorf voru algeng hjá ráðskonum sem störfuðu á fámennum bæjum, öfugt við það sem reyndin var hjá ráðskonum á fjölmennum bæjum þar sem starfið gat verið býsna erfitt viðfangs. Hins vegar kom fram hjá mörgum að heimilisstörfin hefðu reynt á þær andlega, ekki síst þegar einangrun þeirra var tilfinnanleg. Konurnar upplifðu oft einangrun í ráðskonustarfinu vegna þess að þær störfuðu mestmegnis innanbæjar, þar sem þær voru gjarnan einar við störf sín.[589]

Almennt voru viðhorf ráðskvennanna á þá lund að eldamennska, bakstur sem og fegrun og aðrar umbætur innanstokks hafi verið ánægjulegustu húsverkin á sveitabæjunum. Misjafnt var hvort konurnar sóttust eftir og/eða höfðu ánægju af því að sinna hússtjórn, líkt og fjallað er um í næsta kafla. Þrif og þvottar voru óvinsælustu húsverkin á bæjunum, en það sannast best á því að konurnar fjölluðu á mun nákvæmari hátt um eldamennsku, bakstur og endurbætur sínar á bæjunum, en nokkurn tímann um hreingeringar og þvottastörf sín þar. Greina mátti á ýmsa vegu ánægju kvennanna af eldamennsku, bakstri og umbótum sínum á bæjunum. Þegar ráðskonurnar miðluðu minningum sínum af fyrrnefndum verkum mynduðust til að mynda feykimargir ánægjusvipir á andlitum kvennanna og raddblær þeirra varð lifandi; röddin reis og féll með hliðsjón af inntaki lýsinganna, og oft mátti greina stolt og jafnvel alvarleik í frásagnarhætti kvennanna þegar þessi verk voru rædd af þeirra hálfu. Þá tóku raddir þeirra oft á sig ákveðinn myndugleikatón sem kalla mætti ráðskonublæ, þegar þær lýstu „hve myndarlegar“ þær voru í eldamennskunni eða þegar þær uppfræddu mig um brauð- og kökugerð: „Vissir þú þetta?“ [590] En þegar þær

[588] Oakley, *The Sociology of Housework,* 45-46, 82–85; Friedan, *The Feminine Mystique,* kindle útg., 8.
[589] Sjá Oakley, *Housewife,* 8; sama, *The Sociology of Housework,* 88, þar segir Oakley að einmanaleiki sé neikvæður fylgifiskur húsmóðurstarfsins í nútímasamfélagi.
[590] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (D)

véku sögu sinni að ræstingum og þvottum á bæjunum hurfu flest svipbrigði kvennanna á bak og burt. Og raddirnar sem hljómandi höfðu lýst eldhússtörfum og umbótavinnu á bæjunum, urðu einsleitar – líkt og skipt hefði verið úr steríó útsendingu yfir í mónó útsendingu sem einkenndist af upptalningu og þögnum. En hvað skyldi þá hafa verið sameiginlegt einkenni þeirra verka sem gáfu ráðskonunum mestu starfsánægjuna? Augljósasti samnefnarinn fólst í því að þessi verk skiluðu eiginlegum afurðum sem tekið var eftir, matur var gerður og húsnæði var breytt til batnaðar. Í tilfellum þrifa og þvotta skiluðu verkin sínu, afurðir sem samkvæmt frásögnum kvennanna voru ósýnilegar flestum. Hrein flík og hreint húsnæði varð á ný skítugt og þrifin fólu því hvorki í sér tilbreytingu né höfðu þau nokkurn eiginlegan endi.[591]

## 3.6. Útistörf

### 3.6.1. Þátttaka ráðskvenna í útistörfum

Ríflega helmingur ráðskvennanna sinnti útiverkum samhliða innanhússverkum, en yfirleitt réðst það af bóndanum. Þátttaka ráðskvennanna í störfum utanbæjar gat þó líka ráðist af konunum sjálfum. Um fjórðungur kvennanna sem sinntu útistörfum í ráðskonustarfinu gerði það að eigin frumkvæði en hjá öðrum var það gert að kröfu vinnuveitanda þeirra: „Jájá ég var farin að yfirtaka fjósið alveg hreint áður en ég vissi af, mér til ánægju.“ [592]

Ráðskonur mjólkuðu á 19 bæjum af þeim 72 bæjum (26% bæjanna) sem hér er fjallað um: „Ég fór fljótlega að hjálpa bóndanum að mjólka kýrnar.“[593] Mjaltir voru tvisvar á dag; morgun- og kvöldmjaltir. Fáeinir viðmælendur sögðust ekki hafa þurft að sinna morgunmjöltunum. Viðtölin sýndu að ráðskonurnar bæði handmjólkuðu og mjólkuðu með mjaltavélum.[594] Á níu bæjanna (13%) sem rannsóknin tók til þurftu ráðskonur að sinna hirðingu og fóðrun sauðfjár að vetri til. Á fjórum bæjum (6%) sáu ráðskonur um að gefa hestum og moka undan þeim. Ráðskonur ræktuðu kartöflur á þremur bæjum (4% bæjanna): „Sjá um að brynna kindunum, gefa lömbunum lyfin og svo þegar að kartöflurnar komu þá var ég að hjálpa til við að setja niður kartöflurnar.“[595] Á einum bænum sinnti ráðskona smalamennsku og á fjórum bæjum (6% bæjanna) tóku ráðskonur þátt í sauðburðinum: „Þegar sauðburðurinn er búinn, þessi mikla vinna, þá getur maður aðeins farið að slaka á.“[596] Þessu til viðbótar komu ráðskonur að heyskapnum, bæði þurrkun heys og hirðingu þess á sex bæjum (8%): „Ég fór út á tún að raka, það var svo lítið af fólki.“[597] Í öðrum kafla ritgerðarinnar var

[591] Sjá Friedan, *The Feminine Mystique*, kindle útg., 257.
[592] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (E)
[593] Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), viðtal við höfund.
[594] Sjá Þórður Tómasson, *Auðhumla*, 141–150.
[595] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.
[596] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)
[597] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund. Sjá umfjöllun um rakstur kvenna. Þórður Tómasson, *Heyannir*, 169–171.

vikið að störfum ráðskvenna sem fyrr á tíð höfðu þann starfa á hendi að annast um mat á engjum í heyönnum. Sá siður að færa mat á engjar var aflagður á síðari hluta 20. aldar, enda fólk fljótt í förum á vélknúnum farartækjum þess tíma og engjarnar höfðu þess utan snemmhendis á tímabilinu verið leystar af hólmi af stórum túnum, þar sem heyskapur var stundaður með hraðvirkari hætti en fyrr þegar engjarnar voru og hétu.

Ráðskonur sem störfuðu aukreitis utanstokks lögðu mun meiri áherslu á að fjalla um heimilisstörfin heldur en útistörfin, sem þær töluðu oft um sem eins konar hjáverk, enda voru inniverkin kjölfesta vinnu þeirra á bæjunum. Þær ráðskonur hafa ákveðna samsvörun við útivinnandi húsmæður, sem stunduðu þá heimilisverkin meira í hjáverkum: en í tilfelli ráðskvenna sem störfuðu einnig utanstokks voru það útiverkin sem voru einatt stunduð í hjáverkum.

Heilt á litið höfðu ráðskonurnar takmarkaðan áhuga á því að sinna útiverkum samhliða heimilisverkunum í ráðskonustöðunni: „Ég kunni betur við innistörfin því þau eru miklu léttari.“[598] Þær ráðskonur sem unnu gagngert inni voru flestar sáttar við að þurfa ekki að sinna viðbótarvinnu utanbæjar, ofan á skyldur sínar innanbæjar: „Ég þurfti nú sem betur fer ekki að mjólka, heldur var alfarið inni.“[599] Það var ekki óvanalegt að konur með börn, ekki síst konur með mjög ung börn, óskuðu sérstaklega eftir því að starfa gagngert inni eða „bara inni“ líkt og þær orðuðu það gjarnan. Með því að vinna eingöngu innandyra í ráðskonustarfinu höfðu konurnar betri tök á því að gæta barna sinna sem og barna bændanna ef þau voru til staðar, en líkt og komið verður inn á í næsta kafla gátu útiverkin gert ráðskonum með ung börn erfitt um vik að sinna öllum skyldum sínum.[600]

> **Anon:** Sá maður, hann skal ég segja þér vildi að ég ynni úti. En ég réði mig bara sem ráðskona. Þetta var þegar að sláttur var að byrja að sumri til og hann vildi að ég færi á eina vélina, því hann hafði frétt að ég hefði verið á skurðgröfu og ætti að geta ráðið við þetta. Ég sagði að ég hefði ráðið mig bara sem ráðskona. Hann varð mjög viðskotaillur við það svar mitt [leikur mumlandi karl]. Ég gat ekki hugsað mér þetta. Hvað átti ég að gera við stelpuna mína á meðan. Hún gat ómögulega verið með mér í dráttarvélinni. Ég réði mig bara sem ráðskonu en ekki sem vinnumann. Það er sitthvor hluturinn; ráðskona og vinnumaður.
> **DKE:** Hver er munurinn?
> **Anon:** Vinnumaðurinn er sá sem er að vinna með bóndanum úti. En ráðskona er sú sem er að vinna inni og hugsar um heimilið.[601]

[598] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (E)
[599] Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.
[600] Fáeinar konur gátu ekki sinnt útistörfum sökum heilsufarslegra ástæðna. Tvær þeirra kvenna voru með ofnæmi fyrir dýrum.
[601] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)

Þeir viðmælendur sem sinntu útistörfum í ráðskonuvistinni voru þó jafnan jákvæðir gagnvart þeim þætti ráðskonustarfsins: „Það var ekkert sem mér var skylt að gera, það gerði ég því ég vildi það sjálf.“[602] Jákvæða afstöðu ráðskvennanna til útistarfa má ekki síst rekja til þess að þau störf voru ákveðin tilbreyting frá heimilisstörfunum. Störf ráðskvenna utanstokks voru breytilegri samanborið við heimilisstörfin, ekki síst vegna þess árstíðarbundna mismunar sem kom við sögu í útistörfunum. Þar spilaði fjölmargt inn í, allt frá veðráttunni til misjafnrar skapgerðar skepnanna sem unnið var með: „Ég lenti í dálitlu spennandi. Þeir voru að draga dauðan kálf úr kú. Notuðu sérstakar keðjur til þess að ná kálfinum. Ég hjálpaði til við að toga og toga og toga. Á meðan beljuræfillinn lá á jörðinni. Það voru tveir fílefldir karlmenn og ég.“[603]

### 3.6.2. Aðskilin starfssvið kynjanna

Kvennastörf til sveita á athugunartíma rannsóknarinnar báru nöfn er vitnuðu um hvort að konurnar sem þeim sinntu unnu innanstokks og/eða utanstokks, sem var ekki tilfellið hvað varðar starfsheiti karla í sveit. Athygli vekur hve mikil skörun var á starfsskyldum kvenna í sveit, óháð starfstitlum þeirra. Starfstitlar kvenna á sveitabæjum tóku nefnilega ekki aðeins mið af starfsskyldum þeirra heldur einnig hjúskaparstöðu þeirra kvenna og/eða bændanna sem þær unnu hjá, sem og því hvort önnur kona/aðrar konur störfuðu á bæjunum: ráðskonur, húsmæður, bóndakonur/bændur, vinnukonur og kaupakonur.

> **KS:** Það var ekki talað um ráðskonur á sveitaheimilum nema að mennirnir hefðu misst konurnar sínar eða væru fráskildir. Annars var talað um kaupakonu, ef það var kona fyrir á heimilinu – þá var það kaupakona, annars var það ráðskona. Það er meginmunurinn finnst manni á ráðskonu- og kaupakonustarfinu, því þær gerðu oft það sama. Það var ekki alltaf mikill munur á því sem þær sinntu, kaupakonurnar og ráðskonurnar. Ráðskonu var meira ætlað að vera inni á heimilinu og hugsa um börnin, minna í útiverkum, en þær fóru samt í útiverkin ef það var þörf á því.[604]

Fróðlegt var að sjá í frásögnum ráðskvennanna hversu sögusviðið/sveitabærinn var tvískiptur vinnuvettvangur, vegna kynbundinnar aðgreiningar á störfum.[605] Skýrt dæmi um það er sú hefð kvennanna að vitna í meginstarfsvettvang sinn íveruhúsið og meginstarfsvettvang bóndans utanstokks, með orðunum *inni* og *úti*. Frásagnir viðmælendanna staðfestu þá mynd sem komið var inn á í 2. kafla, að skipta hafi mátt starfsvettvangi sveitabæjanna í tvennt með tilliti til verkstjórnar kynjanna: í kvennarými innandyra og karlarými utandyra.[606]

---

[602] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

[603] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)

[604] Kristín Snorradóttir (f. 1963), viðtal við höfund. Kristín ólst upp í sveit og er fyrrum kaupakona en einnig fyrrum ráðskona í þéttbýli. Hér miðlar hún sjónarhorni sínu á ráðskonuhald í sveitum.

[605] Sjá umfjöllun ritgerðarinnar um kenningarammann aðskilin svið kynjanna í inngangskaflanum.

[606] Í grein Huldu Proppé segir að heimilið sé skilgreint sem staður kvenna fremur en karla. Hulda Proppé, „„Hér er ég, bara kyngdu því,““ 295. Sjá líka Davidoff, *Worlds between,* 8 og 29.

Bóndinn gegndi bústjórn utanbæjar og hafði yfirráð yfir störfum ráðskvenna þar. Vinnuframlag ráðskvenna utanstokks hafði ekki áhrif á vald bóndans utanstokks. Það rímar við niðurstöður Gunnars Karlssonar sem sagði að konur hefðu haft greiðari aðgang að störfum karla í sveitasamfélagi 19. aldar heldur en reyndin var í borgarsamfélaginu, þar sem þær ógnuðu að meira marki stöðu karla.[607] Á fáeinum bæjanna sinntu ráðskonurnar að mestu eða alfarið útistörfunum, s.s. vegna veikinda eða drykkjuskaps bændanna. Í þeim tilfelllum höfðu bændurnir minna eftirlit með störfum ráðskvennanna utanbæjar á dagsgrundvelli, en ljóst var að bændurnir voru samt við stjórnvölin, þótt þeir tækju ekki eða lítið þátt í þeim störfum.

María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949) er dæmi um ráðskonu sem bar höfuðábyrgð á bæði inni- og útistörfunum stóran hluta starfstíðar sinnar, sökum nær samfelldrar fjarveru bóndans frá vinnu vegna veikinda. Ábyrgð hennar lá því beggja vegna útveggja bæjarins. María var alin upp á sveitabæ og bjó að talsverðri reynslu af sveitastörfum sem kom að gagni í vistinni. Í frásögn sinni kemur María fyrir sjónir sem eins konar bjargvættur bæjarins: vinnusöm ráðskona sem var ein að störfum á bænum, jafnvíg bæði úti og inni. Frásögn Maríu sýnir samt sem áður að það var bóndinn sem hafði endanlegt vald hvað varðar útistörfin. Bændur sem voru fjarverandi frá störfum sínum vegna veikinda og/eða drykkju, höfðu samskonar eftirlit með útistörfum ráðskvenna og húsmæður sem lágu fyrir vegna veikinda og stýrðu þaðan innistörfum ráðskvenna. Hér er um að ræða takmarkað eftirlit vinnuveitenda ráðskvenna með störfum þeirra, en ekki takmarkað vald vinnuveitendanna.

> **MBG:** Bóndinn fór í bakinu. Þá sat hann bara heima með stelpuna og ég sinnti bara búinu. Svo var bóndinn orðinn svo þunglyndur, að ég fékk strákgutta úr bænum til að koma og passa stelpuna, sérstaklega þegar ég var í útivinnunni. Það voru 400 kindur og einhver 30 hross. Svo þurfti að bera á. Ég hafði alltaf kynnst því í minni æsku að maður ætti að vera búinn að bera á tún fyrir 17. júní, svo ég gerði það – þó ég þurfti að vera langt fram á nótt af því.[608]

Rótgróin viðhorf til vinnu með hliðsjón af aðgreindum vinnuvettvangi kynjanna fundu sér stundum farveg í viðtölunum. Til að mynda birtist ólíkt gildismat til starfa innan- og utanstokks þegar ráðskonurnar fjölluðu um þau störf. Þegar tal þeirra barst að útistörfum skutu iðulega upp kollinum orð eða orðasambönd sem vitnuðu um dugnað (s.s. dugleg). Ætla verður að sú framsetning hafi ákveðna skírskotun í það að á þessum tíma fólu útiverk í sér töluverða líkamlega vinnu. Þegar talið snerist hins vegar um störfin innanstokks var talað um hve myndarlega væri að öllu staðið (s.s. hve myndarlegar þær væru í þeim störfum sínum). Inn í frásagnir af innistörfum fléttuðust einnig vísanir í skipulag og ráðdeild. Í þessu sambandi er gagnlegt að vitna í viðtal mitt við Kristínu Jónsdóttur (f. 1933) frá Munkaþverá sem rifjaði upp viðhorf sveitunga sinna til útistarfa ráðskvenna á fyrri hluta 20. aldar.

[607] Gunnar Karlsson, „Um kvenréttindavilja íslenskra sveitakarla á 19. öld,“ 127–147.
[608] María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949), símaviðtal við höfund.

> **KJ:** Sumar ráðskonur störfuðu líka utanstokks. Þá var talað um að hann væri búinn að fá sér ráðskonu og að hún væri ansi dugleg; að hún færi með honum á túnið að snúa heyi og svona. Stundum heyrði maður líka að það væri ráðskona og að hún væri fín með sig; að hún vildi ekkert vera í útiverkunum – en hann er ánægður með hana, hún býr til góðan mat. Svona heyrði maður sögurnar.[609]

Frásagnir ráðskvenna af búrekstrinum lýstu honum gjarnan á þann veg að vinnan á bænum hafi farið fram utanstokks, en þeirra starf hafi verið að þjóna *vinnandi* fólkinu innanstokks. Það endurspeglar niðurstöður rannsóknar Hannah Gavron á störfum og stöðu enskra húsmæðra á 6. áratugnum, um hve gildishlaðið orðið *úti* væri í tengslum við vinnu. Hún segir að orðið *úti* sé eins konar samnefnari fyrir vinnu, s.s. það að vera útivinnandi. Slík orðanotkun gefur um leið til kynna að störf unnin heimavið eigi ekki að túlka sem vinnu, s.s. orðanotkunin útivinnandi húsmóðir vitnar um.[610]

> **MPG:** Ég var líka kaupakona eins og flestir. Þá var maður að vinna úti; raka, dreifa og moka upp í heyvagn, moka úr honum. Svo var ég að mjólka. Það voru búztörfin. En ráðskonustarfið er voða mikið húsmóðurstarf, matargerð og þess háttar: að sjá til þess að þetta gangi allt upp, að það eigi allir eitthvað til að fara í og það sé ekki rifið og þess háttar. En kaupakonan, hún er einungis í framleiðslunni, hún er í vinnunni.[611]

Mannfræðingurinn Jane Adams sem rannsakað hefur stöðu og vinnu kvenna á sveitabæjum á 20. öld, hefur bent á að innistörf séu jafnan ekki álitin eins mikilvæg og útistörf, líkt og kom fram í frásögnum margra ráðskvennanna.[612] Víst er að tíminn hlífði hvorki ráðskonum né húsmæðrum er fengu það hlutverk að sinna hvorutveggja inniverkum og útiverkum á íslenskum sveitaheimilum. Hluti ráðskvennanna kvartaði undan því að hafa verið þrælað út í vinnu utanstokks (15% kvennanna): „Ég þrælaði þarna, alveg að baki brotnu. Ég var í öllu. Ég galtaði upp hey og mjólkaði með kollu.“[613] Ákveðið minni í frásögnum ráðskvenna sem sinntu útistörfum var lýsingin á þeirri vanvirðingu er fólst í því að að þeim var ekki ætlaður nægur tími til að sinna störfum sínum innanstokks.[614] Hluti kvennanna sagði að meira af útiverkum hafi verið sett á herðar þeirra en eðlilegt gat talist, miðað við að þær gætu sinnt inniverkum sem skyldi og fengið lágmarkshvíld.

---

[609] Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, viðtal við höfund.

[610] Hannah Gavron, *The Captive Wife,* 131. Sjá líka Little og Panelli, „Gender Research in Rural Geography,“ 282–284.

[611] Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund.

[612] Jane Adams segir að heimilisstörf á sveitabæjum séu m.a. ekki eins mikils metin og útistörfin sökum þess að þau gefa ekki af sér umframvirði (e. *surplus value*). Adams, „A Woman´s Place Is In the Home,“ 7.

[613] N.N. Viðtal við höfund. (3)

[614] Sjá Oakley, *Housewife,* 6.

Í því skyni að varpa ljósi á hve vanþakklát innistörf á sveitabæjum gátu verið leyfi ég mér að vitna í símtal sem ég átti við fyrrum ráðskonu sem er ekki hluti af viðmælendahópi þessarar rannsóknar. Í símtalinu rifjaði hún upp starfstíð sína hjá bróður sínum á uppeldisheimili þeirra í dreifbýli. Þar vann hún jafnt inni við og úti við. Á einum tímapunkti í ráðskonustarfinu, einn annasaman dag, man hún eftir því að hafa staldrað við og borið kjör sín saman við kjör móður sinnar, sem starfaði sem bóndakona á bænum á undan henni: „Þegar að hún og pabbi voru búin að mjólka þá hljóp mamma inn í hús og byrjaði að elda,“ sagði hún með beiskri röddu: „svo kom hann fast á eftir. Þreif sér um hendurnar og hálf gelti: „hvar er maturinn kona“ ef maturinn var ekki kominn á borð.“[615] Hún hugsaði um barninginn sem oft fólst í þessari daglegu samþættingu móður hennar á úti- og innistörfunum, sem hún síðan barðist sjálf við að samtvinna í ráðskonustarfinu: „hvar fann hún tímann,“ spurði hún sjálfa sig en fékk engin svör.

> **ÁK:** Verkaskiptingin var mjög mikil hér áður fyrr, konur áttu að vera innanbæjar – en þær áttu líka að vera utanbæjar. Það var náttúrulega það sem manni fannst ósanngjarnt. Húsmæður fóru út til heyverka og annarra verka og svo komu allir jafnt inn og þá átti maturinn að vera til takk fyrir – allt á borðum. Karlmennirnir bara settust niður og bönkuðu með gaflinum á borðið: Er maturinn ekki að fara að koma takk fyrir! [Ása leikur það eftir með því að banka hnefanum í borðið á meðan frásögninni stendur].[616]

## 3.7. Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um stöðu og störf ráðskvenna á árunum 1950–2000. Forsendur ráðskonustarfsins voru raktar með hliðsjón af þörf fyrir vinnuframlag þeirra með vísun í aðstæður þeirra. Langflestar ráðskvennanna störfuðu hjá miðaldra einhleypum bændum, en einstæðir feður voru töluverður hluti þess hóps, ekki síst fráskildir einstæðir feður. Á um helmingi bæjanna voru fleiri en einn heimilismaður sem ráðskonurnar þjónuðu; bændurnir og aldraðir foreldrar þeirra, börn og/eða systkini. Óalgengt var að ráðskonurnar störfuðu undir stjórn húsmóður, og þá helst þegar ráðskonurnar voru sérlega ungar að aldri. Yfirleitt var nokkuð mikill aldursmunur á ráðskonunum og vinnuveitendum þeirra sem iðulegast voru eldri að árum.

Eftirspurn var meiri eftir ráðskonum en sem nam framboði af þeim á seinni hluta 20. aldar. Um helmingur viðmælendanna réði sig í ráðskonustarfið í kjölfar auglýsingar og einnig kom við sögu Ráðningarskrifstofa landbúnaðarins, en margar fréttu af starfinu í gegnum kunningsskap. Misjafnt var hvort konurnar hittu bændurna áður en þær réðu sig á bæina. Í viðtölunum kom fram að vinnuskyldur ráðskvenna ákvörðuðust aðallega af persónulegum kröfum vinnuveitenda þeirra sem og þeirra sjálfra. Þær kröfur koma skýrt fram í auglýsingum þar sem óskað er eftir ráðskonu/ráðskonustöðu, sem sýna að ráðskonum var fyrst og fremst ætlað að sinna búverkum innanstokks.

[615] Hér er vitnað í símtal mitt við fyrrum ráðskonu sem fædd var á 7. áratugnum.

[616] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

Hugmyndir í tengslum við kynbundna eðlislæga þekkingu kvenna til að gegna heimilisstörfum koma skýrt fram í heimildum um ráðskonustarfið. Við ráðningu hafði líffræðilegt kyn ráðskvenna meira vægi en þekking og reynsla þeirra á heimilisstörfum. Konurnar bjuggu að margs konar aldurstengdri og starfstengdri reynslu af heimilisstörfum áður en þær gerðust ráðskonur, s.s. úr uppeldi sínu, frá vinnukonu- og kaupakonuvistum og störfum sínum sem húsmæður. Auk þess bjó minnihluti kvennanna að húsmæðraskólamenntun.

Ráðskonurnar sinntu ýmsum verkþáttum í starfi sínu, öðru fremur hússtjórnarstörfum, eldamennsku, þrifum og þvottum, umönnunarstörfum og félagslegri þjónustu á borð við móttöku gesta. Í kaflanum var fjallað ítarlega um verkskyldur kvennanna á bæjunum, og viðhorf þeirra til verkanna og í ljós kom að konurnar kunnu best að meta störf er viðkomu eldamennsku og fegrun húsnæðisins. Það má rekja til þess að þau verk skiluðu sér á áþreifanlegan máta að konunum fannst – ólíkt þrifunum/þvottunum, sem lítt var tekið eftir af ábúendum og voru ofan í kaupið leiðigjörn að þeim fannst.

Um helmingur kvennanna sinnti útistörfum meðfram heimilisstörfunum, en í viðtölunum kom fram ólíkt verðmætamat kvennanna hvað áhrærði úti- og innistörf. Mörgum kvennanna fannst innistörfin vanþakklátari störf en útistörfin, og reifuðu hve lítið tillit var tekið til þess mikla tíma sem fór í heimilisstörfin á sveitabæjunum. Viðtölin sýndu að ráðskonurnar höfðu flestar lítinn áhuga á að sinna útistörfunum. Enda þótt minnihluti hefði áhuga á að sinna útistörfunum voru konurnar sem áhuga höfðu á þeim störfum mjög uppteknar af gæðunum sem fólust í því að taka þátt í útistörfum. Þær konur vitnuðu gjarnan til þess að útistörfin hefðu aukið fjölbreytni hins daglega lífs í sveitinni.

# Fjórði kafli

## Ráðskonustarfið 1950–2000: Félagsleg staða ráðskvenna

> Komdu sæl Dalrún.
>
> Ég er fædd 1941. Fór í fyrsta sinn sem ráðskona 14 ára síðan aftur 15 ára. Árið 1968 (27 ára gömul) fór ég frá Rvk sem ráðskona í Álftafjörð eystri (áður en hringvegurinn kom). Þá orðin ein með 3ja ára son. Á þeim tíma var töluvert atvinnuleysi. Þrátt fyrir að ég væri með starfsmenntun fékk ég ekki vinnu, þar sem ég gat ekki sýnt fram á örugga barnagæslu. Það var kuldalegt að líta yfir fyrirheitna landið af Lónsheiðinni. Fjörður fullur af hafís, sem var landfastur a.m.k. alla leið frá Vestfjörðum. Meðan ég dvaldi í Álftafirði kom ráðskona á næsta sveitabæ. Fráskilin með þrjá syni. Hún var búin að fara frá Rvk og norður allan hringinn, bæ frá bæ með syni sína. Alltaf sagt upp vistinni þegar hún hvorki vildi sofa hjá, né giftast bændunum.
>
> Bestu kveðjur og gangi þér vel.[617]

Þessi frásögn barst mér í tölvupósti. Sagan sú er stutt og hnitmiðuð og hverfist í reynd um eitt efni; félagslega stöðu ráðskvenna. Mun oftar er fjallað um félagslega stöðu ráðskvenna en aðra þætti í rituðum heimildum er varða ráðskonur.[618] Í viðtölunum gildir það sama, þar ræddu konurnar umfram allt félagslega stöðu sín, bæði fyrir ráðskonuvist sína og á meðan henni stóð. Með félagslegri stöðu kvennanna er átt við stöðu þeirra innan samfélagsins, með hliðsjón af uppvexti þeirra, stétt, menntun, störfum og hjúskaparstöðu/sambúðarsögu.

Í þessum fjórða kafla ritgerðarinnar er markmiðið að draga upp heildræna mynd af félagslegri stöðu ráðskvenna í sveit á síðari hluta 20. aldar. Fyrst er fjallað um samfélagslega stöðu þeirra áður en þær gerðust ráðskonur, öðru fremur þær samfélagslegu forsendur sem höfðu áhrif á að þær réðu sig sem ráðskonur í sveit. Sú umfjöllun gefur innsýn í félagslegan bakgrunn þeirra. Fjallað er um atvinnu, búsetu, hjúskaparstöðu og barneignir kvennanna áður en þær fóru í ráðskonuvistina. Sérstök áhersla er lögð á að fjalla um stöðu einstæðra mæðra, í ljósi þeirrar staðreyndar að flestar konurnar í hópi ráðskvenna voru einstæðar mæður. Fjallað er um félagsleg vandamál sem einstæðar mæður stóðu frammi fyrir og hvernig ráðskonustarfið gat reynst tækifæri til úrlausnar fyrir þær.

---

[617] (N.N. Tölvupóstur til höfundar, október 2019.)

[618] Konur sem sendu mér tölvupóst um ráðskonuvist sína (án þess þó að ég tæki við þær viðtöl) komu gjarnan inn á félagslega stöðu sína, líkt og þær konur sem ég tók viðtöl við – sömuleiðis aðilar sem sendu mér tölvupóst um ráðskonur sem þeir þekktu til.

Hins vegar snýst kaflinn um félagslega þætti sem höfðu áhrif á líf ráðskvenna meðan á vistinni stóð. Hér víkur sögunni að aðstæðum á vinnustaðnum sveitabænum: vettvangi sem var í senn vinnu- og dvalarstaður ráðskvenna, og gjarnan dvalarstaður barna þeirra einnig. Komið er inn á launagreiðslur til ráðskvenna á sveitaheimilum og starfstengd réttindi þeirra, meðal annars hve skarðan hlut þær báru frá borði ef miðað er við aðrar starfsstéttir. Því næst er fjallað um reynslu ráðskvennanna af því að starfa og búa inni á öðrum, oft með börn sín. Sagt er frá samskiptum ráðskvenna við húsráðendur og áhrifum þeirra samskipta á upplifun og starfsánægju kvennanna. Þar að auki er vikið lítillega að upplifun barna ráðskvenna af því að vera í vist með móður sinni. Ráðskonur sem tóku saman við vinnuveitanda sinn, bóndann, eru einnig til umfjöllunar – en slíkar kúvendingar gerbreyttu félagslegri stöðu margra þeirra. Að lokum er fjallað um ofbeldi sem ráðskonur urðu fyrir á vinnustað sínum, hvers konar ofbeldi það var og um úrræðaleysið sem mætti þeim. Hér er líka komið inn á áhrif #MeToo-byltingarinnar á frásagnir ráðskvennanna af ofbeldi sem þær urðu fyrir.

## 4.1. Félagsleg staða ráðskvenna fyrir ráðskonuvistina

### 4.1.1. Fjölskyldusaga, menntun, atvinna og búseta

Sá hópur kvenna sem brást við þörf fyrir ráðskonur, var öðruvísi samansettur í grunninn en sá hópur kvenna sem sinnti þeim nýju almennu störfum sem voru að skapast í þéttbýli á sama tíma. Fræðimenn hafa fjallað um brottflutning kvenna úr dreifbýli í þéttbýli á Íslandi, en lítið hefur verið fjallað um þann tilflutning sem varð á vinnuafli kvenna úr þéttbýli í dreifbýli á sama tíma. Samkvæmt ameríska félagsfræðingnum Carolyn E. Sachs gleymist oft í umræðu um þróun mála í dreifbýli, að taka mið af þeirri víxlverkan sem er á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það leiðir oft til þess að horft er til fólksflutninga úr sveitum sem eins línulegs ferlis, í stað þess að einnig sé vikið að ýmsu því lífsmynstri sem þar fléttast saman – og fellur ekki saman við meginstraumstefnu framvindunnar.[619] Skrifað hefur verið um árstíðabundið flæði fólks úr stóru þéttbýlistöðunum til vinnu í dreifbýli og á smærri þéttbýlisstöðum hérlendis, öðru fremur fiskvinnslufólks, kaupafólks og barna sem send voru í sveit til sumardvalar. Síldveiðarnar og tilheyrandi síldarvinnsla vitna um veigamikinn drifkraft slíkra fólksflutninga sem gat ráðið miklu um hvert framboðið var hverju sinni af fólki til að sinna árstíðabundnum störfum í sveitum landsins.[620]

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um forsögu viðmælenda minna, til að fá mynd af lífi þeirra áður en þær gerðust ráðskonur. Slíkar upplýsingar gáfu færi á að skoða hvað væri ólíkt og hvað væri sammerkt í lífi þeirra fyrir og eftir að þær hófu ráðskonuferil sinn. Þannig var meðal annars hægt að ráða í ástæðurnar sem lágu að baki því að þær réðu sig sem ráðskonur. Við skráningu viðtalanna var sem fyrr segir notast við lífsferilsviðtalið, en sú viðtalsgerð tryggði að viðmælendur hefðu tækifæri til að setja ráðskonustarfið í samhengi við aðra þætti úr

[619] Sachs, *Gendered Fields*, 4.

[620] Sjá Birgir Sigurðsson, *Svartur sjór af síld*; Páll Baldvin Baldvinsson, *Síldarárin* 1867–1969.

eigin ævi. Samantekið sýna viðtölin að eftirfarandi lífssögulegu þættir réðu mestu um að konurnar ákváðu að starfa sem ráðskonur í sveit: uppvöxtur; menntun; starfsreynsla; efnahagur; húsnæðisvandamál; barneignir og hjúskaparstaða kvennanna. Þessir þættir voru að meira eða minna leyti samverkandi. Reynsla kvennanna var þó töluvert breytileg þeirra í millum er þær réðu sig sem ráðskonur. Mismunandi aldur kvennanna endurspeglaði þann mun öðru fremur (2. mynd sjá bls. 76).

Við skráningu viðtala á vettvangi bað ég konurnar að greina frá ævi sinni til þeirrar stundar er þær ákváðu að gerast ráðskonur í sveit. Það var alls ekki algilt að þær byrjuðu frásögnina á að reifa barnæsku sína. Í þeim tilgangi að afla staðlaðra upplýsinga um æskuskeið ráðskvennanna spurði ég spurninga í tengslum við æskustöðvar kvennanna og kjarnafjölskyldu (3. mynd).




**Mynd 3.** Æskustöðvar ráðskvenna með hliðsjón af því hvort þær ólust upp í þéttbýli eða dreifbýli.

Svör kvennanna leiddu í ljós að 78% ráðskvennanna ólust upp í þéttbýli: þar af ólust 53% kvennanna upp á höfuðborgarsvæðinu og 20% ólust upp í sjávarþorpum, en einvörðungu 5% þeirra ólust upp í kaupstöðum úti á landi. Auk þess uxu um 22% ráðskvennanna úr grasi í sveit (3. mynd).

Viðtölin sýndu að viðmælendurnir/ráðskonurnar bjuggu yfir mikilli stéttarvitund. Viðmælendur mínir voru flestar komnar af verkamönnum eða bændum, en bakgrunnur kvennanna hafði ríkari áhrif á viðhorf þeirra til sveitarinnar og til hlutverka kvenna í sveitum en kynferði þeirra eitt og sér. En líkt og bent hefur verið á

af fræðimönnum á borð við Joan Sangster, getur stétt haft meiri áhrif á minni og afstöðu einstaklinga heldur en kyn þeirra.[621]

Í langflestum tilvikum voru foreldrar ráðskvenna með litla menntun og stunduðu verkamannavinnu eða sveitastörf. Mæðurnar voru oftast húsmæður, fiskverkakonur og bóndakonur. Þegar konurnar tjáðu mér að mæður þeirra hefðu verið heimavinnandi húsmæður, var það jafnan sagt á þá leið að mæður þeirra hefðu verið; „bara húsmæður.“ Það vakti athygli að konurnar notuðust mun oftar við orðfærið „bara húsmóðir“ þegar þær vísuðu í húsmóðurstöðu mæðra sinna, heldur en þegar þær vísuðu til eigin húsmóðurstöðu eða til húsmæðra almennt. Önnur helstu störf sem mæðurnar sinntu voru þvottastörf; skúringar; saumastörf; og afgreiðslustörf. Aðeins einn viðmælandinn átti móður sem starfaði sem ráðskona í sveit. Einnig má nefna að nokkrir viðmælendanna áttu eldri systur sem störfuðu sem ráðskonur: „Tvær hálfsystur mínar voru ráðskonur í sveit. Ég fór með þeim tvö sumur sem barn og þær báru þá ábyrgð á mér.“[622] Feðurnir voru flestir verkamenn, bændur eða sjómenn.

Flestar ráðskvennanna höfðu alist upp við fremur lítil efni, þar af nokkrar við sára fátækt en einungis tvær ólust upp við nokkur efni. Mat kvennanna á efnahag æskuheimila sinna byggði fyrst og fremst á því hvort nóg hefði verið af mat og fatnaði á heimilunum, m.a. með hliðsjón af öðrum heimilum sem þær þekktu til í uppvexti sínum: „Fátækt og ekki fátækt, það var nægur matur. Það var nægur fiskur, maður fékk eiginlega ókeypis fisk í Bolungarvík.“[623]

Stærsti hluti ráðskvennanna var alinn upp af báðum líffræðilegum foreldrum sínum, en yfir fjórðungur kvennanna hafði á einhverjum tíma bernsku sinnar eða alfarið verið í umsjón einstæðrar móður sinnar:[624] „Mamma og pabbi skildu þegar ég var pínulítil. Mamma hún var að vinna hér og þar og mikið í skólum, við eldhússtörf í skólum.“[625] Tvær kvennanna voru mestmegnis undir forsjá ömmu sinnar og afa í uppvexti sínum í kjölfar skilnaðar foreldra sinna. Af þeim ríflega fjörutíu konum sem rætt var við, hafði einungis ein alist upp í umsjón föður síns, hún Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963).

> **EÍFJ:** Bakgrunnurinn er sá að ég kem úr fátækri fjölskyldu [í sjávarþorpi] sem tengdist ástandinu, mamma mín fór í ástandið og pabbi minn ól mig upp. Sem sagt þrjú alsystkini og eitt var gefið. Við erum sem sagt fátæk frá byrjun og pabbi var með margar ráðskonur. Ég spurði hann einu sinni hvort hanni myndi hve margar ráðskonurnar það voru sem komu, hann mundi það ekki – þannig að þær voru margar. Hann giftist einhverjum af þeim, þannig að þetta er skrautleg saga [hlær]. En það eru sjö ráðskonur sem ég man vel eftir; ráðskonur sem tóku þátt í okkar lífi. Þetta voru allt misjafnar manneskjur,

[621] Sangster, „Telling our stories,“ 7.

[622] Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

[623] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[624] Sá hluti kvennanna sem átti foreldra er slitu samvistum, skildu eða voru aldrei í sambandi, ólust algerlega eða að hluta til upp í umsjá stjúpfeðra.

[625] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

> misjafnir einstaklingar og allar með sínar væntingar til aga og reglna og svona. Ein sagði þetta og svo sagði næsta eitthvað annað.[626]

Til að fá glögga mynd af menntun kvennanna áður en þær réðust til starfa sem ráðskonur, spurði ég þær út í skólanám þeirra: „Hvaða menntun hafðir þú þegar þú tókst þér á hendur ráðskonustarfið?“[627] Niðurstöðuna í þeim efnum þarf að skoða í ljósi bakgrunns kvennanna, en einnig út frá því hvert menntunarstig kvenna var almennt. Frá og með árinu 1911 höfðu konur á Íslandi jafnan rétt á við karlmenn til að nema í öllum skólastofnunum á landinu.[628] Í upphafi rannsóknartímabilsins (1950–2000) var gríðarlegur munur í þessum efnum. Á 6. áratugnum voru konur 20–30% af brautskráðum stúdentum, samanborið við 50–60% á 8. áratugnum og allar götur til aldamóta.[629]

Konurnar sem ég ræddi við tilheyrðu langflestar hópi ófaglærðs verkafólks. Bent hefur verið á að skólaganga ófaglærðs verkafólks sé „yfirleitt stutt eins og nafn starfsstéttarinnar ber með sér.“ [630] Flestar ráðskonurnar höfðu eingöngu lokið barnaskóla. Það var augljóst að margar þeirra skömmuðust sín fyrir að hafa ekki meiri menntun og það var því gjarnan viðkvæmt og vandmeðfarið samtalsefni í viðtölunum, öðru fremur við þær konur sem höfðu minnstu menntunina. Væntanlega spilar þar inn í að menntun kvenna þykir sjálfsögð í dag, líkt og endurspeglast í þeirri staðreynd að undanfarna áratugi hafa konur verið um það bil 60% brautskráðra stúdenta hérlendis. Stundum voru konurnar afsakandi er þær greindu frá menntun sinni og fannst þær þurfa að útskýra af hverju þær hefðu ekki sótt sér frekari menntun í kjölfar barnaskólans: „Ég vildi fara í húsmæðraskóla, en það var ekki hægt að styðja mig í því. Svo maður varð bara að læra af lífinu.“[631] Hluti kvennanna nefndu barneignir sem ástæðu fyrir því að þær héldu ekki áfram skólagöngu sinni: „Þá var náttúrulega komið babb í bátinn. Hvernig verður þetta þegar þetta barn er komið?“[632] Aðrar sögðust hafa haft lítinn eða engan stuðning frá vandamönnum sínum, líkt og nánar verður komið inn á síðar: „Mig langaði að mennta mig eitthvað meira. En það var enginn tilbúinn að

[626] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund. Þó svo að *ástandið* sé í hugum flestra Íslendinga bundið við seinni heimsstyrjöldina sýndu viðtölin að sá stimpill var einnig notaður yfir konur sem voru með hermönnum af Keflavíkurflugvelli á síðari tímum. Þær konur voru gjarnan kallaðar kanamellur.

[627] Viðmælendur voru einnig spurðir hvort þær hefðu hlotið frekari menntun að ráðskonustarfinu loknu. Ein fór í iðnnám; ein í húsmæðraskóla; fjórar stunduðu endurmenntun; átta fóru í háskóla; og sex konur tóku námskeið.

[628] Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, ritstj., *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, 35.

[629] Hér er vísað til hagtalna Hagstofu Íslands í flokknum: „Brautskráðir stúdentar 1847–2019.“

[630] Eiríkur Hilmarsson, *Laun karla og kvenna*, 5. Rannsókn Eiríks byggir á skattaframtölum Þjóðhagsstofnunar.

[631] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

[632] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

hjálpa mér með drenginn.“[633] Margar ráðskvennanna lýstu eftirsjá sem þær höfðu lifað með alla sína tíð gagnvart menntuninni sem þær gátu ekki aflað sér.

Nokkrar kvennanna höfðu lokið landsprófi eða gagnfræðaprófi áður en þær gerðust ráðskonur, þrjár höfðu farið í framhaldsskóla og ein hafði lokið iðnnámi. Þar að auki stundaði ein ráðskonan nám við Samvinnuskólann á Bifröst á milli þess sem hún starfaði sem ráðskona í sveit og í þéttbýli. Ein kvennanna var með háskólapróf á þeim tíma er hún starfaði sem ráðskona. Síðan má nefna að ein ráðskvennanna hafði lokið námi við Bændaskólann á Hvanneyri og önnur stundaði nám við þann sama skóla á milli þess sem hún starfaði sem ráðskona á sumrin. Af þeim konum sem lokið höfðu framhaldsmenntun áður en þær réðust sem ráðskonur í sveit, höfðu flestar farið í húsmæðraskóla, þ.e. 6 konur. Sé litið til þess hvaða nám viðmælendur stunduðu fyrir ráðskonuvistina er ljóst að húsmæðraskólanámið hafði mesta notagildið fyrir þær í ráðskonustarfinu. Þær konur sem stunduðu nám í húsmæðraskóla öðluðust þekkingu á hússtjórnarmálum og heimilisstörfum, eins og reifað var í þriðja kaflanum (4. mynd). Enginn greinanlegur munur var á menntun kvennanna með hliðsjón af aldri þeirra.




**Mynd 4.** Menntun sem konurnar höfðu lokið er þær réðu sig sem ráðskonur í fyrsta sinn.

Konurnar sem réðu sig í fleiri en eina ráðskonuvist á lífsleiðinni voru spurðar að því hvort þær hefðu aflað sér aukinnar menntunar á milli vistanna. Það var reyndin með hluta þeirra. Ein fór í iðnnám á milli vista, önnur í húsmæðraskóla og tvær fóru í framhaldsskóla.

[633] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.

Miklar breytingar urðu á atvinnu- og búsetuháttum í íslensku samfélagi frá því um aldamótin 1900 til loka 20. aldar.[634] Ein af lykilbreytingunum var sú að konur voru farnar að bindast samtökum sem gáfu færi á auknum atvinnutækifærum fyrir þær.[635] Í kringum 1960 fóru þjónustugreinar að vaxa að miklu leyti og um leið atvinnuþátttaka kvenna:[636] „Atvinnuþátttaka kvenna frá 1960 til 1971 jókst úr 34% í 51% og undir lok aldarinnar var hlutfallið komið í tæp 80%," skrifar Guðmundur Jónsson.[637] Í því skyni að afla upplýsinga um starfsreynslu kvennanna fyrir ráðskonustarfið spurði ég þær hvað þær hefðu starfað við áður en þær fóru að starfa sem ráðskonur.

Langstærsti hluti kvennanna hafði sinnt láglaunastörfum sem kröfðust ekki sérmenntunar.[638] Oft voru þær í störfum þar sem þær gegndu margvíslegum verkum sem sinna þurfti, eins konar allsherjar reddarar á sínum starfsvettvangi: „Ég fór að vinna hjá fiskvinnslufyrirtæki við skrifstofustörf. Ég var bæði í eldhúsi, þrifum og í skrifstofustörfum."[639] Það var algengt að konurnar gegndu meira en einu starfi í senn, ekki síst þær sem voru einstæðar mæður: „Maður varð að hafa sig alla við til að vinna fyrir einhverju. Þegar maður er ómenntaður þá eru launin lítil. Maður þurfti jafnvel að vinna aukavinnu líka, eins og ég gerði," sagði ein ráðskonan og bætti við: „Já, maður varð að hafa sig alla við."[640] Sú margvíslega vinna sem konurnar stunduðu vitnar um það hversu algengt það var á liðinni öld að ófaglært fólk stundaði hin ýmsu störf, jafnvel innan sama ársins.[641] Algengt var að konurnar hefðu verið á *flækingi* eða á *flakki* einhvern hluta ævinnar, er grundvallaðist á mismunandi atvinnu á mismunandi landsvæðum – voru með öðrum orðum farandverkakonur.[642] Kannski eru bestu dæmin um þetta störf sem voru árstíðarbundin, svo sem að fara í verið, eða farandverkavinna til sveita, t.d. kaupamennska eða ráðskonuvist.

> **GK:** Mér gafst færi á að fara á grásleppu um sumarið. Ég tók því, en það útheimti að ég þurfti að taka fimm ára son minn með mér í það slark. Ef það var einhverja vinnu að hafa þá var ekki um neitt annað að ræða en að elta hana uppi þar sem hún gafst.[643]

---

[634] Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, 43.
[635] Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur,* 161; sama, „Að vera sjálfstæð," 79–81.
[636] *Lbs.-Hbs.* Þóra Ágústsdóttir, Heimavinna eða útivinna?, 15.
[637] Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?," 207; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vinna, læra, kaupa," 376–377.
[638] Sjá Eiríkur Hilmarsson, *Laun karla og kvenna* þar sem fjallað er um tekjur kvenna og karla sem störfuðu við verkastörf, afgreiðslustörf og skrifstofustörf.
[639] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[640] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[641] Sjá Inga Hulda Hákonardóttir, *Hélstu að lífið væri svona?,* 126–127.
[642] Hér er notast við orðin „á flækingi" og „á flakki" með vísun í tíða notkun viðmælenda á þeim orðum um eigið líferni.
[643] Gígja Karlsdóttir (f. 1962), viðtal við höfund.

Algengasta starfið sem konurnar unnu við fyrir ráðskonustarfið var fiskvinnsla (frystihúsavinna og/eða árstíðarbundin fiskvinnsla af öðru tagi). Af öðrum störfum má nefna húsmóðurstarfið; afgreiðslustörf; verksmiðjustörf; umönnun aldraðra eða sjúkra; eldhússtörf (á stofnunum/fyrirtækjum); ráðskonustörf í þéttbýli; heimaþjónustu; skrifstofustörf; landbúnaðarverkastörf (kaupa- og vinnukonustörf); ræstingar og barnagæslu (dagmæður; störf á gæsluvöllum). Þær konur sem störfuðu sem ráðskonur á fleiri en einum sveitabæ á sínum ráðskonuferli voru líka spurðar um störfin sem þær inntu af hendi á milli vistanna. Þær sem ekki fóru úr einni ráðskonuvist í aðra sinntu tíðast umönnunarstörfum, eldhússtörfum og ræstingastörfum á milli vistanna.

> **SSH:** Eftir að ég var búin í fæðingarorlofinu þá fór ég í heimaþjónustu. Ég var að hjálpa einni konu á morgnana, á meðan stelpan mín var á leikskólanum. Svo gat ég tekið strákinn minn með því hann var svo rólegur, bara pínulítill í svona stól; sat þar og hjalaði eða svaf.[644]

Um helmingur ráðskvennanna sem ég ræddi við höfðu verið í einni ráðskonuvist. Næstalgengast var að konurnar hefðu sinnt ráðskonustarfi á tveimur bæjum eða um 39% (5. mynd). Nær allar konurnar sem ég ræddi við kváðust hafa litið á ráðskonustarfið sem tímabundið starf þegar þær réðu sig.[645] Þetta vitnar eitt og sér um þá staðreynd að ráðskonustarfið var farandverkastarf öðru fremur. Í þessu sambandi má nefna tíðar lýsingar á hve illa bændum hélst á ráðskonum „eins og alkunna er."[646] Flestar konurnar störfuðu sem ráðskonur í skemmri tíma en eitt ár og þar af voru flestar að sumrinu eða rétt ríflega það. Á 8 bæjanna dvöldu konurnar lengur í vistinni (1 ár: 1 kona / 2 ár: 2 konur / 5 ár: 3 konur / 7 ár: 1 kona / tugir ára: 1 kona).

Í því skyni að fá hugmynd um hve samfellt ráðskonuhaldið var á sveitabæjum á síðari hluta 20. aldar, spurði ég fyrrum ráðskonurnar í viðtölunum hvort önnur ráðskona hefði starfað á bænum áður en þær réðust þangað og hvort önnur ráðskona hefði tekið við þeirra starfi er þær yfirgáfu vistina. Konurnar bjuggu ekki alltaf yfir þessum upplýsingum eins og gefur að skilja. Hluti þeirra gat staðfest að ráðskona/ráðskonur hefðu starfað á undan þeim og gilti það um 16 bæi af þeim 72 bæjum sem rannsóknin tekur til. Viðmælendur sem mundu eftir því að aðrar ráðskonur störfuðu á bænum áður en þær sjálfar hófu þar störf, vissu oftast ekki hve margar konur höfðu þar átt í hlut.[647] Konurnar höfðu yfirleitt litlar upplýsingar um það

[644] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

[645] Palmer, *Domesticity and Dirt,* 90. Þar kemur fram að algengt var að konur sinntu heimilisþjónustustörfum á einhverjum tíma ævi sinnar á seinni hluta 20. aldar, s.s. í kjölfar skilnaðar og/eða áður en þær ganga í hjónaband og sinna þeim störfum þá heima fyrir.

[646] Vísað er í grein Árna Björnssonar þjóðháttafræðings: Árni Björnsson. „Sjávarföll." *Þjóðviljinn,* 3. nóvember 1974, 16. Þar er vitnað í þá trú bænda á seinni hluta 20. aldar að best sé að ráðskona hefji vistina á aðfalli en ekki útfalli, svo hún tolli sem lengst í vistinni.

[647] Tólf viðmælendur höfðu einhverja vitneskju um fjölda þeirra ráðskvenna sem störfuðu á undan þeim á bæjunum sem þær störfuðu á; átta af þeim konum sögðu margar ráðskonur hafa verið forvera sína í starfinu, en hinar ráðskonurnar fjórar sögðu forvera sína í ráðskonustarfinu hafa verið á bilinu 1–3.

hvort ráðskona hefði tekið við starfinu þegar þær hættu. Hluti kvennanna gat staðfest að önnur kona hefði tekið við ráðskonustarfinu á 17 af þeim 72 bæjum sem hér er fjallað um.

Stærsti hluti kvennanna bjó á höfuðborgarsvæðinu áður en þær gerðust ráðskonur til sveita (52% bæjanna). Konur sem bjuggu í þéttbýli á landsbyggðinni, þ.m.t. í sjávarþorpum, voru einnig nokkur hluti ráðskvennanna á þeim bæjum sem hér eru til athugunar (17% bæjanna). Fátíðast var að konurnar væru búsettar í dreifbýli áður en þær gerðust ráðskonur (7% bæjanna). Einnig skal bent á að ríflegur hluti kvennanna fór úr einni ráðskonuvist í aðra (24% bæjanna) eins og sjá má á mynd 6.




**Mynd 5.** Yfirlit yfir fjölda ráðskvenna út frá því á hve mörgum bæjum þær störfuðu á yfir sína starfsævi.

Einn viðmælandinn tiltók að ein ráðskona hefði starfað á undan sér. Annar viðmælandi nefndi tvær konur sem forvera sína í starfi áður en hún hóf störf. Síðan nefndu tveir viðmælendanna að þrjár ráðskonur hefðu gegnt starfinu áður en þær tóku við starfinu.




**Mynd 6.** Búseta kvenna áður en þær réðu sig í ráðskonustarf.

Samkvæmt Eiríki Helgasyni sem var í forsvari fyrir Ráðningarstofu Landbúnaðarins á 9. og 10. áratug síðustu aldar, vildu konur oftast ráða sig sem ráðskonur á bæi sem voru nærri höfuðborgarsvæðinu.[648] Slíkar kröfur koma líka alloft fyrir í auglýsingum þar sem konur óska eftir ráðskonustöðu. Í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonu var vanalega ekki tekin fram landfræðileg staðsetning bæjanna, að undanskildum bæjum sem voru nærri höfuðborgarsvæðinu. Mörgum kvennanna sem ég tók viðtal við fannst vissulega kostur ef bæirnir voru nærri þéttbýli, en það var fjarri lagi að landfræðileg staðsetning bæjanna skipti öllu máli.[649] Af þeim 72 bæjum sem konurnar störfuðu á sem ráðskonur voru 20 bæir á Suðurlandi; 12 bæir á Vesturlandi; 28 bæir á Norðurlandi; og 12 bæir á Austurlandi (7. mynd).

[648] Eiríkur Helgason. „Starfsskýrsla varahlutafulltrúa.“ *Búnaðarrit,* 1. janúar 1985, 143–145, hér 143; Eiríkur Helgason, símaviðtal við höfund. Almennt virðist það hafa verið eftirsótt meðal hjúa (að undanskildum kaupakonum) að ráða sig á bæi sem voru nærri höfuðborgarsvæðinu, sjá t.d. *Búnaðarrit* frá 1950, 186.

[649] Sjá til dæmis auglýsingu sem birtist í *Degi* 23. nóvember 1983, 10: „Kona með barn óskar eftir ráðskonustarfi nálægt Akureyri sem fyrst.“




**Mynd 7.** Yfirlit yfir það í hvaða landsfjórðungi ráðskonurnar störfuðu með hliðsjón af fjölda þeirra bæja sem rannsóknin tók til.

Engin af þeim ráðskonum sem hér koma við sögu áttu við áfengis- eða fíkniefnavandamál að stríða þegar þær réðust sem ráðskonur á sveitabæ. Þetta er nefnt hér vegna þess hve oft ráðskonur voru bendlaðar við óreglu þegar þær bar á góma í samræðum mínum við fólk almennt og í viðtölum mínum við ráðskonur: „Sveitamenn voru alltaf á varðbergi sko; er þetta einhver gleðikona að sunnan, er þetta einhver sem drekkur og er að flýja úr bænum því að hún höndlar ekki lífið þar?“[650] Erfitt er að segja til um algengi þess að konur í óreglu réðu sig sem ráðskonur í sveit: „Það voru konur sem voru í óreglu, sem voru ekki endilega með börn. Þær hafa örugglega litið á ráðskonustarfið sem þægilegan ramma fyrir sig til að forðast óregluna – sem varð ekki reyndin sko. Sumar voru kannski í 3 daga, en aðrar ílentust eins og gengur.“[651] Vissulega voru tilfelli um konur sem áttu við drykkjuvandamál að stríða sem gerðust ráðskonur í sveit: „Hann drakk ekki áður. En það endaði á því að þau [bóndinn og ráðskonan] drukku frá sér jörðina og bústofninn.“[652] Gera má ráð fyrir að hugmyndir um ólifnað í þéttbýlinu hafi líka ýtt undir áhyggjur sveitamanna um komu drykkfelldra ráðskvenna í sveitirnar, a.m.k. óskuðu bændur oft eftir „reglusamri“ ráðskonu í auglýsingum sínum. Í viðtölunum kom fram að konurnar voru stundum

[650] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.
[651] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)
[652] Vitnað í samtal mitt við hjón árið 2020 sem sögðu mér frá konu sem réð sig sem ráðskonu á sveitabæ á 8. áratugnum með börn sín og átti við drykkjuvandamál að stríða.

spurðar hvort þær neyttu áfengis eða reyktu áður en gengið var frá ráðningu þeirra í ráðskonustarfið.

### 4.1.2. Hjúskaparstaða og barneignir

Hjúskaparstaða ráðskvenna er einn af grunnþáttunum sem ákvarða stöðu þeirra og um leið ákvörðun þeirra að sinna ráðskonustarfinu. Rannsóknin sýnir að einhleypar konur sem komu úr lægri lögum samfélagsins, oftast einstæðar mæður, skipuðu langstærsta hluta þess hóps sem sinnti ráðskonustarfinu á tímabilinu 1950–2000.[653] Um það vitna ritaðar heimildir á borð við auglýsingar þar sem óskað er eftir ráðskonu eða þar sem konur óska eftir ráðskonuplássi. Hér er um að ræða mjög upplýsandi heimildaflokk hvað varðar hjúskaparstöðu og barneignir ráðskvenna sem og vinnuveitenda þeirra: „Er ekki einhver ykkar einstæð móðir sem hefði áhuga á að komast sem ráðskona í sveit?,“ segir ein auglýsing frá 1986.[654]

Einhleypar konur störfuðu sem ráðskonur á 69 af þeim 72 bæjum sem eru til athugunar í rannsókninni (8. mynd).




**Mynd 8.** Yfirlit yfir hjúskaparstöðu ráðskvennanna þegar þær réðust til starfa með hliðsjón af fjölda þeirra bæja sem rannsóknin tók til.

[653] Ráðskonur á Vesturlöndum voru oftast einhleypar konur. Á Englandi voru ráðskonur alltaf titlaðar fröken óháð hjúskaparstöðu þeirra.

[654] Auglýsing sem birtist í *Dagblaðinu Vísi – DV,* 22. ágúst 1986, 36.

Þar af störfuðu einhleypar og barnlausar ráðskonur á 10 bæjum og einstæðar mæður á 57 bæjum. Langalgengast var að einstæðu mæðurnar tækju með sér 1–2 börn í vistina. Fáeinar konur voru í lausasambandi þegar þær fóru í ráðskonustarfið sem flosnaði oftast upp úr á meðan þær voru í vistinni og flokkast þær sem einhleypar. Á 2 bæjum störfuðu einhleypar ráðskonur á miðjum aldri sem áttu uppkomin börn (fyrrum einstæðar mæður). Af ráðskonum sem voru í föstu sambandi starfaði gift ráðskona með börn sín í vistinni á 1 bæ og á öðrum 2 bæjum störfuðu ráðskonur sem voru í föstu sambandi (8. mynd).

Af viðtölunum má ráða að afgerandi munur var á félagslegum aðstæðum þeirra ráðskvenna sem voru einstæðar með börn á sínu framfæri og á aðstæðum barnlausra ráðskvenna. Greinilegt var að einhleypar konur sem þurftu að sjá fyrir börnum sínum, réðu sig almennt sem ráðskonur af nauðsyn. Aftur á móti réðu einhleypar og barnlausar konur sig fyrst og fremst sem ráðskonur í sveit í greiðaskyni vegna fjölskyldutengsla og/eða vegna þess að þær vildu öðlast reynslu af því að starfa í sveit.[655] Sumar kvennanna álitu ráðskonustarfið vera tækifæri til að öðlast nýja og jafnvel ævintýralega reynslu:[656] „Ég var bara fegin að losna úr fiskinum.“[657] Sá hluti kvennanna sóttist eftir ákveðinni upplifun sem var miklu fremur bundin við sveitalífið, heldur en sjálft ráðskonustarfið. Ráðskonurnar sem höfðu reynslu af því að starfa bæði á heimilum í sveit og í bæ/borg, sóttust ekki eftir því að starfa sem ráðskonur í þéttbýli í því skyni að öðlast nýja og jafnvel ævintýralega reynslu, líkt og gilti um konur sem leituðu í ráðskonustörf til sveita á þeim forsendum.[658] Það átti bæði við um ráðskonur sem ólust upp í þéttbýli og dreifbýli. Af öðrum ástæðum að baki því að konur gerðust ráðskonur í sveit, má nefna að tvær kvennanna sem rætt var við störfuðu með margra ára millibili sem ráðskonur á sama bænum, þar sem einnig var búsettur læknamiðill. Konurnar höfðu lent í andlegu áfalli og álitu ráðskonustarfið leið til þess að vera nærri miðlinum. Að auki fóru tvær konur í ráðskonustarfið á miðjum aldri þegar börn þeirra voru uppkomin, því þær langaði að starfa í sveit og höfðu þörf fyrir tilbreytingu í lífi sínu.[659] Eini viðmælandi rannsóknarinnar sem var

[655] Hluti viðmælendanna kvaðst hafa ráðið sig í vist fyrir tilstuðlan vinkvenna sinna.

[656] „Ástæðan fyrir ráðskonutilveru minni var ferðaþrá, að komast sem lengst frá Reykjavík og kynnast nýju umhverfi,“ skrifaði fyrrum ráðskonan Laufey Eiríksdóttir í tölvupósti til mín 2019. Laufey var 18 ára gömul þegar hún fór sem ráðskona á bæ þar sem húsmóðirin var fjarverandi sökum veikinda. Að fara í þjónustustarf í öðru samfélagi gat leitt til nýrra vinasambanda, aukinna tækifæra í makamálum og almennrar tilbreytingar skv. Richard Wall, „The Social and Economic Significance of Servant Migration,“ 20.

[657] Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.

[658] Hér má nefna viðtal mitt við fyrrum kaupakonuna Kristínu Snorradóttur sem ólst upp í sveit og flutti til Reykjavíkur til að stunda framhaldsskólanám, en stundaði samhliða náminu ráðskonustörf í Reykjavík til að greiða leiguna: „Samningur okkar var þannig að ég greiddi húsaleiguna með því að þrífa heimilið hjá honum, elda matinn, þvo þvottinn af honum og sjá um heimilið að öðru leyti. Við skiptum matarkostnaðinum á milli okkar.“ Kristín Snorradóttir (f. 1963), viðtal við höfund.

[659] Í einu viðtali mínu við ráðskonu kom fram að móðir hennar, Selma S. Gunnarsdóttir (1936– 2006), ákvað á sínum fullorðinsárum að gerast ráðskona í sveit. Á þeim tíma var Selma í hjónabandi og sest í helgan stein eftir áratuga feril sem þvottakona, skúringakona og eldhússtarfsmaður. Fram kom að Selma vildi fá tilbreytingu í líf sitt og gerðist því ráðskona hjá tveimur eldri bræðrum um tíma: „Þetta

gift á þeim tíma sem hún starfaði sem ráðskona í sveit (háskólamenntuð), sagði ástæðuna að baki því að hún gerðist ráðskona vera þá að hún vildi að börn sín hefðu reynslu af því að lifa og starfa í sveit: „Ég var ekki að safna peningum, ég var að safna reynslu fyrir strákana mína. Það var fyrst og fremst þeirra vegna sem ég var að fara – þetta var hluti af þeirra uppeldi.“[660]

Ástæðurnar að baki því af hverju konurnar hættu að starfa sem ráðskonur voru af ýmsum toga. Algeng ástæða var að þær vildu ekki starfa lengi á sama bænum, s.s. vegna leiða. Einnig voru dæmi um að konurnar þyrftu að víkja úr ráðskonustöðunni vegna þess að bóndinn var kominn í samband við konu. Af sama meiði var það þegar ráðskonurnar sögðu sig frá vistinni með því að taka sjálfar saman við bóndann og gerast húsmæður á bæjunum. Enn önnur ástæða fyrir brotthvarfi kvennanna úr ráðskonustarfinu var ofbeldi sem þær urðu fyrir í vistinni. Einnig má nefna að nokkur dæmi voru um að konurnar væru vistráðnar í afmarkaðan tíma: „Við kvöddumst með miklum kærleikum.“[661]

#### *4.1.2.1. Staða einstæðra mæðra*

Guðmundur Jónsson hefur fjallað um stöðu einstæðra mæðra með hliðsjón af íslenska velferðarkerfinu. Hann greinir frá því að á síðari hluta 20. aldar hafi hjónaskilnuðum og barneignum utan vígðra sambúða fjölgað ört, sem leiddi til fjölgunar einstæðra mæðra á hinum almenna vinnumarkaði.[662] Árið 1965 voru einstæðar mæður með börn 8,7% af kjarnafjölskyldum landsins, en hlutfallslegur fjöldi þeirra var orðinn 11,8% árið 1990.[663] Einstæðar mæður voru stærsti einstaki hópur kvenna sem gegndi ráðskonustarfinu á síðari hluta 20. aldar.[664] Hlutfall einstæðra kvenna í hópi ráðskvennanna er rannsóknin byggir á er 82,9%. Afgerandi hlutdeild einstæðra mæðra á meðal ráðskvenna endurspeglar samt á engan hátt hlutdeild þeirra kvenna í íslensku samfélagi – sé litið til fjölda fólks í mismunandi gerðum kjarnafjölskyldna og hlutfalls einstæðra mæðra í þeim hópi. Ljóst er því að aðrir þættir en fjöldi einstæðra mæðra réðu mestu um að þær sinntu ráðskonustarfinu.

Mjög algengt var að konurnar hæfu frásögn sína á því að víkja orðum að skilnaði/sambandsslitum sem þær gengu í gegnum áður en þær gerðust ráðskonur. Af þeim 34 einstæðu mæðrum sem fjallað er um í rannsókninni voru 15 fráskildar þegar

voru tveir bræður, svo veit ég ekki meira. Hún tjáði sig ekkert um þetta.“ Gígja Karlsdóttir (f. 1962), viðtal við höfund.

[660] Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund.

[661] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[662] Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 206. *Mannfjöldaskýrslur. Árin 1961–70,* 18–23, 30–33 og 38. *Mannfjöldaskýrslur. Árin 1971–80,* 20, og 47–59 og 58. Sjá líka gögn yfir mannfjölda og einstæðar mæður hjá Hagstofu Íslands.

[663] Tafla 2.20. í *Hagskinna,* 141.

[664] Fjörutíu og ein ráðskona er með beinum hætti að baki fjölda bæja (72 bæir). Í textanum er tilgreindur fjöldi bæja fremur en fjöldi ráðskvenna, sökum þess að hluti viðmælenda starfaði á fleiri en einum bæ. Þannig er hægt að taka mið af breytingum á lífsferli kvennanna milli vista, með vísun í barneignir þeirra (t.d. getur einhleyp og barnlaus kona síðar á sínu lífsskeiði orðið einstæð móðir).

þær gerðust ráðskonur. Tvær höfðu nýslitið óvígðri sambúð með barnsfeðrum sínum og 16 höfðu eignast barn í lausasambandi og/eða utan sambands: „Það tók bara eitt kvöld að búa barnið til.“[665] Engin ekkja var í hópi ráðskvennanna sem ég ræddi við, en þær voru áberandi í hópi ráðskvenna árin 1850–1950, líkt og komið hefur fram. Misjafnt var hve lengi konurnar voru einstæðar með börn á sínu framfæri áður en þær réðu sig sem ráðskonur í sveit, sumar kvennanna voru einstæðar mæður allt frá fæðingu barna sinna: „Ábyrgðin var öll mín, ég gat ekki treyst á barnsföður minn.“[666] Aðrar voru að hluta til eða lengst af í sambúð með barnsfeðrum sínum áður en þær gerðust ráðskonur og nutu því þess um tíma að það var fyrirvinna eða tvær fyrirvinnur á heimilinu. Konur sem voru giftar og/eða í sambúð með barnsfeðrum sínum, voru þó ekki alltaf betur settar fjárhagslega en þær konur sem voru einstæðar, ekki síst ef menn þeirra voru í óreglu: „Ég vissi það nú þegar ég fór sem ráðskona, að ég myndi hafa það betra ein en að hafa hann, fjórða ómagann.“[667]

> **DKE:** Hvar ertu stödd í lífinu á þeim tímapunkti?
> **Anon:** Einstæð móðir. Ég hef alltaf verið einstæð móðir.
> **DKE:** En barnsfaðirinn, var hann einhvern tímann inn í myndinni?
> **Anon:** Nei. Hann hafði ekki áhuga á því að vera í sambandi.[668]

Staða og kjör einstæðra mæðra á tímabilinu sem rannsóknin í heild sinni nær til, árin 1850–2000, var löngum mjög bág. Lagalegum umbótum var þó komið á þegar kom fram á 20. öldina fyrir tilstuðlan kvennahreyfingarinnar, ekki síst Kvenréttindafélags Íslands.[669] Í þeim efnum ber fyrst að nefna að einstæðar mæður fengu lagalegan rétt til meðlaga úr opinberum sjóði með óskilgetnum börnum sínum árið 1921.[670] Af öðrum framfaraskrefum má nefna ekknabæturnar sem settur voru á með lögum árið 1928.[671] Mæðrastyrksnefnd var stofnuð sama ár (1928) og síðar Mæðrafélagið árið 1936, þar sem kvenréttindakonur börðust áfram ötullega að málefnum er vörðuðu einstæðar mæður og einnig barnavernd.[672] Laufey Valdimarsdóttir (1890–1945) formaður Kvenréttindafélags Íslands, sinnti formannsstöðu í Mæðrastyrksnefndinni í tæpa tvo áratugi, allt frá því nefndin var stofnuð og þar til hún lést:[673] „Það fyrsta, sem Laufey beitti sér fyrst eftir að hún tók við formennsku í [Kvenréttinda]félaginu, var að bæta

[665] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[666] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.
[667] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[668] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)
[669] Guðmundur Jónsson fjallar um aðgerðir til að bæta aðbúnað einstæðra mæðra á Norðurlöndum á 20. öldinni, þ.m.t. hérlendis. Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 203–204.
[670] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 14 og 181.
[671] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 181–182; Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 204.
[672] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 183–184, 262–263.
[673] Mæðrastyrksnefnd heyrði undir Kvenréttindafélag Íslands á tímabilinu 1928–1939. Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 183.

kjör mæðra og barna þeirra.“[674] Árið 1969 var Félag einstæðra foreldra stofnað sem var mikilvirkt í því að varða veginn til aukinna réttinda einstæðra mæðra og uppfræðslu því tengdri er líða tók á síðari hluta 20. aldarinnar.[675] Kvennaárið 1975 markaði svo skil í lífi margra einstæðra mæðra á Íslandi, því þá voru fest í lög þriggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslur. Fæðingarorlofið var síðan lengt úr 3 mánuðum í 6 mánuði á 9. áratugnum fyrir atbeina Ragnhildar Helgadóttur heilbrigðisráðherra. Sigríður Th. Erlendsdóttir segir fæðingarorlofið vera einn þýðingarmesta áfangann í baráttunni fyrir bættum félagslegum aðstæðum kvenna hérlendis.[676]

Af öðrum mikilvægum hornsteinum í velferðarmálum einstæðra mæðra má nefna umbætur í dagvistunarmálum. Það var ekki síst þáttur Kvenréttindafélags Íslands, Rauðsokkahreyfingarinnar og Kvennalistans sem varð til þess að betri skipan komst á í dagvistunarmálum á Íslandi, því dagvistun fyrir börn var álitin „forsenda fyrir jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði,“ skrifar Sigríður Th. Erlendsdóttir.[677] Skortur á dagvistunarúrræðum var þó enn viðvarandi fram eftir síðari hluta 20. aldar.[678] Það var ekki fyrr en á 10. áratugnum sem verulegar umbætur urðu á dagvistunarmálum hérlendis.[679] Af öðrum mikilvægum breytingum er vörðuðu málefni einstæðra mæðra á 20. öldinni má nefna jákvæðar breytingar á almennu viðhorfi til þeirra. Á þessum tíma fylgdi því ekki sama vansæmd eða skömm að vera einhleyp móðir, líkt og reyndin hafði verið áður.[680] Viðtölin sýndu engu að síður að viðhorf til einstæðra mæðra, ekki síst fátækra ungra einstæðra mæðra, voru í bland miður góð á síðari hluta 20. aldar: „Æji það var svolítið litið niður á okkur, því við höfðum ekki neitt.“[681]

Viðmælendur mínir sem voru einstæðar mæður þegar þær gerðust ráðskonur nutu ýmissar aðstoðar sem Kvenréttindafélag Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Mæðrafélagið gerðu að veruleika. Konurnar fengu mæðralaun, barnabætur, nokkrar fengu mataraðstoð frá Mæðrastyrksnefnd og margar fengu meðlag, þ.e.a.s. ef feðurnir

---

674 Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 179*; Lbs.Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Konur eru konum bestar, 37–39.

675 Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 186–189. Mæðrafélagið hætti störfum 1983. Mæðrastyrksnefnd hélt áfram að þjónusta einstæðar mæður og börn þeirra á þessu tímabili.

676 Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 269; Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 208 og 269; Hólmfríður Gunnarsdóttir, „Fyrirvinnuhugtakið og goðsagnirnar,“ 27; *Lbs.-Hbs.* Þóra Ágústsdóttir, Heimavinna eða útivinna?, 32.

677 Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 356–358. Sjá einnig Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 206; *Lbs.Hbs.* Kristín Erla Benediktsdóttir, Kvennalistinn, 20.

678 Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 207; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vinna, læra, kaupa,“ 381–382; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennakraftur,“ 448; *Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra, 79. Sjá viðtal frá 1979 við einstæða móður sem starfaði hálfan dag í frystihúsi og hálfan dag sem ráðskona í því skyni að koma til móts við þann skort sem var á dagvistun fyrir barn hennar: „það er ekki nema í undantekningartilfellum sem einstæðar mæður komast hjá því að hafa börnin í gæzlu á fleiri en einum stað.“ „Dagvistarmálin þarf að leysa.“ *Morgunblaðið,* 1. maí 1979, 15.

679 Sjá doktorsrannsókn Guðnýjar Bjarkar Eydal, *Family policy in Iceland 1944–1984*.

680 Sjá umfjöllun Laufeyjar Valdimarsdóttur um kjör einstæðra mæðra á fyrri hluta 20. aldar. Laufey Valdimarsdóttir, „Ein af mörgum: Úr dagbók Mæðrastyrksnefndar,“ 161–171.

681 Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.

greiddu meðlagið á annað borð:[682] „Það voru ekki allir karlar sem greiddu meðlagið. Það var virkilega hipsumhapp. Því var svo breytt og ríkið tók að sér að rukka þá og konan hafði vissa fjárhæð fyrir barnið.“[683] Barnameðlögin voru samt sem áður lág og hrukku ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum: „Ég var í Félagi einstæðra foreldra um tíma, það sem brann mest á fólki eða konum, var meðlagið, það hækkaði aldrei.“[684] Viðtölin sýndu að tilkoma fæðingarorlofsins sem og umbætur í dagvistunarmálum höfðu jákvæðustu áhrifin á kjör einstæðu mæðranna. Jafnvel þó að félagsleg staða einstæðra mæðra á Íslandi hafi batnað umtalsvert á 20. öldinni einkenndist hagur þeirra í lægri lögum samfélagsins áfram af miklu basli, allt til aldarloka. Það kemur ekki síst fram í blaðaviðtölum við einstæðar mæður á síðari hluta 20. aldar og í viðtölum mínum við einstæðar mæður sem gerðust ráðskonur.[685] Í hnotskurn var fátæktarbaslið megineinkenni reynslusagna viðmælenda minna sem fóru sem einstæðar mæður í ráðskonuvist – þvert á þær kynslóðir sem við sögu koma.

Viðtölin sýna að ráðskonurnar höfðu sterka löngun til að hlúa vel að börnum sínum; þrá sem mótaði aðgerðir þeirra í lífinu á afgerandi hátt. Það sem einkenndi viðtöl mín við ráðskonur sem voru einstæðar mæður, var umfjöllun þeirra um mikilvægi þess að vera sjálfstæðar svo þær gætu séð börnum sínum farborða; að vera *sjálfstæðar mæður* eins og sumar einstæðar mæður kölluðu sig: „Óska að komast sem ráðskona í sveit eða þorp hjá barngóðum manni. Er sjálfstæð móðir með tvo drengi, 3 og 6 ára,“[686] segir í auglýsingu frá árinu 1989. Sjálfsmyndir viðmælenda minna, ráðskvennanna, mótuðust mikið af sýn þeirra á það hvernig þær stæðu sig sem mæður, eithvað sem kalla má *móðurvitund*, sem endurspeglar að hluta viðmið almennings er tóku til þess hvað fólst í því að vera góð (einstæð) móðir. Sjálfsmynd einstæðra mæðra á ráðskonutíð þeirra var af *sjálfstæðri móður*, jafnvel í tilvikum þegar sjálfsmynd þeirra var brotin. Af orðum viðmælenda minna má ráða að sérstaða ráðskonustarfsins ljáði konunum það sjálfstæði og um leið þá virðingu sem þær þráðu í einstæðingsskap sínum: „Það skipti miklu máli að ráða sér soldið sjálf, að það væri ekki litið niður á mann.“[687] Sumar einstæðu mæðranna sem ég ræddi við álitu

[682] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 184; sama, „Breytingar á réttarstöðu íslenskra kvenna á 20. öld,“ 12–14.

[683] Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund. Sjá „Frásögn ungrar móður um barnsmeðlög og fleira,“ 82–83.

[684] Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.

[685] Viðhorf einstæðra mæðra til félagslegrar stöðu sinnar á árunum 1950–2000 birtast oftast í viðtalsgreinum þar sem fjallað var um kjör þeirra kvenna. Sjá t.d. Kristín A. Árnadóttir, „Að brjóta niður veggi einangrunar,“ 5–6. Sjá líka „Frásögn ungrar móður um barnsmeðlög og fleira,“ 82–83. Þar er komið inn á ráðskonustarfið sem úrræði fyrir einstæðar mæður.

[686] Auglýsing sem birtist í *Dagblaðinu Vísi,* 4. febrúar 1989, 53.

[687] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund. Þörf einstæðra mæðra fyrir að vera sjálfstæðar í móðurhlutverkinu kemur fram í bók Ingu Huldar Hákonardóttur, *Hélstu að lífið væri svona?,* sjá t.d. 56.

fjölskyldumódelið er byggði á einstæðri móður og barni/börnum ekki vera tímabundið ástand.[688]

> **Anon:** Ég fór ekki í ráðskonustarfið út af einhverri rómantískri sveitahugmynd. Ég fór ekki í ráðskonustarfið með það fyrir augum að finna mér bónda, skilur þú mig, ég var ekki að leita að manni. Þú sérð – við einstæðu mæðurnar vorum að leita að öryggi fyrir börnin okkar. Við gátum unnið nánast hvar sem er; þú getur vaskað upp hvar sem er í heiminum, en þú getur ekki haft börnin með þér í vinnuna. Þarna hafðir þú börnin þín með þér í vinnuna.[689]

#### *4.1.2.2. Húsnæðisvandamál*

> **ÓKS:** Þær konur sem fóru og gerðust ráðskonur út í sveit, það voru gjarnan konur sem voru að skilja og stóðu uppi með börnin, allslausar yfirleitt. Þær fóru út í sveit og unnu fyrir sér og börnunum. Það gerði ég líka. Ég leigði húsnæðið mitt á meðan skilurðu; safnaði meðlagi og gat borgað af húsinu líka.[690]

Staða einstæðra mæðra á húsnæðismarkaðnum var erfið og margar á hrakhólum með húsnæði: „Ég var þarna svoldið bara á hrakhólum með telpurnar þrjár.“ [691] Húsnæðisvandi var ein af meginástæðunum fyrir því að einstæðar mæður réðu sig sem ráðskonur á sveitabæi á þessum tíma, sem áður segir.[692] Einstæðu mæðurnar sem höfðu yfir eigin húsnæði að ráða voru langoftast leigjendur.[693] Þær voru engu að síður flestar í vanda vegna húsnæðisins, því húsaleiga var svo hátt hlutfall af þeirra lágu launum. Þar á ofan gátu leigusalar verið tregir til að leigja einstæðum mæðrum húsnæði:[694] „Það vildi enginn leigja konu með svona mörg börn.“[695] Verulegur hluti kvennanna sem ég tók viðtöl við bjuggu í foreldrahúsum ásamt barni/börnum sínum áður en þær gerðust ráðskonur:[696] „Auðvitað var þetta ekkert líf fyrir mig og dóttur mína, maður hafði bara rúmstæði inni í svefnherbergi hjá mömmu.“[697] Auk þessa átti

[688] Elizabeth A. Mulroy fjallar um ný viðhorf til einstæðra mæðra sem langtíma fjölskyldumódels í inngangskafla bókarinnar *Women as Single Parents*, xi.

[689] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

[690] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund.

[691] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

[692] Guðmundur Jónsson fjallar um húsnæðis- og húsaleigumál á 20. öld í greininni, „The Icelandic Welfare State in the Twentieth Century,“ 262–263.

[693] Elizabeth A. Mulroy segir einstæðar mæður yfirleitt vera leigjendur í „Why are single-parent families and where do they live?,“ 29.

[694] Í tengslum við þörf kvenna fyrir húsnæði á þessu tímabili má nefna auglýsingar kvenna sem óska eftir húsnæði gegn húshjálp. Sjá t.d. auglýsingu í *Degi* 3. janúar 1986, 3.

[695] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund.

[696] Elizabeth A. Mulroy segir algengt að einstæðar mæður dvelji í foreldrahúsum í „Why are single-parent families and where do they live?,“ 18.

[697] Björg Þorgilsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

slæðingur kvennanna íbúðir sem þær voru að greiða af á þeim tíma sem þær gerðust ráðskonur. Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959) vann sem ráðskona á tveimur sveitabæjum. Í fyrra skiptið réð hún sig sem ráðskona á bæ þegar hún var einhleyp og barnlaus, 21 árs að aldri. Í seinna skiptið réð hún sig sem ráðskona, þá 31 árs einstæð móðir sem átti í húsnæðisvanda.

> **SSH:** Í seinna skiptið sem ég fór sem ráðskona þá var ég líka í erfiðri stöðu í lífinu. Ég var í sambúð, búin að eignast eldra barnið mitt sem var í leikskóla og var ófrísk af yngra barninu. Ég er komin þrjá mánuði á leið og þá heldur barnsfaðir minn fram hjá mér, sem var skellur. Það var bara horror að vera einstæð móðir með tvö lítil börn. Ég var að reyna að leita mér að húsnæði, þetta var bara hræðilegt sko. Ég fékk tímabundið húsnæði. Ég man þegar ég kom af fæðingardeildinni – ég sat og kleip sjálfa mig; er þetta draumur? Ég hugsaði bara; hvað á ég að gera, hvað á ég að gera. Svo hugsaði ég með mér; kannski ætti ég að athuga með að fara sem ráðskona í sveit. Ég hafði heyrt að félagsþjónustan væri með búslóðageymslu og myndi leyfa manni að geyma dótið frítt. Ég byrja á að panta mér viðtal hjá félagsráðgjafa. Ég sagði henni að mig langaði að vera meira heima með börnunum mínum, en ekki að henda þeim í pössun og þurfa að vinna frá frá átta til sjö, með svona lítil börn. Konan hjá félagsþjónustunni sagði mér að hún vildi að fleiri konur gerðu þetta; fara út á land með krakkana sína. Það er bara svo erfitt að búa við svona óöryggi. En svo hugsa ég núna, að hún hefði frekar átt að segja: „mikið vildi ég óska þess að það væri til betri lausnir fyrir einstæðar mæður en að þurfa að gera þetta.“ Því þetta var kannski ekki rosalega góð lausn, að vera á þvælingi og búa inn á öðrum – til lengdar allavega. Jújú kannski var þetta góð lausn til bráðabirgða.[698]

#### *4.1.2.3. Skortur á dagvistun*

Dagheimili og leikskólar sinntu ólíkum tilgangi fram eftir því tímabili sem hér eru til umfjöllunar. Dagheimili voru ætluð börnum á aldrinum 3–6 ára, en börn á dagheimilum dvöldu þar allan daginn og fengu máltíðir. Dagheimili voru fyrst og fremst hugsuð sem úrræði fyrir einstæða foreldra. Leikskólar voru hins vegar ætlaðir börnum á aldrinum 2–6 ára.[699] Börn á leikskóla dvöldu þar hluta úr degi og fengu engar máltíðir. Framan af rannsóknartímabilinu gætti ákveðinna fordóma gagnvart uppeldi barna á barnaheimilum og um leið mæðrum sem sendu börn sín í dagvistun.[700]

---

[698] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

[699] Sjá „Upplýsingar um dagheimili og leikskóla Sumargjafar,“ 4.

[700] Inga Hulda Hákonardóttir, *Hélstu að lífið væri svona?*, 28–29; Magnea Gestrún Gestsdóttir (1928–2017), viðtal við höfund. Jóhanna Þorgrímsdóttir (f. 1949), viðtal við höfund.

Barnaheimili, leikskólar sem og frístundaheimili fyrir skólabörn voru fáséð lengi vel upp úr miðri 20. öld:[701] „Ég leitaði til félagsmálayfirvalda og sagði: „ég kem ekki barninu mín á leikskóla, ég er að vinna vaktavinnu. Ég missi vinnuna ef ég fæ ekki aðstoð frá ykkur."“[702] Það var ekki fyrr en árið 1973 sem lög voru sett um að ríkið bæri ábyrgð á uppbyggingu og rekstri dagheimila og leikskóla.[703] Fram til þess tíma var það á ábyrgð félagasamtaka, öðru fremur Barnavinafélagsins Sumargjafar, að annast rekstur dagheimila og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu.[704] Viðtölin leiddu í ljós að einhleypu mæðurnar þurftu oftast með klókindum og útsjónarsemi að útvega börnum sínum pössun, s.s. hjá skyldmennum og barnapíum en einnig á gæsluvöllum og dagheimilum/leikskólum þegar slík úrræði voru í boði. Börnin voru oft í gæslu á fleiri en einum stað yfir daginn: „Ég fékk barnapíu til að vera með hann á meðan ég var að vinna í frystihúsinu.“[705] Staðan í dagvistarmálum var slæm á þessu tímabili og breyttist ekki til batnaðar fyrir allan almenning fyrr en eftir 1990. Viðtölin sýna að uppbygging í dagvistunar- og leikskólamálum var stærsti áhrifavaldurinn í tengslum við það af hverju einstæðar mæður, stærsti hópur ráðskvenna, hvarf að langmestu af vettvangi sveitabæjanna undir lok 20. aldar.

> **DKE:** Var erfitt á þeim tíma að fá leikskólapláss fyrir litlu?
> **MBG:** Jááájá það var alveg ómögulegt. Ég fékk fyrir hana einhvern smá part af degi í því sem kallaðist Steinahlíð, það var mjög gott. Þá var ég að vinna í fiski niður í Súðavogi, þannig að þetta var í leiðinni.[706]

> **Anon:** Það var ekkert grín að flytja til Reykjavíkur og vera einstæð móðir með tvö lítil börn. Það er bara árið á milli þeirra, þær voru þriggja og fjögurra ára, og þetta er árið 1975. Þá var ekki mikið aðgengi að leikskólum, þannig ég sá að ráðskonustarfið var eitthvað sem myndi passa mér.[707]

Margar einstæðar mæður sinntu aukastörfum eftir venjulegan vinnutíma til að ná endum saman, þ.e.a.s. ef þær höfðu aðstæður og önnur tækifæri sem gerðu þeim kleift að sinna aukavinnu. Konur úr þessum hópi á meðal ráðskvenna sóttust, líkt og aðrar sem svo var ástatt um, eftir því að gegna störfum sem gáfu þeim sveigjanleika í tengslum við umönnun barna sinna. Hluti kvennanna sóttist eftir að sinna störfum sem þær gátu haft börn sín hjá sér, ekki síst störfum sem hægt var að gegna heimavið. Dagmæðraþjónusta er skýrt dæmi um atvinnu sem sumar einstæðu mæðurnar sinntu í

[701] Valborg Bentsdóttir. „Börnin, sem fæðast til fátækra kjara, eru erfingjar bæjarins eins og hin.“ *Tíminn*, 23. janúar 1958, 5; Stefán Sæmundsson, „Einstæðar mæður senda börn sín í sveit,“ 291; Bryndís Kristjánsdóttir, „Hvar eiga börnin að vera,“ 18.
[702] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[703] Einstæðir foreldrar höfðu forgang hvað viðkom innritun barna á dagheimili skv. reglum Félagsmálaráðs Reykjavíkur. Sjá Guðrún Erlendsdóttir, *Óvígð sambúð,* 123.
[704] Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 356.
[705] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.
[706] María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949), símaviðtal við höfund.
[707] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

þéttbýlinu, svo þær þyrftu ekki að setja börn sín í dagvistun.[708] Ráðskonan Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965) sinnti til dæmis barnapössun og prjónamennsku heima við: „svo ég gæti verið með stelpuna.“[709] Gleggsta dæmið um atvinnu sem einstæðu mæðurnar völdu með tilliti til umönnunar barna sinna, er síðan ráðskonustarfið á heimilum í þéttbýli og dreifbýli. Það vakti einnig athygli hve margar kvennanna sem ég ræddi við álitu ráðskonustarfið vera góðan kost, því starfið gaf þeim færi á að eyða meiri tíma með börnum sínum, sem voru jafnan mjög ung að aldri þegar þær unnu fyrir sér sem ráðskonur. Ráðskonustarfið, líkt og húsmóðurstarfið og dagmóðurstarfið, tryggði konunum ákveðna nánd við börn sín, vegna þess að meginstarfsvettvangur ráðskvenna var jafnframt samastaður þeirra og barna þeirra.[710]

> **Anon:** Ég skildi, það var ljótur skilnaður. Maðurinn minn fór að vera með annarri konu. Ég var með pínulítið barn og var ekki út á vinnumarkaðnum – átti ekki einu sinni fyrir mat. Á þessum tíma var hægt að bjarga sér með því að fara að vinna sem ráðskona og hafa börnin hjá sér, án þess að þurfa að vinna myrkranna á milli og láta aðra hugsa um börnin. Ég hafði þurft þess með eldri stelpuna mína. Á þeim tíma voru bara þrír mánuðir í fæðingarorlofi og ég missti alveg af henni fyrsta árið. Ég vildi það ekki með seinna barnið.[711]

> **Anon:** Mig var farið að langa til að vera meira með stelpunni minni á meðan hún var svona ung. Ég hafði náttúrulega heyrt af konum sem fóru sem ráðskonur upp í sveit, ákkurat með það fyrir augum að vera meira með börnunum sínum. Mig langaði bara til þess að prufa þetta, svo ég dreif í því – en ekki með það fyrir augum að giftast bóndasyni eða einhverjum svoleiðis. Ég hafði ekki áhuga á því.[712]

#### *4.1.2.4. Vanmáttugt bakland*

„Síðar í lífinu var basl eins og gerist og ég er ein að flækjast með börnin.“[713] Stuðningsnet einstæðu mæðranna sem réðu sig sem ráðskonur á sveitabæi var yfirleitt veikt. Þær höfðu almennt fáa eða enga kosti sem þær gátu nýtt sér hvað varðaði fjárhagslega aðstoð, barnapössun og/eða þak yfir höfuðið: „Hann er bara skrifaður sonur pabba síns. Hann hefur ekkert verið inn í hans lífi. Ég reyndi en það var enginn áhugi fyrir því,“[714] sagði ein ráðskonan mæðulega. Barnsfeður kvennanna voru nær

[708] Ein konan sem rætt var við gerðist aukinheldur au pair erlendis þegar hún var einstæð móðir.
[709] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.
[710] Ósk einstæðra mæðra um að geta eytt meiri tíma með börnum sínum er að finna víða í viðtölum við konurnar. Sjá „Hef unnið eins og þræll síðustu árin – nú væri hugsanlegt að geta dregið úr,“ 52. Sjá líka Caple, „Restructing family life,“ 93.
[711] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)
[712] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)
[713] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.
[714] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

undantekningarlaust í engu sambandi við börn sín eftir að leiðir skildu milli þeirra og kvennanna: [715] „Ég held hann hafi einu sinni séð hann fyrir tilviljun.“ [716] Skeytingarleysi feðra gagnvart börnum sínum þótti alls ekki alltaf ámælisvert í samfélaginu á þessu tímabili. Merkilegt var að sjá að konunum fannst afskiptaleysi karla gagnvart börnum sínum vera eðlilegt, því slíkt var samþykkt sem eðlileg hegðun karlmanna á þeirri tíð. Þannig kom afskiptaleysi karla af framfærslu- og uppeldismálum barna sinna fyrir sem hálfgildings náttúrulögmál í viðtölunum.[717] Á hinn bóginn voru ráðskonurnar meðvitaðar í viðtölunum um að hlutirnir hefðu í reynd átt að vera með öðrum hætti, og fannst jafnvel, að hlutirnir hefðu í reynd átt að vera með öðrum hætti með hliðsjón af tíðarandanum í dag – enda þótt konurnar væru komnar mislangt í að gera þau mál upp í sínum huga.

„Ég varð fjölskylduskömm þegar ég varð ólétt, ein og ung.“[718] Fjölskyldur sumra kvennanna aðstoðuðu þær upp að einhverju marki, en stuðningur sem konurnar fengu í einstæðingsskap sínum var aftur á móti takmörkum háður og réðst ekki síst af fjárhagi vandamanna þeirra. Konurnar sem voru með börn á sínu framfæri, tóku margoft fram í viðtölunum að þær hefðu ákveðið að gerast ráðskonur í sveit svo þær væru ekki byrði á fjölskyldum sínum. Sú afstaða einkenndi öðru fremur þær konur sem bjuggu í foreldrahúsum með börn sín og/eða voru nýkomnar úr sambandi, er þær ákváðu að gerast ráðskonur. Stærsti hluti kvennanna naut hins vegar lítils sem einskis stuðnings frá vandamönnum sínum, oft einfaldlega vegna þess að húsrými og/eða fjárhagslegar forsendur í foreldrahúsum og jafnvel samfélagsleg viðmið um hversu eðlileg slík aðstoð var, gáfu ekki færi á slíkum stuðningi. Einnig voru þó dæmi um að viljann til stuðnings hreinlega skorti í heimahúsum þessara kvenna. Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1944) eignaðist barn 16 ára gömul. Hún neyddist til að láta barnið tímabundið í fóstur, því stjúpfaðir hennar vildi ekki fá barnið inn á heimilið: „Svoleiðis að mamma tók mig aldrei heim með barnið, út af honum... Þegar ég heimsótti son minn til tímabundinna fósturforeldra hans þá fannst mér ég alltaf vera að koma sem gestur, ekki þú veist; að koma og finna barnið mitt.“[719] Soffía gerðist ráðskona í sveit sumarið eftir að hún eignaðist dreng sinn, svo hún gæti haft hann hjá sér.

Hvort sem einstæðu mæðurnar nutu einhverrar aðstoðar frá vandamönnum sínum eður ei gerðu þær sér fyllilega grein fyrir því að þeim einum var ætlað að axla ábyrgð á uppeldis- og framfærslumálum barna sinna. Í viðtölunum kom fram ákveðið samfélagslegt viðhorf til einstæðra mæðra, ekki síst ungra einstæðra mæðra, sem

---

[715] Táknmynd sumra feðranna í sögunni eru gjafir sem þeir senda með löngu millibili til barna sinna. Hluti feðranna var í samskiptum við börnin þegar þau voru komin á fullorðinsaldur. Barnsfeðurnir sýndu ekki frumkvæði hvað varðar samskiptin millum þeirra og barna þeirra þegar þau voru fullorðin, heldur voru það börn mannanna.

[716] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

[717] Sjá skrif Bjargar Þ. Blöndal frá 1907 um réttindaleysi einstæðra mæðra og ábyrgðarleysi feðra gagnvart óskilgetnum börnum sínum, „Barnsmæður,“ 172–179.

[718] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (E)

[719] Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

kristallast í frösum á borð við; *þú bjóst það til, þú berð ábyrgð á því*. Það mátti oft heyra hreykni í orðróm kvennanna þegar þær tjáðu mér að þær hefðu gengist við þeirri ábyrgð möglunarlaust, m.a. með því að gerast ráðskonur.[720] Mæður kvennanna hvöttu þær hvað mest til að standa á eigin fótum í móðurhlutverkinu sem kannski tengist því að umönnun barnanna hefði mögulega getað lent að hluta á þeirra herðum. Það leiddi til þess að einstæðu mæðurnar vildu oft sanna fyrir mæðrum sínum að þær væru hæfar mæður. Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960) var ein þeirra kvenna sem fór í ráðskonuvist til að sýna móður sinni að hún gæti séð fyrir sér og kornungum syni sínum. Guðrún réð sig í ráðskonuvist 17 ára gömul: „Mamma sagði við mig að börn gætu ekki alið upp börn nema þau væru upp á foreldra sína komnir – ég ætlaði nú að sýna henni það að það væri bara bull," sagði Guðrún og glotti.[721]

#### *4.1.2.5. Aðrar forsendur að baki því að einstæðar mæður gerðust ráðskonur*

Heimilisofbeldi var annar áhrifaþáttur sem réð miklu um ákvörðun þeirra einstæðu mæðra sem gerðust ráðskonur í sveit:[722] „Þegar hann [barnsfaðirinn] kom drukkinn eitt kvöldið þá bara sparkaði hann í kviðinn á mér. Sonur minn fæddist með mar á annarri kinninni. Kallinn var í svona hermannaklossum."[723] Í rannsókninni kom fram að átta einstæðu mæðranna voru í ofbeldissambandi áður en þær réðust sem ráðskonur með börn sín. Þeim fannst þær gjarnan gerðar ábyrgar fyrir ofbeldinu sem þær urðu fyrir frá hendi maka síns, rétt eins og þær voru gerðar ábyrgar fyrir velferð barna sinna að sambandinu loknu: „Maður var spurður af hverju maður væri að fara frá manninum og hvort ég gæti ekki bara reynt betur,"[724] sagði ein ráðskonan hvekkt: „Það var von að hann drykki þú varst alltaf að eiga börnin, sagði systir mín," mælti önnur ráðskona sár.[725]

Frásagnir kvennanna af heimilisofbeldi sem þær urðu fyrir áður en þær hurfu á vit ráðskonustarfsins, komu ítrekað inn á það úrræðaleysi sem einkenndi meðferð slíkra mála. Til að mynda tóku engin lög sérstaklega til heimilisofbeldis á tímabilinu sem hér er til athugunar og opinber úrræði til að halda ofbeldismönnunum í skefjum voru annmörkum háð:[726] „Þú getur bara lokað!" Þú getur ímyndað þér að það lokar enginn fyrir vitlausum manni, brjáluðum manni."[727] Viðmælendur mínir sem voru í ofbeldissamböndum, álitu ráðskonustarfið vera undanfæri og um leið mögulegt

---

[720] Nefna má að fáeinar konur fengu stuðning frá föðurfjölskyldu barnsfeðra sinna í einni eða annarri mynd. Einnig voru tilvik um að föðurfjölskyldur barna kvennanna lokuðu algerlega á þær og börnin.

[721] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[722] Í þessari umfjöllun er sérstaklega verið að horfa til heimilisofbeldis sem konurnar urðu fyrir í samböndum/hjónaböndum áður en þær gerðust ráðskonur. Fleiri viðmælendanna urðu fyrir heimilisofbeldi í öðrum samböndum/hjónaböndum á lífsleið sinni.

[723] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[724] N.N. Viðtal við höfund. (1).

[725] N.N. Viðtal við höfund. (18) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[726] Fyrstu lögin sem tóku til heimilisofbeldis á Íslandi voru fyrst sett árið 2006. Almenn hegningarlög (heimilisofbeldi). Lög nr. 27.

[727] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

athvarf fyrir þær og börn sín frá ofbeldinu þegar þær slitu ofbeldissamböndum. Ráðskonustarf til sveita var í slíkum tilvikum sambland af flótta annars vegar og hins vegar því að afla sér vinnu og samastaðar.

> **BAI:** Ég fékk bara sjokk. Lögreglan náði í hann. Hann var búinn að loka sig inni með mig og krakkana, og hann var með hníf [lækkar röddina]. Pabbi var hinum megin við dyrnar að róa hann niður [hlær]. Hann klikkaðist, af því að ég vildi skilja við hann. Hann klikkaðist [hvíslar].[728]
>
> **KRM:** Það er bara allt of mikið um það, því miður. Hann var mjög vondur með víni. Þegar hann var kærður og lögreglan hirti hann, hvað heldur þú að lögreglan hafi gert við hann. Hún stakk honum ekki inn; hún fór á rúntinn með honum, það var svo gaman – hann var svo skemmtilegur. Svo kom hún með hann eftir klukkutíma aftur, þá byrjuðu sömu andskotans lætin.[729]
>
> **ÁAV:** Hann var fullur heima þegar ég var að eiga börnin, hann var dauðadrukkinn. Hann labbaði á eftir mér þegar ég var eiginlega komin að því að fæða og var að fara upp í rúm. Hann sparkaði upp undir mig þegar ég ætlaði að leggjast í rúmið. Þetta var svona voðalega mikið. Ég veit að strákunum mínum líkar ekki að heyra þetta en svona var þetta. Ég var þetta ung kona og það var ég ein sem stóð í þessu. Það var enginn sem studdi mig. Ég átti fullt af ættingjum en einhvern veginn vildu þau ekki koma nálægt þessu, fólkið mitt... Maður varð að bjarga sér; maður var náttúrulega með þrjú lítil börn.[730]

Ráðskonustarfið fól í sér þau mikilvægu fríðindi fyrir einstæðar mæður að geta haft börn sín hjá sér, sem áður segir. Möguleikinn á að senda börn í fóstur var þekkt úrræði fyrir einstæðar mæður á þessum tíma, samkvæmt mörgum viðmælendum mínum. Nokkrar kvennanna létu börn sín í fóstur tímabundið til vandamanna og/eða vandalausra, og því tengt þá má nefna að tilvik voru um að mæður og/eða ömmur ráðskvennanna höfðu neyðst til að koma börnum sínum í langtímafóstur: „Það var ekki talað um ættleiðingu, það var verið að gefa börn... Ég áttaði mig ekkert á því að mamma væri ekki heima eða hefði fitnað. Það var bara ekkert talað um þetta – það var farið með þetta eins og mannsmorð.“[731] Upplifun kvennanna var sú að það væri viðteknara úrræði að senda barn í fóstur heldur en að fara í fóstureyðingu (sem lögleidd var 1975) langt fram eftir tímabilinu sem hér er til athugunar.[732] Nokkrir viðmælendur mínir sögðu berum orðum að einu kostirnir í stöðunni fyrir fátækar,

[728] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[729] Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[730] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.
[731] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[732] Fóstureyðingar hér á landi voru fyrst lögleiddar árið 1935. Á þeim tíma var það skilyrði að eyðing fósturs væri leyfileg ef læknifræðilegar ástæður lægju að baki. Sjá Elfa Hlín Pétursdóttir, „Fóstureyðingar í íslenskri löggjöf,“ 13–19.

húsnæðislausar einstæðar mæður, hafi verið að senda börn sín í fóstur eða gerast ráðskona í sveit með börn sín.

> **EÍFJ:** Ég var ómenntuð, tekjurnar risu aldrei undir því að leigja ein með barn... Þetta var valkostur sem ég stóð frammi fyrir sjálf, þess vegna fer ég sem ráðskona. Það var ekki pláss fyrir mig hjá pabba. Hann benti mér á þennan möguleika, að fara sem ráðskona. Þetta var eina í stöðunni fyrir mig, því annars hefði ég ekki getað haft son minn hjá mér.
> **DKE:** Vissir þú af þeim valkosti að þú gætir gefið hann?
> **EÍFJ:** Jájá. Ég vissi að bróðir minn var gefinn, það gekk bara mjög fljótt og vel fyrir sig það dæmi. Í mínum huga var það annað hvort að gera það eða að fara sem ráðskona – það var ekkert annað í stöðunni.[733]

Rannsóknin sýnir að einstæðar mæður í hópi ráðskvennanna voru berskjaldaðar gagnvart misbeitingu hins opinbera hvað varðaði fjölskyldumál þeirra – öðru fremur birtist slík misbeiting í verkum Barnaverndar sem stofnuð var árið 1932:[734] „Ég skal bara segja þér það, það er ekkert leyndarmál; að ég flúði út á land.“[735] Hluti kvennanna hafði orð á því að betur hefði farið á því ef hið opinbera hefði aðstoðað einstæðar mæður sem voru bágstaddar, fremur en að taka af þeim börnin. Hættan á að barn/börn einstæðra mæðra væru tekin af þeim þegar þær voru í neyð var hluti af veruleika margra einstæðra mæðra sem voru illa staddar félagslega og/eða fjárhagslega: „Hún varð að gefa tvö börn, og hún grætur yfir því enn þann dag í dag.“[736] Sögur af börnum sem voru tekin af einstæðum mæðrum sem voru í félagslegri neyð og óskuðu eftir hjálp frá Barnaverndarnefnd, er gegnumgangandi stef í viðtölum mínum við ráðskonur: „Drengurinn var tekinn af henni og settur á Breiðuvík. Þetta er á svipuðum tíma og ég er með mína krakka.“[737] Sú vitneskja kvennanna varð til þess að sumar hverjar voru óöruggar um börn sín í þéttbýlinu og sáu ráðskonustarfið sem eins konar griðarstað frá Barnaverndarnefnd: „Það endaði með því að ég fór á Ráðningarstofu Landbúnaðarins. Ég gat farið á tvo staði þarna strax, sem ráðskona. Annars hefði Barnaverndarnefnd kannski bara tekið af mér börnin, þó ég hvorki drykki né neitt!“[738]

Þegar ég spurði Jenný Sólborgu Franklínsdóttur (f. 1938) hvort Barnaverndarnefnd hefði íhlutast eitthvað um hennar mál þegar hún var einstæð móðir, þá hló hún hátt og sló á læri sér: „Bíddu aðeins, bíddu aðeins,“ sagði Jenný glaðlega og teygði sig í skjöl sem voru geymd nærri í fagurri öskju: „Gjörðu svo vel,“

[733] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.
[734] Guðmundur Jónsson, „The Icelandic Welfare State in the Twentieth Century,“ 261. Sjá líka „Lög um barnavernd.“ *Prestafélagsritið*, 1. janúar 1932, 202–204.
[735] N.N. Viðtal við höfund. (3).
[736] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[737] Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.
[738] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

sagði Jenný státin og hvolfdi úr öskjunni.[739] Snjáðar blaðaúrklippur lágu á víð og dreif á stofuborðinu: „*Kona rændi syni sínum – gafst upp á að eiga við Barnaverndarnefnd*,“ var yfirskrift blaðagreinar frá 1972. Ég las áfram: „konan óskaði eftir því við Barnaverndarnefnd, að hún kæmi drengnum í fóstur um stundarsakir meðan hún átti í húsnæðisvandræðum.“ [740] Í greininni kom fram að Barnaverndarnefnd hefði neitað að láta Jennýju hafa son sitt aftur þó hún hefði útvegað húsnæði. „Jájá“ sagði Jenný og byrjaði að skellihlæja: „Ég gleymi því aldrei, hann hjá Barnaverndarnefnd var alltaf að tala um barnið sitt: „Ég hlýt að vera mikið drukkin“ sagði ég við hann, „ég man ekkert eftir því þegar þú bjóst hann til.“‘“[741] Ráðskonan Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) andvarpaði hljóðlega er hún minntist mesta harms ævi sinnar: „Ég fór á náðir prestsins, formanns Barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar. Þessi maður var níðingur, hann notaði allt sem ég sagði honum gegn mér,“ sagði Ólafía: „hann var að vinna í þágu fyrrum eiginmanns míns sem vildi koma drengnum í fóstur – sem honum svo tókst á endanum; þeir tóku barnið mitt.“[742]

Eins og fyrr segir sáu einhleypar konur/mæður ráðskonustarfið sem tímabundið þrautaráð sem gaf þeim færi á að leggja á ráðin um framtíð sína. Tveir viðmælendur rannsóknarinnar nýttu ráðskonustarfið sem eins konar millilendingu áður en þær gengu í hjónaband. Báðar konurnar voru nýtrúlofaðar þegar þær réðu sig með börn sín sem ráðskonur í sveit: „Ég var ekki tilbúin að gerast húsmóðir strax – giftast inn í sveitina. Ég vildi meiri aðlögunartíma. Því það er stórt spor að gifta sig þegar þú ert komin með börn. Ég segi unnustanum að ég sé að fara sem ráðskona.“[743] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944) fór sem ráðskona eitt sumar á afskekktan bæ með dóttur sína með sér: „Ég sýndi náttúrulega sjálfstæði með því að hætta við að gifta mig og bara gera það sem ég ákvað sjálf að gera.“ [744] Á meðan vistinni stóð ákváðu Guðrún og heitmaður hennar að giftast. Í kjölfarið lagði hann leið sína frá Reykjavík svo þau gætu gifst þar og þá í sveitinni: „Þetta þóttu óskaplega mikil tíðindi, að það hafi komið maður úr Reykjavík og gifst ráðskonunni hans.“ Kona í sveitinni saumaði brúðarkjól á Guðrúnu úr gulu gardínuefni sem fékkst í kaupfélaginu og bóndinn sem hún var hjá, gaf henni fagurt kaffistell úr sömu búð: „svona mokkastell.“ [745]

---

[739] Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund. Jenný er á meðal tveggja viðmælenda í rannsókninni sem varð fyrir því að börn hennar voru tekin af henni fyrir tilverknað Barnaverndaryfirvalda.

[740] Sjá „Kona rændi syni sínum – gafst upp á að eiga við Barnaverndarnefnd.“ *Vísir*, 21. febrúar 1972, 1. „Baráttu við barnaverndarnefnd lauk á dramatískan hátt fyrir 20 árum: Rændi syni sínum.“ *DV - Helgarblað*, 14. mars 1992, 25. Á sama ári og Jenný nam son sinn á brott var frétt um aðra móður sem gerði slíkt hið sama. Sjá „Móðir „rændi syni sínum“ af vöggustofu – Lögregluvörður um hús konunnar í alla nótt.“ *Vísir*, 25. september 1972, 1.

[741] Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.

[742] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[743] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.

[744] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[745] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

## 4.2. Félagsleg staða kvenna í ráðskonuvistinni

### 4.2.1. Laun og starfstengd réttindi

> **KC**: Ég er ein að basla og þetta gengur ekki neitt. Ég er að vinna á daginn og að fara í frystihús á kvöldin að reyna að ná í pening – og aðrir að passa. Það gekk ekki. Svo ég bara vissi að ég yrði að gera eitthvað. Einn daginn sé ég í *Vísi*, þá var *Vísir* alltaf með mikið af auglýsingum, þar stóð: „Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér börn.“ Þegar ég sé þessa auglýsingu þá vissi ég ekkert hvar þetta var á landinu, svo ég náði í landakort og fór að leita og fann þetta á Austurlandi. Mér var alveg sama hvert ég fór bara að ég hefði þak yfir höfuðið og mat fyrir okkur, það var bara svoleiðis. Það var mjög erfitt að halda börnunum sínum þá – þá var það bara þannig að maður varð að fara út á land að vinna. Þarna var ekki verið að spá í margar krónur. Það var matur og þakið. Það var aðalmálið.[746]

Þetta sagði Kristín Chadwick (f. 1943) þegar ég spurði hana hvaða laun hún hefði fengið sem ráðskona í sveit. Kristín réð sig tvívegis sem ráðskona með börn sín á sveitaheimili og var ætíð sátt við ráðskonukaupið, öðru fremur vegna þess að það fól í sér húsnæði og fæði.[747] Ráðskonurnar mundu jafnan lítið um laun og starfstengd réttindi sín frá þeim tíma sem þær unnu sem ráðskonur. Þegar ég spurði konurnar hvað þær hefðu fengið í laun eða hvernig launagreiðslur hefðu farið fram hlógu þær ljúflega og minntu mig á hve langur tími væri liðinn frá því þær sinntu ráðskonustarfi: „Nei elskan mín góða. Það eru 40 ár síðan.“[748] Hluti kvennanna mundi eftir launaupphæðinni sem þær fengu greidda en aðrar mundu frekar eftir varningi sem launin dekkuðu: „Þú veist ég reykti og launin dugðu allavega fyrir bleyjum.“[749] Konurnar mundu samt alltaf eftir því að ráðskonukaupið hefði verið lágt: „Þetta var ekkert til að hrópa húrra fyrir.“[750] sagði ein og kímdi um leið: „Guð, nei, þetta var skítakaup. Ég man bara að þetta var skítakaup,“ sagði önnur konan höstuglega, „skítakaup!“[751] Í þessu sambandi má nefna að mjög margar konurnar vísuðu til ráðskonukaupsins sem *vasapenings* í viðtölunum: „Þetta var bara eins og einhver smá vasapeningur.“[752]

Ráðskonur voru starfsstétt í orði en ekki á borði, einfaldlega vegna þess að af starfstitlinum frátöldum fylgdu starfinu engin skýr launaleg réttindi. Á alþjóðavísu er mun oftar brotið á konum sem vinna launaða vinnu í heimahúsum en þeim sem vinna utan veggja heimilanna.[753] Launuð heimilisvinna er þannig gjarnan ekki talin til vinnu

[746] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.
[747] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.
[748] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[749] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.
[750] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.
[751] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)
[752] María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949), símaviðtal við höfund.
[753] Hondagneu-Sotelo, *Doméstica,* 9.

sökum þess að hún fer fram innan veggja heimila. Heimilisverk á borð við umönnun barna eða eldamennsku teljast því alloft ekki starf heldur einhvers konar náttúruleg meðgjöf kvenna til heimilismanna.[754] Þetta veldur því að launaður starfskraftur á borð við ráðskonu er meðhöndlaður sem húsmóðir launalega en ekki „vinnukraftur," eitthvað sem fræðikonan Maria Mies kallar húsmæðravæðingu (e. *housewifization*)[755] – og kalla mætti launasniðgöngu á grundvelli kynbundinna heimilisverka.

Ráðskonur á sveitabæjum voru ekki sjálfkrafa aðilar að stéttarfélagi sem hefði séð um að laun þeirra og starfstengd kjör væru í senn skjalfest og uppfærð miðað við framvindu launaþróunar: „Starfsfólk í sveitum greiddi ekki í stéttarfélag, það var alveg sama hvort þú varst vinnumaður, fjósamaður eða hvað það var."[756] Þess í stað voru ráðskonur upp á sjálfa sig komnar í þeim efnum, enda þótt viðmið um laun þeirra og launakjör hafi verið gefin út af Stéttarsambandi bænda og Verkamannasambandi Íslands frá og með árinu 1986 fram til 1995. Þar er kveðið á um launaliðinn, þ.m.t. yfirvinnu og frádráttarbæra liði sem og starfstengd réttindi á borð við orlof og lífeyrissjóðsréttindi.[757] Þau launaviðmið, og tilheyrandi starfsréttindamál voru kynnt í blaðinu *Frey,* en tölfræði rannsóknarinnar sýnir að bændur studdust lítið við þau viðmið. Viðtölin sýndu ennfremur að ráðskonurnar vissu langfæstar að slík viðmið hefðu verið tiltæk. Aðeins 2 ráðskonur af 41 fengu greidd laun sem byggðu á nefndum launataxta fyrir ráðskonur (5%), enda þótt samningar þeirra hafi einungis verið munnlegir. Engar heimildir benda til þess að ráðskonur og vinnuveitendur þeirra hafi tekið mið af hjúalögunum sem tóku gildi 3. ágúst 1928 og voru enn í gildi þá. Í þeim lögum er að finna ákvæði sem hverfast um öryggi og vinnuvernd hjúa.[758]

Ráðskonur voru láglaunastétt, en viðtöl rannsóknarinnar sýna að vanalega fengu ráðskonurnar upphæðir á bilinu 10–25 þúsund í laun fyrir ráðskonustörfin. Þau laun voru oftast helmingur af heildarlaunum þeirra, þegar búið var að draga frá fæði og húsnæði fyrir þær og einnig fyrir barn/börn þeirra ef þau voru til staðar. Misjafnt var hve mikið bændurnir drógu af launum ráðskvenna fyrir fæði og húsnæði barna þeirra: „Konan sem var á undan mér, hún var með þrjú börn og hún fékk sjö þúsund. Ég man það svo vel, ég var bara vá. Miðað við aumingja konuna á undan mér, þá var ég hálauna manneskja, ég var bara með eitt barn."[759] Vandamál ráðskvennanna var almennt það að bændurnir mátu launaígildið (fæði/húsnæði) hátt, þannig að ýmist fengu þær lítið greitt eða ekkert fyrir sína vinnu:[760] „Nei – það var ekki króna. Bara

[754] Hondagneu-Sotelo, *Doméstica,* 9.

[755] Mies, „Colonization and Housewifization," 74–110. Þýðing á hugtakinu *housewifization* er komin frá Erlu Huldu Halldórsdóttur.

[756] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

[757] Sjá Hákon Sigurgrímsson. „Réttindi og skyldur launþega og launagreiðenda í landbúnaði." *Freyr,* 15. apríl 1991, 350–351.

[758] Hjúalög nr. 22/1928 byggja að miklu leyti á fyrri lögum; Tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi frá 1866. Fjallað er um bæði lög með hliðsjón af réttindum kvenna í bók Sigríðar T. Erlendsdóttur, *Breytingar á réttarstöðu íslenskra kvenna á 20. öld,* 9–10.

[759] N.N. Viðtal við höfund. (4).

[760] Sjá skrif ráðskonu þar sem hún vill að Búnaðarfélagið stofni ráðskonusjóð svo að bændur fari að greiða ráðskonum mannsæmandi laun. „Niðurgreiddar ráðskonur?" *Tíminn,* 11. nóvember 1975, 13.

unnið fyrir fæði og húsnæði.“[761] Til samanburðar má nefna að ráðskonur sem störfuðu fyrir stofnanir og fyrirtæki fengu mun betra kaup en ráðskonur sem störfuðu á heimilum, bæði í dreifbýli og þéttbýli.[762] Í Búnaðarritinu frá árinu 1965 er fjallað um vandkvæðin sem fylgja því að konur sækist fremur í ráðskonustörf utan heimila heldur en að ráða sig í vist sem ráðskonur á sveitabæi: „Ráðskonur hjá vegavinnuhópum, á útgerðarstöðvum og ýmsum öðrum stöðum, hafa svo hátt kaup, að bændur geta ekki keppt við það, og þegar liðsafla skortir á vinnumarkaði, ræður kauphæðin að sjálfsögðu,“ segir í ritinu.[763]

Engin afgerandi breyting varð á launamálum ráðskvenna á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar.[764] Þegar litið er til útgefinna viðmiða um launakjör ráðskvenna millum Stéttasambands bænda og Verkamannasambands Íslands (1986–1995) sést að mánaðarlaun ráðskvenna (fyrir frádráttarlið) að meðtaldri vinnu þeirra um helgar (sem þær sinntu allar) fóru úr um 32 þúsund kr. árið 1986 og upp í um 83 þúsund kr. árið 1995. Þegar litið er til ársmeðaltala vísitölu neysluverðs (Hagstofa Íslands, grunnur 1984) sést að verð neysluvöru hækkaði 2,5 falt (172,2–424,6) frá 1986 til 1995. Það þýðir að fyrir laun upp á 83 þúsund kr. árið 1995 fæst nánast það sama og fyrir 32 þúsund króna laun 1986 (sbr. 32. þús. kr. x 2,5 = 80 þús, kr.), sem sýnir að raunhækkun launa skv. nefndum taxta var engin eða nálega engin. Eins og komið hefur verið inn á fóru bændur almennt ekki eftir þessum viðmiðum og því lítið hægt að leggja út af þeim launatöxtum. Viðtölin sýndu að laun ráðskvennanna á þessu tímabili voru æði einsleit sem með tilliti til verðlagsþróunar bendir til þess að í reynd hafi laun þeirra lækkað á tímabilinu, enda þótt gögnin séu ekki nægilega marktæk til þess að hægt sé að leggja frekar út af þeim þætti.

Laun ráðskvenna voru oftast greidd undir borðið í reiðufé. Flestar ráðskonurnar fengu laun sín greidd á mánaðargrundvelli en einnig var algengt að þær fengu greitt í lok vistarinnar, en nokkrar þeirra fengu stopular greiðslur. Margar kvennanna fengu líka greitt í vörum sem þær skrifuðu á reikning vinnuveitenda sinna, til dæmis í kaupfélögum: „Bóndinn sagði mér bara að taka út það sem ég þyrfti á

[761] Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

[762] Hér er vitnað í viðtöl mín við ráðskonur sem störfuðu sem ráðskonur á opinberum vettvangi og við fyrrum vegavinnumenn. Sjá líka ÞÞ 12118/1996-3. Þar kemur fram að ráðskonur í vegavinnu voru með sömu laun og flokkstjórar, þ.e. 15% hærri en verkamennirnir á fyrri hluta 20. aldar og fram eftir miðri öldinni.

[763] Gísli Kristjánsson. „Ritstjóri Freys.“ *Búnaðarrit* 1. janúar 1965, 126–140, hér 132. Viðmælandi minn Ásta Ólafsdóttir (f. 1939) sagði að ráðskonulaunin á opinbera sviðinu hafi verið með því besta sem ómenntaðar konur á þeim tíma gátu skaffað. Ásta Ólafsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund. Þó svo að ráðskonur á opinberum vettvangi öfluðu hærri tekna en ráðskonur á heimilum, sögðu ráðskonurnar sem störfuðu á opinberum vettvangi að tekjur þeirra þar hefðu ekki verið ærið háar. Svava Höjgaard (f. 1937) starfaði í marga áratugi sem matráðskona í skólamötuneytum. Hún sagði launin ekki hafa verið það sem hélt henni við efnið öll þessi ár: „Ég var aldrei með mikil laun en ég hafði gaman af þessu. Og þarna fékk maður hól fyrir eldamennskuna og þá hífist maður allur upp.“ Svava Höjgaard (f. 1937), viðtal við höfund.

[764] Sjá sambærilega stöðnun í launaþróun og fleiri réttindamálum innanhúshjúa í rannsókn Stenum á vinnuaðstæðum au pairs í Danmörku á 21. öld og á stöðu innanhúshjúa á fyrri hluta 20. aldar. Stenum, „Housemaids of the Past and Au Pairs of Today in Denmark,“ 134.

nafnið sitt, mat eða föt, það var ekkert verið að horfa í það, og ég var ekki að misnota mér aðstæðurnar.“[765] Á átta af þeim 72 bæjum sem rannsóknin tekur til, fengu ráðskonurnar ekki greidd nein laun í peningum heldur þáðu þær eingöngu launaígildi af ýmsum toga fyrir störf sín. Launa- og samningsmál höfðu ýmsa fleti og þar á meðal var sá ósiður sumra bænda að vilja greiða hluta launanna með afurðum frá eigin búrekstri í stað launa. Verst var þó þegar orðin tóm komu í stað gefinna vilyrða: „Ég var ung og trúgjörn. Hann gaf mér folald en stóð svo ekki við það.“[766] Ein ráðskonan sagði mér frá því þegar hún átti að fá greitt fyrir störf sín í lok vistarinnar og bóndinn greiddi henni að hluta með kjöthakki, henni til mikilla vonbrigða. Önnur ráðskona sagði að hún hefði ráðið sig upp á ákveðin kjör, en þegar að mánuður var liðinn af starfstíma hennar og komið var að fyrstu útborgun, tjáði bóndinn henni að hún fengi helmingi lægri laun: „Ég gekk að því. Ég var bara úrvinda, sá einhvern veginn enga aðra leið. En mér fannst þetta ótrúlega lélegt af honum. Hann virkaði alveg vel efnum búinn þessi maður og hefði alveg getað borgað mér betri laun.“[767] Í þremur tilfellum skelltu bændurnir skuldinni á ráðskonurnar þegar skepnur drápust og reyndu að draga það af kaupi þeirra: „Svo drapst eitt lamb og þá sagði hann að það væri mér að kenna, að þetta yrði dregið af laununum mínum. Ég sagði nei!“[768] Þegar vinnuveitendur Kolfinnu Haraldsdóttur (f. 1941) báðu hana um að starfa lengur sem ráðskona en um var samið, sagði hún við bændurna: „Nú ætla ég til Reykjavíkur því ég er búin að fá húsnæði og ætla að fara að vinna fyrir launum,“ sagði hún og bætti við: „því ég hafði engin laun þarna; ég vann fyrir fæðinu fyrir okkur öll, og ég fékk sígarettur í sveitinni. En ég fékk engin laun.“[769]

> **ST:** Maður horfir til baka og maður hugsar váää, manni var selt herbergi dýrum dómum, sem var dregið af þessu litla kaupi; leiga fyrir eitthvað helvítis herbergi. Það þótti við hæfi. Eins á hinum bænum sem ég fór á sumarið eftir, þar var ég á sólarhringsvakt allt sumarið og ég var látin greiða leigu fyrir þetta herbergi. Það er ótrúlega merkilegt að hafa farið í þetta starf, vitandi að launin voru lítil.[770]

> **BAI:** Hann réð mig sem ráðskonu, upp á kaup og allt. Svo kemur hún [móðir bóndans] til mín, blessunin og segir: „Þú færð nú meðlag með börnunum og það á að duga. Þú þarft ekki að fá nein laun. Þú færð húsnæði og mat, allt það sem börn þín vantar, og þarft ekki að fá neitt annað.“ Ég fékk aldrei laun.
> **DKE:** Hafðir þú ekkert orð á þessu við bóndann?

[765] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund. Ráðskonurnar sem tóku út vörur í nafni vinnuveitenda sinna bændanna, nefndu gjarnan að þeim hafi verið treyst til þess og að þær hafi ekki misnotað sér það traust.
[766] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[767] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[768] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)
[769] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[770] Svava Theodórsdóttir (f. 1960), símaviðtal við höfund.

> **BAI:** Jújú, en hún réði yfir honum [hlær] – og ég fékk engin laun.[771]

Yfirvinna er hugtak sem fyrirfannst ekki í tengslum við ráðskonustarfið á sveitaheimilum – jafnvel þó svo að viðmið er gilda skyldu um yfirvinnu ráðskvenna fyrirfyndust í útgefnum launaviðmiðum millum Stéttarsambands bænda og Verkamannasambands Íslands allt frá árinu 1986. Ráðskonur máttu lúta því að starfa frá morgni til kvölds án þess að sjá þess stað í tekjum sínum: „Ég var ákaflega þreytt á kvöldin, því þetta var mikil vinna og aldrei frí, það þurftu allir alltaf að fá eitthvað að borða – og enginn frídagur.“[772] Skýrustu dæmin um þessa launalegu meðgjöf sem fólst í störfum ráðskvenna var að finna innan árstíðarbundinna álagspunkta í sveitastörfunum, s.s. sauðburður og heyskapur eru dæmi um, því þá teygðist vinnan gjarnan inn á næturnar líka: „Svo kom heyskapur, maður er bara settur upp á traktorinn og látinn snúa og múga, svo rakaði maður. Þetta var bara vinna frá hálf átta á morgnanna til tíu á kvöldin.“[773] Þarna er ólíku saman að jafna þegar litið er til fiskverkakvenna sem á sama tíma voru líka með lág laun, en gátu vegna sinnar aukavinnu og virkni (bónusgreiðslna) í starfi náð að afla sér talsverðra tekna.[774] Af ráðskonunum sem rannsóknin tók til var einungis ein þeirra sem fékk meiri laun en um hafði verið samið: „Við sammæltumst um 30 þúsund fyrir mánuðinn. En hann gaf mér aukalega fyrir sumarið, hann sagði: „Því þú sást svo vel um pabba.“ Hann borgaði mér 35 þúsund.“[775]

Ráðskonustarfið gaf mörgum konunum, þó ekki öllum, færi á að safna peningum í vistinni því þær eyddu nær engu í sveitinni. Sumar kvennanna sáu ráðskonustarfið og sveitina sem lausn undan lífsgæðakapphlaupinu fyrir sunnan: „Það kostar að eiga heima fyrir sunnan, þar sem mikið er um að vera. Ég gat alls ekki eytt peningnum í sveitinni. Það var ekki séns í helvíti ég gæti það.“[776] Einstæðar mæður sem voru með börn sín með sér í ráðskonuvistinni náðu sumar að leggja meðlagsgreiðslurnar fyrir.

> **GSG:** Ég sparaði mér náttúrulega húshald og barnapössun, sparaði mér þetta allt saman. Jájá það var líka peningur. Ég var náttúrulega alveg skítblönk þegar ég kláraði skólann, ég var sem sagt fráskilin, barnung, 22 ára og ekki

---

[771] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[772] Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund. Ólíkt ráðskonum á sveitaheimilum, fengu ráðskonur hjá fyrirtækjum og stofnunum venjulega frí um helgar. Sú var þó ekki alltaf raunin, líkt og viðtal mitt við fyrrum vegavinnuráðskonuna Ástu Ólafsdóttur leiddi í ljós. Ásta tjáði mér að hún hefði ekki getað farið heim um helgar ef einhverjir menn voru eftir í vinnubúðunum, því einhver þurfti að sinna þeim: „Ég held að þetta gengi ekki vel upp í dag, að vinna allan sólarhringinn og vera alltaf á vakt og fá aldrei frí.“ Ásta Ólafsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.

[773] Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

[774] Sjá Eiríkur Hilmarsson, *Laun karla og kvenna*, 22, 29, 31; Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Þær þorðu, vildu og gátu,“ 458.

[775] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965) ), símaviðtal við höfund.

[776] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

> með neina vinnu. Það var meðal annars þess vegna sem ég gerði þetta. Ég sá fram á að ég gæti sparað dáldið.[777]

Laun og starfstengd kjör ráðskvennanna voru nær alfarið grundvölluð á munnlegum samningum millum þeirra og vinnuveitenda þeirra – óháð því hvort þær réðu sig í gegnum Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins og að stöðluð launasamningeyðublöð lægju frammi hjá Stéttarsambandi bænda.[778] Til samanburðar má nefna að þýsku konurnar sem komu sem aðflutt vinnuafl til Íslands í gegnum Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins á eftirstríðsárunum, var gert að skrifa undir vistráðningarsamning.[779] Bréfaskriftir bænda og þýsku kvennanna til Búnaðarfélags Íslands sýna hvernig báðir málsaðilar leituðu réttar síns með hliðsjón af samningnum, s.s. varðandi kaupgreiðslur og vinnutíma.[780] Rannsóknin sýnir að ráðskonur og vinnuveitendur þeirra gerðu einungis skriflegan samning á tveimur bæjanna sem hér er fjallað um: „Þegar þú ert ráðskona, þá er allt í orðinu varðandi hvað þú átt að gera," sagði ein ráðskonan ábúðarfull. Konurnar báru sýnilega ákveðna virðingu fyrir þessu fyrirkomulagi, sem byggði á gagnkvæmu trausti vinnukraftsins og vinnuveitandans: „Þessi gömlu góðu gildi, að þú getir handsalað samning, bara með einu handabandi og það stendur allt sem sagt var."[781] Til samanburðar má nefna að það var alls ekki algilt að ráðskonur sem störfuðu á opinberum vettvangi skrifuðu undir ráðningarsamninga. Ráðskonur sem unnu fyrir stofnanir og fyrirtæki höfðu þó færi á því að kvarta undan slæmum kjörum, ólíkt ráðskonum sem störfuðu á einkaheimilum í dreifbýli sem og í þéttbýli.[782]

Vegna þess að ráðskonur voru alla jafna með lág laun er ef til vill ekki skrítið að fæstir bændanna og ráðskvennanna hafi staðið í því að telja þau laun fram. Reyndar má ætla að litlu hefði breytt fyrir konurnar þó launin hefðu verið uppgefin vegna skattalegs frítekjumarks þeirra. Þrjár kvennanna í rannsókninni borguðu skatt af launum sínum en engin greiddi í lífeyrissjóð. Þá kom fram að á nokkrum bæjunum báðu bændurnir konurnar sérstaklega um að skrifa á sig lægri laun, undir skattleysismörkunum, svo þeir þyrftu ekki að greiða skatta og gjöld af þeim. Rýr laun og launatengd kjör ráðskvenna breyttu því ekki að stundum var vitnað til launakjara ráðskvenna til að sýna fram á slæm kjör húsmæðra sem sinntu sams konar skyldum og ráðskonur. Anna Sigurðardóttir vísar til að mynda í stöðu ráðskvenna til móts við

[777] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[778] Sjá Hákon Sigurgrímsson. „Réttindi og skyldur launþega og launagreiðenda í landbúnaði." *Freyr*, 15. apríl 1991, 351.

[779] Bændur þurftu að biðja um leyfi ef þeir vildu losna undan samningnum og segja þýsku konunum upp vinnunni og/eða hafa samband ef þeir óskuðu eftir að kæra rof ráðningarsamningins. Sjá Pétur Eiríksson, *Þýska landnámið,* 26.

[780] Pétur Eiríksson, *Þýska landnámið*, 65–66. Sjá einnig *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 – B/12. Bréf Steingríms Steinþórssonar búnaðarmálastjóra til Atvinnumálaráðuneytis Reykjavíkur, 15. nóvember 1949.

[781] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

[782] Varðandi réttindi ráðskvenna á opinbera sviðinu má nefna viðtal mitt við Maríu Björgu Gunnarsdóttur (f. 1949) sem var samningsmaður fyrir ráðskonur í brúarvinnu um árabil.

stöðu húsmæðra í manntalsskýrslum, þar sem ráðskonan er skráður sjálfstæður framfærandi og skattgreiðandi, ólíkt húsmæðrum sem þáðu ekki laun og voru gjarnan samskattaðar með eiginmönnum sínum, líkt og tíðkaðist alls staðar á Norðurlöndunum á fyrstu áratugum 20. aldar.[783] Viðtölin sýna hins vegar að ráðskonur voru alls ekki alltaf betur settar en húsmæður í þeim efnum. Yfirvöld gengu framan af rannsóknartímabilinu meira að segja svo langt að leggja ráðskonur að jöfnu við húsmæður hvað skattfrádrátt varðaði ef þær höfðu starfað þrjú ár á einum og sama bænum.[784]

Vegna þess hversu samningar ráðskvennanna voru lausir í reipunum og ekkert stéttarfélag til staðar voru ráðskonur meira og minna háðar ákvörðunum bóndans ef ekki var staðið við ráðningarkjörin. Dæmi voru um að ráðskonur sem höfðu ekki skriflegan samning væru leystar frá störfum án nokkurs aðdraganda. Af sömu ástæðu gátu ráðskonur sagt sig frá vistinni án frekari málalenginga ef það hentaði þeim.[785] Sökum þess að starfskjör kvennanna voru jafnan háð geðþóttaákvörðunum vinnuveitenda þeirra, vísuðu þær oft í innræti vinnuveitenda sinna þegar þær fjölluðu um starfskjör sín: „Hann hlýtur að hafa borgað mér. Þetta var góður maður og réttlátur. Trúlega hef ég fengið laun þegar ég fór.“[786]

Engin af konunum sem voru beittar rangindum í launamálum leituðu réttinda sinna, s.s. til Bændasamtaka Íslands, að einni konu undanskilinni. Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944) ráðfærði sig við stéttarfélag sem hún var í áður en hún gerðist ráðskona, til að grennslast fyrir um réttindi sín. Þegar hér var komið sögu var Kristín búin að starfa á sama sveitabænum í mörg ár. Í viðtali okkar taldi Kristín upp ótal tilvik þar sem brotið var á réttindum hennar, allt frá því að bóndinn dró fæði af launum hennar þó hún keypti eigin mat, til þess að virða ekki vilja hennar þegar hún reyndi að segja upp vistinni með uppsagnarbréfi: „Hann las það ekki, hann reif það í tætlur og henti því.“[787]

> **DKE:** Hvað fékkstu greitt í laun?
> **KRM:** [Hlær]. Það er nú saga til næsta bæjar get ég sagt þér. Ég fékk 40 þúsund. Þar af tóku þeir 20 þúsund fyrir fæði og húsnæði. Þetta var alltaf eins, hækkaði ekkert öll þessi ár. Það var ekki til neinn ráðskonusamningur

[783] Til ársins 1978 var konan ekki talin sjálfstæður skattþegn ef hún var í hjónabandi. Sjá Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?,“ 201; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil,* 257.

[784] Ráðskonur sem voru búnar að starfa lengi hjá sama bóndanum voru gjarnan álitnar sambýliskonur þeirra hvort sem um var að ræða náið samband eður ei. Dæmi um það er samsköttun ráðskvenna og bænda. Sjá Jónatan J. Líndal, *Morgunblaðið 28. ágúst 1970,* 4.

[785] Til samanburðar má nefna að hernámsyfirvöld í Þýskalandi (sett yfirvöld í kjölfar hernáms að aflokinni seinni heimsstyrjöld) kröfðust þess að gerðardómi væri komið á fót hérlendis til að gera upp ágreiningsmál millum þýskra hjúa og vinnuveitenda þeirra. Gerðardómurinn var starfræktur fyrsta vistarár þýska landbúnaðarverkafólksins. Pétur Eiríksson, *Þýska landnámið,* 117–124. Sjá einnig *ÞÍ.* Landbúnaðarráðuneytið 2001 - BA/302. Bréf frá Búnaðarfélagi Íslands til Atvinnumálaráðuneytisins, 8. Júní 1949.

[786] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[787] Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

> hjá verkalýðsfélögunum, upp á ráðskonustörf í sveit, nema eitt sumar. Það var ekki til neitt framhald, skilurðu... Ég var að spyrja þá hjá verkalýðsfélaginu, hvernig þetta væri; ráðskonustörf, fengu þær ekki jólauppbót og orlofsuppbót? Jújú það á að vera. Ég fékk það aldrei. Ég sagði: „ég hef ekki fengið neitt síðan ég byrjaði.“ Ég lét reikna út fyrir mig hvað karlinn skuldaði mér frá því ég byrjaði, hvað hann skuldi mér mikið í orlofsuppbót og jólauppbót. það var töluverð upphæð. Svo ég fer með hana, náttúrulega í afriti og læt bóndann hafa þetta og segi: „Þú skuldar mér þetta.“ „Ég á ekkert að borga fyrir þetta“ [leikur bóndann með hvössum tóni]. – „Jú“ sagði ég „og ef þú mótmælir þessu þá læt ég lögfræðing fara í þig“ [hlær]. Hann samdi við mig kallinn. Ég fékk borgað eins og búið væri að taka skattinn af, skilurðu. Ég samþykkti það. Svo sagði ég við hann: „Ég tek þetta í vörum úr því þú vilt ekki borga mér pening, ég kaupi hvað sem ég vil á ykkar reikning.“ Svo einhvern tímann var hann að skoða reikninginn eftir mánaðarmótin, þá segir hann: „Hvaða fimm þúsund krónur eru þetta!?“ Svo þegar komið er um 1996 og ég sé fram á það að ég muni ekki vera lengi þarna, safnaði ég matvörum og öllu mögulegu og sendi frænku minni í Reykjavík – samt átti ég slatta eftir inni hjá honum þegar ég fór.[788]

Vegna þess að konur gengust inn á að sinna ráðskonustarfinu án skriflegra samninga og þátttöku í stéttarfélagi, naut starfsstétt ráðskvenna ekki sjúkradagpeninga sem komu til sögunnar með almannatryggingalögum árið 1946.[789] Tvær konur sem ég ræddi við slösuðust í ráðskonustarfinu. Í báðum tilvikum fengu þær hvorki frí til að jafna sig né sjúkradagpeninga: „Það var harkan sko; þú skalt koma út í fjós þó þú sért lasin!“ [790] Þessi tilvik eru skýr dæmi um það hve takmarkað öryggi starfsstétt ráðskvenna bjó við varðandi starfskjör sín. Meiðsli annarrar konunnar, Jennýjar Sólborgar Franklínsdóttur (f. 1938), skerti vinnugetu hennar varanlega og hún varð 30% öryrki: „Ég varð að hætta,“ sagði Jenný og lýsti vinnuslysinu á eftirfarandi vegu:[791]

> **JSF:** Hann lét mig taka níðþungt skrifborð á móti sér, ég var svo agalega grönn, ég var nú ekki nema 40 kg. Þú sérð að ég hef bætt vel á mig [hlær]. En þá slitnaði eitthvað í bakinu á mér. Það kom hvellur bara og ég gat varla labbað. Það var alveg sama ég átti að halda áfram að gera hreint, gera þetta og gera hitt. Þá sagði gamli maðurinn [faðir bóndans]: „Nei takk! Nú elda ég matinn og Jenný liggur kyrr.“ Ég spyr bóndann hvort hann ætli ekki að fara með mig til læknis, þá var mér sagt að eitthvað hefði slitnað... Það var ekki tekin mynd hjá lækninum. Einhvern veginn fannst mér, af því að læknirinn

---

[788] Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[789] Sjá Guðmundur Jónsson, „The Icelandic Welfare State in the Twentieth Century,“ 253.

[790] Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[791] Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.

> var úr sveitinni, að hann héldi meira með bóndanum en mér. Eins og oft er sagt um kvenfólk; þetta hlýtur að lagast.[792]

Enn eitt dæmi um það misræmi sem var á starfskjörum ráðskvenna og annarra kvennastétta er orlofsréttur þeirra – eða öllu heldur skortur á orlofsrétti. Þegar ráðskonur á sveitabæjum þurftu að komast af bæ þurftu þær engu að síður að sinna ákveðnum störfum þann daginn, helst að framreiða mat eða sinna mjöltum: „Ég skaust í bæinn kannski eftir mjaltir. Ég var komin aftur fyrir klukkan fimm.“[793] Í slíkum tilfellum báru frásagnir kvennanna með sér að slík frávik hefðu verið flokkuð til munaðar og vitnað um góðmennsku bændanna sem „gáfu frí“: „Ég var ekki sérstaklega meðvituð um hvaða rétt ég ætti í þessari stöðu, á fríi og öðru.“[794]

Húsmæður sem sinntu sambærilegum störfum og ráðskonur, áttu frá og með árinu 1960 rétt á orlofi fyrir sína vinnu. Orlofslögin áttu að tryggja að húsmæður sem hlutu engin laun fengju engu að síður frí frá önnum vinnunnar.[795] Ráðskonur gátu ekki sótt um húsmæðraorlof, þó svo að sá möguleiki hafi komið til tals sama ár og orlof húsmæðra var afgreitt sem lög frá Alþingi: „Þeirra [ráðskvenna] störf eru ekki síður dyggðug og þreytandi, en störf annarra húsmæðra,“ segir í skýringum frumvarps til laga um orlof húsmæðra.[796] Til að bæta gráu ofan á svart var eðlilegur frítími ekki í boði nema með lagni hjá ráðskonum. Öfugt við starfsstéttir sem unnu utan sveitabæja, lauk daglegri vinnu ráðskvenna ekki á tilteknum tíma heldur einungis þegar gengið var til náða.

Vinnan sem ráðskonur lögðu alla jafna til, var langt umfram það sem eðlilegt má teljast sem vinnuframlag fyrir slík verk – og enn frekar þegar litið er til þeirra launa og þess launaígildis sem starfið skilaði þeim. Aukinheldur voru þær á bakvakt þá fáu tíma sem þær voru ekki að störfum. Hvað þetta varðar hafa þær algera samsvörun við húsmæðurnar. Mismunurinn er þó sá að húsmæðurnar áttu fjölskylduna sem þær þjónustuðu enda þótt þær hafi sjaldnast verið skrifaðar fyrir eignahlutdeild í búinu.[797] Segja má að húsmæðurnar hafi með fórnfýsi í störfum sínum verið að hámarka líffræðilegan afrakstur sinn með tilliti til lífsmöguleika eigin fjölskyldu. Það sama verður ekki sagt um óvenslaðar ráðskonur, sem þrátt fyrir að hafa engin venslatengsl höfðu sama vinnuháttinn á og húsmæður sem fórna sér fyrir fjölskylduna og búið.

Ljóst er að konur sóttu ekki í ráðskonustarfið til þess að maka krókinn fjárhagslega. Áður en þær réðu sig í ráðskonuvist höfðu flestar kvennanna stundað störf sem gáfu þeim mun hærri tekjur en ráðskonustarfið gerði, en launin ein og sér voru ekki nægileg til þess að framfleyta einstæðum mæðrum og börnum þeirra við

792 Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.
793 Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
794 Svava Theodórsdóttir (f. 1960), símaviðtal við höfund.
795 Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vinna, læra, kaupa,“ 374–376; *Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra, 111.
796 „Frumvarp til laga um orlof húsmæðra,“ 12. Ákvæðið rataði ekki í sjálft frumvarpið.
797 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennakraftur,“ 507 og 509.

aðstæður sem ríktu í þéttbýli. Vissulega má segja að ráðskonustarfið hafi gefið mörgum konum betra tækifæri til að vera fjárhagslega sjálfstæðar en önnur störf, fyrst og fremst vegna þess að starfinu fylgdi húsnæði og fæði. Svo vitnað sé í orð Ingu Huldar Hákonardóttur sagnfræðings, í viðtalsbók hennar um lífsreynslu verkakvenna á síðari hluta 20. aldar: „Það er ekki til svo slítandi eða lítilsvirt starf, að örvæntingarfull móðir fúlsi við því. Karlmaður, sem vill fá einhæft starf samviskusamlega leyst af hendi fyrir lítinn pening, hann auglýsir eftir stúlku eða konu.“[798] Þrátt fyrir að ráðskonulaunin hafi nær alltaf verið mjög lág sögðu margar kvennanna að þær hefðu samt sem áður verið betur staddar fjárhagslega sem ráðskonur en í þeim störfum sem þær höfðu verið í áður. Ástæðan var einfaldlega sú að þegar þær voru búnar að borga leigu, dagheimili eða önnur tengd gjöld, mat og aðrar nauðsynjavörur, var lítið sem ekkert eftir af laununum til að lifa á: „Mig vantaði aldrei peninga meðan ég var þarna í sveitinni. En það var náttúrulega annað en þegar ég var hér í bænum, þá náði ég ekki endum saman.“[799]

Konurnar voru mjög meðvitaðar um launaréttindi kvenna, og það rótgróna óréttlæti sem felst í kynbundnum launamismun. Í viðtölunum spurði ég þær ætíð: „Tókstu einhvern þátt í baráttu kvenna fyrir réttindum sínum – formlega eða óformlega?“ Sú spurning gerði margar kvennanna nokkuð órólegar. Í viðtölum Lynn Abrams við konur sem fæddar voru á 5. áratugnum kom slíkt hið sama fram, sem bendir til þess að þær hafi ekki með öllu verið hlynntar þróun femínismans síðustu áratugi.[800] Líkt og í tilfelli viðmælenda Abrams miðaðist afstaða ráðskvennanna til kvenréttindamála gjarnan við launabaráttu kvenna.[801] Þannig kom kvennafrídagurinn árið 1975 iðulega upp í svörum kvennanna; sá dagur var eins konar samnefnari fyrir kvenréttindi í augum þeirra.

Þrátt fyrir að konunum væri umhugað um launajöfnuð kynjanna sýndu viðtölin að þær voru alls ekki alltaf í aðstöðu til að krefjast umbóta í þeim efnum á sínum starfsárum sökum laklegrar félagslegrar stöðu sinnar – og gátu af sömu ástæðu kannski ekki tekið þátt í kvennafrídögum og verkföllum: „Ég var að vinna daginn sem konurnar fengu frí. Af því að ég var einstæð móðir, þá notaði ég tækifærið – fékk næturvinnu, plús dagvinnu.“[802]

> **Anon:** Í upphafi verkalýðsbaráttu kvenna, þegar þær voru að byrja að fara í verkföll og þess háttar – þá voru það oft einstæðar mæður, sem voru hálfdrættingar í launamálum; konur sem fengu sömu laun og 16 ára strákar, konur sem höfðu kannski unnið í 30 ár og héldu fyrirtækjunum gangandi. Þessu vildu þær breyta. Þær sem stóðu fyrir byltingunni, þessari fyrstu

[798] Inga Huld Hákonardóttir, *Hélstu að lífið væri svona?,* 128.

[799] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

[800] Athyglisvert var að sjá að þær konur sem tóku sérstaklega fram í viðtölunum að þær væru ekki femínistar, lögðu engu að síður oftar en ekki áherslu á mikilvægi þess að konur stæðu á sínu gagnvart körlum, s.s. að þær létu enga karla valta yfir sig.

[801] Abrams, „Liberating the female self,“ 31–32, 34.

[802] Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

> byltingu verkakvenna. En um leið voru þetta konur sem máttu ekki við því að missa launin sín því það voru engin félög sem þær gátu leitað til eftir mat oní börnin sín. Þær voru að skríða inn um glugga í fyrirtækjunum sem þær unnu hjá, til þess að þær gætu unnið í laumi í verkföllunum, til dæmis í Hafnarfirði. Þetta er náttúrulega ákveðin barátta og hefur orðið til þess að konur á Íslandi hafa það mjög gott á heimsmælikvarða.[803]

Þrátt fyrir að ráðskonurnar hafi verið þakklátar fyrir starfsvettvang sinn, sveitabæinn, þá voru margar hverjar engu að síður ósáttar við starfskjör sín í vistinni, oftast í tilfellum er vinnuveitendur þeirra stóðu ekki við gerða samninga. Konurnar þurftu yfirleitt að sætta sig við lakleg kjör og leituðu sjaldan sem aldrei réttar síns þegar brotið var á þeim launalega, sökum bágrar félagslegrar stöðu sinnar. Viðtölin sýndu að þær voru ekki líklegar til að kvarta undan slæmum kjörum því þær þurftu á starfinu að halda og þær sáu ráðskonustarfið yfirleitt sem tímabundið atvinnuúrræði. Konurnar vissu líka sem var að laun þeirra fyrir vinnu inni á einkaheimilum til sveita, voru háð ýmsum þáttum sem launataxtar verkalýðsfélaga þurftu ekki að lúta, svo sem persónulegum áherslum vinnuveitandans og fjárhag hans. Af því leiddi að þær fundu í störfum sínum ekki bein tengsl við ýmis launabaráttumál sem unnið var að á þeirra ráðskonutíð, með hliðsjón af stétt og kyni.

> **DKE:** Tókstu einhvern þátt í baráttu kvenna fyrir réttindum sínum – formlega eða óformlega?“
> **SSH:** Í ráðskonuvistinni?
> **DKE:** Bara yfir höfuð?
> **SSH:** Ég man rosa vel eftir deginum mikla, hvað ætli ég hafi verið gömul, 16 ára; kvennafrídeginum. Við vorum þrjár systur og einn bróðir, hann var yngstur. Við spáðum mikið í því að bróðir okkar þyrfti líka að taka þátt í húsverkunum eins og við – þú veist: Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður! Við vorum þannig þenkjandi. En samt sá ég það ekki í samhengi við það að gerast ráðskona – ég þurfti á starfinu að halda.[804]

### 4.2.2. Að búa inni á vinnustaðnum

Þegar konurnar komu til starfa á sveitabæina, byrjuðu þær á því að koma sér fyrir, um leið og þær gerðu úttekt á því hvaða störfum þær þurftu að sinna á heimilunum, og samhliða lásu þær í andrúmsloftið á bæjunum: „Það getur verið erfitt að fara inn á heimili hjá einhverjum öðrum, því þú veist ekki hvaða andrúmsloft tekur á móti þér.“ [805]

[803] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)
[804] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[805] Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), viðtal við höfund.

> **SJ:** Ég kem þarna með krakkann um kvöld. Hrúga draslinu mínu í ráðskonuherbergið og læt renna í bað og baða barnið. Seinna var mér sagt að það hefði þótt svo merkilegt hvað ég var heimilisleg, kem þarna eins og ég eigi heima þarna og geri það sem maður gerir á kvöldin: Maður býr um rúmið sitt, baðar barnið sitt, hefur til kvöldmat. Ég gerði þetta. Ég var löngu byrjuð að gera þetta áður, eins og á bænum þar sem ég var á undan, þegar ég kom þangað þá kom ég líka um kvöld. Þá byrjaði ég bara á því að kíkja inn í alla skápa í eldhúsinu til að sjá hvar hlutirnir voru geymdir og elda kvöldmatinn. Þetta er bara það sem maður gerir, maður skannar eldhúsið og byrjar að vinna [undir frásögninni hljómar prjónaglamur].[806]

Einkalíf ráðskvenna var takmörkunum háð vegna þess að heimili þeirra var í senn heimili vinnuveitenda þeirra. Vinnuvettvangur ráðskvenna í sveit var fyrst og fremst íbúðarhúsið, rými sem var afdrep heimilisfólksins. Sú staðreynd að vinnustaður ráðskvenna var samvaxinn heimili, bæði ráðskvennanna og vinnuveitenda þeirra, þýddi að vinnan var aldrei laus undan heimilinu og heimilið var aldrei laust undan vinnunni.

Fræðikonan Helle Stenum sem fjallað hefur um kjör innanhúshjúa fyrr og nú, segir ýmsa þætti mikilvæga svo að hjú upplifi vinnustaðinn sem eigið heimili, til dæmis að geta ráðið mataræði sínu, boðið til sín gestum og átt afdrep.[807] Einkalíf ráðskvenna afmarkaðist við herbergi þeirra, en nær allar voru með sérherbergi: „Jájájájájá, ráðskonuherbergið. Það var bara stærsta herbergið í húsinu!“[808] Flestar voru vistarverurnar góðar en sú var ekki alltaf raunin. Ein ráðskonan tjáði mér t.d. að allir klæðaskáparnir á bænum hafi verið inni í herberginu hennar: „Ég vissi aldrei hvenær þau [bóndinn og móðir hans] myndu koma; þegar ég var upp í rúmi þá komu þau inn að ná í eitthvað, bönkuðu ekki einu sinni.“[809] Í ráðskonuherberginu geymdu konurnar föggur sínar, sem í flestum tilfellum samanstóðu af klæðum þeirra, barnafötum og barnadóti ef börn voru með í för.[810] Frásagnir kvennanna bentu til þess að þær dveldu lítið inni í herbergjum sínum yfir daginn. Til vitnis um það eru tíðar lýsingar þeirra af því að hlusta á útvarpið inni í eldhúsi, stunda handavinnu eða lestur inni í stofu, mala í og/eða hlera sveitasímann og af því að ganga í grennd við bæina. Börn ráðskvennanna voru iðulega ekki með sérherbergi heldur sváfu með mæðrum sínum í herbergi. Í tveimur tilvikum sváfu börn bændanna í ráðskonuherbergjunum, sem fól í sér fleiri vinnustundir fyrir ráðskonurnar. Slíkt fyrirkomulag, að

---

[806] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

[807] Stenum, „Housemaids of the Past and Au Pairs of Today in Denmark,“ 128. Til samanburðar má nefna að ráðskonur á einkaheimilum í þéttbýli höfðu yfirleitt íburðarmeiri séraðstöðu til umráða en reyndin var til sveita. Til dæmis var ein konan sem ég ræddi við með séríbúð fyrir ofan vinnuveitanda sinn. Auglýsingarnar votta einnig um þetta. Sjá auglýsingu sem birtist í *Morgunblaðinu* 28. september 1958, 5

[808] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

[809] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[810] Í viðtölunum spurði ég viðmælendurna ætíð hverju þær pökkuðu fyrir ráðskonuvistina.

vinnuveitendur létu börn sín sofa hjá heimilishjúunum, þekktist þá á alþjóðavísu.[811] Þegar svo bar undir fannst ráðskonunum vistarverur sínar ekki geta talist til *sér*herbergis: „Nei, því ég var með stelpuna hans líka."[812]

Líf ráðskvenna og ábúenda skaraðist innan veggja bæjanna. Viðtölin sýndu að mest af þeim tíma sem ráðskonurnar eyddu með vinnuveitendum sínum tengdust matmálstímum og því þegar gesti bar að garði. Auk þess lágu leiðirnar saman í frítíma þeirra á kvöldin, en þá var ekki óalgengt að ráðskonurnar spiluðu og skröfuðu við bændurna: „Á kvöldin sátum við í eldhúsinu og spjölluðum."[813] Konur sem störfuðu sem ráðskonur í kjölfar sjónsvarpsvæðingarinnar (1966), horfðu líka gjarnan á sjónvarpið með heimilisfólkinu, þ.e. ef bændurnir voru búnir að „sjónvarpvæðast" eins og ein ráðskonan orðaði það.[814] Samverutími ráðskvennanna og vinnuveitenda þeirra miðaðist iðulega við bjástur hversdagsins – en sumar kvennanna eyddu líka hátíðisdögum á bæjunum.

Ráðskonurnar höfðu mismikinn áhuga á samkrulli við bændurna: „Bóndinn var alltaf að bjóða mér í bíltúr, á mínum bíl [hlær]. Þá keyrði hann, var að sýna mér sveitina eins og gengur," sagði ein ráðskonan:[815] „Ég sótti ekkert í að vera í samskiptum við hann, bara vann mína vinnu og passaði að það væri allt fínt og nóg til að borða," sagði önnur.[816] Hve miklum tíma ráðskonur og bændur eyddu í félagsskap hver annarra réðst fyrst og fremst af því hve vel þau áttu saman. Fæstar ráðskonurnar töldu bændurna hafa verið vini sína, jafnvel þó svo að vinátta hafi verið þeirra á millum. Í þessu tilliti þarf að gæta að því að í flestum tilfellum var mikill aldurmunur á ráðskonunum og vinnuveitendum þeirra: „Ég myndi ekki segja vinir, kannski meira svona jafningjar. Við vorum engir trúnaðarvinir. Mér finnst fólk í dag nota orðið vinir um kunningjasambönd. Við vorum bara saman á heimili og létum hlutina ganga."[817] Margar ráðskvennanna álitu það vera óformlega skyldu sína að veita vinnuveitendum sínum félagsskap, ekki síst einmana bændunum.

Það félagslíf sem fólst í gestakomum var mismikið eftir sveitabæjum, en oftast var konunum velkomið að bjóða vinum sínum og vandamönnum í heimsókn.[818] Konunum fannst möguleikinn á að geta boðið eigin gestum á bæina gera vistina heimilislegri. Gestakomur á bæina voru þó fyrst og fremst bundnar við gesti sem voru að heimsækja bændurna og þeirra fólk. Ráðskonurnar drukku þá vanalega kaffi með húsráðendum og gestunum, með einhverjum undantekningum: „Þegar það komu gestir á bæina þá var það ég sem hellti upp á kaffið og tók til bakkelsið, sá um að

---

[811] Hondagneu-Sotelo fjallar um algengi þess að vinnuveitendur létu börn sín gista í herbergi heimilishjálparinnar í Bandaríkjunum á seinni hluta 20. aldar. Hondagneu-Sotelo, *Doméstica,* 145. Sjá líka Stenum, „Housemaids of the Past and Au Pairs of Today in Denmark," 131.

[812] Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.

[813] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.

[814] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[815] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

[816] N.N. Viðtal við höfund. (5).

[817] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[818] Tuttugu kvennanna áttu í bréfasamskiptum á þeim tíma sem þær voru ráðskonur, t.d. við vinkonur sínar og einnig pennavini, sem sumar höfðu komist í samband við sem börn í gegnum barnablaðið *Æskuna.* Nefna má að ein konan frétti af ráðskonuvist í gegnum bóndason sem hún skrifaðist á við. Hann var pennavinur hennar án þess að þau hefðu hist.

þjóna fólkinu til borðs. En ég drakk aldrei með þeim.“[819] Margir viðmælendur mínir lýstu ánægju sinni með gestakomurnar á bæina sem brutu upp hversdagsleikann, á meðan aðrir viðmælendur horfðu á gestakomurnar sem skylduverk er fól í sér að skenkja kaffi, framreiða kaffibrauð og rabba við gestina.

> **GM:** Það komu nú ekki margir. Jú maður gerði það, lagði á borð og drakk með þeim. Maður hafði engan áhuga á fólkinu, þetta var fólk á hans aldri. Ég hafði sko ekki mikinn áhuga á þeirra umræðuefni skal ég segja þér [hlær]. Mér fannst það bara stupid. Ég var auðvitað bara 17 ára. Þau voru alveg að tala við mig, það var ekki málið – ég var ekkert hunsuð. En þegar þau fóru að tala saman, þá bara hafði ég ekki áhuga, þau voru að tala um fólk í sveitinni sem ég vissi ekkert um.[820]

Ráðskonurnar fengu talsverða athygli í sveitunum þegar þær bar þar fyrst að garði, bæði frá konunum en þó aðallega körlunum. Þegar ný ráðskona kom á bæ var eins konar venja í íslenskum sveitum að menn kæmu í heimsókn „að skoða ráðskonuna,“ eins og margir viðmælendur mínir orðuðu það: „Það voru alltaf margir ungir menn að koma í kaffi, kvöldkaffi. Þeir báru því við að þeir væru að koma að spjalla við bóndann. En svo sögðu þeir mér karlarnir á bænum, að það væri nú bara verið að koma að skoða ráðskonuna.“[821] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958) hló alúðlega þegar hún rifjaði upp þorrablót í sveitinni þar sem sveitungar stigu á svið og léku hana ráðskonuna, og rennslið af köllunum í sveitinni sem komu „að skoða nýju ráðskonuna.“[822] Ein ráðskonan glotti þegar hún rifjaði upp ólguna sem hún olli í sveitinni þegar hún fór í sólbað í bikiníi: „Þá komst þessi saga á kreik; að ráðskonan hafi bara verið í sólbaði út í garði. Þetta þótti vera svolítil tíðindi.“[823] Eftirtektin sem margar ráðskvennanna fengu við komu sína í sveitirnar var þeim framandi; konurnar höfðu ekki hlotið slíka athygli í þéttbýlinu eða í eigin sveit. Flestar kunnu að meta þessa athygli, en þó voru fáein dæmi um að konunum fyndist hún óþægileg.

> **KB**: Það var svolítið skondið. Presturinn þarna í sveitinni, hann hringdi einn daginn, laugardag, og minnti bóndann á að það væri biblíudagur á morgun, á sunnudaginn. Og hvort hann vildi ekki koma með ráðskonuna í messu, því konunum í sveitinni langaði svo til að sjá hana. Ég bara sagði: „Nei takk. Ég fer ekki neitt. Kemur ekki til greina.“ Það var ekki hægt að búast við öðru svari.[824]

---

[819] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[820] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[821] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund. Lýsing á heimsóknum þegar verið var að koma að „skoða ráðskonu“ í óþökk bóndans, er að finna í skáldsögu Jóns Helgasonar, *Orðspor á götu*, 25–26.

[822] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

[823] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

[824] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

Æði misjafnt var hvort konunum fannst mikilvægt að ráðskona tæki þátt í mannlífinu í sveitinni. Fáeinar kvennanna eignuðust vini og kunningja í sveitinni á ráðskonutíð sinni, á meðan aðrar kváðust ekki hafa kynnst neinum að ráði. Ráðskonur á um helmingi bæjanna sóttu félagslega viðburði í sveitinni, s.s. sveitaböll, útihátíðir eða þorrablót: „Ég endaði einu sinni á fjósastígvélunum á balli, vegna þess að við byrjuðum í dráttarvél, fórum svo á snjósleða og síðan í bíl sem keyrði okkur á ballið – og þá urðu skórnir mínir eftir einhvers staðar á leiðinni.“ [825] Algengt var að ráðskonurnar og bændurnir færu saman/væru samferða á böllin, aðallega á bæjum þar sem voru ungir bændur. Möguleiki einstæðra mæðra til að sækja samkvæmi í sveitinni réðst þó fyrst og fremst af því hvort þær fengu pössun: „Ég var ekki með neina pössun, langt frá öllum. Maður er náttúrulega mjög félagslega einangraður, fjarri sinni fjölskyldu, ein með barn.“ [826] Dæmi voru um að vinnuveitendur ráðskvennanna hefðu hvatt ráðskonurnar til að mæta á samkomur í sveitinni og jafnvel boðist til að passa fyrir þær: „Ég mátti fara á kvöldin og hitta fólk og bóndinn passaði strákinn fyrir mig á meðan.“[827]

Ráðskonur höfðu ekki alltaf færi á að taka þátt í félagslífinu í sveitinni þó þær fegnar vildu. Allmargar kváðust hafa verið félagslega einangraðar í sveitinni. Þær konur störfuðu jafnan á bæjum þar sem lítið var um gesti, þ.e. konur sem voru á afskekktum bæjum þar sem gestakomur voru fátíðar. Sumar ráðskvennanna sem kvörtuðu undan einangrun störfuðu á einmenningsheimili, hjá bónda sem var t.d. mun eldri en þær og/eða var óframfærinn í samskiptum: „Það voru lítil samskipti. Hann var mjög feiminn og mjög einrænn.“ [828] Konurnar upplifðu líka einangrun í ráðskonustarfinu vegna þess að þær störfuðu oftast einar innanbæjar.

Miklu máli skipti að ráðskonur á sveitabæjum hefðu ökuréttindi og bíl til umráða. Slík kjör gerðu þeim kleift að fara oftar af bæ og auðveldaði þeim um leið að skapa félagslíf utan veggja bæjarins. Meira en helmingur ráðskvennanna var með bílpróf þegar þær störfuðu sem ráðskonur, um fjórðungur hafði eigin bíl til umráða og þriðjungur fékk afnot af bílum sem voru á bæjunum. Í þessu sambandi þarf að taka tillit til þess að framan af á síðari hluta 20. aldar var alls ekki sjálfgefið að konur væru með bílpróf.

> **SSH:** Mér fannst það rosa frelsi – þá gat ég bara farið skilurðu. Og ég gerði það oft. Ef það var einhver pirringur þá var gott að fara út að keyra. Ég gerði það svolítið, mér fannst það rosa gott, um sveitina. Stundum stoppaði ég og horfði á umhverfið; mér finnst svo fallegt þarna. Einmitt þetta, að komast í burtu, það var rosa gott.[829]

[825] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B). Viðmælendur mínir spjölluðu lítið sem ekkert um þá félagslega viðburði sem þær sóttu: „Hvernig heldur þú að ég muni með hverjum ég fór á ball?“ N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

[826] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

[827] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[828] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.

[829] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

Sökum þess að ráðskonustarf í sveitum var bundið við einkaheimilið var persónulegt líferni ábúenda samofið vinnu ráðskvenna. Sú staðreynd olli því að ráðskonurnar sem ég tók viðtöl við veltu oft vöngum yfir því hvað þær mættu og hvað þær mættu ekki segja um vistina: Hvað var leyfilegt að segja um einkalíf annarra? Hvar lágu mörkin milli einkalífs/vinnulífs þeirra og einkalífs ábúenda?

Sagnfræðingurinn Sigríður Th. Erlendsdóttir sagði í viðtali mínu við hana, að hún hefði lent í svipuðum aðstæðum þegar hún tók viðtöl við konur sem störfuðu sem vinnukonur í Reykjavík fyrir og eftir aldamótin 1900: „Ég talaði við vinnukonu á mjög stóru og góðu heimili þar sem var margt fólk. Hún var svo óskaplega treg að segja frá, þó hún mundi allt: „Þú segir nú ekki frá þessu, þú segir ekki þetta!““[830] Víst er að viðmælendur Sigríðar, vinnukonurnar, voru ófúsari að segja frá en ráðskonurnar sem ég ræddi við, sökum kynslóðabils: „Mér fannst óskaplega mikilvægt að fá þær til að tala. En það var erfitt, reyndist mér oft mjög erfitt. Þetta var kynslóðin sem talaði ekki – ekki gleyma því. Það var ekki talað eins mikið og í dag," sagði Sigríður.[831]

Ráðskonurnar sem ég hafði tal af voru á mismunandi aldri, en það breytti því ekki að þær höfðu allar upplifað þær gífurlegu breytingar sem orðið hafa á tjáningu fólks um persónuleg málefni síðustu áratugi, þar sem tilkoma og mikil útbreiðsla ljósvakamiðla hefur gerbreytt umræðunni og opnað á alla kanta. Sökum þess segir Lynn Abrams, að munnlegar sjálfsævisögur (e. *spoken autobiographical narrative*) séu almennar á 21. öldinni, ekki síst meðal kvenna, sem eru orðnar vanar dramatískum persónulegum umfjöllunum og opinberunum á almennum vettvangi. [832]

> **SJ**: Maður bjó og vann með fólki inni hjá því. Þá kynntist maður því ótrúlega vel á ótrúlega stuttum tíma. Maður sér veikleika og galla fólks strax. Hvað á ég að segja, það er mjög afhjúpandi. Já, þó svo maður geri ekkert með það. Maður getur verið í þeirri stöðu að maður sjái miklu miklu meira heldur en í rauninni er venjulegt að maður sjái, nema hjá sínum allra nánustu – hjá óviðkomandi fólki; sér það sem manni er ekki ætlað að sjá, nema hjá sínum allra nánustu. Það er vandmeðfarið.[833]

#### *4.2.2.1. Útsjónarsemi ráðskvenna með börn*

> **GMS**: Þegar leið á sumarið þá leið mér ósköp vel og sérstaklega þegar ég kom aftur um veturinn – þá leið mér eins og ég væri að koma heim. Stelpan mín var eins og hálfs árs þegar við komum þangað um sumarið. Svo leið eitt og hálft ár, þangað til hún kemur aftur, og hún alveg hljóp upp stigann og sagði: „Herbergið mitt, rúmið mitt!" Mjög fyndið. Bara svona lítil. Það var æðislegt.[834]

---

[830] Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund.
[831] Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund.
[832] Abrams, „Liberating the female self," 34.
[833] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.
[834] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.

Ráðskonur sem voru með börn á sínu framfæri, höfðu um margt ólíka reynslu af ráðskonustarfinu en þær konur sem voru barnlausar: „Það var erfiðara að flakka á milli með börnin með sér.“[835] Einstæðar mæður þurftu að finna ráðskonustöðu þar sem þær máttu hafa börn sín með sér, á meðan barnlausar ráðskonur höfðu úr fleiri vistum að velja. Viðtölin sýndu að það var mun snúnara fyrir einstæðar mæður með mörg börn að ráða sig í ráðskonuvist heldur en konur með 1–2 börn. Dæmi voru um að konur þyrftu að koma hluta af börnum sínum fyrir hjá öðrum er þær fóru í ráðskonuvistina.

Allar einstæðu mæðurnar í hópi viðmælenda minna fengu leyfi ábúenda fyrir því að taka börn sín með sér í vistina – en sumar skynjuðu þegar á bæinn var komið, að börnin voru ekki velkomin. Orðin „má hafa með sér barn“ eða „börn engin fyrirstaða“ í auglýsingum þar sem óskað var eftir ráðskonu hafa tvíræða merkingu, líkt og ein ráðskonan benti mér á: „Það var eitt að geta haft börnin með sér en annað var hvort þau börn voru velkomin.“[836] Það þarf ekki að fara langt aftur í söguna til að finna misjöfn viðhorf til ráðskonubarna, svo ég vitni í heimild um kjör slíkra barna á fyrri hluta 20. aldar: „Einstæðar mæður í þá daga urðu að bjarga sér og þá kom fátt annað til greina en ráðskonustarf og í slíkum störfum voru börn ekki vel séð.“[837]

Einstæðu mæðurnar í hópi ráðskvennanna notuðu ýmsar leiðir þegar þær völdu úr vistum fyrir sig og börn sín; allt frá því að treysta á eigin innsæi til þess að skoða bæinn áður en þær réðu sig. Eitt af því sem þær gerðu gjarnan var að falast eftir ráðskonustöðu hjá bónda sem átti barn/börn. Meginástæðan fyrir því var sú að þær vildu að börn sín hefðu leikfélaga á bænum: „Hann [bóndinn] átti það sem hinir bændurnir áttu ekki; hann átti börn. Ég var bara að hugsa um mín börn. Þarna var barn á svipuðum aldri og sonur minn – þarna var leikfélagi.“[838]

> **Anon:** Sumir bændurnir vildu náttúrulega hitta mig, að ég kæmi að skoða aðstæður – þeir vildu sjá mig og svona ýmislegt. Ég fór til dæmis á einn bæ austur í sveitum og ég sá bara um leið og ég kom þangað að þar myndi ég ekki vera með börnin.
> **DKE:** Nú af hverju?
> **Anon:** Það bara virkaði einhvern veginn þannig á mig – að það myndi ekki passa. Þó að það virki svoleiðis á mann þá veit maður náttúrulega aldrei hvað er best sko, það var vandi að lifa þá.[839]

Ýmsar áskoranir biðu einstæðu mæðranna þegar á bæina var komið. Það var ekki alltaf auðvelt fyrir þær að ala börn sín upp á heimilum annarra samhliða því að gegna þar ráðskonustarfi: „Það var erfiðara að vera inn á heimili annars, þegar ég var komin

[835] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund. Ráðskonur sem áttu börn á skólaaldri áttu erfiðara með að flytja sig um set vegna skólagöngu barnanna.
[836] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[837] Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar*, 20–21.
[838] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)
[839] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

með börnin mín," sagði ein ráðskonan.[840] Konurnar sögðu sumar að það væri ekki sama hvort börn væru með ærslagang heima hjá sér eða í annarra manna húsum. Ein konan sagðist t.d. hafa verið mjög eftirlátssöm við dóttur sína þegar hún hagaði sér illa á bænum, því hún vildi ekki vera að hækka röddina við hana: „svo hún væri ekki organdi inn á heimilinu, þar sem var fólk, sem var manni ekki vandabundið."[841] Konurnar tóku það óstinnt upp ef bóndinn eða einhver annar á bænum siðaði börn þeirra. Greinilegt var að ráðskonurnar upplifðu afskipti vinnuveitendanna af uppeldi barna þeirra sem þeir væru að storka valdi þeirra sem mæðra. Yfirleitt skiptu bændurnir og/eða aðrir ábúendur sér lítið af uppeldi ráðskonubarnanna. Versta dæmið um íhlutun af hálfu bónda af uppeldi ráðskonubarns var þegar bóndi sendi barn einnar ráðskonunnar burt af bænum: „Eldri drengurinn var óskaplega ódæll og uppátækjasamur. Bóndinn sagði að annað hvort myndi ég fara eða ég yrði að láta barnið fara."[842]

Samþætting ráðskvenna á starfi sínu og umönnun ungra barna sinna bar títt á góma í viðtölunum. Ein þeirra kvenna sem gerði því efni góð skil í frásögn sinni var Katrín Björgvinsdóttir (f. 1958), sem réð sig í ráðskonuvist með tíu mánaða gamlan son sinn. Katrín hélt dagbók á meðan þessari fyrstu ráðskonuvist mæðginanna stóð; dagbók sem hún skrifaði út frá sjónarhóli sonar síns: „Tíminn flýgur áfram hér, við verðum farin úr sveitinni áður en við vitum af, við mamma. Hún og bóndinn eru búin að hlæja svo mikið að mér í dag, því ég er farin að ræskja mig eins og bóndinn," segir í dagbókinni. Katrín sagði dagbókina mikilvægan minnisvarða um reynslu sína sem móðir og ráðskona. Hún sagðist hafa verið búin að gleyma svo mörgu sem tengdist umönnun drengsins á bænum, uns hún las dagbókina og það rifjaðist upp fyrir henni. Katrín sagði: „Maður var hlaupandi eftir barninu inn í fjósi, því þarna voru kýrnar að hnoða hann með hausnum, og nautin. Ég var búin að gleyma þessu, maður á heldur ekki að muna allt," sagði Katrín sem hryllti við tilhugsuninni.[843]

Nokkrar ráðskvennanna fengu pössun fyrir börnin sín á meðan þær sinntu útistörfunum eða innistörfunum. Slíka barnapössun var helst að fá á þeim bæjum þar sem var eldra fólk: „Sá yngsti hann gat setið á gólfinu inni hjá gamla manninum, meðan ég var úti í fjósi."[844] Tvær ráðskvennanna sem ég ræddi við fengu yngri systur sínar til að koma í heimsókn til sín tímabundið svo þær gætu passað (launalaust) fyrir þær á meðan þær gegndu ráðskonustarfinu. Heimildir sýna að slíkt fyrirkomulag, þ.e. að ráðskona fengi sér barnapíu í vistinni, var ekki svo óvenjulegt á þessum tíma.

> **SA:** Þegar fór að vora þá var sonur minn að verða ársgamall og byrjaður að labba og svona. Þá setti ég hann (ég hef oft hlegið af þessu þegar ég er að rifja þetta upp, því maður væri bara tekinn fastur í dag) – ég var með hann í bandi, ég setti hann út, bara reipi eða snæri um miðjuna og svo batt ég þetta

[840] Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.
[841] Svava Theodórsdóttir (f. 1960), símaviðtal við höfund.
[842] N.N. Viðtal við höfund. (6).
[843] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[844] Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

> bara við hurðina svo hann komst bara ákveðið langt. Síðan batt ég kálfinn, sem ég var að ala upp líka, ég batt hann hinu megin. Svo mældi ég þetta bara út, svo að þeir náðu aldrei saman, því ég vildi ekki að kálfurinn réðist á drenginn. Hann hefði náttúrlega getað hengt sig, en ég var ekki að spá í það. Hann var bara ársgamall að leika sér með bandið úti á meðan ég var að sinna verkunum og gömlu konunni inni. En svo kom systir mín og var hjá mér í einhverjar vikur bæði sumrin, á báðum bæjunum, til að passa son minn.[845]

Sagnir kvennanna sýndu hve snúið það gat verið að hafa auga með börnum samhliða ráðskonustörfunum á sveitabæjunum, sérstaklega á háannatímum s.s. í heyskap. Þessir annmarkar voru í reynd mjög alvarlegir því yfir megnið af rannsóknartímanum voru ákveðnar varúðarráðstafanir ekki bundnar í lög, s.s. varðandi hlífar á drifsköftum á dráttarvélum og ýmislegt er varðar vélahald á þessum tíma.[846] Vegna þess var það svo að slys á börnum voru tíð og til marks um það er að börn þriggja ráðskvenna í rannsókninni slösuðust alvarlega. Í einu tilfelli lenti barn ráðskonunnar í dráttarvélarslysi, í öðru tilfelli brenndi barnið sig illa þegar það skrúfaði frá vatni á suðupotti þar sem verið var að sjóða rúmföt og í þriðja tilfellinu var barnið næstum því drukknað í bæjarlæknum.

> **KC:** Litli drengurinn minn var nærri því drukknaður þarna í bæjarlæknum. Hann losnaði úr bandi sem hann var í. Ég var inni í bæ að baka og gamli maðurinn útbjó band. En sá litli kom sér úr því og valt niður þó nokkra brekku og út í læk, mjög kaldan læk og mikið vatn í honum og mikill straumur. Hann rann áfram. Þá vildi svo til að yngsti bóndasonurinn var að gera að sel rétt fyrir ofan og eldri strákurinn minn hann var hjá honum. Minn eldri sér bróður sinn í læknum og hann bendir á hann. Bóndasonurinn hljóp þá á eftir honum og bjargar honum. Þannig að þetta var erfiður tími. Gamla húsmóðirin kom og tók barnið, pakkaði honum inn og setti hann undir sólóvélina þar sem allur hitinn var. Það var svolítið sérstakt. Þarna fékk ég taugaáfall og það var mjög erfitt hjá mér. En þau hlúðu að mér og börnunum mínum. Þetta var indælt fólk, ekkert nema góð við mig.[847]

Ráðskonunum sem voru mæður, fannst það vera mikill kostur ef bændurnir sem þær störfuðu fyrir voru barngóðir menn. Fjöldi sagna kvennanna tóku til samskipta bændanna og barna þeirra, t.d. þegar bændurnir voru að stússast með börnin

[845] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund. Dæmi eru um að börn hafi verið bundin eftirlitslaus inni í bæ á meðan heimilisfólkið var úti að störfum í gamla íslenska bændasamfélaginu. Sjá Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, „Að losa sig við umskiptinginn,“ 472–480; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir *Jaðarkvennasaga,* 145.
[846] Hér má benda á umfjöllun um dráttarvélaslys sem börn urðu fyrir í *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni,* 261–266.
[847] Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund. Kristín var hér ásamt sonum sínum tveimur ráðskona á bæ í tímabundinni fjarveru húsmóðurinn, sem er komin aftur til baka í þessum hluta frásagnarinnar.

utanstokks: „Hann var rosalega oft með bóndanum og syni hans. Þeir tóku hann bara með sér út og höfðu hann með sér í verkunum," sagði Halldóra Gestsdóttir (f. 1951) blíðlega og hélt áfram að rifja upp minningar frá því þegar hún var í vist með þriggja ára son sinn með sér, nostalgísk á svipin.[848] Konurnar höfðu líka reynslu af því að vera í vist hjá bændum sem höfðu sýnilega lítinn áhuga á að hafa börn inn á heimilinu: „Ég veit ekki hvort hann hefur verið orðinn þreyttur á að hafa konu og tvö börn inn á heimilinu, en hann fór að vera leiðinlegur við dóttur mína."[849] Í viðtölunum kom fram að í flestum tilfellum voru bændurnir ánægðir með viðveru barnanna á bæjunum, því þessum smáu félögum fylgdi oft líf og fútt: „Strákurinn var eins og lítill heimalingur á eftir þeim."[850] Það gat reynst ráðskonunum, börnum þeirra og bændunum erfið þraut þegar loks kom að kveðjustundinni. Bændurnir voru sumir búnir að tengjast börnum ráðskvennanna tilfinningaböndum og fannst erfitt að sjá á eftir þeim.

> **SHS:** Það var voðalega gaman af þessum bræðrum. Ég var oft með son minn í eldhúsinu, upp á bekk í vöggu. Ef ég fór fram í geymslu eða inn í búr þá fóru bræðurnir að kjá [leikur gæluhljóð] ofan í körfuna, skemmta krakkanum. Þeir gerðu það aldrei þegar ég var viðstödd. Þeir voru voðalega góðir við hann. Bræðrunum fannst það alveg ómögulegt þegar við fórum, líka gömlu konunni, móður þeirra.[851]
>
> **KB:** Hin ráðskonan kom sama dag og ég fór.
> **DKE:** En þú sagðir að hann hefði verið að hringja í þig?
> **KB:** Já að spyrja um drenginn minn. Hann fékk líka jólagjafir. Honum þótti vænt um hann. Það myndaðist samband á milli þeirra á meðan vistinni stóð. Hann lá stundum með honum á gólfinu að horfa á Tomma og Jenna, þannig að það var svoleiðis.[852]

Þær ráðskonur sem voru með börn á sínu framfæri, voru almennt sammála um að viðhorf til einstæðra mæðra hefði verið betra á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Samt sem áður upplifðu nokkrar fordóma í sinn garð því þær voru einstæðar mæður – öðru fremur þær konur sem áttu mörg börn: „Vinkona mín var ráðskona, kom til einstæðs manns, með fjögur börn, en fjölskyldu hans líkaði það ekki, að hún ætti svona mörg börn."[853] Einstæðar mæður með mörg börn voru stundum álitnar vera fjárhagsleg byrði fyrir bændur og/eða slæmur kostur sem

[848] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.
[849] N.N. Viðtal við höfund. (7)
[850] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.
[851] Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[852] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[853] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund.

kvonfang fyrir bændur eða bændasyni í sveitunum.[854] Einn heimildarmaður minn sagði mér að einstæðar mæður sem komu sem ráðskonur í sveit væru álitnar: „svona second-hand konur. Einstæðar mæður með börn.“[855]

> **ÁAV:** Ég náttúrulega fór ekki fram á neitt kaup, af því að ég var með þrjú börn. Honum var vorkennt, vorkennt að taka að sér konu með þrjú börn. Það þótti dálítið mikil áhætta.
> **DKE:** Hvernig veistu það að honum var vorkennt?
> **ÁAV:** Maður fann það einhvern veginn. Þetta var öðruvísi, að koma þarna með þrjú börn og vera ráðskona – þetta var náttúrulega álag á hann líka.[856]

> **SH:** Hann þurfti alltaf að keyra soldið langt til að hitta kærustuna á kvöldin. En hann kom á hverju eiiiiiinasta kvöldi. Ég var þá búin að svæfa strákinn og þá fylgdust bændurnir bara með honum. Þá fórum við út að labba í kringum bæinn og settumst upp á hól, komum svo inn og vorum í herberginu mínu, svo fór hann heim.
> **DKE:** Af hverju varð ekki af sambandinu?
> **SH:** Ég er ekki viss, en pabbi sagði við mig á sínum tíma að þetta hefði verið strákur sem var alinn upp á frekar fínu sveitaheimili og að mömmu hans hafi kannski ekki þótt það sniðugt að hann væri að fá sér konu með tvö lítil börn, svona unga konu með tvö lítil börn – það þótti eitthvað hneyksli.[857]

#### *4.2.2.2. Örlítil innsýn í upplifun ráðskvennabarna*

Heimildir sem vitna um sjónarhorn ráðskvennabarna eru einkar fátíðar, en þær sýna þvert á aldir að upplag og skapgerð bændanna sem þau dvöldu hjá, mótaði hvað mest upplifun þeirra af vistinni.[858] Þessu til stuðnings má nefna reynslu Ástu Sigríðar Sigurðardóttur (f. 1957) sem fór með giftri móður sinni og systkinum í ráðskonuvist til einhleyps bónda: „Stjúpfaðir minn var sjómaður en það var ekki alltaf sem það aflaðist vel og þá fór mamma með okkur í vist“ sagði Sigríður og bætti við: „Bóndinn

[854] Sjá umfjöllun um fólk sem furðaði sig á því að maður hefði tekið saman við ráðskonu sína, einstæða móður, með mörg börn. ÞÞ 13322.
[855] Vitnað í samtal mitt við karlmann á sjötugsaldri árið 2018.
[856] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.
[857] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[858] Sjá fyrri tíma reynslu Laufeyjar Jakobsdóttur (1915–2004) af því að vera í ráðskonuvist með móður sinni á fyrri hluta 20. aldar. Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar,* 27–30. Kaflinn „Móðir í fjötrum.“ Einnig má nefna sjónarhorn barna á bæjum þar sem ráðskonur voru við störf, þó það sjónarhorn sé ekki til sérstakrar umfjöllunar hér. Vísa má í viðtal mitt við Svövu Höjgaard, fyrrum skólaráðskonu, sem missti móður sína þegar hún var sex ára gömul, en í kjölfarið réð faðir hennar ráðskonur á heimilið: „Fyrstu tvær ráðskonurnar, þær voru rosalega góðar, en mér samdi aldrei við þá þriðju. Maður varð að venjast nýrri matargerð, maður hafði ekkert val. Maður varð að vera svo fín; að sitja alveg bein í baki. En það var svolítill kjaftur á mér [hlær]. Pabbi giftist þessari þriðju“ Svava Höjgaard (f. 1937), viðtal við höfund.

var okkur afskaplega góður og mér leið eins og þetta væri mitt heimili.“[859] Einnig má nefna upplifun viðmælanda míns úr hópi ráðskvennanna, sem var jafnframt eina konan sem fór með móður sinni í ráðskonuvist sem barn. Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960) var barn að aldri þegar hún ásamt systkinum sínum fór í ráðskonuvist með móður sinni, sem þá var einstæð móðir. Svanhildur minntist eins árs dvalarinnar á bænum sem einum besta tíma barnæsku sinnar. Allt frá barnsaldri hefur Svanhildur þurft að stríða við mikla heyrnarskerðingu sem varð til þess að hún lærði seint að tala sem barn, en fyrstu orðin lærði hún á bænum því bóndinn kenndi henni að tala: „Buxur, peysa, sokkar, ég átti að endurtaka orðin aftur og aftur,“ sagði Svanhildur brosandi, „ég var voðalega hrifin af honum, ég var mjög hænd að honum.“[860]

Ráðskonurnar sem ég ræddi við áttu erfitt með að gera grein fyrir upplifun barna sinna af vistinni. Stærstur hluti barnanna var mjög ungur að aldri þegar mæður þeirra störfuðu sem ráðskonur og höfðu því fáar minningar af dvölinni – sögðu ráðskonurnar mér. Til þess að grennslast frekar fyrir um upplifun barna ráðskvennanna af vistinni tók ég viðtal við föður minn, Jóhannes Sturlaugsson (f. 1964), en móðir hans (amma mín) er einn viðmælendanna í rannsókninni. Jóhannes var 10 ára gamall þegar hann og yngri bróðir hans fóru í ráðskonuvist með móður þeirra Ólafíu Kristínu Sigurðardóttur (f. 1935): „Sveitabærinn var heimili mitt því móðir mín var þar, en í reynd leit ég aðeins á hann sem tímabundinn dvalarstað.“[861] Jóhannes stundaði nám í barnaskóla sveitarinnar, eins og tíðkaðist hjá öðrum ráðskonubörnum á skólaskyldualdri.[862] Líkt og í tilfelli margra ráðskonubarna sem voru komin á þann aldur að geta unnið, þurfti Jóhannes að sinna ýmsum verkum á bænum. Sú vinna var unnin launalaust og var í takti við þá hefð að börn fengu ekki greitt fyrir sína vinnu. Greiðslur fyrir slíka vinnu þekktist þó þegar börnin voru komin á unglingsár. Ólafía var ráðskona á bænum í 7 mánuði en gafst þá upp á vistinni og fór með yngri drenginn í aðra ráðskonuvist í öðrum landshluta. Jóhannes sem var á ellefta ári varð eftir í sveitinni því Ólafía gat ekki tekið bæði börnin með í næstu vist. Auk þess hentaði Jóhannesi að halda áfram skólagöngu í sama skóla þar sem hann fékk inni á heimavist barnaskólans – og réð sig svo sem matvinnung í vist á öðrum bæ í sömu sveit þar sem hann var í nokkur ár með skólanum.

> **JS:** Fjósið á bænum þar sem mamma var í ráðskonuvist, leið fyrir drabbaragang. Með öllum veggjum voru samgrónar stæður af baggaböndum og moði. Öll glerrörin í mjaltarkerfinu voru þakin þykku lagi af flugnaskít og

[859] Ásta Sigríður Sigurðardóttur (f. 1957), viðtal við höfund. Móðir hennar fór með þau systkinin tvisvar sinnum í ráðskonuvist.

[860] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[861] Jóhannes Sturlaugsson (f. 1964), viðtal við höfund.

[862] Í sambandi við skólagöngu ráðskonubarna í sveitum þar sem mæður þeirra voru í vist, minnist ég samtals sem ég átti við aðila sem rifjaði upp minningar sínar af „ráðskonubörnunum í skólanum sínum.“ Viðkomandi aðili minntist ráðskonubarna sem komu og fóru úr skólanum, í takt við vistráðningar mæðra þeirra.

> svo mætti áfram telja. Mér ofbauð þessi útgangur og hófst handa við umbætur og eyddi mínum aukatíma eftir skóla þennan vetur í að keyra þessum óhroða út úr fjósinu og gekk síðan í að hreinsa rörakerfið. Hluti af skýringunni á slóðaskapnum lá í því að það var undirmannað á bænum.[863]

## 4.3. Rómantísk mynd af ráðskonustarfinu

Ástarsambönd á milli ráðskvenna og bænda koma víða fyrir í heimildum og voru ótvírætt hluti af dægurmenningu landsmanna, langt fram eftir þessu tímabili: „Eins og í rómantískri sveitasögu þá réðst til unga bóndans ráðskona sem fljótlega varð eiginkona hans,“ segir í viðtalsgrein frá 1998.[864] Umfjöllun um rómantísk sambönd ráðskvenna og bænda er að finna í hrönnum í heimildum á borð við endurminningar og andlátsgreinar: „hún kom þangað sem ráðskona.“[865] Baráttukonan Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (1921–1994) skrifaði til að mynda um reynslu sína frá því hún var einstæð móðir og réð sig sem ráðskonu í sveit til einhleyps bónda sem hún síðan giftist: „Ástin heltók okkur...“[866] Samdráttur millum ráðskvenna og bænda kemur líka fyrir í skáldverkum á borð við *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn* og *Ráðskonan á Grund* og í munnlegum frásögnum eins og slúðri - eða grínsögnum sem taka til ásta ráðskvenna og bænda, gjarnan með kynferðislegum undirtón.[867] Ástarsambönd á milli ráðskvenna og bænda rötuðu líka í kvikmyndir, svo sem *Skilaboð til Söndru* (1983) sem fjallar um miðaldra rithöfund sem búsettur er í sveit og fær til sín unga ráðskonu til þess að hugsa um sig.

---

[863] Jóhannes Sturlaugsson (f. 1964), viðtal við höfund.

[864] Jórunn Svavarsdóttir. „Heyskapur er ferli sem stendur allt árið.“ *Freyr*, 1. febrúar 1998, 15–16, hér 16.

[865] Guðmundur Jónasson, „Hjónin á Brúsastöðum í Vatnsdal, Ragnheiður Blöndal og Lárus Konráðsson,“ 16.

[866] Inga Huld Hákonardóttir, *Lífssaga baráttukonu,* 97.

[867] Guðrún frá Lundi, *Utan frá sjó*; Jón Helgason, *Orðspor á götu*, 17; Halldór Laxness, *Innansveitarkronika,* 169–170; Bjarni Þorsteinsson. „Hallfríður.“ *Tíminn,* 7. september 1961, 14. Í samtali mínu við konu á sjötugsaldri kom fram að ráðskonur komu iðulega fram sem aukaleikendur í grínfrásögnum af bændum, þar sem þeir voru aðalpersónur sagnanna. Vitnað í samtal mitt frá árinu 2021 við konu á sjötugssaldri.



MÓÐIR, KONA, MEYJA

Auglýsing:

**Ráðskona í sveit**

*Lag: Brosandi land.*

Ekkert eg veit indælla en búa í sveitum,
hlúa þar að sínum hreytum,
búa í sveit, búa í sveit, búa í sveit.

Ráðskona í sveit! Eg ræð ykkur til þess með réttu,
rækja vel sveitina nettu:
búa í sveit, búa í sveit, búa í sveit!

Ýmsa ég veit ógifta bændur í sveitum,
engin er kona á þeim reitum:
Ógiftir menn! Ágætir menn! Atorkumenn! –

Efni ég veit ágæt þar hjá ýmsum bændum.
Efni enn meiri í vændum
með indælli frú, indælli frú, indælli frú!

Koksvélin heit, þá komið þið heim í sveitir,
kaffi þar húsfreyjan veitir.
Húsfreyja í sveit, húsfreyja í sveit, húsfreyja í sveit!

Ef komið í fjós, eru kýrnar feitar og fríðar,
og fádæma júgursíðar.
Ráðskona í sveit, ráðskona í sveit! Húsfrú í sveit!

Hátt upp í sveit heilsið þið húsbónda snjöllum,
hættið svo vergangi öllum.
Ráðskona í sveit, ráðskona í sveit, ráðskona í sveit!

Þrítugar frúr, ekkjur og ógiftar stúlkur,
eg er nú ykkar túlkur.
Ráðizt í sveit, ráðizt í sveit, ráðizt í sveit!

Þótt eitt eigið barn, stálpað, ei verður við amazt,
og ekkert meira að hamast!
Í indælli sveit, indælli sveit, indælli sveit!

Ráðskona í sveit! Rakleiðis ritsmíð mér sendið.
Um ætterni og mynd til mín vendið.
Ræð ykkur strax, ræð ykkur strax, ræð ykkur strax!

Alvara er hér einungis hjá mér á ferðum.
Ykkar hér ráðið þið gerðum
sem ráðskona í sveit, kona í sveit, kona í sveit!

Ef þið gefið á því kost,
upp í sveit að fara,
að þíða ykkar andans frost
ekkert skal til spara.

Skrifið sem fyrst

*Jóni A. Stefánssyni,* Möðrudal.

[869]

Upplýsingar um hjúskap ráðskvenna og bænda skráði ég auk þessa beint úr munnlegri geymd, bæði í gegnum viðtöl og almennar samræður mínar við fólk. Þar komu við sögu sannfróðlegar heimildir um sambönd ráðskvenna og bænda sem náðu fótfestu í sagnaheimi Íslendinga, öðru fremur sagnir af ráðskonum sem giftust bændunum. Færa má rök fyrir því að sagnir af þeim ráðskonum sem ílentust í sveitunum voru meira áberandi og langlífari en sögurnar af þeim ráðskonum sem tóku ekki saman við bændur og hurfu á brott að aflokinni vistinni. Einnig komu til tals flökkusögur/mýtur af ástarsamböndum millum ráðskvenna og bænda sem viðmælendur mínir m.a. viðhéldu: *Svo giftust margar þeirra bændunum* var til dæmis endurtekin orðastæða í samtölum mínum við fólk sem þekkti til ráðskvenna.

**Anon:** Einni man ég eftir, sem var höfð í flimtingum. Hún var um ráðskonuna sem kom á bæinn og það var ekki lás á hurðinni. Hún setti það skilyrði að það yrði lás, og lásinn þurfti að panta í kaupfélaginu. Bóndinn fór og pantaði lásinn. Svo næst þegar hann kom þá var honum sagt að lásinn væri kominn. Þá sagði bóndinn: „Nei strákar mínir, þetta er allt í lagi, ég þarf hann ekki lengur.“
**DKE:** Var þetta gamansaga?
**Anon:** Hún var sögð þannig.[868]

[868] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)
[869] Jón A. Stefánsson, Möðrudal, auglýsir eftir ráðskonu í bundnu máli í *Dagur*, 14. apríl 1954, 4. Stökurnar eru ágætis vitnisburður um það viðhorf til ráðskvenna að þær væru efniviður í framtíðarhúsmæður í sveit.

Makaleit gat verið snúin í tilfellum einstæðra mæðra og hið sama gilti um einhleypa bændur sem fastir voru í búverkum og fámenni sveitanna.[870] Engin launung er á því að sumir bændur auglýstu með þeim hætti eftir ráðskonu að augljóst var að þeir voru í reynd að auglýsa eftir kærustu.[871] Til marks um það eru auglýsingar bænda þar sem óskað er eftir ráðskonu sem er á ákveðnum aldri; ráðskonu sem hefur fallegt útlit; og/eða óska eftir ljósmynd af umsækjandanum: „Ráðskona óskast 30–40 ára á sveitaheimili, jafnvel framtíðarkynni."[872] Einnig var að finna auglýsingar þar sem bændurnir hreinlega taka fram að þeir óska eftir ráðskonu með hjúskap í huga: „Ráðskona óskast á heimili með sambúð í huga, æskilegur aldur 35–40 ára. Aðeins barngóð kona kæmi til greina."[873] Dæmi voru um að bændur óskuðu eftir ráðskonu í einkamáladálkum, eins og til að undirstrika að hjúskapur væri meginforsenda fyrir ráðningunni: „Er ekki einhver góðhjörtuð kona á aldrinum 30–45 sem getur verið ráðskona hjá mér til frambúðar, má hafa með sér börn?"[874] Sumar ráðskvennanna sem ég tók tali grunaði að bændurnir vildu „taka sig út" þegar þeir óskuðu eftir því að fá að hitta þær áður en af ráðningunni yrði: „Hann kemur til þess að, eigum við ekki að segja, skoða mig. Ég sagði stundum að hann hafi verið að skoða ráðskonu fyrir pabba sinn og konu fyrir sjálfan sig," sagði Björg Þorgilsdóttir (f. 1953) sem endaði á því að giftast bóndasyninum og gerast húsmóðir á bænum.[875] Þessa viðleitni bændanna má flokka sem eðlilega sjálfsbjargarviðleitni manna sem voru bundnir af búskap til sveita þar sem hörgull var á kvenfólki. Líta þarf til þess að á síðari hluta 20. aldar fyrirfannst enginn veraldarvefur fyrr en undir lokin – og engar stefnumótasíður þekktust eða aðrar slíkar flýtileiðir 21. aldarinnar sem auðvelda fólki makaleit. Ráðskonustarfið varð til þess að þessir hópar einhleypra aðila sem áttu hvað erfiðast með að sækja sér maka, hittust á heimavelli bændanna.

> **Úr skáldsögunni *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*:**
> – Anna, reyndu að skilja þetta, sagði hann [bóndinn] ákveðnum rómi. – Þú hlýtur að geta reynt það. Ímyndaðu þér, að í sveitinni er kannske ekki hægt að velja úr nema tíu manneskjum fyrir maka. Þú ert úr Reykjavík og þar eru þúsundir. Að vísu er ykkur þar kannske engin þörf á að giftast, þar sem allir hafa nóg af öllu, en hérna er þetta allt annað, jarðirnar fara í eyði eða eru seldar og maður þarf að yfirgefa allt sitt ef enginn er til að taka við.[876]

[870] Sjá umfjöllun um skort á kvenfólki í sveitum og sveitaböllum á stríðsárunum í Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vongóðar í nýju lýðveldi," 250.

[871] Sjá t.d. auglýsingu sem birtist í *Tímanum* 28. febrúar 1959, 10: „Ógiftur bóndi óskar eftir ráðskonu, sem hefði áhuga á búskap. Má hafa með sér 1 barn eða fleiri."

[872] Auglýsing sem birtist í *Morgunblaðinu* 4. febrúar 1969, 6.

[873] Auglýsing sem birtist í *Dagblaðinu Vísi*, 12. júlí 1986, 29.

[874] Auglýsing sem birtist í *Dagblaðinu Vísi*, 20. júlí 1982, 24. Sjá líka t.d. auglýsingu sem birtist í *Tímanum* 19. apríl 1991, 11. „Bændur óska eftir persónulegum kynnum við konur sem vilja búa í sveit, konur með börn engin fyrirstaða." Dæmi eru um konur sem óskuðu eftir húsnæði/vinnu með sambúð í huga, þ.m.t. ráðskonustöðu, þó óalgengt væri. Sjá t.d. *Dagblaðið* 10. maí 1976, 24 og *Dagblaðið* 16. júní 1980, 25.

[875] Björg Þorgilsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

[876] Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit – má hafa með sér barn*, 94.

Ráðskonustarfið var samfléttað heimilislífi vinnuveitandans. Það sérkenni starfsins kallaði gjarnan fram væntingar um að ráðskonur og bændur sem þær unnu fyrir myndu draga sig saman. Dæmi um slíkar væntingar komu t.d. fram hjá bændunum, ráðskonunum og foreldrum bændanna. Í viðtölunum komu einnig fram væntingar sem voru á öndverðu meiði. Hér er vitnað til þess þegar mæður sumra bændanna vildu með öllum ráðum tryggja að synir þeirra ættu ekki í sambandi við ráðskonurnar: „Gamla konan passaði voðalega upp á strákana sína. Vildi ekki að ég væri ein með strákunum. Hún hefur sennilega ekkert viljað að þeir væru að kíkja á kerlingar [hlær].“[877] Ein ráðskonan taldi ástæðuna fyrir slíkri gæslu af hálfu mæðranna vera það valdaleysi sem hrjáði konur í sveitum; að áframhaldandi vald mæðra yfir sonum sínum og heimilinu væri best tryggt með því að forða þeim frá mögulegri sambúð.[878]


**Ráðskona óskast.**
Þið sem ekki eigið maka,
ættuð nú að kynnast mér,
létt upp símatólið taka,
tilkynnt verður hver ég er.
Sími 30553.

[879]

Í hópi kvennanna var ekki ein einasta kona sem tók að sér ráðskonustarf í því skyni að leita sér að maka og það undirstrikuðu þær sérstaklega í viðtölunum: „Ég fór með því hugarfari, að ég væri að fara í vinnu.“[880] Ráðskonustarfið var starf sem konurnar gerðu ráð fyrir að væri tímabundið, öfugt við goðsagnirnar sem sögðu konur ganga til starfans með það að markmiði að næla í bóndann og ílendast í sveitinni.[881] Einmitt þess vegna fór það fyrir brjóstið á konunum þegar fólk var að ýja að einhverju nánara sambandi á milli þeirra og bændanna sem þær unnu fyrir, hvort sem slíkar tilvísanir áttu sér stað áður en þær fóru í vistina eða á meðan henni stóð. Ráðskonurnar gerðu skýran greinarmun á stöðu sinni og stöðu húsmæðra, muni sem í sinni einföldustu mynd var sá að húsmæðurnar áttu í ástarsambandi við bændurna:[882] „Fyrir mér, ungri stelpunni, þá var þetta óþægilegt þegar að bóndinn var að kalla mig húsfreyjuna. Þetta var bara allt í orðum. En að segja þetta fyrir framan fólk – ég man að þetta fannst mér ofboðslega óþægilegt.“[883]

[877] Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[878] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[879] Auglýsing sem birtist í *Vísi*, 8. Júní 1971, 14.
[880] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[881] Ingólfur V. Gíslason fjallar um hugarfar kvenna á fyrri hluta 20. aldar til verksmiðjustarfa sem millibilsástand fyrir hjónaband. Ingólfur V. Gíslason, *Bjarmi nýrrar tíðar*, 39. Sjá líka Margrét Guðmundsdóttir, „Konur hefja kjarabaráttu,“ 69; Sigríður Th. Erlendsdóttir. „Í vist,“ 162–163; *Lbs.-Hbs.* Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans?, 66.
[882] Oakley, *Housewife*, 9.
[883] N.N. Viðtal við höfund. (9) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

**KB:** Það var svolítill rómans í kringum þetta starf, þetta ráðskonustarf. Bóndinn kemur á jeppanum á brúsapallinn að sækja þig, og allt þetta. Þegar ég er búin að taka þessa ákvörðun þá var viðmótið þetta; *þú kemur ekki aftur, þú kemur ekki aftur, nú ert þú héðan í frá búin að festa ráð þitt, – hvað er bóndinn gamall*? Þetta var áherslan, það var eins og það tryði mér enginn að ég væri að fara þarna í vinnu, að ég ætlaði mér að klára það dæmi og svo kæmi ég aftur; *þú kemur ekkert aftur*. Þú veist. Þá voru til of margar sögur af hinum sem urðu eftir.[884]

**Anon:** Ég fann alveg fyrir fordómum, en ég ákvað að láta það ekki skipta mig máli: „Já ertu ráðskona, jájá, og er ekki eitthvað að gerast hjá ykkur.“ – Skilurðu, það kom alltaf. En viðbrögðin mín voru þau: „Nei, er ekki allt í lagi heima hjá þér?“ – Fyrir utan að þetta er mitt prívatmál, hvað ég geri með hverjum, hvenær, hvernig og hvers vegna. Fordómarnir voru þarna en ég varð ekki fyrir þeim nema að utan frá, því ég hleypti þeim aldrei inn.[885]

## 4.4. Ráðskona verður húsmóðir

### 4.4.1. Starfskraftur en ekki fjölskyldumeðlimur

**Úr skáldsögunni *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*:**
– Sælir, sagði hún. – Ég var að heilsa upp á vinnukonuna ykkar.
– Hún er ekki vinnukona, sagði Hafsteinn [faðir bóndans] þurrlega. – Hún er bara ein af fjölskyldunni, eða ráðskona, ef þú vilt það heldur.[886]

Mörkin á milli þess að vera starfskraftur og fjölskyldumeðlimur á sveitabæ gátu verið nokkuð óljós, aðallega vegna þess að ábúendur og hjú bjuggu undir sama þaki.[887] Ráðskonurnar urðu almennt ekki varar við stéttarskiptingu á milli ábúenda og vinnufólksins á bæjunum: „Ég var kannski ekki alveg 100% í fjölskyldunni, en mér fannst ég aldrei lægra sett eða út undan.“[888] Allmargar ráðskvennanna sem kváðust hafa verið ánægðar í vist sinni hjá vandalausum, tjáðu mér að þeim hafi liðið sem þær væru hluti af fjölskyldunni.[889] Upplifun þeirra mótaðist af nánum samskiptum milli þeirra og vinnuveitendanna. Náin tengslamyndun á milli vinnuveitenda og ráðskvenna var mun algengari á bæjum þar sem mikill aldursmunur var á bændunum og

[884] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[885] N.N. Viðtal við höfund. (10) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.
[886] Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn,* 38.
[887] Eileen Boris og Jennifer Klein fjalla um hvernig tilfinningaleg bönd geta aflagað mörkin millum þess að vera starfskraftur og fjölskyldumeðlimur í heimilisþjónustu. Boris og Klein, *Caring for America,* 4.
[888] Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.
[889] Viðmælendur notuðust við orðið fjölskylda óháð því hvort þær störfuðu á heimili einyrkja eða á stærra heimili.

ráðskonunum. Þá gat myndast samband sem líkja má við samband milli barnabarna og afa. Það sem slík sambönd áttu sameiginlegt var að bændurnir gerðu sér ekki dælt við konurnar: „Nei, aldrei, þá hefði ég aldrei haft samband við þá öll þessi ár,“ sagði Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959) og hló. Sigríður réð sig tvívegis sem ráðskona með tvo unga drengi sína á sveitaheimili þar sem búsettir voru tveir bræður, móðir þeirra og öldruð frænka. Sigríður vísaði alltaf til annars bóndans sem *afa* síns: „Afi gamli var um fimmtugt, hinn hefur þá verið fjörutíu og eitthvað, en mér fannst þeir eeeeldgamlir – mér fannst þeir rosalega gamlir.“ [890] Sigríði þótti vænt um heimilisfólkið og lagði sig fram við að bæta kjör þeirra á heimilinu með því að sinna óumbeðin ýmsum verkum sem fjölskyldumeðlimur myndi jafnan sinna, s.s. að baða eina af eldri konunum, lagfæra föt bændanna og skreyta húsnæðið: „Ég keypti tvær myndir í eldhúsið í kaupfélaginu. Allir veggirnir voru auðir. Önnur var af fólki sem sat á kaffihúsi í París á Viktoríutímanum. Hin var af blómi – og var orðin mjög upplituð seinast þegar ég sá hana,“ sagði Sigríður.[891] Í þessu sambandi má nefna að rannsóknir á heimilisþjónustu í Bandaríkjunum á síðari hluta 20. aldar sýna að fólk í þjónustustarfi er líklegra til að leggja meira á sig, kauplaust, ef það upplifir fjölskyldutengsl gagnvart vinnuveitanda sínum.[892]

Það gat haft mjög jákvæð áhrif á sjálfsmynd ráðskvenna á borð við Sigríði, að vera samþykktar sem hálfgildings fjölskyldumeðlimur á bæjunum þar sem þær störfuðu. Viðtölin sýndu samt að jafnvel þótt ráðskona væri að einhverju leyti talin til fjölskyldu var staða hennar ótrygg og önnur en annarra á heimilinu. Mörkin á milli þess að vera vinnuafl og fjölskyldumeðlimur gátu vissulega verið óljós en hagsmunirnir voru skýrir og stundum miklir. Ágætt dæmi um það er þegar ráðskona varð að víkja úr stöðunni sökum þess að einhver venslaður bóndanum kom og tók við búinu: „Sonur hans og dóttir komu að taka við kúabúinu.“[893] Einnig voru dæmi um að ráðskonurnar þurftu að víkja tímabundið úr stjórnunarstöðunni þegar systir eða dóttir bóndans kom í heimsókn um lengri eða skemmri tíma. Eina leiðin sem ráðskonur gátu í raun orðið hluti af heimilinu og um leið tryggt sess sinn þar til lengri tíma, var að giftast bóndanum eða bóndasyninum. Svo ég vitni á ný í orð Sigríðar Hallgrímsdóttur ráðskonu: „Ég hef margsinnis verið spurð út í það hvort karlarnir hafi ekki verið að reyna við mig. Það eru mörg ár sem ég hef verið spurð að þessu – og mér sagt að ég hefði átt að giftast öðrum bóndanum, því þá hefði ég erft hann.“[894]

> **GMS:** Þegar systir bóndans kemur þá dettur hún inn í að vera húsfreyja/bústýra. En ég var fyrir, fattarðu, þannig ég þurfti að finna út hvað ég ætti að gera núna; átti ég að draga mig í hlé, hvað átti ég að gera? Hún var að rykskuga og þrífa. Það var erfitt fyrir mig að tala við hana því hún hunsaði

[890] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

[891] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

[892] Boris og Klein, *Caring for America,* 4; Hondagneu-Sotelo, *Doméstica,* 11.

[893] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

[894] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund. Ég hef rekist á þó nokkrar fyrri tíma heimildir (1850–1950) þar sem tekið er fram að ráðskonan eigi að erfa vinnuveitandann.

> mig í byrjun. Þannig að þá var ég meira úti og var meira með krakkana. Þetta slípaðist svo af henni. Mér fannst hún vera með smá gikk við mig fyrst. Ég held það hafi verið út af því að hún var vön að gera hlutina svona og hún hélt því áfram. Ofboðslega rösk kona og ofboðslega fljót að öllu, ofboðslega dugleg kona.[895]

### 4.4.2. Ástarsambönd

> **SA:** Ég var að hugsa núna, í þessum töluðu orðum; að konur sem fóru sem vinnukonur, konur sem fóru þá í heyskap og svona, þær fóru inn á heimili þar sem var kona fyrir, húsmóðir. Þannig að þær fóru kannski frekar að slá sér upp með bóndasyninum. En aftur á móti ráðskonur, sem komu því það var engin kona fyrir, þá var það bóndinn sjálfur sem að þær tóku saman við. Og þess vegna var oft þessi aldursmunur, sem þú ert áreiðanlega búin að átta þig á, og átt örugglega eftir að sjá ennþá meira.[896]

Þegar ráðskona tók saman við bóndann var oft sagt að þær ílentust á bænum: „Ég ílentist þarna.“[897] Af þeim 72 bændum sem koma við sögu hér sóttust 20 þeirra eftir því að hefja sambúð með ráðskonum sem réðu sig til starfa hjá þeim. Af heildarhópi ráðskvenna sem rannsóknin tók til (41 kona) áttu 26 þeirra (63%) í ástarsambandi á meðan ráðskonuvistinni stóð. Þetta sýnir ennfremur að 15 ráðskvennanna (37%) áttu ekki í ástarsambandi á sínum ráðskonuferli.

Úr hópi þeirra 41 ráðskvenna sem ég tók viðtöl við áttu 12 konur (29%) í ástarsambandi við bóndann sem þær störfuðu hjá. Þar af giftust 8 ráðskonur bændunum (20%), en af þeim skildi síðan helmingur (4) við bóndann.[898] Einnig voru tvö tilvik um ráðskonur sem áttu í ástarsambandi við vinnuveitendur sína, bændurna, en náðu aldrei þeim áfanga að vera húsmæður, heldur voru tímabundið að segja má kærustur í ráðskonustöðu: „Það var stutt og ekki til frásagnar. Það bara hentaði ekki, það var ljóst að þegar það var reynt að það gekk ekki.“[899] Ein ráðskona var í óvígðri sambúð með bóndanum í marga áratugi og ein ráðskonan var í tygjum með bóndanum í marga áratugi án þess þó að hún og bóndinn opinberuðu samband sitt.

Auk þessa má nefna að tvær ráðskvennanna tóku saman við syni bændanna og eignuðust með þeim börn. Í báðum þeim tilvikum héldu konurnar áfram að starfa sem ráðskonur og þiggja þar laun. Önnur þeirra átti eftir að taka við húsmóðurstöðunni

[895] Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965), símaviðtal við höfund.
[896] Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[897] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund. Ráðskonustarfið var ekki eina starfið sem stuðlaði að tilflutningi kvenna úr þéttbýli í sveitir. Kaupakonur réðust til að mynda á sveitabæi fram eftir 20. öldinni, en það dró talsvert úr ráðningu kaupakvenna er líða tók á seinni hluta aldarinnar: „Það var kannski ennþá meira af kaupakonum en ráðskonum. Kaupakonur voru á öðrum hverjum bæ og settust að. Ég veit ekki hvað það voru margar húsmæður í þessari sveit sem að komu upphaflega sem kaupakonur.“ Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.
[898] Benda má á umfjöllun um hjónabönd þýsku kvennanna við vinnuveitendur þeirra, bændurna. *Lbs.Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 69–79.
[899] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

þegar sonurinn tók við búinu á meðan hin fór með barn sitt í aðra vist eftir að slitnaði upp úr sambandinu við bóndasoninn. Einnig má nefna að 12 ráðskvennanna áttu í rómantísku sambandi við karlmenn á öðrum bæjum í sveitinni (9. mynd). Það er þekkt staðreynd að bændur misstu gjarnan frá sér ráðskonur því þær kynntust maka í sveitinni: „Nú ef ráðskonan vill fara þá getur þú ekki haldið henni,“ sagði einn viðmælandinn minn þegar hún rifjaði upp þær sjö ráðskonur sem voru í vist hjá tengdapabba sínum, áður en hún kom til skjalanna.[900]

Ýmislegt einkenndi ástarsambönd ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra bændanna, jafnan nokkur aldursmunur[901] Annað var að konurnar voru yfirleitt ekki hrifnar af bændunum í fyrstu: „Þetta var ekki ást við fyrstu sýn, heldur þróaðist þetta í rólegheitunum.“[902] Þriðja atriðið sem kemur mikið við sögu þess hvað einkenndi ástarsambönd ráðskvenna og vinnuveitenda þeirra, er það sem kalla mætti hagsmunadrifnar forsendur sambandsins, það er að segja samböndin spruttu upp úr jarðvegi hagsmuna beggja aðila eða annars aðilans, sem leiddi til formlegrar sambúðar ráðskvennanna og vinnuveitenda þeirra.[903]

> **Anon:** Ég held ég hafi farið í eitthvað save mode; nú er ég komin með heimili, nú er ég komin með öryggi; nú er ég og barnið mitt öruggt og við getum búið með þessum manni – sem var 15 árum eldri en ég og ekki einu sinni fallegur. Þannig að við trúlofuðum okkur á einum mánuði. Þá var ég orðin hans. Þá þurfti hann ekki að borga mér laun eða neitt. Þannig ég vann frítt. Það náttúrulega gerði ennþá minna úr sjálfstraustinu.[904]

> **KS:** Menn voru jafnvel efnalitlir. Þeir höfðu ekki ráð á því að halda ráðskonu – þá var um hagkvæmnishjónaband að ræða. Konur sem sóttu í ráðskonustarfið áttu kannski sumar ekki bakland á þeim tíma. Þetta voru jafnvel einstæðar mæður. Með því að fara í sveit þá voru þær að skapa sér öryggi, þær voru með öruggt húsaskjól. Þannig að hagkvæmnin var kannski á báða bóga finnst manni.[905]

Bændurnir sem ráðskonurnar tóku saman við voru í flestum tilfellum pipraðir og nokkuð óframfærnir í ástarmálunum. Sumar kvennanna áttu frumkvæðið að því að stofna til rómantísks sambands við þá: „Mér leist alls ekki illa á hann. Feiminn

[900] Björg Þorgilsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

[901] Til að gefa innsýn í aldursmuninn sem var á ráðskonunum og bændunum sem tóku saman, má nefna að í þremur tilvikum var um að ræða tíu ára aldursmun. Í einu sambandi var 18 ára aldursmunur á milli ráðskonunnar og bóndans og í öðru 20 ár. Í öðrum tilvikum var aldursmunurinn minni en 10 ár.

[902] N.N. Viðtal við höfund. (1)

[903] Sjá umfjöllun um sambúð ráðskonu og bónda sem spratt úr jarðvegi hagsmuna í Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar,* 27–36.

[904] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund.

[905] Kristín Snorradóttir (f. 1963), viðtal við höfund. Kristín ólst upp í sveit og er fyrrum kaupakona en einnig fyrrum ráðskona í þéttbýli. Hér miðlar hún sjónarhorni sínu á ráðskonuhald í sveitum á seinni hluta 20. aldar.

afdalastrákur sem var búinn að búa hjá foreldrum sínum á þessum bæ og heill í gegn.“[906] Ráðskonan Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969) hló innilega þegar hún rifjaði upp fyrstu mánuðina í ráðskonuvistinni hjá núverandi eiginmanni sínum: „Hann var bara svo feiminn,“ sagði Sigríður og leit brosandi upp frá prjónunum og hélt frásögn sinni áfram:

> **SÁJ:** Í fjósinu voru grindur fyrir aftan kýrnar og svona breiður gangur. Þegar ég stóð við vegginn þá tók hann alveg langan sveig, hann fór alveg yfir að kúnum. Hann kom ekki nálægt mér fyrstu mánuðina, fyrst eftir að ég kom þarna, hann var svo feiminn. Svo vorum við saman eftir einhverja árshátíð sem Átthagafélagið hélt, en svo vorum við ekki saman fyrr en bara á þorrablótinu, byrjuðum saman eftir það.[907]

Þær ráðskonur sem komu með börn sín í vistina og tóku saman við bóndann, horfðu sérstaklega til þess hvort bændurnir væru góðir við börn þeirra: „Hann var svo góður við strákana og það þekkti ég ekki, því faðirinn skipti sér ekkert af þeim.“[908] Af þeim 12 ráðskonum sem tóku saman við bóndann sem þær unnu hjá, þá leiddu sambönd 5 þeirra til barneigna. Í öllum þeim tilfellum eignuðust ráðskonurnar og bændurnir börn innan eins árs eftir að konurnar hófu þar störf. Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945) kom sem ráðskona á bæ með börn sín tvö: „Við felldum saman hugi eins og sagt var í gamla daga, það var strax fyrsta mánuðinn minn þarna. Og elsta barnið okkar fæðist árið eftir.“[909] Kristbjörg sagði að það hefði verið mikill kjaftagangur í sveitinni þegar það fór að sjást á henni: „Það var alls konar kjaftagangur, þú getur ímyndað þér; ætli hún hafi ekki verið ólétt þegar hún kom, og eitthvað svona. Þú skilur. Af því ég varð ólétt svona fljótt. Svo er ég bara svona heppin að dóttirin er ofboðslega lík föður sínum [skellihlær].“[910] Konurnar voru að jafnaði búnar að starfa sem ráðskonur í örfáa mánuði áður en þær og bændurnir fóru að draga sig saman. Þegar ég spurði þær hvenær þær tóku saman við bóndann rifjuðu þær iðulega upp fæðingardag barns þeirra og drógu svo frá níu mánuði. Hér undanskil ég eina ráðskonu sem var búin að starfa á sama bænum í fimm ár áður en hún tók saman við bóndann: „Það gerist ekkert allt í einu, heldur smám saman. Fyrst eru það þessi samskipti, að vera þægilegur, brosa, hafa gaman, fara á skemmtanir saman, gera eitthvað meira saman en bara að gefa rollunum.“[911]

Á fyrstu stigum ástarsambands ráðskvennanna og bændanna héldu konurnar iðulega áfram störfum sínum sem ráðskonur á bænum og þáðu jafnvel laun. Þetta fyrirkomulag er nokkuð forvitnilegt, eins konar aðlögunarferli ráðskonunnar í húsmóðurstöðuna. Á sveitabæjunum hittust ráðskonur og bændur á fleti sem í senn

[906] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.
[907] Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.
[908] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.
[909] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[910] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.
[911] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

lífið og lífsafkoman grundvallaðist á. Mögulegt er að fólk sem hefur sambúð að undangenginni slíkri aðlögun við raunaðstæður, eigi meiri möguleika en ella á því að sambúðin gangi upp til lengri tíma.




**Mynd 9.** Ástarsambönd og hjónabönd ráðskvenna í sveitum.

Ráðskonur sem áttu í tímabundnu leyndu ástarsambandi við bændurna, nutu ekki sömu virðingar og ráðskonur sem hófu hjúskap með bændunum og urðu húsmæður. Í viðtölunum nefndu ráðskonurnar alloft *ráðskonu sem svaf hjá bóndanum*. Ljóst má vera að konurnar höfðu litla virðingu fyrir umræddum ráðskonum og sumar tóku jafnvel fram að þær væru; sko ekki ráðskonan sem svaf hjá bóndanum:[912] „Ætli hún hafi ekki leyft honum að gera dodo, ég hef grun um það. En ég vil ekki sverja það. En einhvern veginn fannst mér hún vera þannig týpa, hún var doldið svona fyrir sopann, sýndist mér.“ [913] Konunum fannst greinilega að ráðskonur ættu ekki að eiga í rómantísku sambandi við bóndann ef engin alvara lægi að baki. Í viðtölunum birtist r*áðskonan sem svaf hjá bóndanum* sem eins konar staðalímynd af ráðskonu sem sængaði hjá bóndanum án þess þó að ætla sér að gerast kærasta/eiginkona/húsmóðir á bænum; hún var í þeirra augum hjákona. Út frá frásögnum kvennanna mátti greina að sú útgáfa ráðskvenna beitti jafnvel kynlífi af klókindum í samskiptum sínum við bóndann. Umfjöllun kvennanna um r*áðskonuna sem svaf hjá bóndanum* byggði oft á

[912] Tiltaka má heimild um fyrri tíma ráðskonununa Jófríði Þorkelsdóttur (1865–1953) sem vildi ekki vera *ráðskonan sem svaf hjá bóndanum*; „ég átti að vera hjákona hans. Ég sem var alin upp í trú á heiðarleik og réttlæti, átti að verða auðvirðileg hóra.“ Helga Halldórsdóttir, *Öll erum við menn,* 242.
[913] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)

ímynd af slíkri ráðskonu án þess þó að eiginleg kona lægi þar að baki. Neikvæð viðhorf kvennanna til ráðskvenna sem sænguðu hjá bóndanum án þess þó að taka saman við hann, má að hluta rekja til þess að ástkonur bændanna sem þær unnu fyrir, þ.m.t fyrrverandi ástkonur, gátu ógnað starfsöryggi þeirra á bæjunum. Í viðtölunum kom fram að nokkrar kvennanna þurftu að víkja úr ráðskonustöðunni, ýmist sökum þess að fyrrverandi ráðskona á bænum (sem samkvæmt þeim svaf hjá bóndanum), sóttist á ný eftir ráðskonustöðunni eða vegna þess að fyrrum kærasta bóndans sneri aftur í húsmóðurhlutverkið. Rómantísk tengsl á milli ráðskonu og bónda skákuðu þannig jafnan starfstengdum tengslum ráðskonu og bónda. Á sama hátt sýna heimildir, bæði frá 19. og 20. öld, að rómantískt samband á milli konu og bónda trompuðu venslatengsl á milli ráðskonu og bónda (s.s. þegar systir bóndans lætur af störfum sem ráðskona þegar hann tekur saman við konu sem verður húsmóðirin á heimilinu).[914]

Kunnugt er að sumar ráðskonur áttu í nánu sambandi við bændurna, jafnvel heilu áratugina, án þess að taka nokkurn tímann saman við þá: „Hún er ennþá hjá kallinum,“ sagði einn maður mér í samtali okkar, laumulegur á svip. Viðkomandi var að vísa til konu í sveitinni sinni sem var búin að vera ráðskona hjá sama manninum í tugi ára. Hann sagði mér að það væri á vitorði allra í sveitinni að samband ráðskonunnar og bóndans væri fyrir löngu síðan orðið náið, en að þau gerðu það aldrei opinbert: „þú heyrðir það ekki frá mér.“[915] Staða þessara ráðskvenna er um margt flóknari en staða kvenna sem tóku tímabundið saman við bændurna eða þeirra kvenna sem gerðust húsmæður á bæjunum.[916] Svo ég vísi í viðtal mitt við bóndann Ágústu á Refsstað, sem minntist slíkrar ráðskonu forðum daga:

> **ÁÞ:** Ég þekkti eina konu þegar ég var krakki, sem var ráðskona í sveit. Hún bjó með bóndanum og hún hafði gert það lengi. Þegar ég man eftir henni þá er hún náttúrulega bara eins og húsmóðir á bænum – en samt vantaði eitthvað, sem ég skynjaði sem barn; hún var ekki gift honum. Þau sváfu saman, og hún stjórnaði þarna öllu. En hún hafði ekki þennan virðingarsess húsmóðurinnar, sem hún hefði átt að hafa.[917]
>
> **Úr skáldsögunni *Kristnihald undir Jökli:***
> **Umbi:** Með leyfi, eruð þér ekki frúin?
> **Konan:** Ekki hef ég nú verið talin það híngaðtil.
> **Umbi:** Sona margar kökur hef ég aldrei séð í einu. Hafið þér búið til allar þessar kökur?
> **Konan:** Hver annar sosum? Enda kallar það mig Hnallþóru hérna...

[914] Sjá Ágústa Þorkelsdóttir, *Salína og Ameríkukistan*; Stefán Björnsson, „Hver er ég,“ 2.
[915] Vísað til samtals sem ég átti við einstakling árið 2017.
[916] Nokkuð er til af fyrri tíma heimildum um þess háttar sambönd ráðskvenna og bænda. Einnig má benda á heimildir af ráðskonum sem áttu börn með bændum og voru jafnframt kallaðar barnsmæður þeirra. Sjá Marta Valgerður Jónsdóttir, *Keflavík í byrjun aldar: Minningar frá Keflavík*.
[917] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

**Umbi:** Þér eruð samt ráðskonan er ekki svo?
**Frk. Hnallþóra:** Ég bara er hérna. Fylgi staðarhúsum.[918]

Erfitt er að skilgreina stöðu ráðskvenna sem sinntu öllum skyldum húsmóðurinnar en fengu aldrei húsmóðurtitilinn, svo ég vitni í enn einn heimildarmann minn sem mundi eftir slíkri ráðskonu úr barnæsku sinni: „Ég man að mér fannst þetta sérstakt og skrýtið að þarna væru maður og kona sem ekki voru hjón.“[919] Sjónarhorn þeirra ráðskvenna er vart að finna í sögulegum heimildum. Rannsóknin býr þó að innihaldsríku viðtali sem ég tók við ráðskonu sem var í óopinberri sambúð með bóndanum um áratuga skeið. Saga hennar gefur innsýn í stöðu ráðskvenna sem svo var ástatt um, án þess þó að hún tali fyrir heildina. Þegar konu þessa bar fyrst að garði hjá bóndanum var hún einstæð móðir með ung börn. Það liðu einhver ár áður en hún og bóndinn fóru að lifa samlífi – sem hún sagði vera hálf þvingað af hans hálfu; hún sagðist aldrei hafa borið neinar rómantískar tilfinningar til hans. Mikið valdamisræmi var í sambandi hennar og bóndans, þar sem hann hafði yfirhöndina: „þetta var hans hús,“ sagði hún beiskum rómi.[920] Frásögn hennar sýndi að hún og bóndinn áttu í nánum kynnum án þess þó að þau hefðu nokkurn tímann átt í rómantísku sambandi. Hún hafði engan áhuga á að gerast þarna húsmóðir því hún var *alltaf á leiðinni í burtu* af bænum. Þegar ég spurði hana hví hún hefði verið svo lengi ráðskona á bænum tjáði hún mér að hún hefði vorkennt bóndanum – sagði að hann hefði verið mikill einstæðingur þegar hún kynntist honum og að hann hafi átt erfitt með að hugsa um sig sjálfur eftir að móðir hans dó: „En nú á ég mína eigin íbúð, mína eigin hluti. Hann á ekkert hérna inni! Þetta er mitt ríki,“ sagði hún hátt og staðfastlega, um leið og hún bandaði höndunum í átt að veglegri hillu með fögru stofustássi sem stirndi á. Ég var sannarlega stödd í konuríki, þar sem ráðin og dáðin voru fyrir hendi líkt og í ráðskonuríkinu, en þar sem völdin voru óskert í höndum húsráðandans, konunnar, ólíkt því sem reyndin var hjá ráðskonunni.

## 4.5. Vald ráðskvenna innanstokks

Ég er ráðskona ráðin í sveit,
ég er rauðhærð og dramblát og feit.
Ég elda, ég sópa, ég þurrka, ég þvæ
við þrjáláta krakkana plammast
ég æ! [921]

[918] Halldór Laxness, *Kristnihald undir Jökli*, 32–33.
[919] (N.N. Tölvupóstur til höfundar, 2018.)
[920] N.N. (fædd á 4. áratugnum), viðtal við höfund. (D)
[921] Guðfinna Ragnarsdóttir (f. 1943) orti þessa vísu þegar hún 13 ára gömul annaðist litla sex mánaða telpu. Guðfinna sagði mér að vísan lýsti e.t.v. þeirri mynd sem hún hafði af ráðskonustarfinu á þeim tíma sem hún var ort. Hér kemur við sögu ákveðin ímynd af ráðskonu sem grófgerðum kvenmanni að ráðskonast.

Í upphafi rannsóknarinnar hafði ég fastmótaðar hugmyndir um ráðskonur sem valdhafa innan veggja sveitaheimilanna. Sú ímynd mín af ráðskonu mótaðist ekki síst af tengingu ráðskonustarfsins við húsmóðurstarfið og hve orðið *ráðs*kona og tengd orð og orðasambönd hafa sterkar vísanir í ákvörðunarvald. Þær skírskotanir hafa hins vegar tvöfalda meiningu þegar betur er að gáð. Orðasambandið *að ráðskast* sem er nátengt ráðskonustarfinu þýðir að einhver *reyni að stjórna/skipta sér af*. Í orðinu felst að viðkomandi hefur í reynd ekki stjórn á sinni hendi.[922] *Ráðskonuríki* er orð sem er gjarnan notað í aðstæðum þegar verið er að skipta sér of mikið af.[923] *Ráðskonurass* var títt notað, þ.m.t. af viðmælendum rannsóknarinnar: „ef það er ráðskonurass á einhverri þá er það manneskja sem lætur til sín taka. Það gengur mikið á fyrir henni.“[924] Áðurnefnd orðfæri voru oft notuð sem háð og þá notuð yfir konur sem eru sagðar fara út fyrir sitt valdasvið í augum þess er segir frá:[925] „Ráðskonurass og ráðskonuríki, eru ekki hrósyrði og til eru ýmsar grínsögur um ráðskonur,“ sagði fyrrum ráðskonan Ása Ketilsdóttir (f. 1935) mér.[926] Það stendur heima hjá Ásu, því víða bregður fyrir glettnissögum og skrýtlum sem gera lítið úr valdi ráðskvenna.[927] Þær sögur eru ákveðin birtingarmynd þess að þessar konur ráðs voru fremur konur sem ráðskast. Þegar ráðskonur fóru yfir eiginlegu valdamörkin sem þeim voru afmörkuð voru þær líkt og aðrar konur sem ástunda slíka hegðun kallaðar frekjur. Slík frekjuhegðun gat náð fram niðurstöðu sem varð ekki náð fram með öðrum hætti vegna valdaleysis þeirra.

Á síðari hluta 20. aldar er sérhæfing starfa í mikilli sókn og tilheyrandi löggildingar. Ráðskonustarfið á sveitaheimili tók ekki breytingum í anda þeirra strauma og var ekki löggilt starf. Af þessu leiddi að þótt ráðskonustarfið væri í eðli sínu stjórnunarstarf byggði sú stjórnunarlega ábyrgð alfarið á tvíhliða samkomulagi ráðskvenna og atvinnurekandans, sem dæmi má nefna matseld. Ráðskonurnar sögðu að eldhúsið hefði verið þeirra helsta vígi á heimilinu:[928] „Ég hafði völd inn í eldhúsi. Það sagði mér enginn hvað ég átti að baka.“[929] Það breytti því samt ekki að þær réðu ekki öllu á þessum vettvangi, öfugt við það sem starfsheiti þeirra bendir til. Sumir bændur vildu hafa samráð um hvað væri í matinn (39%) og/eða hvað væri keypt í matinn (46%) og þegar einhugur ríkti ekki um valið var það bóndinn sem réð.

---

[922] Hér er stuðst við skilgreiningu *Íslensku nútímamálsorðabókarinnar* á orðinu að ráðskast.

[923] Þekkt er óperan *Ráðskonuríki* (La serva pardon) eftir ítalska tónskáldið Pergolesi sem var flutt á Íslandi á 6. og 7. áratugnum.

[924] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[925] Konur sem hafa það sem aðalstarf að elda hafa gjarnan ímynd konu í stjórnunarstöðu. Rebecca Sharpless fjallaði um staðalímynd af eldabuskum af afrískum uppruna í Bandaríkjunum sem valdamikillar fígúru sem ráðskast enda þótt þær væru í reynd valdalausar með öllu. Sharpless, *Cooking in Other Women´s Kitchens*, 167.

[926] Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[927] Sjá t.d. skrýtlu í *Reykjalundi* 1. júní 1958, 53; Halldór Laxness, *Sjálfstætt fólk*, 17; Birgitta Hrönn Halldórsdóttir, *Ráðskona óskast í sveit, má hafa sjónvarp...,“* 36–41.

[928] Sjá umfjöllun Hagemann um viðhorf til eldhúsa sem kvennarýma. Hagemann, „Kjökkenet som samfunnsprojekt,“ 308–309.

[929] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

Ráðskonur voru sum sé ekki alltaf hafðar með í ráðum. Á öðrum bæjum var það alfarið í höndum ráðskvennanna að ákveða hvað væri í matinn (56%) og hvað væri keypt í matinn (49%).[930] Af þessu má sjá að bændur réðu því sem þeir vildu ráða innanbæjar líkt og utan. Það var síðan undir ráðskonunum komið hvort þær sættust á að starfa á bæjum þar sem tilteknu ákvarðanavaldi var ekki miðlað til þeirra, til að mynda varðandi hvernig haga skyldi innkaupum, matargerð, uppeldi barna og vinnu og vinnulagi almennt innanstokks: „Ráðskona á að sjá um öll innanhússverk. Hún á að sjá um innkaup líka, en það er ekki í öllum tilfellum. Stundum er það maðurinn sem ræður. Þá kannski spurði hann hvað vantaði, svona, svona, svona; svo var það hann sem ákvað," sagði ein ráðskonan.[931] Íhlutun í störf ráðskvenna af hálfu bænda má rekja aftur í aldir. Þekkt dæmi um afskipti bænda af störfum ráðskvenna og húsmæðra fyrr á öldum var þegar að bændurnir skiptu sér af gæslu matar og útdeilingu hans á bæjunum.[932]

Sumar ráðskonurnar á sveitaheimilunum andæfðu allnokkrum sinnum þegar bændurnir ráðskuðust með störf þeirra innanstokks: „Ég er skass, ég læt engan vaða yfir mig – það er kannski þess vegna sem ég er orðin kallalaus [hlær]."[933] Þær sem voru fylgnar sér sögðust hafa þurft „að frekjast/skassast" eða að „rífa kjaft" til að fá tiltekna stjórn húshaldsins í sínar hendur: „Því ég er svo mikil frekja." Fróðlegt var að sjá að þær ráðskonur sem sögðust hafa verið með kjafthátt þegar þörf var á, og ekki hafa hlýtt öllu möglunarlaust sem bóndinn sagði, virtust telja þá hegðun sína til kosta og upphöfðu hana jafnvel. Það endurspeglaðist ekki síst í áherslum þeirra þegar þær sögðu frá. Þá vildi oft glott fylgja með í kaupunum og raddblær sem lýsti velþóknun þeirra á því sem þær stundum skilgreindu sem frekju. Ljóst var að ráðskonur sem andæfðu aðkomu bænda að störfum þeirra innanstokks, álitu það vera ákveðna uppreisn gegn reglum og venjum bændanna; vissa göfgi. Þær gengust við þeirri viðteknu ímynd af ráðskonum; að þar færu konur sem ráðskuðust þegar á þurfti að halda.

> **DKE:** Hafðir þú einhver völd á bænum?
> **Anon:** Jáááá, kannski bara því ég er frekja.
> **DKE:** Fékkstu að ráða hvað var í matinn?
> **Anon:** Alltaf. Nei. Ég hef verið á tveimur bæjum þar sem bóndinn hefur sagt að þegar það koma gestir þá megi ekki eitthvað ákveðið vera í matinn. Þá auðvitað varð ég að hafa það í matinn, að sjálfsögðu. Og gestirnir voru glaðir! En bóndinn var svona; hmmm… Sem sagt, á einum bænum fannst

[930] Á þeim fjórum bæjum þar sem ráðskonur voru undir stjórn húsmóður var það á valdi húsmóðurinnar að ákveða hvað var í matinn og sjá um matarinnkaupin á bæjunum.

[931] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund

[932] Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð," 57–94; Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn*, 175; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*, 91; Árni Daníel Júlíusson, *Landbúnaðarsaga Íslands* 2. bindi, 53. Sjá líka sögu um bóndann Valdimar Guðmundsson í Bólu (1877–1966) sem skammtaði ráðskonu sinni SÁM 86/830 EF

[933] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

> honum fyrir neðan allar hellur að bjóða fólki upp á fátækramat eins og hreindýr. En þegar ég hafði hreindýr, hvort sem það voru bollur eða steik eða eitthvað, þá voru gestirnir hamingjusamir. Þá var ekkert hægt að rökræða það. Þú varst með hamingjusama gesti.
>
> **DKE:** Var þetta uppreisn af þinni hálfu, að bjóða gestum upp á hreindýrakjöt?
>
> **Anon:** Aha, tæknilega séð. Og á hinum bænum þá mátti ekki gefa gestum sem komu ábrysti. Það var bara bannað. Það var ekki alvöru matur. Einu sinni kom flutningabílstjóri, ég man svo vel eftir því [hlær]. Ég eldaði ábrysti.[934]

Ráðskonurnar á síðari hluta 20. aldar upplifðu ekki endilega afskipti bænda af heimilisstörfum sem lítillækkun í starfinu. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að margar kvennanna höfðu ekkert endilega áhuga á að taka ákvarðanir í tengslum við rekstur heimilisins. Þær höfðu því ekkert á móti því að bóndinn stýrði eða tæki ákvarðanir varðandi heimilisverk. Ein meginástæðan fyrir þessu ráðandi hlutleysi ráðskvennanna gagnvart ákvörðunartökum er vörðuðu störf þeirra, var sú staðreynd að þær sinntu ráðskonustarfinu í því skyni að eiga í sig og á, en ekki til þess að fá útrás fyrir áhuga sinn á ráðskonustarfinu sem slíku. Til samanburðar má nefna að viðmælendur mínir sem störfuðu bæði sem ráðskonur á sveitaheimilum og á opinberum vettvangi, voru samróma um að völd væru mikilvægur þáttur í ráðskonustarfi á opinberum vettvangi, sem gerði þeim fært að sinna starfi sínu sem skyldi og um leið vegna vel í starfi. Þær konur kváðust hafa haft meiri völd í ráðskonustöðunni á hinum opinbera vettvangi heldur en á sveitaheimilinu: „þar getur þú rifið kjaft við pétur og pál, því þú ert þinn hæstráðandi fyrir utan þann sem á fyrirtækið og réð þig. En það ert þú sem ræður algjörlega öllu í þínu eldhúsi.“[935]

Ráðskonur á sveitaheimilum sáu sig oftar en ekki sem starfskraft undir stjórn yfirmanna sinna bændanna, fremur en sem eiginlega stjórnendur á heimilunum. Þær voru vel meðvitaðar um að þær sinntu störfum á heimili bóndans sem var frábrugðið því að sinna slíkum störfum á eigin heimili. Húsmæður sinntu heimilisrekstri fyrir sig og sína með langtímamarkmið að leiðarljósi, en ráðskonur sinntu aftur á móti rekstri heimila fyrir aðra í skamman tíma að jafnaði og þáðu fyrir það laun og/eða launaígildi. Þrátt fyrir að ráðskonum á sveitaheimilum hafi jafnan verið sniðinn þrengri stakkur en húsmæðrum hvað varðaði hússtjórn á bæjunum, var samt sem áður ætlast til þess að ráðskonur sýndu sömu ræktarsemi gagnvart heimilunum og húsmæður. Slíkar kröfur eru gjarnan gerðar til starfa heimilishjúa á alþjóðavísu.[936]

[934] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)

[935] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

[936] Phyllis Palmer fjallar um skyldu heimilishjúa til að sinna heimilum annarra af sömu alúð og þær myndu sinna eigin heimilum í Bandaríkjunum 1920–1945. Palmer, *Domesticity and Dirt,* 66.

**KB:** Mér fannst ég bera mikla ábyrgð á öllu inni, þar sem ég átti ekkert af þessu. Ég var alltaf meðvituð um það. Ég átti ekkert af þessu sem var þarna inni og þurfti því að umgangast það vel – passa að skemma ekki neitt. Ég gekk í þetta eins og vinnuna mína, þú klárar þetta fyrir hádegið, þú passar að hafa þetta svona, svona, svona, eins og þegar þú fórst á skrifstofuna og þú þurftir að ganga frá póstinum, gera þetta, gera hitt. Því að ég var alltaf einhvern veginn meðvituð um að ég væri í vinnu hjá honum. Ég leit aldrei á þetta eins og, þó svo ég réði hvað var í matinn, hvaða kökur ég bakaði, og allt þetta – þá gleymdi ég aldrei að ég var í vinnu hjá honum. Og það var áskorun, ég var alltaf ráðskona, ég var ekki húsmóðir á þessu heimili.[937]

**SH:** Ég kem þarna sem ráðskona þannig að ég hef yfirmenn. Ég er í vinnu. Ég myndi segja að bóndinn hafi verið minn yfirmaður. Það var hann sem borgaði mér launin og það var hann sem setti út á verkin ef það var eitthvað til að setja út á.
**DKE:** En ef þú hefðir verið húsmóðir?
**SH:** Miðað við minn karakter, þá elda ég þann mat sem ég elda og annað hvort étið þið hann eða ekki [hlær].[938]

**SHS:** Já það er nú það. Húsmóðirin ræður öllu. Ráðskonan, hún bara verður að gera eins og henni er sagt. En þeir skiptu sér ekkert af mér, ég gerði þetta bara eins og ég vildi hafa það.[939]

**JSS:** Það fer eftir heimilum. Sem ráðskona þá getur þér ekki allt í einu dottið í hug að gera eitthvað og breyta einhverju, án þess að spyrja fyrst. En sem húsmóðir, þá getur maður bara dembt sér í þetta [hlær]. Húsmóðirin kannski spyr um álit, en hún þarf ekki að fá leyfi, skilurðu?[940]

**SH:** Það er allt annað að vera húsmóðir heldur en ráðskona. Þá getur maður bara, hvað á ég að segja, þú getur verið meiri slóði þegar þú ert húsmóðir, en þegar þú ert ráðskona. Þegar maður er ráðskona með mat, þá verður allt að vera tilbúið á mínútunni.[941]

**SJ:** Þegar maður er ráðskona þá þrífur maður og heldur hreinu. Þá er matur á matartímum, ekki bara sagt: „Nei þið finnið ykkur eitthvað." Maður gerir það ekki þegar maður er ráðskona. Það er matur þegar það er matur, skilurðu. Það er munurinn. Þá er þetta vinnan manns og maður sinnir henni. En þegar

---

[937] Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.
[938] Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.
[939] Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[940] Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), viðtal við höfund.
[941] Svava Höjgaard (f. 1937), viðtal við höfund. Svava er fyrrum skólaráðskona sem ólst upp á heimili þar sem þrjár ráðskonur sáu um heimilishaldið.

> maður er húsmóðir á eigin heimili þá getur maður verið með allt í drasli. Þá getur maður bara vísað mönnum á ísskápinn. Maður gerir það ekki þegar maður er ráðskona.[942]

### 4.5.1. Vald sögumannsins

Ákveðinn samhljómur var í því hvernig ráðskonurnar lýstu valdi sínu innanstokks, óháð þeim mismun sem óneitanlega var á því valdi sem þær höfðu í raun. Það lýsti sér með þeim hætti að í sögum þeirra kom oft fram að þær hefðu farið með ákveðið vald á bænum sem kalla mætti móðurlegt vald eða vald uppalandans: „Hann var alveg ótrúlega oft erfiður, en ég tók hann bara á barnasálfræðinni."[943] Ætla verður að þetta vald hafi í einhverjum tilfellum að mestu verið bundið við frásögn þeirra af atburðunum en varpar ákveðnu ljósi á upplifun kvennanna af samskiptum sínum við bændurna. Viðmælendur mínir sviðsettu gjarnan samtöl sín við bændurna. Þessar sviðsetningar voru mjög upplýsandi, því þær lýstu sjónarhorni kvennanna og/eða bændanna, persóna þeirra og/eða bændanna, samskiptum þeirra á milli o.fl. Gjarnan var dregin upp mynd af konunum sem þroskuðum og rökvísum einstaklingum en bændunum sem órökvísum og barnalegum. Konurnar beittu oft rödd sinni óspart með leikrænum hætti í frásögn sinni og persónusköpun. Þessi framsetning kvennanna á samtölum millum sín og bændanna er einkar forvitnileg sé litið til hinnar langlífu goðsagnar af körlum sem rödd rökvísinnar og af konum sem rödd órökvísinnar.[944]

Í alþýðlega smáritinu *Women & Power* segir sagnfræðingurinn Mary Beard, að allt frá fornöld hafi konur ekki notið trausts sem ræðumenn á hinu opinbera sviði. Ástæðan sé sú að bæði fyrr og nú sé talið að konur skorti þá eiginleika sem nauðsynlegir eru góðum ræðumanni. Þau viðhorf til kvenna sem mælenda séu hluti af áherslum vestrænnar menningar sem feli í sér að miðlun frá hendi kvenna sé þögguð samanborið við áherslur á miðlun karla: „Þegar kemur að þöggun kvenna, þá hefur vestræn menning fengið mörg þúsunda ára þjálfun."[945] Í því samhengi nefnir Beard það vægi sem hljómur raddar hefur: Djúp rödd ræðumanns táknar karlmennsku og hugrekki á meðan skrækur málrómur stendur fyrir kveifarskap kvenna.[946] Ráðskonurnar notuðu gjarnan skrækan málróm þegar þær ljáðu persónu bóndans rödd í sviðsettum samtölum sínum: rödd sem miðlaði alla jafna tilfinningalegu uppnámi og óstýrilæti bændanna. Á hinn bóginn varð málrómurinn dýpri þegar þær miðluðu eigin rödd: rödd sem miðlaði rósemd og rökvísi mælandans. Hér þarf að hafa í huga að samtölin sem ráðskonurnar léku eftir/hermdu eftir, áttu sér iðulega stað inn á einkaheimilinu, sveitaheimilinu. Það sýnir að konurnar upplifðu sig sem rödd rökvísinnar inni á heimilinu. Þær voru aftur á móti ekki rödd rökvísinnar utan þess, þar voru þær gjarnan raddlausar.

[942] Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.
[943] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)
[944] Sjá Minister, „A Feminist Frame for the Oral History Interview," 30.
[945] Mary Beard, *Women & Power*, 2
[946] Mary Beard, *Women & Power*, 15–21.

## 4.6. Samanburður á ráðskonu- og húsmóðurstöðunni

Viðmælendur voru beðnir um að bera saman ráðskonu- og húsmóðurstarfið í viðtölunum. Slíkur samanburður af þeirra hálfu er mjög gagnlegur, því ekki má gleyma því að allar konurnar sem ég ræddi við í þessari rannsókn voru aukinheldur húsmæður á einhverjum tímapunkti á ævi sinni, hvort sem þær giftust bónda eður ei, og búa því yfir sýn húsmóðurinnar, rétt eins og sýn ráðskonunnar.

Viðtöl mín leiddu í ljós að ærið misjafnt var hvort ráðskonur sáu ráðskonustarfið sem ígildi húsmóðurstarfsins eður ei. Algengast var að þær nefndu ekki samsvörun þeirra starfa að fyrra bragði – ekki fyrr en ég bað þær hreinlega í lok viðtalsins að segja mér hvað þeim fyndist vera líkt og ólíkt með ráðskonu- og húsmóðurstarfinu. Af því má á vissan hátt merkja að konurnar sáu enga ástæðu til þess að bera ráðskonustarfið sem þær gegndu saman við starf húsmæðra. Flestir viðmælendurnir voru þó sammála um að ráðskonustarfið væri ígildi húsmóðurstarfsins að vissu leyti, ekki síst hvað störfin varðar. Samkvæmt viðtölunum voru verkskyldur og völd ráðskvenna afmarkaðri en húsmæðra. Ráðskonurnar voru almennt á því að skyldur ráðskvenna væru samningsatriði en að skyldur húsmæðra næðu yfir fleiri athafnasvið: „Húsmóðurstarfið felur í sér allt frá því að vera félagsráðgjafi upp í það að vera bara vinnukona. Allt þar á milli.“[947]

Fróðlegt var að sjá að í þeim tilvikum þar sem ráðskonur hófu sambúð með bændum sem þær störfuðu fyrir fylgdi gjarnan með í kaupunum samhliða þeirri breytingu, að þær fóru að taka meiri þátt í útiverkum. Í viðtölunum vitnuðu konurnar því gjarnan til sín sem bónda en ekki húsmóður. „Ég leit á mig sem bónda.“[948] Ráðskonur sem sinntu miklum útiverkum vísuðu aldrei til sín sem bónda, en eldri konurnar í hópi viðmælendanna fjölluðu alloft um launa- og kjaramál sín sem bændur, en ekki húsmæður eða ráðskonur. Bág staða kvenna í Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda var oft reifuð: „Ég var bóndi en við vorum bara álitnar ráðskonur þar.“ [949] Bóndakonur/húsmæður fengu ekki inngöngu í Búnaðarfélag Íslands fyrr en árið 1976, vegna baráttu Ágústu Þorkelsdóttur á Refsstað og fleiri kvenna.[950] En ráðskonur voru enn sem áður starfsstétt án stéttarfélags. Ágústa sagði um stöðu kvenna í búnaðarfélögum:

> **ÁÞ:** Konur gátu ekki verið í búnaðarfélagi. Nema að þær væru, eins og ég sagði, búnar að drepa af sér karlinn. Það voru ekkjur. Þær máttu vera í búnaðarfélagi, því þær voru forsvarsmenn búsins. En gift kona eins og ég, sem ætlaði að halda því fram að ég væri bóndi og ætti að vera í stéttarfélagi, það var bara álitið rugl! Þetta fannst mér ekki nógu gott.[951]

---

[947] Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

[948] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

[949] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund. Sjá *Konur sem kjósa,* 680–681.

[950] Sjá Vilborg Harðardóttir, „Fá konur að vera í stéttarfélagi?“ *Þjóðviljinn,* 31. ágúst 1975, 2 og 18. Af öðrum baráttukonum fyrir inngöngu kvenna í Búnaðarfélag Íslands var Annabella Harðardóttir.

[951] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

Bústjórn tekur mið af stöðu stjórnendanna á heimilunum. Stjórnunarlega var mikill munur á valdi húsmæðra annars vegar og ráðskvenna hins vegar og reyndar sömuleiðis vinnukvenna og kaupakvenna ef þær sinntu hússtjórn í fjarveru húsmæðra og ráðskvenna. Margar konurnar sáu mun á stöðu og valdi annars vegar ráðskonunnar og hins vegar húsmóðurinnar og heyra mátti að þær álitu ráðskonur og húsmæður oft bera sams konar ábyrgð á framkvæmd heimilisstarfanna en þær hefðu hins vegar ólík völd hvað ákvarðanartökur varðaði:[952] „Húsmóðirin ræður sér sjálf. Alfarið. Hún gerir verkin þegar hún vill gera verkin. En sem ráðskona átti maturinn að vera kominn á borðið nákvæmlega klukkan þetta, og ég átti að þvo þvottinn á þessum degi. Þetta var skipað svona niður.“[953] Slík afmörkun á heimilisstjórn ráðskvenna gat verið ákveðin áskorun fyrir konur sem sinntu ráðskonustörfum, ekki síst þeim sem höfðu gegnt húsmóðurstarfi áður en þær gerðust ráðskonur. Þar að auki ljáði húsmóðurstaðan konunum stundum aukið vald hvað varðaði rekstur heimilisins og jafnvel búsins í heild sinni. Sem dæmi má nefna viðtal mitt við ráðskonu sem giftist bóndanum og varð í kjölfarið húsmóðir og bóndakona á bænum. Hún sagði mér að þegar hún og bóndinn (fyrrum eiginmaður hennar) tóku saman skilgreindi hann hana lengi vel alltaf sem ráðskonuna á bænum því hann vildi ekki að hún færi að skipta sér af rekstri búsins: „Þegar ég segi karlremba þá meina ég að ég mátti ekki taka neinar ákvarðanir á búinu með honum. Hann sá um allt, allar ákvarðanir sem tengdust búinu. Ég átti bara að vera þarna inni.“[954]

Viðtölin sýndu jafnframt að það var alls ekki algilt að húsmæður hefðu meira ákvörðunarvald en ráðskonur á sveitabæjum: „Ég er kannski ekki nógu frek. En með tímanum fór ég að ákveða sjálf – ég málaði allt húsið án þess að spyrja hann að því!,“ sagði ein fyrrum húsmóðir í sveit.[955] Samkvæmt viðtölunum öðluðust húsmæður meira vald á sveitabæjum eftir því sem leið á seinni hluta aldarinnar, þó undantekningar væru á því. Ákveðin tímaskeið hröðuðu þeirri framþróun: „Staða bændakvenna breyttist talsvert þau tíu ár sem kvennaáratugurinn stóð yfir,“ segir í *Konur sem kjósa*.[956] Hafa ber hugfast að tíður aldursmunur á milli margra kvennanna og bændanna gat líka haft áhrif á valdamismuninn milli þeirra, líkt og ein konan benti mér á: „Mér fannst fólk ráða meira saman á þessum tíma, um sjötíu og í byrjun 8. áratugarins. En maðurinn minn var svo miklu eldri en ég. Þessi hugsunarháttur loddi lengi við, sérstaklega hjá þeim sem að voru fæddir fyrir stríð,“ sagði hún og þagði um stund, og sagði svo: „Þótt að náttúrulega væri ein og ein kona sem hefði haft húsbóndavaldið eins og það var kallað þá.“[957]

---

[952] Sjá Unnur Dís Skaptadóttir, *Fishermen´s Wives and Fish Processors,* 200. Þar kemur fram að konur báru meginábyrgð á heimilishaldi í sjávarbyggðum, þ.m.t. ákvörðunartökum er lutu að því heimilishaldi.

[953] Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.

[954] Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund. Sjá Ágústa Þorkelsdóttir, *Við þorum, viljum, getum!,* 64.

[955] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[956] Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennakraftur,“ 509.

[957] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

Það gat haft áhrif á völd nýrra húsmæðra, ef móðir bóndans var búsett á bænum, rétt eins og í tilfelli ráðskvenna: „Hún var húsmóðirin. Trúlega hefur hún ætlast til að fá vinnukonu en hann bauð mér ráðskonustarf.“[958] Tvær konur í hópi viðmælendanna áttu í valdabaráttu við tengdamæður sínar þegar þær gerðust húsmæður á bæjunum. Þegar málin stóðu þannig var ekki alltaf ljóst hvor konan hefði öll ráðin innanstokks: hvor konan var húsmóðirin á bænum. Í viðtali mínu við Ágústu Þorkelsdóttur sagði hún mér að örðugleikar í valdaskiptum millum tengdamæðra og tengdadætra í sveitum hafi verið algengir í þá tíð: „Já, það er kvennasaga. Það ætti nú kannski að hugleiða það, hvernig stendur á því, hvernig konur gátu stundum verið grimmar við tengdadætur sínar.“[959] Valdaskipti milli húsmæðra á bóndabæjum gátu líka farið friðsamlega fram, eins og í tilfelli Þorbjargar S. Þórarinsdóttur (f. 1942) og tengdamóður hennar. Þorbjörg var innan við tvítugt þegar hún réðst í ráðskonuvist með tveggja ára son sinn á sveitabæ. Á bænum voru búsett eldri hjón og 39 ára gamall sonur þeirra. Þorbjörg sagði: „Ég mátti bara ráða mér í ráðskonustarfinu“ og þegar hún tók saman við bóndann og varð húsmóðir „þá fór ég að ráða meiru.“[960]

> **KÓ:** Munurinn lá helst í því að þegar þú varst ráðskona þá hafðir þú ekkert með það að gera hvað var keypt til búsins. En í sumum tilfellum gilti það sama með eiginkonur eins og mig. Ég hafði ákaflega lítið um það að segja. Annað en það sem ég bara frekjaðist til að taka út í kaupfélaginu án þess að spyrja [hlær dátt]. En ég var ekki með í ráðum, það kom kannski bara til út af því að minn bóndi var orðinn dálítið fullorðinn, yfir þrítugt þegar við tökum saman. Þetta getur hafa skapast svolítið út af því. En ég vissi að þetta var ákaflega misjafnt á meðal þeirra sem ég þekkti. Sumar voru alveg með í ráðum og réðu jafnvel meira en karlinn með ýmislegt; hvenær var keyptur traktor eða þvottavél. Á meðan aðrar réðu alls engu... Á einum slíkum bæ bjó vinkona mín, með þó nokkuð af börnum og svona. Ég er ekki að nefna nein nöfn. Ég vissi að hún talaði um að hún vildi fá uppþvottavél, þetta barst bara svona í léttu máli í tal. Bóndinn sagði að það væri hægt að athuga það seinna. Hún sagði: „Ef ég þarf uppþvottavél þá þarf ég hana núna.“ Hún átti von á fjórða barninu sko. – Að það hafði verið einhver spurning um að hún réði jafnt um það – þetta er eins og krakki sem segir: „ég vil fá hjól.“ – „Já við skulum athuga það seinna,“ hefði pabbinn sagt. En þarna er það konan sem segir: „ég þyrfti endilega að fá uppþvottavél núna.“ – „Já það má athuga það seinna.“ Sko það er þetta sem ég er að segja; þetta var föðurlegt yfirvald. Og er það ekki ennþá svoleiðis, erum við ekki enn að kljást við þetta konur, að við séum teknar jafnar mönnunum. Það er þetta; við viljum ekki láta koma fram við okkur eins og krakka, heldur vera hafðar með í ráðum.[961]

[958] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[959] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[960] Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.
[961] Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund. Einnig Guðríður B. Helgadóttir (f. 1921), viðtal við höfund: „Konur höfðu ekki mikil fjárráð, auraráð eða sjálfstæði þó þær væru húsmæður og

Jafnvel þó svo að húsmóðurstaðan tryggði konunum ekki alltaf aukin völd hvað viðkom rekstri búsins voru flestir viðmælendurnir sammála um að húsmóðurhlutverkið væri almennt álitið meiri virðingar- og valdastaða en ráðskonuhlutverkið í samfélaginu: „Húsmóðir hafði meira vald, utan frá,“[962] sagði ein ráðskonan: „Ráðskonan var skör lægra en húsmóðirin,“ sagði önnur.[963]

Athyglisvert var að sjá hve margar kvennanna upplifðu ráðskonustarfið sem fýsilegri kost en húsmóðurstarfið, í þeirri stöðu sem þær voru í. Margar kvennanna sögðu aukið frelsi fólgið í því að starfa sem ráðskona, miðað við það að starfa sem húsmóðir. Ein ástæðan þar að baki fólst í því að ráðskona ólíkt húsmóður gat yfirgefið bæinn, sagt upp stöðunni um leið og hún vildi. Ekki síst vegna þess að þær voru nær aldrei bundnar neinum skriflegum samningi og tilheyrandi uppsagnarfresti. Önnur ástæða fyrir því af hverju hluti kvennanna upplifði að ráðskonustarfið byði upp á meira frjálsræði en húsmóðurstarfið, var einfaldlega sú að ráðskonan þurfti ekki að sofa hjá bóndanum. Margar ráðskvennanna töldu akkúrat þetta einn helsta muninn á stöðu ráðskvenna og húsmæðra, þ.e.a.s. að húsmæðurnar sváfu hjá bændunum en ráðskonurnar þurftu þess ekki. Nokkrar kvennanna sem tóku saman við bóndann skilgreindu t.d. breytingar á stöðu sinni út frá breyttri svefnaðstöðu: „Nei mér finnst þetta allt saman bara svipað. Nema maður flutti inn til kallsins og lítið annað; maður fór bara úr einu herbergi í annað.“[964] Áhugavert var að sjá hve oft konurnar töluðu frjálslega um kynlíf í viðtölunum. Þegar þær komu almennt inn á kynlíf kom það oft fyrir sjónir sem skylduverk.[965] Hvernig skilgreinir þú ráðskonu og húsmóður? spurði ég einn viðmælanda minn:

> **KRM:** Það er eiginlega það sama, í raun og veru. Nema húsmóðirin þarf að gegna skyldum eiginkonu, skilurðu. En ekki ráðskonan.
> **DKE:** Hvaða skyldur eru það?
> **KRM:** Nú að sofa hjá karlinum auðvitað. Ha. Til dæmis. Og kannski hlýða því sem hann segir meira. Ráðskonan er frjálsari, hún ræður sjálfri sér meira skilurðu. Eða ég skil það þannig, bara af því ég var sjálf gift og skil það þannig skilurðu, út frá því.[966]

Enn önnur ástæða fyrir því af hverju konur upplifðu aukið sjálfstæði við að starfa sem ráðskonur frekar en húsmæður, var sú að ráðskonur höfðu yfir eigin fjárhag að ráða.

---

eiginkonur. Þær þurftu að spyrja manninn „eigum við fyrir þessu?“ Auðvitað voru margar sem fylgdust grannt með fjárhagnum og sáu jafnvel um búreikningana.“

962 N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C)

963 Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund.

964 Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund.

965 Þörf er á frekari rannsóknum á viðhorfum kvenna á síðari hluta 20. aldar til kynlífs, m.a. viðhorfum kvenna til kynlífs sem skylduverks í samböndum og áhrifum slíkra viðhorfa á sjálfsmynd kvenna, þ.m.t. líkamlegt/andlegt öryggi þeirra.

966 Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

Það var stundum sagt í gamni og alvöru að bændur ættu að giftast ráðskonum sínum svo þeir þyrftu ekki að greiða þeim laun:[967] „Ég var bara, hvað á ég að segja, upp á hann komin með framfærslu, ólaunaður starfskraftur [húsmóðir]. Ég var ekki að borga neitt í skatt eða lífeyri á þessum árum," sagði einn viðmælandinn.[968] „Þá var ég orðin hans og þá þurfti hann ekki lengur að borga mér laun eða neitt – þannig að ég vann frítt sem hafði slæm áhrif á sjálfstraust mitt," sagði annar viðmælandinn.[969] Í þeim tilvikum þar sem ráðskonurnar fengu greidd laun gátu þær oft safnað einhverjum aurum, svo ekki sé minnst á einstæðar mæður sem störfuðu sem ráðskonur og gátu safnað meðlögum sem þær fengu greidd með börnum sínum, líkt og reifað hefur verið. Ein kvennanna lýsir því að hún hafi safnað meðlögum sem hún fékk greitt með sonum sínum í ráðskonuvistinni – en þegar hún giftist bóndanum og gerðist húsmóðir hafi hún þurft að afhenda eiginmanni sínum, bóndanum, meðlögin og hann sá um að ráðstafa þeim.

Viðtölin leiddu nefnilega í ljós að það var alls ekki algilt að húsmæður í sveit á þeim tíma hefðu mikil ítök hvað viðkom búrekstrinum, hvað þá að þær hefðu auraráðin, enda þótt húsmæður sem giftar voru bændum hefðu það fram yfir ráðskonur að eiga hlut í býlunum:[970] „Hann sagði: „Hvað er þetta! Það er tekið hérna út mörgum sinnum sama daginn, í kaupfélaginu, peningur!" Ég man hvað ég var hrikalega reið, að hann skyldi dirfast. Ég átti að heita húsmóðirin."[971] Húsmæðurnar sem höfðu lítil eða engin auraráð studdust við ýmsar leiðir til að ná sínu fram, t.d. með því að taka út úr kaupfélaginu án þess að ráðfæra sig við bóndann og/eða að taka til sín fósturbörn, til að afla eigin tekna: „Svo fór ég að færa mig upp á skaftið og ég stofnaði minn eigin reikning og tók fósturbarn."[972] Það að taka til sín fósturbörn virðist hafa einskorðast að mestu við húsmæður. Ein ráðskonan sagðist hafa tekið til sín fósturbörn í vistinni og sagði jafnframt að það framtak hennar hafi skapað henni ákveðna sérstöðu sem ráðskona á meðal ráðskvenna: „Þannig að ég er ekki beinlínis hefðbundin ráðskona."[973]

> **Anon:** Þegar ég var 13 ára þá var ég í sveit á bæ þar sem maðurinn hafði töluverð félagsleg völd – og ég skildi það ekki, því mér fannst konan miklu klárari! [Hlær].
> **DKE:** Hvernig var staða kvenna til sveita á seinni hluta 20. aldar?
> **Anon:** Hún var alveg hræðileg, en ég hugsa að það séu margar konur sem viðurkenna það ekki.

[967] Sjá t.d. skrýtlu í *Vísi Sunnudagsblaðið,* 30. október 1938, 8.
[968] N.N. Viðtal við höfund. (9).
[969] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (E)
[970] Ef húsmæður voru giftar bændunum áttu þær helming í búunum ef ekki var gerður kaupmáli. Sjá viðtal við Önnu Sigurðardóttur: Sigurður Hreiðar. „Smjörlíki og smjörið og mismuninn í vasann: Vikan ræðir við Önnu Sigurðardóttur um jafnrétti karla og kvenna – í daglegu tali kallað kvenréttindi." *Vikan,* 7. janúar 1965, 10–11. Sjá einnig Inga Huld Hákonardóttir, *Hélstu að lífið væri svona?,* 132–133.
[971] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C) „
[972] Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.
[973] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (A)

> **DKE:** Af hverju heldur þú að það sé?
> **Anon:** Af því að ég held að það sé í eðli fólks, að viðurkenna ekki, að það sé í eðli þess að horfa á betri hliðarnar. Það var til dæmis ekki fyrr en árið 1976, þegar konur fengu kosningarétt í Búnaðarfélögunum. Það þótti alveg sjálfsagt að þær kysu það sama og karlinn. Konur í dreifbýli höfðu lítil völd, peningavöld. Sumar voru svo heppnar að ef karlinn var ekki heima, þá komust þær í krónubaukinn og gátu þess vegna keypt eitthvað.[974]

> **Anon:** Ég var gift honum, en það var eins og þetta væru hans peningar, það var alltaf talað um það. Hann var með peningavöldin. En svo smátt og smátt fór ég að læra inn á þetta allt saman.
> **DKE:** Læra inn á hvað?
> **Anon:** Inn á peningana, hvernig átti að sníkja peninga af honum, ég sníkti peninga... Ég veit það ekki, ég er kannski ekki nógu frek.[975]

Ráðskonustaðan veitti konum ákveðið frelsi, en á sama tíma bjuggu þær ekki við sama öryggi og húsmæður gerðu. Hluti kvennanna sá húsmóðurstarfið sem öruggari valkost, sem betri stöðu en ráðskonustarfið því það veitti konum endanlegt öryggi. Sveitabærinn var í senn vinnu- og dvalarstaður ráðskvenna og gjarnan dvalarstaður barna þeirra einnig. Í tilfelli húsmæðra var sveitaheimilið hins vegar eiginlegt heimili þeirra, staður þar sem þær voru ekki aðeins starfskraftur heldur líka fjölskyldumeðlimur. Þessi mismunandi staða kvennanna litaði upplifun þeirra af vinnuvettvanginum, sveitaheimilinu, líkt og ein konan orðaði það:

> **Anon:** Auðvitað þegar ég er orðin húsmóðir þá er ég rétthærri og ég finn það alveg. Mér finnst ég ekki bara vera að vinna þarna, ég á heima þarna, það er sá munur. Ég tilheyri þessum stað þegar ég er orðin húsmóðir. Sem maður gerir kannski ekki eins þegar maður er ráðskona. Ég held það sé meira einhvern veginn þannig. Mér fannst ég meira tilheyra.[976]

Þegar fjallað er um ólíka stöðu ráðskvenna og húsmæðra þarf að taka með í reikninginn hvort húsmæðurnar voru giftar bóndanum eða ekki. Hjúskaparvottorð, líkt og skriflegur ráðningarsamningur ráðskvenna, var mikilvægur liður til að tryggja ákveðin grunnréttindi fyrir vinnuframlag kvenna á heimilum. Konur sem voru í óvígðri sambúð með bóndanum voru ekki endilega betur staddar en ráðskonur við slit sambúðar, sbr. kunn dómsmál sem tóku til slita óvígðra sambúða og kröfu kvenna til svokallaðra ráðskonulauna á 20. öldinni. Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari tekur slík dómsmál til umfjöllunar í bók sinni *Óvígð sambúð* frá árinu 1988.[977] Þar

[974] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (C): Sjá Olga Guðrún Árnadóttir, ritstj., *Á rauðum sokkum*, 166.
[975] N.N. Viðtal við höfund. (9)
[976] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (E)
[977] Sjá einnig: Hörður Einarsson, „Réttarstaða karls og konu, er búa saman í óvígðri sambúð," 295–313.

segir að sökum þess óréttar sem getur skapast við slit óvígðrar sambúðar séu ákveðnar umbætur í réttarkerfinu fólgnar í því að „dæma sambúðaraðila (oftast konu) þóknun fyrir heimilisstörf á sambúðartímanum. Má segja, að fram á síðustu ár hafi það verið viðurkennd regla að konur ættu rétt á ráðskonulaunum, er upp úr sambúð slitnaði.“[978]

Konur sem gerðu kröfu um slík laun voru jafnan í „eins konar þjónustusambandi milli karls og konu sem svo þróaðist yfir í sameiginlegt húshald og sambúð,“ skrifar lögfræðingurinn Hrefna Friðriksdóttir.[979] Umrædd dómsmál um ráðskonulaun voru að mörgu leyti söguleg því þau sýndu að sambúðarmaki átti rétt á fjárhagslegri umbun fyrir heimilisstörf sín.[980] Til að gefa mynd af óréttlætinu sem sumar ráðskonur máttu þola í þessum efnum, má nefna dæmi um eina ráðskonu sem var í óvígðri sambúð með bóndanum og vann svo gott sem launalaust í marga áratugi. Þegar bóndinn hrökk upp af gerðu börn hans kröfu um að ráðskonan flytti tafarlaust út af heimilinu og hlaut hún enga fjárhagslega umbun fyrir störf sín í gegnum árin, né átti hún nokkuð tilkall til eigna bóndans.[981] Viðmælendur mínir í þessari rannsókn gerðu aldrei launakröfur vegna heimilisstarfa við slit óvígðrar sambúðar eða aðrar kröfur um vangoldin ráðskonulaun við starfslok.

## 4.7. Ofbeldi gegn ráðskonum

> **Anon:** Ég var vel sett hjá þessum feðgum. Ég er ekki viss um að allar hafi verið svo heppnar, ekki allar ráðskonur. Þær segja misjafnar sögur. Maður heyrði það að það væri leitað á þær og annað, kynferðislega. Þú þurftir ekki nema að koma heim við borðið hjá pabba og mömmu og það var verið að tala um eitthvað, þá heyrði maður þetta; – þessi hafði nú lent í því – hún hefði verið ráðskona þarna – það var farið illa með hana. Maður heyrði svona sögur. En ég var virkilega heppin, eins og ég segi, ég var á grænu ljósi í lífinu.[982]

> **Anon:** Ehhh ég man ekki alveg hvernig þetta var. Þetta var búið að ganga yfir í mjög langan tíma, að ég var að vakna við það að hann var að káfa á mér og svona. Ég man ekki eftir því hvernig ég, ég gat nú fengið hann til að hætta þessu. Ég man bara eftir að hann var svona, hann gat komið til mín á kvöldin hvenær sem honum þóknaðist. Ég held ég hafi gert einhverjar kúnstir, hvort ég hafi fært til húsgögn eða eitthvað til að torvelda inngöngu inn í herbergið. En þetta var mjög óþægilegt og leiðinlegt.

[978] Guðrún Erlendsdóttir, *Óvígð sambúð,* 68. Sams konar mál þar sem krafist er launa eða bóta fyrir vinnu á heimili við óvígð sambúðarslit koma einnig við sögu í öðrum Norðurlöndum. Sjá Hrefna Friðriksdóttir, „Hlutverk Hæstaréttar við fjárhagslegt uppgjör vegna sambúðarslita,“ 256–259.

[979] Hrefna Friðriksdóttir, „Hlutverk Hæstaréttar við fjárhagslegt uppgjör vegna sambúðarslita,“ 249–252 og 269.

[980] Hrefna Friðriksdóttir, „Hlutverk Hæstaréttar við fjárhagslegt uppgjör vegna sambúðarslita,“ 251.

[981] Vitnað í samtal mitt frá árinu 2021 við karlmann á sextugsaldri.

[982] N.N. Viðtal við höfund. (19) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

> **DKE:** Sagðir þú þá einhverjum frá ofbeldinu sem þú varðst fyrir?
> **Anon:** Nei.
> **DKE:** Hefur þú sagt einhverjum frá því?
> **Anon:** Þér.[983]

Oft færði ráðskonustarfið konum tímabundna úrlausn brýnustu atvinnu- og fjölskyldumála, en raunveruleikinn sem mætti sumum þeirra varð þó stundum annar og verri. Kynferðislegt ofbeldi bænda gegn ráðskonum er skuggi á annars góðu samneyti þessara starfsstétta. Í rannsókninni skoðaði ég dæmi um hvernig brotið var á réttindum ráðskvenna á vinnustaðnum, sveitaheimilinu, þar sem ekkert opinbert eftirlit var til staðar. Viðtöl mín við konur sem störfuðu sem ráðskonur leiddu í ljós að meira en þriðjungur þeirra urðu ýmist fyrir kynferðislegu, andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi í ráðskonuvistinni. Af þeim ráðskonum sem viðtöl voru tekin við (41) voru 16 konur (39%) beittar ofbeldi á 18 sveitabæjanna, þ.e. á fjórðungi bæjanna. Dæmi um ofbeldi sem konurnar sögðust hafa orðið fyrir í störfum sínum sem ráðskonur voru klæmni, viðreynsla, þukl, frelsissvipting, nauðgun sem og líkamlegt og andlegt ofbeldi af öðrum toga. Velta má vöngum yfir því hvort hlutfall ráðskvenna sem urðu fyrir ofbeldi hafi mögulega verið hærra en fram kom, enda ekki sjálfgefið að konurnar vildu fjalla um þessi mál í viðtölunum.

Úr hópi ráðskvennanna voru 11 konur (27%) beittar kynferðisofbeldi á samtals 12 sveitabæjum. Af þeim konum voru átta ráðskonur beittar kynferðisofbeldi af hendi bændanna og þrjár ráðskonur voru beittar kynferðisofbeldi frá hendi bræðra bændanna sem þær unnu fyrir. Þá voru 12 ráðskonur beittar andlegu ofbeldi, sem lýsti sér m.a. í niðurlægingu og hótunum bænda í þeirra garð. Einnig voru dæmi um að bændur hefðu eftirlit með samskiptum kvennanna og/eða gerðu tilraunir til þess að einangra þær frá öðrum. Sex ráðskonur voru beittar líkamlegu ofbeldi í vistinni. Líkamlega ofbeldið fólst t.d. í því að þeim var ógnað með skotvopnum eða þá að þær voru þvingaðar til að vinna þegar þær voru ekki í ástandi til þess. Í einu tilviki voru hendur lagðar á ráðskonu og í öðru tilviki var ráðskona vakin upp með köldu vatni þegar hún neitaði að vinna sökum vanlíðunar: „Ég neitaði að fara fram úr. Ég ætlaði ekki að vinna þennan dag. Þá kom hann bara með könnu af köldu vatni og hellti yfir mig. Ég fór náttúrulega fram og þurfti að skipta á rúminu.“ [984] Þrjár ráðskonur sættu frelsissviptingu af hendi vinnuveitenda sinna, bændanna, þegar þær ætluðu að yfirgefa vistina.

> **Anon:** Ég hótaði að hringja í sýslumann ef hann myndi neita mér að fara, því ekki gæti hann haldið mér fanginni. En ég hringdi í frænda minn [sem bjó í nágrenninu]. Hann vissi hvernig ástandið var. Hann sagði: „vertu bara tilbúin, ég kem. En ég læt lögregluna vita, því við vitum alveg hvernig hann

---

[983] N.N. Viðtal við höfund. (10)

[984] N.N. Viðtal við höfund. (17) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

> er, hann er vís til að skjóta mig.“ Því hann hafði oft reynt það, þegar þeir voru að koma kunningjarnir, eins og ég sagði þér áðan – hann bara skaut. Þetta var mín stutta dvöl í sveit. Þetta var ömurlegur ráðskonuendir og byrjun.[985]

Viðtalsformið gaf fyrrum ráðskonunum svigrúm til að deila reynslu sinni af ofbeldi sem þær urðu fyrir í ráðskonustarfinu, inni á heimilum vinnuveitenda sinna.[986] Það er markvert hve mikla áherslu ráðskonurnar sem urðu fyrir ofbeldi, eða þekktu til ofbeldis sem aðrar ráðskonur urðu fyrir, lögðu á að koma því ofbeldi til skila í viðtölunum. Sömuleiðis var það athyglisvert að ofbeldi gegn ráðskonum kom og kemur oft upp þegar fólk tekur mig tali varðandi rannsókn mína: „Það var bóndi, hann var alræmdur, ráðskonur flúðu úr húsi hans á undirklæðunum einum saman á næsta bæ, líka í hríðbyljum á veturna. Flúðu úr rúmi sínu. Það tolldu engar konur hjá honum.“[987] Þessi sterka tenging bæði hjá ráðskonunum sjálfum og almenningi við þá staðreynd að slíkt ofbeldi hafi þrifist á sveitabæjum þar sem ráðskonur störfuðu, sýnir svo ekki verður um villst, að þessi illi fylgifiskur starfsins risti víða og djúpt.

### 4.7.1. Sorgartjáning ráðskvenna í viðtölum

Í rannsókninni skráði ég og greindi upplýsingar tengdar tjáningarmáta ráðskvennanna í viðtölunum, sem fyrr segir. Þannig gafst tækifæri á að kortleggja m.a. þegar þær miðluðu tregafullum minningum. Í rannsókninni kom fram mikilvægi þess að spyrill/rannsakandi ljái viðmælendum rými til að tjá sorgartilfinningar sínar í viðtölum. Ennfremur leiddi rannsóknin í ljós mikilvægi þess að spyrill/rannsakandi skrái og greini sorgartilfinningar viðmælandans, sem hluta af frásögn hans.[988]

Sorgartjáning kvenna af þeim kynslóðum sem hér um ræðir er í takti við innbyrgða sorgartjáningu íslenskra kvenna fyrri tíma.[989] Sorgartjáning kvennanna í viðtölunum var einkar myndræn, einkum þegar konurnar fjölluðu um reynslu sína af

---

[985] N.N. Viðtal við höfund. (6)

[986] Ég hef fjallað um kosti viðtalsformsins til að miðla reynslu kvenna af kynferðisofbeldi, meðal annars með hliðsjón af frásagnarhætti viðmælenda, möguleika viðtalsformsins til samsemdar og með hliðsjón af öðrum sagnagerðum (sagnadönsum/smásögum/#MeToo-sögnum). Sjá *Ehr.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, 2017. „Interviewing women about women – A narrative dance (sagnadans) with words”; *Vef.* sama, „#MeToo mælt af munni fram,“ 85–101; sama, „Drifting,“ 8–13; *Vef.* sama, „Nútímasagnadansinn #MeToo”; sama, *Jaðarkvennasaga,* 371-373; *Vef.* sama, „Kvennaflakk og kvennatjáning”; *Vef.* sama, „Kvennaborg á fyrstu hæð”; *Vef.* sama, „Hvað ertu að gera, maður?“; og *Vef.* sama, „Íslenskir svannasöngvar” þar sem ég fjalla um sagnadansa sem samstöðusöngva kvenna og samsvarandi eiginleika #MeToo til að skapa samstöðu millum kvenna.

[987] Vitnað í samtal mitt frá árinu 2020 við mæðgur. Þegar talað var um að ráðskonur tolldu illa hjá bændum var alls ekki alltaf verið að vísa til ofbeldis frá hendi bónda.

[988] Sorgartjáning einstaklinga í viðtölum er vandmeðfarin. Sögnum af sorgaratburðum, ólíkt öðrum sögnum, fylgja vanalega sárar tilfinningar, sem skýrir hvers vegna fólk reifar sjaldnast sorgarsögur sínar á almannafæri, til dæmis minningar sínar af misnotkun.

[989] Helga Kress, *Máttugar meyjar,* 13–14. Sjá einnig Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Mamma mín er góð: Minningar um mæður frá 19. öld og í byrjun 20. aldar,“ 83; *Vef.* sama, „Það var ókvenlegt að yrkja.“

kynbundnu ofbeldi, öðru fremur kynferðisofbeldi, í ráðskonuvistinni sem og utan vistarinnar. Tjáning ráðskvennanna í tengslum við sorg var einatt þögul og á köflum niðurbæld, sem var á öndverðu meiði við tjáningu kvennanna almennt í viðtölunum, sem í mörgum tilfellum var nokkuð ýkt, svo sem tíð blótsyrði og fasmiklir leikrænir tilburðir í frásögn þeirra voru til marks um.

Allar konurnar sem fjölluðu um eigin reynslu af kynferðisofbeldi í viðtölunum, hægðu á frásögnum sínum þegar þær reifuðu ofbeldisverknaðina, en það er auðskilið. Sorgin er í eðli sínu hæg en ekki hröð; óháð því hvort sorgaratburðurinn eigi sér stað á stuttum tíma. Þessi eiginleiki sorgarinnar veldur því að hún er ítrekað sett fram sem hægt ferli í mismunandi miðlum, eins og bókmenntum eða kvikmyndum. Hægur framsetningartími reynslusagna kvennanna af ofbeldi byggði á því að þær töluðu hægar; notuðu þagnir; grétu; héldu aftur af gráti sínum; afsökuðu sig; sögðu frá smáatriðum tengdum ofbeldisverknaðinum oft með sviðsettum samtölum; og lýstu tilfinningum sínum á sögutímanum, t.d. með sviðsettu hugsuðu tali. Eftirtektarvert var hve oft konurnar vísuðu til hugsana sinna eða til orðaskipta sinna við ofbeldismennina í lýsingum sínum af ofbeldi því sem þær voru beittar. Það vægi sem samtöl fengu í frásögnum kvennanna af kynferðisofbeldi er í anda frásagnarháttar íslenskra kvenna af kynferðisofbeldi í rituðum #MeToo-sögum og nauðungakvæðum/sagnadönsum fyrri alda.[990]

Viðtölin leiddu enn fremur í ljós að stór hluti kvennanna studdist við staðlaða tjáningarleið þegar þær miðluðu sorg sinni í viðtölunum, öðru fremur þegar þær lýstu kynferðisofbeldi eða öðru reiðarslagi sem þær urðu fyrir. Konurnar voru á ákveðinn hátt á valdi tilfinninga sinna þegar þær sögðu mér frá þessu ofbeldi sem þær höfðu mátt þola: voru að upplifa atburðina í huga sér og endurvekja innbyrgðar tilfinningar, fyrir augum mér.[991] Geigvænleg sorg sem konurnar upplifðu í lífi sínu, braust fram í viðtölunum á sértækan þöglan máta.[992] Birtingarform sorgar kvennanna kom fram í því sem best má lýsa sem angistarópi í augum þeirra; ásýnd öskurs án nokkurs hljóðs.

---

[990] Sjá skrif mín um frásagnareinkenni sagna kvenna af kynferðisofbeldi, þ.m.t. tilhneigingu kvenna til að miðla reynslu sinni af kynferðisofbeldi með sviðsettum samtölum frá tímanum sem ofbeldið átti sér stað, m.a. þönkum og tilfinningum sínum: *Vef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Nútímasagnadansinn #MeToo,“ þar sem ég geri grein fyrir sameinkennum sagnadansa sem hverfast um kynferðisofbeldi og ritaðra #MeToo-sagna. Einnig Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Drifting,“ 11–13; *Ehr.* sama, „Interviewing women about women – A narrative dance (sagnadans) with words 2017.”; *Vef.* sama, „Kvennaborg á fyrstu hæð”; *Vef.* sama, „„Það var ókvenlegt að yrkja.“ Sjá einnig Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*; 63, 68 og 85.

[991] Sjá umfjöllun Vilborgar Bjarkadóttur um það hvernig *líkamsminnið* geymir upplifanir. *Lbs.-Hbs.* Vilborg Bjarkadóttir, Þjáning / tjáning, 44.

[992] Um sorgartjáningu ráðskvennanna í viðtölunum fjalla ég í greininni *Vef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir,„Documenting Tears.“ Þar útleggst sorgarviðbragðið *ásýnd öskurs* á ensku sem *visual shout*.

### 4.7.2. Viðhorf til ráðskvenna sem kynvera

Erlendar rannsóknir sýna að vinnukonur hafa alla tíð verið mjög óvarinn hópur hvað viðkemur kynbundnu ofbeldi á vinnustað.[993] Félagsfræðingurinn Judith Rollins segir í rannsókn sinni á sambandi heimilishjúa og vinnuveitenda, að vinnuveitendur hafi notfært sér kvenkyns heimilishjú í kynferðislegum tilgangi í árþúsundir.[994] Af þeim 72 bændum sem rannsóknin tekur til leituðu sem áður segir 20 bændur eftir hjúskap með ráðskonum, og sex bændur óskuðu eftir reglubundinni kynlífsþjónustu: „Ég einmitt man eftir því að hann sagði við mig að hann skyldi borga mér eins og fyrir tvær vikur ef hann fengi að sofa hjá mér síðustu nóttina.“[995] Konurnar upplifðu skömm og lítillækkun þegar bændur óskuðu eftir kynlífi, líkt og það væri eðlilegur hluti starfsins.[996]

Upplýsingar um viðhorf til ráðskvenna sem fylgikvenna komu hvað skýrast fram í almennum samræðum mínum við karlmenn sem ólust upp og/eða bjuggu í sveit á þessum tíma.[997] Hluti þeirra sagði að það hefði verið ætlast til þess að ráðskonur þjónustuðu bændur á alla kanta: „Þetta voru svona all included konur. Matur og sex,“ sagði einn heimildarmaður minn.[998] Einn karlmaðurinn sagði mér að virðing fyrir ráðskonum hefði verið lítil og að sumir bændur flokkuðu þær sem hálfgerðar vændiskonur, „lauslátar konur að sunnan“ sem hlutu illa meðferð frá hendi bænda.[999] Þessi neikvæðu viðhorf til ráðskvenna í sveit voru alls ekki einsdæmi og finna má sams konar dæmi í orðræðum um konur í þjónustustörfum víða um heim, hvort heldur sem þær starfa í heimahúsum eða á opinberum vettvangi.[1000]

Í bók sinni *Doing the Dirty Work?* segir Bridget Anderson að heimilisþjónusta og vændi tilheyri ímynduðu sviði milli einka- og almannasviðs sem stjórnast af miklu valdamisræmi.[1001] Viðhorf til ráðskvenna á sveitabæjum sem fjöllyndra kvenna og væntingar/kröfur bænda um kynlíf frá þeim, má að hluta rekja til kynferðislegra óra karla og tilheyrandi lýsinga á ráðskonum sem frillum bænda yfir það tímaskeið sem

[993] Sjá Rollins, *Between Women,* 150.

[994] Rollins, *Between Women,* 24. Sjá líka Sharpless, *Cooking in Other Women´s Kitchens,* 24 og 137; Foley, *Full Hearts & Empty Bellies.*

[995] N.N. Viðtal við höfund. (10)

[996] Elizabeth Clark-Lewis fjallar um ímyndir af hjúum af afrískum uppruna sem lauslátra og grófgerðra kvenna og þá skömm sem þær upplifðu í tengslum við þær viðteknu hugmyndir af þeim 1910–1940. Clark-Lewis, *Living in, Living out,* 25.

[997] Það var ákveðin skörun á frillulífi og ráðskonustarfinu á fyrri öldum þegar biskupar voru með ráðskonur því þeir máttu ekki gifta sig. Sjá Auður G. Magnúsdóttir, „Ástir og völd: Frillulífi á Íslandi á þjóðveldisöld“; Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár,* 47–49.

[998] Vitnað í samtal við karlmann á fimmtugsaldri árið 2018.

[999] Vitnað í samtal við karlmann á sjötugsaldri árið 2019.

[1000] Kynferðislegar ímyndir af heimilishjúum er þekkt fyrirbrigði, s.s. birtingarmynd franskrar þjónustukonu í formi erótískra búninga. Dorothy Sue Cobble fjallar um ímyndir þjónustukvenna á matsölustöðum sem hafa beina tilvísun í lauslæti og jafnvel vændi. Karlar spurðu þær oft hreint út eftir kynlífsþjónustu líkt og í tilfelli íslensku ráðskvennanna, innan og utan veggja sveitaheimilanna. Cobble, *Dishing it out*, kindle útg. 1. kafli, 21. málsgrein. Sjá líka Mcbride, „The Domestic Revolution,“ 99–110.

[1001] Anderson, *Doing the Dirty Work?,* 4.

skoðað er í rannsókninni (1850–2000), s.s. í kvikmyndum, grínsögnum, erótískum sögnum á borð við þær sem finna mátti um ráðskonur í karlaritinu *Tígulgosanum* og slúðursögnum.[1002] Þar má sérstaklega nefna algengar lýsingar af ráðskonum þar sem þær eru hlutgerðar á niðurlægjandi máta með vísun í kynlíf og jafnvel húsdýr.[1003] Þeim var lýst sem kynþokkafullum konum, og á köflum grófum gróteskum konum (e. *masculine feminity*), er blótuðu jafnvel og klæmdust og voru kynferðislega greiðasamar; sum sé ekki eiginkonuefni.[1004] Smásagan/grínsagan *Ráðskona óskast í sveit, má hafa sjónvarp...* er mjög gott dæmi um sögu þar sem ráðskonu á sveitaheimili er lýst sem grótesku kynferðislegu viðfangi og áleitni bóndans gagnvart ráðskonunni er slegið upp í grín: „Gildir fótleggir og breiðar mjaðmir... Það gat líka vel verið að hún væri á allan hátt notandi til síns brúks...“[1005] Slíkar lýsingar fyrirfinnast einnig á konum í sams konar þjónustustörfum hérlendis, s.s. klámvísur/grínsagnir af vegavinnuráðskonum vitna um.[1006]

Viðhorf bænda til ráðskvenna sem kynvera má rekja til þess að ráðskonur gegndu sams konar stöðu og húsmæður (makar bænda); þær voru undir stjórn bændanna; undir þaki bændanna; bóndinn greiddi þeim laun; þær þjónustuðu bóndann; þær framreiddu mat (át og kynlíf er oft ómeðvitað samþætt); þær voru langoftast einhleypar; margar hverjar áttu sambönd að baki sér og voru með börn á sínu framfæri; ráðskonur fóru á milli staða og unnu fyrir sér; og komu gjarnan úr þéttbýli sem hafði löngum verið bendlað við saurlifnað í sveitum.[1007] Jafnvel þó að

---

[1002] Vitnað í samtal mitt við karlmann á sjötugsaldri árið 2018 sem ræddi tilvist ráðskvenna í karlaritum. Í viðtölunum komu fyrir slúðursagnir af ráðskonum og meint kynlíf þeirra við hinn og þennan í sveitunum. Af kvikmyndum sem miðla erótískri ímynd af ráðskonu má nefna sænsku kvikmyndina *Under solen* (1998). Hún fjallar um unga ráðskonu sem kemur til einstæðs bónda á miðjum aldri sem er með hjúskap í huga.

[1003] Dæmi um að ráðskonur væru hlutgerðar með vísun í húsdýr má finna í vísu eftir sr. Björn Halldórsson í Laufási: „Ráðskonan mín rís nú upp / rétt sem tungl í fyllingu / Klórar sér á hægri hupp / með hátíðlegri stillingu.“ Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund. (Huppur er „lægðin á milli kviðar og læris á skepnum,“ skv. *Íslensku nútímamálsorðabókinni*). Sjá líka skáldsöguna *Maður og kona* frá 1876 eftir Jón Thoroddson, þar sem ráðskonunni Guðrúnu/Staða-Gunnu er lýst sem grófgerðum kvenmanni sem enginn vildi eiga: „þá væri fulleiguleg kona, nema hvað vöxtinn snerti, hann var fremur óliðlegur, er hún var öll jafndigur og nokkuð luraleg á velli; hún var fótstór og óliðleg til handanna og hendurnar jafnan rauðar og sem bólgnar væru.“ (5. kafli). Jón Thoroddson, *Maður og kona*. Sjá líka umfjöllun um stórfætta ráðskonu og samlíkingu þar sem henni er líkt við búpening í „Úr daglegu lífi,“ 6. Sjá líka „Æskuleiftur frá aldamótum,“ 5.

[1004] Af hérlendum fræðiskrifum um blætiskenndar lýsingar karla á grófgerðum konum (e. *masculine feminity*) má nefna bók Helgu Kress, *Máttugar meyjar,* 119; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Jaðarkvennasaga,* 215–220. Af erlendum fræðiskrifum um það efni má nefna bók Barry Reay, *Watching Hannah.*

[1005] Birgitta Hrönn Halldórsdóttir, *Ráðskona óskast í sveit, má hafa sjónvarp...,“* 37–38.

[1006] Sjá heimildir þar sem ráðskonum í vegavinnu og veri er lýst sem lauslátum og grófgerðum konum: SÁM 92/2727 EF og SÁM 93/3300EF.

[1007] Davidoff, *Worlds Between,* 160. Þar fjallar Davidoff um væntingar karla til kynlífsþjónustu frá kvenkyns heimilishjúum á Viktoríu- og Játvarðstímabilinu (1837–1914): „Það voru djúpstæðar væntingar um að karl sem bjó með konu, myndi framfæra henni líkt og eiginmaður myndi gera, í staðinn fyrir þjónustu; staða ráðskvenna skaraðist hér auðveldlega á við stöðu húsmæðra,“ skrifar

viðmælendur mínir skilgreindu sig ekki út frá þessari staðalímynd af ráðskonu sem hjásvæfu bóndans voru konurnar meðvitaðar um tilvist hennar, s.s. þegar þær skilgreindu sig sem ráðskonuna sem *svaf ekki* hjá bóndanum í viðtölunum.

### 4.7.3. Birtingarmyndir ofbeldis gegn ráðskonum

Rannsókn þessi sýnir að ofbeldi á vinnustað ráðskvennanna, sveitabænum, er ein birtingarmynd heimilisofbeldis.[1008] Konur sem störfuðu á einkaheimilum voru einkar berskjaldaðar fyrir ofbeldi, sérstaklega ef vinnustaðurinn var einnig samastaður þeirra. Ráðskonurnar gátu þurft að vinna og búa við heimilisófrið, til að mynda áttu átta bændur og tveir heimilismenn aðrir á bæjunum að baki rannsókninni við drykkjuvandamál að stríða sem hafði afgerandi áhrif á heimilislífið:[1009] „Bróðirinn var að reyna við mig þegar hann var fullur. Það var mitt hlutverk að hella upp á kaffi handa köllunum, honum og drykkjufélögum hans."[1010] Eftirlit með vinnustaðnum, heimilinu, lýtur öðrum og fjarlægari viðmiðum en eftirlit með hefðbundnum vinnustöðum. Fjarlægðin frá öðrum og um leið frá mögulegri vernd, ásamt nálægðinni við ofbeldið, skapaði hættulegt vinnuumhverfi þegar ofbeldi gagnvart ráðskonum var til staðar á sveitabæjunum. Í því sambandi var mikilvægt að skoða ofbeldi gegn ráðskonum með hliðsjón af hugmyndum um friðhelgi heimilisins og þögnina sem tryggði þá helgi:[1011] „Það var orðrómur um kynferðisofbeldi í sveitum, það var orðrómur, en það var aldeilis alveg passað að hafa það innilokaðan orðróm. Það sagði enginn: „ég er nú ekkert að skipta mér af þessu, friðhelgi heimilisins." Það sagði enginn neitt svoleiðis – bara gerði ekki neitt."[1012]

> **Anon:** Fólkið var að segja að það hefðu verið svo ömurlegar ráðskonur sem væru búnar að vera þarna, þær færu alltaf út af þessu – sögðu að hann væri að áreita sig. Ég hugsaði með mér, skrítið að það skuli ráðskona á eftir ráðskonu segja eitthvað svona, af hverju ættu þær að vera að ljúga. Og þær stoppuðu svo stutt – ég hafði slegið metið, verið í níu mánuði, það var alveg

Davidoff. Sjá einnig, Davidoff, *The Family Story,* 182. Dorothy Sue Cobble segir að viðhorf til þjónustukvenna á matsölustöðum sem lauslátra kvenna komi að hluta til vegna þess að konurnar störfuðu við að framreiða mat sem hafi ómeðvitaða tengingu við kynlíf. Cobble, *Dishing it out*, kindle útg. Inngangskafli, 1–2. málgrein. Um neikvæð viðhorf til lífernis fólks í höfuðborginni fjallar Þorleifur Óskarssonar í *Saga Reykjavíkur – í þúsund ár*: 870–1870, 407; sami, *Saga Reykjavíkur – bærinn vaknar*: 1870–1940, 287–288; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur,* 118; Jón Kristinsson, *Misjöfn er mannsævin,* 105 og 115.

[1008] Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „#MeToo mælt af munni fram," 91.

[1009] Eldri heimild um heimilislíf drykkfelldra bænda og ráðskvenna er t.d. „Ágrip af lífssögu og háttum Höskulds Jónssonar," 15–16.

[1010] N.N. Viðtal við höfund. (10)

[1011] Ákvæði er um friðhelgi heimilisins í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sjá 71. grein. Sjá Sigríður Þorgeirsdóttir og Kristín Björnsdóttir, „Velferðarþjónusta á tímamótum," 174.

[1012] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund. Sjá einnig viðtalsmynd mína um ofbeldi gegn konum í dreifbýli og úrræðaleysi þeirra kvenna á síðari hluta 20. aldar, með hliðsjón af #MeToo byltingunni. Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Ágústa á Refsstað, baráttukona bændakvenna, tjáir sig um #Metoo byltingu kvenna á Íslandi.* https://vimeo.com/288963263

hámark. [Andvarp. Þögn]. Ég verð eiginleg að segja bara no comment, maður vill einhvern veginn ekki. [Þögn]. En jújú, ég skal bara segja þér, því það gengu þær sögur að allar ráðskonur sem kæmu þangað, þær myndu ljúga þessu. En svo fattaði ég þetta kvöld að þetta var ekki lygi.[1013]

**Anon:** Maður var kannski að sitja á sófanum og spjalla saman, ég var með tærnar upp í sófa eða eitthvað. Þá settist hann og byrjaði að nudda á mér tærnar. Þú veist. Þetta byrjaði bara lítið. Svo var byrjað að fikra sig áfram. Maður sagði bara; hættu þessu. Bara harkan sex. Ég er alveg viss um að allar þessar ráðskonur sem runnu þarna í gegn, margar þeirra fóru út af þessu.[1014]

Í viðtölunum töluðu konurnar oft um að þær hefðu lent á *góðum bæ* ef þær urðu ekki fyrir ofbeldi og á *slæmum bæ* ef þær urðu þar fyrir ofbeldi. Konurnar lögðu líka mjög oft mat á persónuleika bændanna með hliðsjón af því hvort þeir áreittu þær eður ei: „Hann hafði aldrei gifst, en hann var yndislega góður við ráðskonur sínar, og það var fjarri því að hann reyndi við þær, hann var fullkominn sjentilmaður.“[1015] Það er athyglisvert að langflestar ráðskvennanna voru meðvitaðar um að þær gætu lent í vist hjá bónda sem myndi gera kröfu til þeirra um kynlífsþjónustu: „Ég vissi að ég var að fara þangað til að vinna. Ég fór þarna til að vera þar sem ráðskona ekki sem hjákona, ég tók það fram.“[1016] Sú staðreynd að sumir bændur óskuðu eða neyddu ráðskonur sem störfuðu hjá þeim til samræðis, virtist vera almenn vitneskja á þessum tíma: „Vinkona mín treysti sér ekki til þess að gerast ráðskona því hún hélt hún þyrfti að sofa hjá bóndanum.“[1017] Dæmi voru um að konur sem höfðu tengsl í sveitirnar, grennsluðust fyrir um orðspor bænda áður en þær réðu sig til þeirra: „Ég ætlaði nú ekki að fara að vera hjá einhverjum bónda sem væri eitthvað svona, að leita á mig eitthvað.“[1018]

**Anon:** Já, hann gat breytt um skap, reiður maður. En hann var aldrei neitt vondur við mig. En hann vildi náttúrulega að ég svæfi hjá sér, en ég vildi það ekki – ég kom ekki til þess. Og þá fór hann að vera leiðinlegri við mig. Hann var bara að spyrja mig að því. Hann var ekki ágengur.
**DKE:** Var hann þá í glasi eða edrú?
**Anon:** Hann var í glasi, svo spurði hann mig aftur að því edrú. Hann bara kom og spurði: „Viltu sofa hjá mér?“ – Hann talaði ekki við mig í nokkra daga, svo spurði hann mig aftur, þá talaði hann ekki við mig í nokkra daga.

---

1013 N.N. Viðtal við höfund. (11) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.
1014 N.N. Viðtal við höfund. (7)
1015 N.N. Viðtal við höfund. (12) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.
1016 N.N. Viðtal við höfund. (13) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.
1017 Samtal mitt við konu á fimmtugsaldri árið 2020.
1018 N.N. Viðtal við höfund. (14) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

**DKE:** Fannst þér það ekki óþægilegt því þú varst heima hjá honum?
**Anon:** Jújú. Auðvitað fannst manni það óþægilegt en maður gleymdi sér bara í vinnu.
**DKE:** Varstu með sérherbergi á bænum?
**Anon:** Jájá.
**DKE:** Gastu læst því?
**Anon:** Já.
**DKE:** Varstu hrædd um að hann kæmi einhvern tímann inn?
**Anon:** Jájá, ég læsti alltaf, það var alltaf læst.[1019]

Kynferðisofbeldið sem ráðskonurnar urðu fyrir átti sér nær alltaf stað innanstokks, með sárafáum undantekningum: „Hann átti það svolítið til að reyna að króa mann af þegar ég fór með honum út í fjós að mjólka, lét mig alveg vita að hann væri með svolítið stórt undir sér," sagði ein ráðskonan og hló, og sagði svo: „En ég lét hann ekki komast upp með neitt, ég sagði honum að ég hefði ráðið mig sem ráðskonu, ekki hjásvæfu."[1020] Í frásögum kvennanna komu ítrekað fram hliðstæðar lýsingar á ofbeldi sem þær urðu fyrir innanbæjar í ráðskonustarfinu. Konurnar voru oft meðvitaðar að verið væri að horfa/góna á þær við störf sín:[1021] „Hann sat kannski og horfði og spekúleraði í stelpunni."[1022] Í viðtölunum var að finna endurteknar lýsingar á því hvernig bændurnir komu aftan að þeim þegar þær voru að sinna eldhússtörfum eins og uppvaskinu, og króuðu þær af.[1023] Tíðastar lýsinga kvennanna af innanstokksofbeldi voru þó af ofbeldi bænda/ábúenda gegn ráðskonunum í einkavistarverum þeirra á bæjunum: „Stundum kom hann inn í svefnherbergi og lyfti ofan af mér sænginni. Nei... [líkt og hún sé að segja stopp við hann], þetta var ekki, þetta var ekki fyrir mig."[1024] Ofbeldi gegn konum í herbergjum þeirra er gömul kvennasaga og ný svo vitnað sé til íslenskra miðaldaheimilda, sagnadansa um ofbeldi innan veggja vistarvera kvenna: „Þú braust upp mitt hæga loft, / þar að eg inni lá, / bæði hurð og gættir, / plokkaðir lokur í frá."[1025] Lýsingar ráðskvennanna af ofbeldi sem þær urðu fyrir í vistarverum

[1019] N.N. Viðtal við höfund. (4)

[1020] N.N. Viðtal við höfund. Sjá sams konar viðbrögð hjá ráðskonunni í sögunni *Ráðskona óskast í sveit, má hafa sjónvarp...*, 40. Þegar bóndinn bankar á dyrnar hjá henni og óskar eftir kúri segir hún að hún hafi ráðið sig sem ráðskonu: „Ekki til að vera hjásvæfa fyrir þig."

[1021] Sjá Gaines, „Fabricating the Female Body," 1–27; Mulvey, „Visual Pleasure and Narrative Cinema," 6–18.

[1022] N.N. Viðtal við höfund. (2)

[1023] Viðtölin sýndu einnig að konur sem störfuðu á opinberum vettvangi voru króaðar af við vinnuborð sín af körlum, s.s. í frystihúsum. Sjá líka Sharpless, *Cooking in Other Women´s Kitchens*, 139. Þar kallar heimilishjú af afrískum uppruna, aðferðafræðina þegar vinnuveitendur hennar króuðu hana af við vinnuborðið, sem; hot behind me, sbr. „I´ve had to ask some hands off me and I´ve had to just give up some jobs if they got too hot behind me..."

[1024] N.N. Viðtal við höfund. (6)

[1025] „Kvæði af herr kóng Símoni." Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, 230. Helga Kress fjallaði um ofbeldi gegn konum í vist í rannsókn sinni á Natansmálinu, þ.m.t. ofbeldi gegn hinni 16 ára ráðskonu Sigríði Guðmundsdóttur (1811–1839). Í umfjöllun sinni tekur Helga mið af sagnadansinum/nauðgunarkvæðinu „Kvæði af herr kóng Símoni," um nauðgunarbrot gegn konu í

sínum sýna að það átti sér stað á kvöldin, næturnar eða snemma á morgnana þegar þær lágu í rúmum sínum; lýsingar þegar menn tóku í húninn; bönkuðu á dyrnar; hvísluðu; brutu sér leið í gegn.[1026] Í tengslum við þá reynslu íslenskra ráðskvenna, má nefna lýsingu á ofbeldi bónda gegn þýskri konu í hjúastétt í vistarverum hennar um miðbik 20. aldar, í bréfi til Búnaðarfélags Íslands:[1027] „sýnt henni freklega áleitni og nokkrum sinnum gert henni beinar árásir, m.a. að næturlagi."[1028]

> **Anon:** Þetta var erfiður staður að vera á með barnið mitt. Þetta var svolítið skrautlegt lið þarna. Það var ekki horft á neitt annað en klámspólur [vansældarhlátur]. Þá komu fullt af vinum bóndans og voru að glápa á þetta. Ég var ekki alveg sátt. Ég var með stelpuna mína, var með hana inn í herbergi hjá mér á efri hæðinni. Maður náttúrulega heyrði í sjónvarpinu af og til. En þetta var frekar svona erfitt, ég var drulluhrædd um að stelpan myndi heyra í þeim, en það virtist vera allt í lagi með hana. Hún svaf þetta allt af sér. Þetta var yfirleitt seint á kvöldin og hún farin að sofa og svona. Þegar þeir voru að glápa á klámspóluna þá áttu þeir til að taka í hurðahúninn uppi hjá mér, athuga hvort það væri opið. En eins og ég segi þá verða karlmenn æstir á því að horfa á klámmyndir. Ég náttúrulega læsti að mér. Svo var bóndinn eitthvað að reyna að skamma mig, fyrir að hafa læst að mér daginn eftir. Ég sagði: „Heyrðu, það kemur ekki til greina að ég hleypi neinum hérna inn, þetta er mitt herbergi!" Hann var ferlega fúll. Ég sagði að hann yrði bara að sætta sig við það. Ég myndi ekki hleypa honum hingað inn, þar sem ég og dóttir mín sofum. Hann var eitthvað að þusa yfir þessu: „Já ég meina, ég þarf

vistarverum hennar. „Eftir hans skipun," 116. Sjá líka *Lbs.-Hbs.* Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, „Drósin dillaði þeim hún unni:" Þrír sangadansar í ljósi kvennamenningar, 31–32.

[1026] Innanstokksofbeldi gegn konum á fyrri öldum í sögulegum og skáldlegum heimildum er til umfjöllunar í grein minni *Vef.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Hvað ertu að gera, maður?" Heimildir um kynferðisofbeldi gegn vinnukonum." Þar kem ég inn á algengi þess að konur væru beittar ofbeldi innanhúss. Einnig má nefna fágæta 1. persónu frásögn konu sem var nauðgað af bræðrum í vistarverum sínum á sveitabæ þar sem hún starfaði sem vinnukona á fyrri hluta 20. aldar: „Þegar ég var í þann mund að festa svefninn, heyrði ég rjálað við hurðina í herbergi mínu, og varð glaðvakandi um leið." Benjamín Sigvaldason, *Kyntöfrar: Ævisaga Kolbrúnar frá Krókárgerði*, 39–41. Í sömu bók er einnig að finna lýsingu af kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir í herbergi sínu þegar hún var í vist í þéttbýli. Sjá Benjamín Sigvaldason, *Kyntöfrar*, 60. Höfundur bókarinnar *Kyntöfrar* gefur hana út undir dulnefninu Hreggviður Hreggviðsson. Sögupersónan Kolbrún frá Krókárgerði er sömuleiðis undir dulnefni til að vernda konuna sem fjallað er um, líkt og höfundur kemur inn á í inngangi bókarinnar.

[1027] Sökum þeirrar skriffinnsku sem fylgdi vistráðningu þýsku kvennanna á vegum Búnaðarfélags Íslands eru til heimildir sem miðla sjónarhorni þeirra kvenna sem urðu fyrir kynferðisofbeldi í vistinni, öðru fremur bréf þar sem þær óska eftir að vera ráðnar á annað heimili.

[1028] *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - B/13. Bréf Jóhanns Salbergs Guðmundssonar sýslumanns til Búnaðarfélags Íslands 23. júlí 1949. Þar kemur fram að sýslumanninum hafi borist kvörtun þýskrar konu sem var vistráðin hjá bónda í sýslunni. Sýslumaðurinn kallaði bóndann og þýsku konuna á fund sinn eftir að Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri bað hann að rannsaka hvað „væri hæft í umkvörtun þessari." Sjá líka sjónarhorn bónda sem hafnar ásökum um að hafa beitt þýska konu ofbeldi í bréfi. *ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - B/0302. Bréf til Steingríms Steinþórssonar 2. nóv. 1949.

> nú að geta talað við þig – sko.“ – „Þú þarft ekkert að tala við mig þegar ég er farin að sofa.“ Og hann var bara foj og svona. Þannig ég dreif mig eins og fljótt úr þessu starfi eins og ég gat. Barnið mitt var í skóla þarna þannig að ég var eiginlega föst.
> **DKE:** Varstu hrædd um að hann myndi brjótast inn þegar hann var að drekka?
> **Anon:** Jú maður var hræddur, smeykur já.[1029]

Í viðtölunum spurði ég konurnar snemmhendis að því hvort þær hefðu getað læst herbergjum sínum. Næstum allar konurnar túlkuðu þessa spurningu sem eftirgrennslan varðandi það hvort bóndinn hefði brotið á þeim. Svör kvennanna við þessari spurningu voru því einkar upplýsandi, bæði innihald þeirra sem og raddhljómur kvennanna sem var gert að undirstrika svörin. Raddhljómur kvennanna sem vildu gera mér ljóst að bóndinn hefði ekki gert sér dælt við þær, var ákveðinn, á meðan raddhljómur kvenna sem urðu fyrir ofbeldi var lágstemmdari – ýjaði að því að eitthvað brotlegt hefði átt sér stað á bænum.[1030] Viðtöl mín sýndu að flestar ráðskonurnar gátu læst herbergi sínu. Læsing á herbergishurðum ráðskvenna var ákveðið öryggisatriði, en tryggði þó ekki endilega öryggi þeirra fyrir ofbeldismönnum: „Já eitt í viðbót, það var búið að brjóta rúðuna sem hafði verið í svefnherbergishurðinni og setja plötu þar í staðinn. Þannig að einhvern tímann höfðu verið læti á þessu heimili.“[1031]

> **Anon:** Bróðir bóndans sagði við mig: „Mig langar að við sofum saman. Ef þú ert til í það þá hefur þú opið til þín.“ Hann var gamall og fullur. Ég náttúrulega hafði læst. Svo líður í mesta lagi hálftími. Ég man ég var komin undir sængina og svo heyri ég að hann labbar og tekur í húninn, og svo allt í einu verður hann reiður.[1032]

> **DKE:** Gerði hann sér einhvern tímann dælt við þig?
> **Anon:** [Þögn]. Sá fyrri, stundum. Ég bara læsti herberginu mínu og þá var það ekkert meira. Ég sagði bara við hann: „Þú gætir verið afi minn!“ Og þá var það bara útrætt [staðfastur tónn]. Þá var það bara útrætt. Eins og þú sérð þá var ég 17 ára og hann var rúmlega sextugur [hlær]. Þannig að, já.
> **DKE:** Í tengslum við það, hvernig bar hann sig að í þeim efnum?
> **Anon:** Það var bara í tali. Hann var eitthvað að strjúka á mér öxlina, ég sagði bara nei, ég sagði; þú gætir verið afinn minn. Honum fannst það ekkert skipta

[1029] N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. (F)
[1030] Nína Rós Ísberg nefnir sambærilegt dæmi frá viðtölum sínum við þýsku konurnar sem sumar vildu slá af alla umræðu um „krassandi slúður“ með því að taka fram að þær hafi verið giftar svo góðum mönnum. *Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission, 72.
[1031] N.N. Viðtal við höfund. (11)
[1032] N.N. Viðtal við höfund. (11)

máli. Ég sagði að mér fannst það skipta aðalmáli. Svo fór ég bara inn í herbergi og læsti. Þá var bara málið dautt og það var bara ekkert rætt aftur.

**DKE:** Hvað varstu búin að vera lengi þegar þetta gerist?

**Anon:** Veistu, ég veit það ekki, mánuð eða tvo.

**DKE:** Fannst þér óþægilegt að vera þarna í kjölfarið?

**Anon:** Fyrst á eftir jú. Ég hafði ekki læst herberginu, en eftir þetta, ábyggilega í 2–3 vikur, þá læsti ég. Svona til öryggis. Þó svo að þetta hafi farið fram inn í stofu – já, þá læsti ég samt herberginu. Jú mér fannst þetta óþægilegt.

**DKE:** Leiðinlegt að heyra að þetta hafi komið fyrir þig.

**Anon:** Jáááá [djúpradda], þetta er bara lífið.[1033]

### 4.7.4. Úrræðaleysi

Í viðtölum mínum við ráðskonurnar komu fram hugmyndir um einhvers konar *sjálfsábyrgð* kvenna gegn ofbeldi karla, þ.e. að þær sjálfar bæru ábyrgð á því hvort brotið væri á þeim eður ei, og hve langt ofbeldið gæti gengið:[1034] „Ég hafði engar áhyggjur að hann myndi reyna að nauðga mér eða eitthvað svoleiðis. Það var bara ekki séns í helvíti að einhver karlmaður færi að komast yfir eitthvað sem ég segði nei við.“ [1035]

Í viðtölunum komu konurnar títt inn á mikilvægi þess að konur ættu að berja frá sér og rífa kjaft ef til kynferðislegra ryskinga kæmi: „Það þýddi bara ekkert væl. Við bara börðum frá okkur.“[1036] Rekja mátti nefnd viðhorf kvennanna til ákveðins hugsunargangs sem viðgekkst á karllægum vinnustöðum, s.s. í fiskvinnslu og í vegavinnu, þar sem karlaviðmið voru ríkjandi – og margar konurnar urðu fyrir áreitni eða misnotkun.[1037] Taka þarf mið af því að konur á borð við ráðskonur unnu gjarnan einar með gerandanum. Á fjölskipaðri vinnustöðum var annar mórall, þar sem konurnar sýndu að þær beygðu sig ekki undir gerandann frammi fyrir öðrum – en á sveitabæjum var oft enginn til að taka við þeirri ásjón.

Einn viðmælandinn, sem er fædd á 7. áratugnum, hafði þó orð á aðferðafræði sem var algerlega á öndverðum meiði við það að greiða högg eða eiga í orðasennum við ofbeldismanninn, en byggði jafnframt á hugmyndum um sjálfsábyrgð kvenna. Þá aðferðafræði lærði hún af móður sinni (bóndakonu): „Mamma sagði mér að berjast ekki á móti ef mér yrði nauðgað, það yrði bara verra, ég yrði bara barin. Okkur konum var kennt að bíða nauðganir af okkur, leyfa nauðgaranum að klára.“[1038] Með hliðsjón af því af hvaða kynslóð sveitakonan var sem gaf þessi ráð er hægt að leiða líkum að

[1033] N.N. Viðtal við höfund. (15) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[1034] Sjá slík viðhorf á öndverðri 20. öld í *Kyntöfrar*, 36.

[1035] N.N. Viðtal við höfund. (7).

[1036] N.N. Viðtal við höfund. (13).

[1037] Eina úrræðið sem konurnar nefndu í tengslum við ofbeldi frá hendi karla var að berja frá sér. Ég fjalla kirfilega um það í Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir,„#MeToo mælt af munni fram,“ 96.

[1038] N.N. Viðtal við höfund. (16) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

því að þessi útgáfa af sjálfsbjargarviðleitni kvenna í slíkum aðstæðum hafi verið algengari hjá fyrri kynslóðum kvenna í sveitasamfélaginu, þar sem valdahalli kynjanna og fámennið kenndi konum að lúta ákveðnum lögmálum í því skyni að komast af.[1039] Enn í dag er þekkt af frásögnum kvenna sem er nauðgað að þær meðvitað eða ómeðvitað (frjósa); bíða nauðgunina af sér til að komast af þegar þær geta enga björg sér veitt eftir að ofbeldisverknaðurinn er kominn á veg.[1040]

Eina úrræðið sem ráðskonurnar höfðu ef brotið var á þeim, var að yfirgefa vistina.[1041] Þegar þannig bar undir var það vissulega til góðs að þær voru alla jafna ekki bundnar neinum skriflegum ráðningarsamningi og gátu því gengið úr vistinni án nokkurra afleiðinga. Þegar bændurnir lýstu yfir áhuga sínum á nánari kynnum og/eða beittu þær ofbeldi liðu yfirleitt einhverjar vikur eða mánuðir uns konurnar fóru úr vistinni. Einnig voru dæmi um að ráðskonur sem vildu ekki þýðast bændurna væri gert að fara strax. Þá létu bændurnir það í ljós með hegðun sinni að návist ráðskvennanna væri ekki lengur óskað. Það eitt og sér vitnar um það réttindaleysi og skort á atvinnuöryggi sem konur gátu þurft að sætta sig við í ráðskonustarfinu: „Ég varð að fara, ég fann það bara að hann myndi ekki sætta sig við annað en að ég færi; annað hvort inn í svefnherbergi eða upp í rútu [hlær]. Þannig að það var andlega erfitt.“[1042] Nokkrar kvennanna flúðu úr vistinni, en líkt og Ágústa Þorkelsdóttir benti mér á í viðtali okkar var ekki hlaupið að því fyrir konur í dreifbýli.

> **ÁÞ:** Í þéttbýli þá er þetta náttúrulega öðruvísi, það er styttra fyrir konu sem að líður illa að hlaupa yfir götuna til að leita sér þó það væri ekki nema smá huggunar, heldur en að þurfa að ganga á milli bæja eða stela bílnum til að komast – því venjulega hefur svona kona ekki yfirráð yfir bíl, hvort sem hún er í Reykjavík eða út í sveit. Það er ekki hún sem á bílinn, það er hann sem á bílinn. Og þú hleypur ekki 10–20 km vegalengd með börnin þín í fanginu, en þú kannski hleypur yfir götuna. Þannig að það er auðveldara að losna í þéttbýli heldur í dreifbýli, ef svona er.[1043]

> **Anon:** Svo var það í ágústlok, þá ég vakna við það einn morguninn að það er skotið úr byssu fyrir utan gluggann minn. Þá pakkaði ég niður og fór yfir á næsta bæ með börnin. Þá var hann dauðadrukkinn fyrir utan.
> **DKE:** Af hverju var hann að skjóta fyrir utan gluggann hjá þér?
> **Anon:** Af því hann var reiður við mig, af því ég hafði farið á ball.
> **DKE:** Nú?
> **Anon:** Já ég fór á sveitaball.
> **DKE:** Var hann fúll því þú fórst eða því þú fórst án hans?

[1039] Sjá Benjamín Sigvaldason, *Kyntöfrar,* 33, 42–43.
[1040] Í tengslum við algengi þeirrar hegðunar að konur frjósi þegar þeim er nauðgað, má benda á rannsókn Hildar Fjólu Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur, *Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009*.
[1041] Það að hætta í vist gat verið áhrifamesta tól heimilishjúa. Sjá Sharpless, *Cooking in Other Women´s Kitchens*, 150–151.
[1042] N.N. Viðtal við höfund. (1)
[1043] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

> **Anon:** Hann var bara fúll að ég hafi yfir höfuð farið, ég fór aldrei með honum á ball. Maður var oft svaðalega ragur ef maður fór eitthvað og var að koma heim til baka, jafnvel þó það væri ekki nema að fara í verslunarferð; í hvaða ástandi hann gæti verið... Hann fór að drekka þeim mun meira og fór að handleika skotvopn.
> **DKE:** Þegar hann skýtur fyrir utan gluggann þinn, ertu þá hrædd um líf þitt og barnanna?
> **Anon:** Já.
> **DKE:** Hvernig bregstu við, hvað er það fyrsta sem þú gerir?
> **Anon:** Ég reis upp úr rúminu og kíkti út um gluggann, sá hann þarna og það rauk úr byssunni hjá honum, svo ég sagði: „Krakkar, klæðið ykkur í fötin, við erum farin!“
> **DKE:** Varstu hrædd á leiðinni í bílinn?
> **Anon:** Já, já, ég var alveg drulluhrædd þá.[1044]

### 4.7.5. Áhrif #MeToo byltingarinnar

> **Anon:** Já, honum [bóndanum] fannst að ég ætti að vera konan sín. Jesús minn góður, nei takk. Eins og ég sagði áðan, það var eins og hálfgert *mjuddmjidd* [á erfitt með að bera fram orðið] metoo, þú veist. Hann kom og tók utan um mig, þar sem ég var að elda eða baka. Þetta fór svo í taugarnar á mér.[1045]

> **Anon:** Karlmenn, þeim fannst alltaf að þeir mættu allt. Þeir máttu taka utan um kvenfólk, taka svona utan um þær. Þetta fór kannski hrikalega í pirrurnar á manni, en það þýddi aldrei að segja neitt: „Hvað, þér finnst þetta nú gott!“ Ég meina þetta hefur alltaf verið svona.[1046]

Munnlegar frásagnir ráðskvenna af kynbundnu ofbeldi sem þær urðu fyrir, voru að mörgu leyti innblásnar af nýtilkomnu tjáningarfrelsi kvenna í kjölfar #MeToo-byltingarinnar.[1047] Ég hafði séð áhrifamátt #MeToo-byltingarinnar á meðal íslenskra kvenna á ritvettvangi veraldarvefsins áður en ég hóf viðtalsvinnuna – lesið örsagnir íslenskra kvenna af kynferðisofbeldi, sagnaflauminn, sem ruddi sér leið inn í vitund þjóðarinnar.[1048] Það var þó ekki fyrr en þegar ég *heyrði* ráðskonur, konur af eldri kynslóðunum, *segja* eða réttara sagt *kalla* #MeToo í lok reynslusagna sinna af kynferðisofbeldi, að ég upplifði með beinum hætti áhrifamátt MeToo-byltingarinnar.

[1044] N.N. Viðtal við höfund. (4)
[1045] N.N. Viðtal við höfund. (6)
[1046] N.N. Viðtal við höfund. (16).
[1047] Um þróun #MeToo–byltingarinnar á Íslandi fjalla Þorgerður H. Þorvaldsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir í grein sinni „Líkamsbyltingar og #MeToo,“ 68–72.
[1048] Sjá Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Drifting,“ 13.

Ég spurði viðmælendur mína eftirfarandi spurninga: „Vegna þessara strauma sem eru í samfélaginu, er forvitnilegt að heyra hvort þú hefur heyrt af #MeToo? Hvað finnst þér um réttindabaráttuna sem er háð undir formerkjum #MeToo?“ Þá strax í kjölfarið mæltu margar ráðskonurnar af munni fram #MeToo-sagnir sínar; sögur sem sumar hverjar höfðu aldrei látið út fyrir sínar varir.[1049] Frásagnir þær voru oftar en ekki fullmótaðar í framsetningu sinni. Það var engu líkara en að konurnar hefðu beðið eftir tækifæri til að geta miðlað sögum sínum, enda kom fram að margar þeirra voru búnar að velta ofbeldinu fyrir sér í kjölfar byltingarinnar. Það sýnir hvernig #MeToo hefur haft áhrif á minnisgeymd kvenna:[1050] „Eins og dóttir mín segir; skilaðu bara skömminni mamma.“[1051]

Rannsóknin sýnir mikilvægi þess að skrásetja munnlegar #MeToo-sagnir eldri kvenna sem og sögulegt mikilvægi þeirra reynslusagna. Í viðtölunum miðluðu konurnar ekki bara reynslu sinni af kynbundnu ofbeldi sem þær urðu fyrir í ráðskonuvistinni, heldur töluðu margar um annað ofbeldi sem þær urðu fyrir í lífinu: „Ég varð sjálf fyrir svona kynferðislegri áreitni í vinnu, af hálfu yfirmanns míns.“[1052] Fram kom að 23 ráðskvennanna höfðu orðið fyrir kynbundu ofbeldi utan þess tíma er þær sinntu ráðskonustarfinu:[1053] „Þegar ég var 17 ára þá var ég að læra á bíl. Ökukennarinn fer að gera sig til við mig – og ég gersamlega stirðna upp af hræðslu...“[1054]

Ærinn hluti kvennanna sem ég tók viðtöl við hafði lítið stuðningsnet og voru að koma úr ofbeldissamböndum þegar þær gengu í ráðskonustarfið. Einn viðmælandi minn, sem var að flýja ofbeldissamband þegar hún gerðist ráðskona, sagði að ef hún hefði lent á slæmum bæ hefði hún enga björg sér getað veitt. Hún sagði: „Maður var voðalega auðveld bráð, ef ég hefði lent á einhverjum slæmum manni, því maður var svo brotinn. En sem betur fer þá lenti ég á yndislegum manni, á mjög góðum bæ.“[1055] Jafnframt kom fram að tvær ráðskvennanna voru ofsóttar af barnsfeðrum sínum í ráðskonuvistinni: „Hann kom með leigubíl úr Reykjavík og var fullur. Hann var að reykja og var alltaf að drepa í sígarettunni á handarbakinu.“[1056] Í viðtölunum kváðust níu konur hafar orðið fyrir áreitni og kynbundnu ofbeldi á vinnustað sínum (öðrum en sveitabænum), sérstaklega í frystihúsum, sláturhúsum og í ráðskonustörfum hjá vinnuflokkum, en einnig í verbúðum (íverustað þeirra á vertíðum): „Í verbúðinni,

[1049] Viðmælendurnir sem komu fram undir nafni í viðtölunum, fóru yfirleitt ekki fram á að frásagnir þeirra af kynferðislegu ofbeldi (í ráðskonuvistinni og utan hennar) væru nafnlausar. Sá háttur er engu að síður hafður á hér til að forða því að konurnar verði fyrir barðinu á ómálefnalegri umfjöllun.

[1050] Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „#MeToo mælt af munni fram,“ 94.

[1051] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund, 2018.

[1052] N.N. Viðtal við höfund. (12)

[1053] Í hópi kvennanna voru m.a. 7 konur sem urðu fyrir kynferðisofbeldi í barnæsku; 8 konur sem voru í ofbeldissamböndum; 9 konur urðu fyrir kynbundnu ofbeldi á öðrum vinnustað en sveitaheimilinu.

[1054] N.N. Viðtal við höfund 2018. (17) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[1055] Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

[1056] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

vakna ég við það að það er kominn maður upp í rúm til mín. Þá varð ég sterk og náði að komast upp úr rúminu og berja manninn af mér. Síðan svaf ég alltaf í fötunum, meðan ég var að vinna þarna.“[1057]

Samantekið sýndu sagnir kvennanna að ákveðin hefð gat myndast á karllægum vinnustöðum sem byggði á klæmni og þukli karla á konum, svo ég vísi hér í orð Ágústu Þorkelsdóttur: „Komu aftan að þeim og káfuðu og klipu í brjóstin á þeim, tróðu lúkunum undir sloppana... þetta var eitthvað, veistu ég vil ekki kalla þetta menningu.“[1058] Á vinnustöðum þar sem margir karlar störfuðu, ekki síst þar sem karlar voru við verkstjórn, formaðist eins konar gjallandi og oft einkar sýnilegt ofbeldi gegn konum. Hér er til dæmis vísað til þess þegar karlar úthrópuðu klúryrðum og káfuðu á konum í vitna viðurvist, sem flokka má sem einhvers konar *sýndar*ofbeldi á vinnustað: „Þeir voru að sýna sig – „ég tek nú í þessar helvítis tíkur, tussur, þær vilja það!““[1059] Þetta sérlega greinanlega ofbeldi karla gegn konum var á öndverðum meiði við þá þegjandi og oft lítt sýnilegu misnotkun sem átti sér stað á hluta sveitaheimilanna.[1060]

> **Anon:** Fyrirgefðu [hættir að tala, brestur í grát, er að reyna að kæfa gráturinn, þögn]. Sjálfsmyndin var ofboðslega brotin.
> **DKE:** Það er afskaplega erfitt að heyra það.
> **Anon:** Öðruvísi hefði þetta ekki gerst. Ef það hefði ekki verið [grátklökk]. Eins og ég var að segja þér áðan, það er eins og það finnist af manni lyktin, þegar maður er svona. Ég var að vinna í fiski, þetta var árið 1983, þegar ég var 23 ára. Ég var á Vestfjörðum og þar verð ég fyrir svona hópnauðgun – varð ólétt og fór í fóstureyðingu. Ég fékk ekki mikinn skilning á þeim tíma, þetta er 1983, fólk skrifaði þetta náttúrulega bara á mig – ég var bara drusla. Ég man eftir því þegar ég var að labba að fara að heimsækja einhvern í þorpinu, þá var verið að öskra á eftir mér, út af þessu... Þetta var ekki til að bæta sjálfstraustið. Ég held að það hafi verið sterkur þáttur í þessu, að þora ekki almennilega að sækja um skrifstofustarf, heldur fara bara í ráðskonuna.[1061]

> **Anon:** Mér finnst #MeToo eiga fullan rétt á sér, en mér finnst allt svona stundum ganga út í öfgar. Eins og stelpur sem hafa orðið fyrir kynferðislegri

[1057] Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.
[1058] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.
[1059] Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund. Viðmælendur mínir vísuðu líka til ofbeldis á starfsstöðum þar sem einungis konur voru við störf og einn karlkyns yfirmaður var í aðstöðu til að brjóta á þeim.
[1060] Sjá t.d. umfjöllun Guðrúnar Borgfjörð um sams konar klúrheit karla gagnvart konum á 19. öld í *Minningar*, 91. Hér má líka vísa í sagnir af kynbundnu ofbeldi, þ.m.t. klæmni og drykkjulátum, sem viðhaft var í verbúðum fyrri alda og allt fram eftir 20. öldinni. „Taktu ekkert mark á okkur þótt við segjum þér að fara til fjandans.“ *Morgunblaðið*, 10. nóvember 1974, 30; Þorleifur Hauksson og Jósef Kristjánsson, „Verbúðalíf fyrir stríð,“ 175.
[1061] N.N. Viðtal við höfund. (5)

áreitni eða hefur verið nauðgað, að láta kalla sig druslur, það finnst mér bara sárt. Druslugangan.
**DKE:** Hvers vegna finnst þér það vera sárt?
**Anon:** [Hálf andvarpar]. Ég lenti í þessu þegar ég bjó í Bandaríkjunum, að mér var nauðgað – og orðið bitch var notað yfir mig. Mér finnst bitch bara vera tík eða drusla, og mér finnst að kona sem hefur lent í svo skelfilegum atburði, hún á ekki að kalla sig druslu eða tík, hún er það ekki. Mér finnst þú vera að vanvirða sjálfa þig með því að kalla þig druslu, hvort sem þolandinn er kona, barn eða maður. Það er gerandinn sem á að kalla druslu.[1062]

**Anon:** Gamlir karlar áreittu mig gróflega þegar ég á barnsaldri bjó í Húnavatnssýslu. Þeir litu sjúkum augum á mig; af því að ég var dóttir ástandskonunnar. Sjö, átta ára, fór ég að spyrja eftir vini mínum, sem var jafngamall bróður mínum, ári yngri en ég. Ég banka bara upp á og spyr eftir honum. Pabbi hans kemur til dyra, horfir á mig, hann er bara á nærfötunum, horfir á mig smástund og segir; bíddu aðeins. Ég stend þarna og bíð bara. Svo kemur hann eftir augnablik og hendir í mig klámblaði; lestu þetta á meðan þú bíður – og ég stend bara steinrunnin með blaðið. Vissi ekkert hvað ég átti að segja eða gera. Svo gerist ekki neitt. Ég legg bara frá mér blaðið og fer. Svona atvik. – Svo er ég í vist með lítið barn. Ég var nú svo lítil sjálf að ég náði varla upp fyrir handfangið á silfurkrossvagninum, sem ég ýtti á undan mér. Ég fer með hann fram hjá ullarsaltsgeymslu, það var sláturhús á staðnum, það var verið að salta gærur inni, þar voru karlar sem góluðu á mig; komdu inn, gyrtu niður um þig, sýndu okkur gullstykkið á þér, komdu stelpa. Þú veist, svona. Maður bara skildi þetta ekki og náttúrulega skilur þetta ekki í dag. En ég held, hafandi hugsað mjög mikið um þetta að þetta tengist þessu dæmi. Bæði hvað pabbi var með margar ráðskonur og að mamma fór í ástandið. Bara havarí á heimilinu. Það var litið niður á okkur held ég. Ég er alveg búin að ákveða hvað ævisagan mín á að heita, hún skal heita *Óhreinu börnin hennar [...]* – það er eitthvað sem situr alveg fast í mér. – Síðar braut nýi bandaríski eiginmaðurinn hennar mömmu minnar á mér – ég var 14 ára gömul.[1063]

Langflestar konurnar höfðu ekki deilt reynslu sinni af kynferðisofbeldi undir formerkjum #MeToo á veraldarvefnum og flestar sögðust ekki geta hugsað sér það. Í því sambandi má nefna að hluti kvennanna taldi ofbeldið sem þær urðu fyrir ekki nægilega mikið til þess að hægt væri að miðla því undir formerkjum #MeToo. Þarna mátti greina mun hjá konunum á því hvernig þær skilgreindu alvarleika ofbeldisins,

[1062] N.N. Viðtal við höfund. (2)
[1063] N.N. Viðtal við höfund. (1) Viðmælandinn deildi einnig neikvæðri reynslu sinni af því að deila á fésbók minningum sínum af ofbeldi sem hún varð fyrir sem barn, en hún upplifði í kjölfarið höfnun frá samfélaginu þar sem hún ólst upp sem barn: „Maður kastar einhverju frá sér en það lendir ekki einhvern veginn – og síðan situr maður sjálfur eftir í tómarúmi."

þ.e.a.s. eftir því hvort það gerðist fyrr á tíð eða nær í tíma. Þá fylgdi gjarnan að viðmiðin um kynbundið ofbeldi hefðu verið önnur áður fyrr. Konurnar voru hins vegar tilbúnar að miðla þeim sögum til mín í viðtalinu, en fylgdust þó með viðbrögðum mínum þegar þær hófu frásögnina – eins og til að athuga hvort þeim væri óhætt að fara inn á þessa braut.[1064] Gott dæmi um það er hve margar kvennanna hlógu þegar þær sögðu frá ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir. Hér var um að ræða hlátur sem náði ekki til augnanna; hljóð sem var ekki fylgt á eftir með tilfinningu. Þær voru að lesa í viðbrögð mín við frásögnum þeirra, hvort ég tæki undir hláturinn. Þegar þær sáu að ég tók ekki undir hláturinn, þá héldu þær áfram frásögn sinni, en nú á einlægum og raunarlegum nótum. Það er ágætt dæmi um hve viðtalsformið hentaði konunum vel til að miðla sínum #MeToo-sögum, öðru fremur því viðtalsforminu svipar til samtalsformsins; samskiptaforms sem konurnar þekktu vel. Annað dæmi um notagildi viðtalsformsins við miðlun #MeToo-sagna er viðtal mitt við ráðskonu sem sagðist ekki vera hlynnt #MeToo-byltingunni. Þegar hyllti undir lok viðtalsins, þegar við vorum búnar að drekka kaffið og ég vaskaði upp með bakið í viðmælandann, þá heyri ég: „En þarna #MeToo – þegar ég var lítil,“ sagði hún og hélt áfram að segja mér frá því þegar brotið var á henni þegar hún var barn, um leið og hún þerraði diskana, á bak við mig.

Í rannsókninni skráði ég líka viðhorf kvennanna til #MeToo-byltingarinnar. Heilt á litið voru konurnar mjög jákvæðar gagnvart #MeToo-byltingunni og sumar hverjar treguðu það að hún hefði ekki komið fyrr til sögunnar: „Það á ekkert að vera að brjóta á konum,“ sagði ein konan með hnefann á lofti.[1065] En viðhorf ráðskvenna gagnvart #MeToo var ekki gagnrýnislaus. Hluti þeirra talaði um byltinguna með ákveðnum fyrirvara. Hér vitna ég ekki síst í ummæli sumra kvenna sem töldu þörf á skýrari skilgreiningum varðandi hvað telst vera kynferðisofbeldi: „Ég meina þó að einhver hafi klappað þeim á rasssinn, tekið utan um þig, kysst þig á kinnina.“[1066] Það vakti athygli mína að konur sem voru hvað minnst hliðhollar byltingunni, miðluðu samt sem áður reynslu sinni af ofbeldi sem þær urðu fyrir með hliðsjón af #MeToo umræðu okkar í viðtalinu: „Ég man þegar ég var barn...“[1067]

[1064] Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „#MeToo mælt af munni fram,“ 94–95. Sjá einnig viðburðinn „Áhrif #MeToo á líf og frásagnir kvenna,“ þar sem ég og Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur fjöllum um tilhneigingu kvenna til að segja ekki sögur af ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir því þeim finnst aðrar konur hafa upplifað margt verra. Sjá: https://rikk.hi.is/ahrif-metoo-a-lif-og-frasagnir-kvenna/

[1065] Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

[1066] N.N. Viðtal við höfund. (18) Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

[1067] N.N. Viðtal við höfund. (4)

## 4.8. Ímyndir ráðskvenna

> **DKE:** Hvernig fannst þér viðhorf samfélagsins vera gagnvart ráðskonum?
> **ÓKS:** Þetta var bara nauðsynlegt, það vantaði þessar konur í sveitirnar. Það þótti hið besta mál að við værum tilbúnar að koma í sveitina og hjálpa til um stundar sakir. Mér fannst fólk vera mjög jákvætt gagnvart þeirri viðleitni kvenna – en verst var að það vildi að maður yrði þarna til framtíðar. Það var ekki alveg inn í myndinni.[1068]

Ímyndir ráðskvenna eru veigamikill hluti af sögu þeirra: ímyndir kvenna sem var trúað fyrir heimilum sveitanna. Störf ráðskvenna í sveitum hafði til að bera sveitarómantíska ímynd er jók sýnileika starfsins í dægurmenningu Íslendinga. Hið sama var ekki uppi á teningnum hvað viðkom ráðskonustörfum á einkaheimilum í þéttbýli. Lítið finnst um það í heimildum, sem er forvitnileg staðreynd í ljósi þess að ráðskonustarf í þéttbýli var áþekkt starfinu til sveita, að undanskildum vinnuvettvanginum.

Ímyndir ráðskvenna í sveit mótast af samfélagslegu hlutverki kvennanna, hjúskaparstöðu þeirra, stétt, kyni, aldri, viðhorfum og fleiri atriðum. Ímyndir þær eru af ýmsum toga og bregður víða fyrir, í bókmenntaverkum, endurminningum, kvæðum, og auglýsingum svo eitthvað sé nefnt. Nefna má ímynd ráðskonunnar sem bjargvætts íslenskra sveita, með því að ganga í störf húsmæðra á húsmæðralausum bæjum; ímynd ráðdeildarsömu ráðskonunnar; ímynd piparkerlingarinnar; ímynd jómfrúarinnar; ímynd lauslátu ráðskonunnar/hjákonunnar; ímynd grófgerðu/grótesku ráðskonunnar; og ímynd rótlausu ráðskonunnar úr þéttbýlinu sem flakkaði með börn sín á milli sveitabæja.[1069] Einnig má nefna ímynd af ráðskonu sem kom upp á milli hjóna og tók yfir húsmóðurstöðuna. Sú ímynd af ráðskonu kom fyrir í samræðum mínum við konur sem höfðu ekki starfað sem ráðskonur.[1070] Síðan má ekki gleyma þeirri ímynd sem ráðskonum var ætlað að uppfylla í starfi sínu. Í rannsókninni kom nefnilega fljótt í ljós að ráðskonur voru ekki aðeins ráðnar til að sinna ákveðnum verkum á heimilinu, heldur líka til að gangast við ákveðinni ímynd húsmóðurinnar. Slíkar kröfur þekktust einnig hérlendis hvað varðaði önnur störf kvenna inni á heimilum og nefna má í því sambandi að svipaðar kröfur voru oft gerðar við ráðningu vinnukvenna í þéttbýli um og eftir aldamótin 1900, svo vitnað sé í Sigríði Th. Erlendsdóttur. Sigríður sagði að við ráðningu á vinnukonum hefði meira búið undir en einungis að þær gætu leyst ákveðin verk innan heimilisins. Þær voru á sinn hátt hluti

---

[1068] Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

[1069] Tessa Boase fjallar um andstæðar ímyndir ráðskvenna á Englandi, annars vegar staðlaða ímynd svartklæddrar (og oft biturrar/kynkaldrar) piparjúnku og hins vegar staðlaða ímynd búkonulegrar ráðskonu sem er hliðholl herra sínum. Boase, *The Housekeeper´s Tale*, kindel útg. Kafli 1. málsgr. 9.

[1070] Heimild af 19. aldar ráðskonu sem stakk undan húsmóðurinni er nefnd Sigríður stórráða. Sjá Finnbogi Hermannsson, *Vestfirskar konur í blíðu og stríðu*, 65–81.

af heimilinu og því voru gerðar ákveðnar kröfur um að manngerð þeirra stæðist ákveðin mál.[1071]

Í upphafi ritgerðarinnar var reifuð þekktasta ímynd ráðskvenna á síðari hluta 20. aldar, ímynd sem byggir á samhljóma auglýsingatexta sem birtist yfir hundrað sinnum í blöðum landsmanna, allt frá fyrstu birtingu hans um aldamótin 1900: „Ráðskona óskast í sveit. Má hafa með sér barn.“[1072] Þessi ímynd kom ítrekað fyrir í samtölum mínum við fólk á förnum vegi, sem og í viðtölum mínum við ráðskonurnar, er vísuðu gjarnan í umræddan auglýsingatexta m.a. til að ramma inn eigin frásögn af ráðskonutíð sinni. Dæmi um það er þegar viðmælendurnir sögðust hafa verið eða ekki hafa verið þessi *ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn ráðskona*, þ.e. einstæð móðir með börn sín í ráðskonuvist, sem í þeirra augum var hefðbundin ráðskona. Sé hins vegar leitað að niðurstöðum um hve oft var notast við frasann „ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn“ á tímarit.is, kemur í ljós að hann kemur ekki eins oft fyrir og mætti ætla. Það kemur á óvart að sú orðaröðun birtist ekki oftar en raun er í blöðum og tímaritum með hliðsjón af því hve frasinn er þekktur á meðal eldri kynslóða núlifandi Íslendinga. Velta má vöngum yfir því hvort bók Snjólaugar Bragadóttur, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*, hafi ekki átt stóran þátt í því að festa ímyndina enn betur í sessi. Það eitt og sér myndi vitna um hve mikil áhrif menning, þ.m.t. afþreyingarefnis, hefur á hugmyndir fólks um ráðskonustarfið, svo úr verður sameiginleg minning af ráðskonum í sveit á síðari hluta 20. aldar, sem byggir á félagslegri stöðu ráðskvenna með vísun í hjúskap og barneignir þeirra. Ímynd ráðskvenna í samfélaginu hefur sum sé sterk tengsl við ímynd einstæðu móðurinnar. Þannig hefur ráðskonuhlutverkið, líkt og hús*móður*hlutverkið, sterka tengingu við móðurhlutverkið: ráðskonustarfið endurspeglar stöðu einstæðra mæðra á meðan húsmóðurstaðan endurspeglar stöðu giftra mæðra.

Ímynd ráðskvenna í samfélaginu markaðist af áliti fólks á starfinu, en ekki er hægt að segja að ráðskonustarfið hafi verið virðingarstaða á tímabilinu 1950–2000 eins og það var fyrr á öldum, einkum á stórbýlum. Ýmislegt breytti samfélagslegum viðhorfum til ráðskonustarfsins á milli tímabila. Annars vegar má nefna að konur á síðari hluta 20. aldar höfðu úr miklu fleiri og oft betri störfum að velja en áður, þegar ráðskonustarfið var álitlegur kostur fyrir konur. Hins vegar má nefna að félagsleg staða kvenna sem sóttu í ráðskonustarfið á síðari hluta 20. aldar var yfirleitt lakleg en það var alls ekki alltaf tilfellið hjá fyrri tíma ráðskonum. Að því sögðu var ráðskonustaða í sveitum álitin mikilvæg og gilti sú skoðun þvert á mörk dreifbýlis og þéttbýlis, öðru fremur vegna þess að ráðskonustarf í sveitum var samkvæmt almenningsálitinu þjóðþrifastarf: „Það þótti sjálfsagður hlutur að það kæmi ráðskona, það var til bóta – það var borin virðing fyrir fólki sem vildi koma að vinna og taka þátt í lífinu í sveitinni,“ sagði ein ráðskonan.[1073]

---

[1071] Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund.

[1072] Auglýsing í *Vísi,* 30. apríl 1934, 4. Sjá einnig samhljóma auglýsingatexta t.d. í *Dagblaðinu Vísi,* 22. desember 1986, 50.

[1073] Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

Sjálfsmynd ráðskvenna er annar flötur á ímynd ráðskvenna, þ.e. ímyndir sem konurnar höfðu af sjálfri sér í ráðskonustarfinu sem þær miðluðu með frásögnum sínum: frásagnarsjálfið, sem rætt var hér að framan. Á þeim tíma sem viðtölin fóru fram var augljóst að konurnar sáu sig sem aðila er sinnt hafði ráðskonustarfinu, fremur en sem ráðskonu. Konurnar sinntu jafnan mörgum störfum yfir ævina og ráðskonustarfið var eitt þeirra – tímabundin staða. Þekkt er að sagnfræðilegar rannsóknir á lífi kvenna/kvennasagan styrki sjálfsmynd kvenna.[1074] Mjög lítið hefur hins vegar verið fjallað um sögu ráðskvenna. Eina sögulega heimildin sem viðmælendur litu til sem viðmið um ráðskonutíð sína, var auglýsingatextinn: „Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn." Það er kaldhæðið að þessar konur sem hlutu gjarnan mikla athygli þegar þær komu í sveitirnar – enduðu sem ósýnilegar í sögunni. Fræðilegur áhugi minn á ráðskonustarfinu og tilheyrandi viðtöl við konurnar varð til þess að efla sjálfsmynd þeirra sem „fyrrum ráðskonur." Athyglin sem í því fólst reyndist þeim að skapi: núna yrði það almenningur sem renndi í hlað til að „skoða ráðskonuna."

Augljóst var að konurnar báru ákveðna lotningu fyrir hlutverki húsmæðra og ráðskvenna á sveitabæjum en hið sama gilti ekki alltaf um viðhorfin til þeirra sömu starfa í þéttbýlinu. Til að mynda töluðu konurnar stundum um húsmæður í þéttbýli sem „bara húsmæður." Sveitastörf voru enn á þessum tíma á vissan hátt hið helga vé á meðal íslenskra starfsstétta, einfaldlega vegna þess að úr því umhverfi voru Íslendingar sprottnir með beinum hætti, og því ákveðin rómantík sem hjúpaði störf á þessum vettvangi. Í augum kvennanna var sveitin og lífið þar tákn óspilltrar menningar Íslendinga sem byggði á vinnuframlagi fólksins.[1075] Frá þeirra sjónarhóli var framleiðslueiningin sveitabæirnir af líkum toga og verksmiðjurnar og vinnslustöðvarnar þar sem svo margar þeirra höfðu starfað. Konunum fannst sveitabæirnir á sama hátt vera framleiðslueiningar þar sem konur þurftu að afla sér virðingar með vinnuframtaki sínu:[1076] *ef þú stóðst þig í vinnu þá hlaust þú virðingu*, er lýsandi fyrir þessa afstöðu kvennanna. Þetta er eitthvað sem konurnar upplifðu ekki með sama hætti á eigin skinni í þéttbýlinu er þær sinntu húsmóðurhlutverki og í sumum tilfellum ráðskonuhlutverki.[1077] Í þeirra augum var *sveitakonan* tákngervingur fyrir vinnandi konu sem kvartar ekki undan erfiði og hugar ekki að hégómlegum hlutum, hvort heldur þeir varða híbýlaprýði eða eigin ásýnd.[1078] Gilti þá einu hvaða heiti sveitakonan gekk undir: húsmóðir, ráðskona, búkona, bóndakona, vinnukona eða

[1074] Margrét Guðmundsdóttir, „Landnám kvennasögunnar," 229.

[1075] Sigríður Matthíasdóttir fjallar um íslenska alþýðumenningu og bændamenningu 1900–1930, sem „var víða lýst sem nokkurs konar ósnortinni uppsprettu eða geymslustöð hins andlega atgervis sem talið var hafa einkennt þjóðina á gullöld," Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur,* 146.

[1076] Telja má að konurnar hafi notið sín í umhverfi sveitanna þar sem stéttaskipting millum heimila og fólks var ekki eins áberandi og í bænum.

[1077] Sjá fremur neikvæð viðhorf til húsmóður í Reykjavík sem „puntdúkku" í viðtali í bók Ingu Huldu Hákonardóttur, *Hélstu að lífið væri svona?,* 35–36.

[1078] Konurnar höfðu ákveðnar hugmyndir um sveitakonuna, sem sumar byggðu á eigin reynslu, þ.e. í tilfellum þeirra sem ólust upp í sveit, störfuðu sem húsmæður, vinnukonur eða kaupakonur í sveit eða voru sendar í sveit sem börn.

kaupakona, öll heitin báru sveitakonunni gott vitni. Sveitakonan var eins konar fjallkona í hugum kvennanna, kona sem bar höfuðið hærra en aðrar erkikventýpur Íslands.[1079] Sú ímynd þeirrar sveitakonu sem birtist í lýsingum kvennanna, var að mestu sneydd kvenleika og bar oftar en ekki ákveðin einkenni svarksins, en dæmi um það er ráðskonan sem ráðskast svo eftir er tekið. Sögur sumra ráðskvennanna eru líkt og *þróunar*saga af því hvernig kaupstaðarkonan varð fyrirmyndarkonan (e. *icon of womanhood*), sveitakonan, í ráðskonuvist í sveit.[1080]

> **Skáldsagan *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn*:** Hún fór í pils og blússu og burstaði hárið, en sleppti því að mála sig, þar til eftir matinn. Raunar var hún næstum alveg hætt því síðan hún kom í sveitina. Það var hluti af frelsinu að geta borið höfuðið hátt með ómálað andlit. Þær gætu það ekki margar í henni Reykjavík.[1081]

> **Anon:** Upp í sveit þá skiptir svona engu máli. Þar notar maður minna make-up. Ég var alveg eins og páfagaukur þegar ég kom fyrst og fór á ball. Þegar ég horfði á allar konurnar í salnum þá sá ég enga konu í öllum þessum sal sem var máluð. Ég fór og minnkaði það sem ég setti á mig, ég upplifði mig bara eins og páfagauk.[1082]

Margar ráðskonurnar upplifðu sig sem hluta af samfélagi sveitanna sem þær störfuðu í. En á sama tíma upplifðu þær sig sem utanaðkomandi bjargvætti sveitabæja og einhleypra bænda, hvort heldur sú björgun fól í sér allsherjar þrif á bæjunum, uppeldi á börnum eða félagsskap svo eitthvað sé nefnt. Þannig birtast ráðskonurnar oft í frásögnum sínum sem íslensk útgáfa af hinni kunnu barnfóstru *Mary Poppins*: konunnar sem kemur inn á heimilið og tekur það í gegn, og hverfur svo á ný mið að verkinu loknu.

> **GM:** Þarna var ég á mínum forsendum, þó ég væri að rembast við að vinna eitthvað starf sem ég var nú varla fær um að sinna. Það tók náttúrulega bara tíma, að læra handtökin. Starfið færir manni þroska að vissu leyti. Maður var partur af einhverju í uppbyggingu, húsdýrahaldi og öllu þessu, – maður var ekki bara að vinna í fiski frá 8 til 5.[1083]

Konurnar voru ánægðar með þá ábyrgð sem þær gegndu í störfum sínum enda höfðu þær aldrei gegnt vinnutengdri stjórnunarstöðu. Þessar konur gengu inn í starf sem var

[1079] Sjá umfjöllun um fjallkonuna í grein Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur, „Af fegurðardísum, ástandskonum og fjallkonum,“ 493–506.
[1080] Sjá umfjöllun Lynn Abrams um hugmyndir um fyrirmyndarkonu/icon of womanhood. Abrams, *Myth and Materiality in a Woman´s World,* 137–139.
[1081] Snjólaug Bragadóttir, *Ráðskona óskast í sveit - má hafa með sér barn,* 38 og 57.
[1082] N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. (B)
[1083] Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

eitt af grundvallarstörfum sveitabæjanna, vinnustöðu sem voru grundvallareiningar íslensks landbúnaðar. Með því að leggja sinn skerf til samfélaga sveitanna, sem þeim var í blóð borið að væri undirstaða íslensks samfélags, var sjálfsvirðing þeirra tryggð. Með hliðsjón af þessari sýn kvennanna verður að ætla að sú ramma taug sem þær báru til sveitanna og tíðarandinn sem krafðist mikillar vinnusemi, útskýri af hverju þær fórnuðu sér jafn mikið fyrir ráðskonustarfið og þær gerðu. Reyndar verður að hafa í huga að fórnfýsi er eiginleiki sem fylgt hefur konum alla tíð, vegna stöðu þeirra í samfélaginu – og gildismat samfélagsins stjórnar að stórum hluta gjörðum okkar. Svo vitnað sé í skrif félagsfræðingsins Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur frá 1996, um konur í láglaunastörfum á Íslandi:

> Þær kvarta þó ekki yfir stöðu sinni, heldur eru þær stoltar yfir vinnuframlagi sínu. Enda er vinnan mikil dyggð á Íslandi, sem bæði verkalýðshreyfing og valdhafar hafa kynt undir. Að kvarta eða að gera kröfur á hið opinbera jafngildir því að gera lítið úr sjálfum sér. Með þetta viðhorf í farteskinu „redda“ konurnar sér frá degi til dags og renna stoðum undir orðróminn að íslenskar konur séu valkyrjur. Samtímis viðheldur þetta viðhorf þjóðfélagslegri og einstaklingsbundinni undirokun þessara kvenna og hamlar þróun íslensks velferðarkerfis.[1084]

Sjálfsmynd ráðskvennanna byggði fyrst og fremst á þeirra eigin reynslu af ráðskonustarfinu en einnig af samfélagslegum viðhorfum til starfsins. Dæmi um það er þegar konurnar vísuðu í þekktar staðalímyndir af ráðskonum, s.s. þegar sumar þeirra kváðust vera *þessi ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn* – eða sögðust ekki hafa verið *ráðskonan sem svaf hjá bóndanum*. Rannsóknin sýnir ennfremur að sú ímynd sem einstæðar mæður höfðu af sjálfum sér í ráðskonustarfinu var samofin þeirri ímynd sem þær höfðu af sér sem mæðrum. Meginforsendan fyrir því að einstæðar mæður réðu sig sem ráðskonur var sú að með því móti gætu þær hlúð sem best að börnum sínum. Ráðskonustarfið byggðist á skammtímaráðningu, en móðurhlutverkið var æviráðning. Frásagnir einstæðu mæðranna sýndu að þær tóku að sér ráðskonustörf til þess að geta sinnt uppeldisstörfum. Einstæðu mæðurnar töldu meginábyrgð sína vera gagnvart börnum sínum, og síðan gagnvart vinnuveitendum sínum.

## 4.9. Samantekt

Í þessum kafla er fjallað um félagslega stöðu þeirra kvenna sem réðu sig sem ráðskonur í sveit. Flestar kvennanna sem rætt var við komu frá fjölskyldum þar sem menntunarstig var lágt, en algengast var að foreldrarnir stunduðu verkamannavinnu eða sveitastörf. Áður en konurnar réðu sig til starfa höfðu flestar lokið barnaskóla og voru verkakonur og/eða húsmæður. Stærsti hluti þeirra var búsettur á höfuðborgarsvæðinu þegar þær óskuðu eftir ráðskonustarfi eða svöruðu

[1084] Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, „Hver stendur vörð um aðbúnað kvenna á vinnustöðum?,“ 38–39.

auglýsingu/beiðni þar sem óskað var eftir ráðskonu. Ráðskonustarfið þjónaði oft sem tímabundið atvinnuúrræði fyrir einhleypar konur.

Einstæðar mæður voru stærsti einstaki hópur ráðskvenna með tilliti til hjúskaparstöðu. Á síðari hluta 20. aldar, einkum í byrjun þess tímabils, var staða einstæðra mæðra á vinnumarkaðnum mjög erfið og kjör þeirra bág. Færa má rök fyrir því að ráðskonustarfið hafi verið eitt fárra úrræða sem einstæðar mæður á þessum tíma höfðu í félagslegu og atvinnulegu tilliti. Mikilvægur eðlisþáttur ráðskonustarfsins voru fríðindi sem hentuðu einstæðum mæðrum einkar vel. Starf ráðskonu í sveit fól í sér að hún bjó á vinnustaðnum, og þau afnot af húsnæði atvinnurekandans sem og það að þiggja þar fæði fyrir sig og börn sín var ígildi launa. Þessu til viðbótar voru oft greidd eiginleg laun, þó svo að það þekktist einnig að fæði og húsnæði væru einu launin. Þar að auki gaf ráðskonustarfið einstæðum mæðrum aukið svigrúm til að njóta samvista við börn sín. Uppbygging velferðarkerfisins allt fram eftir 20. öldinni hafði afgerandi áhrif á stöðu kvenna, ekki síst aðstæður einhleypra mæðra.

Vinnuvettvangur ráðskvenna var jafnframt heimili þeirra og vinnuveitenda þeirra. Sú staðreynd olli því að vinna og persónulegt líf ráðskvenna fléttaðist saman við persónulegt líf ábúenda innanstokks. Ráðskonur voru starfsstétt sem naut mjög takmarkaðra réttinda í starfi, öðru fremur vegna þess að munnlegir ráðningarsamningar voru ráðandi fyrirkomulag hjá vinnuveitendum ráðskvenna. Það gerði það að verkum að auðveldara var að brjóta á rétti þeirra. Fram kom að það var ekki óalgengt að ráðskonur tækju saman við eða giftust bændunum sem þær störfuðu fyrir, sonum þeirra eða einstaklingi í sömu sveit.

Ráðskonustarfið hafði gjarnan jákvæð áhrif á sjálfsmynd kvennanna, því starfið fól í sér ákveðna ábyrgð sem konurnar vildu glaðar gegna í sveitasamfélaginu og léði þeim sjálfstæði í móðurhlutverkinu. Við samanburð kvennanna á ráðskonu- og húsmóðurstarfinu kom í ljós að þær töldu margt líkt með verkskyldum ráðskvenna og húsmæðra á sveitabæjum. Þeim fannst húsmæður þó oftar hafa meiri völd á bæjunum og njóta meiri virðingar en ráðskonur innan samfélagsins. Viðhorf til ráðskvenna voru almennt góð að mati kvennanna, en þó voru tilfelli um að litið væri niður á konur í því starfi, líkt og ímyndir um ráðskonur sem hjásvæfur bænda bera með sér.

Ráðskonur unnu við ófullnægjandi vinnuaðstæður til sveita, því ekkert formlegt eftirlit var með störfum þeirra inni á þeim einkaheimilum. Meira en þriðjungur ráðskvennanna voru beittar ofbeldi í vistinni. Viðtöl mín við ráðskonurnar sýndu að #MeToo-byltingin hafði áhrif á það hvort og hvernig konurnar tjáðu sig um ofbeldi sem þær urðu fyrir sem ráðskonur, sem og á öðrum tíma á ævi sinni.

# Fimmti kafli

## Niðurstöður

> **ÓKS:** Það er svolítið undarlegt, að rifja upp þennan tíma; því þetta var erfiður tími Dalrún. Maður á kannski ekki margar minningar – allavega ekki skýrar minningar, frá þessum rótleysistíma. Þetta var barningur, að flækjast svona með krakkana – en líka ævintýri, já, lífsreynsla. Spurðu bara pabba þinn – hann man þetta þó að hann hafi bara verið krakkaræfill þegar við fórum í vistina.[1085]

Sú mynd sem ég átti af íslenskum ráðskonum áður en rannsóknin hófst var amma mín og fyrrum ráðskonan, Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935). Er leið á rannsóknina kom í ljós að amma var í reynd staðalímynd íslensku ráðskonunnar í sveit á seinni hluta 20. aldar: einstæð móðir sem réð sig sem ráðskona í sveit með börn sín.

Á upphafsstigi rannsóknarinnar var amma byrjuð að stríða við minnisleysi sökum aldurs. Nú á lokastigi rannsóknarinnar er amma í viðjum gleymskunnar, sem hefur hrifsað frá henni minningar um löngu liðna tíma sem og minningar líðandi stundar. Ráðskonusaga ömmu er ekki lengur skráð í minni hennar – því er ákveðin hugarfró að vita að saga hennar á sinn sess í þessum skrifum. Ráðskonusagan hennar ömmu hljómar nú ásamt öðrum slíkum sögum frá tugum annarra ráðskvenna, en sögur þeirra hefðu getað horfið í djúp gleymskunnar og glatast til framtíðar – ef þær hefðu ekki sagt sögu sína í þessari rannsókn.

Meginviðfangsefni rannsóknarinnar er staða og kjör ráðskvenna á Íslandi á seinni hluta 20. aldar. Til að svara þeim spurningum sem lagt var upp með um forsendur þess að konur réðu sig til ráðskonustarfa, starfsumhverfi og upplifun, sótti ég í reynslu þeirra sjálfra, kvenna sem sinnt höfðu ráðskonustarfinu á þessu tímabili. Ég aflaði gagna með 58 viðtölum, þar af með 41 lífsferilsviðtali við fyrrum ráðskonur, þar sem rík áhersla var lögð á að fanga upplifun kvennanna frá ráðskonutíð þeirra. Meirihluti viðtalanna var kvikmyndaður. Áhersla var lögð á að greina efni, frásagnarhátt, framsetningu, ímyndir og tilfinningar er komu fram í viðtalsfrásögnum kvennanna.

Þó að rannsóknin fjalli fyrst og fremst um ráðskonur á tímabilinu 1950–2000 er mikilvægt að skoða sögulegar forsendur starfsins og því voru dregnar fram úr rituðum heimildum lýsandi svipmyndir af ráðskonum á tímabilinu 1850–1950. Innsýn í þá forsögu ráðskonustarfsins gerir auðveldara um vik að skilja sögu og samhengi ráðskonustarfsins á síðari hluta 20. aldar. Sú athugun leiddi í ljós að á tímabilinu 1850-1950 gegndu bæði ráðskonur og húsmæður stjórnunarstöðu á íslenskum sveitaheimilum: þær sinntu og stjórnuðu innanhúsvinnu. Aðgreiningin á stöðu ráðskonu- og húsmóður á sveitaheimilum fólst þá, líkt og á síðari hluta 20. aldar,

[1085] Ólafía Krístín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund.

einkum í því að húsmóðirin var í hjúskap/sambúð með bóndanum – en ráðskona var vinnuhjú.

Athugun mín á ráðskonustarfinu 1850–1950 leiddi enn fremur í ljós þætti sem einkenndu hópana sem rannsóknin tók til, annars vegar ráðskvennanna sjálfra og hins vegar atvinnurekenda þeirra. Ráðskonur á tímabilinu 1850–1950 voru á öllum aldri, en algengast var þó að ráðskonur væru konur á miðjum aldri. Það voru fyrst og fremst ógiftar konur sem sinntu ráðskonustarfinu á árunum 1850–1950, en á fyrri hluta þess tímabils voru ekkjur áberandi í þeim hópi. Algengast var að ráðskonur störfuðu á heimilum einhleypra bænda, þ.m.t. heimilum einstæðra feðra og ekkla. Það var alvanalegt að konur störfuðu sem ráðskonur á heimilum vandamanna sinna á þessum tíma, svo sem á heimilum feðra sinna, sona eða bræðra sinna sem voru ógiftir eða ekklar – eða hjá mágum sínum í kjölfar andláts systra sinna.

Með vaxandi þéttbýlismyndun á Íslandi undir lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar fjölgaði atvinnutækifærum fyrir konur á öðrum vettvangi en sveitaheimilinu. Víðtækir atvinnumöguleikar og aukin lífsgæði í þéttbýli ýttu undir brotthvarf kvenna úr sveitum fram eftir 20. öldinni, en þessar breytingar ollu því að eftirspurn var eftir ráðskonum til að starfa á sveitaheimilum á 20. öld, ekki síst á síðari hluta hennar þegar konum fækkaði hlutfallslega meira en körlum til sveita. Á sama tíma var margfalt minni eftirspurn eftir karlmönnum til að sinna ráðsmannsstarfinu, sem var að mestu horfið af sjónarsviðinu á síðari hluta 20. aldar.

Með því að grundvalla rannsókn mína á viðtölum við konur sem sinntu ráðskonustörfum á árabilinu 1950–2000, var mögulegt fyrir mig að skyggnast dýpra í líf og störf ráðskvenna, en gerlegt var í athugun minni á fyrra tímabilinu. Viðtölin gáfu mér ráðrúm til að skrá til hlítar starfsskyldur ráðskvenna sem og viðhorf þeirra til starfa sinna. Ekki er ofsögum sagt að ákveðinn samhljómur sé með sögu ráðskvenna á árunum 1850–1950 og ráðskvenna 1950–2000. Viðtölin leiddu í ljós að á síðara tímabilinu líkt og á því fyrra fengust ráðskonur við hússtjórn og önnur hússtörf. Þær sinntu ámóta skyldum og húsmæður gerðu þegar þeirra naut við á bæjunum.

Meginstörf ráðskvenna á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar fólust í matartilbúningi og þrifum, en um það bil helmingur viðmælendanna sinnti útistörfum samhliða heimilisstörfunum. Allmörg dæmi voru um að viðmælendur mínir hefðu litla eða enga reynslu af heimilishaldi þegar þær gerðust ráðskonur. Heimildir sýna að ráðskonur voru fyrst og fremst ráðnar í ráðskonustarfið sökum kynferðis síns en ekki vegna reynslu sinnar af heimilisstörfum. Grundvöllur ráðskonustarfsins var jú þörf sveitaheimila fyrir *konur* til að gegna bústjórn innanbæjar á húsmóðurlausum bæjum, líkt og það var gjarnan orðað. Þar áttu í hlut sveitaheimili þar sem skortur var á konum til að gegna hússtjórnarstörfum eða sveitaheimili þar sem konur á bæjunum voru of ungar, gamlar eða veikburða til að sinna þeim störfum.

Viðmælendur mínir störfuðu oftast á heimilum einhleypra bænda, þ.m.t. á heimilum einstæðra feðra, bæði ekkla og fráskildra feðra. Yfirleitt var nokkur aldursmunur á ráðskonunum og vinnuveitendum þeirra. Meira en helmingur ráðskvennanna sem ég ræddi við var á þrítugsaldri þegar þær réðu sig sem ráðskonur í sveit, á meðan vinnuveitendur þeirra voru oftast á milli fertugs og sextugs. Á um það bil helmingi bæjanna sem konurnar störfuðu á samanstóð heimilisfólkið af fleiri en

einum heimilismanni fyrir komu þeirra, einatt þá einhleypum bónda og vandamönnum hans, s.s. öldruðum foreldrum, systkinum og/eða börnum. Fremur fátítt var að konurnar störfuðu sem ráðskonur á sveitaheimilum þar sem húsmóðir var við bústjórn með bónda sínum, en þegar svo bar undir voru ráðskonurnar iðulega ungar að aldri og störfuðu undir stjórn húsmæðranna. Hluti kvennanna sá um heimili í forföllum húsmæðra, öðru fremur í veikindaforföllum húsmæðra. Viðtölin sýna að það var alls ekki jafn algengt að konur störfuðu sem ráðskonur hjá feðrum sínum, sonum eða bræðrum á síðari hluta 20. aldar, líkt og tilfellið var á árabilinu 1850–1950.

Í rannsókninni lagði ég áherslu á að skoða bakgrunnssögu kvennanna áður en þær gerðust ráðskonur í sveit – öðru fremur félagslegar aðstæður þeirra á þeim tíma sem þær réðu sig til starfans. Þannig var auðið að varpa ljósi á stöðu kvenna sem réðu sig sem ráðskonur og hvernig sú staða hafði áhrif á þá ákvörðun þeirra að starfa sem ráðskonur á sveitabæjum.

Ráðskonur á síðari hluta 20. aldar voru jafnan ungar konur úr þéttbýli, ólíkt því sem tíðkaðist um ráðskonurnar 1850–1950. Í langflestum tilfellum voru konurnar með grunnskólamenntun á þeim tíma sem þær störfuðu sem ráðskonur, og höfðu áður starfað sem verkakonur og húsmæður. Einhleypar konur voru burðarásinn í hópi kvenna er sinntu ráðskonustarfi til sveita á síðari hluta 20. aldar og að sama skapi voru einstæðar mæður mikill meirihluti þeirra. Á því tímabili jókst hlutfall hjónaskilnaða sem leiddi til fjölgunar einstæðra mæðra á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta þýddi að stór hluti kvenna var eina fyrirvinna barna sinna, í samfélagi þar sem hið karllæga fyrirvinnukerfi var löngum við lýði og tilheyrandi kynbundinn launamunur. Á þeim tíma var staða einstæðra mæðra á vinnumarkaðnum mjög bág – og ekki bætti úr skák að margar einstæðar mæður voru á hrakhólum með húsnæði, höfðu lítinn eða engan aðgang að dagvistun og/eða höfðu lélegt stuðningsnet.

Færa má rök fyrir því að ráðskonustarfið hafi verið eitt fárra úrræða sem einstæðar mæður á hrakhólum höfðu í efnahagslegu og atvinnulegu tilliti á þessum tíma. Ráðskonustarfið fól í sér ákveðin fríðindi fyrir einstæðar mæður: húsnæði, fæði og möguleikann á að hafa börn sín hjá sér. Sjálfsmynd ráðskvenna sem voru einstæðar mæður, mótaðist öðru fremur af ósérhlífni þeirra í hlutverki einstæðu móðurinnar. Þær vildu búa vel að börnum sínum og sáu ráðskonustarfið gjarnan sem þrautalendingu á meðan þær næðu áttum í lífinu. Uppbygging félagslega kerfisins þegar kemur fram á rannsóknartímann hafði afgerandi áhrif á starfsstétt ráðskvenna og kvenna almennt, ekki síst aðstæður einhleypra mæðra. Heimildir benda til þess að umbætur í dagvistunarmálum hafi skipt sköpum varðandi það að einstæðar mæður sóttu ekki jafn mikið í ráðskonustarfið og áður.

Flestar kvennanna sem ég ræddi við störfuðu ýmist á einum eða tveimur sveitabæjum. Þær störfuðu allt frá nokkrum dögum til heilla áratuga á sama bænum, en vanalega störfuðu þær á hverjum bæ í nokkra mánuði í senn. Rannsóknin sýndi að ráðskonur voru berskjölduð láglaunastétt sem féll ekki formlega undir tiltekið stéttarfélag. Slæm kjör ráðskvenna má ekki síst rekja til vinnustaðar þeirra, einkaheimilisins, þar sem ekkert formlegt eftirlit var til staðar. Munnlegir ráðningarsamningar voru algengir og gerðu það að verkum að auðveldara var að

brjóta á rétti kvennanna. Ekki bætti úr skák að engin formleg úrræði voru í boði fyrir ráðskonur sem unnu við ófullnægjandi aðstæður. Ofbeldi, ekki síst kynferðislegt ofbeldi sem ráðskonur máttu þola, er dæmi um verstu atvikin sem gátu átt sér stað vegna skorts á eftirliti. Meira en þriðjungur ráðskvennanna sem ég tók viðtöl við lentu í andlegu, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í ráðskonuvist sinni. Frásagnir kvennanna af ofbeldi sem þær urðu fyrir í ráðskonuvistinni eða á öðrum tímapunkti ævi sinnar, voru greinilega undir beinum áhrifum af þá nýtilkominni #MeToo-byltingu á meðal kvenna.

Ráðskonustarfið er í eðli sínu gamalkunn stjórnunarstaða. Engu að síður voru völd ráðskvenna innanstokks háð ákvörðunarvaldi vinnuveitenda þeirra, bændanna – og húsmæðranna ef þær voru til staðar. Almenna reglan var sú að konurnar álitu sig vera starfskraft undir stjórn bændanna, frekar en að þær væru stjórnandi á heimilinu. Hluti ráðskvennanna taldi félagslega stöðu húsmæðra á sveitabæjum vera betri en ráðskvenna, því þær voru giftar bændunum og höfðu um leið tryggari stöðu á bænum. Sumar ráðskonur fjölluðu þó um kostina sem fólust í því að vera ráðskona en ekki húsmóðir, m.a. það að ráðskona gat yfirgefið vistina þegar henni hugnaðist og hafði aukinheldur yfir eigin fjárhag að ráða – eitthvað sem sumar kvennanna tengdu við frelsi.

Víst er að úti í samfélaginu var ráðskonustarfið álitið eins konar stefnumótaúrræði fyrir einhleypa bændur, sem og fyrir einstæðar mæður – það er gömul saga og ný. Þess ber þó að geta að ráðskonurnar sem rætt var við, horfðu ekki á ráðskonustarfið sem lausn á ástar- og hjúskaparmálum sínum. Rétt ríflega fjórðungur ráðskvennanna sem ég ræddi við áttu í ástarsambandi við bóndann sem þær störfuðu hjá og flestar þeirra kvenna giftust að endingu bóndanum og urðu húsmæður á bæjunum. Yfirleitt var nokkur aldursmunur á ráðskonunum og bændunum sem þær tóku saman við sem oftast voru eldri en þær. Fram kom að hagsmunir bænda og ráðskvenna, sem og barna sem við sögu komu, lögðu gjarnan grunninn að hjúskap bænda og ráðskvenna, fremur en rómantík.

Ráðskonustarfið ljáði mörgum kvennanna aukna ábyrgð í starfi, en flestar höfðu aldrei sinnt stjórnunarstarfi. Konurnar höfðu jafnan ekki mikinn áhuga á sjálfu ráðskonustarfinu, en sú ábyrgð sem starfinu fylgdi hafði jafnan jákvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra og hvatti þær áfram í ráðskonustarfinu.

Þannig hljómar saga ráðskvenna í stórum dráttum – en hver er þá kjarninn í niðurstöðum rannsóknar minnar? Rannsóknin veitir nýja innsýn og eykur skilning á ráðskonustarfinu og uppbyggingu samfélagsins á tímabilinu 1850–2000.

Fyrst ber að nefna að rannsókn á verkskyldum ráðskvenna á sveitaheimilum leiddi í ljós rótgróna verkaskiptingu kynjanna, yfir allt rannsóknartímabilið, árin 1850–2000. Störf karla til sveita voru einatt meira metin en störf kvenna, bæði innan- og utanstokks. Helstu vinnuveitendur ráðskvenna, einhleypu bændurnir, höfðu oftast lítinn áhuga á, né reynslu af heimilisstörfum, sem skóp þörf þeirra fyrir ráðskonu.

Nýmæli rannsóknarinnar felast ekki síst í auknum skilningi á félagslegri stöðu einstæðra mæðra á síðari hluta 20. aldar en þær voru ráðandi í hópi kvennanna er sinntu ráðskonustarfinu. Með því að leggja sérstaka áherslu á að skilgreina störf og

stöðu kvenna er sinntu ráðskonustörfum á síðari hluta 20. aldar, fékkst áhugaverð mynd af stöðu einhleypra kvenna á þessum tíma Íslandssögunnar og um leið skýrari mynd af því kynbundna ójafnvægi sem þá var til staðar í íslensku samfélagi. Síðari hluti 20. aldar einkenndist af miklum samfélagslegum breytingum þar sem hagur kvenna batnaði til mikilla muna. Þær hagsbætur deildust þó misjafnt niður eftir félagslegri stöðu fólks, líkt og rannsóknin sýndi. Einhleypar konur í lágstétt, öðru fremur einstæðar mæður sem voru uppistaða íslenskra ráðskvenna á síðari hluta 20. aldar, eru dæmi um þær konur sem vegna þessa misræmis gátu ekki nýtt sér þau atvinnu- og menntunartækifæri sem sköpuðust á þessu tímabili.

Einhleypar konur, ekki síst einstæðar mæður, þurftu á þessum tíma almennt að undirgangast miklu meiri vinnu en aðrir þjóðfélagsþegnar til að afla sér viðunandi lífskjara. Frásagnir kvennanna sýndu að samfélagið gerði að mörgu leyti ekki ráð fyrir einstæðum mæðrum og börnum þeirra. Þrátt fyrir að samfélagsskipanin tæki ekki nauðsynlegt tillit til grunnþarfa þeirra skikkaði það sama samfélag þær engu að síður til þess að uppfylla í einu og öllu þá staðla sem mæður eru metnar eftir. Þær aðstæður kröfðust þrautseigju af hálfu mæðranna ef þær ætluðu sér að komast af. Einstæðar mæður réðu sig öðru fremur í ráðskonustarfið til að geta sinnt móðurhlutverkinu sem best. Þannig breyttist ráðskonustarfið frá því að vera ákveðin virðingarstaða á sveitaheimilum þegar litið er aftur til 19. aldar, til þess að vera brothætt staða á síðari hluta 20. aldar, sem einstæðar mæður í leit að betra lífi fyrir sig og börn sín leituðu í. Ráðskonur stóðu gjarnan höllum fæti félagslega og atvinnulega þegar þær hófu störf sem ráðskonur og það endurspeglast í því að þær sættu sig við bágborin launakjör og oft erfiðar starfsaðstæður.

Ráðskonur á sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar sýndu með dugnaði sínum hverju þær gátu áorkað í vinnuumhverfi sem var þeim gjarnan andsnúið, svo sem með tilliti til starfsréttinda og öryggis. Með vinnu sinni tókst þessum konum að standa á eigin fótum og sjá sér og sínum farborða – sem um leið gerði konunum kleift að halda sjálfsvirðingu sinni. Ráðskonustarfið var eins konar vin í augum þeirra kvenna; vettvangur þar sem þær gátu unnið fyrir sér og sínum en um leið annast börn sín svo vel væri. Ákveðnir óvissuþættir voru þó alltaf til staðar varðandi ráðskonustarfið og þar réð mestu hvort ráðskonurnar lentu á *góðum* eða *slæmum* bæ.

## Summary

A household could not thrive without a woman according to the Norwegian historian Gro Hagemann. There was a need for someone to take care of the children, to do the cleaning, the washing and the cooking. If a housewife was not available to look after the household, there was a need for another woman to perform these duties in the home; hence comes the housekeeper.

The housekeeping profession in Iceland dates back to the early ages, until the end of the 20th century when the profession in the agricultural society faded out. The primary goal of this research was to document and analyze the history of housekeepers who worked as live-in-help in farmhouses in the period of 1950–2000. The research also explores the housekeeping profession in the period of 1850–1950 in order to study the development of the profession. This research focuses on housekeepers who worked on farms, but it is also concerned with the working conditions of housekeepers in the public sphere for comparison´s sake. The position of housekeepers who worked in farmhouses differed from the position of those who worked in the public domain.

Housekeeping has a long history in Iceland, yet it has to this date hardly been explored. Sources and popular culture indicate that this profession moved from being a venue for women's agency and independence in the 19th century to a more complicated and variable position in the 20th century, especially in the second half of the 20th century when being a rural housekeeper seems to have been a suitable, even desirable, position for single mothers. As a consequence, this study aims to contribute new understanding to the history of women in Iceland by exploring the role and status of housekeepers in rural Iceland, in particular the period following the Second World War to the turn of the 21st century. On the one hand it seeks to find out why women became housekeepers at farms in the second half of the 20th century, during an era when women had more opportunities for education and employment than ever. On the other hand its aim is to investigate the workplace and how women experienced their work as housekeepers.

Considering that sources are very limited it was necessary to interview women who served as housekeepers in the second half of the 20th century; most of whom are at an old age today. These women behold the knowledge of the housekeeping profession in the Icelandic rural-life in the 20th century. Theories and methods of oral history play a significant role in the research. Oral history is a growing research field and a very effective method when documenting women´s history. The methodology of oral history is crucial for this investigation on housekeepers, who were quite absent in Icelandic history. The research is largely based on 58 interviews, thereof 41 interviews with women who worked as housekeepers on 72 farms in the period of 1950–2000. If one had not captured their voices, with the methods provided by the oral history framework, these voices would have been lost and with them, the history of the housekeepers. The research aimed to tell the history of Icelandic housekeepers from the women´s point of view. Most of the interviews were filmed. Such an approach allowed me to analyze the interviewees expression in greater detail, thus

enriching the analysis of the interviews. A meaningful part of that approach was to record and analyze the women´s nonverbal communication and emotions in the oral history interviews.

The research shows that housekeepers in farmhouses worked primarily in the homes. Housekeepers carried out similiar chores to those carried out by housewives inside the home. The role of the housekeeper is closely linked to that of the housewife. Nonetheless, the images of housekeepers and housewives are quite different, largely based on their different relationship status; rooted in the words house*keeper* and house*wife*. The housewife was married to the man she serviced while the housekeeper was not. Therefore the housekeeper was not considered to be an equivalent of a housewife who was indeed seen as an icon of womanhood in Iceland.

Housekeepers responsibilities varied between households. Their main responsibility was to run the household. The interviews revealed that the women were generally uninterested in housework and did not consider their domestic duties to be challenging – apart from the isolation that often characterizes domestic duties. The interviews also show that the women were generally satisfied in their work because they considered it a valuable experience i.e. working *on farms*.

About half of the interviewees were also employed to carry out haymaking and/or to tend to farm animals, under the supervision of the farmer. Their main duty was to milk the cows. The women often enjoyed doing farm labor, mainly because it was not as monotonous as the housework. Nonetheless, the women usually preferred working inside the homes, especially those who had young children to take care of.

Housekeepers were most often employed by single farmers to deal with the domestic side of the farm. This was at a time when there was a shortage of female workers in the Icelandic rural life. Most of the interviewees worked on farms where 1–4 persons lived, i.e. on farms where the children, parents or other relatives of their employer lived. It was also not uncommon for housekeepers to work on farms in the absence of housewives, e.g. when housewives were sick.

The housekeeping profession was most often a temporary job resource. The employment period of housekeepers spanned from a few days to decades. Most of the women worked as housekeepers for a few months at a time, especially during summertime. Women who worked as housekeepers were most often young single women. Most of the women were from a lower income group/working-class women, with little formal education.

The largest group of women that occupied the housekeeping profession where single mothers. One of the most common employment ads from the 1950s to the end of the 20th century reflects this state of affair. The ads were placed in the newspapers by single men looking for a housekeeper, and would sound like the following: “A housekeeper wanted. She can bring a child.“ The ads reflect the female population decline in the Icelandic rural society, and the rising need for female domestic workers following the Second World War; when women flocked to the city to find work.

Most of the women I interviewed were single mothers when they worked as housekeepers. Thus, one of the primary objectives of the research was to discuss the

moral culture and the social barriers to single mothers in Iceland, during a period of social transformation, which resulted in many of them seeking for an employment as a housekeeper in the Icelandic rural society. In the second half of the 20th century, single mothers had to deal with a wide set of problems, just in order to provide their children and themselves with basic needs. Examples of such problems were housing problems, e.g. high rent vs the women´s low income. Single mothers also had to deal with lack of daycare for their children. Kindergartens started to emerge at a very slow speed around the 70s and till the end of the century.

It is save to say that the housekeeping profession was a resource for single mothers in Iceland in an economical and social point of view. The housekeeping job paid minimum wages and provided housing and food. These working conditions allowed single mothers to take care of their children while working. The women expressed a great joy, of being able to spend more time with their children on the farms, something that was a rare joy when they worked full time in the urban area. The housekeeping profession also allowed single mothers to save up money, e.g. by saving up their salary and/or childsupport. The interviews also reveal that the housekeeping job provided single mothers with a „safe-house" if you will, in a time when the childprotective services were taking children from mothers who were poor. Many of the women saw the housekeeping job as a refuge in the countryside, where they could plan forward, e.g. after a bad divorce and/or a violent marriage. This reality of single mothers in Iceland shows how vulnerable they and their children could be.

The research showed that single farmers were often looking for a future housewife when they hired a housekeeper. Roughly quarter of the interviewees had a love affair with their employers, the farmers. Many of whom married the farmers, thus becoming housewives on the farms.

Housekeepers were vulnerable to exploitation of labour and sexual abuse in the workplace; the private home. When housekeepers began working on farms, they entered the private sector of the home which did not obey to any sort of work surveillance. Almost none of the women that I interviewed signed a wage-employment contract, which made it easier for their employer to cheat them out of their pay. Most of them didn´t pay social insurances, pensions, or taxes. Most of the women never got any holiday when they worked as housekeepers.

One third of the interviewees had to endure sexual, physical and/or mental violence on the farms. A quarter of the interviewees had to endure sexual violence/harrassment. The violence housekeepers endured on the farms can be compared to domestic violence, since housekeepers were working „within the privacy of the home." In the interviews some of the women expressed deep-seated sorrow with an intense non-verbal communication/gaze, when they spoke about sexual violence they experienced while working as housekeepers.

The #MeToo-movement had recently began when the interviews were taken. The movement made a great impact on how the women expressed themselves about sexual violence they endured in their past, whether it happened while they were housekeepers or at a different time in their lives. The research showed how the

#MeToo-movement enabled women from the older generations, the permission to speak about sexual violence, sometimes after decades of silence. The interview created a space for the women to tell their #MeToo-story – women who sometimes raised their hands and called out a verbal: #Metoo, after having told their own story of abuse. The women´s verbal #MeToo-stories show the importance of interviewing women about their experience of sexual violence, not least older women who are not as likely to deliver their experience via the written word/internet. The research also explored the interviewees view on the #MeToo-movement. Most of the women were positive towards the #MeToo-movement.

The social and economic position of women who worked as housekeepers 1950–2000 sheds a clear light on women´s social position in Iceland at that time, with regard to gender, class and marital status. The housekeeping profession was a social resource for single mothers in Iceland. It can easily be argued that the social crisis of single mothers in Iceland, which can be attributed to their poor social position, was in fact a social crisis.

# Töflu- og myndaskrá

## Skrá yfir töflur


**Tafla 1** Yfirlit yfir viðmælendur rannsóknarinnar með hliðsjón af störfum/stöðu þeirra. ........ 21


## Skrá yfir líkön


**Líkan 1**. Líkanið sýnir á myndrænan hátt aðskilin starfssvið kynjanna á sveitabæ með hliðsjón af störfum ráðskvenna, húsmæðra og vinnukvenna. Millisviðið rúmar þau kvennastörf sem féllu ekki með öllu að starfssviði kvenna innanstokks né að öllu að starfssviði karla utanstokks. ........ 51


## Skrá yfir myndir


**Mynd 1.** Yfirlit yfir það á hvaða aldri konur voru er þær réðu sig til ráðskonustarfa á sveitabæjum. ........ 72

**Mynd 2.** Yfirlit yfir það á hvaða aldri bændurnir voru sem réðu ráðskonurnar til starfa. ........ 72

**Mynd 3.** Æskustöðvar ráðskvenna með hliðsjón af því hvort þær ólust upp í þéttbýli eða dreifbýli. ........ 133

**Mynd 4.** Menntun sem konurnar höfðu lokið er þær réðu sig sem ráðskonur í fyrsta sinn. ........ 136

**Mynd 5.** Yfirlit yfir fjölda ráðskvenna út frá því á hve mörgum bæjum þær störfuðu á yfir sína starfsævi. ........ 139

**Mynd 6.** Búseta kvenna áður en þær réðu sig í ráðskonustarf. ........ 140

**Mynd 7.** Yfirlit yfir það í hvaða landsfjórðungi ráðskonurnar störfuðu með hliðsjón af fjölda þeirra bæja sem rannsóknin tók til. ........ 141

**Mynd 8.** Yfirlit yfir hjúskaparstöðu ráðskvennanna þegar þær réðust til starfa með hliðsjón af fjölda þeirra bæja sem rannsóknin tók til. ........ 142

**Mynd 9.** Ástarsambönd og hjónabönd ráðskvenna í sveitum. ........ 188

# Heimildaskrá

## Óprentaðar heimildir

**_HA._ Héraðsskjalasafnið á Akureyri**
– *HA.* G-63-28. Skjalasafn Benjamíns Benjamínssonar frá Björk. Minningarorð Júlíusar Jakobsson (1875–1938) bónda á Skáldsstöðum.

**_HSk._ Héraðsskjalasafn Skagfirðinga**
– HSk. 1709, 4to. Líkræða Jóhönnu Gunnarsdóttur (1878–1964).

**_HSÞ._ Héraðsskjalasafn Þingeyinga**
– HSÞ. E-1370-3 25-01-1906. Bréfasafn Hálfdans Jakobssonar frá Mýrarkoti.
– HSÞ. E-1371-23. 1906. Bréfasafn Hálfdans Jakobssonar frá Mýrarkoti.

**Segulbandasafn Stofnunar Árna Magnússonar**
SÁM 86/830 EF. Þorvaldur Jónsson (1884–1989). Viðtalið tók Hallfreður Örn Eiríksson árið 1966.

SÁM 92/2727 EF. Guðrún Halldórsdóttir (1912–2006). Viðtalið tók Hallfreður Örn Eiríksson árið 1977.

SÁM 93/3300EF. Þorvaldur Jónsson (1884–1989). Viðtalið tók Hallfreður Örn Eiríksson árið 1980.

**_ÞÍ._ Þjóðskjalasafn Íslands**

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - B/210. Beiðnir um vinnuhjúaverðlaun Búnaðarfélags Íslands 1915.

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - B/12. Erlent verkafólk 1949.

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - B/13 - 5. Þýska verkafólkið 1949.

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - M/11 - 1. Ráðningarstofa landbúnaðarins. Spjaldskrá 1958.

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands - 1987 - M/11. Ráðningarstofa landbúnaðarins. Bændur - Ráðning verkafólks 1977.
- 4. Ráðningarstofa landbúnaðarins. Verkafólk í landbúnaði 1977.

- 5. Ráðningarstofa landbúnaðarins. Bændur - Ráðning verkafólks 1977.

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1987 – M/11 - 5. Ráðningarstofa landbúnaðarins. Bændur - Ráðning verkafólks 1977.

*Þí.* Búnaðarfélag Íslands 1987 - M/3 - 1. Ráðningarstofa landbúnaðarins 1915.

*ÞÍ.* Landbúnaðarráðuneytið 2001 - BA/302. Bréfasafn Atvinnumálaráðuneytisins 1946–1949.

*ÞÍ.* Búnaðarfélag Íslands 1988/17 - 4. Erlent verkafólk 1949.

***ÞÞ.* Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands**

*Efni óháð spurningaskrám*
12218/-0

*Svör við spurningaskrá 10, Barnið; fæðing og fyrsta ár:*
ÞÞ 7770

*Svör við spurningaskrá 55, Lifnaðarhættir í þéttbýli IV. Fjölskylduhættir:*
ÞÞ 6437.

*Svör við spurningaskrá 86, Daglegt líf í dreifbýli og þéttbýli á 20. öld:*
ÞÞ 13322.

*Svör við spurningaskrá 24 Heyannir II*
ÞÞ 3042/1971-3

*Svör við spurningaskrá 79, Trúlofun og gifting:*
ÞÞ 10285

*Svör við spurningaskrá 90, Vegavinna:*
ÞÞ 12118/1996-3

***Lbs.-Hbs.* Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**

*Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Konur eru konum bestar: Sagnfræðileg samtímarannsókn á áhrifum félagasamtaka kvenna á stöðu íslenskra kvenna. M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2017.

*Lbs.-Hbs.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, Sytrur minninga úr Mýrdalnum: Rannsókn á munnlegri sögu. B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2015.

*Lbs.-Hbs.* Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans?: Viðhorf kvenna til jafnréttismála 1960 til 1969. M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2005.

*Lbs.-Hbs.* Harpa Rúna Ásmundsdóttir, Nýsköpun heimilisstarfanna: Umræða um tæknivæðingu heimilisstarfa í kvennablöðunum Melkorku og Húsfreyjunni á árunum 1944–1955. B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2017.

*Lbs.-Hbs.* Íris Ellenberger, Danskir innflytjendur á Íslandi 1900–1970: Félagsleg staða, samþætting og þverþjóðleiki. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2013.

*Lbs.-Hbs.* Kristín Erla Benediktsdóttir, Kvennalistinn. „Saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða.“ B.A.-ritgerð í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands 2011.

*Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra: Á árunum 1945–1965. M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2009.

*Lbs.-Hbs.* Nína Rós Ísberg, Migration and Cultural Transmission: Making a Home in Iceland. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2013.

*Lbs.-Hbs.* Óskar Baldursson, Rafmagnsheimilið: Tilurð þess og þróun 1920–1960. B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2005.

*Lbs.-Hbs.* Sigríður Th. Erlendsdóttir, Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914. Lokaritgerð (kandídatspróf) í sagnfræði við Háskóla Íslands 2013.

*Lbs.-Hbs.* Sumarliði R. Ísleifsson, Tvær eyjar á jaðrinum. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2014.

*Lbs.-Hbs.* Sölvi Sveinsson, „Um þurfamenn og vinnuhjú í Skagafirði 1870–1900.“ Cand. Mag.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1980.

*Lbs.-Hbs.* Vilborg Bjarkadóttir, Þjáning/tjáning: Gildi sagnamennsku í bataferli eftir slys. M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2018.

*Lbs.-Hbs.* Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, „Drósin dillaði þeim hún unni:“ Þrír sagnadansar í ljósi kvennamenningar. B.A.-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands 2016.

*Lbs.-Hbs.* Þorsteinn Helgason, Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins. Doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2013.

*Lbs.-Hbs.* Þóra Ágústsdóttir, Heimavinna eða útivinna? Sókn kvenna á vinnumarkaðinn 1950–1970. B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2002.

## ***Ehr*: Einkasafn**

*Ehr.* Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, 2017. „Interviewing women about women - A narrative dance (sagnadans) with words.“ Erindi um frásagnir kvenna af kynbundnu ofbeldi í viðtölum og sagnadönsum. Flutt 1. júní 2017 á NonfictioNOW ráðstefnunni í Háskóla Íslands.

*Ehr.* Tölvupóstar frá ráðskonum og einstaklingum sem þekktu til ráðskvenna sem voru sendir til höfundar á tímabilinu 2018–2019.

*Ehr.* Vísa eftir Guðfinnu Ragnarsdóttur (f. 1943) sem endurspeglar viðhorf hennar til ráðskvenna. Vísuna orti Guðfinna þegar hún 13 ára gömul annaðist litla sex mánaða telpu.

## **Kvikmyndaefni**

34 kvikmyndaviðtöl sem tekin voru fyrir rannsóknina.

Colin Nutley (leikstjórn). *Under solen* (Sweetwater AB o.fl., 1998).

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir (leikstjórn). *Ágústa á Refsstað, baráttukona bændakvenna, tjáir sig um #Metoo byltingu kvenna á Íslandi*. 2018. https://vimeo.com/288963263

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir (leikstjórn). *Kvennatjáning fyrr á tíð: Samtal við Ásu Ketilsdóttur kvæðakonu.* 2018. https://vimeo.com/333149252

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir (leikstjórn). *Tvískipting heimsins: Um kvenna- og karlabókmenntir. Sigríður Jónsdóttir ljóðskáld og baráttukona í Arnarholti*. 2018. https://vimeo.com/280900407

Michael Engler (leikstjórn). *Downton Abbey*. Sex seríur. (Focus Features o.fl., 2010–2015).

Einar Heimisson (leikstjórn). *Innflytjendur á Íslandi.* Sjónvarpsþáttur. (RÚV 1990).

Guðný Halldórsdóttir (leikstjórn). *Kristnihald undir Jökli.* Mosfellsdalur: Umbi, 1989.

Heike Fink (leikstjórn). *Eisheimat* [Á nýjum stað]. Þýskaland: Thevissen Filmproduction, 2013.

Kristín Pálsdóttir (leikstjórn). *Skilaboð til Söndru.* Mosfellsdalur: Umbi, 1983.

RIKK. „Áhrif #MeToo á líf og frásagnir kvenna:
Sigrún Sigurðardóttir og Dalrún J. Eygerðardóttir ræða saman.“ 2021. https://www.youtube.com/watch?v=rx7__MPKY1M

## Viðtöl

***Viðtöl tekin af Dalrúnu Kaldakvísl Eygerðardóttur***

Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Ágústa Þorkelsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund, Vopnafjörður, 2018.

Ása Ketilsdóttir (f. 1935), viðtal við höfund, Hólmavík, 2018.

Ásdís Árnadóttir (f. 1936), viðtal við höfund, Egilsstaðir, 2018.

Ásta Ólafsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund, Selfoss, 2018.

Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir (f. 1956), viðtal við höfund, Akranes, 2018.

Ásta Sigríður Sigurðardóttir (f. 1957), viðtal við höfund, Egilsstaðir, 2021.

Björg Þorgilsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund, Blönduós, 2018.

Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund, Mosfellsbær, 2020.

Böðvar Jónsson, viðtal við höfund, Mosfellsdalur, 2021.

Eiríkur Helgason, símaviðtal við höfund, 2018.

Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund, Þorlákshöfn, 2019.

Gígja Karlsdóttir (f. 1962), viðtal við höfund, Reykjavík, 2017.

Guðríður B. Helgadóttir (f. 1921), viðtal við höfund, Sauðárkrókur, 2018.

Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Guðlaug María Sigurðardóttir (f. 1965) ), símaviðtal við höfund, 2021.

Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.

Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund, Blönduós, 2018.

Helga Fríða Tómasdóttir (f. 1961), viðtal við höfund, Grundarfjörður, 2018.

Jenný Sólborg Franklínsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund, Akranes, 2018.

Júlíana Sigríður Sigurlaugsdóttir (f. 1950), viðtal við höfund, Akranes, 2020.

Jóhanna Þorgrímsdóttir (f. 1949), viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.

Jóhannes Sturlaugsson (f. 1964), viðtal við höfund, Mosfellsbær, 2020.

Karólína M. Jónsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund, Mosfellsdalur, 2018.

Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund, Selfoss, 2018.

Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, viðtal við höfund, Reykjavík, 2020.

Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Kristjana Júníusdóttir (f. 1963), viðtal við höfund, á Héraði, 2018.

Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund, Selfoss, 2018.

Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund, Mosfellsbær, 2018.

Magnea Gestrún Gestsdóttir (1928–2017), viðtal við höfund, Reykjavík, 2017.

Magnús Karel Hannesson (f. 1952), símaviðtal við höfund, 2018.

Margrét Pálína Guðmundsdóttir (f. 1940), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949), símaviðtal við höfund, 2021.

N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund, 2018. (A)

N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund, 2018. (B)

N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund, 2019. (C)

N.N. (fædd á 4. áratugnum), viðtal við höfund, 2018. (D)

N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund, 2018. (E)

N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund, 2018 (F)

Ólafía Krístín Sigurðardóttir (f. 1935) ), viðtal við höfund, Mosfellsbær, 2018.

Ólafur Auðunsson (f. 1947), símaviðtal við höfund, 2018.

Rakel Kristjánsdóttir (f. 1939), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Reynir Guðmundsson (f. 1937), viðtal við höfund, Rangárþingi ytra, 2018.

Sigríður Ágústa Jónsdóttir (f. 1969), viðtal við höfund, Egilsstaðir, 2018.

Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund, 2021.

Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund, Bláskógabyggð, 2018.

Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík, 2020.

Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund, Reykjavík, 2020.

Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund, Akureyri, 2018.

Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund, Kópavogur, 2018.

Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund, Reykjavík, 2018.

Svava Höjgaard (f. 1937), viðtal við höfund, Sauðárkrókur, 2018.

Svava Theodórsdóttir (f. 1960), símaviðtal við höfund, 2021.

Valdimar Ingi Guðmundsson (f. 1937), viðtal við höfund, Akranes, 2020.

Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund, Mosfellsbær, 2018.

## ***Vef*. Vefheimildir**

Ann Oakley. „Interviewing Women Again: Power, Time and the Gift." *Sociology,* 20. maí 2015. https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/0038038515580253, 10. nóvember 2019.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Documenting Tears." *Oral History Review: Journal of The Oral History Association,* 18. október 2019. https://oralhistoryreview.org/oral-history-projects/documenting-tears/, 9 janúar 2020.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Hvað ertu að gera, maður?" Heimildir um kynferðisofbeldi gegn vinnukonum," *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs,* 3. mars 2020. https://hugras.is/2020/03/hvad-ertu-ad-gera-madur-heimildir-um-kynferdisofbeldi-gegn-vinnukonum/

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Nútímasagnadansinn #MeToo." *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 2. janúar 2018. https://hugras.is/2018/01/nutimasagnadansinn-metoo/

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Íslenskir svannasöngvar." *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 16. maí 2018. https://hugras.is/2018/05/islenskir-svannasongvar/

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Kvennaborg á fyrstu hæð." *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs,* 19. janúar 2018. https://hugras.is/2018/01/kvennaborg-fyrstu-haed/

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Kvennaflakk og kvennatjáning." *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 14. september 2018. *https://hugras.is/2018/09/kvennaflakk-og-kvennatjaning/*

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Það var ókvenlegt að yrkja: Hugleiðingar í kjölfar viðtals við kvæðakonuna Ásu Ketilsdóttur.“ *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 30. apríl 2019. https://hugras.is/2019/04/thad-var-okvenlegt-ad-yrkja-hugleidingar-kjolfar-vidtals-vid-kvaedakonuna-asu-ketilsdottur/

Dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns Íslands, stafrænn gagnagrunnur. Skjalasafn.is/domabokagrunnur

Halbwachs, Maurice. *La mémoire collective* (Université du Québec á Chicoutimi 2001 [1. útg. eftir handriti frá um 1929]. http://classiques.uqac.ca/classiques/Halbwachs_maurice/memoire_collective/memoire_collective.html

*Ísmús. Íslenskur músík & menningararfur.* Tónlistarsafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Efni úr segulbandasafni Árnastofnunar og fleira. https://www.ismus.is/

Íslendingabók. Íslensk erfðagreining ehf. og Friðrik Skúlason ehf. www.islendingabok.is

*Íslenska nútímamálsorðabók. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. https://islenskordabok.arnastofnun.is/

Jón Gunnar Þorsteinsson, „Hvað er innri og ytri tími?“ *Vísindavefurinn*, 28. maí 2009. https://www.visindavefur.is/svar.php?id=11159

Manntalsvefur. Þjóðskjalasafn Íslands. www.manntal.is

## Prentaðar heimildir

***Blöð***

Í ritgerðinni er vísað til auglýsinga og greina sem birtust í neðangreindum blöðum í neðanmálsgreinum. Blöðin eru aðgengileg á www.timarit.is

*Alþýðublaðið*. Reykjavík, 1919–1998.
*Búnaðarrit.* Reykjavík, 1952–1985.
*Dagblaðið Vísir - DV*. Reykjavík, 1980–2000.
*Dagur*. Reykjavík, 1918-1996.
*Faxi*. Keflavík, 1940–2000.
*Freyr*. Reykjavík, 1900–2000.
*Heimskringla*. Winnipeg, 1880–1950.

*Lögberg*. Winnipeg, 1880–1950.
*Morgunblaðið*. Reykjavík, 1910–2000.
*Morgunn*. Reykjavík, 1920–1999.
*Íslendingur*. Akureyri, 1910–2000.
*Reykjalundur*. Reykjavík, 1940–1989.
*Tíminn*. Reykjavík, 1880–1950.
*Vísir*. Reykjavík, 1910–1989.
*Þjóðviljinn*. Reykjavík, 1930–1999.

### *Aðrar prentaðar heimildir*

Abrams, Lynn. „Liberating the female self: ephiphanies, conflict and coherence in the life stories of post-war British women.“ *Social History* 39 (2017): 14–35.

Abrams, Lynn. *Myth and Materiality in a Woman´s World: Shetland 1800–2000*. Manchester; New York: Manchester University Press, 2005.

Abrams, Lynn. *Oral History Theory*. London; New York: Routledge, 2010.

Abrams, Lynn. *The Making of Modern Woman: Europe 1789–1918*. London: Longman, 2002.

Abrams, Lynn o.fl., ritstj. *Gender in Scottish History since 1700*. Edinburgh: Edinburgh University Press, 2006.

Adams, Jane. „“A Woman´s Place Is In the Home:“ The Ideological Devaluation of Farm Women´s Work.“ *Anthropology of Work Review* 12:4 (2008): 2–11.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. „Vinnukona.“ Í *Konur skrifa: Til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*, ritstj. Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir, 13–17. Reykjavík: Sögufélag, 1980.

Agardi, Izabella. On the Verge of History. Narrative Construction of Female Identities and Subjectivities in Post-socialist Countries (A Comparative Study of Serbia, Romania and Hungary). Doktorsritgerð í sagnfræði við Utrecht University 2013.

Agnes Arnórsdóttir. *Konur og vígamenn: Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1995.

Alexievich, Svetlana. *Secondhand Time: The Last of the Soviets,* 2. útg. Þýðandi Bela Shayevich. New York: Random House, 2016 [2013]. Kindle útg.

Alexievich, Svetlana. *The Unwomanly Face of War: An Oral History of Women in World War II,* 3. útg. Þýðendur Richard Pevear og Larissa Volokhonsky. New York: Penguin Random House, 2017 [1985]. Kindle útg.

Anderson, Bridget. *Doing the Dirty Work? The Global Politics of Domestic Labour*. London: Zed Books, 2000.

Anderson, Kathryn og Dana J. Jack. „Learning to listen.“ *Women´s Words: The Feminist Practice of Oral History*, ritstj. Sherna Berger Gluck og Daphne Patai, 11–26. New York: Routledge, 1991.

Anna Agnarsdóttir o.fl., ritstj. *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Anna Ólafsdóttir Björnsson. „Af konum og menntun á 20. öld.“ Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 275–286. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Anna Ólafsdóttir Björnsson. *Saga Húsmæðrakennaraskóla Íslands.* Reykjavík: Hússtjórnarfélag Íslands, 1998.

Anna Sigurðardóttir. „Að mannréttindaárinu liðnu.“ *Samvinnan* 63 (1969): 26–28.

Anna Sigurðardóttir. „Einstæðar mæður frá fyrri tíð.“ *Vera* 2 (1982): 5–6.

Anna Sigurðardóttir. *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár.* Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1985.

Armitage, Susan H. „The Stages of Women´s Oral History.“ *The Oxford handbook of Oral History,* ritstj. Donald A. Ritchie. Oxford: Oxford University Press, 2010.

Armitage, Susan H., Patricia Hart og Karen Weathermon, ritstj. *Women´s Oral History: The Frontiers Reader.* Nebraska: Nebraska Press, 2002.

Arndís S. Árnadóttir. *Nútímaheimilið í mótun: Fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900–1970*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011.

Arnheiður Sigurðardóttir. *Híbýlahættir á miðöldum.* Reykjavík: Menningarsjóður og Þjóðvinafélagið, 1966.

Arnheim, Rudolf. *Um kvikmyndalistina.* Þýðandi Björn Ægir Norðfjörð. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 2013.

Assman, Jan. „Communicative and Cultural Memory.“ *Cultural Memory Studies: An International and Interdisciplinary Handbook,* ritstj. Astrid Erll og Ansgar Nünning, 109–118. Berlín; New York: 2008.

*Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni / Þjóðhagsstofnun.* Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið, 2000.

Atkinson, Robert. *The Life Story Interview.* Thousand Oaks: SAGE Publications, 1998.

Auður G. Magnúsdóttir. „Ástir og völd: Frillulífi á Íslandi á þjóðveldisöld.“ *Ný saga* 2 (1988): 4–12.

Ágústa Þorkelsdóttir. *Salína og Ameríkukistan.* Burstafell: Minjasafnið Burstarfelli, 2008.

Ágústa Þorkelsdóttir. *Við þorum, viljum, getum: upplýsinga- og fræðslurit fyrir konur í dreifbýli.* Þýdd og staðfærð af Ágústu Þorkelsdóttur. Vopnafjörður: Höfundur, 1991.

Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir. „Að losa sig við umskiptinginn: Birtingarmyndir fötlunar í þjóðsögum og í nútímanum.“ *Skírnir* 182 (2008): 472–480.

Árni Daníel Júlíusson og Jónas Jónsson. *Landbúnaðarsaga Íslands,* 2. bindi. Reykjavík: Skrudda, 2013.

Bakhtín, Mikhail. „The Problem of Speech Genres.“ Í *Speech Genres & Other Late Essays: M.M. Bakhtin,* 2. útg., ritstj. Caryl Emerson og Michael Holquist. Austin: University of Texas Press, 2010 [1986]. Kindle útg.

Bakhtín, Mikhail. „Statement of the Problem and Definition of Speech Genres.“ Í *Speech Genres & Other Late Essays: M.M. Bakhtin,* 2. útg., ritstj. Caryl Emerson og Michael Holquist. Austin: University of Texas Press, 2010 [1986]. Kindle útg.

Bakhtín, Mikhail. „From Notes Made in 1970–71.“ Í *Speech Genres & Other Late Essays: M.M. Bakhtin,* 2. útg., ritstj. Caryl Emerson og Michael Holquist. Austin: University of Texas Press, 2010 [1986]. Kindle útg.

Beard, Mary. *Women & Power: A Manifesto,* 3. útg. London: Profile Books, 2018 [2014].

Benjamín Sigvaldason. *Kyntöfrar: Ævisaga Kolbrúnar frá Krókárgerði / Skráð hefur Hreggviður Hreggviðsson.* Reykjavík: Strandberg, 1956.

Benney, Mark og C. Hughes, Everett. „Of Sociology and the Interview.“ *American Journal of Sociology* 62 (1956), 137–42.

Birgir Sigurðsson. *Svartur sjór af síld: Síldarævintýrin miklu á sjó og landi.* Reykjavík: Forlagið, 1989.

Birgitta H. Halldórsdóttir. „Ráðskona óskast, má hafa sjónvarp...“ *Húnavaka* 1:26 (1986): 36–41.

Björg Árnadóttir. „Því flykkjast þær suður.“ *Vera* 9:6 (1990): 15–18.

Björg C. Þorláksson. „Barnsmæður.“ *Skírnir* 81 (1907): 172–179.

Björn Bjarnason og Benedikt Sveinsson, ritstj. *Sturlunga saga.* 2. bindi. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson 1908–1915.

Björn Halldórsson. *Arnbjörg: Æruprýdd dáindiskvinna á vestfjörðum Íslands, afmálar skikkun og háttsemi góðrar húsmóður í húss-stjórn, barna uppeldi og allri innanbœar búsýslu,* 2. útg. Reykjavík: Ísafold, 1973 [1843].

Blom, Ida. „Widowhood: From the Poor Law Society to the Welfare Society: The Case of Norway, 1875–1964.“ *Journal of Women History* 4:2 (1992): 52–81.

Boase, Tessa. *The Housekeeper´s Tale: The Women Who Really Ran the English Country House.* London: Aurum Press, 2014. Kindle útg.

Boris, Eileen og Klein, Jennifer. *Caring for America: Home Health Workers in the Shadow of the Welfare State*. Oxford New York: Oxford University Press, 2012. Kindle útg.

Bornat, Joanna og Diamond, Hanna. „Women´s History and Oral History.“ *Women´s History Review* 16:1 (2007): 19–39.

Bourke, Joanna. *Husbandry to Housewifery: Women, Economic Change, and Housework in Ireland 1890–1914*. Oxford: Clarendon Press; New York: Oxford University Press, 1993.

Bryndís Kristjánsdóttir. „Hvar eiga börnin að vera.“ *19. júní* 38 (1988): 17–21.

*Byggðir á Ísland: Aðgerðir í byggðamálum.* Reykjavík: Byggðastofnun, 1997.

Caple, Frances Smalls. „Restructing family life.“ *Women as Single Parents: Confronting Institutional Barriers in the Courts, the Workplace, and the Housing Market*, ritstj. Elizabeth A. Mulroy. Dover, Mass: Auburn House, 1988.

Clark-Lewis, Elizabeth. *Living in, Living Out: African American Domestics in Washington, D.C., 1910–1940*, 2. útg. Washington DC: Smithsonian Books, 2010 [1994].

Clifford, Rebecca. „Emotions and gender in oral history: Narrating Italy´s 1968.“ *Modern Italy* 17:2 (2012): 209–221.

Cowan, Ruth Schwartz. „"Industrial Revolution" in the Home: Household Technology and Social Change in the 20th Century.“ *Technology and Culture* 17:1 (1976): 1–23.

Cobble, Dorothy Sue. *Dishing it out: Waitresses and Their Unions in the Twentieth Century*. Urbana; Chicago: University of Illinois Press, 1992. Kindle útg.

Colen, Shellee og Roger Sanjek, ritstj. *At Work in Homes: Household Workers in World Perspective (American Ethnological Society Monograph Series.)* Virginia: American Anthropological Association, 1990.

Cowie, Elizabeth. „Woman as Sign.“ *Feminism & Film*, ritstj. E. Ann Kaplan, 48–65. Oxford; New York: Oxford University Press, 2000.

Crawford, Mary. „Gender and beliefs about memory.“ *British Journal of Psychology* 80:3 (1989): 391–401.

Dagný Emma Magnúsdóttir. *Guðbjörg Jóhannesdóttir: Fín frú í Reykjavík.* [útgefanda ekki getið], 2012.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Drifting: Feminist oral history and the study of the last female drifters in Iceland.“ *Feminist Research* 2:1 (2018): 1–15.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „„„Mamma mín er góð.“ Minningar um mæður frá 19. öld og í byrjun 20. aldar.“ *Sagnir* 32 (2018): 74–95.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „#MeToo mælt af munni fram. Kynbundið ofbeldi gegn ráðskonum í sveit á síðari hluta 20. aldar.“ Í *Fléttur* 5, ritstj. Elín Björk Jóhannsdóttir o.fl., 85–101. Reykjavík: Háskólaútgáfan; Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, 2020.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. *Jaðarkvennasaga. Förukonur og einsetukonur á Íslandi*. Mosfellsdalur: Höfundur, 2020. Rafbók.

Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir. „Konur á vatnaskilum. Hugvekja um femíníska munnlega sögu.“ *Sagnir* 32 (2018): 42–57.

Davidoff, Leonore. o.fl. *The Family Story: Blood, Contract, and intimacy, 1830–1960.* London: Longman, 1999.

Davidoff, Leonore. „Mastered for Life: Servant and Wife in Victorian and Edwardian England.“ *The Journal of Social History* 7 (1974): 406–428.

Davidoff, Leonore. *World´s Between: Historical Perspectives og Gender & Class,* 4. útg. Cambridge: Polity Press, 2007 [1995].

Davidoff, Leonore og Hall, Catherine. *Family Fortunes: Men and Women of the English Middle Class, 1780–1850.* Chicago: University of Chicago Press, 1987.

Eggerts Þór Bernharðsson. „Ó, vesalings tískunnar þrælar: Um „Reykjavíkurstúlkuna“ og hlutverk hennar.“ *Sagnir* 11 (1990): 16–27.

Eggerts Þór Bernharðsson. *Sveitin í sálinni: Búskapur í Reykjavík og mynd borgar*. Reykjavík: JPV, 2014.

Eiríkur Hilmarsson. *Laun karla og kvenna*. Reykjavík: Kjararannsóknarnefnd, 1992.

Elfa Hlín Pétursdóttir. „Fóstureyðingar í íslenskri löggjöf.“ *Sagnir* 23 (2003): 12–19.

Elínborg Lárusdóttir. *Frá liðnum árum: Endurminningar Jóns Eiríkssonar frá Högnastöðum.* Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1941.

Elín Gróa Karlsdóttir, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður E. Þórðardóttir og Sigurður Árnason. *Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun: Samantekt um stöðu byggða á Íslandi sem hafa búið við viðvarandi fólksfækkun undanfarin ár,* ritstj. Sigríður K. Þorgrímsdóttir o.fl. Sauðárkrókur: Byggðastofnun, 2012.

Ely, Richard og Allyssa McCabe. „Gender Differences in Memories for Speech.“ Í *Gender & Memory,* 3. útg, ritstj. Selma Leydesdorff, Luisa Passerini og Paul Thompson, 17–30. Oxford: Oxford University Press 2017 [1996]. Kindle útg.

Emerson, Caryl og Michael Holquist, ritstj. *Speech Genres & Other Late Essays: M.M. Bakhtin*, 12. útg. Austin: University of Texas Press (2010) [1986]). Kindle útg.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997): 57–94.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Hvað er þá orðið okkar starf?“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga.* Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 277–341. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Kvennakraftur.“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga.* Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 469–532. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Kvennasamtök.“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga.* Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, ritstj. Helga Jóna Eiríksdóttir, 93–163. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Erla Hulda Halldórsdóttir. *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, 2011.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „Sem einn maður. Orðræða um hjónaband á 19. öld.“ Í *Kvennabarátta og kristin trú,* ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, 87–106. Reykjavík: JPV, 2009.

Erla Hulda Halldórsdóttir. „The Narrative of Silence.“ *Life Writing* 7:1 (2010): 37–50.

Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir, ritstj. *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna.* Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1998.

Fauve-Chamoux, Antoinette, ritstj. *Domestic Service and the Formation of European Identity: Understanding the Globalization of Domestic Work, 16th-21st Centuries*. Bern; New York: Peter Lang, 2004.

Fiddes, Nick. *Meat: A Natural Symbol.* London; New York: Routledge, 1991.

Finnbogi Hermannsson. *Vestfirskar konur í blíðu og stríðu.* Brekka í Dýrafirði: Vestfirska forlagið, 2010–2012.

Fishman, Pamela. „Interaction: The Work Women do.“ *Social Problems* 25:4 (1978): 397–406.

Foley, Winifred, *Full Hearts & Empty Bellies: A 1920s Childhood from the Forest of Dean to the Streets of London.* New York: Hachette Digital, 2009 [1974]. Kindle útg.

„Frásögn ungrar móður um barnsmeðlög og fleira.“ *Melkorka* 15:3 (1959): 82–83.

Friedan, Betty, *The Feminine Mystique*, 8. útg. New York: Norton, 2013. Kindle útg.

*Frontiers: A Journal of Women Studies.* 2:2 (1977).

*Frontiers: A Journal of Women Studies.* 7:1 (1983).

„Frumvarp til laga um orlof húsmæðra.“ *Nýtt kvennablað* 21 (1960), 12.

Gaines, Janes. „Fabricating the Female Body.“ Í *Fabrications: Costume and the Female Body*, ritstj. Jane Gaines og Charlotte Herzog. London; New York: Routledge, 1990.

Garton Ash, Timothy. *History of the Present.* New York: Vintage Books, 2001.

Gavron, Hannah. *The Captive Wife: Conflicts of Housebound Mothers.* Harmondsworth: Penguin Books, 1968.

Geir Hansson. *Misjöfn er mannsævin.* Reykjavík: Örn og Örlygur, 1979.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. „Fólksfjölda- og byggðaþróun 1880–1990.“ Í *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990: Ritgerðir,* ritstj. Guðmundur Hálfdanarson og Svanur Kristjánsson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Saga og samfélag: Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*, ritstj. Guðmundur Hálfdanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Sögufélag dreifing, 1997.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir. „Aðstæður og heimilisstaða íslenskra ekkna um síðustu aldamót.“ Í *Saga og samfélag: Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar,* ritstj. Guðmundur Hálfdanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir, 292–312. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Sögufélag dreifing, 1997.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir. „Ekkjur á Íslandi um síðustu aldamót.“ Í *Íslenskar kvennarannsóknir,* ritstj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, 151–160. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1997.

Gísli Jónsson og Kristján Jónsson. *Því gleymi ég aldrei: Frásagnir af minnisstæðum atburðum.* Akureyri: Kvöldútgáfan, 1962–1966.

Gísli Kristjánsson. *Átján konur: Ferill þeirra og framtak í nútíma hlutverkum.* Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1980.

Gísli Kristjánsson. *Móðir mín – húsfreyjan.* Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1977–1979.

Gísli Sigurðsson. *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: Tilgáta um aðferð.* Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2002.

Gluck, Sherna. „What´s so Special about Women?“: Women´s Oral History.“ *Women Studies* 2:2 (1977): 3–17.

Gluck, Sherna Berger og Daphne Patai. „Introduction.“ Í *Women´s Words: The Feminist Practice of Oral History*, ritstj. Gluck, Sherna Berger og Daphne Patai, 1–6. New York: Routledge, 1991.

Goode, William J. og P.K. Hatt. *Methods of Social Research.* New York: McGraw-Hill Inc., 1952.

*Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, 3. útg, ritstj. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason. Reykjavík: Mál og menning 2001 [1992].

Grimstad Klepp, Inun. „Demonstrations of feminine purity: The meaning of cleanliness and the growth of laundry.“ Í *Twentieth-Century Housewives: Meanings and Implications of Unpaid Work*, ritstj. Gro Hagemann og Hege Roll-Hansen. Osló: Unipub, 2005.

Guðný Björk Eydal. *Family policy in Iceland 1944–1984.* Göteborg: Göteborg University, Department of Sociology, 2005.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. „Hver stendur vörð um aðbúnað kvenna á vinnustöðum?“ *Vera* 15 (1996): 38–39.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir. „Heiðarlegir vinnuþjarkar, hreinlátir og fljótir að læra: Um sjálfboðaliðastörf á Íslandi.“ *Íslenska þjóðfélagið* 10:2 (2019): 29–47.

„Guðlaug Jónsdóttir, ljósmóðir: Erindi flutt á skemtisamkomu að Eydölum í Breiðdal 16. ágúst 1942.“ *Hlín* 26:1 (1943): 27–30

Guðmundur Þorsteinsson,. *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum.* Reykjavík: Örn og Örlygur, 1975.

Guðmundur Jónasson. „Hjónin á Brúsastöðum í Vatnsdal, Ragnheiður Blöndal og Lárus Konráðsson.“ *Íslendingaþættir Tímans* 1 (1979): 15-16.

Guðmundur Jónsson. *Hagvöxtur og iðnvæðing: Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870–1945.* Reykjavík: Þjóðhagsstofnun, 1999.

Guðmundur Jónsson. „Hvers kyns velferðarkerfi.“ Í *Fléttur 2,* ritstj. Irma Erlingsdóttir, 191–214. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Guðmundur Jónsson. „Non-market production: what to count and how?“ Í *Nordiska historiska nationalräkenskaper: workshop vid Olofsfors herrgård 27–28 maj 1994,* ritstj. Guðmundur Jónsson og Olle Krantz, 47–55. Umeå: Umeå universitet, 1994.

Guðrún Borgfjörð. *Minningar.* Agnar Klemens Jónsson gaf út. Reykjavík: Hlaðbúð, 1947.

Guðmundur Jónsson. „The Icelandic Welfare State in the Twentieth Century.“ *Scandinavian Journal of History* 26:3 (2001): 249–67.

Guðmundur Jónsson. *Vinnuhjú á 19. öld.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Sögufélag dreifing, 1981.

Guðrún Erlendsdóttir. *Óvígð sambúð.* Reykjavík: [útgefanda ekki getið], 1984.

Guðrún frá Lundi. *Utan frá sjó: Skáldsaga.* Reykjavík: Leiftur, 1970–1973.

Guðrún Guðmundsdóttir. *Minningar úr Hornafirði.* Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1975.

Guðrún Ólafsdóttir. „Reykvískar konur í ljósi manntalsins 1880.“ Í *Konur skrifa: Til heiðurs Önnu Sigurðardóttur,* ritstj. Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir, 79–95. Reykjavík: Sögufélag, 1980.

Guðrún P. Helgadóttir. *Skáldkonur fyrri alda,* 1. bindi. Akureyri: Kvöldútgáfan, 1961.

Guðrún Sigurðardóttir. *Minningar.* Reykjavík: Höfundur, 1948.

Gullace, Nicoletta F. „A (Very) Open Elite: Downton Abbey, Historical Fiction and America's Romance with the British Aristocracy.“ *Journal of British Cinema and Televisio*n 16 (2019): 9–27.

Gunnar Karlsson. „Um kvenréttindavilja íslenskra sveitakarla á 19. öld.“ Í *Fléttur* 2, ritstj. Irma Erlingsdóttir, 127–147. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Gunn, Simon. *History and Cultural Theory.* Harlow: Pearson Education, 2006.

Hagemann, Gro. „Det moderne gjennombruddets døtre: Kvinneliv rundt stemmeretten.*“ Formødrenes Stemmer: Kvinneliv Rundt Stemmeretten,* ritstj. Audgunn Oltedal og Arnhild skre. Oslo: Pax, 2013.

Hagemann, Gro. „Kjökkenet som samfunnsprojekt.“ *Tidsskrift for kjønnsforskning* 4:34 (2010).

Hagemann, Gro. „Introduksjon.“ *Myten om kvinnen / av Betty Friedan.* 2. útg. Osló: Universitetsforlaget, 1969 [1963].

Hagemann, Gro og Hege Roll-Hansen, ritstj. *Twentieth-Century Housewives: Meanings and Implications of Unpaid Work.* Osló: Unipub, 2005.

*Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland,* ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús M. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997.

Hall, Catherine. *White, Male and Middle Class: Exploration in Feminism and History.* London; New York: Routledge, 1992.

Halldór Halldórsson. „Noam Chomsky: Baksvið hans og helztu kenningar.“ Í Noam Chomsky. *Mál og mannshugur*, 2. útg. Þýðandi Halldór Halldórsson. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 2011 [1973].

Halldór Laxness. *Innansveitarkronika.* Reykjavík: Helgafell, 1970.

Halldór Laxness. *Kristnihald undir Jökli.* Reykjavík: Helgafell, 1968.

Halldór Laxness. *Sjálfstætt fólk.* Reykjavík: Helgafell, 1961.

Hallgerður Gísladóttir. „Eldhúsþankar.“ Í *Íslenskar kvennarannsóknir,* ritstj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, 41–49. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1997.

*Handbók húsmæðra: 1000 húsráð*. [eftir ýmsa höfunda]. Reykjavík: Muninn, 1951.

Hartley, Ruth. „A Developmental View of Female Sex Role Identification.“ Í *Educating Girls: Practice and research*, 2. útg, ritstj. Gilah C. Leder og Shirley N. Sampson, 3–16. London; New York: Routledge, 2017 [1989].

Hartman, Mary S. *The Household and the Making of History*. Cambridge: Cambridge University Press, 2004.

Helga Halldórsdóttir. *Öll erum við menn.* Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1986.

Helga Kress. „Eftir hans skipun: Natansmál í ljósi sagnadansa og eftirmæla Agnesar.“ *Saga* 52 (2014): 99–118.

Helga Kress. *Máttugar meyjar: Íslensk fornbókmenntasaga.* Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.

Helga Kress. *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur.* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001.

Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20. öld,* ritstj. Guðmundur Jónsson o.fl. Reykjavík: Sögufélag, 2010.

Helgi Þorláksson. „Arbeidskvinnens, särlig veverskens, ökonomiske stilling på Island i middelalderen.“ Í *Kvinnans ekonomiska ställning under nordisk medeltid: Uppsatser framlagda vid ett Kvinnohistoriskt symposium i Kungälv 8–12 oktober 1979.* [útgefanda ekki getið], 1981, 50–65, 113–114.

Hildur Fjóla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður. *Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009*: *Samantekt á helstu niðurstöðum.* Edda Center of Excellence, 2013.

Hill, Bridget. *Women and Sexual Politics in the Eighteenth-Century England.* London: Routledge, 1993.

Hilson, Mary, Silke Neunsinger og Iben Vyff. *Labour, Unions and Politics under the North Star: The Nordic Countries, 1600–2000.* New York, NY: Berghahn Books, 2017.

Hjördís Sigursteinsdóttir og Ingi Rúnar Eðvarðsson. *Staða kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra: Aðalskýrsla: Unnið fyrir jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra.* Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, 1998.

Hondagneu-Sotelo, Pierrette. *Doméstica: Immigrant Workers Cleaning and Caring in the Shadows of Affluence*. Oakland: University of California Press, 2001.

Horn, Pamela. *The Rise and Fall of the Victorian Servant*. Stroud: Alan Sutton Publishing Limited, 1995.

Hólmfríður Gunnarsdóttir. „Fyrirvinnuhugtakið og goðsagnirnar.“ *Samvinnan* 4 (1969): 32–34.

Hjálmar Jónsson. „Ágrip af lífssögu og háttum Höskulds Jónssonar: samanskrifað að nýju og lagað í söguformi af [Bólu-Hjálmari; [með aths. og viðauka eptir Hannes Þorsteinsson].“ *Blanda* 7–10 (1924): 3–45.

Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. „Staða kvenna í landbúnaði: kynjafræðilegur sjónarhóll.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla. Veftímarit* 1:5 (2009): 27–47.

Hoerder, Dirk, Elise van Nederveen Meerkerk, Silke Neunsinger, ritstj. *Towards a Global History of Domestic and Caregiving Workers.* Leiden; Boston: Brill, 2015.

Hrefna Friðriksdóttir. „Hlutverk Hæstaréttar við fjárhagslegt uppgjör vegna sambúðarslita: Sjálfstæði og samstaða sambúðarfólks.“ Í *Hæstiréttur í hundrað ár: Ritgerðir*, ritstj. Þorgeir Örlygsson o.fl., 245–273. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2020.

Hrefna Róbertsdóttir. „Krambúðir og kaupstaðarferðir: Heimildir um atvinnu og verslun á 18. öld.“ Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 188–204. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Hubbard, Ruth. „Have only men evolved?“ Í *Discovering Reality. Feminist Perspectives on Epistemology, Metaphysics, Methodology, and Philosophy of Science*, 2. útg., ritstj. Sandra Harding og Merrill B. Hintikka. New York: Kluwer Academic Publishers, 2004 [1983]. Kindle útg.

*Hugtök og heiti í bókmenntafræði,* ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1983.

Hulda Proppé. „„Hér er ég bara kyngdu því“ – rými, vald og andóf í íslenskum sjávarbyggðum.“ Í *Fléttur* 2, ritstj. Irma Erlingsdóttir, 293–311. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Hunt, Audrey. *A Survey of Women´s Employment*, 2. bindi. Government social survey, 1968.

Hörður Einarsson. „Réttarstaða karls og konu, er búa saman í óvígðri sambúð.“ *Úlfljótur* 23:4 (1970): 295–313.

Inga Huld Hákonardóttir. *Fjarri hlýju hjónasængur: Öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Mál og menning, 1992.

Inga Huld Hákonardóttir. *Hélstu að lífið væri svona? Viðtöl við verkakonur*. Reykjavík: Iðunn, 1981.

Inga Huld Hákonardóttir. *Lífssaga baráttukonu: Inga Huld Hákonardóttir rekur feril Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 1985.

Ingólfur V. Gíslason. *Bjarmi nýrrar tíðar: Saga Iðju, félags verksmiðjufólks, í 60 ár*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1994.

Isaksen, Lise Widding, ritstj. *Gender, Care and Globalization as seen from Norway*. Lund: Nordic Academic Press, 2010.

*ÍSAT2008: Íslensk atvinnugreinaflokkun*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2009.

*Ístarf95: Íslensk starfsflokkun með skýringum og dæmum*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 2009.

Jackman, M.R. og R.W. Jackman. „An interpretation of the relation between objective and subjective social status.“ *Am Sociol Rev*. 38:5 (1973): 569–582.

Jafnréttisstofa. „Konurnar flytja, karlarnir sitja eftir: Af hverju flytja konur af landsbyggðinni.“ *Vera* 21:4 (2002): 70–71.

Johnstone, Barbara. „Community and Contest: Midwestern Men and Women Creating their Worlds in Conversational Storytelling.“ Í *Gender and Conversational Interaction*, ritstj. Deborah Tannen, 62–82. Oxford: Oxford University Press, 1993.

Joseph, Alun, og Bonnie Hallam. „Over the hill and far away: Distance as a barrier to the provision of assistance to elderly relatives.“ *Social Science & Medicine* 46:6 (1998): 631–639.

Jóhanna Á. H. Jóhannsdóttir. „Konur sem hafa flutt utan af landi.“ *Vera* 18:3 (1999): 38–42, 44–45.

Jóhannes Bjarni Jónasson [úr Kötlum]. „Speki Salómons.“ *Fálkinn*, 7. júlí 1928, 7.

Jónas Jónasson. *Íslenzkir þjóðhættir: eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili.* Reykjavík: Opna, 2010.

Jón Guðnason. „Um munnlegar heimildir.“ *Saga* 27 (1989): 7–28.

Jón Helgason. *Orðspor á götu: Nokkrar sögur um bróður Ástvald, Grafarráðskonurnar og stúlkurnar í tjöldunum, guðina í Sporðhúsum, fólkið á Kormáksgötunni og kjallarann í Hartmannshúsinu.* Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1977.

Jónína Einarsdóttir, Esther Ösp Valdimarsdóttir, Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj. *Send í sveit- súrt, saltað og heimabakað.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 2019.

Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson, ritstj. *Send í sveit – þetta var í þjóðarsálinni.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 2019.

Jón Jónsson. „Æsku endurminningar.“ *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga,* 19 (1937): 52–59.

Jón Thoroddsen. *Maður og kona.* Reykjavík: Helgafell, 1974.

Jón Viðar Jónmundsson. „Viðhorf kvenna í sveit.“ Í *Fjölrit Bændaskólans á Hvanneyri* 31. Hvanneyri: Bændaskólinn á Hvanneyri, 1979.

Kaplan, E. Ann, ritstj. *Feminism & Film.* Oxford; New York: Oxford University Press, 2000.

Kaplan, E. Ann, ritstj. *Looking for the Other: Feminism, Film and the Imperial Gaze.* Routledge, 1997.

Kaplan, E. Ann, ritstj. *Women and Film: Both Sides of the Camera.* Psychology Press, 1988.

Keller, Evelyn Fox. „Gender and Science,“ „Have only men evolved?“ Í *Discovering Reality. Feminist Perspectives on Epistemology, Metaphysics, Methodology, and Philosophy of Science,* 2. útg., ritstj. Sandra Harding og Merrill B. Hintikka. New York: Kluwer Academic Publishers, 2004 [1983]. Kindle útg.

Kerber, Linda K. „Seperate Spheres, Female Worlds, Woman´s Place: The Rhetoric of Women´s History.“ *The Journal of American History* 75:1 (1988): 9–39.

*Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Kristín A. Árnadóttir. „Að brjóta niður veggi einangrunar: Rætt við einstæðar mæður sem fundu nýja leið.“ *Vera* 5:1 (1986): 5–6.

Kristín Björnsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. „Velferðarþjónusta á tímamótum: Siðfræðilegar hugleiðingar um mörkin á milli ábyrgðar einstaklinga og hins opinbera í umönnun sjúkra á heimilum.“ Í *Fléttur* 2, ritstj. Irma Erlingsdóttir, 273–291. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Kristín Loftsdóttir. „Andmæli við doktorsvörn Írisar Ellenberger.“ *Saga* 52 (2014): 136–145.

„Kvöldvers.“ *Alþýðuhelgin* 1:6 (1949): 47.

Laufey Valdimarsdóttir. „Ein af mörgum: úr dagbók Mæðrastyrksnefndar.“ Í *Úr blöðum Laufeyjar*. Ólöf Nordal bjó til prentunar, 161–171. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður kvenna, 1949.

Lawless, Elaine J. *Women Escaping Violence: Empowerment Through Narrative*. Columbia; London: University of Missiouri Press, 2001.

Lára Björnsdóttir. „Konur & velferð.“ *Vera* 4 (1992): 34–35.

Leydesdorff, Selma, Luisa Passerini og Paul Thompson, ritstj. *Gender & Memory*. Oxford: Oxford University Press, 2005 [1996].

Little, Joe og Ruth Panelli. „Gender Research in Rural Geography.“ *Gender, Place and Culture* 10:3 (2003): 281–289.

Loftur Guttormsson. „Rannsóknir á félagssögu 19. og 20. aldar.“ *Saga* 38 (200): 135–160.

M. Lee, Raymond, „Interviewing, social work, and Chicago sociology in the 1920s.“ *Qualitative Social Work* 17:5 (2018): 639–658.

M. McBride, Theresa. *The Domestic Revolution: The Modernisation of Household Service in England and France, 1820–1920*. New York: Holmes and Meier, 1976.

*Mannfjöldaskýrslur. Árin 1961–70*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1975.

*Mannfjöldaskýrslur. Árin 1971–80*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1988.

*Manntal á Íslandi: 1. desember 1910*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands, 1913.

*Manntal á Íslandi: 1. desember 1920*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands,1926–1928.

*Manntal á Íslandi: 2. desember 1930*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1937.

*Manntal á Íslandi: 2. desember 1940*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1949.

*Manntal á Íslandi: 1. desember 1950*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1958.

*Manntal á Íslandi* 1910, 6. bindi. Reykjavík: Ættfræðifélagið,1994–2003.

Margrét Guðmundsdóttir. „Konur hefja kjarabaráttu." Í *Íslenskar kvennarannsóknir*, ritstj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, 67–74. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1997.

Margrét Guðmundsdóttir. „Landnám kvennasögunnar á Íslandi." *Saga* 38 (2000): 229–247.

Margrét Margeirsdóttir. *Könnun á félagslegum aðstæðum ógiftra barnshafandi kvenna / tekið saman af Margréti Margeirsdóttur*. Reykjavík: Félagsmálaráð Reykjavíkur, 1969.

Margrét Margeirsdóttir. „Einstæðar mæður." *Samvinnan* 63 (1969): 28–31.

Marshall, Dorothy. *The English Domestic Servant in History*. London: [án útgst.], 1969.

Marta Valgerður Jónsdóttir. *Keflavík í byrjun aldar: Minningar frá Keflavík*, ritstj. Guðleifur Sigurjónsson og Þorsteinn Jónsson. Reykjavík: Líf og saga, 1989.

Maynard Salmon, Lucy. *Domestic Service*. London: McMilan and Co., 1897.

Málfríður Einarsdóttir. *Samastaður í tilverunni*. Reykjavík: Ljóðhús, 1977.

McAdams, Dan. P. „The Psychology of Life Stories." *Review of General Psychology* 5:2 (2001), 100–122.

Mills, Sara. *Discourse*, 2. útg. London: Routledge, 2004 [1997]. Kindle útg.

Minister, Kristina. „A Feminist Frame for the Oral History Interview.“ Í *Women´s Words: The Feminist Practice of Oral History,* ritstj. Sherna Berger Gluck og Daphne Patai, 27–42. New York: Routledge, 1991.

Morgan, Sue. „Introduction: Writing Feminist History: Theoretical Debates and Critical Practices.“ Í *The Feminist History Reader*, ritstj. Sue Morgan, 1–48. London: Routledge, 2006.

Moring, Beatrice. „Migration, Servanthood and Assimilation in a New Environment.“ Í *Domestic Service as a Factor of Social renewal in Europe,* ritstj. Fauve-Chamoux, 43–70. New York: Peter Lang, 2005.

Mulroy, Elizabeth A. „Why are single-parent families and where do they live?“ Í *Women as Single Parents: Confronting Institutional Barriers in the Courts, the Workplace, and the Housing Market,* ritstj. Elizabeth A. Mulroy. Dover, Mass: Auburn House, 1988.

Mulroy, Elizabeth A., ritstj., Women *as Single Parents: Confronting Institutional Barriers in the Courts, the Workplace, and the Housing Market*. Dover, Mass: Auburn House, 1988.

Mulvey, Laura. „Visual Pleasure and Narrative Cinema.“ Í *Feminism & Film,* ritstj. E. Ann Kaplan, 34–47. Oxford; New York: Oxford University Press, 2000.

Nichols, Bill. *Introduction to Documentary.* Bloomington: Indiana University Press 2001. Kindle útg.

Nichols, Bill. *Representing Reality: Issues and Concepts in Documentary*. Indiana: Indiana University Press, 1992.

Nilsson, Malin. „Diverse, rather than Desperate: Housewifization and Industrial Home Work in Sweden, 1906–1912.“ Í *Labour, Unions and Politics under the North Star: The Nordic Countries, 1600–2000,* ritstj. Mary Hilson, Silke Neunsinger og Iben Vyff, 107–121. New York: Berghahn Books, 2017.

Oakley, Ann. „A brief history of gender.“ Í *Who´s Afraid of Feminism,* ritstj. Ann Oakley og Juliet Mitchell, 29–55. London: Hamish Hamilton, 1997.

Oakley, Ann. *Housewife,* 2. útg. Harmondsworth; New York: Penguin Books, 1982 [1974].

Oakley, Ann. „Interviewing women: a contradiction in terms.“ Í *Doing Feminist Research,* ritstj. Helen Roberts, 30–60. London: Routledge, 1981.

Oakley, Ann. *Sex, Gender and Society.* London: Routledge, 1991.

Oakley, Ann. *The Sociology of Housework.* New York: Pantheon Books, 1974.

Olga Guðrún Árnadóttir, ritstj. *Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá.* Reykjavík: Háskólaútgáfan; Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum, 2011.

Osterud, Nancy Grey. *Bonds of Commmunity: The lives of farm women in nineteenth-century New York.* Ithaca: Cornell University Press, 1991.

Ólafía Einarsdóttir. „Om húsfreyjamyndighed I det gamle Island." Í *Festskrift til Thelma Jexlev. Fromhed og verdslighed i middelalder og renaissance,* ritstj. Ebba Waaben, 77–85. Odense: Odense Universitetsforlag, 1985.

Ólafur Ólafsson. *Heimilislífið: Fyrirlestur eptir Ólaf Ólafsson haldinn á Eyrarbakka hinn 25. og 26. febrúar 1889.* Reykjavík: Bræðrafélagið á Eyrarbakka, 1889.

Ólöf Garðarsdóttir. „Skóli og kynferði: Hugleiðingar um mun á möguleikum drengja og stúlkna til náms við upphaf skólaskyldu á íslandi." Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi,* ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 419–429. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Ólöf Garðarsdóttir. „The implications of illegitimacy in late-nineteenth-century Iceland: The relationship between infant mortality and the household position of mothers giving birth to illegitimate children." *Continuity and Change* 15:3 (2000): 435–461.

Ólöf Garðarsdóttir. „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi." Í *Rannsóknir í félagsvísindum II: Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 1997,* ritstj. Friðrik. H. Jónsson, 243–252. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan, 1998.

Óskar Clausen. *Aftur í aldir: Sögur og sagnir úr ýmsum áttum.* Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1969–1971.

Óskar Clausen. *Með góðu fólki: Endurminningar.* Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1958.

Palmer, Pauline. *Contemporary Women´s Fiction: Narrative Practice and Feminist Theory*. Mississippi: University Press of Mississippi, 1989.

Palmer, Phyllis. *Domesticity and Dirt: Housewives and Domestic Servants in the United States 1920–1945.* Philadelphia: Temple University Press, 1989.

Páll Baldvin Baldvinsson. *Síldarárin* 1867–1969. Reykjavík: JPV útgáfa, 2019.

Páll Baldvin Baldvinsson. *Stríðsárin 1938–1945*. Reykjavík: JPV, 2015.

Pétur Eiríksson. *Þýska landnámið*, ritstj. Ólafur Rastrick. Reykjavík: Sögufélag, 2008.

Pétur Ólafsson. *Móðir mín: Nýtt safn*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1958.

Ragnhildur Vigfúsdóttir. „„Slökktu á bandinu“: Siðferðisleg vandamál við notkun munnlegra heimilda.““ Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 441–445. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Phillips, Anne. *Engendering Democracy*. Cambridge: Polity Press, 1991.

Pomeroy, Sarah B. *Goddesses, Whores, Wives, and Slaves: Women in Classical Antiquity*. New York: Dorset Press, 1975.

Pomian, Krzysztof. *Sur l´historie*. Gallimard, 1999.

Portelli, Alessandro. „What Makes Oral History Different.“ Í *The Oral History Reader, 2*. útg, ritstj. Robert Perks og Alistair Thomson, 32–42. New York: Routledge 2006 [1998].

Portelli, Alessandro. *The Death of Luigi Trastulli and other stories: Form and Meaning in Oral History*. Albany: State University of New York Press, 1991.

Ragnheiður Davíðsdóttir. *Lífsbók Laufeyjar*. Reykjavík: Frjálst framtak, 1989.

Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Vinna, læra, kaupa.“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 345–394. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Vongóðar í nýju lýðveldi.“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 227–272. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Ragnhildur Richter. *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.

Ragnhildur Vigfúsdóttir og Hansína B. Einarsdóttir. „Hugmynd, úrvinnsla og framkvæmd.“ *Vera* 13:4 (1994): 22–24.

Randall, Vicky. „Feminism.“ *Theory and Methods in Political Science,* ritstj. Marsh, David og Gerry Stoker. New York: Palgrave Macmillan, 2002.

Reay, Barry. *Watching Hannah: Sexuality, Horror and Bodily De-formation in Victorian England.* London: Reaktion Books, 2002.

Reynir Traustason. *Ljósið í djúpinu: Örlagasaga Rögnu Aðalsteinsdóttur á Laugabóli.* Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2006.

Robertson, Una A. *The History of the Housewife 1650–1950.* Stroud: Sutton, 1999.

Rollins, Judith. *Between women: Domestics and Their Employers (Labor and Social Change).* Philadelphia: Temple University Press, 1987.

Roper, M. „Re-membering the Soldier Hero: The Psychic and Social Construction of Memory in Personal Narratives of the Great War.“ *History Workshop Journal* 50 (2000): 181–204.

Rosenwein, Barbara H. og Riccardo Cristiani. *What is the History of Emotions?* Cambridge: Polity Press, 2018.

Rudman, Laurie A. og Peter Glick, *The Social Psychology of Gender: How Power and Intimacy Shape Gender Relations,* 2. útg. New York: Gullford Press, 2021.

Sachs, Carolyn E. *Gendered Fields: Rural Women, Agriculture and Environment.* London: Routledge, 1996.

Sainsbury, Diane. *Gender and equality and welfare states.* Cambridge: Cambridge University Press, 2009.

Sangster, Joan. „Telling our stories: Feminist debates and the use of oral history.“ *Women´s History Review* 3:1 (1994): 5–28.

Sarti, Raffaella. „Historians, Social Scientists, Servants, and Domestic Workers.“ Í *Towards a Global History of Domestic and Caregiving Workers,* ritstj. Dirk Hoerder o.fl., 25–60. Leiden; Boston: Brill, 2015.

Sarti, Raffaella. „Who are Servants? Defining Domestic Service in Western Europe (16th–21st Centuries.“ Í *Proceedings of the "Servant Project",* 2. bindi, ritstj. S. Pasleau og I. Schopp, 3–59. Liége: Universíté de Liége, 2005.

Schippers, Mimi. „Recovering the Feminine Other: Masculinity, Femininity, and Gender Hegemony.“ *Theory and Society* 36:1 (2007): 85–102.

Scott, Joan W. „Feminism´s History.“ *Journal of Women´s History* 16:2 (2004): 10–29.

Scott, Joan W. *Gender and the Politics of History*. New York: Columbia University Press, 1999.

Scott, Joan W. „Gender: A Useful Category of Historical Analysis.“ *The American Historical Review* 91:5 (1986): 1053–1075.

Sharpless, Rebecca. *Cooking in Other Women´s Kitchens: Domestic Workers in the South, 1865–1960*. Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 2013.

Sheftel, Anna og Stacey Zembrzycki. *Oral history off the Record: Towards an Ethnography of Practice.* New York: Palgrave Macmillan. Kindle útg.

Shortall, Sally. „Power Analysis and Farm Wives: An Empirical Study of the Power Relationships Affecting Women on Irish Farms.“ *Sociologia Ruralis* 32:4 (2008): 431–451.

Sigríður Björnsdóttir. *Í ljósi minninganna: Bernsku og æviminningar. Sigríður Björnsdóttir frá Miklabæ.* Reykjavík: Leiftur, 1962.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir. „Fjötrar ástar og skyldu.“ Í *Fléttur* 2, ritstj. Irma Erlingsdóttir, 113–125. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930.* Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.

Sigríður Matthíasdóttir. „Hin svokallaða þjóð: Þjóðerni og kyngervi í sagnfræðilegum rannsóknum.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar,* 2. bindi, ritstj. Ívar Gissurarson o.fl., 421–431. Reykjavík: Mál og mynd, 2002–2006.

Sigríður Matthíasdóttir. „Kvennahreyfing millistríðsáranna og átökin um hlutverk kvenna innan þjóðríkisins.“ Í *Fléttur* 2, ritstj. Irma Erlingsdóttir, 103–111. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Sigríður Matthíasdóttir. „Nýja kvennahreyfingin á Norðurlöndunum á áttunda áratug 20. aldar.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla* 8:1 (2012): 195–217.

Sigríður Matthíasdóttir. „Menningardeilur og kvenleiki á árunum milli stríða.“ Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi,* ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 446–455. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Breytingar á réttarstöðu íslenskra kvenna á 20. öld: Erindi flutt í Félagi áhugamanna um réttarsögu 17. febrúar 1987.* Reykjavík: Félag áhugamanna um réttarsögu, 1987.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. „Í vist.“ *Konur skrifa: Til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*, ritstj. Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir, 161–173. Reykjavík: Sögufélag, 1980.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. „Úr ævi og starfi íslenskra kvenna.“ *19. Júní* 35 (1985): 56–57.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880–1914.“ Í *Reykjavík miðstöð þjóðlífs*, ritstj. Kristín Ástgeirsdóttir o.fl., 41–61. Reykjavík: Sögufélag, 1977.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993.

Sigrún Sigurðardóttir. „Að bera kennsl á hið óvænta: Munnlegar heimildir: Möguleikar og sannleiksgildi.“ Í *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun: Fyrirlestrar frá hádegisfundum Sagnfræðingafélags Íslands 2006–2007*, ritstj. Guðbrandur Benediktsson og Guðni Th. Jóhannesson, 26–42. Reykjavík: Skrudda, 2008.

Sigríður Hjördís Jörundsdóttir. „Fáar voru frelsisstundirnar:“ Um vinnukonur á Íslandi 1880–1940.“ *Sagnir* 14 (1993): 14–21.

Sigurður Gylfi Magnússon. *Emotional experience and microhistory: A Life Story of a Destitute Pauper Poet in the 19th Century*. London: Routledge, Taylor & Francis Group, 2020.

Sigurður Gylfi Magnússon. *Fortíðardraumar: Sjálfsbókmenntir á Íslandi.* Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.

Sigurður Gylfi Magnússon. „Kynjasögur á 19. og 20. öld: Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997): 137–177.

Sigurður Gylfi Magnússon. *Menntun, ást og sorg: Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun; Háskólaútgáfan, 1997.

Sigurður Gylfi Magnússon. *Sjálfssögur: Minni, minningar og saga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.

Símon Jón Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir. *Bernskan: Líf, leikir og störf íslenskra barna fyrr og nú*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1990.

*Skagfirzkar æviskrár*. Akureyri: Sögufélag Skagfirðinga, 1964–1972.

Skilbrei, May-Len. „Turning paid work into housework: Conformity and opposition in "traditional" femininity.“ Í *Twentieth-Century Housewives: Meanings and Implications of Unpaid Work,* ritstj. Gro Hagemann og Hege Roll-Hansen. Osló: Unipub, 2005.

*Skýrsla um undirbúning að stofnun Miðstöðvar munnlegrar sögu. Unnin á vegum samstarfsnefndar sem skipuð er fulltrúum frá Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn.* Reykjavík: Miðstöð munnlegrar sögu, 2007.

Slim, Hugo, Paul Thompson, Olivia Bennett og Nigel Cross. *Listening for a Change: Oral Testimony and Community Development*, 2. útg. Gabriola: New Society Publishers, 1994 [1993].

Smith, Dorothy E. „Women´s Perspective as Radical Critique of Sociology.“ *Sociological Inquiry* 44:1 (1974): 7–13.

Snjólaug Bragadóttir. *Ráðskona óskast í sveit: Má hafa með sér barn*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1973.

Sogner, Sølvi, „The Legal Status of Servants in Norway from the Seventeenth to the Twentieth Century.“ *Domestic Service and the Formation of European Identity: Understanding the Globalization of Domestic Work, 16th–21st Centuries,* ritstj. Antoinette Fauve-Chamoux, 175–188. Bern; New York: Peter Lang, 2004.

Steedman, Carolyn. *Labours Lost: Domestic Service and the Making of Modern England*. Cambridge: Cambridge University, 2009.

Stefán Ólafsson. *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggðastofnun, 1997.

Stefán Sæmundsson. „Einstæðar mæður senda börn sín í sveit.“ *Tímarit Máls og menningar* 3 (1986): 291–298.

Stenum, Helle. „Housemaids of the Past and Au Pairs of Today in Denmark.“ Í *Labour, Unions and Politics under the North Star: The Nordic Countries,*

*1600–2000*, ritstj. Hilson, Mary, Silke Neunsinger og Iben Vyff, 122–139. New York, NY: Berghahn Books, 2017.

Strasser, Susan. *Never done: A History of American Housework*. New York: Henry Holt, 2000.

Theódór Friðriksson. *Hákarlalegur og hákarlamenn.* Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs, 1933.

Thompson, Kristin og David Bordwell. ritstj. *Film History: An Introduction.* New York: McGraw-Hill Higher Education, 2010 [2002].

Thompson, Paul. „The Humanistic Tradition and Histories in Poland." *Oral History* 7:1 (1975): 21–25.

Thompson, Paul. *The Voice of the Past*, 3. útg. Oxford: Oxford University Press, 2000 [1978].

Tilly, Louise A. og Joan W. Scott. *Women, Work & Family*, 2. útg. New York: Holt, Rinehart and Winston, 1989 [1978].

Tosh, John. *The Pursuit of History: Aims, Methods, and New Directions in the Study of Modern history*. London: Routledge, 2013.

Unnur Björk Lárusdóttir. „Hreinlæti Íslendinga á 19. öld." *Ný saga* 6 (1993): 19–27.

Unnur Dís Skaftadóttir. „Áherslubreytingar í rannsóknum á kynferði." *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997,* ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, 223–228. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Sagnfræðingafélag Íslands, 1998.

Unnur Dís Skaftadóttir. *Fishermen´s Wives and Fish Processors: Continuity and change in Women´s Positions in Icelandic fishing villages 1870–1990.* New York: City University of New York, 1995.

Unnur Dís Skaftadóttir. „What Happened to the Migrant Workers?" Í *Gambling Debt,* ritstj. Durrenberger, E. Paul og Gísli Pálsson, 175–185. Colorado: University Press of Colorado, 2015.

Unnur María Bergsveinsdóttir. „Oral Tradition and Oral History in Iceland from Settlement to Present day." *Wrocławski Rocznik Historii Mówionej* 6 (2016): 121–129.

Vansina, Jan M. *Oral tradition as history*. Wisconsin: University of Wisconsin Press, 1985.

Vésteinn Ólason. *Sagnadansar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði; Menningarsjóður, 1979.

Vilborg Sigurðardóttir. „Vitund vaknar – augu opnast: Rauðsokkahreyfingin 1970–1975.“ Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 476–492. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. *Halldóra Bjarnadóttir: Ævisaga*. Reykjavík: Setberg, 1960.

*Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni / Þjóðhagsstofnun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið, 2000.

Þorleifur Hauksson og Jósef Kristjánsson. „Verbúðalíf fyrir stríð: Viðtal við Ólafíu Þórðardóttur í Sandgerði.“ *Tímarit Máls og menningar* 41 (1980): 173–176.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. „Af fegurðardísum, ástandskonum og fjallkonum.“ Í *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., 493–506. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. „Líkamsbyltingar og #MeToo.“ Í *Fléttur* 5, ritstj. Elín Björk Jóhannsdóttir o.fl., 57–84. Reykjavík: Háskólaútgáfan: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, 2020, 85–101.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. „Þær þorðu, vildu og gátu.“ Í *Konur sem kjósa. Aldarsaga*. Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 399–464. Reykjavík: Sögufélag, 2020.

Þorleifur Óskarsson. *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*. Reykjavík: Iðunn, 1991–1994.

Þorleifur Óskarsson. *Saga Reykjavíkur: Í þúsund ár: 870–1870*. Reykjavík: Iðunn, 2002.

Þorsteinn Helgason. „Minning sem félagslegt fyrirbæri: Fyrri hluti: Minning, saga, menning.“ *Saga* 52:2 (2014): 57–86.

Þórunn Magnúsdóttir. *Sjókonur á Íslandi 1891–1981*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands; Sögufélag dreifing, 1988.

Þórður Tómasson. *Auðhumla: Um kýr og nautahald fyrri alda*. Selfoss: Sæmundur, 2019.

Þórður Tómasson. *Heyannir: Um baráttu þjóðar fyrir lífi sínu*. Selfoss: Sæmundur, 2018.

„Æskuleiftur frá aldamótum." *Jólablað Íslendings 1957* 43 (1957): 4–6.

Östman, Ann-Catrin. *Mjölk och jord: Om kvinnlighet, manlighet och arbete i ett österbottniskt jordbrukssamhalle ca 1870–1940*. Åbo: Åbo akademi, 2000.

Walby, Sylvia. *Patriarchy at Work: Patriarchal and Capitalist Relations in Employment, 1800–1984*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1986.

Wall, Richard. „The Social and Economic Significance of Servant Migration." Í *Domestic Service and the Formation of European Identity: Understanding the Globalization of Domestic Work, 16th–21st Centuries*, ritstj. Antoinette Fauve-Chamoux, 19–42. Bern; New York: Peter Lang, 2004.

Webb, Beatrice. *My Apprenticeship*. Harmondsworth: Penguin, 1971 [1926].

Widegren, Gunnar. *Ráðskonan á Grund*. Reykjavík: Draupnisútgáfa, 1947.